Alþingi 1939.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1939, miðvikudaginn 15. febrúar, var fimmtugasta og fjórða löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það fertugasta og annað aðalþing í röðinni, en sextugasta og níunda samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1 Biskup landsins, Sigurgeir Sigurðsson, steig í stólinn og lagði út af Matt. 7, 24—27.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Bergur Jónsson, þm. Barð.
4. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
5. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
6. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
7. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
8. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
9. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
10. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.
11. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
12. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
13. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
15. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
16. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
17. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
18. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
19. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
20. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
21. Hermann Jónasson, þm. Str.
22. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
23. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
24. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
25. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
26. Jóhann G. Möller, 4. (vara) þm. Reykv.
27. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
28. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
29. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
30. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
31. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
32. Ólafur Thors, þm. G.-K.
33. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
34. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
35. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
36. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
37. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
38. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
39. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
40. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
41. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
42. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
43. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
44. Thor Thors, þm. Snæf.
45. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
46. Þorsteinn Briem, þm. Dal.
47. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru framantaldir þingmenn allir á fundi, nema þm. Barð. (BJ), sem var veikur, og 7. landsk. þm. (GÞ), sem var í sóttkví. En ókomnir voru til þings:

1. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
2. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, stóð upp forsætisráðherra, **Hermann Jónasson**, og las upp opið bréf, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 15. febrúar 1939, dags. 25. janúar. (Sjá Stjtíð. 1939, A. bls. 2).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sér til handa til þess að setja Alþingi, dags. s. d. (Sjá Stjtíð. 1939, A. bls. 2).

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett, og mælti síðan:

„Minnumst ættjarðarinnar og konungsins!“

Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Forsætisráðherra kvaddi þessu næst elzta þingmanninn, Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M., til að stjórna fundi þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn. Kvaddi hann sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Bjarna Bjarnason, 2. þm. Árn., og Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (IngP): Góðir þingbræður. Dauðinn hefir nú um hríð látið skamma stund stórra högga milli í garð vorn þingmanna. Frá því er síðasta þingi lauk hefir enn verið höggvið skarð í hópinn, er eina konan, sem sæti átti á Alþingi, frú Guðrún Lárusdóttir, var burt kvödd með sviplegum hætti 20. ágúst síðastliðinn. Áður en Alþingi tekur til starfa að þessu sinni vil ég með nokkrum orðum minnast þessarar merkiskonu.

Guðrún Lárusdóttir fæddist að Valþjófsstað í Fljótsdal 8. janúar 1880, dóttir séra Lárusar Halldórssonar, prófasts að Hofi í Vopnafirði Jónssonar, og konu hans Kirstínar Pétursdóttur organleikara Guðjohnsens. Hún fluttist til Reykjavíkur með foreldrum sínum 1899, en þá gerðist faðir hennar prestur fríkirkjusafnaðarins hér í bænum. Árið 1903 giftist hún Sigurbirni Ástvaldi Gíslasyni guðfræðikandidat, og reistu þau bú í Ási hér í bænum og bjuggu þar jafnan síðan. Snemma þótti Guðrún Lárusdóttir bera af öðrum jafnöldrum sínum að gáfum og mannkostum, og snemma vaknaði hjá henni áhugi fyrir mörgum þeim málum, er hún bar síðan fyrir brjósti, en þau mál voru einkum trúmál og margháttuð mannúðar- og félagsmál. Þegar á æskuárum tók hún virkan þátt í starfi templara og ýmsum safnaðarmálum. Árið 1912 var hún valin ein meðal hinna fyrstu kvenna, er sæti tóku í bæjarstjórn Reykjavíkur, og átti þar sæti í 6 ár. Þá var hún kosin í fátækranefnd og gegndi því starfi 1918—1922, en fátækrafulltrúi var hún skipuð 1930 og hafði það starf á hendi til dauðadags. Orð er á því gert, hve mikið og óeigingjarnt starf hún vann í þessum málum, hve vakin hún var og sofin í að liðsinna bágstöddu fólki og greiða úr margvíslegum vandamálum þess, samfara húsmóðurstarfi á stóru og barnmörgu heimili, og ber þó öllum saman um, að skyldur sínar á heimilinu hafi hún rækt eins og bezt verður á kosið. Jafnhliða hinum miklu og mörgu störfum sínum hefir hún og ritað eigi alllítið, samið allmargar skáldsögur og ýmsar ritgerðir, einkum um trúmál og uppeldismál.

Á Alþingi var hún kosin 1930 og átti sæti í þinginu jafnan síðan sem landskjörinn þingmaður, sat alls á 11 þingum. Á þinginu beitti hún sér einkum fyrir þeim málum, er henni voru jafnan hugstæðust, ýmsum mannúðarmálum. Má þar nefna fávitahæli, uppeldisheimili fyrir vangæf börn og unglinga og heilsuhæli fyrir drykkjumenn. Húsmæðrafræðslu og menntun kvenna lét hún einnig mjög til sín taka. Hún var glöggskyggn á menn og málefni, prýðilega máli farin, prúð og hógvær í allri framgöngu og þýð í samvinnu, en hélt þó jafnan fram málstað sínum af fullri einurð og skapfestu.

Þessi fjölhæfa og merka forustukona er nú horfin úr hópi vorum. Ég vil biðja háttv. þm. að votta minningu hennar virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Þingmenn risu úr sætum sínum.]

Þá vil ég einnig minnast látins manns, sem átti um skeið sæti á Alþingi, Guðmundar Guðfinnssonar héraðslæknis, sem andaðist 30. júlí síðastliðinn.

Guðmundur Guðfinnsson var fæddur í Arnarstaðakoti í Flóa 20. apríl 1884, sonur Guðfinns Þorvarðssonar bónda þar og konu hans Guðrúnar Oddsdóttur, bónda á Þúfu á Landi Erlendssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1904 og úr læknaskólanum veturinn 1909, fór síðan utan og var um hríð við framhaldsnám í sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn. Haustið 1909 hvarf hann heim aftur og þjónaði Rangárhéraði veturinn eftir, 1909—1910. Sumarið 1910 varð hann héraðslæknir í Öxarfjarðarhéraði og gegndi því embætti til 1912, en þá fékk hann veitingu fyrir Rangárhéraði. Á árunum 1923—24 stundaði hann sérnám í augnlækningum í Austurríki, sagði Rangárhéraði lausu á öndverðu ári 1925 og settist að sem auglæknir í Reykjavík, en stundaði þó jafnframt almennar lækningar. Á árinu 1933 fékk hann veitingu fyrir Fáskrúðsfjarðarhéraði og gegndi því embætti til dauðadags, en lagði jafnframt stund á augnlækningar austanlands.

Guðmundur Guðfinnsson var 2. þm. Rangæinga 1920—1923, en þingstörf voru honum ekki að skapi, þó að hann rækti þau vel sem önnur störf sín, og gerði hann ekki kost á sér aftur til þingsetu.

Í læknisstörfum naut Guðmundur Guðfinnsson jafnan hins mesta trausts, enda var hann bæði glöggur og duglegur læknir og nákvæmur og þýður sjúklingum sínum. Svo var og um framkomu hans alla, að hann varð hverjum manni hugþekkur fyrir prúðmennsku og drenglund.

Ég vil biðja háttv. þm. að votta minningu þessa mæta manns virðingu sína með því að standa upp.

[Þingmenn risu úr sætum sínum].

Varamaður tekur þingsæti.

Þá skýrði aldursforseti frá því, að sér hefði borizt svo hljóðandi bréf frá Pétri Halldórssyni, 4. þm. Reykv.:

„Með því að ég sé fram á það, að ég muni ekki fyrst um sinn, a. m. k. næsta 3—4 vikna tíma, geta átt setu á Alþingi sakir veikinda, hefi ég gert ráðstafanir til þess, að varamaður taki sæti mitt á þinginu í forföllum mínum.

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt, með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna.

Reykjavík, 14. febr. 1939.

Virðingarfyllst

Pétur Halldórsson.

4. þm. Reykv.

Forseti sameinaðs þings."

Aldursforseti lýsti yfir því, að samkvæmt þessu hefði varamaður 4. þm. Reykv., Jóhann G. Möller, tekið sæti hans á þingi.

Rannsókn kjörbréfs.

Þessu næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í:

1. kjördeild:
ÁÁ, BjB, EE, ErlÞ, GG, HelgJ, JGM, JJ, JörB, ÓTh, SK, StSt, SvbH, TT, ÞÞ.

2. kjördeild:
ÁJ, BSn, EÁrna, EOl, HG, HV, IngP, ÍslH, MG, MJ, PHerm, PZ, PO, SEH, VJ.

3. kjördeild:
BSt, BÁ, BrB, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HermJ, JakM, JPálm, PHann, SÁÓ, SkG, StgrSt, ÞBr.

Fyrir lá að rannsaka kjörbréf 11. landsk. þm., og hlaut 3. kjördeild bréfið til rannsóknar.

Varð nú fundarhlé, er kjördeildin gekk út úr þingsalnum til starfa sinna, en að rannsókn lokinni var fundinum fram haldið.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Við fráfall frú Guðrúnar Lárusdóttur losnaði sæti landsk. þm., og átti að taka sæti hennar varamaður af hálfu Sjálfstæðisflokksins, en hann er Magnús Gíslason sýslumaður. Hann er hér mættur, og hefir kjörbréf hans verið athugað. Það er í fullkomnu lagi, og leggur kjördeildin til einróma, að það verði tekið gilt og Magnúsi Gíslasyni úrskurðað hér sæti.

ATKVGR.

Till. kjördeildarinnar samþ. með 45 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður, Magnús Gíslason, undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Kosning forseta.

Loks lét aldursforseti fara fram kosningu forseta sameinaðs þings. Kosinn var

Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.,

með 24 atkv. — 21 seðill var auður.

Tók hinn kjörni forseti nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrra varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Jakob Möller, 2. þm. Reykv.,

með 15 atkv. — Bjarni Ásgeirsson fékk 3 atkv., en 27 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta sameinaðs þings, og var kosinn

Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.,

með 24 atkv. — 21 seðill var auður.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust 2 listar, A og B. Á A-lista var BjB, en á B-lista TT. — Með því að ekki var stungið upp á fleirum en kjósa átti, lýsti forseti yfir því, að kosnir væru án atkvgr.:

Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn., og
Thor Thors, þm. Snæf.

Kjörbréfanefnd.

Loks var tekin til meðferðar kosning kjörbréfanefndar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta 3 listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Voru á A-lista VJ, á B-lista EÁrna, BJ, og á C-lista GSv, ÞÞ. — Forseti lýsti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Einar Árnason,
Gísli Sveinsson,
Bergur Jónsson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Vilmundur Jónsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 16. febr., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar, A og B. Voru á A-lista JJ, HelgJ, BSt, BjB, HG, og á B-lista PO, ÞÞ, JPálm, JakM. — Þar sem ekki voru fleiri nöfn samtals á listunum en kjósa skyldi menn í nefndina, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Jónas Jónsson,
Pétur Ottesen,
Helgi Jónasson,
Þorsteinn Þorsteinsson,
Bernharð Stefánsson,
Bjarni Bjarnason,
Jón Pálmason,
Haraldur Guðmundsson,
Jakob Möller.

2. Utanríkismálanefnd.

Var fyrst tekin fyrir kosning aðalmanna, og komu fram þrír listar, A, B og C. Á A-lista voru JJ, BÁ, ÁÁ, BJ, á B-lista ÓTh, JJós, GÞ, og á C-lista HV. Kosning fór þannig, að A-listi hlaut 24 atkv., B-listi 17 atkv. og C-listi 4 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir aðalmenn utanríkismálanefndar:

Jónas Jónsson,
Ólafur Thors,
Bjarni Ásgeirsson,
Jóhann Jósefsson,
Ásgeir Ásgeirsson,
Bergur Jónsson,
Garðar Þorsteinsson.

Þá var tekin fyrir kosning varamanna. Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista voru PZ, GG, HG, PHann, og á B-lista MJ, TT, BSn. — Þar sem ekki voru fleiri til nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Páll Zóphóníasson,
Magnús Jónsson,
Gísli Guðmundsson,

Thor Thors,
Haraldur Guðmundsson,
Pálmi Hannesson,
Bjarni Snæbjörnsson.

3. Allsherjarnefnd.

Fram komu tveir listar, A og B. Á A-lista voru EÁrna, JörB, FJ, PZ, og á B-lista TT, ÞBr, MJ. — Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi í nefndina, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Einar Árnason,
Thor Thors,
Jörundur Brynjólfsson,
Þorsteinn Briem,
Finnur Jónsson,
Páll Zóphóníasson,
Magnús Jónsson.

B.
Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Árni Jónsson, 9. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.
4. Brynjólfur Bjarnason, 1. landsk. þm.
5. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
6. Erlendur Þorsteinsson, 10. landsk. þm.
7. Hermann Jónasson, þm. Str.
8. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
9. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
10. Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.
11. Magnús Gíslason, 11. landsk. þm.
12. Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.
13. Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N.-M.
15. Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.
16. Þorsteinn Þorsteinsson, 5. landsk. þm.

Voru deildarmenn allir á fundi, nema þm. Vestm. (JJós), sem var ókominn til þings.

Forsætisráðherra kvaddi elzta þingmann deildarinnar, Ingvar Pálmason, til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Pál Hermannsson og Bjarna Snæbjörnsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Árnason, 2. þm. Eyf.,

með 9 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrra varaforseta. Kosinn var

Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.,

með 5 atkv. — 10 seðlar voru auðir.

Þá var kosinn annar varaforseti

Sigurjón Á. Ólafsson, 2. landsk. þm.,

með 9 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum. Á A-lista var PHerm, en á B-lista BSn. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Páll Hermannsson, 2. þm. N.-M., og
Bjarni Snæbjörnsson, þm. Hafnf.

Sætaskipun.

Loks skyldi hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum. Fram kom till., frá 1. þm. Reykv., um að láta sætaskipun haldast óbreytta eins og hún var á síðasta þingi. Afbrigði um þá till. leyfð og till. sjálf samþ. með 14:1 atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd:
Af A-lista: Bernharð Stefánsson, Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Magnús Jónsson.

2. Samgöngumálanefnd:
Af A-lista: Páll Hermannsson, Páll Zóphóníasson.
Af B-lista: Árni Jónsson.

3. Landbúnaðarnefnd:
Af A-lista: Páll Zóphóníasson, Erlendur Þorsteinsson.
Af B-lista: Þorsteinn Þorsteinsson.

4. Sjávarútvegsnefnd:
Af A-lista: Ingvar Pálmason, Sigurjón Á. Ólafsson.
Af B-lista: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd:
Af A-lista: Erlendur Þorsteinsson, Páll Hermannsson.
Af B-lista: Bjarni Snæbjörnsson.

6. Menntamálanefnd:
Af A-lista: Jónas Jónsson, Sigurjón Á. Ólafsson.
Af B-lista: Árni Jónsson.

7. Allsherjarnefnd.
Af A-lista: Sigurjón Á. Ólafsson, Ingvar Pálmason.
Af B-lista: Magnús Gíslason.

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur, þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á fyrsta fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
2. Bergur Jónsson, þm. Barð.
3. Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.
4. Bjarni Bjarnason, 2. þm. Árn.
5. Einar Olgeirsson, 5. þm. Reykv.
6. Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.
7. Emil Jónsson, 6. landsk. þm.
8. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S.-M.
9. Finnur Jónsson, þm. Ísaf.
10. Garðar Þorsteinsson, 7. landsk. þm.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.
12. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
13. Haraldur Guðmundsson, þm. Seyðf.
14. Helgi Jónasson, 2. þm. Rang.
15. Héðinn Valdimarsson, 3. þm. Reykv.
16. Ísleifur Högnason, 4. landsk. þm.
17. Jakob Möller, 2. þm. Reykv.
18. Jóhann G. Möller, 4. (vara)þm. Reykv.
19. Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.
20. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.
21. Ólafur Thors, þm. G.-K.
22. Pálmi Hannesson, 1. þm. Skagf.
23. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
24. Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.
25. Sigurður Kristjánsson, 6. þm. Reykv.
26. Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.
27. Stefán Stefánsson, 3. landsk. þm.
28. Steingrímur Steinþórsson, 2. þm. Skagf.
29. Sveinbjörn Högnason, 1. þm. Rang.
30. Thor Thors, þm. Snæf.
31. Vilmundur Jónsson, þm. N.-Ísf.
32. Þorbergur Þorleifsson, þm. A.-Sk.
33. Þorsteinn Briem, þm. Dal.

Allir deildarmenn voru á fundi, nema þm. Barð., sem var veikur, 7. landsk. þm., sem var í sóttkví, og þm. A.-Sk., sem var ókominn til þings.

Fjármálaráðherra kvaddi elzta mann deildarinnar, Jakob Möller, 2. þm. Reykv., til að taka forsæti og gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar. Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Vilmund Jónsson, þm. N.-Ísf., og Eirík Einarsson, 8. landsk. þm.

Kosning forseta og skrifara.

Var svo gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.,
með 15 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn. Lét hann fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.,
með 8 atkv. — 20 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta. Kosningu hlaut

Finnur Jónsson, þm. Ísaf.,
með 15 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu 2 listar, A og B. Á A-lista var EmJ, en á B-lista EE. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru skrifarar deildarinnar án atkvgr.:

Emil Jónsson, 6. landsk. þm., og
Eiríkur Einarsson, 8. landsk. þm.

Sætaskipun.

Þá skyldi hluta um sæti deildarmanna samkv. þingsköpum. Fram komu tilmæli um að fresta fundi um stund, svo að deildarmenn gætu borið saman ráð sín. Veitti forseti 10 mín. fundarhlé.

Að hléinu loknu mælti

forseti (JörB): Fram hefir komið ósk um það af hálfu hv. þdm., að frestað yrði að hluta um sæti. Í 7. gr. þingskapa er að vísu svo ákveðið, að það skuli fara fram á fyrsta fundi, en mér skilst, að þar sem um svona lagað ákvæði er að ræða, megi veita undanþágu, og mun ég bera það undir hv. deild.

ATKVGR.

Deildin samþykkti með 7:14 atkv. afbrigða um till. um að fresta hlutkesti um sætaskipun.

Var síðan hlutað um sæti deildarmanna, og féll hlutkestið svo, að

6. sæti hlaut Thor Thors,
7. — — Jakob Möller,
8. — — Ásgeir Ásgeirsson,
9. — — Garðar Þorsteinsson,
10. — — Þorbergur Þorleifsson,
11. — — Pálmi Hannesson,
12. — — Bjarni Bjarnason,
13. — — Jóhann G. Möller,
14. — — Helgi Jónasson,
15. — — Héðinn Valdimarsson,
16. — — Haraldur Guðmundsson,
17. — — Bjarni Ásgeirsson,

18. sæti hlaut Ólafur Thors,
19. — — Sveinbjörn Högnason,
20. — — Pétur Ottesen,
21. — — Þorsteinn Briem,
22. — — Stefán Stefánsson,
23. — — Sigurður Kristjánsson,
24. — — Bergur Jónsson,
25. — — Einar Olgeirsson,
26. — — Gísli Sveinsson,
27. — — Sigurður E. Hlíðar,
28. — — Gísli Guðmundsson,
29. — — Ísleifur Högnason,
30. — — Finnur Jónsson,
31. — — Steingrímur Steinþórsson,
32. — — Vilmundur Jónsson,
33. — — Jón Pálmason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 16. febr., fór fram kosning í fastanefndir samkvæmt 16. gr. þingskapa. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar 2 listar, A og B, með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa í nefndina. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndirnar svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd:

Af A-lista: Sveinbjörn Högnason, Steingrímur Steinþórsson, Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Ólafur Thors, Stefán Stefánsson.

2. Samgöngumálanefnd:

Af A-lista: Þorbergur Þorleifsson, Helgi Jónasson, Vilmundur Jónsson.
Af B-lista: Gísli Sveinsson, Eiríkur Einarsson.

3. Landbúnaðarnefnd:

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson, Steingrímur Steinþórsson, Emil Jónsson.
Af B-lista: Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

4. Sjávarútvegsnefnd:

Af A-lista: Bergur Jónsson, Gísli Guðmundsson, Finnur Jónsson.
Af B-lista: Sigurður Kristjánsson, Sigurður E. Hlíðar.

5. Iðnaðarnefnd:

Af A-lista: Bjarni Ásgeirsson, Pálmi Hannesson, Emil Jónsson.
Af B-lista: Sigurður Kristjánsson, Jóhann G. Möller.

6. Menntamálanefnd:

Af A-lista: Bjarni Bjarnason, Pálmi Hannesson, Ásgeir Ásgeirsson.
Af B-lista: Gísli Sveinsson, Jóhann G. Möller.

7. Allsherjarnefnd:

Af A-lista: Bergur Jónsson, Sveinbjörn Högnason, Vilmundur Jónsson.
Af B-lista: Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt ósk frá Framsóknarflokknum um það, að hann fái leyfi til, meðan þeir hv. þm. A.-Sk., Þorbergur Þorleifsson, og hv. þm. Barð., Bergur Jónsson, geta eigi komið til þings, að setja menn í þeirra stað í þær nefndir, er þeir hafa verið kjörnir í. Er óskað eftir, að Bjarni Ásgeirsson taki sæti Bergs Jónssonar í sjútvn., Jörundur Brynjólfsson taki sæti Bergs Jónssonar í allshn. og Gísli Guðmundsson taki sæti Þorbergs Þorleifssonar í samgmn. Skoða ég það samþ., ef enginn mælir því í gegn.

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Skatta- og tollaviðauki 1940.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýms gjöld 1940 með viðauka (stjfrv., A. 5).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Í þessu frv. er lagt til, að framlengd verði til ársloka 1940 lagaákvæði þau, er nú gilda, um að innheimta eignarskatt með 10% viðauka og ennfremur vitagjald, aukatekjur ríkissjóðs, þær sem taldar eru í l. nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkv. l. nr. 75 27. júní 1921 með 25% viðauka. Loks er lagt til að framlengja til ársloka 1940 gildandi lagaákvæði um að innheimta skemmtanaskatt samkv. l. nr. 56 31. maí 1927, með 80% álagi af kvikmyndasýningum og 20% álagi af öðrum skemmtunum.

Þess skal getið, að ákvæðunum í l. frá 1938 um 25% viðauka á ýms aðflutningsgjöld sem og á verðtoll er sleppt í þessu frv. sakir þess, að næstu daga verður útbýtt frv. frá milliþn. í skattamálum, sem felur í sér téða viðauka.

Ég vil óska, að frv. þessu verði vísað til fjhn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 34).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Ólafur Thors)**: Eins og nál. ber með sér, hefir fjhn. borið þetta frv. saman við gildandi lagaákvæði og orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

Það þykir þó rétt að geta þess, að einstakir nm. miða þessa till. sína við þörf ríkissjóðs fyrir þær tekjur, sem honum hafa dropið af þessum l., fremur en hitt, að þeir út af fyrir sig séu sammála einstökum ákvæðum þessara tollaukalaga.

Þá vil ég leyfa mér að vekja athygli á, að þetta frv. er ekki að öllu leyti eins og það frv., sem lagt var fyrir Alþ. í fyrra um sama aðalefni og þá varð að l. og fjallaði að vissu leyti um sömu tekjuauka og þetta frv. En frábrigðin liggja í því, að hér í 2. gr. þessa frv. eru niður felld ákvæði um vissa tekjustofna ríkinu til handa, sem voru í því frv., sem lagt var fyrir þingið í fyrra og þá varð að l. Aftur á móti hafa svipuð ákvæði um tekjustofna ríkinu til handa verið tekin upp í frv. til l. um tollskrá, sem lagt var fyrir Ed. nýlega.

Ennfremur er í frv. lagt til, að gerð verði sú breyt. á tilsvarandi lagafyrirmælum frá Alþ. í fyrra, að skemmtanaskatt skuli vera heimilt að innheimta, ekki eins og þá var ákveðið í nefndum l., heldur eins og heimilað var í fjárl. 1938, 22. gr., XI, þ. e. a. s. það á nú að innheimta skemmtanaskatt af kvikmyndasýningum með 80% álagi, en af öðrum skemmtunum er heimilt að innheimta skattinn með 20% álagi. En í eldri lagafyrirmælum var ætlazt til, að 80% álagið næði til allra skemmtana, nema til þeirra, sem sérstaklega voru undanþegnar, þeirra, sem voru og eru taldar upp í 4. gr. þessa frv., sem hér liggur fyrir, og í frv. í fyrra, sem þá varð að l., að mig minnir.

Með þessum aths. leyfi ég mér fyrir hönd hv. fjhn. að mæla með því, að frv. þetta verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 14. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í frv. þessu eru ákvæði um að innheimta með viðauka nokkra tekjustofna ríkissjóðs. Hv. þm. munu kannast við frv. þetta frá fyrri þingum. Þó er sú breyting

*) Stjarna (*) framan við nafn ræðumanns táknar, að ræðan sé prentuð eftir handriti innanþingsskrifara, óyfirlesin af ræðumanni.

á, að nú er ekki gert ráð fyrir viðauka af aðflutningsgjöldum og verðtolli, en það er sökum þess, að fyrir þinginu liggur frv. um ný tollalög, en þar er þetta tekið upp. Að umr. lokinni óska ég svo málinu vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 52).

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn. hefir athugað þetta frv. og borið það saman við gildandi lög. Lög þau, sem þetta frv. fer fram á, að framlengd verði, hafa verið framlengd hér ár eftir ár. Nú hefir breyting orðið á þessu frv. frá því, sem áður hefir verið, að því leyti, að viðaukinn á ýmsum aðflutningsgjöldum er ekki hér með, þar sem hann hefir verið tekinn upp í frv. um tollskrá, sem hér liggur fyrir. Ennfremur er viðauki á skemmtanaskatt lækkaður í þessu frv. frá því, sem áður hefir verið, úr 80% í 20% á öðru en kvikmyndum, og er það í samræmi við ákvæði í gildandi fjárlögum.

Fjhn. lítur svo á, að ekki verði frekar nú en áður komizt hjá því, að ríkissjóður fái þessar tekjur. Eins og sjá má af nál. á þskj. 52, leggur n. til, að frv. verði samþ. Þó hefir hv. 1. þm. Reykv. skrifað undir nál. með fyrirvara, sem hann og hefir gert áður, þegar hann hefir átt sæti í fjhn. og hún hefir haft þetta mál til meðferðar á undanförnum þingum, og býst ég við, að sá fyrirvari sé svipaðs eðlis og áður hefir verið.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., 21. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 78).

2. Skuldaskilasjóður vélbátaeigenda.

Á 2. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 99 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. á þskj. 7 er flutt hér til þess að fá staðfestingu á bráðabirgðal. um viðauka við l. nr. 99 frá 3. maí 1935, um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda. Þau voru sett 14. nóv. síðastl.

Ég óska þess, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og sjútvn.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég hefi að sjálfsögðu ekkert á móti því, að málið fari til n. En áður en það fer til n., þá vil ég geta þess, að ég er sömu skoðunar um þetta mál og á síðasta þingi, þegar það bar öðruvísi að og var á einkennilegan hátt fellt inn í fjárl. Ég tel óforsvaranlegt, að þetta verði framkvæmt, og mun ég geyma mér rétt, þangað til málið kemur úr n., til þess að gera nánari grein fyrir því.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 7, n. 31).

***Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv. er um staðfestingu á bráðabirgðal., sem út voru gefin af atvinnumálaráðuneytinu 14. nóv. síðastl. og fóru fram á það að verja allt að 90 þús. kr. af ónotuðu fé skuldaskilasjóðs til sérstakra skuldaskila fyrir meðlimi samvinnufélaga. Sjútvn. hafði frv. til meðferðar, og var meiri hl. n. ásáttur um að leggja til, að frv. yrði samþ. og bráðabirgðal. þannig staðfest, en minni hl., sem hefir ekki enn skilað nál., hefir sérstöðu í málinu.

Þegar l. um skuldaskil voru samþ., var aðallega miðað við útgerð einstaklinga, og einstakir útgerðarmenn fengu ekki aðeins upp gefnar skuldir, er tilheyrðu útgerð þeirra, heldur og skuldir, er á þeim hvíldu sem einstaklingum. En þegar um samvinnuútgerð var að ræða, komu ekki til greina skuldir meðlima samvinnufélaganna sjálfra, svo að eftir að skuldaskil höfðu verið framkvæmd, voru oft af kröfuhöfum gerðar kröfur á hendur þeim um greiðslur. Þar sem þetta gat ekki talizt viðunandi, var á síðasta ári samþ. heimild um, að verja mætti fé úr sjóðnum til að koma fram skuldaskilum fyrir meðlimi þessara félaga, og til framkvæmdar þeirri heimild voru bráðabirgðal. gefin út.

Sjútvn. leggur til, sem sagt, að frv. verði samþ.

***Sigurður Kristjánsson:** Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, er frv. þetta til staðfestingar bráðabirgðal., er hæstv. ríkisstj. gaf út milli þinga. Till. um að mæla með frv. var reyndar felld í sjútvn. með jöfnum atkv. Nú sé ég af þskj. 31, að nál. er komið frá svokölluðum meiri hl. Sá nefndarmaður, sem mætti ekki á fyrrgreindum fundi, hefir skrifað þar undir álitið með hinum tveimur, svo að það er rétt, að þetta er orðinn meiri hl. n.

Tildrög þessa máls eru þau, að á öndverðu síðastl. ári féll hæstaréttardómur um það, að menn, sem stæðu í sameiginlegum ábyrgðum fyrir samvinnufélög, skyldu vera greiðsluskyldir á sama hátt og aðrir skuldunautar kreppu-

lánasjóðs. Þetta kom víst á óvart þeim, sem þarna áttu hlut að máli, því að þeir höfðu víst litið svo á, að þeir væru ekki greiðsluskyldir. Og af því að dómur féll þar með á Samvinnufélag Ísfirðinga, kom málið fljótlega inn í þingið. Okkur var vel kunnugt um, að samið hafði verið frv. sama efnis og þetta og að það var á sveimi utan þingsins. En með því að málið þótti ekki vinsældarlegt, var ekki talið líklegt, að það næði samþykki þingsins í þessu formi. En við 3. umr. fjárl. smeygði hæstv. fjmrh. inn heimild fyrir fiskveiðasjóð Íslands til að verja 90 þús. kr. úr skuldaskilasjóði til að ná samningum um skuldir meðlima samvinnufélaganna. Þessar 90 þús. kr. voru að vísu ekki til í sjóðnum, en til var lánsheimild, sem nota mátti til að afla þessa fjár.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta frv. eða tildrög þess. En ég og fleiri mótmæltum því þá þegar, að þetta yrði gert. Fyrst og fremst mótmæltum við þeirri aðferð, að smeygja inn í fjárl. á síðustu stundu atriði, sem hafði mikla þýðingu fyrir ríkissjóð. Þetta hefir tíðkazt nokkuð nú upp á síðkastið; til dæmis kom á síðasta þingi mjög sakleysisleg till. um heimild fyrir ríkissjóð til þess að selja strandferðaskip og kaupa í staðinn mótorskip. Þetta leiddi til þess, að ríkissjóður lætur byggja skip fyrir 1,6 millj. kr. á þessum tímum gjaldeyrisvandræðanna, og er sú ráðstöfun eingöngu byggð á þessari óljósu heimild í fjárl. Verður að mótmæla því, að þessar aðfarir séu við hafðar.

Um réttmæti þess að verja þessum 90 þús. kr. til líknar ábyrgðarmönnum samvinnufélaganna fór ég allýtarlegum orðum á síðasta þingi, og hirði ég ekki að endurtaka þau hér. En á síðasta þingi benti ég á, að þetta væri óframkvæmanlegt nema með l. Ég spurði hæstv. ráðh., hvort hann ætlaðist til, að þetta yrði framkvæmt öðruvísi en með l., en hann gaf loðin svör. En ég hélt því fram, að ekki væri hægt að neyða kröfuhafa til að ganga inn á þessa samninga nema með l. Og þá er komið að hlut, sem allmjög hefir tíðkazt hér að undanförnu, að stj. biður þess, að þingi sé slitið, til þess að geta gefið út bráðabirgðal. um hluti, sem ekki þykja vinsælir eða líklegir til að ná samþykki þingsins. Þetta var gert, þegar skipt var um stj. á síldarverksmiðjunum. Og spá mín er sú, að hæstv. ráðh. hafi einnig ætlað frá upphafi að gefa út bráðabirgðal. um þetta efni.

Ég skal ekki orðlengja þetta. Við hv. þm. Ak. höfum lagt til, að frv. þetta verði fellt. Svo verða hv. þm. að skera úr með atkv. sínum um þetta mál. Vitanlegt er, að þetta var frá upphafi ætlað til endurgjalds við Alþfl. fyrir stuðning hans við stj. Mér sýnist sá stuðningur hvorki hafa verið svo mikilsverður frá þjóðhagslegu sjónarmiði, að fyrir hann sé fórnandi svona miklum hlut, né heldur tel ég, að ríkinu eigi að blæða fyrir slíkt. En eins og ég tók fram áðan, verða hv. þm. að skera úr því með atkv. sínum, hvort þeir telja þennan stuðning hæfilega greiddan með því að samþ. þetta frv.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. sé ég ástæðu til að fara um þetta mál nokkrum orðum og gera grein fyrir gangi þess frá upphafi.

Eins og að hefir verið vikið, var á síðasta þingi samþ. heimild í fjárl. til að verja nokkru fé að láni til þess að greiða fyrir því, að félagsmenn í útgerðarsamvinnufélögum gætu náð samningum um fjárkröfur á hendur þeim í sambandi við skuldaskil, sem samvinnufélögin hafa fengið í skuldaskilasjóði vélbátaeigenda. Það hafði komið í ljós, að lánveitingar til þessara útgerðarsamvinnufélaga höfðu orðið með nokkuð öðrum hætti heldur en til einstakra útgerðarmanna. Við skuldaskilin höfðu aðeins verið teknar til greina fjárkröfur á hendur félögunum, en ekki á hendur einstökum félagsmönnum, eins og þó hafði verið tilfellið um aðrar lánveitingar og skuldaskil annarra útvegsmanna. Sú aðferð hafði verið höfð, þegar um einstaka útgerðarmenn var að ræða eða um fáa einstaklinga í félögum, að bú þeirra voru einnig tekin til skiptameðferðar í sambandi við skuldaskil, og fengu þeir þannig samninga um allar þær skuldir, sem á þeim hvíldu. Þetta hafði hinsvegar, eins og ég þegar hefi skýrt frá, ekki verið haft þannig um þá útgerðarmenn, sem voru í fiskveiðasamvinnufélögum, heldur aðeins teknar skuldir félaganna, og það hafði komið á daginn, að þessir félagsmenn voru eftir skuldaskilin í ábyrgð fyrir þeim hluta af kröfunum, sem ekki hafði fengizt greiddur í skuldaskilasjóði vélbátaeigenda.

Nú er ómögulegt á það að fallast, að það hafi verið réttlátt að gera þannig upp á milli útgerðarmannanna, að láta þá útgerðarmenn, sem höfðu verið í fiskveiðasamvinnufélögum, fá aðra og óhagstæðari meðferð en aðrir útgerðarmenn höfðu fengið. Það liggur líka í augum uppi, að ef lánardrottinn, sem ekki hefir fengið fullnægt öllum sínum kröfum við skuldaskil, á að geta gengið að hverjum einstökum félagsmanni eftir skuldaskilin og gert hann gjaldþrota, þá væru þessi skuldaskil viðkomandi félagi og félagsmönnum vita gagnslaus. Meiri hl. Alþ. leit því svo á, að réttmætt væri að verja nokkru fé til útlána handa þessum félagsmönnum, til þess að þeir gætu náð viðunandi samningum um þessar fjárkröfur við kröfuhafa, og það leit út fyrir, a. m. k. í sumum tilfellum, að þetta kynni að takast, þannig að ekki yrði þörf fyrir neina lagasetningu um þetta efni. En það kom þó í ljós á síðastl. hausti, að ekki myndi takast að leysa þetta mál eftir samningaleiðum, og því voru gefin út þau bráðabirgðal., sem hér er óskað staðfestingar þingsins á. Voru þau gefin út 14. nóv. síðastl. Þessi l. eru byggð á alveg sama hátt og l. um skuldaskilasjóð vélbátaeigenda, sem sett voru 1935, og í þessum l. er gert ráð fyrir því, að útgerðarmenn í fiskveiðasamvinnufélögum fái samskonar meðferð og aðrir útvegsmenn hafa þegar fengið.

Til þess að betur upplýsist fyrir hv. d., hvernig þetta mál hefir gengið, get ég sagt frá því, að eftir að bráðabirgðal. voru út gefin komu umsóknir um stuðning samkv. þeim frá þrem félögum hér á landi, Fram í Vestmannaeyjum, Samvinnufélagi Ísfirðinga og Samvinnuútgerð Stykkishólms. Það hefir þegar fyrir all-

löngu verið afgr. lán úr skuldaskilasjóði vélbátaeigenda — af fé, sem var í sjóði þar, að upphæð 11 þús. kr. — til félagsmanna í Samvinnufélagi Ísfirðinga. Þeir gátu náð samningum við kröfuhafa um þessar ábyrgðarkröfur, gegn því að greiða þessar 11 þús. kr. sameiginlega, og eru með greiðslu á þeirri upphæð lausir við allar frekari kröfur út af þessum málum. Þetta lán var veitt þeim sameiginlega á nafn félagsins, og til tryggingar því voru tekin veð og þar að auki sjálfskuldarábyrgð 30 manna, sem eru í þessu félagi, og er þar með forstjóri félagsins og yfirmenn á skipum þess. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að þetta lán sé vel tryggt og engin hætta á, að skuldaskilasjóður tapi því. En með veitingu þessa láns hafa félagsmenn í viðkomandi félagi, eins og ég þegar hefi sagt, losnað við allar frekari kröfur út af þeim gömlu skuldum, sem á félaginu hvíldu, þegar skuldaskilin fóru fram.

Um félagsmenn í hinum tveimur félögunum, sem ég nefndi, er það að segja, að enn hafa ekki verið afgr. lán til þeirra, þar sem þeir hafa verið að leitast við að ná hagstæðu samkomulagi við kröfuhafa, og það er ekki í dag upplýst, hvernig þetta muni ganga. Af þessum ástæðum hefir ekki verið gengið frá þeirra málum hjá skuldaskilasjóði af þeirri n., sem ég skipaði til þess að hafa þessar lánveitingar með höndum.

Út af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um málið, t. d. að það hefði verið með mjög undarlegum hætti upp tekið á síðasta Alþ. og þar hefði verið smeygt inn í fjárl. á síðustu stundu útgjaldaupphæð, sem hefði mikla þýðingu, verð ég að taka fram, að ég skil ekki vel, hvað hv. þm. er að fara. Ég man ekki eftir því, að hann og hans flokksmenn hafi verið feimnir við að bera fram brtt. við fjárl. og reyna þannig að „smeygja inn" nýjum fjárveitingum, jafnvel við 3. umr.

Þá hélt hv. þm. því fram — og hefir áður haldið því fram í blaðaskrifum um þetta mál — að stj. hefði verið að bíða eftir því, að þinginu yrði slitið, til þess að geta gefið út bráðabirgðal. um þetta efni, af því að þetta myndi vera svo óvinsælt mál, að mjög væri vafasamt, að það hefði náð samþykki þingsins, ef það hefði verið borið fram í frv.formi. Ég mótmæli þessu. Nægir í því sambandi að benda á, að Alþ. var slitið í maí, en bráðabirgðal. voru út gefin í nóvembermánuði, þegar sýnt var, að ekki myndi takast fyrir félagsmenn í þessum samvinnufélögum að ná viðunandi samningum við kröfuhafa án þess að slík l. væru útgefin. Og eins og ég upplýsti á síðasta þingi, þegar um þetta mál var rætt, þá var ómögulegt að sjá fyrir, hvort þörf myndi á lagasetningu um þetta efni eða ekki.

Ég hirði ekki um að svara þeim orðum hv. þm., að þetta megi skoðast sem endurgjald til Alþfl. fyrir stuðning hans við ríkisstj. Þetta er áframhald af því, sem þessi hv. þm. og sumir flokksbræður hans hafa áður haldið fram, að með þessu hafi þremur þm. Alþfl. verið bjargað frá gjaldþroti. Þetta skiptir að vísu ekki miklu máli, þar sem slíkar fullyrðingar munu ekki teknar alvarlega, en ég vil þó aðeins benda á, að ekki var nema einn hv. þm. ábyrgur í því samvinnufélagi, sem hér er um að ræða. Og í stað þessara 90 þús. kr., sem ritað er um, að Framsfl. hafi rétt að Alþfl. fyrir stuðninginn — mér skilst gefið honum — er hér um að ræða aðeins 11 þús. kr. lán gegn viðunandi tryggingu, og ekki hægt að segja um það nú í dag, hvort lánveiting fer fram til útgerðarmanna í samvinnufélögunum í Vestmannaeyjum og Stykkishólmi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en tel víst, að hv. d. muni, að fengnum þessum upplýsingum, samþ. þetta frv.

*Sigurður Kristjánsson: Eins og ég í upphafi tók fram, tel ég sjálfsagt að hafa fá orð um þetta mál og láta atkv. skera úr.

Út af þeim samanburði, sem hæstv. atvmrh. gerði á félagsmönnum í útgerðarsamvinnufélögum og öðrum útvegsmönnum, hlýt ég að taka þetta fram: Þeir einstakir útgerðarmenn, sem hafa fengið skuldaskil, hafa áður verið búnir að leggja fram allt það fé, sem þeir hafa átt, og margir þeirra þannig búnir að tapa aleigunni. Hér er öðruvísi ástatt um þá menn, sem hafa verið í samvinnufélögum. Þeir hafa margir hverjir lagt sáralítið fram. Þeirra fé hefir ekki gengið til þurrðar við töp útvegsins. Þarna kemur fram mikill greinarmunur. Aðrir eigendurnir hafa engu fórnað og engu ætlað að fórna. En mergurinn málsins er annarstaðar. Hann liggur í því, hvort ábyrgðarmenn fyrir atvinnurekstrarfyrirtækjum eigi að vera jafnréttháir. Með þessu er slegið föstu, að þeir skuli ekki vera það. Engir ábyrgðarmenn hafa fengið hjálp til þess að standa undir því, sem á þá hefir fallið, nema þessir ábyrgðarmenn samvinnufélaganna.

Þegar maður er ábyrgur fyrir einstakan mann eða útgerðarfyrirtæki, ræður hann venjulega engu um rekstur viðkomandi fyrirtækis; hann aðeins tryggir með sínum eignum og greiðslumöguleikum skuldbindingar fyrirtækisins, en ræður engu um rekstur þess og hefir engan hagnað af því, hvort sem það gengur betur eða verr. Aftur á móti hafa menn í þessum samábyrgðum algerða stjórn á fyrirtækjunum og velja menn úr sínum hópi til að stjórna þeim, og margir þeirra hafa allmikla hagnaðarvon. Ég ætla, að það sé þekkt, að menn hafi gengizt fyrir stofnun slíkra fyrirtækja til þess að skapa sér arðvæna stöðu og gangi oft freklega eftir kaupi sínu, þó að félagið sé að fara í kaf. Eignir þessara manna eru öruggar, ef þeir eiga ekki að hlíta sömu reglum og aðrir ábyrgðarmenn. Þarna er á tvennan hátt mikill skilsmunur.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði gert allmikið úr því, að það væri verið að smeygja á síðustu stundu inn í fjárl. allverulegum útgjaldalið, en hann vissi ekki betur en bæði ég og aðrir gerðu þetta sama. Þetta stappar nærri því að vera útúrsnúningur. Ég tók það ákveðið fram, að hér væri verið að koma með málið inn á rangan vettvang, þegar setja ætti inn í fjárl. heimild, sem er alveg sjálfstæð lagasetning, eins og það, hvort veita eigi fé til skuldaskila fyrir ábyrgðarmenn fiskveiðasamvinnufélaga eða hvort það

eigi að kaupa skip, sem kostar meira en 1½ millj. kr. Það hefir ekki þótt svo lítilfjörlegur hlutur til þessa, að nóg hafi verið að koma með heimild þar að lútandi í fjárl., án þess að nokkuð hafi verið um það talað, hvort skipið skuli kosta 10 þús. eða 10 millj. kr. Það má vel vera, að á annarri eins sukkköld og nú er runnin upp hafi þetta ekki mikið að segja. En þetta er ekki aðeins óviðeigandi form fyrir fjáreyðslu, heldur er það einnig afarháskalegt. Það virðast engin takmörk vera fyrir því, hvað stj. getur stofnað til mikilla útgjalda, ef t. d. á að heimila henni að kaupa mótorskip og láta hana svo alveg einráða um, hvort skipið skuli vera nokkrir tugir eða nokkur þús. tonn að stærð. Þessir hlutir eiga ekki heima í fjárl., heldur ættu að vera um þetta sérstök l., og ber vel að athuga, að svona ósiður festist ekki.

Ég hygg, að hæstv. atvmrh. veitist erfitt að sannfæra okkur, sem vorum hér dagleg vitni í fyrra, um það, að honum hafi ekki verið ljóst á síðastl. þingi, að setja þyrfti l. um þetta. Okkur þm. er öllum vitanlegt, að það var lengi tilbúið frv. um þetta, en það kom aldrei fram. Og okkur er líka kunnugt um, að hæstv. ráðh. varð svarafátt, þegar hann á síðasta þingi var spurður að því, hvort hann hefði kynnt sér það, hvort þetta mál gæti gengið fram án lagasetningar. Hæstv. ráðh. skaut sér undan að svara, hvort hann hefði borið þetta undir lögfræðing. En ég veit, að hann er svo vitiborinn maður, að hann hefir að sjálfsögðu skilið þetta þá þegar.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Hv. 6. þm. Reykv. hóf ræðu sína á því að tala um, að með þessu væri ábyrgðarmönnum í fiskveiðasamvinnufélögum gert hærra undir höfði heldur en ábyrgðarmönnum annarra útgerðarfyrirtækja. Eins og ég hefi áður bent á, er hér um útgerðarmenn að ræða, eigendur þessara útgerðarfyrirtækja, en ekki aðeins ábyrgðarmenn þeirra. Hv. 6. þm. Reykv. getur ekki bent á nokkra aðra eigendur þessara fyrirtækja heldur en þessa félagsmenn. Þetta er félagseign þeirra, og þeir eru því hliðstæðir öðrum útgerðarmönnum. Þetta kom greinilega í ljós hjá hv. 6. þm. Reykv., þegar hann fór að útlista, hver væri munurinn á ábyrgðarmönnum fyrir útgerðarsamvinnufélög og einstaklingsútgerðarfyrirtæki. Hann sagði sem sé, að munurinn væri sá, að þeir fyrrnefndu réðu, hvernig fyrirtækjunum væri stjórnað, en hinir síðarnefndu hefðu ekkert um það að segja. Þetta er einmitt munurinn á eigendum fiskveiðasamvinnufélaganna annarsvegar og ábyrgðarmönnum útgerðarfélaga einstakra manna hinsvegar.

Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé rétt, sem hv. þm. hélt fram, að þeir, sem stofnað hafa slík fiskveiðasamvinnufélög og hér um ræðir, hafi fyrst og fremst gert það í von um hagnað. Þessi fyrirtæki hafa í flestum tilfellum risið upp vegna þess, að knýjandi þörf hefir verið á því fyrir viðkomandi sjávarþorp eða héruð að fá nýjan atvinnurekstur, þegar sá, sem fyrir var, hafði orðið að hætta. Þetta hafa því verið atvinnubótafyrirtæki fyrir viðkomandi staði, eða sjálfsbjargarviðleitni manna á þessum stöðum, frekar en að þau séu stofnuð í von um mikinn gróða.

Ég get ekki fallizt á þá skoðun hv. 6. þm. Reykv., að það sé óviðeigandi form fyrir fjáreyðslu, sem hann nefnir svo, að fá þetta samþ. á Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárl. Ég veit ekki betur en það hafi tíðkazt við afgreiðslu fjárl., að samþ. séu þær lántökur eða greiðslur úr ríkissjóði, sem ætlazt er til að fari fram. Og þetta á svo að vera. Ég vil benda á, að þessar heimildir, bæði til að verja nokkru fé til útlána handa þessum samvinnufélögum og eins heimild til þess að selja strandferðaskipið og kaupa annað í staðinn, hafa verið samþ. hér á Alþ. af meiri hl. þm. Get ég ekkert athugavert séð við þá afgreiðslu á neinn hátt.

Ég get ekki gert að því, þótt mér takist ekki að sannfæra hv. 6. þm. Reykv. um, að mér hafi ekki verið ljóst á síðasta þingi, hvort þyrfti að gefa út þessi l. eða ekki. Ég sagði honum þá, ef ég man rétt, vegna fyrirspurnar, að mér væri algerlega óljóst, hvort lagasetningar þyrfti með í þessum efnum. Hv. 6. þm. Reykv. hlýtur að vita, að það er oft, að samningar takast milli kröfuhafa og skuldunauta án þess þurfi að gefa út um það l. Það sannar ekkert eða afsannar, þótt búið hafi verið að gera uppkast að frv. um þetta efni. Ég leit svo á, að óþarft væri að setja l. viðvíkjandi þessu, fyrr en séð væri, að þeirra þyrfti með. Taldi ég sjálfsagt að reyna fyrst samninga og grípa ekki til lagasetningar, nema fullvíst væri, að viðunandi úrlausn fengist ekki fyrir þessa félagsmenn. Ég lýsti þessu yfir á síðasta þingi, ef ég man rétt, og hafði í því tilfelli enga þýðingu, hvort ég hafi verið búinn að leita til svo og svo margra lögfræðinga eða ekki. Ég þurfti ekki að leita til neinna lögfræðinga til þess að fá að vita, að það kemur, sem betur fer, oft fyrir, að menn komist að samningum um sín skuldamál án þess að grípa þurfi til lagasetningar í því efni.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég skal ekki misnota þann tíma, sem hæstv. forseti veitir mér til andsvara, með því að fara að ræða um mismuninn á því, hvernig eigendur einstakra útgerðarfyrirtækja annarsvegar og samvinnufyrirtækja hinsvegar standa að vígi gagnvart skuldaskilunum. Ég skal aðeins segja hæstv. ráðh. það, að mér er kunnugt um, að mikill fjöldi þeirra manna, sem stofnað hafa til útgerðarsamvinnufélaga á ýmsum stöðum, hafa tryggt sér með því atvinnu og talsverða fjárvon, en látið sáralítið af mörkum. En það er aðeins eitt atriði, sem ég vil ekki láta fara óátalið framhjá mér. Mér þykir leiðinlegt, ef hæstv. atvmrh. skilur ekki mismuninn á því, að taka á Alþingi mál til þeirrar meðferðar, sem höfð er við setning sérstakra laga — meðferðar í þrem umræðum og nefnd í hvorri deild — eða hinu, að smeygja málinu inn við 3. umr. fjárlaga í þinglok, — svo seint, að allir eru orðnir leiðir og lúnir á deilum um minni háttar atriði fjárl. og láta atriði sem þetta fara framhjá sér, þó að þeim hefði endranær verið það mjög móti skapi. Það er ekki til betri felustaður fyrir óvinsælt mál en að smeygja því inn

í fjárlagafrv. við 3. umr. Það held ég hæstv. ráðh. hljóti að fallast á, og eins hitt, að þetta mál sé nógu þýðingarmikið til að setja um það sérstök lög.

Ég biðst engrar afsökunar fyrir að hafa dregið fleiri atriði inn í umr. en ráðh. þótti þörf á. Þau eiga hér við. Og það verður ekki hrakið, að það er óforsvaranleg afgreiðsla á slíkum málum að gefa þinginu ekki tækifæri til að gagnrýna þau á nokkurn hátt, heldur koma inn með þau við síðustu umr. fjárlaganna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 17. fundi í Nd., 10. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, PHann, PO, SkG, StgrSt, SvbH, TT, VJ, BÁ, BjB, JörB.

nei: GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, JGM, JPálm, ÓTh, SEH, SK, ÞBr, EOl.

4 þm. (StSt, ÞorbÞ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Við nafnakallið gerðu tveir þm. grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

***Pétur Ottesen:** Ég var á móti þessu máli, þegar það var borið fram á síðasta Alþ., og er á móti því enn. Þótt það komi nú fram í öðru formi en það var í þá, er samt stefnan hin sama. Og það, að ég greiði nú atkv. með þessu frv., er vegna þess, að mér er kunnugt um, að eitthvað er eftir af þeim félögum, sem gætu notið hlunninda af samþykkt þessara laga, og fá samskonar umbætur og hlunnindi og þau félög hafa fengið, sem búið er að taka til meðferðar, og ég vil ekki standa í vegi fyrir því, að þau fái líka þá réttingu mála sinna, sem hér er um að ræða, þótt ég sé mótfallinn þeirri stefnu í heild sinni. Það er eingöngu af þeirri ástæðu, að ég vil, að þetta gangi jafnt yfir, að ég segi nú já við þessa atkvgr., því að öðrum kosti myndi réttur ýmsra félaga verða fyrir borð borinn.

***Thor Thors:** Þegar þetta frv. var fyrst borið fram, var ég því andvígur og taldi meira en nóg að framkvæma það, sem ákveðið var með fjárlagaákvæðinu. Nú er það hinsvegar upplýst, að það eru tvö félög, sem þessar réttarbætur gætu náð til. Annað er í Vestmannaeyjum, en hitt í Stykkishólmi. Ég hefi ekki kynnt mér, hvernig þetta mál kemur við Stykkishólmsbúa, en ég ætla að nota tímabilið til 3. umr. til þess að kynna mér það og segi því já.

2.—16. gr. samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:7 atkv.

Á 19. og 21. fundi í Nd., 14. og 17. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 7, 54).

***Bjarni Ásgeirsson:** Ég á hér, ásamt hv. þm. Ísaf., brtt. við þetta frv., sem fer í þá átt, að lengja frestinn, sem ákveðinn er í frv., til 1. jan. Hæstv. atvmrh. benti okkur á, að vegna annarra fresta, sem ákveðnir væru í l., mundi vera hæpið, að þau félög, sem enn hafa ekki notið þeirra hlunninda, sem frv. fer fram á þeim til handa, gætu héðan af fært sér þau í nyt fyrir 1. júlí 1939. Er þess vegna nauðsynlegt, til þess að l. nái fyllilega tilgangi sínum, að framlengja frestinn til 1. jan. 1940.

ATKVGR.

Brtt. 54 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., 23. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 85).

Á 25. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 108).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er borið fram á Alþ. til staðfestingar á bráðabirgðal., sem voru gefin út 14. nóv. síðastl. Á síðasta Alþ. var samþ. að veita í fjárl. 90 þús. kr. af ónotaðri lánsheimild skuldaskilasjóðs til þess að greiða fyrir því, að ábyrgðarmenn í samvinnufélagi útgerðarmanna gætu komizt að sæmilegum kjörum um ábyrgðargreiðslur. Þegar til átti að taka og nota heimildina, kom í ljós, að nauðsynlegt var að láta þetta styðjast við lög, og atvmrh. gaf því út bráðabirgðal., og það sýndi sig, að þeirra var þörf, af því að áður en l. voru gefin út, varð enginn árangur af umleitunum um eftirgjafir fyrir þessa aðilja, en eftir að l. gengu í gildi, fóru samningar að ganga greiðara, því að þá lá ekki annað fyrir en að gera upp bú þessara manna, og með því móti gátu þessar ráðstafanir borið árangur.

Um frv. að öðru leyti er ekkert sérstakt að segja. Það eru tekin upp ákvæði úr skuldaskilasjóðslögunum, sem að vísu eru úr gildi fallin, og þessum lánveitingum á að haga eftir sömu reglum. Nd. samþ. frv. óbreytt, að því undanteknu, að frestur skuldaskilanefndar til að ljúka störfum sínum var framlengdur, því að enn eru félagar úr 2 félögum, sem ekki hafa fengið skuldaskil. Það getur farið svo, ef þarf að grípa til að gera upp bú þeirra, að frestur n. sé of stuttur. Þess vegna framlengdi hv. Nd. hann.

Sjútvn. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1 gr. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, ErlÞ, HermJ, IngP, JJós, PHerm, PZ, SÁÓ, EÁrna.
nei: MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn, MG.
2 þm. (BrB, JJ) fjarstaddir.
2.—16. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 36. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 130).

---

3. Námulög.

Á 2. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á og viðauka við námulög, nr. 50 30. júlí 1909 (stjfrv., A. 8).

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. er um breyt. á og viðauka við námul. frá 1909. En bráðabirgðal. um þetta efni voru út gefin 2. sept. síðastl., og er með þessu frv. óskað staðfestingar hæstv. Alþ. á þeim l. L. Þessi frá 1909 voru að ýmsu leyti orðin úrelt og ófullnægjandi, sérstaklega að því er snertir málmgröft og málmgraftarleyfi og ráðstafanir á námuréttindum. Og í frv. þessu er m. a. fram tekið, að málmgraftarbréf, sem lögreglustjórar gefi út, þurfi að vera staðfest af atvinnumálaráðuneytinu til þess að öðlast gildi.
Ég vil leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi gera þá fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort ríkisstjórnin hafi hugsað sér að gefa nokkrar skýrslur viðvíkjandi þeim samningaumleitunum, sem farið hafa fram hér í Reykjavík um málmvinnslu á Vestfjörðum. Ef svo er ekki, vildi ég óska þess, að málið verði tekið af dagskrá, til þess að hægt verði að beina fyrirspurn um þetta til hæstv. forsrh. fyrir 1. umr. málsins.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Ég get upplýst, að það liggur ekki fyrir nein skýrsla um þetta, en ég vil benda hv. 3. þm. Reykv. á það, að það er vitanlega hægt, ef þess er óskað, að taka það atriði málsins til meðferðar við síðari umr. þessa máls. Sé ég því ekki ástæðu til að fresta því að vísa málinu til 2. umr. og nefndar, þó að engin skýrsla um þetta atriði sé gefin nú.

***Héðinn Valdimarsson:** Það væri kannske hægt að ná í hæstv. forsrh. til þess að fá svör hans viðvíkjandi þeim fyrirspurnum, sem fram koma við þessa umr. um málið; því að það gæti haft nokkra þýðingu um það, hvaða brtt. kæmu fram við þetta frv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það hefir komið fram fyrirspurn um það, hvort gefin verði nokkur almenn skýrsla um tilefni þess, að bráðabirgðal. þessi voru sett. Ég tel ekki þörf á þeirri skýrslu nú, en get upplýst, að það hefir verið gefin nokkur opinber skýrsla um málið, sem hefir verið birt í útvarpinu og var frá þeim hæstaréttarmálaflm., sem hefir með þetta mál að gera hér fyrir hönd þeirra útlendinga, sem hafa tjáð sig hafa áhuga á að athuga möguleikana fyrir og e. t. v. að byrja á málmgrefti hér á landi. Þessi skýrsla var borin undir forsætisráðuneytið, og ég hefi ekkert við hana að athuga. Hún er rétt í öllum atriðum.
Frv. það, sem hér liggur fyrir, er aðeins bráðabirgðaráðstöfun á þessu máli. Ég tel rétt að gera þá ráðstöfun, að ekki sé hægt að selja hér á landi réttindi til málmvinnslu nema með samþykki ríkisstj., af þeirri ástæðu, að hér á landi er allt í óvissu um það, hvaða auðæfi eru í jörðu eða hvort þau eru nokkur. Það er því frágangssök að gera nokkra samninga um námuréttindi, nema sá aðili, sem þau lætur af hendi, viti fyrirfram nokkurn veginn, hvers virði réttindin eru, sem hann er að selja. Ég álít, að algerlega beri að fyrirbyggja það, að afsal slíkra réttinda geti átt sér stað án þess að ríkisstj. geti haft þar hönd í bagga með. Það hefir átt sér stað í öðrum löndum, að námuréttindi hafa verið seld án þess vitað hafi verið fyrirfram um, hvers virði þau voru; og það hefir kostað mikla fyrirhöfn, rask og fjármuni að ná þeim réttindum aftur.
Þessi bráðabirgðal., sem frv. liggur fyrir um að hæstv. Alþ. samþ., eru aðeins bráðabirgðaráðstöfun, sem gerð var vegna aðkallandi nauðsynjar. En það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að aflað verði upplýsinga um námul. annarra þjóða og reynslu í þessum efnum, sem sumum þeirra hefir orðið alldýrkeypt. Atvinnumálaráðuneytið er að afla þeirra upplýsinga nú, og fyrir hæstv. Alþ. mun verða lagt svo fljótt sem unnt er frv. til fullkominna námul., byggt á þeirri rannsókn. Jafnhliða lýsi ég yfir, að ég geri ráð fyrir, að á þessu þingi verði borin fram þáltill., þar sem farið verði fram á heimild fyrir ríkisstj. til þess að láta hefja rannsókn á því, hver málmauðæfi landsins muni vera. Á undanförnum árum hefir farið fram nokkur rannsókn í þessum efnum, og um það eru til skýrslur, sem ekki eru samstæðar svo sem æskilegt væri, heldur brotasilfur eitt. Ég álít, að rannsóknarstofa atvinnuveganna ætti að vera aðsetur fyrir þessar rannsóknir og að þar ætti að safna öllum skýrslum saman um rannsóknir, sem þegar hafa í þessu efni verið gerðar, og að þar ætti einnig að safna saman öllum skýrslum og bókum, sem varða rannsóknir, er gerðar verða í þessu

efni. Gögn þau, sem til eru um þær rannsóknir á þessu sviði, sem gerðar hafa verið, eru ekki nægilega aðgengileg nú fyrir þá, sem á þeim þurfa að byggja. En ríkisstj. hefir gert ráðstafanir til þess, að þessum gögnum verði safnað saman í eitt, svo að aðgengileg verði fyrir þá, sem kunna að verða látnir sjá um þessar rannsóknir í sumar. Og reynt verður að afla heimildar fyrir ríkisstj. til þess að þær rannsóknir geti farið fram þá.

Ég get getið þess í þessu sambandi, þótt ég búist við, að það þurfi að fá útlenda menn til þess að standa fyrir þessum rannsóknum — sem verður vitanlega á valdi þeirrar ríkisstj., sem með þau mál fer — að mjög efnilegir Íslendingar eru nú við nám erlendis í þessari grein. Geri ég ráð fyrir, að þeir hafi mikinn áhuga á að vinna með þeim útlendingum, sem fengnir verða til að standa fyrir þessum rannsóknum fyrst um sinn a. m. k., og að þannig verði hægt að ala upp menn, sem færir verði um að halda áfram þessum rannsóknum á eigin ábyrgð til fullnaðar. En þessar rannsóknir verða vitanlega ekki framkvæmdar á fáum árum, því að þær eru margra ára verk. Því að eins og hv. þm. er kunnugt, er okkar land eitt af minnst rannsökuðu löndum veraldarinnar í þessu efni, þeirra sem byggð eru.

*__Héðinn Valdimarsson__: Eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið í blöðum og annarstaðar viðvíkjandi þessum málmi á Vestfjörðum, lítur út fyrir, að þar gæti orðið um stórfelldan atvinnurekstur að ræða við málmgröft, ef á annað borð yrði hafizt handa. Nú þegar stærsta böl þjóðarinnar er atvinnuleysið, þá virðist mér það hljóta að vera eitt hið mesta áhugamál hvaða stjórnar, sem væri við völd, að einmitt að þessu máli væri gengið þegar í stað og vitað um, hvort hægt væri að koma á fót þeim atvinnurekstri, sem útlendingar hafa gert ráð fyrir, að hægt væri að reka við málmgröft hér á landi. Það liggur fyrir rannsókn, sem gerð hefir verið hér á landi í þessa átt, en jafnframt með þeim upplýsingum, að útlendingar vilji haga framkvæmdum á þann hátt, að þeir ráði sem mestu um þær sjálfir að ýmsu leyti.

Nú er það fyrirspurn mín til hæstv. forsrh., ekki einungis hvað verði gert í þessum málum yfirleitt, heldur hvað verði gert í þessu sérstaka máli viðvíkjandi Vestfjörðum. Þær sögur ganga hér, án þess því hafi verið mótmælt af hæstv. ríkisstjórn, að þessir útlendu menn, sem áhuga hafa á að koma í framkvæmd málmgrefti á Vestfjörðum, hafi farið af fundi ríkisstj. án þess að fá frá henni nein svör við málaleitun sinni. Heyrzt hefir, að það hafi verið dregið í efa, að það mundi hafa nokkra þýðingu að tala við þá, því að þeir hefðu ekki sín nauðsynlegu sambönd í lagi. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh., hvort þessir menn hafi ekki bak við sig fyrirtæki eða banka, sem gefi tryggingu fyrir, að taka megi alvarlega málaleitun þeirra. Það er vitað, að þessir menn hafa gert samninga fyrirfram viðvíkjandi gjöldum til viðkomandi hrepps og aðra samninga viðvíkjandi þessari málmvinnslu, ef til kæmi. Ég sé nú ekki, að með þessu frv., sem hæstv. ríkisstjórn leggur hér fram, sé annað gert en að tryggja ríkisstj. möguleika til að hindra það, að frekari tilraunir um málmvinnslu á þessum stað geti átt sér stað. Má í því sambandi benda á orðanna hljóðan í frv., þar sem stendur, að ríkisstj. geti sett hvaða skilyrði sem vera skal um málmvinnslu í landinu (niðurlag 2. gr.). Þetta er víðtæk heimild og að mínu áliti varhugaverð.

Ég vil ekki með þessu segja, að ég sé á móti þeirri fyrirætlun, sem hæstv. forsrh. gat um, að taka upp almenna rannsókn á málmauðæfum í jörðu hér á landi, enda var ég á síðasta þingi með brtt. við fjárl. um slíkt efni, sem þá var felld.

En ég endurtek það, að ég álít ekki fullnægjandi gerðir hæstv. ríkisstj. í þessu máli, ef hún skilur svo við þá útlendinga, sem áhuga hafa á að koma í framkvæmd málmgrefti á Vestfjörðum, að hún slíti sambandi við þá án þess að grennslast um, hvort þeir hafi nógu mikið fjármagn til þessara framkvæmda. Verkamenn um landið fylgjast af miklum áhuga með þessu máli og vilja fá að vita, hvort hægt sé fljótlega að koma upp arðvænlegum atvinnuvegi í sambandi við málmgröft í landinu.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Ég býst ekki við, að skoðanir séu skiptar um það hér á Alþ., hvort rétt sé að samþ. l. eins og þau, er hér liggja fyrir. Ég geri ráð fyrir, að ekki séu skiptar skoðanir um það, að ríkisstj. eigi að geta komið í veg fyrir, að hér séu seld allskonar réttindi án þess að við vitum, hvað við erum að selja, þannig að það endurtaki sig hér hjá okkur Íslendingum sama sagan, sem hefir átt sér stað hjá nágrannaþjóðunum, sem hefir kostað þær þjóðir miklu meira en þurft hefði að vera, ef þær hefðu haft um slíkt lög.

Ég geri ekki heldur ráð fyrir, að skiptar séu skoðanir um, að rétt sé að taka hér upp almenna rannsókn á þeim auðæfum, sem hér kunna að vera í jörðu fólgin.

En þá er þriðja atriðið, hvort ríkisstj. hafi veitt þeim mönnum, er leituðu eftir málmvinnsluleyfi hér á landi, eðlileg og rétt svör. Ég tel, að þetta mál sé að nokkru leyti utanríkismál um leið og það er fjármál. Og þess vegna voru þeir flokkar, sem fulltrúa eiga í utanríkismálan., fengnir til þess að ræða við þá menn, sem eftir þessu leituðu. Það voru fengnir fulltrúar frá þessum þremur flokkum til þess að þeir gætu fengið að heyra, hvað þessir útlendingar, sem eftir þessu leituðu, höfðu fram að færa, svo að þeir (fulltrúarnir) gætu myndað sér skoðun á málinu, svo að það gæti verið algerlega hafið yfir flokkadrátt þeirra flokka, sem sæti eiga í utanrmn. Svör hafa svo verið veitt þessum útlendingum, sem hafa verið sameiginleg skoðun þeirra manna, sem sæti eiga í fulltrúanefnd þeirri, sem falið var að tala við þssa útlendinga. Sú leið var ekki fyrir hendi, að þessi n. né ríkisstjórnin gæti veitt þessum útlendingum neitt einkaleyfi,

því það er einungis á valdi Alþ. Það lá ekki heldur fyrir, að þessi n. né ríkisstjórnin hefði neitt vald til að ákveða, hvaða útsvar, gjöld til ríkis og toll af verkfærum þessir menn skyldu greiða, því að slíkt er á valdi Alþ., en ekki ríkisstjórnar né annarra aðilja. Þegar þessir útlendingar höfðu athugað málið, urðu þeir á eitt sáttir um það, að í þágildandi námul. vantaði ákvæði um það, hvaða kjör þeir menn ættu við að búa, sem byrjuðu á málmvinnslu hér á landi. Þeir töldu það næsta stig málsins að setja l. um þetta, Þeir ályktuðu sem svo: Ef við förum að grafa þarna vestra, þá erum við ekki tryggir með það, því að önnur félög geta boðið ríkisstjórninni betri kosti næsta ár, sem við erum ekki færir um að keppa við. Það fyrsta álitu þeir því að fá námul., sem og sett hafa verið og nú er leitað samþykkis Alþ. fyrir.

Því var lýst yfir við þá, að áhugi væri fyrir málinu, að það væri rannsakað. Niðurstaðan varð sú, að nauðsynlegt væri, að ný l. væru sett um þessi efni, og á meðan því færi fram, væri þeim frjálst að byrja á rannsókn fyrir vestan. Það hefir því ekki verið slitið sambandinu við þessa menn, heldur hefir því verið haldið opnu, og það hefir verið unnið að málinu á þann hátt, sem báðir aðiljar eru sammála um, að bezt sé.

*Einar Olgeirsson: Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að það eru ekki skiptar skoðanir um það meðal þm., að við sjálfir eigum og ráðum yfir okkar auðlindum, og að svo miklu leyti, sem þetta frv. miðar í þá átt að tryggja yfirráðarétt Íslendinga yfir þeim, þá miðar það í rétta átt. Um það eru ekki heldur skiptar skoðanir, að það þurfi að vinda bráðan bug að því að rannsaka auðlindir landsins, og þó þær till., sem um það voru bornar fram á síðasta þingi, hafi verið felldar, þá munu ekki vera skiptar skoðanir um það meðal þm., að þetta þurfi að gera. Það er oft svo, að ef góðar till. koma frá ákveðnum mönnum, þá er sjálfsagt að drepa þær. Um þriðja atriðið eru ef til vill skiptar skoðanir, eða um það, hvort við eigum að hagnýta okkur þessar auðlindir, og hvort við eigum að gera það strax.

Það er skoðun þeirra manna í landinu, sem vilja láta bæta úr atvinnuleysinu, sem fleiri þúsundir manna eiga við að búa, að vinda beri bráðan bug að því að hagnýta þessar auðlindir En það hefir komið fram í aðalmálgagni ríkisstj., Tímanum, sú skoðun, að það væri meira eða minna hættulegt, ef þær væru hagnýttar. Þegar verið var að ræða um þetta mál í ritstjórnargrein í Tímanum fyrir nokkru, þá var um leið vikið að því, að landinu gæti stafað hætta af því, ef hér risi upp stóriðja í sambandi við vinnslu úr Eyrarfjalli á Vestfjörðum. Það er því ekki að ástæðulausu, þó þm. vilji heyra, hver afstaða ríkisstj. er til þessa praktiska máls, þar sem þetta liggur fyrir og ætla mætti þess vegna, að skiptar skoðanir væru um þetta efni og það, hvort sjá ætti um, að hægt væri að byrja á vinnslu þar strax. Eftir því, sem talað hefir verið um þetta mál, þá hefir því verið slegið fram, að í sambandi við hina vaxandi stríðshættu í Evrópu myndu veri meiri möguleikar en ella fyrir því, að hægt væri að vinna járnmálm í Eyrarfjalli. Það hefir hinsvegar heyrzt, að þeir menn, sem eru að grennslast eftir þessu, vildu ekki halda áfram með rannsóknir, nema það sé tryggt, að þeir geti fengið að vinna járnmálminn, svo framarlega sem rannsókn leiðir í ljós, að nægilegt sé til af honum. Það er skiljanlegt, ef rannsóknir og tilraunir kosta svo tugum þúsunda skiptir, að félagið vilji ekki framkvæma þær fyrir okkur, ef við gætum svo sagt, þegar búið væri að rannsaka þetta, að við vildum ekki gera samninga við þá, heldur ætluðum við að vinna járnmálminn sjálfir. Ég er hræddur um, að þau svör, sem hæstv. forsrh. hefir gefið þessum mönnum, þýði að meira eða minna leyti neitun á þessu. Þó þeim sé í sjálfsvald sett að rannsaka þetta nákvæmlega, þá er það vitanlegt, að þeir eru ekki að gera þetta fyrir Íslendinga, heldur til þess að græða á því. Það er auðvitað, að þeir leggja ekki peninga í þetta, nema möguleikar séu á því, að þeir fái aðstöðu til þess að halda viðskiptunum áfram, svo hagur þeirra versni ekki, ef málmauðgi kemur þarna í ljós. Það verður því að taka sérstaka afstöðu viðvíkjandi Eyrarfjalli.

Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að þessi l. eigi að fara í gegn, og þau eigi að færa í hendur ríkisstj. allmikið vald. Hitt vill maður auðvitað fá að vita, á hvern hátt ríkisstj. sú, sem nú situr, mundi nota þetta vald, ef henni væri það gefið. Svo framarlega sem það kæmi í ljós, að í Eyrarfjalli væri mikill málmauðgi, þá væri þar með vitað, að miklu víðar á Íslandi kynni hið sama að eiga sér stað. Það liggur nú ekki fyrir, að ríkisstj. sé til í að eyða tugum þúsunda í að rannsaka þetta, svo það gæti verið gott fyrir okkur, ef þetta væri rannsakað af hálfu útlendinga, því það gæti orðið eins og sýnishorn af málmauðgi landsins. Það gæti orðið mun praktiskara heldur en sleppa þessu tækifæri og taka rannsóknina fyrir með þeim seinagangi, sem er á flestu hjá okkur.

Það er rétt að fá að heyra frá hæstv. ríkisstj. nákvæmlega um það, hvort útlendingar eru tilleiðanlegir til að rannsaka þetta með þeim skilmálum, sem í boði eru.

Þá er það annað, sem ég vil gera að umræðuefni. Það er upplýst, að það voru 3 menn, sem sérstaklega áttu tal við þessa menn. Mér finnst satt að segja, að það sé farið að innleiða nýja stefnu í þingræðislífinu hér á Íslandi, þegar farið er að taka úr 3 sérstaka þm. til þess fyrir hönd ríkisstj. að eiga viðtöl við menn, sem koma hingað til þess að leita hófanna viðvíkjandi fjármálum. Ef svo á að vera, þá verða þessir menn að vera ábyrgir gagnvart einhverjum aðilja og gefa einhverstaðar sínar skýrslur. Og þó það sé gert, þá nær vitanlega engri átt sú aðferð, sem hér hefir átt sér stað. Það er því nægileg ástæða til að óska, að gefnar séu í þinginu einhverjar yfirlýsingar um það, hvað farið hafi á milli þessara 3 manna úr utanrmn. og þeirra útlendinga, sem þeir áttu viðtöl við. Það er um það talað í bænum, að ýmislegt fleira hafi borið þar á góma og það kunni að hafa verið gefnar þar

ýmsar einkennilegar yfirlýsingar, sem auðvitað væru þá teknar eins og þær væru gefnar af ríkisstj. og þinginu. Mér finnst full ástæða fyrir þingið að fá að vita um þetta.

Ég vil því koma með fyrirspurn um það, hvort þetta hafi átt sér stað, eða mælast til, að þessir menn úr utanrmn. gefi skýrslu um þetta hér á Alþ.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil aðeins svara þessu lítið eitt. Ég er auðvitað ekki hér til þess að taka upp samtöl, sem átt hafa sér stað milli þessara 3 manna og útlendinganna. Um það hafa verið gefnar upplýsingar, sem ástæða þykir til. Það hefir verið gefin skýrsla um þetta mál, sem mun nægja, enda eru í henni þær upplýsingar, sem gefa þarf um þetta mál.

Að ekki verði ráðizt í dýrar rannsóknir, ef ekki liggi fyrir upplýsingar um það, að við seljum þeim réttindi, sem við vitum enn ekki hver eru, styðst ekki við veruleikann. Þessi rannsókn mun kosta 20—30 þús. kr. vegna þess verks, sem búið er að vinna þarna. Það er því hvorki frágangssök fyrir þá né aðra að leggja í þetta þús. pund, eins og það mun kosta að rannsaka það. Hitt hefði verið árásarefni á ríkisstj., ef hún hefði selt þarna réttindi eða látið á einhvern hátt af hendi yfirráðaréttinn yfir þeim, án þess að vita, hvað verið væri að selja. Það er líka enginn vafi á því, að fullkominn vilji er fyrir því í þinginu, að það sé ekki gert. Fyrsta atriðið er að vita, hvað við erum að selja. Ég held, að reynsla hinna Norðurlandanna eigi að vera okkur til viðvörunar. Það er ekki sagt, að við höfum það fjármagn, sem Svíar urðu t. d. að leggja fram til þess að ná í réttindi, sem þeir voru búnir að afsala sér.

Ég er ekki að segja, að þetta mál sé hættulegt gagnvart Íslendingum. En við verðum að vita, hvað það er, sem við ætlum að láta. Það hefir ekkert tilefni gefizt í sambandi við þessar umr. til þess að ætla, að hér sé um eitthvað athugavert að ræða.

Ég vil upplýsa það hér, að það hefir verið álitið, að við gætum unnið hér aluminium, en nú er það komið í ljós við rannsókn, að það er í samböndum, þar sem það er óleysanlegt, a. m. k. með þeim aðferðum, sem þekkjast nú. En í sambandi við þær rannsóknir hefir komið í ljós, að þetta aluminium er í öðrum efnasamböndum, sem geta verið talsvert mikils virði. Þegar farið er að rannsaka þetta aluminium, þá kemur það í ljós, að þar er annað efni, sem notað er við ýmiskonar iðnað, sem ef til vill er hægt að vinna.

Það er satt að segja einkennilegur verzlunarmáti, sem ég vil ekki gefa mig inn á fyrir sjálfan mig, og því síður fyrir ríkið, að selja það, sem maður veit ekki, hversu mikils virði er. Fyrsta atriðið er að vita, hvað maður er að gera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Nd., 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 19).

*Frsm. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. að mestu óbreytt. Brtt. á þskj. 19 miða aðeins að því að breyta dálitið greinaröð og gera frv. þannig betur til þess fallið að fella breytingarnar inn í lögin. Ég þarf ekki að orðlengja um þetta, en vænti fyrir hönd n., að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem hún gerir við það.

*Héðinn Valdimarsson: Ég hefi hugsað mér að bera fram brtt. við þetta frv. við 3. umr. málsins, sem fara í þá átt, að þau skilyrði, sem ráðh. setur fyrir námuvinnslu, skuli vera borin undir báðar d. næsta Alþ. Mér finnst ráðh. vera gefið of mikið vald í þessu efni, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil, úr því ég stend upp, segja það, að mér finnst lítill áhugi vera fyrir hendi hjá ríkisstj. viðvíkjandi þeim tilmælum, sem fram hafa komið um námuréttindi á Vestfjörðum. En það má gera ráð fyrir, eftir upplýsingum, sem fyrir liggja, að þessi námuvinnsla, sem um er að ræða, muni fljótlega skapa atvinnu fyrir 300—400 manns, en það gæti fjórfaldazt á skömmum tíma. En það þýðir útrýming atvinnuleysisins í landinu að miklu leyti. En það hefir hingað til ekki annað frétzt frá ríkisstj. um málið en þetta frv., sem frekar virðist vera til þess fallið að hindra, að námuvinnsla eigi sér stað, en hitt. Ég mun ekki ræða þetta nánar við þessa umr., en kem inn á það við 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 19,1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

1.—4. gr. (verða 2.—5. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 19,2 samþ. án atkvgr.

— 19,3 (5. gr. fellur niður) samþ. án atkvgr.

6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 1. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 26, 29).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 29. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Héðinn Valdimarsson: Ég flyt hér brtt. á þskj. 29 við þetta frv.

Því hefir verið lýst, af hvaða ástæðum þetta frv. er fram komið. En mér virðist, að með þessu frv. sé allt lagt í vald ríkisstj. um þessi mál. En sjálfsagt mun verða hugsað um að búa til sérlög síðar, er setja skilyrði fyrir ríkisstj., hvernig þessum málum verði háttað. En þær breytingar, sem ég legg til, að gerðar verði á frv., eru fyrst og fremst viðvíkjandi leigu eða sölu námuréttinda í landareignum kaupstaða, hreppsfélaga, sjóða og opinberra stofnana, sem lúta staðfestingu ráðherra eða neitun, þannig, að ráðuneytið birti samþykki sitt eða neitun í B-deild Stjórnartíðindanna fyrir leigu- eða söluskilmálum, þannig að það sjáist einhverstaðar skjalfest, þar sem allir hafa aðgang að. Því það má gera ráð fyrir, að miklu þyki skipta, hvernig

með þessi mál verður farið. Í öðru lagi er brtt. um það, að greinarmunur sé gerður þannig, að ef um málmgraftarleyfi sé að ræða, þar sem búast megi við stóriðju, skuli það veitt með löggjöf, en málmgraftarleyfi, þar sem um minni málmgröft er að ræða, megi ráðherra veita. Nú getur komið fyrir, að um leyfi fyrir málmgrefti í stórum stil væri að ræða og of langt þætti að bíða með það þar til næsta Alþingi kemur saman, og getur þá ráðh. samþ. það með bráðabirgðal., *ef hann býst við samþykki Alþingis* fyrir því. Ég hygg meiri tryggingu fyrir því, að þessi leyfi verði veitt á þann hátt, sem ráðuneytið og Alþingi myndu telja tryggilegast, ef krafizt er, að samþ. málmgraftarleyfis sé veitt með löggjöf, ef um stór fyrirtæki væri að ræða.

***Frsm. (Vilmundur Jónsson):** Þar sem þessum brtt. hefir ekki verið útbýtt fyrr en nú á fundinum, hefir allshn. ekki getað tekið afstöðu til þeirra. Vildi ég þess vegna mælast til, að málið verði tekið út af dagskrá, svo n. geti fengið tækifæri til þess að athuga málið.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., 9. marz, var fram haldið 3. umr. um frv.

***Frsm. (Vilmundur Jónsson):** Allshn. hefir átt kost á að athuga brtt. á þskj. 29. Um fyrri brtt. er það að segja, að n. sér sér ekki fært að mæla með því, að hún verði samþ. Telur hún, að ef lögfesta ætti, að birta skuli leigu- og söluskilmála hér að lútandi, þá væri það brot á almennum viðskiptareglum og myndi hindra, að menn legðu í slík fyrirtæki, en það væri gagnstætt því, sem hv. flm. till. ætlast til. Hinsvegar eru engin vandkvæði á því fyrir þingið að fylgjast með gerðum ríkisstj. í þessum málum.

Um síðari till. er það að segja, að n. hefir tilhneigingu til að fallast á hana. Ef um meiri háttar námugröft væri að ræða, væri nær, að þingið hefði síðasta orðið, en ekki ríkisstj., sérstaklega ef um útlendan rekstur væri að ræða eða málmvinnslu, sem hefði þýðingu í hernaði. Þó að n. mæli ekki með þessari till., vill hún samt beina því til þeirra, sem fá l. til endurskoðunar, að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar.

***Héðinn Valdimarsson:** Mér virðast ástæður þær, sem hv. frsm. færir fram móti brtt. minni, ekki á sérstaklega styrkum grunni reistar. Þegar um er að ræða leiguréttindi á námum, þá er mikils virði fyrir almenning að fá að vita, hvaða kjör um er að ræða. Þetta er ekki aðeins mikilsvert fyrir umsækjendur, heldur og fyrir almenning yfirleitt. Ég get ekki betur séð en að jafnvel þm. hafi litla aðstöðu til að fylgjast með gerðum ríkisstj., eins og stjórnarfarinu er nú háttað. Er það ekki óalgengt, að ef bornar eru upp fyrirspurnir til stj. utan dagskrár, þá svari hún alls ekki, og ef setja á allt slíkt fram í venjulegu fyrirspurnarformi, þá yrði það allt of viðamikið til þess, að það sé alltaf hægt.

Hér ætti ekki heldur að geta verið um nein viðskiptaleyndarmál að ræða, nema ef tilgangurinn með launungunni skyldi eiga að vera sá, að halda völdunum að öllu leyti í höndum stj.

Með tilliti til þeirrar tilhneigingar, sem hv. frsm. sagði, að hv. n. hefði haft til að fallast á síðari till. mína, fæ ég ekki skilið, hví hún vili þá ekki mæla með henni. Ég get ekki séð, hvaða skaða það geti haft í för með sér að setja þessi ákvæði inn í l., þar sem fyrir liggur að sækja um málmvinnsluréttindi fyrir vestan. Ég verð að segja, að mér virðist sú stefna vera fullofarlega í n., að leggja allt í hendur stj. og svipta þannig Alþingi réttinum til að segja síðasta orðið í þessum málum.

ATKVGR.

Brtt. 29,1 felld með 18:2 atkv.
— 29,2 felld með 15:4 atkv.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 26).

Á 16. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. er borið fram hér á þingi til þess að fá staðfestingu Alþingis á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 2. sept. síðastl. til breyt. á og viðauka við námulög frá 1909. Aðalefni þessara l. er, að málmgraftarbréf, sem um er rætt í l. og gert er ráð fyrir, að út séu gefin af lögreglustjóra, *eigi að fá staðfestingu atvmrh. til þess að fá* gildi, og allar ráðstafanir í því efni séu ógildar þangað til samþykki atvmrn. er fengið. Þótti óhjákvæmilegt að setja þessa breyt. við námulögin til þess m. a. að koma í veg fyrir, að einstaklingar eða félög gætu náð haldi á slíkum eignum, eigendum þeirra eða þjóðinni í heild til tjóns.

Mál þetta hefir þegar verið afgr. frá Nd., og vildi ég óska þess, að því yrði að lokinni umr. hér í d. vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 26, n. 59, 72).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 72. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Allshn. hefir haft frv. *þetta til athugunar og orðið sammála* um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Hinsvegar hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara, en hann er aðeins um eitt atriði frv., en það er, að niður úr 1. gr. verði fellt á tveimur stöðum orðið „sjóða“. Um þetta hefi ég því leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 72. Ástæðan fyrir því, að ég ber fram brtt. þessa, er sú, að ég vil vekja athygli á því, hvort rétt sé að lögfesta það, að ákvæði frv. nái til jarða, sem eru eign opinberra sjóða. Frv. það, sem hér er um að

ræða, er lagt fyrir Alþingi samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Námulögin frá 1909 taka eingöngu til þjóðjarða og kirkjujarða, eða m. ö. o. eingöngu til jarðeigna ríkissjóðs. Hvorki á þinginu 1909 eða síðar, svo mér sé kunnugt um, hefir það sjónarmið verið uppi, að rétt sé að takmarka á nokkurn hátt umráðarétt eða ráðstöfunarrétt einstakra manna yfir málmum eða öðrum verðmætum efnum, sem finnast kunna í landareignum þeirra. Nú er það svo, að sjóðir, sem stofnaðir eru með gjöfum og framlögum einstakra manna, hlíta að lögum sömu reglum sem gilda í viðskiptum manna á milli eftir borgaralegum rétti. Sjóðir, sem gefnir eru, eru ekki eign ríkissjóðs, og ef tala má um eignarrétt yfir sjóðum í venjulegri merkingu þess orðs, þá virðist mér helzt að álykta, að þeir séu eigendur sjóðanna, sem njóta eiga ávaxtanna af þeim. Afskipti ríkisstj. af sjóðunum eiga að lögum ekki að vera önnur en þau, að hafa eftirlit með því, að fyrirmælum gefendanna um meðferð sjóðanna sé fylgt, m. a. á þann hátt, að þeir, sem sjóðunum stjórna, hvort heldur sem það eru félög eða einstaklingar, gæti þess vandlega að geyma fé þeirra á öruggum stöðum og á þann veg, sem gefendurnir hafa fyrir mælt.

Í skipulagsskrám allra sjóða er mælt fyrir um það, hverjir skuli hafa stjórn þeirra á hendi, ásamt óskoruðum rétti um yfirráð yfir eignum þeirra, aðeins með þeim takmörkunum, sem sett kunna að vera af stofnendunum, og þeim reglum ber að sjálfsögðu að hlíta eins og öðrum ákvæðum skipulagsskránna.

Með þeirri löggjöf, sem hér er farið fram á að setja, sé ég ekki betur en verið sé að ganga inn á ráðstöfunarrétt sjóðanna, a. m. k. hvað námuréttindin snertir, með því að lögfesta það, að úrslitavaldið í þeim málum sé tekið af stjórnendunum og afhent ríkisvaldinu, en með því er í raun og veru verið að breyta með lögum ákvæðum allra gildandi skipulagsskráa að því er snertir ráðstöfunarrétt yfir þessum tilteknu réttindum. Ástæðan fyrir því, að ég tel þetta ekki rétt, er sú, að ég tel það skyldu löggjafarvaldsins að virða rétt gefendanna í öllum atriðum, því ef horfið yrði að því, að löggjafar- og framkvæmdavaldið fari að breyta almennt út af fyrirmælum stofnendanna, þá myndi það án efa verða til þess að draga úr áhuga manna fyrir því að gefa fé sitt til almenningsheilla, en um það munu allir sammála, að þjóðfélagi okkar sé þess full þörf að fá sem flesta og öflugasta sjóði til þess að halda uppi margháttaðri menningar- og umbótastarfsemi, sem ríkinu sjálfu væri jafnvel ofviða að halda uppi sökum fjárskorts.

Þetta eru í stuttu máli rök þau, er ég hefi fram að færa fyrir brtt. minni. Ég hefi viljað bera hana fram til þess m. a. að gefa hv. þdm. tækifæri til þess að greiða atkv. um þetta atriði frá því sjónarmiði, sem ég nú hefi skýrt. Hvað mig sjálfan snertir, þá tel ég mér ekki fært að stuðla að því með atkv. mínu að skapa það fordæmi í íslenzkri löggjöf, sem stefnt er að í frv. hvað þetta atriði snertir.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Eins og sjá má á nál., þá boðar hv. 11. landsk. brtt. þá, sem hann var að enda við að tala fyrir. Það, sem brtt. ræðir um, var rætt í allshn., en meiri hl. hennar gat ekki orðið sammála tillögumanni um að fella þessi orð niður úr 1. gr. frv. Annars kom það til umr. í n., enda þótt hún kæmi ekki með tillögu í þá átt, að helzt bæri að skerpa svo ákvæði laganna, að íhlutun hins opinbera um þessi mál næði einnig til jarða í eign einstaklinga. Og það held ég að öllum hljóti að vera ljóst, að bráðabirgðalögin, sem sett voru síðastl. sumar, voru fyrst og fremst sett til þess að kveða skýrt á um það, hversu víðtækur sá réttur væri, sem gert er ráð fyrir í námulögunum, að einstaklingar hafi. Verði það því ofan á, að ríkisvaldið grípi fram í með afskipti af jörðum einstaklinga í þessu efni, hví skyldi þá ekki einnig mega hafa slíka íhlutun að því er snertir jarðir opinberra sjóða? Annars hefi ég rætt um þetta við hæstv. forsrh., og hefir hann tjáð mér, að á þessu þingi myndi koma fram frv., þar sem farið væri fram á frekari íhlutun hins opinbera um þessi mál.

Af því, sem ég nú hefi tekið fram, ætti öllum að vera það ljóst, að sú stefna er uppi, að ríkisvaldið láti sig mál þessi meira skipta hér eftir en hingað til.

Eins og nál. ber með sér, þá hefir meiri hl. allshn. tekið þá ákvörðun, að ákvæði frv. nái einnig til þeirra jarða, sem eru í eign opinberra sjóða, því að hún telur svo skammt á milli þeirra og hinna, sem eru í eign hins opinbera, að þar verði vart á milli gert

Ég hefi ekki nákvæma skýrslu um það, hversu margar þær jarðir eru, sem teljast eign opinberra sjóða, en eftir því, sem ég hefi komizt næst, þá munu 19 sjóðir hafa ráð yfir 36 jörðum. Um hitt er vitanlega ekkert hægt að segja, hvort í landi þessara jarða kunni að finnast dýrmætir málmar.

Hv. 11. landsk. vill láta fella niður úr frv. ákvæðin, sem snerta jarðir hinna opinberu sjóða, eins og þegar hefir verið tekið fram, og færir þau rök fyrir máli sínu, að með þessum ákvæðum frv. sé gengið um of á hugsun gefendanna, eða það, sem fyrir þeim hafi vakað með gjöfinni. En þetta er hreinasti misskilningur hjá hv. þm. Ég býst nfl. við, að fyrir gefendum jarðanna hafi það vakað fyrst og fremst, að þær gætu orðið sem mest verðmæti fyrir sjóðina, sem þær mynda, til þess að sjóðirnir yrðu sem öflugastir og þess umkomnir að inna af hendi það hlutverk, sem þeim var ætlað af gefendunum.

Líti maður og til fossalöggjafarinnar, þá verður ekki um það deilt, að réttur einstaklinganna yfir vatnsorkunni er mjög takmarkaður gagnvart hinu opinbera. Hið sama hlýtur því að gilda um verðmæti, sem finnast kunna í jörðu, eins og t. d. málma o. fl.

ATKVGR.

Brtt. 72 felld með 8:5 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 87).

4. Tekjuskattur og eignarskattur.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Eins og tekið er fram í aths. við frv. þetta, hefir verið gerður samningur á milli Íslands og Danmerkur til þess að komast hjá tvísköttun af tekjum og eignum, en það er erfitt að koma samningi þessum á án þess að samræma ákvæði skattalaga okkar að því er þetta snertir við hliðstæð lög nágrannaþjóðanna. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, þar sem líka n. mun fá málið til athugunar. Legg ég því aðeins til, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 39).

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn. hefir athugað frv. þetta og sömuleiðis samning, dags. 24. jan. þ. á., sem gerður hefir verið á milli Íslands og Danmerkur til þess að komast hjá tvísköttun með tekju- og eignarskatti, sem komið hefir fyrir síðastl. ár. Frv. er fram komið til þess að fullnægja þessum samningi, því að til þess að hann geti notið sín verða ákvæði skattalaga beggja landanna í þessu efni að vera í samræmi, og því verður að fella niður þau orð úr skattalögum okkar, sem talin eru upp í 1. gr. frv.
Það hefir oft komið illa á, að menn hafa verið skattlagðir í báðum löndunum, og því hefir þótt óumflýjanlegt að samræma skattalöggjöf beggja landanna, svo að slíkt komi ekki fyrir. Að ég hefi tekið þetta fram, er sökum þess, að mér virðist það ekki orðað nægilega ljóst í grg. frv., hver hinn raunverulegi tilgangur þess sé, en á því má enginn vafi vera.
Legg ég svo til fyrir hönd fjhn., að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 21. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 194).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hefi ekki annað um þetta frv. að segja en að fjhn. mælir einróma með því, að frv. verði samþ. Frv. er búið að ganga gegnum hv. Ed. og náði samþykki þeirrar hv. d. óbreytt, og leggjum við til, að svo verði einnig hér í hv. d.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 218).

5. Lax- og silungsveiði.

Á 2. fundi í Ed., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði (stjfrv., A. 6).

Á 5. fundi í Ed., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 42).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Í laxalögunum er svo ákveðið í 17. gr., að í hverri viku skuli netlög í ám vera tekin upp 60 stundir. Síðan þessi l. voru samþ., hefir aðstaða manna til þessarar veiði breytzt verulega, sérstaklega þar sem myndaður hefir verið félagsskapur um veiði. Eitt slíkt stórt veiðifélag hefir verið myndað um Ölfusá og þær ár, sem í hana renna. Þetta félag hefir á síðasta ári rekið veiðina í félagi á einum stað, og þá þótti nauðsyn til þess bera að hverfa frá ákvæðum 17. gr., og hafa því verið sett bráðabirgðalög, sem veita undanþágu frá þessu ákvæði svo sem þar greinir.

Landbn. hefir nú athugað þetta mál og hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að þegar líkt stendur á — en það gæti orðið t. d. á vatnasvæði Hvítá í Borgarfirði — geti verið rétt að veita slíka undanþágu sem þessa. Og þar sem þetta á í hverju tilfelli að vera gert af stj. eftir till. veiðimálastjóra og veiðimálan., sem eiga að vera þeir dómbærustu um þessa hluti, og aðeins fyrir eitt ár í senn, þá leggur landbn. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 20. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 22. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 6, n. 141).

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir athugað þetta frv. og leggur til, að það verði samþ. Að vísu ber meiri hl. fram brtt. við frv., sem n. í heild hefir ekki getað orðið sammála um, að undanteknum b-lið fyrri till.

Ég skal lýsa ofurlitið brtt. og því, hvaða rök liggja fyrir þeim. Frv. ræðir um undanþáguheimild, sem ákveðin var í sumar með bráðabirgðal. Þar var ákveðið að veita eingöngu veiðifélagi þá undanþágu, sem þar er um að ræða, en meiri hl. n. álítur, að svo geti staðið á, að fullkomin ástæða sé til að veita sömu undanþágu einstaklingum, og hún telur rétt, að það sé í höndum veiðimálanefndar, hvort þetta leyfi er veitt eða ekki.

Þá er b-liður brtt., sem n. stendur öll að, en hann er um það, að aftan við gr. bætist: „enda sé þá veiðitími í heild styttur eftir ákvörðun veiðimálanefndar". Það er, að þegar vikufriðunin er upphafin, þá verði veiðitíminn styttur, annaðhvort framan af eða að aftan.

Þá er 2. brtt., að á eftir 1. gr. komi ný gr. um það, að aftan við 13. gr. l. bætist: „nema í lagnet eða króknet, sem fest eru í girðingu út frá landi, þó ekki utan netlaga". En 13. gr. l. er þannig, að bannað er að veiða lax í sjó. Þetta bann, sem ákveðið var í l. frá 1932, er komið af því, að menn höfðu erlendis fengið reynslu fyrir því, að það að leyfa sjólaxveiði í fjörðum gæti haft í för með sér, að laxinn væri tekinn upp í stórfelld veiðitæki og næði þá ekki að ganga upp í árnar til hrygningar eða notkunar fyrir þá, sem árnar eiga. Og það, sem ennfremur vakti fyrir löggjafanum, var, að laxveiðarnar væru nytjar, sem hér eftir skyldu bundnar við jarðirnar. Ég tel það rétta stefnu, og við henni er ekki haggað með þessari brtt. En það er nú svo, að þó að þetta sé ákveðið, hefir framkvæmdin á l. valdið nokkru misrétti gagnvart einstökum mönnum. Þó að l. ákveði, að ekki megi veiða í sjó, er þetta upphafið aftur í 2. gr., þar sem farið er að skýra það, hvað sé sjór og hvað ekki sjór, og lína dregin, þannig að hérna megin við hana skuli vera sjór, en hinu megin ekki sjór, þó að sjór úr Atlantshafinu sé báðumegin línunnar. Þeir, sem búa innan þessarar línu, mega svo leggja net langt út á víkur og voga, en hinir, sem utan við hana búa, mega ekki leggja netstubb, og hefir þetta af eðlilegum ástæðum valdið allmikilli óánægju. Samskonar misrétti kemur fram í undanþágu, sem veitt er frá þessu. Hafi laxveiði í sjó verið metin sérstaklega í fasteignamati 1932 eða tillit verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignarverðs í því mati, þá skal þeim, sem svo er ástatt um, leyfilegt að veiða í sjó framvegis. En þeir, sem eru svo óheppnir að hafa ekki látið meta veiðina, t. d. af vangá, missa réttinn.

Nú viljum við tryggja það framvegis, að ekki verði komið á neinum veiðivélum í sjó, sem hindri laxinn í því að ganga í vötn. En við viljum líka, að laxveiðarnar séu bundnar við jarðirnar sem nytjar þeirra. Við viljum líka slá því föstu, að lax megi ekki veiða utan netlaga. Ýmsir eru hræddir við þetta og telja, að með því sé verið að stefna laxveiðinni í voða. En svo að ég nefni dæmi úr Borgarfirði, þá sjá allir, að ekki er meiri hætta á því, að stöðvuð verði ganga laxins upp í árnar, þó að lagðir séu netstubbar úti við Mýrar, þar sem margar milur eru milli netjanna, en þegar komið er upp að Hvítárósi, þar sem allar veiðivélar eru leyfilegar. Þó að laxbranda slæðist þangað út og veiðist, getur það engin áhrif haft um göngu laxins upp í árnar. En það er eðlilegt, að mönnum þyki hart að láta taka af sér veiðiréttinn innan netlaga, sem þeir hafa haft frá alda öðli, þegar sýnt er, að þessi réttur getur ekki skaðað laxveiðarnar í heild sinni. Ég hefi því fengið tilmæli um að flytja þessa till. frá mörgum af kjósendum mínum, sem hafa tækifæri til að ná í nokkra laxa við landsteinana. Þegar svo er

komið, að aðalbjargræðisstofn bænda, sauðfénaðurinn, er fallinn, þá er hart, að þeim skuli ekki leyfast að nota önnur hlunnindi jarða sinna sér til framdráttar.

Ég ræði þetta svo ekki frekar, því að ég geri ráð fyrir, að allir, sem um það hugsa, hafi gert sér ljóst, að hættulaust er að fylgja þessu máli.

*__Steingrímur Steinþórsson__: Ég vil aðeins segja örfá orð af því að ég og hv. 6. landsk. gátum ekki orðið sammála meiri hl. landbn. um að leggja til, að þessi brtt. við frv. yrði samþ.

Með fyrri brtt. við 1. gr. frv., a-liðnum, er gert ráð fyrir, að ráðh. megi veita undanþágu hverjum sem er, þar sem frv. gerir aðeins ráð fyrir, að veita megi slíka undanþágu veiðifélagi. Ég get ekki fallizt á, að rétt sé að veita öðrum en veiðifélögum slíkar undanþágur. Þar sem margir veiðendur eru við sömu á, kemur til dæmis ekki til mála, að einum þeirra sé veitt undanþágan, og yrði þá að veita þeim öllum. Að vísu getur staðið svo á, að einn sé eigandi að veiðivatni öllu, en það er þó sjaldgæft. Ég skal þó játa, að mér finnst þetta smátt atriði. — Um b-lið brtt. þarf ég ekki að ræða, því að í n. var enginn ágreiningur um hann.

En aðalatriðið er 2. brtt., þar sem meiri hl. n. leggur til, að heimilað sé að veiða lax í sjó í lagnet eða króknet. Hv. frsm. segir, að þeir hafi ekki viljað brjóta meginstefnu þá, sem tekin hafi verið með laxfriðunarl., en ég held, að sú stefna hafi einmitt verið að banna alveg laxveiði í sjó. En hér er einmitt stefnt að því að brjóta þá meginreglu, því að þegar búið er að rétta litla fingurinn, þá verður vafalaust lengra gengið síðar.

Það er víst, að á síðari árum hafa útlendingar farið að veita veiðiám vorum vaxandi athygli. Sú eftirtekt byggist einkum á því, að við höfum svo stranga löggjöf um það, að ekki megi veiða lax í sjó. Myndi það vafalaust spilla hinu góða áliti útlendinga á okkar ám, ef farið væri að setja þessa undanþágu inn í l.

Annað, sem hefir aukið álit á veiðiám okkar undanfarin ár, eru félög þau, sem víða eru komin upp við veiðiárnar.

Ég vil því af framangreindum ástæðum vara hv. deild eindregið við því að fara nú aftur að leyfa laxveiði í sjó. Hv. frsm. var með ýmsar skýringar um það, að hart væri, er lína væri dregin þvert yfir víkur og voga og svo ákveðið, að öðrumegin skyldi vera sjór, en hinumegin ekki sjór, þó að báðumegin væri Atlantshafið. Þetta er ef til vill rétt, en það er nú svo um allt, að einhverstaðar verður að setja takmörkin. Það er svo um náttúruna, að þar er hvergi um þrep að ræða, heldur eiga sér þar stað smám saman breytingar, og þær ekki stórstígar. Annars sé ég ekki ástæðu til að halda langa ræðu um þetta, en ég er mjög ákveðinn á móti því, að við förum á nokkurn hátt að slaka til í þessu grundvallaratriði.

*__Pálmi Hannesson__: Ég hefi ekki miklu við það að bæta, sem hv. samþm. minn sagði, en vil þó fara nokkrum orðum um þessar brtt. Ég tel þær tvímælalaust hættulegasta fleyginn, sem reynt hefir verið að reka í veiðil. frá 1932. Að vísu getur fyrri brtt. sýnzt saklaus, og b-liðurinn er það raunar. A-liðurinn felur þó í sér tilslökun um meginstefnu l., sem er sú, að veita ekki nein friðindi um veiði, nema þar sem um félagsskap er að ræða, og er þar miðað við það, að þar, sem félagsskapur stendur að veiði, sé það tryggt, að ekki sé rányrkja rekin. En aðalatriðið er þó síðari brtt., þar sem reynt er að læða inn ákvæði, sem upphefur höfuðatriði l. Ef útlendingur, sem hingað kæmi, væri spurður, hvað væri það bezta við okkar veiðilöggjöf, myndi hann hiklaust svara: Það, að ekki má veiða lax í sjó. — Þetta vita þeir af biturri reynslu í öðrum löndum. Hv. frsm. talaði um, að illa hefði farið í Noregi. En ég vil benda honum á, að hvergi hefir farið betur en þar, nema á Íslandi. En hann hefði getað vitnað í Svíþjóð, Finnland eða England sem dæmi þess, hve illa hefir farið sumstaðar. Hvarvetna þar, sem sjávarveiði er leyfð, hefir laxinn þorrið. Frá Svíþjóð og Englandi hafa komið málaleitanir um að fá þangað laxaseiði frá Íslandi, og voru nýlega flutt héðan til Englands rúmlega milljón seiði. Til Svíþjóðar var ekki hægt að flytja þau, því að þangað eru ekki svo beinar skipagöngur.

Fyrir nokkru skrifaði ég veiðamálastjóranum norska og spurðist fyrir um skilyrði fyrir því, að hingað væri hægt að fá hrogn í Lagarfljót og talaði um að fá eina milljón. Ég fékk fljótt það svar, að þetta væri ekki hægt. Í Danmörku dettur mönum varla í hug, að hægt sé að koma á veiði í ánum aftur. Þannig hefir veiði þorrið í öllum löndum, nema á Íslandi, þar sem hún hefir farið vaxandi vegna l. um, að ekki megi veiða í sjó. Ef slakað væri til um hársbreidd í þessu, þá myndi þess skammt að bíða, að tekin yrðu stærri spor í sömu átt.

Hv. þm. talaði um, að mörgum þætti hart að mega ekki veiða lax í sjónum, að mega ekki leggja net sín litlu utar en lögheimilað er. Þetta er vitanlega hart, en ef til vill þykir líka sumum útgerðarmönnum hart að mega ekki veiða hér lax til dæmis í reknet. Hv. þm. var með hugleiðingar um það, hvar Atlantshafið byrjaði og hvar það endaði, og skil ég ekki, hvernig jafnglöggum manni getur dottið slík vitleysa í hug. Ef net er lagt til dæmis í Hvítárós, hver getur þá sagt, hvar Atlantshafið byrjar eða endar? En það sér hver maður, að ósinn verður að ákveða einhverstaðar.

Hv. frsm. talaði um, að ákvæði brtt. gætu engum skaða valdið, þó að hún yrði samþ. Eflaust er þó verið að fara fram á þessar undanþágur til þess að menn veiði eitthvað í sjónum. En það er víst, að sá lax, sem veiddur er t. d. úti fyrir Mýrum, verður aldrei veiddur uppi í Hvítá. Sá lax, sem veiddur er í sjó, verður aldrei bændanna fiskur. Og því miður hagar svo til víða, að ef mönnum yrði leyft að veiða í sjó fyrir löndum sínum, þá væri hægt að reka þar mjög hættulega veiði. Sumstaðar fellur sjór með miklum straumi milli lands og eyja, þegar útfall er, svo sem í kjördæmi hv. þm. Laxinn fer gegnum þessi þröngu sund og leitar í strauminn, eins og kunnugt er. Gætu þá þeir, sem eiga lönd að sundinu, þverlagt það með

netjum sínum og haft betri aðstöðu en eigendur nokkurrar veiðiár, og hefir þetta vitanlega verið reynt. Þessir menn vilja nú fá lögvernd, svo að þeir geti verið öruggir við þessa veiði sína. Væri hv. frsm. nær að fara til þessara manna og fá þá til að láta af lögbrotum sínum en sækja um vernd þeim til handa.

Ég tel sem sagt síðari brtt. sérstaklega hættulega og bið hv. þingdm. að athuga það, að ef hún næði samþykki, væri þar með brotið stórt skarð í veiðil. okkar, svo að á eftir myndu smjúga stærri ódrættir inn í lögin.

***Garðar Þorsteinsson:** Út af því, sem hv. þm. Skagf. héldu fram, að með þessari brtt. væri verið að víkja frá meginreglu l. þeirra, sem sett voru 1932, vil ég benda á það, að með sjálfu frv. er vikið frá þessari meginreglu. Í l. eru sett ákvæði um það, hve langan tíma í viku skuli taka net upp úr á, en í frv. er veitt undanþága frá þessari vikulegu friðun. Í grg. fyrir bráðabirgðal. er þessi undanþága bundin við eina ákveðna á, Ölfusá, en í frv. er hún ekki lengur bundin við þetta sérstaka veiðifélag og heimildin orðin almenn. Ef þessir hv. þm. vildu vera sjálfum sér samkvæmir, ættu þeir því að vera á móti frv.

Út af þeirri brtt. hv. n., að heimilt skuli að veiða í sjó í lagnet og króknet, vil ég láta í ljós það álit mitt, að hún sé ekki eins hættuleg og sumir vilja vera láta. Ég held, að hægt sé, eins og hv. frsm. tók fram, að benda á mörg dæmi þess, að ákvæði l. í þessu efni komi ósanngjarnlega niður.

Í 14. gr. er heimilað að veiða silung í sjó á færi og stöng og í ádráttarnet. Nú er það vitanlegt, að slíkur ádráttur verkar þannig, að lax veiðist einnig. **(PHann:** Ég held, að hv. þm. hafi ekki reynt að veiða lax í ádráttarnet í sjó. Hann er fljótur að færa sig.) Ég hygg, að það sé þó ekki dæmalaust, að lax hafi verið veiddur í sjó við ádrátt. Og ég tel það ekki áhættumeira að leyfa beinlínis laxveiði í sjó í ádráttarnet innan netlaga en í lagnet og króknet. Ég myndi þó leggja til, að slík veiði væri ekki leyfð nær árósum en 500 m. Vil ég því bera fram brtt. við brtt. á þskj. 141, að aftan við 2. brtt. bætist: „né nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó". Ég veit, að hv. 1. þm. Skagf. þekkir dæmi þess, að við slíkar veiðar, sem eru gerðar til þess að veiða silung, veiðist oft og einatt lax, og ég hygg, að menn kasti yfirleitt ekki þeim laxi í sjóinn, er þannig veiðist, þótt það eigi að gera samkv. l., enda eru engar líkur til, að menn verði svo löghlýðnir, að nota sér ekki veiðina, þegar svo heppilega vill til, að lax kemur í netin, þótt þeir hafi lagt þau fyrir silung. Ég veit, að hv. 1. þm. Skagf. kannast vel við eitt tilfelli viðvíkjandi þeim silungsveiðum, sem hafa verið stundaðar við Eyrarbakka. Þar hagar svo til, að fyrir nokkrum árum var byggður garður, frá landi og nokkuð fram í sjó, ég veit ekki hvað mörgum metrum frá árósum Ölfusár, en ég býst við, að það hafi verið hér um bil 500—1000 metrar. Þessi garður var byggður til þess að koma í veg fyrir, að Ölfusá bæri sand út í sjó og höfnin á Eyrirbakka grynnkaði svo, að hún yrði ekki nothæf fyrir báta. Ég hygg, að það hafi verið þannig allan þann tíma, sem núlifandi menn rekur minni til, að veiðar hafi verið stundaðar þar á þann hátt, að menn hafi lagt net sín á klappir, sem komu upp úr sjó um fjöru. Þau net, sem notuð hafa verið, eru smáriðin og því ætluð til þess að veiða silung. Menn hafa gengið þurrum fótum út til netja sinna um fjöru, en þau hafa verið fest við sker, og þegar flæðir að, komast netin í sjó og silungur kemur í þau. Þorpsbúar hafa notað þessa veiðiaðferð um margra ára skeið. Þessu hefir hinsvegar ekki verið vel tekið af veiðimálastjóra og yfirvaldi Árnessýslu, og þorpsbúum hefir nú verið stranglega bannað að láta net sín liggja þarna, en það hefir nú verið fremur illa upp tekið, því að menn hafa lagt net sín miklu fjær frá ósum Ölfusár en sem nemur 500 metrum, og þorpsbúar halda því einnig fram, að þarna sé um silunganet að ræða, en ekki laxanet, þó að óhamingjan (eða hamingjan) hafi stundum látið það atvikazt þannig, að lax hafi flækzt í þessi net, og ekki sé heimilað að veiða lax fjær landi en 500 metra. Ég hygg, að eins og heimilað er samkv. 14. gr. veiðil. að hafa ádrátt með stórum fyrirdráttarnótum um 500 metra frá slíkum árósum, ætti engu síður að vera heimilt að leggja net innan netlagna á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í till. á þskj. 141. Ég tel rétt að setja þá aths. við þessa till., að slíkar netlagnir séu ekki nær árósum en sem svarar 500 metrum, og er það í samræmi við önnur ákvæði þessara laga.

Forseti (JörB): Hér hefir komið fram brtt. frá hv. 7. landsk. við 2. lið brtt. á þskj. 141, sem er á þá leið, að við hann bætist: „né nær árósum en 500 metra, ef um á er að ræða, sem lax gengur í úr sjó." Það þarf tvennskonar afbrigði til þess að þessi brtt. megi koma til umr., þar sem hún er of seint fram komin og í öðru lagi skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 164) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég hefi ekki enn sannfærzt af ræðu hv. 1. þm. Skagf. um, að hér sé vá fyrir dyrum, eins og hann vildi vera láta, ef þessi brtt. frá meiri hl. landbn. á þskj. 141 verður samþ., þar sem það ákvæði sé meginatriði og kjarni laxveiðil. að banna slíka veiði í sjó. Ég hygg, að þetta sé ekki rétt, vegna þess, að það er ekki bannað að veiða lax í sjó. Slík veiði hefir beinlínis verið leyfð sumum mönnum og óbeinlínis verið leyfð öðrum með því að gera sjó að vatni. **(PHann:** Hvað á hv. þm. Mýr. við, er hann talar um að gera sjó að vatni?). Samkv. ákvæðum laxveiðil. hagar þannig til í Borgarfirði, að mikið af því, sem þar er kallað vatn, er í raun réttri sjór. **(PHann:** Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Mýr.). Ég er viss um, að ef hv. 1. þm. Skagf. smakkaði á sumu af vatni því, sem samkv. þessum l. á að heita ferskt vatn í Borgarfirði, myndi hann

hrækja því út úr sér, því að það er töluvert salt.

Annað meginatriði laxveiðil. er að tryggja sem bezt laxagöngur upp eftir ánum upp á hrygningarsvæðin, eftir því sem tiltækilegt er. Um þetta fjallar 18. gr. laxveiðil., þar sem ræðir um laxagöngur og ákvæði eru sett, sem takmarka veiði í ánum. Við þrír nm., ég, hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Húnv., getum ekki séð, að aðalatriðum l. sé haggað, þó að sú veiði yrði leyfð, sem farið er fram á í nál. á þskj. 141. Hv. 1. þm. Skagf. vildi vefengja það, sem ég hefi haldið fram, að af þessu myndi ekki stafa hætta. Þá sagðist hv. 1. þm. Skagf. vilja styðja brtt., ef hún skaðaði ekki, en svo var að heyra, sem honum fyndist ekki geta komið fram nein till. í þessu máli, sem ekki stafaði einhver hætta af. Hv. 1. þm. Skagf. spurði, til hvers verið væri að biðja um þetta í brtt. á þskj. 141, ef hún skaðaði ekki neinn. Ef til vill mætti segja, að hún væri þýðingarlaus, ef hún skaðaði ekki. Ég vil þá spyrja um aðrar brtt. við þetta frv., sem hv. 1. þm. Skagf. vill fylgja. Þær hljóta að skaða, úr því að þær hafa tilverurétt að komast inn í l.

Þá sagði hv. 1. þm. Skagf., að undanfarin ár hefðu verið seldar úr landi milljónir laxaseiða. Dettur honum í hug, að ekki yrði unnt að selja þau, þó að brtt. á þskj. 141 yrði samþ.? Það nær ekki nokkurri átt, að unnt sé að skapa laxveiði í öllum ám hér á landi. Að vísu er það rétt, að sá fiskur, sem veiddur er úr sjó, verður ekki veiddur úr ánum. Laxinn, sem er veiddur í Einarsnesi, verður ekki veiddur nálægt Ferjukoti, og sá lax, sem er veiddur nálægt Ferjukoti, verður ekki veiddur uppi í Norðurá, og samkv. því ætti að banna veiði neðan til í ánum, til þess að laxinn kæmist sem lengst. En hafa bændur, sem búa ofarlega við árnar, meiri rétt til að veiða lax heldur en hinir, sem búa neðan til við árnar, þar sem laxinn gengur meðfram landareign þeirra? Slíkt er vitanlega fjarstæða.

Þar sem hv. 1. þm. Skagf. var að tala um, að sá lax, sem veiddist úr sjó, væri ekki lax bænda, þá er það ekki rétt, því að það eru bændur, sem búa á þeim jörðum, sem liggja að sjó, og það er ekki neitt tekið frá þeim, þó að laxinn sé veiddur þar.

*Það er aðeins eitt atriði af því, sem hv. 1. þm. Skagf. benti á, sem mér virðist hafa við rök að styðjast. Það gæti hagað þannig til, að leggja mætti net í sund milli eyja, þar sem laxagöngur fara um firði, og hindra þannig stórar laxagöngur í að komast upp í árnar. Ég er fús til að gefa samþykki mitt til þess, að sett verði ákvæði í laxveiðil., sem varni því, að net verði lögð þvert yfir mjó eyjasund, og sömuleiðis sett ákvæði til varnar gegn því, að laxinn verði tekinn í mjóum álum, þegar hann gengur upp í árnar. Það þarf ekki að vera því til fyrirstöðu, að leyfa megi nokkra veiði í sjó. En hitt get ég ekki séð, að það sé neitt réttlæti í því, að meina mönnum, sem hafa aðstöðu til, að veiða lax á þann hátt, þó í sjó sé, fremur en öðrum mönnum, sem leyft er að veiða lax í sjó.

Út af því, sem hv. 2. þm. Skagf. (StgrSt) sagði, að það myndi að öllum líkindum verða til þess að fæla útlendinga frá því að taka árnar á leigu til laxveiða, ef leyft væri að veiða lax í sjó framundan árósunum, vil ég segja það, að þegar laxveiðifélag væri stofnað, þá væru þeir, sem hefðu rétt til að gerast félagar í því og áður stunduðu veiði hver fyrir sínu landsvæði, einnig orðnir hluttakandi í veiðinni almennt eins og aðrir, sem hafa rétt til að verða þátttakendur í laxveiðifélagi. Annars skoða ég þessi ummæli sem missögn hjá hv. 2. þm. Skagf.

Ég mun svo ekki ræða þetta mál frekar; ég hugsa, að málið liggi skýrt fyrir þeim, sem hafa íhugað það. Ég tek það fram, að ég mun fylgja þeirri brtt., sem hv. 7. landsk. bar hér fram.

*Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta frv., en mér finnst hér vera mál á ferðinni, sem ástæða sé til að gera sér gleggri grein fyrir en hér hefir enn komið fram, einkum þar sem talsvert ber á milli meiri hl. landbn., sem hefir haft með það mál að gera, og minni hl. þeirrar n. Mér skildist á hv. 1. þm. Skagf., sem mun vera veiðimálastjóri — (PHann: Það er ekki rétt.) *Hann mun einna mest vita um veiðiskap, og* hann hefir líka meira til brunns að bera en flestir aðrir í þessum efnum, þar sem hann er dýrafræðingur, og mér féll vel að heyra, að hann er þeirrar skoðunar, að 2. brtt. á þskj. 141 sé hættuleg, þar sem ákveðið er, að veiða megi í lagnet eða króknet, sem fest eru við girðingu út frá landi, þó ekki utan netlaga. Í þessari till. felst það, að þessi net megi leggja við árósa, þar sem von er til, að lax gangi upp eftir ánum, og er þetta því hættulegra, sem búast má við, að það verði gert að staðaldri. Netin eru ekki lögð í sjóinn stundarkorn, heldur látin liggja alllengi og beðið eftir því, að fiskur festist í þeim. Um ádrátt er dálítið öðru máli að gegna, því að hann er ekki lengi í senn, og venjulega aðeins einu sinni eða tvisvar, en netin eru oftast látin liggja alllengi. Króknet eru enn verri heldur en önnur net, því að þau eru bönnuð hér um bil alstaðar í öðrum löndum, og við veiðar inni á fjörðum er víðast *hvar hætt við þau, því að menn hafa séð* sér skaða í að nota þau. Ég held, að mesta hættan liggi í því, að þetta skuli vera leyft, því að ég tel, að báðar þessar veiðiaðferðir verði til þess að hindra laxagöngur upp í árnar. Þar liggur hættan, sem við verðum hér að horfast í augu við.

Það er dálítið annað, þótt stangarveiði sé leyfð í sjó eða að veiða lax á færi, enda eru þesskonar veiðar líka leyfðar í ám, því að það er svo lítið, sem veiðist þannig. Ádráttur er líka víðast hvar bannaður í ám.

Ég álít, að það sé mjög hættulegt fyrir laxveiði í ánum og hindri náttúrlega laxagöngu að miklum mun, ef lagnet eða króknet væru lögð rétt við mynni ánna, sem lax gengur í. Laxakisturnar í ánum eru að vísu samskonar gildra, en þær eru þó aðeins við árbakkana, en loka ekki alveg leiðinni upp eftir ánum og

hindra því ekki laxinn algerlega í að geta gengið lengra upp eftir, og er því ekki eins skaðlegt eins og ef net væru lögð við árósana, því að ef það verður gert og reynist fengsælt, mun laxveiðin minnka til muna í fiskisælustu ám landsins, því að þetta mun hindra mjög laxagöngur upp eftir ánum, eins og hv. 1. þm. Skagf. hefir réttilega tekið fram. Ég álít því, að brtt. á þskj. 141 sé stórhættuleg.

***Pálmi Hannesson:** Það er nú bersýnilegt af því, hvernig þeir hv. þm. hafa talað, sem hingað til hafa kvatt sér hljóðs í þessu máli, að þm. eru búnir að mynda sér fasta skoðun um það. En út af því, sem hv. 7. landsk. tók fram hér áðan, þykir mér rétt að taka fram nokkur atriði þessa máls. Hann talaði um, að í laxveiðil. væri leyft að hafa ádrátt í sjó. Þetta er rétt, en þar er gert ráð fyrir, að dregið sé fyrir silung, en ekki fyrir lax. Það er ákaflega víða tíðkað að draga fyrir fisk í sjó, svo að ekki hefir þótt ástæða til að banna slíka veiði með l., en það er nauðsynlegt að setja hér ákvæði um fyrirkomulag slíkrar veiði, gerð netjanna og fyrirkomulag við ádráttinn. Þeir þm., sem hér hafa talað, sögðu líka, að leyft væri að leggja lagnet fyrir silung í sjó, en þegar sú veiði er stunduð, veiðist oft jafnframt mikið af laxi. Þess vegna þarf að setja föst ákvæði um möskvastærð netjanna, til að fyrirbyggja, að lax geti komizt í þau, nema einstaka bráðfeig skepna. Ef hv. þm. hafa séð mikið af laxi í silunganetjum, væri rétt að bregða máli á möskvana, til að ganga úr skugga um stærð þeirra, og sem löghlýðnir menn að skýra frá því. Í laxveiðil. eru ákvæði, sem tryggja það, að lax verði ekki veiddur í sjó, nema þar, sem laxveiði hefir verið iðkuð áður. Maður hefir verið minntur á, að þau ákvæði séu hér, en því er ekki að leyna, að ég vildi, að þau stæðu þar ekki, — l. væru alveg hrein. En þegar þessi l. voru sett, þótti ekki ástæða til að setja ákvæði um að banna laxveiði þar, sem hún hefir áður verið stunduð. Það var á tveim eða þrem stöðum, sem slík ákvæði koma til greina.

Í meðferð Alþ. á þessu máli var horfið frá því að miða við jarðamatsbók 1923, heldur miðað við jarðamat 1930, og þá fjölgaði nokkuð þessum jörðum.

Þá var hv. 7. landsk. að lýsa veiðiskap á Eyrarbakka, og hann talaði um varnargarð, sem væri 500—1000 metra frá árósum Ölfusár. En hvað veit hann um, hvar ós Ölfusár er? Eftir því, sem mér hefir verið sagt af mönnum, sem rannsakað hafa staðhætti, þá er varnargarðurinn í ósnum sjálfum; það yrðu aldrei samkv. l. sett önnur mörk á ós Ölfusár en þau, að garður þessi yrði í ósnum. Svo sagði hann, að Eyrbekkingar legðu silunganet á klappir. Ég sá engin net við neinar klappir á Eyrarbakka. Þau voru fest við garðinn og kænlega lögð sem laxanet. Ég skal staðfesta þetta með eiði, ef þarf. Málastappið, sem hefir risið út af þessu, er vegna þess, að netin hafa fulla möskvastærð. Þetta eru stór laxanet, og allur umbúnaðurinn er miðaður við laxveiði, og ennfremur voru það greinileg króknet, og þau voru fest við þennan garð, til þess að þau gætu tekið sem mest af því, sem um ósinn færi, og það var enginn silungur í þeim, heldur talsvert mikið af laxi. Með því að fara slíkar leiðir út fyrir heimild l. er hægt að slæða upp talsvert af laxi, enda talaði hv. 7. landsk. um, að þessu myndi ekki verða vel tekið af veiðimálan., og ég get ekki láð þeirri nefnd þótt hún tæki því ekki vel að sjá slík lögbrot sem þar fóru fram, eftir að hún hafði verið til kvödd.

Út af því, sem hv. frsm. þessa máls sagði, hefi ég litlu við að bæta. Hann virðist eiga erfitt með að sannfærast, og skil ég ekki, hvað kemur til.

Hann sagðist ekki hafa sannfærzt um það af mínu máli, að bann við laxveiði í sjó væri meginatriði laxveiðil. Ég hefi tilfært dæmi, sem mættu vera hverjum manni ljós og sanna það, að í hverju einasta af nágrannalöndum okkar, þar sem laxveiði hefir verið stunduð í sjó, er veiðin að heita má þorrin, en því minna, sem hún hefir verið leyfð, eftir því hefir laxastofninn haldizt betur. Hér á landi hefir laxi fjölgað aðeins í einstöku ám, þar sem komið hefir verið upp klaki með miklum tilkostnaði. Ef þetta eru ekki rök, sem geta sannfært alla nema hina ákveðnustu andstæðinga, þá veit ég ekki, hvað rök eru. (BÁ: En veiðin var ótakmörkuð áður). Nei, það voru miklar takmarkanir á laxveiði.

Nú má að vísu segja, að nógur sé sjórinn. Atlantshafið er stórt, og ef farið væri að leggja í það og veiða með alls kyns tækjum, mætti sjálfsagt róta upp talsverðu af fiski þar. Hv. þm. Mýr. talaði um, að það skaðaði ekki laxveiðar uppi í Borgarfirði, þótt veitt væri fyrir Mýrum, ef það skaðaði ekki, þótt laxinn væri veiddur fyrir utan Akranes. En sá lax, sem þar verður veiddur, gengur ekki upp í árnar í Borgarfirði, og þeir, sem eiga laxveiðihlunnindi þar, skaðast á hverjum laxi, sem ekki kemst upp í árnar. Það er álíka skaði fyrir þá eins og það er fyrir fjárbændur eða nautgripaeigendur, ef pest kemur upp. Það stoðar ekki mikið fyrir þá, sem eiga laxveiðihlunnindi, þótt laxveiðar séu bannaðar utan netlaga, þar sem innan þeirra má veiða lax, þ. e. a. s. í Atlantshafinu, sem tekur við strax fyrir utan árósana, er slík veiði bönnuð, en ekki innan netlaga. Rétt er að banna alla laxveiði í sjó, ekki einungis utan netlaga, heldur einnig þeim, sem eiga netlagnir. En verði brtt. á þskj. 141 samþ., verður þess skammt að bíða, að fram komi brtt., sem fara fram á meiri tilslakanir. Mér er kunnugt um það, að hver einasti erlendur laxveiðimaður, sem kunnugur er þessum málum, er ánægður með þau ákvæði l., sem nú gilda um þetta efni. En verði þeim ákvæðum breytt, verkar það þannig, að erfitt getur orðið að leigja árnar. Heimsfirmað Hardy í London hefir skrifað hingað heim um, að það teldi tryggingu í því fólgna. Þetta atriði hefir stuðlað meira að því en nokkuð annað að gera árnar hér á Íslandi mikils virði fyrir útlenda laxveiðimenn, og ég á þess vegna tæplega nógu sterk orð til um það glapræði, sem hér væri gert, ef sá fleygur verður rekinn inn í þetta meginatriði lax-

veiðilöggjafarinnar, sem reynt er að gera með brtt. á þskj. 141.

*Garðar Þorsteinsson: Hv. 1. þm. Skagf. byrjaði í ræðu sinni að lýsa yfir því, að það væri alls ekki leyfður ádráttur fyrir silung og ekki heldur fyrir lax. (PHann: Það er eitthvað athugavert við heyrnarfæri hv. þm.). Nú, hann sagði þetta. Ég vil leyfa mér að lesa upp úr 14. gr. laxveiðil., þar sem svo segir: „Veiða má silung í sjó á færi og stöng, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur net, þau er lax má í veiða.“

Það er engin ástæða fyrir hann til að gera þetta að umtalsefni. En þau rök, sem hv. 1. þm. Skagf. færir fram fyrir því, að bannað sé að draga fyrir silung, þar sem líka kemur oft lax í slíka ádrætti, eru harla léttvæg. Hvaða ástæða er til að banna mönnum að leggja lagnet uppi við landsteina, þegar leyfilegt er að hafa ádrátt 500 metra frá árósum?

Það er ekki leyfilegt að hafa ádrátt fyrir silung í sjó; laxveiðil. segja það skýrum orðum. Svo talaði hv. 1. þm. Skagf. um möskvastærð netjanna. Hann sagði, að það hefði verið fullkomin möskvastærð laxanetja á þeim silunganetjum, er notuð hefðu verið á Eyrarbakka. En hvar eru ákvæði í l. um það, hvaða möskvastærð á að vera á netjum, sem notuð eru við laxveiði? Í laxveiðil. er eitt ákvæði um möskvastærð, en þar ræðir um það, hvað möskvarnir megi vera minnstir. Í 28. gr. laxveiðil. segir svo: „Lagnet og króknet, sem notuð eru í ám þeim, er lax og göngusilungur fer um, mega ekki vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta, þá er net eru vot“, og í 29. gr. sömu l. segir: „Ádráttarnet, sem nota á í ám, er lax og göngusilungur fer um, mega ekki vera smáriðnari en svo, að 4,5 cm. séu milli hnúta.“

Í laxalögunum eru engin takmörk sett fyrir því, hvað séu silunganet og hvað séu laxanet, enda þarf maður ekki annað en að lesa bók dr. Bjarna Sæmundssonar um fiskana til að sjá, að það er svo erfitt að segja til um, hvað sé lax og hvað sé silungur, að jafnvel vísindamenn geta verið í vandræðum með það. Urriðinn er stundum á stærð við lítinn lax. Það er því ljóst, að möskvastærðin ein sker ekki úr því, hvað sé laxanet og hvað sé silunganet. Hv. þm. hefði átt að kynna sér þetta betur áður en hann fór austur á Eyrarbakka og áður en hann fór að ávíta mig fyrir að hafa ekki tekið upp tommustokkinn til þess að mæla möskvastærðina. Ákvæðin um möskvastærð eru ekki til í lögum, og ég veit ekki til, að þau séu í neinni reglugerð. Það var því ekki ástæða fyrir mig að taka upp tommustokkinn og mæla möskvana.

En úr því að þessi hv. þm. er að tala um löghlýðni, vildi ég spyrja hann um, hvort hann hafi verið svo löghlýðinn, þegar hann kom austur að Eyrarbakka, að taka hendur úr vösum og taka laxinn úr netinu og kasta honum í sjóinn. (PHann: Sýslumaðurinn sá um það). Í 13. gr. laganna segir: „Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, sem veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.“ Það er ekki karlmannlegt af hv. þm. að vera á staðnum og skjóta sér undan á bak við sýslumanninn. Ég skal upplýsa það, að þegar sýslumaður eða umboðsmaður sýslumanns kom á staðinn, þá tóku þeir netin, silunginn og laxinn og fóru með allt saman upp að Ölfusá, — og hvað gerðu þeir við laxinn og silunginn? (PO: Þeir hafa étið laxinn). Já, ég get ósköp vel trúað því, og ég tek raunar ekki svo hart á því.

Þetta mál hefir ekki fengizt rannsakað, og netjunum hefir aldrei fengizt skilað. En ég skal ekki fara nánar inn á það, hvað snertir yfirvaldið, sem hér á hlut að máli, því yfirvaldið er ekki hér til að svara fyrir sig. En þetta er hv. þm. sérstaklega vel kunnugt. Og ég vil algerlega mótmæla því, sem hv. þm. sagði, að þarna hefði verið framið freklegt lögbrot, því þeir menn, sem þarna voru að verki, gerðu sig ekki seka um neitt lögbrot. Hv. þm. veit, að það hefir viðgengizt — ég veit ekki hvað lengi — að það hafa verið lögð net þarna á klappirnar og veiddur silungur. (PHann: Það eru ekki lögð net á neinar klappir á Eyrarbakka). Ég veit ekki, hvað hv. þm. kallar klappirnar — hann kallar þær kannske sand — en ég veit að þarna eru klappir, því að ég hefi komið austur á Eyrarbakka, og ég kalla klappirnar klappir, og þessi veiði hefir viðgengizt þarna í mörg undanfarin ár. Hitt má vera, að silunganetin séu svo stórriðin, að veiðist einn og einn laxræfill í þessi net og ádráttarnet. Það er algerlega rangt hjá hv. þm., að ákveðin skilgreining sé í lögum um möskvastærð á milli silunganetja og laxanetja, því annars hefði ekki þurft ákvæði um það, að kasta burt laxi úr silunganetjum í sjóinn.

*Pálmi Hannesson: Hv. 7. landsk. hefir verið hér með aðdróttanir til mín, svo ég þykist nauðbeygður til að svara honum örfáum orðum, ekki vegna þess, að hv. þm. mælti af rökum eða speki, heldur af því, að hann talaði hér af svo mikilli óskammfeilni, að ég get ekki unað því, að það standi ómótmælt. Hv. 7. landsk. virtist ekki geta gert greinarmun á laxa- og silunganetjum. En hver einasti maður, sem komið hefir nálægt slíkum veiðiskap, veit, að munurinn á möskvastærð á silunga- og laxanetjum er mikill. (GÞ: Hvað er möskvastærðin ákveðin, og í hvaða lögum?). Stærðin er ekki beint ákveðin í lögum, en hinsvegar er það vitanlegt, að þegar möskvastærð netjanna fer yfir 4,5 cm., þá eru það ekki silunganet. (GÞ: Þá má engin silunganet leggja, því að minnsta stærð silunganetja er 4,5 cm.). Það kemur ekki þessu máli við, sem hv. þm. var heilmikið að tala um, lögbrot, sem þarna hefði verið framið austur á Eyrarbakka og ég hefði horft á, og hlutverk sýslumanns í því sambandi. En í það skipti, sem ég var kvaddur til þess að segja til um, hvar ósinn væri, og hvort netin væru innan eða utan takmarka óssins, þá voru margir laxar í netjunum. Netin voru greinilega króknet og greinilega laxanet, enda var enginn silungur í þeim, en margir laxar. En til hvers þau voru sett þarna út, má lengi um deila.

Ef hv. þm. getur fengið dómara til að trúa

því, að hér hafi verið lagt fyrir silung, þá er hann meiri lögfræðingur en ég hafði álitið hann vera. Það er hægt fyrir hv. þm. að neita því, að þarna hafi verið um lögbrot að ræða, en það mun samt vera bezt fyrir hann að bíða með það þangað til málið kemur til dóms.

ATKVGR.
Brtt. 141,1 felld með 16:9 atkv.
1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 164 felld með 15:7 atkv.
— 141,2 felld með 17:6 atkv.
2. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:2 atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 173).

---

6. Ostrurækt.

Á 10. fundi í Nd., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um ostrurækt (þmfrv., A. 28).

Á 12. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Sigurður E. Hlíðar):** Herra forseti! Þetta frv. á þskj. 28 er gamall kunningi frá síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Þá komst það til 2. umr. Það var tekið upp eftir ósk atvinnumálaráðuneytisins af sjútvn., að undangenginni rannsókn faglærðra manna; og sjútvn. gekk einhuga að því að flytja þetta mál að vel athuguðu máli. Og nú komu enn tilmæli frá atvmrn. um að flytja þetta frv. hér enn á ný.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa langa framsöguræðu um þetta frv., því að grg. þess segir til um, hvaða rök standa að þessu máli. Hér er um merkilega nýjung að ræða, sem gæti haft bæði beint og óbeint séð hagnaðarvon í för með sér. Sjútvn. er enn á sama máli og í fyrra um þetta mál; hún stendur einhuga með því, að málið verði alvarlega tekið til athugunar hér og fyrirgreiðslu.

Einstakir nm. áskilja sér rétt til að bera fram brtt. við frv.

Ennfremur má taka fram, að þar sem í fyrra heyrðust raddir um það, að þessar tilraunir, sem hér er farið fram á, að gerðar verði um ostrurækt á fjörðum inni, geti haft í för með sér truflanir á fiskigöngum og gert einnig meiri skaða, þá hyggur sjútvn., að með breyt. á frv. megi fyrirbyggja það, sem ótti hefir verið um hjá sumum mönnum í sambandi við tilraunir með ostrurækt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 2. umr.

***Pétur Ottesen:** Ég var ekki viðstaddur hér í hv. d., þegar þetta mál var til 1. umr. Gafst mér þess vegna ekki kostur á að heyra, hvort nýjar ástæður lægju til grundvallar fyrir því, að þetta frv. er tekið upp aftur nú. Á síðasta Alþingi var þetta mál flutt af sjútvn. eins og það er flutt nú. Eftir að nokkur gagnrýni hafði farið fram við 1. umr., sem var snemma á þingi, var málið ekki tekið fyrir aftur á því þingi. Nú sýnist mér, eftir því sem ég get borið saman frv., sem nú er flutt, og grg. þess og það, sem flutt var á þinginu í fyrra, að það sé alveg óbreytt.

Þetta frv. er fram komið meðfram vegna þess, að eitthvert félag í Sviþjóð hefir farið fram á að fá einkaleyfi til 15 ára til ostruræktar hér við land. Það hafa farið fram einhverjar rannsóknir um, hvaða staðir muni heppilegastir til þess. Eru það Hvalfjörður og Kollafjörður, sem þá helzt koma til greina.

Í þeim plöggum, sem ég sá frá þessu sænska félagi í fyrra, minnist ég þess, að þar er skýrt tekið fram, að sá fjörður, sem slík tilraun til ostruræktar yrði gerð í, yrði gersamlega að vera friðaður fyrir öllum öðrum veiðum. Það væri því alls ekki hægt að koma við að friða einstök svæði innan þessara fjarða.

Um Hvalfjörð er það að segja, að ég tel það ekki ná neinni átt að friða þann fjörð og megi alls ekki undir nokkrum kringumstæðum útiloka veiðiskap þar fyrir slíkar tilraunir sem þessa ostrurækt, þótt hún kynni að eiga nokkurn tilverurétt. Þarna í Hvalfirði er þorskveiði, laxveiði, hrognkelsaveiði, beitutekja og kolaveiði nokkur. Á síðastl. sumri var stunduð dragnótaveiði á þessu svæði. Það er þess vegna svo fráleitt að gera þar þær tilraunir, sem hafa það í för með sér, að útilokaðir yrðu þeir hagsmunir, sem menn hafa af að stunda þarna þessar margbreyttu veiðar, sem geta orðið nokkur stuðningur fyrir bændur, ekki sízt á þessum erfiðu tímum, þegar fjárpestin er að eyðileggja bústofninn.

Nú er samkv. frv. atvmrh. gefið óskorað vald til að friða stór svæði eins og honum sýnist, þótt að vísu eigi að koma bætur fyrir hlunnindamissi. En þó er í frv. ekkert tekið fram, hver eigi að greiða þær bætur, heldur aðeins sagt, hver eigi að kosta matið eða yfirmatið. Ef aðeins um þessa tvo staði hér við land er að ræða til ostruræktar, þ. e. Hvalfjörð og Kollafjörð — sem algerlega þyrfti þá að friða — og ef allt er tekið bókstaflega, sem tekið er fram í bréfi frá þessu sænska félagi, þá álít ég það alveg útilokað að stunda slíka veiði hér. Mig langar til að vita, hvort þetta frv. er byggt að öllu leyti á sömu óskum frá sænska félaginu og frv. í fyrra, þannig að það eigi að gera þessar tilraunir á sama grundvelli, að banna allan veiðiskap á þeim svæðum, sem til-

raunirnar eiga að fara fram á. Ég álít, að ef þetta frv. á fram að ganga, þurfi að gera við það viðtækar brtt. til 3. umr.

*Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti! Eins og ég gat um við 1. umr., var frv. sama efnis borið fram í fyrra að tilhlutun atvmrn. Eins og hv. þm. Borgf. tók fram, er frv. óbreytt frá því í fyrra. Það má vera, að hæstv. atvmrh. hafi eitthvað fram að bera í þessu máli, sem ekki er á prenti. Geri ég ráði fyrir, að hann muni nú við umr. gefa slíkar upplýsingar, ef um þær er að ræða. Sjútvn. var einhuga um að flytja þetta frv., eins og í fyrra, og engar þær ástæður hafa komið fram, sem geta gert það að verkum, að sjútvn. hviki frá áliti sínu, sem byggt var á rannsóknum um þetta mál.

Ágreiningur hv. þm. Borgf. er um það, að honum finnst, að með frv. þessu sé algerlega lokað fyrir veiðiskap eða nytjar af þeim fjörðum, sem rannsóknirnar yrðu gerðar í. Ef ég man rétt, var lagt hér fram í fyrra kort af þeim stöðum, sem tiltækilegastir þóttu til þess að gera þessar tilraunir á. Þetta kort var gert að tilhlutun Árna Friðrikssonar fiskifræðings, sem mun hafa einna mesta þekkingu hérlendra manna um ýmsa aðstöðu hér við strendur landsins. Hann hefir tjáð mér það munnlega, að þessir staðir sunnanvert við Faxaflóa væru tiltækilegastir, því þar væri helzt það hitastig, sem þyrfti. Ef ég man rétt, voru 15 staðir markaðir á þessu korti hér við Faxaflóa, þar á meðal nokkrir í Kollafirði, og flestir fyrir innan Hvalfjörð og alla leið vestur á Seltjarnarnes. Svo er tekið fram í 1. gr. frv: „Atvmrh. skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar". Er því eftir þessu korti aðeins að ræða um vissa parta af fjörðunum, sem þyrfti að friða, og helzt voga eða víkur, sem kæmu til greina um tilraunir til ostruræktar, því þeir veiðistaðir eru aðeins miðaðir við grunnsævi. Þess vegna er Hvalfjörður, eftir því sem Árni Friðriksson telur, ekki í hættu fyrir truflun á laxa- og fiskigöngum né veiðiskapur héraðsbúa.

Í 3. gr. er ekki tekið fram, hverjir eigi að borga skaðabætur. Ég álít það liggja opið fyrir, að annaðhvort sé það ríkissjóður eða þeir, sem fá einkaleyfi til tilraunanna. Það bendir margt til þess, að það verði það félag, sem á undanförnum árum hefir sótt um einkaleyfið. Enn þá er tími til að gera brtt., sem nauðsynlegar kunna að þykja, eins og nm. hafa áskilið sér rétt til að gera. Frá sjónarmiði okkar í sjútvn. eru engar þær ástæður fyrir hendi, sem geti unnið á móti framgangi þessa máls, í það minnsta ekki svo stórvægilegar, að nein hætta sé á ferðum, einkanlega með tilliti til þess, að við erum reiðubúnir til að taka brtt. til greina, sem fram kunna að koma við 3. umr. málsins.

*Pétur Ottesen: Mér þykir ákaflega gott að hafa getað leitt hér fram svo greinilega þann tvískinnung, sem alveg óhjákvæmilega virðist hafa verið hér á flutningi þessa máls. Í frv. eru ekki tiltekin nein svæði, sem vafasamt er, hvort ekki hefði átt að vera, þar sem viss svæði þykja tiltækilegri en önnur fyrir þessar tilraunir. En þegar tekið er tillit til þess, að það er ekkert um þetta í frv., og hinsvegar litið á bréfið frá leyfisbeiðendum, sem þeir hafa skrifað um þetta efni, þá hygg ég það staðfesti þann tvískinnung, sem í þessu máli er. Í þessu bréfi er tekið greinilega fram, að sá fjörður eða flói, sem slíkar tilraunir verði gerðar í, verði algerlega friðaður fyrir öðrum veiðum. Svo kemur hv. þm. Ak. og segir, að það sé alls ekki meining þessa sama félags, og líka sé það óþarfi að friða nema viss svæði. Ég veit ekki, hvaða sérþekkingu hv. þm. Ak. hefir á veiðiskap yfirleitt, en mér þykir ótrúlegt, að hann hafi hana á slíkum veiðiskap, þar sem þessi veiðiskapur er ekki til hér við land og ostrur ekki til hér, og verður að flytja þær hingað í kössum. Með allri virðingu fyrir þekkingu hv. þm. Ak. verð ég frá minu leikmannssjónarmiði að álíta, að leyfisbeiðendur þessa félags, sem hafa í þjónustu sinni fagmenn á þessu sviði, séu færari að dæma um, hve viðtæka friðun þurfi til þess að geta stundað slíkar tilraunir. Ef það væri meiningin að framkvæma þessar tilraunir með ostrurækt í Hvalfirði og banna þar alla aðra veiði, nær það auðvitað ekki nokkurri átt að leyfa slíkt. Og sama máli gegnir um Kollafjörð. Þótt hv. þm. Ak. væri að telja upp 15 voga og víkur við Faxaflóa, eru þær allar við Hvalfjörð og Kollafjörð.

Ég hefi talað við Árna Friðriksson fiskifræðing um þetta mál. Hefir hann látið þá skoðun í ljós, að hann væri í vafa um, hvort hitastig sjávarins væri nægilegt til þess að hægt væri að rækta hér ostrur, og fer þá heldur fátt að mæla með því að leggja út í slíka óvissu og eyðileggja alla aðra veiði á þessum stöðum.

Ég býst við að bera fram brtt. fyrir 3. umr. Mér finnst það væri viðkunnanlegra að taka það fram í frv., hver eigi að borga skaðabæturnar. Mér skilst, að þótt ekki ætti nema að taka annan þessara fjarða til tilrauna til ostruræktar og banna þar allan annan veiðiskap, og jafnvel þó að það væri ekki nema viss svæði, gæti það orðið töluverð upphæð.

Félagið mun hafa búið svo vel um hnútana, að þegar þessi 15 ár eru liðin, eigi þeir að fara frá skaðlausir, þannig, að viðtakandi á að borga allan tilkostnað, og ekki einasta það, heldur líka fyrir þá væntanlegu hagsmuni, sem landsmenn kynnu að hljóta af ostruræktinni hér við land. Finnst mér því eðlilegast, að leyfisbeiðendur ættu að borga þær skaðabætur, sem af friðun þessara vissu svæða kynni að leiða, og þá alveg sjálfsagt að taka það fram í frv. Ég get ekki dæmt um málið nema út frá því bréfi, sem kom frá þessu sænska félagi. Og tel ég líka ólíklegt, að þar hefði verið kveðið svo að orði um alla friðun viðkomandi staða, ef það væri ekki alveg nauðsynlegt.

*Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Ég vil benda hv. þm. Borgf. á það, að þótt ég sé ekki neinn sér-

fræðingur í sjávarútvegsmálum, þá munu aðrir í sjútvn. bera meira skyn á það. Flutningur frv. byggist á rannsóknum Árna Friðrikssonar um þetta efni. Hann hefir verið fenginn til að rannsaka þá staði, sem markaðir eru á kortinu fyrir þessar tilraunir, er liggur hér í skrifstofunni. Mér þykir dálítið hlálegt, að hv. þm. Borgf. skuli hafa eftir Árna Friðrikssyni, að það muni ekki nægilegt hitastig til ostruræktar við Faxaflóa. Árni Friðriksson sagði við mig, að við Faxaflóa myndu vera einu staðirnir á landinu, þar sem hægt myndi að stunda ostruveiðar. Enda ber kortið það með sér. Það er ekki rétt, sem hv. þm. Borgf. hélt fram, að þessir 15 staðir, sem markaðir eru á kortinu, séu aðeins við Hvalfjörð og Kollafjörð, því þeir ná alveg vestur á Seltjarnarnes.

Ég vil benda á, að í 1. gr. frv. segir: „Atvinnumálaráðherra skal heimilt að ákveða í reglugerð, að tiltekin svæði í fjörðum inni skuli um tiltekinn tíma friðuð til ostruræktar fyrir hverskonar veiðum, öðrum en ostruveiðum. Ennfremur skal þar ákveðið, hvernig og á hvaða árstíma heimilt sé að stunda ostruveiðar". Ég er hissa á því, að hv. þm. Borgf. skuli ekki láta sér skiljast, að með frv., sem hér er til umr., um ostruræki, er ekki um lokun á fjörðum að ræða, enda þótt það sé tiltekið í bréfi frá sænska félaginu, sem sækir um þessi einkaréttindi. Ég veit ekki til, að hæstv. ríkisstj. hafi gert nokkra samninga við það félag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 17. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 19. fundi í Nd., 14. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 28, 46).

***Frsm. (Sigurður E. Hlíðar):** Herra forseti! Síðan þetta frv. á þskj. 28 var til umr. hér í deildinni, hafa komið hér fram brtt. á þskj. 46 frá hv. þm. Borgf. Enda þótt sjútvn. hafi ekki fjallað um þær formlega, hafa einstakir nm. fallizt á þær og styðja að því, að þær nái fram að ganga. Síðari brtt., þess efnis, að við 1. málslið fyrri málsgr. 3. gr. bætist orðin „af hálfu leyfishafa", eru nm. ekki allir samþykkir, heldur líta svo á, þar sem leyfistíminn er stuttur, að álitamál sé, hvort ríkissjóður ætti ekki heldur en leyfishafi að bera uppi þær skaðabætur, sem til greina kunna að koma. En 1. brtt. á þskj. 46 fylgir nefndin eindregið.

***Pétur Ottesen:** Ég vil aðeins þakka hv. sjútvn. fyrir undirtektirnar. Út af því, að einhver ágreiningur kunni að vera um 2. brtt., vildi ég bara mælast til þess, að hinn liðurinn gyldi þess ekki. Raunar vildi ég, að því yrði slegið föstu, að sá, sem greiði þessar skaðabætur, sé sá, sem einkaleyfið hefir fengið.

ATKVGR.
Brtt. 46,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 46,2 samþ. með 14:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., 16. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 57).

Á 20. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 29. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 57, n. 94).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er flutt af hv. sjútvn. Nd. eftir tilmælum hæstv. atvmrh. Við meðferð málsins í Nd. tók það örlitlum breyt., sem er í síðari málsgr. 1. gr. Í sjútvn. þessarar d. hefir málið verið athugað, og eins og nál. hermir, fellst n. á að mæla með frv. óbreyttu. Við athugun komst n. að þeirri niðurstöðu, að hér sé um nýmæli að ræða, sem rétt sé að gera tilraun með. Samkv. frv. er svo til ætlazt, að það verði heimilað að gera tilraun til ostruræktar, sem er skeldýr og mjög verðmæt og þarf sérstök skilyrði til þess að geta lifað. Nú er það álit manna, sem kynnt hafa sér þetta mál, að einn staður hér við land muni sérstaklega heppilegur til þess að ostrur geti þrifizt þar. Það er sérstaklega Hvalfjörður. Það má vel vera, að rannsókn leiði í ljós, að fleiri staðir séu heppilegir til þess að ala upp þennan nytjafisk, en um það liggur að sjálfsögðu ekkert fyrir á þessu stigi málsins. En sú breyting, sem frv. tók í Nd., var þess eðlis, að n. telur hana alveg réttmæta eins og 2. málsgr. 1. gr. er, að slíkar tilraunir komi ekki í bága við veiðiskap, sem fyrir er á svæðinu, hvort heldur er um veiði nytjafiska eða skelfiskatekju að ræða, nema samkomulag náist við þá, sem þar eiga hagsmuna að gæta. Og svo gerir frv. ráð fyrir því samkv. 3. gr., hvernig fara skuli að til þess að ná þessu samkomulagi, að bætur skuli ákveðnar með mati, og yfirmati, ef þess gerist þörf. Því þá má gera ráð fyrir, að hér geti orðið nokkur ágreiningur á milli þeirra, sem vilja fá leyfi til þess að stunda þessar ostruveiðar, og þeirra, sem eiga hluta lands, sem liggur að sjó, þar sem ostrurækin fer fram. Það er gefið, að þetta getur orðið hagsmunaárekstur þeirra á milli. Fyrir þessu er séð í frv., og hefir n. engu við það að bæta, og telur því rétt að mæla með þessu, ef það gæti orðið okkur að liði í framtíðinni, ef tilraunir sem þessar heppnuðust.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 116).

7. Sala Höfðahóla o. fl.

Á 11. fundi í Nd., 2. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild til sölu þjóðjarðarinnar Höfðahóla o. fl. (þmfrv., A. 30).

Á 13. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Jón Pálmason):** Þetta litla frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 30, fjallar um það, að gefa ríkisstj. heimild til að selja Höfðahreppi þjóðjörðina Höfðahóla og Blönduóshreppi litla landspildu, sem kirkjujarðasjóður á í miðju Blönduóskauptúni.
Um fyrra atriðið, sölu Höfðahóla, er það að segja, að það er mjög aðkallandi fyrir Höfðahrepp, vegna ýmsra umbóta og breytinga, sem gera þarf í landareign Skagastrandar, að hreppsfélagið fái þessa jörð í sína eign. Hreppsnefndin og íbúar hreppsins leggja af þessum ástæðum mikla áherzlu á þetta atriði. Auk þess mælir það með að afgreiða þetta nú á þessu þingi, að sá maður, sem haft hefir Höfðahóla á leigu og búið þar, er nú fallinn frá og jörðin því laus. Það virðist þess vegna ástæða til að grípa tækifærið áður en jörðin verður bundin aftur.
Hvað viðvíkur síðara atriðinu, sölu landspildunnar í Blönduóskauptúni, er það að segja, að með því mælir fyrst og fremst sú almenna röksemd, að kaupstaðir og kauptún eigi sem mest af löndum, sem þau standa á, og svo í öðru lagi, að það er í þessu tilfelli mjög óhentugt fyrir Blönduóshrepp að hafa þarna landspildu inni í miðju kauptúninu, sem aðrir eiga en hreppsfélagið sjálft.
Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en óska, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, n. 64).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Eins og sést á nál. landbn. á þskj. 64, þá hefir n. orðið sammála um að mæla með því, að frv. nái fram að ganga með þeim einu breyt., að námuréttindi í landi Höfðahóla séu undanskilin, þegar sala fer fram.
Ég sé ekki ástæðu til að bæta við það, sem ég sagði við 1. umr., nema sérstök andmæli komi fram gegn því, að málið nái fram að ganga.

ATKVGR.
Brtt. 64 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 77).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 27. fundi í Ed., 28. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 157).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Landbn. hefir athugað þetta frv., sem komið er frá hv. Nd., og vill leggja til, að það verði samþ. með nokkurri breyt. á 2. gr. þess. Það er svo með þjóðjörðina Höfðahóla, að eftir skipting Vindhælishrepps í þrjú hreppsfélög liggur meiri hl. byggðar hins nýja Höfðahrepps á landi þeirrar jarðar, er hér ræðir um, og mælir margt með, að hreppurinn fái jörðina keypta. Nokkur hluti þorpsins, sem þarna er að rísa, liggur í landi annarrar jarðar, sem er í einkaeign. Eins og frv. kom frá hv. Nd. var gert ráð fyrir, að um mat til verðákvörðunar yrði farið eftir þjóðjarðasölu frá 1905, þannig að lagt yrði til grundvallar 10 ára meðaltal af afgjaldi jarðarinnar og reiknað til höfuðstóls eftir því. En á síðasti. 10 árum hefir afgjald eignarinnar verið að margfaldast. Það var um 300 kr., en árið 1935—36, sem er það síðasta, sem heimildir liggja fyrir um í stjórnarráðinu, var það komið upp í 1200 kr. samtals, vegna nýbyggingar, úthlutana á lóðum o. fl. Síðan hefir verið úthlutað 20 ræktunarlóðum í viðbót, svo að afgjaldið hlýtur að hafa hækkað verulega og verðmætið vaxið, miðað við afgjaldið. Nefndin áleit því ekki fært að fara hér eftir l. frá 1905, en leggur til, að söluverðið sé ákveðið samkv. lögum um eignarnám, og þá meðal annars tekið tillit til framtíðarverðmætis, sem vex með vexti þorpsins. Hinsvegar sá n. ekkert athugavert við, að hreppurinn fái sömu afborgunarskilyrði og voru við þjóðjarðasölu, og er því ekki breytt.

Þá var um það rætt í n., að sömu ákvæði ætti að taka inn um land Hvanneyrar, sem Siglufjarðarkaupstaður er reistur á. En til þess var engin ákveðin afstaða tekin. Ef slík tillaga kemur fram, hafa einstakir nefndarmenn um hana óbundnar hendur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 157 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 44. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 45. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 199).

8. Dýralæknar (frv. SEH).

Á 14. fundi í Nd., 7. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um dýralækna (þmfrv., A. 38).

Á 17. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti! Í þessu frv. á þskj. 38 er steypt saman í eina heild tveim lagabálkum. Ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á ákvæðum um dýralækna, er var steypt saman í frv. Mér fannst óþarfi að hafa þau í tvennu lagi. Aðaltilgangurinn með þessu frv. er þó annar. Dýralæknar hafa undanfarið óskað eftir, að viðurkenning á gjaldskrá fyrir embættisverk þeirra fengi staðfestingu stjórnarráðsins. Þetta hefir ekki tekizt hingað til, vegna þess, að stjórnarráðið áleit sig bresta heimild fyrir því að staðfesta, að dýralæknar megi taka einn einasta eyri fyrir það, sem þeir gera sem aukastörf. Þetta hefir þó ekki verið meining löggjafarvaldsins, að dýralæknar, sem hafa lægst laun allra lækna, mættu ekki fá laun fyrir sín aukastörf eins og aðrir læknar. Atvmrh. taldi nauðsynlegt að koma slíku ákvæði í l. um skipun dýralækna og mælti með því. Ég hefi gert breyt. við fyrstu gr. frv. í framhaldi af frv., framkomnu frá hv. þm. N.-Ísf., á þskj. 10, um fjölgun dýralækna, sem er samkvæmt ósk um að fá einn dýralækni til Vestfjarða. Í núgildandi lögum er ákveðið, að þeir skuli vera fimm. En ég hefi leyft mér að bæta einum við, þannig að þeir verði þá sex. Býst ég eindregið við, að þetta nái fram að ganga, þar sem einhuga áskoranir hafa komið frá Vestfirðingum um að fá sinn dýralækni.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða um þetta mál. Hér er aðeins um sanngirniskröfu að ræða og ekki mjög fyrirferðarmikla. Vildi ég óska þess, að þessi sanngirniskrafa okkar dýralækna mæti skilningi hér í hv. deild, og óska eftir, að frv. verði vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17. shlj. atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 25. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 38, n. 66, 67).

***Jón Pálmason:** Eins og sést á nál. landbn., hefir hún orðið sammála um að mæla með framgangi þessa máls. En við hv. þm. Borgf. flytjum brtt. við frv., eins og sést á þskj. 67, á þá leið, að í staðinn fyrir, að í frv. er gert ráð fyrir tveim dýralæknum í Vestfirðingafjórðungi, þá viljum við láta nægja að hafa þar einn dýralækni, eins og er í Austfirðinga- og Norðlendingafjórðungi. Við teljum það frekar óeðlilegt á meðan ekki er nema einn dýralæknir í Norðlendingafjórðungi, sem er stærstur, að fara að setja á stofn tvö dýralæknisembætti á Vestfjörðum. Hinsvegar er það augljóst mál, að það er mjög óeðlilegt, að dýralæknir fyrir Vestfirði sitji í Borgarnesi, því að sjálfsögðu ætti hann annaðhvort að sitja í Stykkishólmi eða á Ísafirði. Er það miklu nær allri sanngirni, að sækja til dýralæknis í Reykjavík fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu en fyrir Skagafjarðar- og Húnavatnssýslu að sækja til dýralæknis á Akureyri. Ef farið yrði að fjölga dýralæknum í Vestfirðingafjórðungi, kæmi strax krafa um, að fjölgað yrði dýralæknum í Norðlendingafjórðungi. Og þótt hér sé um tiltölulega litla fjárupphæð að ræða, tel ég ástandið hjá okkur á sviði fjármálanna þannig nú, að við verðum að fara hægt í að bæta nokkru nýju inn í okkar fjárlög, sem við mögulega getum komizt af án. Hér er náttúrlega ekki nema um 3—4 þús. kr. að ræða, en þótt það sé ekki hærri upphæð, ef við getum komizt hjá því að greiða hana, eins og við hv. þm. Borgf. leggjum til, þá álít ég það sjálfsagt. Sé ég ekki annað en það sé ósköp auðvelt að spara þessa upphæð með þeim hætti, sem ég hefi þegar tekið fram.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Mér finnst það hlýða, af því að ég er flm. þessa frv., að láta því fylgja nokkur orð við þessa umr. Ég gerði ráð fyrir því, að frsm. meiri hl. hv. landbn., formaður hennar, myndi mæta hér og skýra till. Viðvíkjandi brtt. á þskj. 66, sem gerð er við

frv. og n. virðist standa að, vil ég taka það fram, að ég benti form. nefndarinnar á, að þessi brtt. mundi sennilega vera byggð á misskilningi, þar sem þeir vilja fella orðin „og ferðir“ í 2. gr. niður. Og það byggist á því, eftir því sem mér skildist, að á öðrum stað væri ákveðið, að ríkissjóður greiði í fæðispeninga 6 kr. á dag, en það er það eina, sem dýralæknar fá, þegar þeir ferðast í þarfir hins opinbera. En öðru máli gegnir, þegar dýralæknir fer embættisferðir fyrir privatmenn, og þá ætti hver maður að skilja, að það getur ekki verið meiningin, að þeir eigi ekkert að hafa fyrir þær, þegar þess er líka gætt, að dýralæknar eru samkv. launalögum settir í lægsta launaflokk allra embættislækna. Þótt við gerum embættisverk heima við húsvegginn, sem við tökum aldrei nema 2 kr. fyrir, þá hljóta allir að sjá það, að við getum ekki farið marga km. fyrir sama gjald. Form. hefir viðurkennt, að þetta myndi vera á misskilningi byggt, og hefir sagt, að n. myndi falla frá till. — Þá kann ég ekki við þá brtt., sem hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Húnv. flytja við þetta frv. Eins og hv. þm. A.-Húnv. gerði grein fyrir hér áðan, leggja þeir til, að það verði aðeins höfð 5 dýralæknisembætti á landinu, í stað 6. En eins og ég sagði í framsöguræðu minni, tók ég þessa tölu upp í 1. gr. frv. vegna frv., sem hv. þm. N.-Ísf. ber hér fram á Alþingi, á þskj. 10, þess efnis, að fjölgað verði dýralæknisembættum í Vestfirðingafjórðungi eftir áskorun Vestfirðinga. Ég tók upp að nokkru orðalag á frv. því, sem hv. þm. N.-Ísf. flutti, í þetta frv., um að ákveðin verði 6 dýralæknisembætti á landinu. Það er ekki rétt hjá hv. þm. A.-Húnv., að þetta embætti kosti 3—4 þús. kr. Byrjunarlaun dýralæknis eru ekki nema 2500 kr. og komast upp í 3500 kr., þegar hann hefir starfað í fimmtán ár. Fjárupphæðin er ekki stór. Það er dálitið öðru máli að gegna, þegar talað er um dýralæknisstörf á Vestfjörðum. Vestfirðir eru þannig af guði gerðir, að mjög erfitt er að ná þar í dýralækni. Eins og hv. d. veit, var svo fyrirskipað fyrir nokkrum árum síðan, að dýralæknir Vestfirðinga skyldi vera búsettur í Stykkishólmi, með það fyrir augum, að þar væri þægilegra fyrir Vestfirðinga að ná til hans. En eftir áskorunum úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslum var þessu breytt, og hefir hann síðan setið á yztu takmörkum umdæmis síns, sem er í sjálfu sér mjög slæmt. En sennilega hefir Alþingi fallizt á, að dýralæknirinn sæti í Borgarnesi, af þeirri ástæðu, að þessar sýslur væru meiri landbúnaðarhéruð, og þar af leiðandi meira starf fyrir dýralækni þar en á Vestfjörðum. En þar fyrir er þetta engin trygging fyrir Vestfirðinga, því að þeir eiga miklu örðugra með, vegna samgangna, að ná í dýralækni í Borgarnesi heldur en í Reykjavík. Óskir Vestfirðinga um að fá sinn dýralækni búsettan á Ísafirði munu því á fullum rökum byggðar. Þetta er ekki stórmál, en ég geri ráð fyrir því, að það sé Vestfirðingum samt kappsmál að geta fengið stofnað dýralæknisembætti hjá sér. Eins og ég hefi sagt, legg ég til, að þessi brtt. um fækkun dýralækna verði felld.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Nd., 27. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

*Frsm. (Bjarni Ásgeirsson): Nefndin hefir fengið til meðferðar tvö frv. um breyt. á l. um dýralækna. Annað frv. var frá hv. þm. N.-Ísf., og er það eingöngu um að fjölga dýralæknum um einn, en honum átti að bæta við í Vestfirðingafjórðungi. Var hugsunin sú, að hann hefði aðsetur á Ísafirði. Hitt frv. er frá hv. þm. Ak., og liggur það hér fyrir til umr. Þetta frv. felur að öllu leyti í sér það efni, sem var í frv. hv. þm. N.-Ísf., en auk þess eru þar ákvæði um nokkur fleiri atriði, svo sem um það, að samin skuli verða gjaldskrá fyrir dýralækna til að fara eftir o. fl. Að þessu athuguðu hefir nefndin talið rétt að fara þá leið, að taka þetta frv. fyrst til meðferðar og sjá afdrif þess, en ef þetta frv. nær fram að ganga, þá er frv. hv. þm. N.-Ísf. þar með afgr. N. mælir öll með því, að frv. verði samþ., en 2 þm., þeir hv. þm. Borgf. og hv. þm. A.-Húnv., hafa gert ágreining um eitt atriði þess, sem sé þann, að dýralæknunum verði fjölgað.

Það, sem olli því, að meiri hl. n. vildi mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, er það, hvað Vestfirðingafjórðungur er afskorinn frá öðrum hlutum landsins og að þar með er útilokað fyrir þennan landshluta að vera aðnjótandi hjálpar þeirra dýralækna, sem þegar eru starfandi hér á landi. Einnig er það vitað, að mjólkurframleiðsla hefir upp á síðkastið farið mjög í vöxt í kringum Ísafjörð, og er það veigamikil röksemd fyrir því, að nauðsyn er, að dýralæknir sé þarna starfandi. Nefndin hefir því ekki séð sér fært annað en mæla með því, að frv. verði samþ. Enda er það svo, að þótt þetta virðist í fljótu bragði vera talsverður kostnaðarauki fyrir ríkissjóð, þá er það ekki eins mikið og ætla mætti fljótt á litið. Það eru nú þegar greidd nokkur laun fyrir dýralækningar á Vestfjörðum til ólærðra manna, en það mundi auðvitað leggjast niður um leið og þangað kæmi lærður dýralæknir.

Ég skal að lokum geta þess, að mál þetta lá fyrir búnaðarþingi, og það mælti eindregið með því, að frv. um fjölgun dýralækna næði fram að ganga.

*Jón Pálmason: Hv. frsm. var ekki við um daginn, þegar töluð voru hér nokkur orð út af þessu frv. Ég skal endurtaka það, sem ég þá sagði, að ég álít, að í þessu efni sem öðrum verðum við að spara allt, bæði smátt og stórt, og ég álít, að þetta embætti sé algerlega óþarft. Ég byggi þetta ekki á því, að ég áliti ekki fullkomlega þörf á því að hafa dýralækni á Vestfjörðum, heldur álít ég, að miklu réttara væri, eins og sakir standa, að flytja aðsetur dýralæknisins frá Borgarnesi t. d. til Ísafjarðar. Með þeim samgöngum, sem nú eru milli Reykjavíkur og Borgarfjarðar, ætti dýralæknirinn, sem búsettur er í Reykjavík, að geta gegnt dýralækningum í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu. Þó að hér sé e. t. v. ekki nema um smáupphæð að ræða, er það ástæðulaust að vera að stofna til óþarfra útgjalda.

Sigurður E. Hlíðar: Ég lét nokkur orð falla um þetta mál við fyrri hluta þessarar umr., og mætti því segja, að óþarfi væri að hafa þau orð fleiri. En það eru ummæli hv. þm. A.-Húnv., sem ég get ekki látið ómótmælt. Hv. þm. hélt því fram, að það væri óþarft að bæta við öðrum dýralækni á Vestfjörðum. Þetta er ekki rétt. Hvað viðvíkur samanburði hans á hinum landshlutunum, sem ekki hafa nema einn dýralækni hver fjórðungur, þá skal það tekið fram, að þetta er ekki sambærilegt. Vestfirðingafjórðungur er sá landshluti, sem versta hefir aðstöðuna í þessu efni. Hv. þm. stakk upp á því að flytja dýralækninn frá Borgarnesi til Ísafjarðar. Að mínu áliti væri ekki hægt að bæta úr þörfinni, sem fyrir annan dýralækni er í Vestfirðingafjórðungi nú, með því að flytja aðsetur dýralæknisins til í umdæminu. Enda efa ég það stórlega, að Borgfirðingar mundu sætta sig við það, að slíkt yrði gert, og ég efast um, að þeir þakki þm. sínum nokkuð fyrir að berjast fyrir slíku hér á Alþ. Það er ekki raunverulegur sparnaður, sem hér er á ferðinni, heldur er hér verið að kasta krónunni, en spara eyrinn. Sá aukni kostnaður, sem það hefði í för með sér að bæta einum dýralækni við á Vestfjörðum, er alls ekki geysilega mikill. Það er vitanlegt, að byrjunarlaun dýralækna eru 2500 kr. Nú er hinsvegar ekki völ á nema einum manni til að taka þetta starf að sér, og sá maður hefir ekki verið í embætti áður. Hann mundi því verða að byrja með byrjunarlaunum. Það hefir heyrzt, að stofna ætti 2 embætti innan skamms hvort upp á 10 þús. kr. Það er enginn, sem talar um það. En ef á að fjölga dýralæknum um einn, þá þykir mönnum nóg komið af eyðslunni. Það skýtur talsvert skökku við, að sömu menn skuli vera á móti fjölgun dýralæknanna, en með því að stofna 2 10 þús. kr. embætti.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Hv. þm. A.-Húnv. færði fram þá röksemd fyrir sinni brtt., að nú þegar væri einn dýralæknir í Vestfirðingafjórðungi, og það væri þá bezta ráðið að flytja hann á þann stað í fjórðungnum, sem bezt væri aðstaðan að sækja hann. Ég vil benda hv. þm. á það, að þó að svo sé að orði komizt, að umdæmi dýralæknanna séu bundin við fjórðunga, þá er slíkt ekki eðlileg skipun, enda er það ekki þannig í framkvæmdinni. Ég veit líka til þess, að dýralæknirinn í Borgarnesi hefir gegnt dýralækningastörfum víðar en í Vestfirðingafjórðungi, þar á meðal í nokkrum hluta Sunnlendingafjórðungs, þar sem er Borgarfjarðarhérað. Einnig hefir dýralæknirinn í Borgarnesi verið talsvert sóttur norður í Húnavatnssýslur, og þannig hefir hann bætt Húnvetningum upp þá vondu aðstöðu, sem þeir hafa til að ná til dýralæknis frá Akureyri. Ég álít þess vegna, að það geti ekki komið til mála að flytja dýralækninn frá Borgarnesi til Ísafjarðar. Ef það yrði gert, þá mætti segja, að Borgarfjörður, Dalir og Snæfellsnes væru algerlega dýralæknislaus, og einnig sá hluti Norðurlands, sem þessi dýralæknir hefir gegnt. Og ef við á annað borð göngum inn á, að nokkurt gagn sé að dýralæknum — og ég er einn þeirra, sem álít að svo sé — þá verðum við að hafa opin augun fyrir því að reyna að setja dýralæknana niður á þeim stöðum, þar sem bændur geta sem almennast til þeirra náð. Það hefir aldrei verið meiri þörf fyrir þessa stétt en einmitt nú, þar sem loðdýrarækt og mjólkurframleiðsla hafa færzt svo mjög í aukana. Og það er vitað, að loðdýrin eru ákaflega kvillasæl dýr, en jafnframt verðmikil, og þess vegna er mjög nauðsynlegt fyrir þá, sem stunda þennan atvinnurekstur, að geta náð til dýralæknis, ef með þarf. Við verðum því að játa, að þessar krónur, sem það mundi kosta að fjölga dýralæknum um einn, gætu fljótlega unnizt upp.

***Jón Pálmason:** Það er út af fyrir sig ekkert undarlegt og því síður óvenjulegt, að fram komi meðmæli með því að fjölga í einni eða annarri stétt, frá þeim mönnum, sem þá stétt skipa. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að hv. þm. Ak. mæli með því að fjölga í sinni stétt. Hvað viðvíkur því, sem hv. þm. sagði um kostnaðarhliðina, þá er það að segja, að nú eru hér á landi starfandi 5 dýralæknar, og laun þeirra eru ákveðin í fjárlögum 19000 kr. til þeirra allra, eða 3800 kr. að meðaltali á hvern þeirra. Viðvíkjandi þörfinni fyrir Vestfirði á að hafa dýralækni er það að segja, að það virðast ekki vera verri aðstæður fyrir Vestfirði að sækja dýralækni til Borgarness heldur en Húnvetninga og Skagfirðinga og sækja dýralækni til Akureyrar, a. m. k. að vetri til.

Hvað viðvíkur því, sem hv. frsm. var að tala um, að það væri með öllu óhæft að hafa ekki dýralækni í Borgarfirði, þá er því til að svara, að nú þegar er kominn dýralæknir fyrir Suðurlandsundirlendið, sem hefir aðsetur í Reykjavík. Ég fyrir mitt leyti sé ekki, að hann hafi annað þarfara að gera en að sinna þörfum Borgfirðinga líka, með jafngóðum samgöngum og eru milli þessara staða. Þess vegna er að mínum dómi óþarft að fara að stofna þetta nýja embætti. Það er að vísu rétt, að hér er um smáupphæð að ræða. En það er á flestum sviðum í okkar þjóðarbúskap þannig, að það eru smáupphæðir, sem veigamestar verða, þegar heildarútkoman er reiknuð. Það eru smáupphæðirnar, sem alltaf eru að safnast saman og mynda stóru upphæðirnar í okkar útgjöldum.

ATKVGR.
Brtt. 66 tekin aftur.
— 67 felld með 17:2 atkv.
1.gr. samþ. með 17:2 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 30. fundi í Ed., 31. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 38, n. 117).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Frv. þetta er í raun og veru ekki annað en dálítil breyting á þeim lögum, sem hingað til hafa gilt um dýralækna, bæði frá 1915 og 1933. Aðalbreytingin er sú, að hér eftir skuli dýralæknar vera sex í stað fimm, og bætist þá við dýralæknir á Vestfjörðum. Samkv. 2. gr. mun atvinnumálaráðuneytið setja gjaldskrá fyrir störf og ferðir dýralækna, en áður hafa engin ákvæði verið um það. Þá er í 3. gr. gert ráð fyrir að hækka dagpeninga dýralækna, þegar þeir ferðast í þágu hins opinbera, úr 5 kr. í 6 kr. á dag.

Þetta frv. er búið að ganga gegnum neðri deild, án þess að á því hafi orðið breytingar. Hér í Ed. hefir landbn. orðið sammála um að leggja til að staðfesta frv. óbreytt, nema með þeirri viðbót í 4. gr., að í stað orðanna: „fyrirmælum 3. gr.“ komi: fyrirmælum síðari málsgr. 3. gr. En sú málsgrein segir, að ferðakostnaður dýralækna skuli endurgoldinn eftir l. um aukatekjur og ferðakostnað ýmissa embættismanna, þar sem tekið er fram, að hann skuli greiddur eftir sundurliðuðum reikningi.

Þó að mér þyki nokkur ástæða til að gera fleiri breytingar á þessu frv., þá hefi ég horfið frá því. Það er mikill munur fyrir Vestfirði alla og jafnvel Strandasýslu að fá dýralækni, sem sumir hafa hugsað sér, að sæti á Ísafirði, í stað þess að verða að sækja alveg á mörk fjórðungsins til læknis, sem dvelur í Borgarnesi. En þó að sú bót sé komin, eru allir Breiðfirðingar illa settir, og ég tel varla viðunandi fyrir þá að sækja vestur á Ísafjörð eða þá í Borgarnes. Ég vil fyrir mitt leyti vonast til þess, að hæstv. ríkisstjórn taki fullt tillit til þessa, er hún ákveður fasta bústaði fyrir dýralækna í Vestfirðingafjórðungi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 117 samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 135).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 40. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefir verið endursent hingað frá Ed., vegna þess að það hefir verið samþ. þar svolítið breytt frá þeirri mynd, sem það var samþ. í hér Nd. En sú breyt. er þess eðlis, að engin ástæða er til þess að hika við að samþ. frv. þannig. Í hinu upprunalega frv. stóð í 4. gr.: „eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr.“ En landbn Ed. lagði til, að á eftir orðinu „fyrirmælum“ bættist: síðari málsgreinar. — Ég var kallaður á fund landbn. í Ed. og það borið undir mig, hvort ég gæt fellt mig við þessa brtt., og kvað ég það vera. Ég legg til, að þessi d. samþ. þetta frv. með þessari breyt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 185).

---

9. Vátryggingarfélög fyrir vélbáta.

Á 22. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breytingar á l. nr. 27 13. jan. 1938, um vátryggingarfélög fyrir vélbáta (þmfrv., A. 74).

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 25. fundi í Nd., 23. marz, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Þetta frv. miðar að því að fella niður tryggingarskyldu á opnum vélbátum, sem lögfest var á síðasta Alþingi. Við framkvæmd laganna hefir það komið í ljós, að mjög margir af þessum bátum eru eigi notaðir nema lítill hluta úr árinu, og ýmsir eigenda þeirra treysta sér ekki til að greiða af þeim vátryggingargjald. Við flm. þykjumst því flytja með þessu frv. óskir mjög margra vélbátaeigenda víða um land. Hinsvegar hefir okkur þótt rétt að halda því ákvæði, að vátryggingarfélög væru skyld til þess að vátryggja lítla vélbáta, ef þess væri óskað af eigendum þeirra.

Við væntum þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir hér í hv. d., og óskum eftir, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 74, 148, n. 151, 167).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Sigurður E. Hlíðar:** Vegna þess að hv. frsm. sjútvn. er ekki viðstaddur, þykir mér rétt að gera hér nokkra grein fyrir áliti n. á þskj. 151, þar sem sjútvn. leggur til, að frv. verði samþ., þó einstakir nm. áskilji sér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ég á hér eina brtt. við frv., og er hún á þskj. 148, og felst brtt. mín í c-lið þess þskj. Hún er í því fólgin, að í stað orðanna „allt að 150“ í 3. málsgr. sömu lagagr.komi: allt að 250. En þessi lagagr. er 3. gr. núgildandi l. Samþ. þessarar brtt. þýddi því það, að vátryggingarfélögum væri heimilt að vátryggja báta, sem væru allt að 250 smál. brúttó. Þessi brtt. er fram komin fyrir ósk útgerðarmanna á Akureyri, sem hafa leitað álits um þetta hjá Vélbátatryggingu Eyjafjarðar, og stjórn þess félagsskapar hefir mælzt til þess, að ég kæmi á framfæri brtt. um þetta.

Ennfremur hefir Vélbátatrygging Eyjafjarðar snúið sér til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og sent Samábyrgðinni ályktun sína, og eru a- og b-liður frv. í samræmi við þá ósk þess félags, er fram kemur í ályktuninni. Við í sjútvn. þessarar hv. d. höfðum tækifæri til að tala við formann Samábyrgðarinnar, og sagðist hann fyrir sitt leyti ekkert leggja á móti þessu, ef vátryggingarfélagið sjálft þarna nyrðra vildi taka á sig það, sem þessi breyt. hefir í för með sér. En svo er mál vaxið, að þessi till. um breyt á þessu heimildarákvæði er þannig til komin, að á Akureyri eru nokkrir línuveiðabátar, sem hafa hærri tonnatölu en almennt gerist og eru aðeins notaðir til síldveiða 2—3 mánuði úr árinu, en notaðir til annars veiðiskapar aðra tíma. Eigendum þessara skipa þykir hart að þurfa að borga vátryggingargjöld af þessum skipum árið um kring, þó þeir noti þau ekki nema stuttan tíma úr árinu. Óskir þeirra eru því í þá átt, að vátrygging þessara báta gildi aðeins þann tíma, sem þeir eru notaðir á hverju ári.

Ég vona, að hv. þd. líti á þetta mál með sanngirni, svo að þessi brtt. nái fram að ganga.

***Frsm. (Finnur Jónsson):** Þær brtt., sem liggja fyrir hér um l. um vátryggingarfélög fyrir vélbáta, eru fyrst og fremst frv., sem ég ásamt hv. þm. Borgf. er flm. að og miðar að því að afnema skylduna til þess að vátryggja opna vélbáta. Það hafa komið fram mjög ákveðnar raddir um það alstaðar að af landinu, að þessi skylda verði afnumin, sem byggist fyrst og fremst á því, að mikið af þessum bátum er ekki notað nema mjög litinn hluta úr árinu. Þeir, sem hafa þessa báta, nota þá til þess að skreppa á sjó, þegar þeir hafa ekki annað að gera, og þeir telja vátryggingargjöldin af þessum bátum svo há, að það borgi sig ekki að eiga bátana, ef þessi vátryggingarskyldukvöð á þessum bátum er ekki afnumin. Umkvartanir í þessa átt hafa komið til hæstv. Alþ. frá eigendum 36 opinna vélbáta á Ísafirði. Hv. þm. Barð. hefir sagt mér, að slíkar umkvartanir hafi einnig komið úr hans kjördæmi. Í þriðja lagi liggur svo fyrir ályktun frá stjórn Vélbátatryggingar Eyjafjarðar, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilliti til þess, að megn óánægja hefir skapazt hjá öllum þorra eigenda opinna vélbáta á félagssvæðinu yfir því að vera skyldaðir til að tryggja báta sína með þeim skilyrðum, er vátryggingarfélögin ákveða, svo ekki hefir tekizt að fá einn einasta bát skoðaðan til tryggingar, bæði á Akureyri og Hjalteyri, og sama sem ekkert greitt af iðgjöldum fyrir tryggingar á hinum opnu bátum á öðrum stöðum, þá felur stjórnin framkvæmdarstjóra félagsins að skrifa Samábyrgðinni ákveðin tilmæli um það að styðja að því, að núverandi Alþingi nemi úr gildi ákvæði það, er skyldar eigendur opinna vélbáta til að tryggja þá, heldur sé þeim frjálst að fá þá tryggða, ef farið er fram á það.“

Sjútvn. hefir mælt með því einróma, að þessi breyt. nái fram að ganga. En auk þess hafa tveir hv. nm. flutt brtt. við frv., sína brtt. hvor. Önnur þeirra er frá hv. þm. Ak. Hann tekur upp í sínar brtt. alla frvgr. eins og hún er, en bætir við hana heimild til þess, að vátryggingarfélög megi taka skip í vátryggingu allt upp í 250 smálestir. Ég tjáði hv. þm. Ak., að ég mundi vera þessu mótfallinn, vegna þess að ég líti svo á, að þar sem hann væri að gera till. um að heimila vátryggingarfélögum að taka línubáta með í vátryggingarnar, þá væri það allt annar handleggur en það, sem í frv. er gert ráð fyrir. Þessir línubátar eru mjög gamlir, og þeir bátar, líkir sem hv. þm. Ak. hefir sérstaklega fyrir augum, eru víst engir undir þrítugt, og sumir jafnvel komnir um fertugt. Vélbátarnir munu yfirleitt ekki vera eins gamlir og línubátarnir, og líka munu þeir vera í allt öðru ástandi en línubátarnir, þannig að það þyrfti að greiða allt annað vátryggingargjald fyrir línubátana en vélbátana.

Jafnframt því, að frv. miðar að því að afnema tryggingarskyldu opinna vélbáta, er gert ráð fyrir því í b-lið frvgr., að vátryggingarfélögum sé skylt að tryggja opna vélbáta fyrir þá eigendur þeirra, sem óska þess. Um þetta atriði hefir hv. 6. þm. Reykv. flutt brtt. þess efnis, að vátryggingarfélögunum sé ekki skylt, heldur aðeins heimilt að taka opna vélbáta til vátryggingar. Ég teldi það heldur miður, að þessi brtt. næði fram að ganga, því að þó svo sé ástatt um mikinn hluta vélbátanna, að þeir telji sér óhag í því að vera undir tryggingarskyldunni, þá eru hinsvegar allmargir opnir vélbátar, sem notaðir eru til veiða mikinn hluta ársins, eða heilar vertíðir, og eigendum þeirra báta er nauðsynlegt að fá þá tryggða.

Viðvíkjandi þessari tryggingarskyldu hefir því verið haldið fram, að hætta væri með þessu fyrirkomulagi á því, að menn vátryggðu ekki aðra báta en þá, sem mjög væru úr sér gengnir. En ég tel litla hættu á þessu, vegna þess að bátarnir eru skoðaðir og virtir eins og önnur skip, áður en þeir eru teknir til vátryggingar, og ætti það að vera nóg trygging fyrir vátryggingarfélögin í þessu efni.

Ég vænti svo, að aðalefni frvgr. nái fram að

ganga hér á Alþ., því að það er hagsmunamál mjög margra manna úti um allt land. Þó að hér sé ekki um stóra hagsmuni að ræða, þá er um hagsmuni svo margra að ræða, að ég tel rétt, að hæstv. Alþ. samþ. þetta frv.

***Sigurður Kristjánsson:** Það eru nokkuð mörg ár síðan hafið var máls á þessum vélbátatryggingum. Upphaf þess máls er það, að við athugun á þeim verðmætum, sem liggja í útgerðinni, sem gerð var í sjútvn. fyrir 5—6 árum, kom það í ljós, að allur floti opinna vélbáta var ótryggður, að undanskildum örfáum bátum. Bankarnir tjáðu okkur þá, að verðmæti, sem næmi um 800 þús. kr., væri af þessum ástæðum óveðhæft. Við hv. þm. Vestm. og ég gengumst þá fyrir því að koma á framfæri þessum tryggingarmálum við þing og stjórn. Það voru þá samþ. l. um tryggingar opinna vélbáta. En þetta voru frjálsar tryggingar, og átti Fiskifélagið að gangast fyrir félagsstofnun í þeim tilgangi að gera þessi verðmæti veðhæf. Upp úr þessu varð svo það, að hér kom fram frv. um skyldutryggingu allra vélskipa, og voru þá opnu bátarnir teknir upp í það frv. En þegar til kom, settu félögin svo óvægileg skilyrði fyrir tryggingunum, að það var ómögulegt að ganga að þeim. Af þessum ástæðum hafa komið fram kröfur um að undanskilja þessa opnu báta skyldutryggingunni. Þeirra úthald er oft og tíðum miklu styttra en hinna stærri báta og því erfiðara fyrir þá að standa undir þessari tryggingu, því að þeir þurfa að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, eða mikið af þeim tíma, sem þeir liggja á landi. Eins og hv. frsm. tók fram, þá höfum við orðið sammála um að leggja til, að orðið verði við þessum óskum. Hinsvegar fylgir sá böggull skammrifi frá flm. frv., að þeir vilja skylda tryggingarfélögin til að taka þessa báta í tryggingu, ef eigendur bátanna óska þess, með öðrum orðum, að eigendur bátanna hafa enga skyldu til að tryggja, en félögin hafa skyldu til að taka þá í tryggingu. Nú er það regla hjá þessum félögum að hafa iðgjöldin þau sömu fyrir öll skip sömu tegundar. Það má þess vegna búast við, ef félögin eru skyld til að taka bátana í tryggingu, en eigendur eru ekki skyldir til að tryggja þá, að svo fari, að þeir menn, sem eru knúðir til að tryggja báta sína vegna þess að lánsstofnanirnar heimta það, verði að borga óvægilega há tryggingariðgjöld. Ég vil, að þeir menn, sem mest öryggi vilja hafa og vilja tryggja báta sína, eigi fyrst og fremst aðgang að tryggingarfélögunum, en ég álít, að það muni verða torvelt, ef ekki útilokað, ef tryggingarfélögin eiga að vera skyld til að taka hvaða bátskrifli sem er í tryggingu. Maður, sem hefir mikið með tryggingar af þessu tagi að gera, hr. Finsen, hefir komið á fund sjútvn., og benti hann n. sérstaklega á þetta. Og ég er þeirrar skoðunar persónulega, að tryggingarmálunum yfirhöfuð sé ógreiði gerður með því að hafa ákvæði í l. um skyldutryggingar. Ég held, að það verði miklu heppilegra að hafa þetta eins og er í breytingartillögu minni á þskj. 167, að hafa bara heimild fyrir félögin að tryggja þessa báta.

***Sigurður E. Hlíðar:** Hv. frsm. beindi nokkrum orðum gegn þeirri brtt., sem ég er flm. að. Hann lagði sérstaka áherzlu á, að þessi skip, sem ég ber mest fyrir brjósti, væru eldgömul; það væru 30—40 ára gamlir línuveiðarar. Því ber ekki að neita, að skipin eru gömul. En aðalatriðið í þessu sambandi er vitanlega það, að þessi skip eru talin sjófær. Sum þeirra hafa hlotið viðgerð á síðustu árum og sem sagt fengið vottorð um, að þau væru sjófær. Svo þegar tekið er tillit til, hvað veiðitíminn er stuttur og að hann er yfir hásumarið, þá er í raun og veru ekki svo mikið upp úr því leggjandi, hvort skipið er einu ári yngra eða eldra. Það er rétt hjá hv. þm., að það er eðlilegt, ef þessi breyt. yrði gerð, að þá krefjist tryggingarfélögin nokkru hærri gjalda af þeim en öðrum skipum. Það er ekki nema eðlilegt. Hitt er aðalatriðið fyrir eigendur þessara skipa, að þeir losni við að greiða vátryggingariðgjöld þann tíma, sem skipin liggja. Ég hjó sérstaklega eftir því í dag í ræðu þess hæstv. ráðh., sem þessi þm. á mest ítök í, að hann lagði sérstaka áherzlu á það, að það væri nauðsynlegt að koma öllum skipum á flot til þess að auka atvinnuna og efla framleiðsluna í landinu. Mér finnast skoðanir hv. frsm. í fullri andstöðu við þessi ummæli hæstv. ráðh.

***Pétur Ottesen:** Að því leyti að það sé réttmætt og sanngjarnt, að d. verði við óskum, sem fram hafa komið um breyt. á l. um vélbátatryggingar, eins og lagt er til í frv. okkar hv. þm. Ísaf., þá get ég skirskotað til þess, sem hann hefir þegar sagt um það mál. En út af orðum hv. 6. þm. Reykv. vil ég segja honum það, að það er ástæðulaust af honum að óttast, að vátryggingarfélögunum sé stefnt á nokkurn hátt út á hála braut, þó að þeim sé gert að skyldu að tryggja báta þeirra manna, sem kynnu að vilja óska eftir að fá báta sína tryggða. Ég býst við, að reynslan myndi verða algerlega öfug við það, sem hann heldur fram, að hún myndi verða. Það yrðu ekki skriflin, sem óskað yrði eftir tryggingum á, heldur dýrustu bátarnir, sem mest fjármagnið liggur í og eigendurnir hafa af þeim ástæðum neyðzt til að taka lán út á þá. Mér virðist þess vegna ekki ósanngjarnt, að gert sé ráð fyrir, að menn eigi innhlaup hjá tryggingarfélögunum um að fá báta sína tryggða. Hinsvegar gætu kjörin vel orðið allt önnur og miklu verri, og jafnvel útilokað að fá bátana tryggða, ef þetta væri í heimildarformi. Ég held þess vegna, að það verði miklu öruggara að halda skyldunni um þetta heldur en að hafa það í heimildarformi. Og þegar svo það er vitanlegt, að stjórnir vátryggingarfélaganna hafa það í hendi sinni að ákveða iðgjöldin og skilyrði fyrir tryggingunum, þá held ég, að þetta þurfi ekki að verða að neinu leyti hættulegt fyrir félögin.

***Sigurður Kristjánsson:** Það er misskilningur hjá hv. þm. Borgf., að ég hafi haldið því fram, að vátryggingarfélögunum stafaði hætta af þessum ákvæðum. Ég hélt því þvert á móti fram, að þau gætu „sikkrað" sig með háum iðgjöldum. Það eru hinsvegar mennirnir, sem eiga nýja velbúna báta, sem þetta ákvæði mun koma

niður á í allt of háum iðgjöldum, sem ég álít, að myndi útiloka þá frá því að tryggja, því að ef tryggingarfélögin væru skyld til að tryggja, þá myndu þau miða iðgjöldin við lökustu bátana, sem þannig yrðu pindir inn í tryggingguna. Ég er þess vegna að flytja þessa till. einmitt með tilliti til bátaeigenda, til þess að reyna að tryggja, að þeim verði ekki gert ófært að tryggja. Ég álít, að þó að flm. frv. hafi í upphafi talið nauðsynlegt að hafa þetta skylduákvæði, þá megi þeir, að athuguðu máli og fengnum upplýsingum, ekki vera svona fastheldnir við frv. í sinu upprunalega formi. Þeim hlýtur að vera leiðbeining í þeim bendingum og ráðleggingum, sem komið hafa frá tryggingarstjóranum, hr. Finsen, þegar það er vitað, að hann gefur þær ekki til hagsmuna fyrir tryggingarfélögin, því að þau geta alltaf séð sínum hag borgið. Ég held því, að það sé þess vert fyrir flm. frv. að gefa gaum að orðum slíkra kunnáttumanna.

***Pétur Ottesen:** Ég skil í sjálfu sér ekki andstöðu hv. 6. þ. Reykv. gegn þessum ákvæðum um skyldutrygginguna, ef hún er ekki sprottin af þeirri ástæðu, að hann óttist, að verið sé að stofna tryggingarfélögunum í hættu. En eins og ég hefi tekið fram, kemur slíkt ekki til greina, að þeim stafi af þessu nokkur hætta. Hinsvegar gæti vel farið svo, ef þetta ákvæði væri ekki haft með, að tryggingarfélögin neituðu alveg að tryggja lélegri bátana. Það er enginn að tala um, að þau tryggi skip, sem ekki eru sjófær. Um slíkt gilda náttúrlega vissar reglur hjá félögunum, hvaða styrkleika skip þurfi að hafa til þess, að það sé tekið í tryggingu, og með hvaða kjörum það sé tryggt. En ég álít, að það væri óheppilegt að eiga það algerlega undir tryggingarfélögunum, hvort þau vildu tryggja viðkomandi bát. Slíkt getur orðið fjötur um fót útgerðarinnar, og það getur vel orðið til þess að hefta framtak manna til að koma sér upp vélbátum. Hitt er svo annað mál, að tryggingarfélögin ráða því vitanlega sjálf, með hvaða kjörum og skilyrðum þau tryggja.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég vil bara benda á það, að í frv. stendur afdráttarlaust: „Skylt er og vátryggingarfélögum þessum að taka opna vélbáta til vátryggingar, ef eigendur óska þess". Þarna er ekkert annað skilyrði sett en að eigendur óski þess.

***Pétur Ottesen:** Ég vil benda á, að þessi löggjöf öll er byggð á skyldutryggingarfyrirkomulagi. Það er svo vitanlega í reglugerð hvers félags, hvaða bátar komast inn í tryggingu hjá því.

ATKVGR.
Brtt. 167 felld með 11:6 atkv.
— 148 felld með 9:8 atkv.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 74, 178).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 178. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég hefi leyft mér að flytja smávægilega brtt. á þskj. 178 við þetta frv. Í 25. gr. þeirra l., sem þessu frv. er ætlað að breyta, er svo fyrir mælt, að bátur fyrir tjón á opnum vélbátum greiðist, ef báturinn ferst algerlega eða verður talinn ónothæfur af skoðunarmanni og matsmanni. Þetta ákvæði á sérstaklega við um opna vélbáta, en um aðra vélbáta, þá sem eru með þilfari, gilda önnur ákvæði um bátur fyrir tjón, enda þótt skipið farist ekki með öllu.

Þeir menn, sem hér eiga hlut að máli, eigendur opinna vélbáta, telja sig bera mjög skarðan hlut frá borði, ef þeir fá engar bætur fyrir tjón, sem verða kann á bátum þeirra, nema bátarnir eyðileggjast með öllu eða séu dæmdir ónothæfir.

Það eru aðallega eigendur opinna vélbáta, sem kvarta undan þessu, og það verður að viðurkenna, að þeirra hlutur er í þessu efni fyrir borð borinn.

Hinsvegar skal það viðurkennt, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, þá er talsverður vandi að fara þann gullna meðalveg, sem tryggir þessum mönnum sæmilegt réttlæti, án þess að leggja of þungar kvaðir á þá, sem undir bótunum eiga að standa. Ég hefi þess vegna leyft mér að bera fram brtt. á þskj. 178. Gr. einskorðar ekki ákvæðin við vissa smálestatölu, heldur eru þar fyrirmæli, sem hníga að því, að ekki falli fullar bætur í hlut eigenda opinna vélbáta fyrir tjón á bátum, sem þeir eiga, heldur einungis hálfar bætur, þó að því tilskildu, að bætur skuli greiða til þeirra samkvæmt sömu reglu sem gildir um bætur fyrir tjón á öðrum vélbátum, en eins og mörgum hv. þm. er kunnugt, gilda um það þær reglur, að eigendur sjálfir bera nokkurn hluta skaðans. Ef ég man rétt, þá er á minnstu bátum 200 kr. tjón, sem ekki fást bætur fyrir, og á nokkuð stærri bátum 350 kr. tjón, og ennþá stærri bátum 500 kr. tjón.

Ég held, að það sé mjög sanngjarnt, og fyrir það er það ennþá nauðsynlegra, ef samþ. verður það frv., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Borgf. og hv. þm. Ísaf., sem ég tel rétt að samþ., að samþ. einnig mína brtt., því að ég álít, að lögfesting frv. muni skapa nokkra og kannske nokkuð óheppilega mikla hvatningu hinna minni vélbátaeigenda um það, að hafa þá óvátryggða. Ég tel þess vegna, að með því að samþ. mína brtt., dragi það mikið úr freistingu fyrir þessa menn í þeim efnum. Vænti ég, að þessi sanngjarna og ekki sérlega stórvægilega brtt. mín nái samþykki hv. deildar.

***Pétur Ottesen:** Ég held, að það væri réttara, til þess að frv. næði fyrr tilgangi sínum, að við frv. væri sett gr. um það, að l. öðlist þegar gildi, því annars yrði að bíða þess tíma, að l. birtust í Stjórnartíðindunum.

Þess vegna vil ég hér með leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skriflega brtt., sem fer fram á þetta.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 179) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 178 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 179 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 181).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 181, n. 201).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd., og efni þess er að undanþiggja frá vátryggingarskyldu opna vélbáta. Í lögunum um vátryggingarfélög vélbáta eru allar fleytur, sem fiskiveiðar stunda, vátryggingarskyldar hjá félögum þeim, er komið hefir verið upp samkv. lögunum. Það hefir ekki tekizt alstaðar kringum land að koma á tryggingu á „trillubátum". Eigendur þeirra hafa neitað, og þó að félögin hafi lagaákvæði fyrir því að krefja hjá þeim iðgjöld, hafa þau heldur skirrzt við að innheimta iðgjöldin með hörðu. Og nærri úr hverri veiðistöð hafa komið áskoranir um að afnema vátryggingarskylduna á þessum bátum.
Fyrir mitt leyti er ég á móti því að hverfa frá vátryggingunum. Heldur á að gera þær aðgengilegri fyrir bátaeigendur, svo að þeir verði fúsir til að tryggja. Samt sé ég mér ekki fært að vera á móti þessu frv., því að óbreyttu ástandi verða lögin pappírslög og verri en ekki. Sjútvn. hefir fallizt á að mæla með, að frv. verði samþ., sérstaklega þar sem brtt. komst inn við meðferð málsins í Nd. um að bæta verulega kjör þeirra bátaeigenda, sem vátryggja af fúsum vilja.
Ég tel, að félögin verði að berjast fyrir því, að kjörin batni og að innan tíðar verði aftur lögleidd vátryggingarskylda fyrir opnu bátana líka, — ella væri hér mjög miður farið.

***Bernharð Stefánsson:** Ég held þetta frv. gangi alveg í rétta átt. Ég ætla ekki að fara að rökstyðja það neitt, aðeins benda á, að það mun vera almenn ósk nær allra, sem hlut eiga að máli, að vera leystir undan þessari skyldu. Það er hæpið að bjarga mönnum með því, sem þeir vilja hreint ekki sjálfir. Það, sem ég hefi að athuga við frv., er, að mér finnst það ekki nógu viðtækt. Þetta orðalag um „opna vélbáta" er óheppilegt. Líklega er of seint að fara fram á það við nefndina að athuga það milli umræðna og ákveða heldur eitthvert tonnatal, miðað við það, að allir „trillubátar" sleppi við skylduna; mjög margir þeirra eru ekki opnir. Ég veit, að í stærstu útvegsplássum í minu kjördæmi er það almenn og eindregin ósk, að allir minni vélbátar séu undanþegnir tryggingarskyldu, en aftur hitt, að heimild sé til tryggingarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 234).

10. Síldarverksmiðja á Raufarhöfn o. fl.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði (þmfrv., A. 76).

Á 26. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Sjútvn. varð sammála um að mæla með því, að frv. þetta yrði samþ. með lítilli breyt., sem er í því fólgin, að eignarlánsheimildin er bundin við Raufarhafnarverksmiðjuna, af því að það upplýstist, að ekki lá fyrir nein sérstök nauðsyn fyrir aðrar síldarverksmiðjur ríkisins um að fá slíka heimild. Og sjútvn. leit svo á, að það mundi verða skoðað sem sjálfsagður hlutur, að síldarverksmiðjur ríkisins fengju slíka heimild, þegar þær þörfnuðust þess. Og n. leit svo á, að það væri líka mjög sennilegt, að þær hefðu nægilegt ráðrúm til þess að leita slíkrar heimildar í hvert skipti, og væri þess vegna réttast að gefa ekkert fordæmi um að veita slíka eignarnámsheimild svona óbundið eins og var í frv. upphaflega.
Ég held, að enginn árekstur sé um þetta mál, hvorki um að sjálfsagt sé að veita síldarverksmiðjum ríkisins þessa heimild, þegar þær þarfnast þess, né heldur hitt, að slíkar heimildir eigi að veita jafnóðum og nauðsyn krefur.
Óska ég þess vegna, að hv. þd. fallist á að samþ. frv. eins og nú er frá því gengið.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 28. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:1 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 31. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 76, n. 189).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og er flutt af sjútvn. þeirrar d. samkv. ósk hæstv. atvmrh. (SkG). Með þessu frv. er farið fram á að veita hæstv. ríkisstj. heimild til að láta síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn í té lóðir eftir þörfum, og veita ríkisstj. heimild til að taka þær eignarnámi, ef með þarf. Í grg. þessa frv. er vikið að því, að það hafi reynzt fremur torvelt að ná samningum um eignarrétt á þessum lóðum nú, þegar stækkun síldarverksmiðjunnar stendur fyrir dyrum, og þess vegna telur ríkisstj. nauðsynlegt að fá þessa heimild. Sjútvn. Ed. leggur til, að þetta frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 219).

11. Tekjur bæjar- og sveitarfélaga.

Á 28. fundi í Nd., 28. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 31. des. 1937, um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarstjórna (þmfrv., A. 104).

Á 30. fundi í Nd., 30. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Thor Thors):** Þetta frv., sem allshn. ber fram, er samið af nefnd, sem atvmrh. skipaði síðastl. haust til að athuga þessi efni. Með frv. fylgir grg. þeirrar n., og vil ég vísa til hennar. Allshn. vildi koma þessu frv. á framfæri nú, en mun gera við það nokkrar brtt. síðar. Aðalefni þess er, að ráðherra skuli heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landshluta til að hafa á hendi eftirlit sveitarstjórnarmálefna fyrir hönd atvmrn. og undir yfirstjórn þess. Málefnum ýmissa sveitar- og bæjarfélaga er nú svo komið, að skerpa þarf eftirlit með þeim, og ómögulegt fyrir einn mann, sem situr í Reykjavík, að anna því eða fylgjast svo stöðugt með á hverjum stað sem þörf er á. Veitir ekki af manni í hverjum fjórðungi.
Meðal verkefna þeirra manna telur nefndin að taka þátt í að semja fjárhagsáætlanir illa stæðra bæjar- og sveitarfélaga, að gæta þess, að bæjar- og sveitarfélög, sem njóta atvinnubótafjár eða stuðnings úr jöfnunarsjóði eða frá ríkinu, noti fullkomlega sína eigin tekjustofna, og vera ráðgefandi um úthlutun og notkun atvinnubótafjár á hverjum stað og um byggðarleyfi eða flutning fólks milli staða, ef að því ráði yrði horfið. — Verkefnið er að minnsta kosti nóg.
Þó að allshn. sé frv. samþykk í höfuðatriði þess, telur hún nauðsynlegt, að einn maður fastur sé til þess í stjórnarráðinu að stjórna eftirlitinu í þessum málum og hafa aðalábyrgð þess. Hann á að samræma þær reglur, sem farið er eftir um allt landið, og ráða sem mestu um, hvernig þeim er hagað. Við teljum nauðsynlegt, að einn og sami starfsmaður sé látinn gæta þessa samræmis, og ekki aðeins ár frá ári, heldur jafnvel kjörtímabil eftir kjörtímabil, þó að stjórnarskipti og aðrar breytingar verði. Það er augljóst mál, að eigi aðhald að koma í þessum efnum, verður það að koma að ofan, og stjórnarráðið er rétti aðilinn.
Ég leyfi mér að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 104, 128).

*__Bergur Jónsson:__ Hv. þm. Snæf. var frsm. í þessu máli. En ég vil aðeins geta þess, að allshn. hefir komið sér saman um að bera fram við frv. brtt. á þskj. 128, sem ganga í þá átt, að atvmrh. verði heimilað að skipa eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, sem starfi í atvinnumálaráðuneytinu. Og í samræmi við það eru hinar aðrar brtt. á þessu sama þskj.

ATKVGR.
Brtt. 128,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 128,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 136).
Á 39. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 136, n. 177).

*__Frsm. (Magnús Gíslason).__ Herra forseti! Allshn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt eins og Nd. hefir gengið frá því, en þar var það borið fram að tilhlutun fyrrv. ríkisstj. Breyt. allar eru á 3. kafla l., og aðalbreyt. er fólgin í 1. gr. frv., þar sem bætt er í 16. gr. l.: „Ennfremur er atvmrh. heimilt að skipa einn trúnaðarmann í hverjum landsfjórðungi, er hafi á hendi eftirlit með sveitarstjórnarmálefnum í umdæmi sínu undir yfirstjórn atvinnumálaráðuneytisins“. M. ö. o., þeim ráðh., sem fer með þessi mál, nú félagsmrh., er veitt heimild til að skipa 4 trúnaðarmenn, einn í hverjum landsfjórðungi. Hvernig eftirlitið á nánar að vera, sést ekki á l., en þar sem engar breyt. eru á sveitarstjórnarl. í þessu frv., verður eftirlitið að miðast við valdsvið núverandi félagsmálaráðuneytis í þessum málum.

Eftir grg. þeirri, sem fylgir frv. upphaflega, er að álíta, að eftirlitsmönnunum verði falin úthlutun atvinnubótafjárins, og í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sjálfur atvmrh. skuli leita álits og tillagna eftirlitsmanna sveitarstjórnarmálefna um skiptingu og úthlutun þess fjár, sem árlega er veitt í fjárlögum til atvinnubóta.

Það má deila um, hve mikið gagn sé að þessum ákvæðum, og hvort það sé líklegt, að einn maður geti haft eftirlit með fjárreiðum sveitarfélaga í heilum landsfjórðungi. En það er líka sjálfsagt, að sá ráðh., sem fer með þessi mál, gæti þess, að fénu sé ekki gálauslega varið, og það verður að álíta, að það geti verið ráðh. mikill styrkur að hafa slíka tilsjónarmenn. Hér er um aukinn kostnað að ræða, en hinsvegar er eftirlitið alveg marklaust, ef ekki sparast meira við það en greiða þarf í kostnað. Hér er aðeins um heimild að ræða, og n. vill ekki synja um hana, með þeim fyrirvara, að starfið verði lagt niður, ef það ber ekki tilætlaðan árangur.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að 18. gr. verði felld niður, en hún hljóðar um það, að eftirlitsmaður sveitarstjórnarmálefna sé jafnframt forstjóri jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Þessi gr. er felld niður af ástæðum, sem greinir í grg. frv.

Í 3. gr. er gerð sú breyt. á 19. gr. laganna, að í stað þess, að þar (í 19. gr.) stendur, að eftirlitsmanni sé skylt að halda eftir greiðslunni úr jöfnunarsjóði, nefnilega ef bæjar- eða sveitarfélag er í vanskilum gagnvart ríkissjóði, kemur: og er þá rétt að halda eftir o. s. frv. Samkv. frv., sem fyrir liggur, er viðkomandi ráðuneyti því aðeins heimilt að draga frá fénu vissa fjárhæð til greiðslu á skuldbindingum bæjar- og sveitarfélaga. Ástæðan til þessarar breyt. mun vera sú, að það hafi oft ekki verið hægt að draga slíkar greiðslur frá, af því að fjárhagur hreppanna hefir verið svo bágborinn. Í framkvæmdinni er það nú svo, að ýms hreppsfélög eru búin að taka lán til daglegra þarfa út á þennan styrk úr jöfnunarsjóði. En það er tilgangslaust að halda ákvæði í lögum, sem alls ekki er hægt að framfylgja.

Þá er 4. gr., um að félagsmrh. geti vikið bæjarstjóra eða oddvita frá starfi og sett annan í hans stað til þess að fara með málefni bæjarins eða hreppsins, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Þetta ákvæði er tekið úr samsvarandi löggjöf hjá Norðmönnum, þar sem heimilt er að víkja starfsmanni frá, ef hann fer ekki með umboð sitt sem skyldi. Þetta er eðlilegt ákvæði, þegar þess er gætt, að meiri hluti fátækraframfærslunnar er greiddur úr ríkissjóði, og sjálfsagt, að stj. ráði þeim mönnum, sem fara með úthlutunina.

N. er sem sagt ásátt um að leggja til, að frv. verði að lögum.

*__Þorsteinn Þorsteinsson:__ Mér skilst vera meiningin með l. frá 1937, um jöfnunarsjóð, að hann væri til að hjálpa bæjar- og hreppsfélögum, sem væru illa stödd. En nú sýnist mér vera farið inn á aðra braut. Mér sýnist vera farið að bæta allmiklum útgjöldum á þennan sjóð. Fyrst var eftirlitsmaður einn, en nú eru þeir orðnir 5. Ef þessu heldur áfram, hugsa ég, að svo geti farið, að ríkisstj. sjái fyrir miklu af tekjum sjóðsins. Ég get ekki séð af grg. frv., að það sé svo mikil nauðsyn að fjölga mönnum til að vinna að þessu verkefni, sem „fjórðungsmönnunum“ er ætlað. Einn maður hefir verið við það, og ég hefi ekki heyrt kvartað um, að það nægði ekki. Ég held það sé ekkert betra að dreifa því eftirliti og þeirri ábyrgð í 4 staði á landinu og greiða „fjórðungsmönnunum“ fyrir það bæði laun og

ferðakostnað og borga aðstoð handa þeim, eins og sjálfsagt þarf, ef nokkrar skýrslur á að semja, og hver veit hvað margt. Ég er því algerlega móti 1. gr. frv. og mun greiða atkv. móti henni. Ég veit ekki, hvað gott leiðir af því að draga ráð úr höndum einstakra sveitarstjórna undir fjórðungsstjórana. Og ég tel, að þeir hreppar, sem eiga að njóta styrks úr jöfnunarsjóði, megi ekki við því að setja þann styrk í laun til þeirra manna.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Viðvíkjandi því, sem hv. 5. landsk. sagði, að einn maður hefði verið settur til þess að líta eftir framkvæmd laganna frá 1937, vil ég taka fram, að það hefir aðeins verið falið einum af starfsmönnum stjórnarráðsins, en hann er ekki sérstaklega skipaður (ÞÞ: Fær sérstaka greiðslu fyrir). Það getur verið, en þar er ekki um neinn sérstakan embættismann að ræða.

N. þótti það að vísu talsverður agnúi, að þetta kostar fé. En í það verður ekki horft, ef hið nýja skipulag gæti orðið til verulegra bóta. Hér er ekki um neitt lítilræði að tala. Því að atvinnubótafé er t. d. er svo gífurleg upphæð alls, að engum getur staðið á sama um, hvernig það er notað, og þarf mikið eftirlit með því, að það verði ekki að eyðslueyri.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég vildi aðeins gera þá aths. við ræðu hv. 11. landsk., að fyrst hann lítur svo á, að aðalstarf „fjórðungsmannanna" eigi að vera að láta uppi álit sitt um notkun atvinnubótafjárins, þá ættu þeir að vera launaðir af því fé, en ekki úr jöfnunarsjóði.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ErlÞ, IngP, JJ, MG, PHerm, PZ, SÁÓ, BSt, EÁrna.
nei: JJós, MJ, ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB.
1 þm. (HermJ) fjarstaddur.
2.—6. gr. samþ. með 9:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Á 46. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 136, 197, 205).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég veit ekki, hvort búið er að útbýta brtt. við frv. frá mér á þskj. 205. Hún er víst ekki komin fram ennþá. Hæstv. forseti benti á það hér í hv. deild, að ekki væri viðkunnanlegt í frv. því, sem fara á að samþ., að atvmrh. skuli ætlað að skipa trúnaðarmenn þá, sem þar ræðir um, þar sem vitanlegt er, að félagsmrh. á að framkvæma þetta. Nú er það kunnugt, að félagsmrh. er þegar kominn. En ef frv. yrði samþ. eins og það er orðað, þá ætti þetta mál að heyra undir núverandi hæstv. atvmrh., sem er Ólafur Thors, en ekki hæstv. félagsmrh., Stefán Jóh. Stefánsson. Af þessum ástæðum vildi ég koma með þessa brtt., því að það er áferðarfallegra að afgr. frv. þannig.

Svo er annað atriði, sem ég vildi minnast á, ofurlítil efnisbreyting. Í frv. segir, að atvmrh. sé heimilt að skipa trúnaðarmenn í hverjum landsfjórðungi, en eftir minni brtt. er þetta því aðeins heimilt, að nauðsynlegt þyki, og eins er það tekið fram, að þetta megi aðeins gera um stundarsakir, og megi þetta ekki skoðast sem ævistarf. Og eftir frv. er ekki ákveðin tala þessara trúnaðarmanna, en í brtt. er tekið fram, að ekki skuli vera fleiri en einn í hverjum landsfjórðungi. Ég tel t. d. ekki nauðsynlegt að hafa slíka menn í Norðlendingafjórðungi eða Sunnlendingafjórðungi, en a. m. k. ætti ekki að ráða fleiri en þarf.

Ég geri ráð fyrir, að þeir hætti störfum strax og verkefni þeirra er lokið, og einnig, að fjvn. hafi hér hönd í bagga, því að hún verður raunverulega að leggja til á frv., hvað skuli leggja til þessara mála. Ég hefi tiltekið árstíma sem hámarkstíma, sem þessir menn megi starfa án sérstaks samþykkis fjvn., af því að n. kemur saman einu sinni á ári. Ég sé ekki, að þeir, sem ekki eru með því, að þetta sé haft svona, geti yfirleitt fylgt þessu frv.

Forseti (EÁrna): Útbýtt er á fundinum brtt. á þskj. 197 og 205. Til þess að brtt. megi taka til meðferðar á þessum fundi, verður að veita afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Ég á litla brtt. á þskj. 197, samskonar og ég flutti, þegar frv. var hér til umr. á haustþinginu 1937. Þá var það einróma álit allra hv. dm., að tekjur þær, sem áttu að koma til bæjar- og sveitarfélaga, væru sízt of háar. Þá minntist ég á, að svo gæti farið, að utan um þetta kæmi skrifstofubákn, er éta myndi upp þessar tekjur bæjar- og sveitarfélaganna, og er það nú komið á daginn, þar sem verið er að auka þetta eftirlit og rýra um leið tekjurnar. Þó að hv. deild vildi ekki fallast á þetta þá, hélt ég, að hún myndi nú hafa séð, að ég var sannspár þá, og myndi breyta sjónarmiði sínu. En ef Alþingi hefir einhver ítök um það, hve mikið fé er látið af mörkum, þá er þó meiri trygging fyrir því, að varlega sé farið, en ef einum ráðh. er veitt óskorað vald til að ráða svo og svo marga menn og borga þeim svo og svo mikið.

Till. mín fer í svipaða átt og till. hv. 5. landsk. Hann fer fram á, að fjvn. verði að samþ., ef mennirnir eigi að starfa lengur en eitt ár. Mín till. fer fram á, að helmingur kostnaðarins sé greiddur úr jöfnunarsjóði, en helmingur úr ríkissjóði.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta mál, en ég vænti þess, að hv. deild taki því nú betur en á haustþinginu, þegar málið var hér til umr.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Hér liggja fyrir tvær brtt. Önnur er frá hv. þm. Hafnf., þess efnis, að kostnaður af l. greiðist að hálfu leyti úr jöfnunarsjóði og að hálfu leyti úr ríkissjóði. Í raun og veru væri samt allt úr sama sjóði,

og legg ég ekki mikla áherzlu á þetta mál, hvorki til né frá. — Till. frá hv. 5. landsk. er að nokkru leyti orðalagsbreyting. Hann vill setja orðið félagsmálaráðh. fyrir atvmrh., þar sem félagsmrh. eigi nú að fara með þessi mál. Þar er þó því til að svara, að ef setja ætti alstaðar félagsmálaráðh. fyrir atvmrh., þyrfti að vissu leyti að gera allmiklar breytingar á l., því að óviðfelldið væri að tala um félagsmrh. í þessu frv., þar sem l. sjálf tala um atvmrh. Annars skiptir þetta ekki miklu máli, því að þetta má færa milli stjórnardeilda með konungsúrskurði.

En ef taka á til greina brtt. hv. 5. landsk., þá þarf að breyta brtt. sjálfri. Hv. þm. talar þar um eftirlitsmann, sem starfi í atvinnumálaráðuneytinu, en þetta er vitanlega endileysa, og ætti að standa í félagsmálaráðuneytinu.

Eins og ég tók fram í gær, fannst n. það ókostur á frv., að það hefir í för með sér aukin útgjöld. Þegar laun til opinberra starfsmanna eru orðin 5 millj. og 600 þús. kr., er ekki þar á bætandi. En sé þetta starf nauðsynlegt, verður ekki hjá því komizt að kosta nokkru til þess. Því vildum við veita ráðh. heimild til að ráða sér hjálparmenn. Ég get fallizt á, að efnisbreyting hv. 5. landsk. nái fram að ganga, því að hún er frekar trygging fyrir því, að heimildin verði ekki misnotuð.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Mér virðast þeir, sem hér hafa talað, vera mér sammála um það, að till. mín sé til bóta. En hv. 11. landsk. taldi það endileysu, þegar talað er um atvinnumálaráðuneyti í brtt. minni. Ég talaði um þetta við mann í atvinnumálaráðuneytinu, og var honum ekki kunnugt um, að enn hefði verið stofnað sérstakt félagsmálaráðuneyti. En það ræður mestu, undir hvaða ráðh. þessi mál eiga að heyra, og með brtt. minni er ótvírætt ákveðið, að félagsmrh. skuli annast þessa ráðningu. Yfirleitt geri ég ráð fyrir, að sú stofnun, sem fer með þessi mál, verði eins og hingað til kölluð atvinnu- og samgöngumálaráðuneyti, og því vildi ég ekki breyta þessu. Og ég taldi ekki rétt að gegnumfæra þessa orðabreytingu alstaðar í l., því að ég tel ekki, að það rekist á, þó að í frv. standi félagsmálaráðh., en í l. atvmrh. Um það verður ekki villzt, við hvorn er átt.

ATKVGR.
Brtt. 205,1 felld með 8:6 atkv.
— 205,2—3 teknar aftur.
— 197 feld með 8:3 atkv.
Frv. samþ. með 8:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 215).

12. Gengisskráning og ráðstafanir í því sambandi.

Á 32. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi (þmfrv., A. 119).

Á 33. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, JörB.
nei: EOl, HV, ÍslH, SK.
GÞ, GSv, SEH greiddu ekki atkv.
2 þm. (JakM, ÞorbÞ) fjarstaddir.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Ég vil gera nokkra grein fyrir frv. því á þskj. 119, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. sem flutt er að tilhlutun ríkisstj., af mér, hv. 1. þm. S.-M. (EystJ), hv. þm. Ísaf. (FJ) og hv. þm. Borgf. (PO).

Á undanförnum árum, sérstaklega 1936 og 1937, hafa útvegsmenn oft gert kröfur til Alþ. og ríkisstj. um, að ráðstafanir yrðu gerðar af hálfu hins opinbera til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. Þeir hafa fært sem ástæður fyrir þessum kröfum verðfall á sjávarafurðum á síðustu árum, samfara markaðshruni og miklum tilkostnaði við framleiðsluna. Get ég í þessu sambandi minnzt á bréf, sem stj. Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda ritaði ríkisstj. hinn 1. des. 1937. Í bréfi þessu er þeim tilmælum beint til ríkisstj. og Alþ., að gera þær ráðstafanir, sem tiltækilegastar þættu, til þess að forða útgerðinni frá því hruni, sem fyrirsjáanlegt væri framundan, ef haldið yrði áfram að reka þessa atvinnugrein ár eftir ár með tapi. Meðal annars fyrir þessar endurteknu óskir útgerðarmanna voru á síðasta Alþ. samþ. l. um kosningu 5 manna nefndar til þess að gera athuganir á hag og rekstri togaraútgerðarinnar og gera till. um þau mál. Þessi mþn. var kosin á Alþ. 1938 og hefir starfað síðan. Hefir nú, um leið og þetta frv. er lagt fram, verið útbýtt meðal þm. skýrslu frá þessari mþn. um þessi efni. N. hefir aflað sér upplýsinga um afkomu og efnahag togaraútgerðarinnar á árunum 1933—1937, að báðum árum meðtöldum; einnig um veiðitíma togaranna, aflamagn, verðmæti aflans og einstaka kostnaðarliði, sem útgerð eru samfara. Ennfremur eru í þessari skýrslu nokkrar upplýsingar um togaraútgerð í nágrannalöndunum. Samandregnir reikningar flestra togaraútgerðarfyrirtækja fylgja með þessari skýrslu. Samkv. þessum reikningum hefir tap þessara togara á árunum 1933—1937 numið samtals hátt á fjórðu millj. kr., en við þetta er það að athuga, að afskriftir af verði togaranna hafa verið allmiklu minni á þessum árum en eðlilegt verður að teljast, og með því að reikna með 20 þús. kr.fyrningargjaldi á hverjum togara á ári, sem mþn. taldi, að alls ekki mætti áætla lægra, verður tap togaraútgerðarinnar yfir 5 millj. kr. samtals á þessum 5 árum. En til viðbótar má benda á það, að mþn. fékk ekki upplýsingar eða rekstrarreikninga frá öllum togaraútgerðarfyrirtækjum, og var það aðallega vegna eigendaskipta, sem orðið hafa á þessu árabili, en vitað er, að margir þeirra togara, sem enga reikninga hafa sent, hafa verið reknir með miklu tapi á árunum 1933—1937. Í árslok 1937 var efnahagur togaraútgerðarfyrirtækjanna þannig, ef þau eru tek-

in sem heild, að þau vantaði um 2 millj. kr. til þess að eiga fyrir skuldum. En vitað er, að hagur þeirra hefir versnað til muna síðan. Það er vitanlegt, að árið 1938 var togaraútgerðin yfirleitt rekin með miklu tapi, og einnig það, sem af er þessu ári, og er því efnahagur útgerðarinnar miklu verri nú en hann var í árslok 1937. Ástæðurnar fyrir þessum töpum eru vitanlega margar og mismunandi hjá hinum einstöku fyrirtækjum. Vafalaust mætti koma við meiri hagsýni og sparnaði í rekstri sumra skipanna, en höfuðorsakirnar til hinnar slæmu afkomu togaraútgerðarinnar yfirleitt tel ég vera aflaleysi undanfarinna ára og lágt verð á sjávarafurðum, miðað við þann kostnað, sem togaraútgerð er samfara. Einnig má benda á það, að íslenzku botnvörpungarnir eru yfirleitt orðin gömul skip, meðalaldur þeirra um síðustu áramót var 18 ár, og viðhaldskostnaður á svo gömlum skipum hlýtur að vera mikill. Vegna þess, hve efnahagur þessarar atvinnugreinar er orðinn þröngur, hvílir mjög mikill vaxtaþungi á mörgum togarafyrirtækjum. A. m. k. í aflaleysisárum eru togarar að ýmsu leyti óhentugri veiðitæki en smærri skip. Þetta á þó einkum við um síldveiðar, þar sem stórum erfiðara er að láta rekstur togaranna bera sig á þeim veiðum en smærri skipa. En þrátt fyrir það, þótt togararnir séu yfirleitt orðnir gamlir og ekki sem heppilegastir, verður ekki hjá því komizt, eins og nú hagar til í okkar þjóðfélagi, að nota þessi veiðitæki, meðan þess er kostur, og þess vegna verður að gera ráðstafanir til þess, að rekstur þeirra stöðvist ekki. Skýrslu mþn. fylgir áætlun, sem tveir af nm. gerðu í nóv. síðastl., um rekstur togara yfir árið. Er þar gert ráð fyrir, að togarinn sé 150 þús. kr. virði, og reiknaðir vextir af þeirri upphæð. Einnig gert ráð fyrir 20 þús. kr. á ári í fyrningargjald. Áætlunin sýnir um 30 þús. kr. rekstrarhalla yfir árið. Vil ég í þessu sambandi geta þess, að n. í heild sinni stendur ekki að þessari áætlun, og ég veit, að einn nm. telur, að hallinn á rekstri togaranna sé hér of lágt áætlaður.

Til viðbótar því, sem hér hefir verið sagt um hag togaraútgerðarinnar, má benda á, að hagur vélbátaútvegsins er víðast hvar þröngur. Sá útvegur er þó nokkru betur settur en togaraútgerðin, þar sem skipin eru yfirleitt yngri og því ekki eins dýr í rekstri. Vélbátaeigendur hafa líka nýlega fengið skuldaskil fyrir atbeina hins opinbera, en margir þeirra munu hafa safnað skuldum síðan. Og um línuveiðagufuskipin er vitað, að hagur þeirra er enn verri en vélbátanna.

Af því, sem hér hefir verið tekið fram, má öllum vera ljóst, að óhjákvæmilegt er að gera ráðstafanir til stuðnings útgerðinni, til viðbótar því, sem gert hefir verið á síðustu þingum, svo sem með afléttingu útflutningsgjalds á saltfiski, tolla af kolum og salti, og ýmsum fleiri ráðstöfunum. Útvegurinn þarf að geta borið sig í meðalárferði, ef allrar hagsýni og sparnaðar er gætt í rekstrinum, og þarf að gera ráðstafanir til þess, að svo geti orðið. Það stefnir til ófarsældar, ef annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar, og sá, sem mest skapar af útflutningsverðmæti, er rekinn með tapi ár eftir ár. Það hlýtur smám saman að valda stöðvun í þessari atvinnugrein, því að fjármagnið leitar til annarra viðfangsefna, þar sem arðvon er meiri, og hlýtur það að orsaka atvinnuleysi hjá þeim, sem starfað hafa við sjávarútveginn.

Í frv. er lagt til, að gerð verði breyt. á verðskráningu íslenzku krónunnar til hagsbóta fyrir útflytjendur. Er lagt til, að sterlingspundið verði hér eftir skráð á 27 kr. og önnur erlend mynt í samræmi við það. — Þess skal getið, að nokkuð hefir verið rætt um aðrar leiðir en gengisbreytingu til stuðnings framleiðslunni. Fordæmi má finna hjá öðrum þjóðum um, að útflutningsverðlaun hafi verið greidd fyrir einstakar vörutegundir. Ef sú leið væri farin hér á landi, þyrfti vitanlega að ná fé til þess með nýjum álögum. Beinir skattar eru þegar orðnir háir hér, og munu vera hærri hér en í nágrannalöndunum. Það hefði því ekki verið hægt að ná miklu fé til greiðslu útflutningsverðlauna öðru vísi en með sköttum og tollum, sem hefðu fyrst og fremst lent á þeim sömu aðiljum, sem gengisbreytingin snertir. En benda má á það, að sú leið hlyti að verða mjög erfið í framkvæmd. Það hefði orðið örðugt að ná inn nýjum sköttum og tollum í þessu skyni, og mjög vafasamt að finna reglur fyrir úthlutun á því fé milli útvegsmanna.

Breyting á verðgildi íslenzku krónunnar er fyrst og fremst gerð vegna framleiðslunnar í landinu, til að örva atvinnulífið og auka útflutninginn. Þegar velja átti leiðir til stuðnings útgerðinni, kom að sjálfsögðu til álita, til viðbótar því, sem ég þegar hefi nefnt, hvaða leið væri hagstæðust fyrir gjaldeyrisverzlunina, sem eins og vitað er, hefir verið örðug að undanförnu. Eftirspurn eftir erlendum gjaldeyri hefir undanfarið verið meiri en framboðið. Gengi íslenzku krónunnar hefði því vafalaust verið lægra að undanförnu, ef því hefði ekki verið haldið föstu með einkasölu bankanna. Þá ráðstöfun, sem hér er lagt til, að verði gerð, má því meðfram skoða sem viðurkenningu á því, að verð á erlendum gjaldeyri hafi verið lægra hér á síðustu tímum heldur en orðið hefði, ef gjaldeyrisverzlunin hefði verið frjáls. Það er vitanlega æskilegt, að gengisbreytingar verði sem minnstar og sjaldgæfastar. En það raskar því ekki, að það getur verið mjög örðugt að halda uppi til lengdar gengisskráningu, sem er mjög fjarri því, sem yrði, ef gjaldeyrisverzlunin væri frjáls.

Í þessu frv. er ákvæði um skipun n., sem hafi það hlutverk, að gera yfirlit um framfærslukostnað í Reykjavík fyrir og eftir gildistöku laganna, eftir sérstökum reglum, sem um það verða settar. Kæmi í ljós, að hækkun á framfærslukostnaði nemi meiru en 5%, skal kaup verkafólks og sjómanna hækka sem nemur helmingi þeirrar hækkunar á framfærslukostnaði, sem orðið hefir, ef hún nemur ekki yfir 10%, en um ⅔ af því, sem hækkunin nemur yfir 10%. Kemur þessi kauphækkun til framkvæmda í júlí n. k., og aftur 1. jan. 1940, og á hún einnig að ná til lágt launaðra fjölskyldumanna, þó að þeir hafi fasta atvinnu, ef laun þeirra nema undir 300 kr. á mánuði, eða 3600 kr. yfir árið, og tilsvarandi lægra annarstaðar á landinu. Að öðru

leyti skal kaup þessara stétta og allra, sem eru hærra launaðir, ekki hækka um eins árs skeið, eða til 1. apríl 1940.

Það þykir réttmætt á þennan hátt að mæta gengisbreyt. að nokkru með kauphækkun, að því er þá snertir, er hafa stopula atvinnu eða eru mjög lágt launaðir, þó að hærra launaðir menn og einhleypt fólk, sem hefir fasta atvinnu, fái ekki hækkað kaup sitt. Þeir síðarnefndu hafa á allan hátt betri ástæður og meira öryggi um afkomu heldur en daglaunamenn og sjómenn, sem hafa haft mjög stopula atvinnu að undanförnu vegna erfiðleika framleiðslunnar. Hinsvegar þykir ekki ástæða til að mæta að fullu með beinni kauphækkun þeirri hækkun á framfærslukostnaði, sem kann að verða, þar sem gera má ráð fyrir, að atvinnan í landinu aukist til muna við þær ráðstafanir, sem lagt er til í frv. þessu, að gerðar verði til að tryggja atvinnureksturinn og auka hann. Má því vænta þess, að tekjur þeirra, sem vinna að framleiðslunni, verði meiri eftir en áður og afkoma þeirra batni, þrátt fyrir þá hækkun, sem kann að verða á framfærslukostnaðinum.

Þá eru í frv. ákvæði, sem tryggja það, að sjómenn geti orðið aðnjótandi þeirrar verðhækkunar á sjávarafurðum, sem leiða mun af verðbreytingu peninganna. Eru það fyrirmæli um, að útgerðarfyrirtækjum sé skylt að ráða sjómenn gegn aflahlut í stað fastákveðins kaupgjalds, ef þeir óska þess fremur. Kostir hlutarútgerðarfyrirkomulagsins eru í mínum augum margir fram yfir annað skipulag. Eykur það áhuga allra, sem að útgerð vinna. — Þeir bera úr býtum eftir því, sem framleiðslan gefur, og það er réttlátasta fyrirkomulagið.

Í þessu frv. eru einnig ákvæði um það, að frá 1. jan. 1940 skuli breytt launafyrirkomulaginu hjá yfirmönnum á togurunum. Svo sem kunnugt er, hefir það viðgengizt undanfarin ár, að yfirmenn á togurunum hafa tekið laun sín að mestu leyti í premíu og bruttóafla. En áður en premían er reiknuð, á samkv. frv. að draga frá verð fyrir kol og veiðarfæri. Það verður að telja, að yfirmenn á togurunum geti haft nokkur áhrif á það, hve mikið eyðist, og ætti þetta að verða þeim hvöt til þess að gæta hagsýni við veiðarnar. Í frv. er ákvæði um, að hlutarmenn, sem hafa gert samninga um sölu á hlut sínum fyrir ákveðið verð, geti innan hálfs mánaðar ákveðið um þann fisk, er þeir hafa eigi látið af hendi, þegar lögin ganga í gildi, að hann skuli, í stað hins samningsbundna verðs, greiddur með því verði, sem raunverulega fæst fyrir hann við sölu, að frádregnum kostnaði, og geti þeir á þennan hátt tryggt sér þá verðhækkun, sem verða kann á hlutunum.

Þá eru einnig í þessu frv. ákvæði um verðlag á kjöti og mjólk á innlendum markaði. Verðbreytingar á þeim vörum eiga að fara eftir sömu reglum sem kaupgjaldsbreytingar. Verður að telja þetta eðlilegt, að þetta haldist í hendur, og þó að bændur fái ekki dýrtíðaraukninguna bætta að fullu með verkhækkun á framleiðsluvörunum, má vænta þess, að sala á mjólk og kjöti á innlendum markaði aukist vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar verða til þess að örva framleiðsluna við sjávarsíðuna. Bændur fá því meiri og tryggari innlendan markað fyrir framleiðslu sína heldur en orðið hefði, ef útgerðin hefði haldið áfram að dragast saman.

Sérstök ástæða er til þess að benda kaupstaðabúum á það, að með ákvæðum þessa frv., ef samþ. verður, eru gerðar ráðstafanir til þess, að þeir geti að verulegu leyti sparað sér þau auknu útgjöld, sem verðlækkun krónunnar að öðrum kosti hefði í för með sér, með því að nota hlutfallslega meira en áður af innlendum vörum, því að verðlag á þeim verður eftirleiðis hlutfallslega hagstæðara fyrir neytendur en áður, samanborið við verð á erlendum vörum. Kaupstaðabúar geta því sparað sér aukin útgjöld af völdum gengisbreytingarinnar með því að auka neyzlu á íslenzkum vörum, um leið og þeir með því styðja framleiðslustarfsemina og atvinnulífið í landinu. Er ástæða til að vekja á þessu sérstaka athygli.

Ennfremur er ákvæði um, að útlánsvextir í bönkum og öðrum lánsstofnunum skuli ekki hækka á þessu ári og að fyrst um sinn til 14. maí 1940 skuli óheimilt að hækka leigu eftir hús og aðrar fasteignir frá því, sem er við gildistöku laganna. Húsaleigan er mjög stór útgjaldaliður hjá kaupstaðabúum, þó einkum í Reykjavík, og er sjálfsagt að koma í veg fyrir hækkun hennar. Það er nauðsynlegt að gera öflugar ráðstafanir til þess að vinna móti dýrtíðinni, bæði með þeim ákvæðum, sem í þessu frv. felast, og með því að beita ákvæðum laga um verðlag á vörum, sem sett voru á næstsíðasta Alþ.

Loks eru í frv. ákvæði um, að ríkisstj. geti sett með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd l. í einstökum tilfellum.

Fjárhagsafkoma þjóðarinnar byggist fyrst og fremst á útflutningi á íslenzkum vörum. Aðeins með útflutningi getur íslenzka þjóðin staðið við skuldbindingar sínar erlendis og keypt nauðsynjar frá útlöndum. Ef framleiðslan dregst saman jafnframt því, sem fólki fjölgar í landinu, hlýtur það að valda þrengingum fyrir alla landsmenn, og þótt menn eigi peninga eða fasteignir, er slíkt einskisvirði, ef framleiðslustarfsemin stöðvast, þar sem hún er sá grundvöllur, sem öll þjóðfélagsbyggingin hvílir á. Þeim mönnum, sem hafa fastlaunuð störf hjá einkafyrirtækjum eða því opinbera, og sem sumir ef til vill telja, að sér sé íþyngt með þessum ráðstöfunum, má benda á það, að ef framleiðslustörfin stöðvast, hverfa um leið möguleikarnir til að greiða þeim launin. Verzlunarfólkið og iðnaðarfólkið myndi þá einnig tapa sinni atvinnu, því að þá hlýtur að taka fyrir innflutning á verzlunarvörum og hráefnum til iðnaðarins. Það er því á hörmulegasta misskilningi byggt, ef nokkur maður eða kona í landinu telur sér óviðkomandi erfiðleika framleiðendanna og álítur, að allt annað geti gengið sinn venjulega gang, hvernig sem framleiðslunni vegnar. Efling framleiðslunnar og aukin útflutningur er ekki aðeins hagsmunamál þeirra manna, sem hafa lagt fé sitt og lánsstofnana í þennan atvinnurekstur, og þeirra verkamanna, sem vinna beint að framleiðslunni. Það er ekki síður lífsnauðsyn

fyrir alla aðra. Það er raunverulega jafnmikið hagsmunamál embættismannsins, verzlunarmannsins, iðnaðarmannsins, sem vinnur í nýjum iðngreinum hér eða annarstaðar, og byggingameistarans, sem lifir á því að byggja falleg hús hér í höfuðstaðnum eða annarstaðar og veit, að húsið getur því aðeins staðið, að grunnurinn sé traustur. Ef framleiðslan er rekin með tapi ár eftir ár, er voði fyrir dyrum, ekki aðeins hjá þeim, sem starfa beinlínis að framleiðslunni, heldur einnig hjá öllum hinum. Aukning framleiðslu og útflutnings er ekki sérhagsmunamál einstakra manna eða stétta, það er jafnmikið hagsmunamál allra einstaklinga og allra stétta þjóðfélagsins.

Á undanförnum árum hefir fólksstraumurinn leitað frá framleiðslustörfunum að öðrum viðfangsefnum. Hið mikla kapphlaup, sem átt hefir sér stað um fastlaunaðar stöður, þarf að hætta, en það hættir því aðeins, að þess sé gætt, að eigi sé lakar búið að þeim mönnum, sem vinna nauðsynlegustu störfin, framleiðslustörfin, heldur en öðrum þegnum þjóðfélagsins. Slíkt er hvorttveggja í senn nauðsynja- og réttlætismál.

Með þeim ráðstöfunum, sem frv. þetta fjallar um, er sú alþjóðarnauðsyn viðurkennd, og þess er því fastlega vænzt, að máli þessu verði vel og vinsamlega tekið bæði af hæstv. Alþingi og alþjóð. Þar sem frv. þetta er flutt af þm. úr 3 aðalflokkum þingsins, sé ég ekki ástæðu til, að það fari til þingn., og vil því óska þess, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

Finnur Jónsson: Ég vil leyfa mér að gera nokkra grein fyrir þeim ástæðum, er til þess liggja, að ég hefi gerzt meðflm. þessa frv. Og ég vil taka það fram um leið, að við alþflm. áskiljum okkur rétt til þess að hafa óbundnar hendur um afstöðu til brtt. við frv., sem fram kunna að koma.

Svo sem kunnugt er, hefir undanfarandi verið starfandi milliþn. í sjávarútvegsmálum. Er þetta önnur milliþn., er að þessu starfar á sex ára tímabili. Rannsókn þessarar milliþn. hefir leitt í ljós það, sem raunar áður var alkunnugt, að hagur sjávarútvegsins er mjög bágborinn.

Togaraútgerðin er komin á fallandi fót. Aðeins ¼ hluti togaraútgerðarfyrirtækjanna er talinn eiga fyrir skuldum, og undanfarið hefir undantekningarlítið verið stórtap á togara hverjum árlega. Skipin eru orðin gömul, þau eru að hverfa úr sögunni, og ekkert kemur í staðinn. Endurnýjun togaraflotans hefir verið alveg vanrækt. Vegna hinnar miklu áhættu, er útgerðinni fylgir, hliðra menn sér hjá að leggja fram fé til hennar, og láta það heldur í verzlun eða iðnað, þangað, sem þeir telja, að sé meiri hagnaðar von. Þetta er staðreynd, sem ekki tjáir í móti að mæla. Fjármagn, sem lagt er í verzlun eða ýmsan þann iðnað, sem enn er rekinn hér á landi, skapar oft litla atvinnu, að tiltölu við fjárhæð þá, er í atvinnugreinum þessum er bundið, samanborið við fé það, sem lagt er til útgerðar. Það er þess vegna þjóðarnauðsyn að reyna að beina fjármagni landsmanna frá verzluninni og iðnaðinum aftur í sjávarútveginn. Þetta næst ekki meðan telja má hvern eyri tapaðan, sem í hann er lagður. Alþfl. hefir hvað eftir annað bent á þá miklu nauðsyn, sem á því er að endurnýja togaraflotann. Og í sambandi við afgreiðslu þessa máls má nú loks telja tryggt, að gjaldeyrir fáist til þess, að einn nýtízkutogari bætist við flotann. Verður þetta, ásamt hinum nýja togara h.f. Alliance, vonandi upphaf að endurnýjun togaraflotans.

Mjög hefir verið um það deilt, hverju töpin á togaraútgerðinni eru að kenna. Meðan hátt verð var á sjávarafurðum, voru togararnir mesta gullnáma, og höguðu sumir eigendurnir sér eins og náman væri óþrjótandi, en síðan þorskurinn féll í verði og saman fór lágt afurðaverð og aflatregða, er enginn vafi á, af hverju hin miklu árlegu töp togaranna stafa að langmestu leyti. Eflaust má með samkaupum á útgerðarvörum og með því að gæta hins ýtrasta sparnaðar í hvívetna draga nokkuð úr töpum togaranna, en þó er augljóst, að þetta hrekkur ekki nándar nærri til. Verð afurðanna verður að hækka, ef von á að vera til, að togararnir geti borið sig og togaraflotinn fengið þá endurnýjun og aukningu, sem nauðsyn ber til vegna atvinnu sjómanna og verkamanna.

Um línuveiðagufuskipin er það vitað, að hagur þeirra er sízt betri en togaranna, þrátt fyrir skuldaskilin, er eigendur þeirra fengu á árinu 1937.

Vélbátaútvegurinn mun yfirleitt standa betur að vígi en togaraútvegurinn. Skipin eru flest nýrri og ekki eins viðhaldsfrek. Allur þorri eigendanna fékk skuldaskil á árinu 1936, og auk þess hefir síldveiðin oftast nær gefið tiltölulega meira af sér fyrir vélbátaútgerðina en togarana. Samt eta þorskveiðarnar hin síðari ár venjulega hagnað vélbátanna af síldveiðunum, og oft meira til. Hætt er því við, ef ekki verður eitthvað að gert, að hagur vélbátaeigenda sæki í sama horf og fyrir skuldaskilin.

Milliþinganefndin, er rannsakaði hag sjávarútvegsmanna, hefir komizt að sömu niðurstöðu og raunar allir, sem eitthvað hafa um þessi mál fjallað, að bráðra aðgerða þurfi til bjargar sjávarútveginum. Alþfl. hefir á hverju þingi, síðan hann fékk stjórnaraðstöðu á árinu 1934, beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. Síldartollinum var breytt í verðtoll, síldarverksmiðjur ríkisins auknar, síldarsalan og saltfiskssalan skipulögð, fiskimálanefnd stofnuð og lagt fram fé til styrktar byggingu hraðfrystihúsa, niðursuðuverksmiðja og ýmislegs þess, er sjávarútveginn varðar. Farið er að styrkja byggingu vélbáta til fiskveiða, byrjað er að efla fiskveiðasjóð og búið að létta af tollum af kolum og salti til útgerðar. Allt er þetta til hins betra. En reynslan hefir, því miður, sýnt, að það nær of skammt. Þegar að því er komið, að aðalatvinnuvegur þjóðarinnar er þannig á vegi staddur, að hann getur ekki borið sig, þá er fram undan er hrun og atvinnuleysi, þá er úr vöndu að ráða.

Menn greinir hér sem endranær á um leiðir. Kommúnistar vilja taka lán til þess að bæta úr vandræðunum. Peningarnir eru að vísu ekki til hér á landi, en kommúnistar segja, að ekki

sé annar vandinn en að snúa sér til „elsku Sturlu“ og þá muni „pabbi Jónsa“ leggja fram peningana. Að hinu er ekki gætt, að einhverntíma þurfi að borga lánin. Fáist engin verðhækkun á sjávarafurðum, heldur útgerðin áfram að tapa, og svo ætti líklega að borga hin nýju stóru lán með nýjum stórum töpum. Ég tel mjög hæpið, að nokkur geri sig ánægðan með slíka borgun. Ekki einu sinni barónsfjölskylda Héðins Valdimarssonar, þótt hún sé eflaust mesta gæðafólk.

Þá hafa kommúnistar einnig gert aðra uppástungu um að leysa vandræði sjávarútvegsins, en hún er sú, að setja upp útgerðarsovét í hverri verstöð til þess að kenna útgerðarmönnum að gera út. Útgerðarráð þessi eiga að hafa eftirlit með öllu smáu og stóru í rekstri útgerðarinnar. Eftirlitið á að byrja á bókhaldinu í skrifstofunni, — ná til alls, sem nöfnum tjáir að nefna á sjó og landi, og meira að segja til vélanna í skipunum. Útgerðarráðið á, að því er stendur í frv., að hafa stöðugt eftirlit með hirðingu og ástandi véla veiðiskipaflotans. Engin áætlun liggur fyrir um, hvað slíkt myndi kosta, en sennilega yrði það aldrei minna en núverandi stjórnarkostnaður útgerðarinnar. Það er hlegið um landið þvert og endilangt að þessum svonefndu viðreisnartillögum kommúnista, að svo miklu leyti sem nokkrum manni getur verið hlátur í huga á þessum örðugu tímum.

Þeim, sem athuga þessi mál með festu og alvöru, ber saman um, að ekki sé nema um tvær leiðir að velja til þess að bæta úr vandræðum sjávarútvegsins, annaðhvort styrkjaleiðina, sem fulltrúi Alþfl. í milliþn. stakk upp á og ekki fékkst þingmeirihluti fyrir, eða þá leið, er stungið er upp á í frv. því, sem hér er til umræðu. Flestir alþýðuflokksmenn hefðu heldur kosið hina fyrri leiðina og talið hana heppilegri, og voru um þetta nokkuð skiptar skoðanir, en allir alþýðuflokksmenn eru sammála um það, að vandræði sjávarútvegsins verði að leysa, eftir því sem unnt er, og það tafarlaust. Hvorki þjóðfélagið sem heild né heldur hinar vinnandi stéttir geta þolað það, að sjávarútvegurinn hrynji. Þjóðfélagsbyggingin sjálf myndi þá jafnframt hrynja, og sjómenn og verkamenn, sem einskis mega missa af þeirri litlu atvinnu, er þeir hafa, verða undir í rústunum. Hver vill bera ábyrgð á því ástandi? Hvaða alþingismaður telur sig geta horft aðgerðarlausan upp á slíkar hörmungar? Engir aðrir en öfgaflokkarnir, sem óska eftir, að allt fari í öngþveiti í landinu, til þess svo hvor um sig að kalla á sinn hjálpara til að skakka leikinn!

Það er almennt orðið viðurkennt, að bankarnir hafi undanfarið keypt íslenzku krónuna af útflytjendum undir verði. Og hvað er þá í rauninni annað en sanngirni að breyta gengisskráningunni? Þegar athugað er ástand sjávarútvegsins annarsvegar og ástandið í gjaldeyrismálunum hinsvegar, var alveg auðsætt, að verðbreytingunni varð ekki afstýrt. Hún hlaut að koma innan skamms tíma. Um tvær leiðir var þá að velja. Önnur var sú, að bíða eftir hruninu, sem þá gat hæglega orðið óstöðvandi; hin leiðin var sú, sem hér er lagt til, að sé farin, breyta gengisskráningunni í tíma, meðan hún var viðráðanleg og meðan hægt var að gera ráðstafanir í sambandi við hana.

Alþfl. hefir undanfarnar vikur átt tal við Framsfl. og Sjálfstfl. Og eins og ætíð endranær hefir það verið okkar hlutskipti, alþýðuflokksmannanna, að halda fram málstað verkamanna, sjómanna og annarra láglaunamanna. Eftir atvikum tel ég, að þetta hafi tekizt vel. Gengisbreytingin er að vísu neyðarráðstöfun, en á neyðartímum verður oft að gera neyðarráðstafanir til þess að bjarga því við, sem bjargað verður. Það er ekki unnt að gera ráðstafanir til styrktar aðalatvinnuvegi landsmanna, sjávarútveginum, sem að gagni koma, án þess að slíkt komi nokkuð þungt niður. Í frumvarpi því, sem fyrir liggur, er kauphækkun almennt bönnuð til 1. apríl 1940. Þó hefir Alþfl. með samningum sínum komið því þannig fyrir, að þetta bann gildir ekki um verkamenn, sjómenn og láglaunaða fjölskyldumenn úr öðrum stéttum. Þeirra kaup skal bætt nokkuð, ef dýrtíðin eykst, þó annað kaup verði ekkert hækkað. Athuga skal meðaltalsframfærslukostnað í Reykjavík og síðan bæta upp kaupið hjá þessum stéttum í fyrsta sinn 1. júlí 1939. Ef dýrtíðin hefir aukizt um meira en 5%, skal kaupið hækka sem nemur helmingi þeirrar hækkunar á framfærslukostnaði, sem orðið hefir, ef hækkunin nemur ekki yfir 10%, en um ⅔ af því, sem hækkunin kann að vera yfir 10%. Næst getur kaupið síðan hækkað 1. jan. 1940, eftir sömu reglum, og svo aftur 1. apríl 1940, ef ekki annaðhvort verkamenn eða atvinnurekendur óska breytinga með 2 mán. fyrirvara fyrir 1. apríl það ár.

Þegar þess er gætt, að allflest stéttarfélög á landinu hafa samninga sína miðaða við áramót, og þá löglegan þriggja mánaða fyrirvara, og sum gætu jafnvel ekki sagt upp samningum fyrr en í maí næsta ár, og því enga kauphækkun fengið þangað til, verður að telja, að ákvæði frv. séu slíkum félögum hagkvæm. Af um 100 félögum í Alþýðusambandinu hafa ekki nema um 30 ákvæði um gengisbreyt. eða kauphækkun vegna vaxandi dýrtíðar. Og í mörgum þessum samningum eru ákvæði þessi ekki svo nákvæm sem skyldi og koma seint til framkvæmda. Önnur félög hafa engar slíkar varúðarráðstafanir gert. T. d. hefir Héðinn Valdimarsson gert samninga fyrir verkamannafélagið Dagsbrún, sem eru þannig úr garði gerðir, að félagið getur ekki hreyft kaupinu í 15 mánuði, hvað sem á dynur. Miða kauphækkunarákvæði frv. því beinlínis að því að vernda verkamenn í Rvík fyrir afleiðingum af hinni alkunnu ógætni Héðins Valdimarssonar eða jafnvel öðru enn verra. Jafnframt því sem frumvarpið skapar möguleika til kauphækkunar hjá ýmsum, sem vegna samninga sinna hefðu fengið hana seint eða ekki á tímabilinu, er í því ákveðið, að kaup samkvæmt kaupgjaldssamningum skuli að öðru leyti standa óbreytt til 1. apríl 1940.

Er því í frv. gert hvorttveggja, tryggður réttur þeirra félaga, sem engan gengis- eða dýrtíðarfyrirvara höfðu í samningum eða óheppilegan uppsagnartíma, en skertur réttur annarra, og þó miklu færri, til uppsagnar, og þannig gert

ráð fyrir, að öll félögin njóti sömu kjara um hækkanir á kaupi.

Í frv. er hlutarsjómönnum tryggt, að þeir geti notið gengishagnaðar af afla sínum, og þeir, sem ráðnir eru upp á aflaverðlaun, skulu einnig njóta sama hagnaðar. Andvirði sjávarafurða stígur að sjálfsögðu við gengisbreytinguna, og ættu því hlutarmenn, sem undanfarin ár hafa oft haft mjög rýrar tekjur, að fá á þennan hátt verulegar kjarabætur. Síldarpremía togaraháseta ætti einnig að geta hækkað samkvæmt samningum um h. u. b. ½ eyri á mál.

Vera má, að spurt verði af einhverjum, hvers vegna þeir aðiljar einir saman, sem nefndir eru í frv., skuli fá kauphækkun, þegar bannað er að hækka kaup allra annarra. Er því til að svara, að einmitt þessar stéttir hafa orðið harðast úti undanfarin ár vegna vandræða sjávarútvegsins og vaxandi atvinnuleysis. Og þó þeim sé ekki að öllu leyti bætt upp dýrtíðin, verður að vænta þess, að aukningin, sem sennilega verður í sjávarútveginum, ætti að geta bætt þeim skaðann að fullu.

Þó telja megi réttlætismál gagnvart sjávarútveginum að breyta gengi krónunnar, verður því eigi neitað, að með því eru lagðar byrðar á þjóðina. Til þess að ekki sæki aftur fljótlega í sama horf fyrir útveginum, þarf að hafa hemil á dýrtíðinni. Í frv. er bannað að hækka húsaleigu til 14. maí 1940. Eflaust væri nauðsyn á að sjá um, að húsaleigan hækkaði eigi heldur að þeim tíma loknum. Slíkar ráðstafanir geta dregið úr byggingarframkvæmdum einstaklinga, og hefir Alþfl. í því tilefni fengið loforð ríkisstjórnar og Framsfl. fyrir ½ millj. króna í styrk og lánum til byggingar verkamannabústaða í Rvík hvort árið 1939 og 1940, og tilsvarandi í öðrum kaupstöðum, sem leggja fram fé í byggingarsjóði. Þá er og yfirlýst, að lögunum um eftirlit með verðlagi verði beitt til hins allra ýtrasta, enda nauðsynlegt vegna almennings, að ekkert verði látið ógert til að halda dýrtíðinni í skefjum. Enn hefir Alþfl. fengið yfirlýsingu frá Framsfl. um, að ekki verði á fjárlögum dregið úr verklegum framkvæmdum né framlagi til atvinnubóta, og ennfremur, að óbeinir tollar verði ekki auknir umfram það, sem nú er í frv. þeim, er fyrir liggja. Ætti þetta allt að verða til öryggis fyrir hina lægra launuðu stéttir, sem jafnframt eiga að hafa gagn af væntanlegri atvinnuaukningu.

Þegar gripið er til slíkra ráðstafana, sem gert er ráð fyrir í frv., verður að gera þá kröfu til útgerðarmanna, að þeir geri allt, er í þeirra valdi stendur, til að koma útgerðinni í það horf, að hún geti borið sig, bæði með því að gæta allrar hagsýni og sparsemi í rekstrinum, og ekki síst á þann hátt að efna til sameiginlegra innkaupa fyrir alla útgerð landsmanna á öllum helztu nauðsynjum útgerðarinnar, svo sem olíu, kolum, salti og veiðarfærum. Við höfum á þessum síðustu tímum mátt horfa upp á það, að einstök verzlunarfyrirtæki og einstaklingar hafa bókstaflega rakað saman stórfé á því að selja vörur til útgerðarinnar, á sama tíma og útgerðin hefir stórtapað. Þessir alóþörfu milliliðir, sem eru afætur á útgerðinni, verða að hverfa.

Gengisbreytingin getur varla verið annað en bráðabirgðalausn, og framtíð útvegsins getur ekki byggzt á henni einni saman. Til hennar má ekki grípa nema í ýtrustu nauðsyn, eins og hér er lagt til. Með henni er útgerðarmönnum gefið færi á að koma útgerðinni á heilbrigðan grundvöll, og þeir verða þess vegna að leggja fram alla krafta sína til þess, að svo megi verða. Krónuna á að stöðva á því verði, sem í frv. er lagt til, en jafnframt verður að stöðva töp útgerðarinnar.

Þó svo sé komið hér í Reykjavík, að bæjarbúar lifi ekki nú orðið nema að litlu leyti á sjávarútvegi, þá er langmestur hluti útflutnings okkar úr sjónum. Án útflutnings kemur enginn gjaldeyrir til landsins. Allur atvinnurekstur þarf einhvern gjaldeyri og getur ekki án hans starfað. Sjávarútvegurinn er þannig grundvöllur undir öllum öðrum atvinnuvegum landsmanna. Stöðvun eða hrörnun sjávarútvegsins myndi orsaka stöðvun eða hrörnun annarra atvinnuvega. Engin getur því sagt, að mál hans séu sér óviðkomandi.

Menn greinast sem von er til í flokka um gengismálið, og raunar ekki eftir stjórnmálafl., því að innan hvers einstaks stjórnmálaflokks í landinu ríkja hinar gagnstæðustu skoðanir um málið. Einkum mun andstaða gegn gengisbreytingunni vera mikil hér í Reykjavík. Úti um landið í sjávarþorpunum, þar sem menn lifa á sjávarútvegi, er skilningur manna á þessu máli hinsvegar miklu meiri. Útgerðarmálin eru þar nærstæðari hugum manna, og menn litu ekki björtum augum á framtíð útgerðarinnar í haust.

Sameiginleg yfirlýsing fulltrúa Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. í milliþinganefnd sjávarútvegsmála um, að nauðsyn bæri til að styrkja sjávarútveginn, vakti því mikla ánægju á meðal manna í sjávarplássum úti á landi. Þetta vakti vonir hjá mönnum, og allmjörg skip, sem annars hefðu staðið uppi, voru gerð út á yfirstandandi vertíð. Yfirlýsing þessi ein saman hefir þannig örvað atvinnulífið frá því, sem annars hefði verið, en eftir hinum lofuðu ráðstöfunum hafa menn síðan beðið með eftirvæntingu.

Síðan í þingbyrjun hafa menn svo sífellt verið að spyrja, hvað málum sjávarútvegsins liði. Ýmsir hafa verið orðnir vondaufir um nokkurn árangur.

Fjöldi manns átti alla afkomu sína undir, að lausn fengist á máli þessu, og margir voru að missa þolinmæðina. Eftir hina sameiginlegu yfirlýsingu þessara þriggja flokka hefði það orðið mikill álitshnekkir fyrir þingræðið í landinu, ef ekki hefði náðst samkomulag um lausn málsins. Ég tel lausn þá, sem lögð er til í frv., eftir atvikum mjög viðunandi fyrir umbjóðendur Alþfl., enda var hún sú eina, er þingræðislegt samkomulag náðist um. Ég hefi þá vissu trú, að þegar farið er að ræða málið frá báðum hliðum í blöðunum, en ekki eingöngu, eins og gert hefir verið, aðeins með öfgum og blekkingum, muni menn sannfærast um, að þetta var það eina rétta, sem hægt var að gera í málinu, og ég vona, að reynslan eigi eftir að sanna þetta.

*Pétur Ottesen: Við Íslendingar eigum við það að búa, og e. t. v. í miklu ríkara mæli en

aðrar stærri og ríkari þjóðir, að það veltur á ýmsu um afkomu alls almennings í landinu. Það liggja náttúrlega margar orsakir til þess, hvað öryggið í þessum efnum hjá okkur er valt. Það kemur m. a. til af því, að við búum hér við erfið náttúruskilyrði, og okkar afkoma byggist alveg á því, hvernig okkur tekst að hagnýta þau gæði, sem felast í sjónum við strendur landsins og í íslenzkri gróðurmold. Þetta er allt misbrestasamt með framleiðsluna, auk þess, sem því er ekki að leyna, að með hagnýtingu þessara gæða hefir tekizt upp og niður. En það er okkur alveg ljóst, Íslendingum, að allt er undir því komið, hvort okkur tekst að láta atvinnuvegina bera sig og svara þeim arði, sem nauðsynlegur er til þess, að við getum notað þau gæði, sem náttúran færir okkur upp í hendurnar. Nú er kunnugt, að á undanförnum árum hefir hallað ákaflega mikið undan fæti hjá þeim mönnum, sem bera hita og þunga atvinnurekstrarins hér á landi, og þá ekki síður hvað snertir sjávarútveginn, þann atvinnuveginn, sem leggur þjóðarbúinu til mestan gjaldeyri og utanríkisverzlunin stendur mest á. Ég álít, að velti mest á því, af því að sá atvinnurekstur leggur fram svo mikinn meiri hluta af þeim verðmætum, sem við þurfum til þess að halda okkar þjóðarbúskap uppi, eins og við nú rekum hann, til þess að við getum fullnægt þeim kröfum um lífnaðarhætti, sem við höfum vanið okkur á, og staðið við okkar skuldbindingar gagnvart öðrum þjóðum, sem við höfum gert og orðið að gera til þess að efla framtak og framkvæmdir í þessu landi. En eins og ég sagði áðan, hefir fyrir þessari grein atvinnurekstrarins ákaflega hallað undan fæti á undanförnum árum. Þetta hefir okkur að vísu verið ljóst. Og það hefir verið ýms viðleitni sýnd til þess að reyna að mæta þessu hruni sjávarútvegsins, þótt árangur hafi ekki náðst, enda ekki svo á þeim málum tekið sem vera þurfti. Því að atvinnuleysinu, sem skapazt hefir við það, að sjávarútvegurinn hefir gengið saman, hefir verið reynt að bæta úr með því að veita stórar fjárfúlgur úr ríkissjóði og bæjarsjóðum til þess að fylla upp í þessi skörð og halda uppi atvinnurekstri, sem í flestum tilfellum er óarðbær atvinnurekstur. Munurinn á því að veita þetta fé beint til fólksins til matvöru- og nauðsynjakaupa, hefir í mörgum tilfellum orðið sáralítill, og eftirtekjan eftir því. Þessi leið er gersamlega ófær til þess að fylla upp í skörðin, sem leiðir af því, að úr atvinnurekstrinum dregur. Við verðum algerlega að hverfa út af þessari braut, vegna þess að í þessum efnum erum við á hættulegum villigötum. Á síðasta Alþingi var skipuð milliþn. til þess að athuga afkomu togaraútgerðarinnar. Þá þótti í svo óvænt efni komið hvað þetta snerti, að lengur mætti ekki láta undir höfuð leggjast að fara að kynna sér til hlítar orsakir þess ófarnaðar, að atvinnuvegurinn var að hrynja til grunna, og jafnframt leita að leiðum til þess að snúa aftur á þeirri háskalegu braut. Það var fyrir sérstakar ástæður, að ég fór í þá n., sem hafði rannsókn þessara mála með höndum. Það var vegna þess, að annar sjálfstæðismannanna í n. varð að vera langdvölum erlendis, og tók ég því hans sæti í n. Við þá athugun, sem fram fór í n., ekki aðeins á hag stórútgerðarinnar, heldur líka í sambandi við þá athugun, sem við reyndum að gera á sjávarútveginum í heild, þá staðfestist það alveg fyrir mér, sem ég raunar hafði fullkomið hugboð um áður, að hér væri komið í svo óvænt efni, að frágangssök væri að halda uppi okkar þjóðarbúskap í líkingu við það, sem verið hefir undanfarið, nema gerbreytt yrði öllu viðhorfi í þessu efni. Um þetta voru allir nm. algerlega sammála. Verkefni n. var því aðallega, auk þess sem gerð hefir verið allfróðleg skýrsla um afkomu togaraútgerðarinnar, að leita að leiðum, sem við gætum bent á, að líklegar væru til þess, að hér yrðu bætur á ráðnar, taprekstrinn stöðvaður og atvinnurekstrinum aftur komið inn á þá braut, að hann gæti borið sig þannig, að hann gæti byggt sjálfan sig upp og þannig mætt þeim atvinnuskilyrðum, sem framtíð þjóðarinnar krefst.

Við athugun á þessu voru það aðallega 2 leiðir, sem talað var um í n. Önnur leiðin var sú, að viðurkenna það fall íslenzkra peninga, sem orðið er sem bein afleiðing af því, hvernig atvinnuvegirnir hafa brunið hjá okkur undanfarin ár, — gera þetta til hagsbóta fyrir útgerðina og aðra framleiðendur. Hin leiðin var að afla með einhverju móti allmikils fjár, sem útgerðinni og framleiðendum í landinu væri svo veitt sem nokkurskonar styrkur til viðhalds sinni afkomu. Það voru ekki aðrar höfuðleiðir, sem talað var um í n., en þessar tvær, og í þeim umr., sem fram hafa farið um þetta síðan, þá ætla ég, að aðalatriðin séu ekki annað en þessar tvær leiðir, sem menn hafa fest huga sinn við. Mér fyrir mitt leyti blandast ekki hugur um, að sú leiðin, sem er langsamlega líklegust til þess að bera árangur í þessu efni, er að viðurkenna fall íslenzkra peninga til hagsbóta fyrir atvinnuvegina, því að við vitum, að bein ástæða til þeirra þrenginga, sem skapazt hafa hér á landi við hrun atvinnuveganna, er það, að með valdboði hefir verið tekið af framleiðendum það verðmæti, sem þeir hafa fengið fyrir framleiðslu sína, og þeim borgað samkvæmt valdboði 22,15 kr. fyrir sterlingspundið, en það er sú erlenda mynt, sem reiknað er í það verð, sem við fáum fyrir okkar afurðir. Það er tekið af þeim fyrir þetta verð, þó að í frjálsum viðskiptum sé til grundvöllur til að selja þennan gjaldeyri fyrir miklu hærra verð en þessu nemur. Mér er sagt, að að því, er sala hefir farið framhjá bönkunum, sem mun vera í stærri stíl en menn hafa almennt gert sér hugmynd um, þá muni sterlingspundið vera selt upp undir 30 kr. og í sumum tilfellum upp undir 40 kr. Af þessu má greinilega sjá, þar sem grundvöllur er til fyrir því að geta selt gjaldeyrinn fyrir þetta verð, hversu hlutur framleiðenda hefir verið gífurlega skertur undanfarin ár, þegar hann hefir verið af þeim tekinn með þessu valdboði og ekki greitt fyrir hann nema nokkur hluti af því verðmæti, sem fáanlegt var fyrir hann í frjálsri sölu. Með þessum hætti hafa þessir framleiðendur verið stórkostlega skattlagðir umfram alla aðra borgara þessa þjóðfélags, þessir menn, sem að þessari framleiðslu standa

við sjó og í sveit, sem allt veltur á, hversu afkoma þjóðarinnar er á hverjum tíma. Þetta hefir því ekki aðeins bitnað á þessum mönnum, þó að það hafi vitanlega komið harkalegast niður á þeim, þannig að margir, sem áður voru vel stæðir menn og ráku útgerð með miklum myndarskap og dugnaði, hafa tapað eignum sínum vegna þessarar breyt., sem orðið hefir í þjóðfélaginu, heldur hefir þetta vitanlega bitnað á þjóðfélaginu í heild.

Þegar svona er komið, þarf vitanlega stór átök, ef unnt á að vera að kippa öllu í lag. Og það fyrsta til, að slíkt megi verða, er, að fólkið hafi skilning og greind til að snúast á réttan hátt við þeim staðreyndum, sem við höfum nú fyrir framan okkur. Og það er engum minnsta vafa undirorpið, þegar slík röskun sem þessi er komin inn í okkar þjóðfélag, að einasta leiðin til að lagfæra þetta er sú, að viðurkenna það gengisfall, sem orðið hefir á íslenzkri krónu, viðurkenna það með réttlátri skráningu krónunnar til hagsbóta fyrir atvinnuvegina í landinu. Það er ekki nein önnur leið til að rétta þetta. Hin leiðin er að leggja nýja skatta og tolla á allar vörur, sem fluttar eru til landsins. Því hefir verið lýst yfir, að búið sé að spenna bogann svo hátt sem nokkur kostur er á, og þó líklega nokkru meira, því að ég hygg, að svo langt sé komið skattpíningu hér á landi, að jafnvel sé farið að draga mátt úr okkar aðalliftaug, sem er sjálfbjargarviðleitnin í landinu, og því eigi hægt að höggva oftar í þann knérunn.

Það komu fram frá fulltrúa jafnaðarmanna till. til tekjuöflunar. Annað var, að ríkið tæki í sínar hendur alla utanríkisverzlunina og verzlunarágóðinn væri svo veittur sem styrkur til atvinnurekendanna; hitt var að leggja á tolla, og þá vitanlega á allar nauðsynjar landsmanna, því að þær allmörgu milljónir, sem hefði orðið að afla, hefðu vitanlega orðið að dreifast yfir á þessa skattstofna. Ég sé því ekki annað en að hvor þessara leiða, sem hefði verið valin, hefði borið að þeim sama brunni, að dýrtíðin hefði aukizt í landinu, þó með þeim mun, að þetta hefði komið á miklu meiri dýrtíð og alvarlegri þrengingum heldur en gengislækkun mundi gera, því að með gengislækkun er viðurkenndur réttur framleiðendanna til þess gjaldeyris, sem þeir afla, eins og gert er með þessu frv., og fá þeir þar með nýja hvöt til þess að draga ekki af sér þrátt fyrir alla erfiðleika, sem þeir eiga við að búa, og það hafa þeir sannarlega ekki gert. Á þessum tveimur aðferðum er því sá munur, sem í mínum augum er ákaflega mikill, að með gengislækkun er viðurkenndur réttur framleiðenda og þeir hvattir til dáðríkra starfa, en í styrkveitingaleiðinni felst engin slík hvöt.

Þá má ennfremur benda á það, sem ég sagði áðan um, hvað gífurlega framleiðendur hefðu verið skattlagðir, vegna þess, hvað hátt gengið hefði verið á krónunni. Þeir hafa orðið að leggja fram þann gjaldeyri, sem hefir þurft til allra innkaupa til landsins, sem nú er um 50 millj. kr. Samkvæmt þeirri gengisskráningu, sem hér er nú till. um, hafa þeir á undanförnum árum því orðið að greiða 20%, ⅕ hluta, af öllu því verðmæti, sem hefir verið flutt inn í landið. Nokkurn hluta af því hefðu þeir vitanlega orðið að greiða vegna dýrari innkaupa á sínum nauðsynjum, en það hefði þó aldrei numið nema sennilega helmingi þess fjár, sem hefir verið af þeim tekið með þessum hætti. Ennfremur má benda á þann gjaldeyri, sem þeir hafa orðið að leggja fram til greiðslu vaxta og afborgana af skuldum ríkissjóðs. Þar hafa þeir verið skattlagðir alveg sérstaklega um 20—22% af því, sem ríkið hefir varið árlega til að greiða vexti og afborganir erlendis, sem munu vera fullar 3 millj. kr. Þetta kemur til viðbótar við alla aðra skatta, sem þessir atvinnuvegir hafa orðið að greiða. Hér við bætist svo enn, að við greiðslu útsvara hafa þeir verið skattlagðir á sama hátt um 1200 þús. kr. vegna afborgana, sem bæjar- og sveitarfélög hafa orðið að greiða af sínum erlendu lánum, og til viðbótar við 6—8 % vexti, sem þeir verða að borga til bankanna — en það ætla ég, að vextirnir séu í bönkunum, þegar með er talið stimpilgjald, sérstaklega af víxilviðskiptum —, þá hafa þeir orðið að borga bönkunum 20 % af þeim 2700 þús. kr., sem bankarnir verða að borga í vexti og afborganir erlendis.

Af öllu því, sem ég hefi nú skýrt frá, má það því vera lýðum ljóst, að eigi er undarlegt, þó að atvinnurekendur þessa lands hafi eigi getað rönd við reist undanfarin ár, þar sem þeir hafa verið svo gífurlega skattlagðir umfram alla aðra borgara landsins, og það á þeim árum, sem þeir hafa átt við að stríða aflabrest og sölutregðu og lágt verð, sérstaklega á saltfiskinum. Það er því ekki nema eðlilegt, að atvinnuvegirnir séu komnir í þær rústir, sem þeir eru nú í. En þrátt fyrir allt þetta hafa atvinnurekendurnir ekki viljað leggja árar í bát, og sýnir það þann kraft og kjark og þann dugnað, sem í þeim býr, að þeir skuli ekki alveg hafa misst móðinn, þegar þeir hafa haft við slík kjör að búa, sem áreiðanlega þýddi ekki að bjóða neinum öðrum atvinnurekendum upp á. Þetta sýnir, að ekki er um neitt að sakast við þessa menn, þó að svona sé komið, þegar að þeim er búið með slíkum hætti sem þessum. Það er síður en svo. Þessir menn hafa fullkomlega lagt fram krafta sína, og ég vil segja, að hlutskipti þessara manna er auk þess, sem ég nú hefi greint, eitthvert það allra erfiðasta sem þekkist. Það vita þeir, sem þekkja þau kjör og kringumstæður, sem sjómenn hér í kringum Faxaflóa eiga við að búa. Þar telst vertíðin hefjast um áramót. Klukkan 12 á miðnætti leggja sjómennirnir út á bátum sínum í því svartasta náttmyrkri, sem til er á þessu hveli jarðar. Þá sigla þeir 2—3—4 tíma beint til hafs. Þar leggja þeir lóðir sínar og verða að liggja þar hverju sem viðrar og hvað sem upp á kemur, þar til birtir af degi; fyrr er ekki hægt að draga lóðina. Þeir koma til lands undir kvöld. Þá er aflanum komið á land og svo lagt af stað undir eins aftur. Þetta eru nú þau kjör, sem íslenzkir sjómenn, sem margir eru útgerðarmenn líka, eiga við að búa, sem sýnir bezt, að sjósóknin hér og fisköflun er ekki tekin með sitjandi sælunni.

En þegar hrun er í útgerðinni, eins og nú hefir því miður verið, — hvert er þá hlutskipti þessara manna, þegar þeir, eftir að hafa lagt fram

sína ýtrustu krafta, koma í bankana og sýna reikninga með tapi? Þá verða þeir að skriða flatir fyrir stjórnendum bankanna til að biðja þá um *ný lán til þess að fá að halda áfram* undir þessum glæsilegu kringumstæðum, sem þessir menn lifa við. Þeir verða að taka á móti því sem *einhverju náðarbrauði, þessir menn, ef* þeir geta kriað út eitthvert lán til að fá að byrja sömu baráttuna enn á ný, til þess að mega enn á ný leggja líf sitt í hættu úti á reginhafi í roki og myrkri og byl. Þetta eru kjör þessara manna. Ég hefi oft verið í för með þeim til bankana og segi það ekki öðruvísi en það er. Í þessu felst enginn áfellisdómur á þá, sem stjórna bönkunum, þó að þeir séu tregir til að lána þeim, sem gengur svona illa fyrir. Þeir eiga að lána sparifé landsmanna og eiga að gæta hagsmuna þeirra, sem hafa falið bönkunum sitt fé til ávöxtunar. En þegar komið er fyrir framleiðendum þessa lands eins og ég hefi nú lýst, þá verður að viðurkenna rétt þeirra til þess gjaldeyris, sem þeir afla, og fá þeim hann til ráðstöfunar. Hér er lagt til, að sterlingspundið verði skráð á 27 krónur. Það hefir verið farið fram á 30 krónur, og ætla ég, að þeir, sem það vildu, hafi haft mikið til síns máls, að gera slíkar kröfur, þótt ekki hafi verið talið fært að ganga lengra. Þessar ráðstafanir og aðrar, sem þessu verða að fylgja, geta orðið til mikilla hagsbóta.

Mér þykir ekki ástæða til að fara frekar út í þetta mál að öðru leyti en að taka það fram, að samfara því, sem þessar ráðstafanir eru gerðar, verður að draga úr útgjöldum ríkis og bæjarfélaga og sníða yfirleitt alla okkar lifnaðarhætti eftir því erfiða ástandi, sem við eigum nú við að búa, og kem ég þá að því aftur, sem ég sagði í upphafi, að það viðreisnarstarf, *sem hér á nú að byrja, grundvallast fyrst og* fremst á því, hversu ríkan skilning fólkið hefir á því ástandi, sem við eigum nú við að búa. Við skulum vona, að þjóðin sé gædd þeirri dómgreind og þeim skilningi, að allir reyni að taka höndum saman um að greiða götu okkar lífsbjargar sem allra bezt, svo að við getum notið og skipt á milli okkar þeim gæðum, sem hér eru, og örvað alla krafta þessa lands til að hagnýta þessi gæði. En tryggasta leiðin til að örva þessi öfl er að viðurkenna með þeim hætti, sem hér er lagt til, umráðarétt framleiðendanna yfir sínni eigin vöru, sinni eigin framleiðslu.

***Héðinn Valdimarsson:** Þá er nú loksins komið þetta frv. um gengislækkun, sem svo lengi hefir verið búizt við. Vil ég fyrst minnast á það í sambandi við, hvernig það hefir verið undirbúið.

N., sem starfaði að þessum málum, hafði lokið störfum sínum fyrir þing, en nál. er fyrst útbýtt nú á þessum fundi. Það hefir ekki mátt ræða málið í blöðum eða á fundum og hvergi fyrr en málinu er dembt fyrirvaralaust hér inn í d. Það hefir ekki mátt sýna þetta plagg fyrr en málinu er skellt á, og ber það ekki vott um góða samvizku.

Í öðru lagi hefir mikið verið talað um það, að ekki mundi vera gengið að því að lækka gengi krónunnar, nema svokölluð þjóðstjórn yrði mynduð af Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl. En eftir þá yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf, þá er ekki ennþá fenginn grundvöllur fyrir myndun þeirrar stjórnar, og þó kemur þetta frv. fram. Og þá er mér spurn: Hvernig stendur á, að þetta frv. er ekki komið fram fyrr? Hvers vegna gat það ekki komið fram fyrr? Hvers vegna að draga það fram á síðustu daga fyrir páska? Standa allir þessir flokkar að þessu frv. sem flokkar, eða eru það þeir einstöku þm., sem bera frv. fram. Kemur það væntanlega í ljós í umr.

Það er mikið talað um að bæta kjör sjávarútvegsins, og eru sjálfsagt allir sammála um, að það væri vel, ef svo væri hægt, sérstaklega togaraútgerðarinnar. En það, sem hér er verið að gera, er annað og miklu meira en að bæta hennar kjör. Það er verið að ráðast aftan að öllum launþegum í landinu, stela 22% af launum þeirra, svíkja þá um 22%, án þess að bera það undir nokkra aðra en þá fáu menn, sem setið hafa hér á fundum, ýmist á Hótel Borg eða þá hér í hinu háa Alþingi.

Ég hefi ekki haft tíma til að lesa grg. frv., því að svo mikið lá á að koma málinu áfram, að veita þurfti margföld afbrigði, svo að þm. gátu ekki einu sinni lesið frv., en eftir ræðum þeirra, sem hér hafa talað, lítur út fyrir, að tap á togaraútgerðinni hafi að undanförnu verið um 1 millj. kr. á ári. Ég verð því að segja, að það er hastarlegt, að vegna taps, sem þó er ekki talið nema meiru en hundruðum þúsunda, skuli eiga að taka milljónir og velta því yfir á aðra, og sjávarútveginn líka, sem þetta er þó talið gert fyrir, því að hinn innlendi kostnaður, sem hann þarf að greiða, svo sem vinnulaun o. fl., hlýtur að hækka að miklum mun og vega fyllilega á móti þeim kjarabótum, sem þessar ráðstafanir eiga að vera fyrir útveginn. Annars veit ég ekki, hvaða ráðstafanir eru hugsaðar í sambandi við þetta mál aðrar og meiri en þær að stela 22% af launum landsmanna. Það má svo sem vel vera, að setja eigi upp ríkislögreglu samhliða þessum ráðstöfunum svona til þess að kóróna allt saman. Annars má óhætt fullyrða, að sú stétt manna í landinu, sem kemur til með að hafa mest gagn af þessum ráðstöfunum, er stétt sú, sem fer með gjaldþrota togaraútgerðarfyrirtæki.

Háttv. þm. Borgf. hefir með mörgum og háværum orðum útmálað það, hversu mjög útgerðarmennirnir legðu sig fram um að útvega hinn erlenda gjaldeyri, hvílíka þjóðþrifastétt þar væri um að ræða. Úr því að farið er að tala um þjóðþrifastéttir í þjóðfélaginu, þá vil ég í því sambandi minna á hið mikla þjóðþrifastarf, sem sum verzlunarfyrirtæki landsins hafa leyst af höndum nú á hinum síðustu og verstu tímum, og vil ég því til sönnunar minna á hin miklu innkaup á matvörum og kolum, sem sum firmu gerðu síðastl. haust, þegar stríðshættan var sem mest. En eins og kunnugt er, þá var það eini undirbúningurinn, sem stjórnin gerði í sept. síðastl. vegna hinnar alvarlegu stríðshættu, að hún gekk hér á milli nokkurra verzlunarfyrirtækja og bað þau um að nota lánstraust sitt erlendis til hins ýtrasta og slá um kol og fleiri nauðsynjavörur eftir því, sem föng

voru til. Varð þetta til þess, að útvegað var allmikið af vörum upp á svo langa „krít“, að sumt af þeim á jafnvel ekki að greiðast fyrr en í sumar. Þetta eru svo launin, að komið er aftan að þessum sömu mönnum og þeir látnir tapa stórfé fyrir það eitt, að þeir urðu við beiðni stjórnarvaldanna um það að birgja landið upp með nauðsynjavörum á hinum alvarlegustu tímum Þá eru og hér engin ákvæði um gengisjöfnunarsjóð eða neitt slíkt, sem jafnan þarf að vera fyrir hendi, þegar um gengisbreytingar er að ræða Það er allt á sömu bókina lært, eintómt fálm og ráðleysi. Þá er og ein hlið þessa máls, sem ekki hefir neitt verið minnzt á, en það eru hin miklu lánstrausts- og álitsspjöll, sem lög þessi koma til með að hafa fyrir landið á erlendum vettvangi. Ég vil því leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til stjórnarinnar, hvort hún hafi gert nokkrar ráðstafanir í þessu efni, hvort hún hafi gert nokkuð í þá átt að draga úr áhrifum þessara laga á traust landsins erlendis. Um þetta óska ég svars.

Eins og kunnugt er, þá hefi ég bent á aðrar leiðir til úrbóta á því ástandi, sem hér hefir skapazt hin síðari ár og nú ætlar allt að sliga, en stjórnin hefir ekkert sinnt þeim, ekki svo mikið sem spurzt fyrir um lánsmöguleika erlendis, hvað þá meir. Hér er þó að ræða um mál, sem snertir allan almenning, því að verðhækkun á nauðsynjavörum manna er óumflýjanleg; hljóta þessar ráðstafanir því að hitta bændur, og það jafnt austur í Rangárvalla- og Árnessýslu sem uppi í Borgarfirði, að ég nú ekki tali um verkamannastéttina.

Í stað þess að tala um sjávarútveginn sem einhverja höfuðskepnu, sem allt byggist á, væri ekki úr vegi að benda á verkafólkið, sem vinnur að framleiðslunni; undir því er ekki minna komið en þeim, sem fyrirtækjunum stjórna. Í frv. er ákvæði um það, að kaup megi almennt ekki hækka til 1. apríl 1940, en sú hækkun, sem komið getur til greina hjá ófaglærðu fólki í ár, á að miðast við þá hækkun vöruverðs, sem verður frá 11. apríl til 1. júlí í ár. Getur því engin hækkun á kaupi komið til greina fyrr en 1. júlí n. k., og þá því aðeins, að meðalframfærslukostnaður hafi hækkað meira en 5%, miðað við hliðstæðan kostnað mánuðina jan.—marz þ. á, — þá getur kaup ófaglærðs fólks hækkað sem nemur ½ þeirrar hækkunar, alls ekki meira, fyrr en þá að hækkunin er komin yfir 10%, þá getur kauphækkunin numið ⅔ hlutum á móts við hækkun framfærslukostnaðarins.

Hv. þm. Ísaf. fór að minnast á verkalýðsfélagið Dagsbrún og þóttist vera að vinna fyrir það. Út af þessum ummælum hv. þm. vil ég nota tækifærið til þess að skýra honum frá því, að öll ráð hans eru fyrirlitin í því félagi, sem ekki er að ófyrirsynju, þar sem hann er ekki aðeins svikari við verkalýðinn hér í Reykjavík, heldur og svikari við allan verkalýð landsins. (Forseti hringir).

Það er svo sem óþarfi að taka það fram, eða ætti að vera það a. m. k., að þessi nákvæmi útreikningur á launum manna og jafnvel heilla stétta er bara helber vitleysa, því að laun manna hljóta jafnan að miðast við það eitt, hvað fólkið kemst af með minnst til þess að geta dregið fram lífið, svo fremi sem ekki er beinlínis fasistisk stjórn. Annars er það undarlegt, að þeir menn, sem telja sig vera að berjast fyrir umbótum á kjörum verkalýðsins, skuli koma fram með þessar kauplækkunartillögur og takmarkanir, því að hér liggja alls ekki fyrir neinar sannanir eða vonir um aukna atvinnu, sem gætu að einhverju leyti réttlætt þessar ráðstafanir. Sé t. d. litið til ísfisksveiðanna, þá er sá „kvóti“ alveg fullnotaður, svo að ekki getur verið um að ræða atvinnuaukningu við þær. Hinu sama máli gegnir um saltfiskinn, hann er að kalla óseljandi umfram það, sem var síðastl. ár. Norðmenn hafa t. d. að mestu yfirtekið markaðinn í Portúgal og birgt þar upp með saltfisk, sem dugir a. m. k. í eitt ár. Mér er því alls ekki ljóst, hvernig hér getur verið um hugsanlega atvinnuaukningu að ræða. Það liggur miklu nær að álykta, að fram undan sé atvinnurýrnun. Þá getur þetta ekki orðið til þess að hvetja menn til þess að ráðast í byggingar, þar sem allt byggingarefni hlýtur að hækka um 22%. Nei, allt þetta bull um atvinnuaukningu af völdum gengislækkunarinnar er því bara fals og ekkert annað, sett fram til þess eins að reyna að villa mönnum sýn.

Af því, sem ég nú hefi tekið fram, og sömuleiðis sakir þess, að forsendur þær, sem hæstv. atvmrh. lagði til grundvallar fyrir málflutningi sínum, voru svo óljósar, að ekki verður á þeim byggt sem grundvelli fyrir slíkum ráðstöfunum sem þessum, þá leyfi ég mér að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

„Þar sem neðri deild Alþingis hefir vantraust á núverandi stjórn, telur deildin ekki rétt að afgreiða á þinginu mál, er gera stórfellda röskun á fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, meðan hún situr við völd, og vísar því frv. til l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Héðinn Valdimarsson. Ísl. Högnason.
Einar Olgeirsson.“

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vil aðeins með nokkrum orðum svara hv. 3. þm. Reykv. Hann breiddi sig allmjög út yfir það, hversu allur undirbúningur þessa máls hefði verið með mikilli leynd. Já, öllu er nú hægt að slá fram. Að halda því fram, að allur undirbúningur þessa máls hafi verið með hinni mestu leynd er vitanlega hin mesta fjarstæða. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mikið hefir verið rætt, bæði í ár og síðastl. ár, um kjarabætur til handa sjávarútveginum, og hefir ekki verið rætt um nema tvær leiðir, gengislækkun eða útflutningsverðlaun. Þetta hefir bæði verið rætt í blöðum og á mannfundum. Hitt er annað mál, þó að það hafi ekki komið ákveðið fram, hvor leiðin yrði farin, enda mun það hvergi venja að tala opinberlega og ákveðið um gengislækkun, slík óvarfærni myndi geta haft hinar alvarlegustu afleiðingar, því að eins og vitað er, gripur fólk til ýmissa ráðstafana, þegar það á fastákveðið von gengislækkunar, — ráðstafana, sem geta haft hinar hættulegustu afleiðingar fyrir viðskiptalífið. Það mun því ekki dæmi þess, að

nokkur þjóð, sem fellt hefir gjaldeyri sinn, hafi tilkynnt það ákveðið áður. Þvert á móti hefir það oft átt sér stað, að því hefir verið lýst yfir, að allur orðrómur um gengislækkun hafi ekki við nein rök að styðjast, enda þótt gjaldeyririnn hafi kannske verið felldur litlu síðar. Með skírskotun til þessara ástæðna o. fl. óska ég því að fá mál þetta fram í dag, fellt eða samþykkt, svo að úr því verði hreint skorið, hvort fara eigi þessa leið til viðreisnar sjávarútveginum eða ekki.

Þá sagði hv. 3. þm. Reykv. meðal annars, að stjórnin hefði leikið ýmsa innflytjendur, meðal annars kolakaupmenn, mjög grátt síðastl. haust með því að fá þá til að flytja inn kol o. fl. upp á greiðslu síðar. Þetta raus hv. þm. eru firrur einar, því að sannleikurinn er sá, að það var stjórnin sjálf, sem lét gera nokkur innkaup á kolum; skaðist því einhver á kolakaupum vegna aðgerða ríkisstj., þá verða það ekki einstakir kaupsýslumenn.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um það, hvort líkur væru fyrir því, að gengið gæti staðið stöðugt hér eftir, og að ekki þyrfti að óttast nýjar gengisbreytingar. Hafi hv. þm. þá trú, að hægt sé að halda krónunni í núverandi gengi, þá hlýtur hann að skilja það, að ekki ætti að vera erfiðara að halda henni í 27 kr., miðað við sterlingspund, í stað 22.15, sem nú er.

Þá hélt þessi hv. þm. því fram, að með þessum ráðstöfunum væri alls ekki stefnt að því að hjálpa útgerðinni, heldur væri beinlínis verið að stela 22% af launum landsmanna. Þessi eða önnur slík ummæli eru vart svaraverð, þeim er kastað fram í augnabliksbræði, án minnstu athugunar um það, hvað verið er að segja. En sé þetta stuldur, hvað mættu þá framleiðendurnir segja, sem selt hafa gjaldeyrinn undanfarin ár, og það með sama verði nú og t. d. 1930, þegar fiskverðið var frá 108—160 kr. fyrir skippundið í stað 73—85 kr., sem fæst fyrir það nú. Dýrtíðarvísitalan var og hin sama 1929—30 og nú. Kaup verkamanna og sjómanna hefir og hækkað mikið frá þeim tíma, sem fiskverðið hefir lækkað um ca. 50%.

Það hefir áður verið gerð grein fyrir því, hve langt er gengið í frv. þessu til móts við sjómenn og verkamenn, svo að það verður aldrei nema lítið brot af þeirri verðhækkun, sem af verðlækkun krónunnar kann að leiða, sem lendir á þessum aðiljum, þar sem þeim er tryggð kauphækkun í hlutfalli við hækkandi verðlag á nauðsynjavörum, að ½ og⅔ hlutum, auk þess sem þessar ráðstafanir hljóta að hafa í för með sér aukna atvinnu fyrir hinar vinnandi stéttir. Mun ég því ekki fara frekar út í umræður um þessa hlið málsins.

Eitt var það og enn, sem þessi hv. þm. taldi, að fylgja myndi í kjölfar gengisbreytingarinnar, en það var, að hún myndi stórskaða lánstraust landsins erlendis. Þessu er því fyrst og fremst að svara, að ég veit ekki betur en að ýms lönd hafi gripið til þessa úrræðis, svo sem England, Danmörk o. fl., en það hefir aldrei heyrzt, að slíkt hafi orðið þeim til tjóns, heldur hafi það þvert á móti orðið þeim til góðs. Eins hygg ég að verði hér, og það mun sannast, að erlendis mun þetta yfirleitt verða talið okkur til gildis frekar en hitt, sem og ekki er að undra, þar sem þetta er beinlínis gert til þess að reyna að koma afkomu atvinnuveganna á réttan kjöl. Ég hræðist því ekkert dóm hinna erlendu fjármálamanna, sem þekkja til staðhátta hjá okkur og láta sér hag okkar einhverju skipta.

Þá var það og ein höfuðsynd stjórnarinnar í augum þessa hv. þm., að hún hefði látið undir höfuð leggjast að leitast fyrir erlendis um lánsmöguleika. Vil ég taka það fram, sem öllum hv. þm. er kunnugt, að ríkisstj. mun taka til yfirvegunar alla möguleika, sem fyrir liggja í þeim efnum, og notfæra sér þá, ef þeir skyldu reynast hagstæðir með tilliti til lántöku erlendis. [Fundarhlé.]

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Það er auðséð, að þeim þykir vissara að vera fjarverandi sumum hv. þm., enda er það vafalaust bezt fyrir þá, því að annars gæti e. t. v. eitthvað rifjazt upp fyrir þeim, sem óþægilegt er, í sambandi við mál það, er nú liggur hér fyrir, um þær ráðstafanir, sem Alþfl. og Framsfl. hafa áður lagt til, að gerðar væru. Sú spurning, sem fyrir liggur í sambandi við þetta frv., er, á hvern hátt eigi að leysa þau vandamál, sem að útgerðinni steðja, og á hverra kostnað.

Það er margbúið að sýna það og sanna, að hér á Íslandi er voldug stétt manna, sem hefir lifað mjög vel á útgerðinni, þótt útgerðin sjálf, eftir því, sem viss hluti reikninga hennar ber með sér, hafi alltaf tapað. Það er vitað, að þótt allt þetta vandræðaástand hafi átt að ríkja í stórútgerðinni, sem hv. þm. Borgf. var að lýsa svo átakanlega, þá eru þeir menn til í Reykjavík og víðar, er stjórna sumum stærstu útgerðarfyrirtækjum landsins, sem hafa lifað við góð kjör og há laun. Á undanförnum árum hefir þjóðin lagt þessum mönnum til rekstrar- og eyðslufé í ríkum mæli, þannig að bankarnir hafa hin síðustu 20 ár afskrifað tugi milljóna króna, mikils til sem töp á þessari útgerð. Ofan á allt þetta bætist, að nú skulda sum stærstu útgerðarfyrirtækin, sérstaklega Kveldúlfur, svo milljónum króna skiptir hjá ríkisbönkunum. Undanfarin þing og kosningar hefir deilan aðallega staðið um það, hvort í eitt skipti fyrir öll ætti að gera upp allt þetta sukk og sjá um að koma útgerðinni á hreinan og heilbrigðan grundvöll, eða halda áfram sama vitlausa rekstrinum í sama skuldafeninu og óreiðunni. Undanfarnar kosningar hefir þetta sífellt verið eitt aðalkappsmál Alþfl. og Framsfl. og það, sem um hefir verið barizt, að koma útgerðinni á réttan kjöl á einn eða annan hátt og gera upp óreiðufyrirtæki útgerðarinnar, þá fyrst og fremst Kveldúlf. Jafnframt hefir það verið álit manna í vissum flokkum, að til væri sá möguleiki til að bæta fyrir útgerðinni, að minnka þau háu laun og tekjur, sem einstaka menn, sem sé yfirstéttin hér í Reykjavík, hefir haft af útgerðinni beint og óbeint, ýmist af ríkisbúskapnum sem laun eða sem hagnað af verzlun. Spurningin er fyrst og fremst um það, hvað gera skuli fyrir útgerðina til að reisa hana við og á hverra kostnað, — á að taka kúfinn af þeim gróða, sem safnast

mönnum, sem sitja í landi og reka útgerðarfyrirtækin, eða á að lækka lífskjörin hjá fólkinu, sem vinnur að fiskinum, bæði á sjó og landi? Það er um þessar tvær leiðir að velja. Við fulltrúar Sósialistafl. og fulltrúar verkalýðsins í landinu höfum bent á, að fullir möguleikar eru fyrir hendi til þess að tryggja, að útgerðin geti borið sig og alþýðan geti búið við þau kjör, sem hún nú hefir, og jafnvel að þau færu heldur batnandi, en þeir, sem yrði að taka fé af til að tryggja það, eru þeir ríku í landinu. Hvað *eftir annað* höfum við sýnt og sannað, að til er sá auður og þær háu tekjur í landinu, að hægt er af að taka til að jafna upp hallann á útgerðinni og tryggja kjör alþýðunnar.

Með þeim skýrslum, sem ríkisstj. og n. hennar hafa safnað, er sannað, að þessir menn hér í Reykjavík hafa í árstekjur um 11 millj. kr. Það, sem þessir menn hafa fram yfir það, sem kalla má sæmileg laun, mun vera um 6 millj. kr. samtals. Hvað eftir annað hefir um það verið rætt, að hér í Reykjavík séu sviknar undan skatti *eitthvað um 20 millj. kr., án þess að verulegar* ráðastafanir hafi verið gerðar til að skattleggja þetta fé eða ná til þessara eigna. Það hefir verið sýnt fram á það af n., sem ríkisstj. skipaði, að einungis með því að lækka hálaunin hjá embættis- og bitlingamönnum hins opinbera mætti spara milljónir króna. Það er nægilegur auður hér til að tryggja, að ekki þyrfti að skerða lífskjör alþýðunnar, og tryggja um leið, að útgerðin gæti borið sig. Hér er barizt um, hvaða leið skuli fara, en þá koma þrír borgaralegu flokkarnir á Alþingi með frv. *um gengislækkun*, sem felur í sér þá stærstu réttindaskerðingu hins vinnandi lýðs í landinu, sem þekkzt hefir. Allt miðar að því að tryggja, að útgerðin geti haldið áfram í því feni, sem hún hefir verið í undanfarið. Í þessu frv. er ekki eitt einasta atriði, sem tryggir, að eftir framkvæmd gengislækkunarinnar fari ekki allt í sama farið aftur, svo þjóðin verði aftur að afskrifa aðrar 20 millj. í bönkunum.

Það er vitað, að nú skuldar eitt stórútgerðarfélag um 7 millj. kr. hjá Landsbankanum. Það er ekki fyrir það byggt með þessu frv., að slíkt sukk haldi áfram í meðferð fjár landsmanna. Þar er engin trygging sett fyrir því, að útgerðin verði rekin með skynsemi eftir þetta. Það er ekki séð um, að meira eftirlit verði haft með, að útgerðin verði rekin með meiri sparnaði eða að fyrirtækin reki togaraútgerðina í stærri stíl, — ekki ein einasta skynsamleg ráðstöfun gerð til að tryggja, að útgerðin geti borið sig, önnur en sú, að skera niður lífskjörin hjá alþýðunni í landinu. Skal *ég reikna þetta ofurlítið út*, þótt ekki liggi fyrir hendi áreiðanlegar tölur. Því er haldið fram í skýrslu nefndar, er þingið setti til að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar, að tap á útgerðinni árlega væri hátt á aðra millj. króna. Hvað er svo sá niðurskurður mikill, sem farið er fram á með þessari launalækkun? Því miður liggja ekki fyrir almennilegar skýrslur um tekjur launaþega í landinu. En ég hygg það ekki fjærri lagi að álykta, að ef tekjur allra landsmanna eru um 110 eða 120 *millj. kr. árlega, þá séu tekjur launaþega og* verkamanna ca. 40 millj. Ég skal hafa þann fyrirvara, að tölur þessar eru ekki nákvæmar, svo útkomunni getur skakkað nokkuð. Samt gefa þessar tölur nokkrar upplýsingar um, hverju miðað er að með frv. þessu. Ef það er rétt, að tekjur launaþega í landinu séu alls um 40 millj., verður dýrtíðaraukning sú, sem raunverulega verður launalækkun, ekki minni en 12%, þegar gengið er út frá 20% lækkun, og það er það vægasta, sem maður getur álitið, að flm. frv. reikni með. Þótt verkalýðurinn fái einhverja uppbót á þessu seinna á árinu, yrði það aldrei nema lítill hluti af hinni raunverulegu launalækkun, svo lækkunin alls mun áreiðanlega *nema ca. 3—4 millj. kr.* Því er sem sé verið að fara fram á með þessu frv. að lækka lífskjör hinna vinnandi stétta á Íslandi um meira en tapið á útgerðinni hefir verið. Það er auðséð, að það, sem hér er verið að gera, er fyrst og fremst harðvítug árás á kjör verkalýðsins og launaþegana í landinu, jafnframt því — eins og ég kem að síðar — að verið er að lækka að mun laun mikils hluta bænda.

Þessi árás er gerð með það fyrir augum að hlífa bröskurunum í stórútgerðarmannastéttinni við því að taka á sig *ábyrgðina og afleiðingarnar af braski sínu*, ekki einungis til að vinna upp tapið, sem orðið hefir undanfarin ár, heldur skapa líka gróða þeim til handa á kostnað hinna vinnandi stétta. Þessi árás er öll gerð án þess, að nokkuð sé gert af meiri hl. hér í þinginu til að knýja stórútgerðarmennina til að gera hreint fyrir sínum dyrum og koma útgerðinni á heil*brigðan og skynsamlegan grundvöll*.

Það lítur sannarlega kinduglega út, þegar einn af þeim, sem gerzt hafa flm. þessa frv., hv. þm. Borgf., er að tala hér með heilögum fjálgleik um erfiði sjómannanna, sem verði að vinna eins og þrælar myrkranna á milli, rétt eins og þetta frv. miðaði að einhverju leyti að því að bæta hag og rétt sjómannanna hér á Íslandi. Það er undarlegt, hvernig þessi hv. þm. og fleiri, sem talað hafa hér, tala um það, hverjir það séu, sem skapa auð með framleiðslu hér á Íslandi. Þeir *tala alltaf um framleiðendurna og að frv. sé til* hagsbóta fyrir framleiðendurna. Ég vil benda þessum hv. þm. á, þeim til athugunar, hverjir það eru, sem eru framleiðendurnir á Íslandi. Þeir virðast halda, að það séu stórútgerðarmennirnir, sem séu framleiðendurnir. Ég veit ekki til, að við sjáum þá framleiða annað en skuldirnar í bönkunum. Það eru þeir, sem vinna á sjónum, á togurunum og mótorbátunum, þeir, sem vinna við fiskinn í landi, þeir, sem koma honum út í skipin til að selja hann til útlanda, — *það eru þessir menn, sem eru framleiðendurnir*. Án þeirra yrði ekkert framleitt. Það væri hægt að framleiða fisk, þótt Kveldúlfur væri ekki til, en það væri ekki hægt að gera það án togarasjómannanna. Með þessu frv. er ráðizt á þá eiginlegu framleiðendur í þessu landi. Það þýðir lækkun lífskjara verkamanna og sjómanna, einkum togarasjómanna. Hvað er það svo, sem gerzt hefir hér á landi hjá togaraeigendunum? Ég vil varpa fram þeirri spurningu, hver hafi séð, að þessir togaraeigendur væru að sligast *undir tapinu á útgerðinni*? Ég veit ekki betur

en að forstjóri stærsta togaraútgerðarfélagsins hér í Reykjavík, Richard Thors, hafi verið að byggja sér eina „villuna“ enn hér í Reykjavík, þótt hann muni hafa átt aðra fyrir, og svo hefir mér verið sagt, að byggð hafi verið yfir þessa sömu bræður „luxusvilla“ á Hjalteyri. Sýnir þetta, hvernig þeir eru að sligast undir útgerðinni? Er þetta hörmungarástandið, sem hv. þm. Borgf. lýsti sem hlutskipti þeirra? Hv. þm. ætti að líta til þess, hvernig alþýðan í Reykjavík lifir, sú alþýða, sem á að fara að lækka kjörin hjá. Hv. þm. Borgf. sagði, að hvergi í heiminum væri atvinnurekendum boðið upp á annað eins og hér á Íslandi. Já, það eru meiri ósköpin, sem þeim er boðið upp á, togaraeigendunum í Reykjavík. Hv. þm. ætti að hugsa sig betur um, áður en hann segir, að þeir séu skattlagðir um fram alla aðra ríkisborgara. Á síðasta þingi voru samþykkt lög, sem losa togaraútgerðina svo að segja við alla skatta. Nei, þeir, sem bera hita og þunga af útgerðinni, eru þeir, sem vinna við hana, þræla sína 16 tíma í sólarhring og jafnvel lengur á sumrin. Það er ekki verið að hjálpa þessum mönnum með því frv., sem hér liggur fyrir. Það er verið að tryggja, að ekki sé hægt að bæta lífskjör þeirra. Það var öðruvísi hljóðið í þessum hv. þm. og öðrum, þegar var verið að ræða á þinginu í fyrra um þetta leyti um gerðardóm í sjómannakaupdeilunni. Þá var ekki talað eins hjartnæmt um sjómennina, þegar verið var að fyrirskipa þeim af Alþingi, við hverskonar kjör þeir ættu að vinna, þá var þeim bannað að fá smávægilegar hagsbætur.

Þegar þetta frv. er rætt, er það gert með þeim blekkingum, að það sé til bóta fyrir sjómennina. Þá er talað um rok og svartnætti. Ég held þessum hv. þm. sé bezt, ef þeir ætla sér að koma frv. í gegn, að nota þá aðferð, sem algeng er orðin, að fara með það á bak við þjóðina og skella því í gegnum þingið, án þess að þjóðin fái tækifæri til að hlusta á umr.

Ég skal þá koma að því, hvaða áhrif þetta frv., ef að l. verður, hefir fyrir fólkið í landinu, og kem ég þá fyrst að verkalýðnum. Með þessu frv. eru ákveðin kjör verkalýðsins og kaup í eitt ár, og mega þau ekki breytast nema samkv. lagasetningum. Hér er verið að taka réttinn af verkalýðnum til að ákveða sjálfur kaupgjald sitt. Honum er fyrirskipað af Alþingi, fyrir hvaða kaup hann á að vinna, kaup, sem lítil klíka á Alþingi ákveður. Þeir menn, sem bera fram þetta frv., telja sig sérstaka postula lýðræðis og frelsis og hafa sífellt á vörunum, hve mikið þeir tigni einstaklingsfrelsið og vilji varðveita það. En hvað eru þeir svo að gera með þessu frv.? Þeir eru að gera það, að fjölmennasta stéttin í landinu, verkamanna- og launaþegastéttin, er svipt réttinum til að ákveða sjálf kaupgjald sitt, hún verður að selja vinnumagn sitt með því verði, sem þessir menn ákveða.

Á síðasta þingi var sett vinnulöggjöf. Þá sögðu þeir menn, sem voru að reyna að verja hana, að með henni væri verið að tryggja rétt verkamanna til verkfalla, það væri verið að setja það í lög í fyrsta sinni, að verkamenn hefðu rétt til verkfalla. Við sýndum strax fram á, hvað í því frv. fólst. Nú er ekki nema eitt ár síðan og nú er verið að setja önnur lög, sem taka þennan verkfallsrétt af verkamönnum. Eftir því hefir verkalýður Íslands engan rétt til þess í heilt ár að gera verkfall. Samkvæmt lögum hefir hann þá ekki rétt til að reyna að bæta kjör sín á þennan hátt. Að vísu getur hann gert eitt, að mæta hvergi á neinum vinnustað í landinu, en rétt til verkfalls á löglegan hátt hefir hann engan. Það þýðir, að helmingur landsbúa er settur í sömu aðstöðu og þrælar. Þeim er fyrirskipað, fyrir hvað þeir eigi að vinna, og bannað að gera tilraun til að breyta því. Ég vil beina því til þeirra hv. þm., sem hafa flutt þetta frv., hvort þeir hafi gert sér grein fyrir því, hvert þeir eru að fara með þessu, -- hvort menn, sem alltaf eru með lýðræði á vörum, hafa gert sér ljóst, hve mikið ósamræmi er milli frv. og þess orðs. Hv. þm. Borgf. var með ógurlegum fjálgleik að tala um skerðing á eignarrétti þeirra, sem hann kallar framleiðendur, á krónunni. Ég vil spyrja hv. þm., hvort þeir geri sér ljóst, að hér er verið að skerða eignarrétt verkamanna á sínum eigin líkama. Ef hægt væri að fá úr því máli skorið fyrir dómstólum, býst ég við, að það yrði að dæmast brot á stjórnarskránni. Það er bara ekki vani, þegar verkamenn eiga í hlut, að halda svo vandlega við það fyrirheit stjórnarskrárinnar. Og hér er verið að setja lög um þrælahald gagnvart þeim.

Alþfl. kemur svo með það, að nú eigi að bæta verkalýðnum þetta ofurlítið upp. Bæturnar eru þannig, að eftir þrjá mánuði, þegar dýrtíðin er búin að „grassera“ þann tíma, eigi að veita nokkrum hluta hans kaupuppbót fyrir nokkurn hluta þess, sem hér er tekið af honum. Við vitum, hvernig slíkar uppbætur eru framkvæmdar. Þó að þær eigi að verða litlar eftir frv., verða þær enn minni í reynd, fyrir utan það, sem engum dettur í hug að treysta nokkuð á loforð sem þessi og á vilja valdhafanna, þegar til kastanna kemur. Við vitum t. d., að samkvæmt vinnulöggjöfinni frá í fyrra ættu verkamenn nú að hafa fullt leyfi til að sækja rétt sinn og hækka kaupið um leið og dýrtíðin skellur á. En svo kemur þetta frv. og sviptir þá þeim rétti, sviptir þá uppbótinni, sem Alþfl. sagði, að fólgin væri í vinnulöggjöfinni og drægi úr skaðsemi hennar. Uppbætur þessa frv. er hægt að þurrka bara út aftur.

Fjöldi útvegsmanna hefir mjög hæpinn hagnað af gengislækkun, a. m. k. þegar frá líður. Og allir þeir, sem framleiða fyrir innlendan markað, hljóta að bíða óbætanlegt tjón. Sú rýring, sem verður á lífskjörum fólksins, leiðir til minnkandi eftirspurnar eftir framleiðslu þeirra. Kaupgeta fólksins hrekkur þá aðeins til að kaupa þær innfluttar vörur, sem það getur sízt verið án. Neyzla landbúnaðarvara og innlendra iðnaðarvara er dæmd með þessu frv. til að hnigna, atvinnuvegir heilla stétta dæmdir í langvinnar þrengingar. Bændur í nærsveitum Reykjavíkur og austan fjalls eiga ekkert síður en verkamenn að verða fyrir barðinu á gengislækkuninni. Þótt þeir eigi að fá jafnar uppbætur og verkamenn síðar meir, er það ekki annað en sú blekking, að þeim sé gagn að verðhækkun, eftir að markað-

urinn er eyðilagður fyrir kaupgetuleysi og dýrtíð.

Það er varla við að búast, að allir Íslendingar taki þessu með langlundargeði. Það er líka vitanlegt, að þessir flokkar hugsa til þess að kóróna þetta brot á öllum þeim „principum", sem þetta þjóðfélag byggist á, með því að koma upp ríkislögreglu. Þá verður ekki spurt um peningana. Seinast þegar henni var komið upp, kostaði hún hálfa milljón. Nú yrði það kannske heil. Og það yrði ekki spurt um, hvort hægt væri að flá þá milljón af alþýðunni, þó að nú sé sagt, að þeir, sem peningaráðin hafa, geti engin framlög staðizt til að hjálpa útgerðinni.

Það má benda á, hvað lítið er hugsað um að spara fyrir útgerðina. Það er talað um 900 þús. kr. rekstrarhalla á ári á útgerð togaranna. Ég skal nú leyfa mér að lesa upp nokkrar tölur, sem sýna, hvar hægt er að spara, svo að stórupphæðum nemur, til að vega á móti hallanum.

Í fyrsta lagi fara tvær milljónir í kolakaup útgerðarinnar. Hve mikla verðlækkun þar mætti fá, er ekki að fullu hægt að sjá, en stórmikil gæti hún orðið. Til veiðarfæra fara 1,1 millj., og það er vafalaust liður, sem mikið mætti spara á. Þá er í þriðja lagi vátrygging, 600 þús. kr. Það er vitanlegt, að það verður að hætta að vátryggja togarana fyrir miklu meira en þeir eru í raun og veru verðir. Nú eru þeir látnir standa fyrir svo miklum skuldum í bönkunum, að það nemur stundum tvöföldu eða þreföldu sannvirði, og fer þá 2—3 sinnum meira í vátryggingar en heilbrigt er. Svipað má segja um vexti. Þeir nema á þessu eina ári yfir 600 þús. kr. Það er vitanlegt, hvernig þessir vextir eru komnir til. Það er alltaf verið að slengja á framleiðsluna þunganum af óreiðutöpum fyrirtækjanna. Þá er viðhald um 1 millj. kr., og gæti sá liður lækkað eftir að endurnýjun hefði farið fram á miklu af flotanum, lögð niður skip, sem ekki borgar sig lengur að gera við. Í sjötta lagi er skrifstofukostnaður einn fjórði úr milljón, og eitthvað gæti hann vonandi lækkað. Áður en gripið er til slíkra örþrifaráða þyrfti sannarlega að rannsaka, hvað hægt er að skera niður af þessum kostnaði og hvernig skapaður yrði heilbrigður grundvöllur arðgæfrar útgerðar.

Hér talaði hv. þm. Ísaf. (FJ) fyrir hönd Alþfl. Ég gæti trúað, að það hefðu verið nokkuð þung spor fyrir hann upp í pontuna — til að verja gengislækkun, sem skellt er á þvert ofan í vilja hans eigin flokks, svo lengi sem sá flokkur var og hét, þvert ofan í allar yfirlýsingar flokksins fyrr og síðar. Og nú segir þessi þm., að allir alþýðuflokksmenn séu sammála um þetta! Ég get upplýst, að alþýðuflokksmenn hafa alls ekki verið spurðir um þetta. Stjórn Alþýðusambandsins hefir aldrei þorað að leggja málið fyrir sína kjósendur, frekar en Íhaldið og Framsfl. þora að leggja það fyrir kjósendur við almennar kosningar. Í alþýðusambandsstjórninni er ekki einu sinni meiri hluti með því. Þrátt fyrir mótspyrnu í flokknum og mikinn ágreining í hinni tiltölulega fámennu stjórn hans, dirfist þingflokkurinn að ráðast aftan að mönnum sínum og hjálpa Breiðfylkingunni til að knýja gengislækkun í gegn.

Það er ekki furða, þó að menn spyrji, í hvers nafni og þjónustu þingflokkur Alþfl. beiti sér fyrir þessu frv. Aldrei hefir nokkur flokkur svikið eins greypilega gefin loforð. Nokkru fyrir kosningarnar 1937 bar krónulækkun oft á góma. Þá gerði miðstjórn Alþfl. eftirfarandi fyrirspurn til miðstjórnar Sjálfstfl.:

„Þar sem Sjálfstæðisflokkurinn og Bændaflokkurinn hafa gert með sér kosningabandalag við kosningar 20. júní, en Bændaflokkurinn hefir, eins og kunnugt er, haft lækkun íslenzku krónunnar að aðalstefnumáli og í blaði sínu, Framsókn, 12. júní s. l. lýst stefnu stjórnarinnar um að halda uppi gengi krónunnar sem stigamennsku og hegningarverðu athæfi, en Sjálfstæðisflokkurinn hinsvegar ekki fengizt til að gefa skýr svör um stefnu sína í þessu þýðingarmikla máli, skorar miðstjórn Alþýðuflokksins hér með á miðstjórn Sjálfstæðisflokksins að svara eftirfarandi fyrirspurn opinberlega við útvarpsumræðurnar og í blöðum flokksins:

Vill Sjálfstæðisflokkurinn lofa því og skuldbinda sig til þess, eins og Alþýðuflokkurinn gerir, að vinna að því, að gengi íslenzku krónunnar verði haldið óbreyttu eins og það er nú, miðað við sterlingspund, og það að minnsta kosti ekki lækkað í náinni framtíð?

Miðstjórn Alþýðufl." (Alþbl. 15. júní 1937).

Eftir þetta hamraði Alþýðublaðið dag eftir dag á gengislækkunaráformum Breiðfylkingarinnar sem hinni svívirðilegustu árás á alþýðuna og skoraði á verkalýðinn að kjósa alþýðuflokksmenn til að hindra gengislækkunina. Hér eru nokkur fróðleg sýnishorn:

Alþbl. 16. júní 1937 — 6 dálka fyrirsögn:

„Breiðfylkingin ætlar sér að fella krónuna!

Ólafur Thors vildi ekki svara fyrirspurn Alþýðuflokksins í gærkveldi.

Sigur Breiðfylkingarinnar þýðir, að krónan verði skorin niður um þriðjung, kaup og laun lækka um þriðjung, þriðjungi af sparifé landsmanna verður rænt og skuldir þjóðarinnar hækka um þrjátíu milljónir króna.

Á dýrtíðin enn að margfaldast?"

Í greininni stendur m. a.:

„Gengislækkun mundi auka dýrtíðina um allan helming. Gengislækkun mundi gefa heildsölunum tækfæri til nýs okurs á nauðsynjum almennings."

Alþýðublaðið 17. júní, forsíðufyrirsögn:

„Gengislækkun er eina úrræði Breiðfylkingarinnar.

Sparifjáreigendur og verkamenn eiga að borga skuldir Kveldúlfs.

Aukið fylgi Alþýðuflokksins er eina tryggingin gegn herferð Íhaldsins á móti húsmæðrum og sparifjáreigendum".

Ég vil taka fram, að það er Alþbl., sem ég er að lesa upp.

Í greininni stendur m. a.:

„Þeir vilja fá að undirbúa þegjandi og hljóðalaust þessa herferð á pyngju húsmæðranna, á laun verkamannsins og gjaldtraust landsins. En það skal ekki takast. Það skal verða heyrinkunnugt, hver voði vofir yfir íslenzku þjóðinni af fjörráðum Breiðfylkingarinnar gegn íslenzku krónunni."

Leiðari Alþbl. 17. júní, sem heitir: „Gengislækkunaráform Íhaldsins sönnuð", endar svo:

„Kjósendur munu hindra þessar skemmilegu fyrirætlanir með því að kjósa Alþýðuflokkinn".

Alþbl. 18. júní:

„Vill nokkur launþegi, nokkur láglaunamaður eða kona hans, sonur eða dóttir hjálpa Breiðfylkingunni til að koma á gengislækkun með því að ljá henni atkvæði sitt á kjördegi?"

Alþbl. 19. júní, daginn fyrir kosningarnar, 6 dálka forsíðufyrirsögn:

„Verjizt gengisráni Breiðfylkingarinnar!

Íhaldið ætlar að ræna 20 milljónum króna af sparifé landsmanna með gengislækkun!

Dýrtíðin margfaldast, ef Breiðfylkingin sigrar!

Alþýðuflokkurinn hefir lýst yfir því, að hann muni ekki styðja neina stjórn, sem hefir gengislækkun á stefnuskrá sinni."

Þessi orð í málgagni Alþfl. 1937 verða ekki misskilin, og það er ekki um að villast, hvernig þessir herrar hafa nú, á bak við þá alþýðumenn, sem enn fylgja flokknum, stolizt til að hjálpa Breiðfylkingunni til gengislækkunar, stolizt frá sannfæringu sinni og stóryrðum, stolizt frá öllum sínum loforðum og standa nú einangraðir uppi sem fulltrúar Breiðfylkingarinnar, en ekki Alþfl. Og þessi vesalings hv. þm. (FJ) getur nú farið eins fögrum orðum og hann vill um það traust, sem alþýðin eigi að sýna þeim.

Framsfl. hefir gert það að kjörorði sínu að bjarga Reykjavík undan dýrtíðinni, — það, sem ætti að gera, væri auðvitað að lækka verðið á vörunum, sem fólkið þyrfti að borga. Og nú kemur loksins frv., sem sagt er, að eigi fyrir alvöru að bjarga Reykjavík, bjarga almenningi í þessum bæ. Og hvernig? Ekki með því að lækka dýrtíðina, heldur með því að hækka hana og fyrirbyggja, að alþýðan geti rétt hlut sinn. Þetta er eitt, sem sýnir, hvernig sá flokkur efnir loforð.

Íhaldið veit vel, að það tapaði á gengislækkunarmálinu í síðustu kosningum, enda þótt flokkurinn berðist ekki fyrir því þá eins og nú. Það er undarlegt, en svo er að sjá sem það mál hafi unnið því meir á í forystuliði flokksins, sem það reyndist óvinsælla meðal kjósendanna. Bændaflokkurinn einn af Breiðfylkingarflokkunum getur hrósað sér af óbreyttri gengisstefnu frá upphafi. Honum auðnast nú sú uppfylling vonanna, sem Íhaldið þorði ekki að ráðgera í sínum villtustu draumum fyrir kosningar 1937. Hann þarf ekki að sigra hina flokkana, hann bara innlimar þá!

Jafnvel innan Sjálfstfl. eru gengislækkunarmennirnir þó ekki til neins færir, nema Framsókn hjálpi þeim til að verða ofan á í flokknum. Ég býst við, að ýmsir af fulltrúum Sjálfstfl. eigi eftir að tala hér á móti þessu frv. En það er bara þýðingarlaust, nema þeir snúi sér beint til fólksins og reyni að vekja skilning þess á málinu og taka upp baráttuna á þeim vettvangi. Það er vitanlegt, að þeir sjálfstæðismenn, sem það vildu gera, mundu hafa meiri hluta fólksins í flokknum með sér.

Ég vil að lokum undirstrika þau orð hv. þm. Ísaf. (FJ), að það er þingræðislegt samkomulag, sem að gengislækkuninni stendur, og eingöngu þingræðislegt. Hér er ekki um neitt lýðræði að tala. Fremur mætti segja, að það væri lýðræðislegt samkomulag um, að þetta frv. eigi ekki rétt á sér. En við eigum víst að fá að kenna á því, að hér drottnar ekki lýðræði, heldur þingræðið bak við tjöldin.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Hæstv. atvmrh. tók það réttilega fram, að á undan þessu frv. væri komið starf og álit milliþn. í sjávarútvegsmálum, og mátti skilja það svo, að á því væri frv. að nokkru leyti byggt. N. þessi, sem kosin var á síðasta þingi til þess að rannsaka hag og rekstur togaraútgerðarinnar, hefir starfað síðan því þingi lauk, og eftir því sem leið á starfið, þóttu mér vaxa líkur fyrir því, að n. yrði sammála um grundvöll til úrlausnar þessa máls. Kom svo langt, að nefndin gaf út yfirlýsing í þá átt. Það kom brátt fram í n., að varla væri nokkur leið til nema að auka á einhvern hátt afurðaverðið. Mér þykir líklegt, að ýmsir í n. hafi verið þeirrar skoðunar, að hag útgerðarinnar mætti rétta að mun með því að skera niður útgjöld. En þrátt fyrir möguleikana að draga úr ýmsum kostnaðarliðum, voru nm. sammála um, að langsamlega verulegasta lausnin yrði að vera hækkun tekjuliðanna. Þá var varla rætt nema um tvær leiðir, annaðhvort verðfelling krónunnar eða að afla fjár til útflutnings-„premíu" á sjávarafurðir. Og kom þá fljótlega í ljós, að það mundi ekki vera hægt að skorast undan því að láta slík útflutningsverðlaun ná til útflutningsins yfirleitt. Ágreiningur í n. var í raun og veru ekki mikill um þetta atriði. En sjálfsagt var ekki fullkomið samkomulag um það, hvernig skyldi afla þess fjár, sem þurft hefði að ná, ef til þessa ráðs hefði verið horfið. Því að það var vitanlegt, að hvort sem yrði farin sú leið, að greiða útflutningsverðlaun eða fella verðgildi krónunnar, þá hlyti einhver að verða að borga brúsann. Ég fyrir mitt leyti áleit, að hvor leiðin, sem farin yrði, gæti hún orðið framkvæmd á þann hátt, að lækka dýrtíðina í landinu með afléttingu innflutningshaftanna og með niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs, sem að flestra viti borinna manna dómi eru komin langt fram úr því, sem geta þjóðarinnar leyfir.

Ég skal fyrst taka það fram, að starf þessarar n. tók ákaflega snögglega enda. N. hefir aldrei skilað því, sem átti að vera aðalverkefni hennar, till. þeim, sem hún átti að gera. Og ég hefi gert mér þá hugmynd, að það hafi verið flokksþing Framsfl., sem því hafi aðallega verið valdandi, að n. hefir ekki lokið störfum enn og engar till. gert, og þar af leiðandi hafa engar efndir komið fram frá henni um það loforð, að gera till. um verulegar kjarabætur sjávarútveginum til handa. Alþ. kom svo saman, að n. hafði ekki lokið störfum og ekki gert neinar till. Og nú hefir n. verið starfslaus í 5—6 vikur, þrátt fyrir það að við sumir nm. vorum næstum því að segja að flækjast inn á skrifstofuna og spyrja um fundahöld í n., þar til nú að það er alveg eins og það sé hlaupið upp til handa og fóta með að prenta hennar álit, sem er í raun og veru alveg hauslaust — eða mætti frekar segja, að vantaði fæturna undir það, því að það er að-

eins skýrsla um rannsókn, en ályktanir mjög af skornum skammti og engar till.

Ég vil koma að því með nokkrum orðum, hver hin eiginlega undirrót eða ástæða var fyrir þessari nefndarskipun, af því að nefndarskipunin er höfð hér í grg. frv. og í ræðum hv. flm. frv. sem einskonar ástæða og undirstaða undir frv.

Hv. þm. Ísaf. (FJ) las hér upp nokkur orð, þar sem hann taldi það upp, sem hann sagði, að á undanförnum árum hefði verið gert til hagsbóta fyrir útgerðina. Og hann og aðrir flm. frv. hafa lýst því með ákaflega hjartnæmum orðum, hvað útgerðin sé komin í mikið öngþveiti, hinum sáru bænum til Alþ. um aðstoð og hinni föðurlegu mildi þingsins með að hlaupa strax til að verða við hennar hjálparbeiðnum. Það er alveg satt, að útgerðin hefir beðið þingið um grið nú í mörg undanfarin ár. En svörin hafa verið ákaflega köld, sem hún hefir fengið. Ég vil, af því að hv. þm. Ísaf. minntist hér á vináttu Alþ. undanfarin ár gagnvart útgerðinni, taka fram nokkur atriði í því sambandi.

Fiskimálan., sem við vitum allir, að var stofnuð eftir l., sem voru útúrsnúningur á frv. um fiskiráð, sem sjálfstæðismenn fluttu, var sett raunverulega útgerðinni til höfuðs, og hefir áreiðanlega skilið, a. m. k. fyrst, sitt hlutverk sem slíkt. Fiskimálan. hefir lifað á útgerðinni, hún hefir tekið fyrir sín störf og á annan hátt farið með um 600 þús. kr. á ári, sem útgerðin hefir vitanlega orðið að borga. Það er vitað, að hún setti fótinn fyrir framkvæmd, sem útgerðarmenn ætluðu að gera fyrir útveginn, sem var frystifiskútflutningur, og lokaði markaði í Ameríku fyrir þessum útflutningi. Svo verða útgerðarmenn að borga skakkaföllin.

Þá sagði þessi sami hv. þm., að útflutningsgjaldi hefði verið létt af útgerðinni. Það hefir ekki verið meira gert í því efni en það, að þó nokkuð yfir hálfa milljón kr. varð útgerðin að borga í fyrra í útflutningsgjöld. Það er freklegur skattur á atvinnurekstri, sem þó er viðurkennt af öllum, að sé kominn að þrotum fjárhagslega, og engin leið sé til þess, að honum verði haldið uppi, nema honum séu sýnd grið og jafnvel veitt veruleg aðstoð.

Hv. þm. Ísaf. nefndi líka, að sett hefðu verið l. um fiskimálasjóð til mikilla hagsbóta fyrir útgerðina. Réttara fyrir hann hefði verið að segja, að stjórnarflokkarnir hefðu fjórum eða fimm sinnum fellt frv. frá sjálfstæðismönnum um slíkar hagsbætur fyrir sjávarútveginn, og þegar loks þau l. komust í gegn, þá hafa þau ekki nema að litlu leyti verið haldin, miðað við það, sem þörfin var fyrir og réttur útgerðarinnar stóð til. Fram að þessu hefir fiskimálasjóður orðið að taka stofnlán, sem orðið hefir að greiða af á sjöunda % í vexti. Skv. l. á ríkið að leggja eina millj. kr. til þess sjóðs, og á nú þegar að hafa verið búið að leggja fram mikinn hluta þess fjár. En sjóðurinn hefir fengið einar 600 þús. kr. af þessari milljón. Svona hafa nú verið efndirnar í þessu efni.

Barátta framleiðenda, útgerðarmanna og annarra, sem að því vinna að afla verðmæta, hefir verið ákaflega löng og á tímabili alveg vonlaus. Hún hefir verið háð gegn skilningsleysi núverandi stjórnarflokka. Mér þykir þess vegna harla einkennilegt, að þessir flokkar tveir, Framsfl. og Alþfl., sem hafa verið að berjast gegn einhverju ímynduðu auðvaldi undanfarin ár, sem þeir héldu, að lægi í útgerðinni, og héldu, að væri nauðsynlegt að brjóta á bak aftur — gegn okkur, sem þóttumst skilja, að útgerðin væri ekkert auðvald — það er einkennilegt, að þessir sömu menn koma nú með ákaflega hjartnæmar ræður og kröfur útgerðinni til handa og beina þessu gegn okkur sem höfuðóvinum, ég held nokkrum mönnum í Sjálfstfl. Það er einkennilega snúið við hlutverki í þessu máli. Það er búið að margendurtaka það af sjálfstæðismönnum í blöðum þeirra undanfarin ár, að hér stefndi allt til hruns og glötunar atvinnuveganna. Þessu hefir verið mótmælt ákaflega harðlega af núverandi stjórnarflokkum. Í mesta góðæri höfum við haft í þessu landi stjórn þeirra flokka, sem kallað hafa sig „umbótaflokka“, og þrátt fyrir það þó að þessir „umbótaflokkar“ hafi verið að verki, er allt komið í kaldakol. Nú er þetta viðurkennt um sjávarútveginn af þessum flokkum báðum.

Þegar um er að ræða að finna leið til viðreisnar þessum atvinnuvegi, verða menn að gera sér grein fyrir, af hverju þetta hrun hefir stafað og af hverju þessi vandræði eru komin yfir þennan atvinnuveg. Við heyrðum, að sérstaklega l. flm. þessa frv. taldi þetta stafa mest af aflatregðu og verðfalli. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Þetta stafar ekki af aflatregðu og verðfalli fyrst og fremst, heldur að langmestu leyti af öðrum hlutum, nefnilega því, að hér hefir farið fram óheyrileg fjársóun af ríkinu. Ríkið hefir krafizt langtum stærri hlutar af því, sem þjóðin hefir aflað, heldur en þjóðin hefir risið undir. Það er nú svo komið, að ríkissjóður ætlar að krefja inn tekjur af atvinnuvegunum fyrir útgjöldum, sem eru yfir 20 millj. kr., og það á þeim árum, er útflutningurinn er ekki nema 40—50 millj. kr. Þetta er þjóðarógæfa. Nú er þetta eða þessu líkt búið að standa í fjöldamörg ár, og það er fyrst og fremst vegna þessa, að sjávarútvegur okkar er kominn í það vandræðaástand, sem hann nú er í.

Önnur ástæða fyrir þessum vandræðum er sú, að hér eru rammaukin innflutningshöft og ríkiseinokun með gjaldeyrinn, sem valdið hefir því, að dýrtíð er óskapleg í landinu. Ef menn vilja, að þjóðin komist af, eiga menn að leggja grundvöllinn fyrir því, að henni sé ekki óbærilegt að lifa í landinu fyrir dýrtíð. Ríkið hefir plokkað þjóðina svo, að ekki einu sinni skyrtan er eftir á öllum þorra manna. Einnig hefir þessi stjórnarstefna leitt til þess, að enginn maður getur útvegað sér mat, klæðnað og húsnæði nema fyrir of fjár, miðað við það, sem var áður en þessir „umbótaflokkar“ komu og gerðu sínar „operationir“. Það er þetta tvennt, skattarnir og höftin, sem hleypa fram verði á ýmsum vörum og gera þær svo dýrar, að menn geta ekki skaffað sér mat og klæðnað, svo sómasamlegt sé.

Nú sé ég, að hv. flm. þessa frv. hafa tekið þá leiðina að bæta úr þessu með því að verðfella íslenzku krónuna. Það er náttúrlega meðal manna ágreiningur um það út af fyrir sig, hvort

það sé nokkur lækning við þeim meinum, sem talað er um í því sambandi, að verðfella krónuna. En um það hélt ég, að þyrfti ekki að vera neinn ágreiningur, að ef sú leið verður farin, þá þarf að gera í sambandi við það aðrar öflugar ráðstafanir. Það þarf að hlaða undir þá ráðstöfun, að verðfella krónuna, öflugan grunn, ef sú ráðstöfun á að koma að haldi fyrir framleiðsluna. Það er alveg víst, þó að breytt sé verðgildi krónunnar og þó við skulum segja að það leiddi til þess, að framleiðslufyrirtæki, t. d. togarafyrirtæki, fengi um 50 þús. kr. meira fyrir útfluttar afurðir ársins, að þá væri það fyrirtæki engu betur statt eftir en áður, ef kostnaðarliðir þess hækka jafnframt um þessar 50 þús. kr.

Nú skilst mér, ef dýrtíðin í landinu á að haldast, sem nú er, og hækka að sama skapi sem krónan fellur, að þá muni ekki vera hægt að halda niðri kaupgjaldinu í landinu. Og það, *sem útgerðin kaupir frá öðrum löndum af nauðsynjum sínum*, verður hún að borga í erlendum gjaldeyri. Það eru því ákaflega litlar líkur til þess, ef höftin haldast og eyðsla ríkisins og hin mikla skattheimta, að verðfelling krónunnar verði að nokkru liði. Mér hefði sýnzt, að þetta verðfallsfrv. hefði aldrei þurft að koma inn á þing. En fyrst átti nú að gera eitthvað fyrir sjávarútveginn og það var hugsað sér á þennan hátt, hefði undirbúningur undir það mál þurft að vera fyrst og fremst sá, að fullnægja kröfum okkar sjálfstæðismanna um niðurskurð á fjárl. Fjvn. hefir nú setið í fullar sex vikur. Og ef hæstv. ríkisstj. hefði viljað undirbúa verðfellingu krónunnar, þá átti hún að fela fjvn. að fara gegnum fjárl. og gera till. um niðurskurð á fjárl., sem næmu 3—4 millj. kr. Og stjórnin hefði átt að gefa fyrirheit um það, að gefinn yrði frjáls innflutningur á þeim vörum, sem almenningur þarf til fæðis og klæðnaðar, þannig að verðlag hefði getað verið lækkað, áður en krónan féll. En hverju hefir stjórnin svarað þessu tvennu, sem lagt var til, að gert yrði *til þess að bæta úr því tvennu illu, sem* ég tel, að séu höfuðorsakir þess illa ástands, sem nú ríkir í þjóðfélaginu í viðskiptamálum? Hún hefir svarað þessu með því að leggja fram fjárlagafrv., sem er hærra en nokkurt annað fjárlagafrv., sem lagt hefir verið fram á Alþ., og jafnframt eins og til huggunar frv. um tollskrá, sem mér virðist ganga út á auknar álögur á landsfólkið um 2 millj. kr. Þetta er svar ríkisstjórnarinnar. Ég sé, að hæstv. ráðherrar hlæja að þessu. Það er kannske ekki nema gott. En hitt er leitt, ef þeir ekki sjálfir þekkja eða skilja frv. þau, sem þeir sjálfir leggja fram. Og þeim kröfum, að minnka dýrtíðina í landinu, á móti *því, sem hún mundi hækka, ef ekkert væri að* gert, við það, að verðfelld er krónan, hefir ríkisstj. svarað á þann hátt að synja algerlega um að hefja þessar aðgerðir um að gefa innflutninginn frjálsan á nauðsynjavörum.

Mér sýnist nú vera ákaflega hörmuleg útkoma af stjórnarstefnu þessara „umbótaflokka“, þar sem þessi stjórnarstefna hefir komið svo að segja öllum atvinnuvegum landsins á kné og gert almenning í landinu fátækan, vonlausan og ósjálfbjarga, þar sem hinar tekjuminni stéttir þjóðfélagsins hrúgast á bæjar- og sveitarsjóðina, sem þó eru í mörgum tilfellum svo tæpir, að það verður að afskrifa þeirra skuldir, og jafnvel sumir þeirra þurfa beint að fá fé úr ríkissjóði. En hinsvegar hafa sumir menn í þjóðfélaginu bólgnað upp af auði, og það er milliliðastéttin. Ég held, að þeir hafi komizt í valdaaðstöðu, þessir flokkar, með því að segja fólkinu, að þeir ætluðu að taka milliliðagróðann og láta hann koma niður hjá fólkinu. En þetta hefir orðið öfugt í reyndinni, því að framleiðslan er komin á vonarvöl, en milliliðastéttin hefir auðgazt í skjóli haftanna. Í hópi þeirra manna eru menn, sem ríkisstjórnin hefir ekki mikla ást á, en það þurfti að raka saman fé með vöruokri handa sambandsstjórninni og þvílíkum stofnunum. En til þess að þessar stofnanir gætu grætt, þá urðu aðrir innflytjendur að græða líka.

Í landi, þar sem eins gífurleg skattheimta er *rekin af hálfu þess opinbera eins og átt hefir* sér stað hér hjá okkur, þá reyna allir að fela sínar tekjur. Þeir skoða sig í ræningjahöndum. Ég lái þeim það ekki. Og þegar svo að segja öll framleiðslan er rekin með tapi, er ekki við því að búast, að menn séu fúsir til að leggja fé í framleiðsluna. Menn reyna að liggja á sínum aurum til þess að eiga þá ekki í hættu í atvinnurekstri og þurfa ekki að gjalda af þeim opinber gjöld. Það er sjálfsagt ekki til þess að brosa að því fyrir hæstv. ráðh. að líta yfir árangurinn af stjórnarstefnu þeirra. Enda felst viðurkenning í þessu efni í þeirra eigin orðum, er þeir nú koma og hrópa á þann flokk, sem þeir hafa skammað bæði kvöld og morguns og sagt, að þeir þyrftu ekki á honum að halda sem neinum stuðningsflokki, en þeir gætu séð fyrir öllu sjálfir. Nú segja þeir, að allt sé komið á fremstu nöf, og segja, að ekki sé hægt að bjarga, nema með samvinnu við sjálfstæðismenn. Ég hygg, að ekki sé hægt að bjarga þessum mönnum, ef þeir vilja ekki láta af þeim brekum, sem orðið hafa þess valdandi, hvernig komið er nú í *þjóðfélaginu*. Mér skilst, að *þeir ætli* að halda áfram með hina gegndarlausu skattheimtu, hin gegndarlausu innflutningshöft og ríkisrekstur. Ég er þeirrar skoðunar, að gengisskráning slík sem hér er farið fram á með þessu frv. muni, eins og hún er undirbúin, eiga að koma eingöngu niður á þeim aumustu í þjóðfélaginu. Og það eru þeir, sem vinna fyrir lágt kaup. En slíkt er ekkert annað en bara fásinna og að draga sjálfan sig á tálar. Það þýðir ekkert að ætla að dæla blóði úr þeim, sem blóðlausir eru orðnir. Það þýðir heldur ekkert að ætla sér með kauplækkun hjá þeim, sem lægst hafa laun, að jafna þetta. Þó að l. séu sett um þetta, þá halda slíkar *ráðstafanir ekki. Ef fólkið getur ekki lifað*, gerir það sínar kröfur. Og ef það ber skarðari hlut frá borði fyrir þessa gengislækkun, gerir það uppreisn, hvað sem l. líður. Afleiðingin hlýtur því að verða sú, að þessi gengisskráning, sem á engan hátt er undirbúin eða undirbyggð, verður gagnslaus þeim, sem hún á að hjálpa. Hún verður framleiðendum að engu haldi, en gerir mörgum tjón, sérstaklega þeim, sem neyddir hafa verið til að skulda erlendis. Hvað það svo getur gengið lengi að fella gengið, get ég ekki um

sagt. Hitt er víst, að ef ekki verður snúið við á eyðslubrautinni, og ef ekki verður aflétt hinum óbærilegu innflutningshöftum, þá verður gengisskráningin ekki að neinu verulegu gagni. Hún getur í bili gagnað þeim mönnum, sem eiga nú óútfluttar vörur, en fyrir framtíðina getur hún ekki haft neina verulega þýðingu. Það er bara barnaskapur að halda það.

Það er einkennileg fastheldni í innflutningshöftin hjá núverandi ríkisstj. Það virðist þó liggja alveg augljóst fyrir, hver bölvun hefir af því stafað að hafa þessi höft svo rík sem þau eru. Það er vitanlegt, að eftir að höftin eru gerð svo rammaukin eins og þau nú eru, þá hafa þau haft í för með sér einokunaraðstöðu fyrir suma menn, sem hefir aftur valdið óhæfilega háu verðlagi í landinu, sem ég leyfi mér að kalla fullkomið okur. Af þessu náttúrlega stafar dýrtíðin að mjög miklu leyti. En það er ekki einasta einokunaraðstaðan, sem þessu veldur, heldur einnig hitt, sem vitað er, að margir þeir, sem flytja inn vörur til landsins, eru neyddir til þess að skulda stórfé erlendis og ennfremur neyddir til þess að lenda í stórkostlegum vanskilum með greiðslur, vegna þess að yfirfærsla bregzt þeim. Af þessu stafar aftur það, að þeir, sem lána vörur til landsins, setja á þær vörur miklu hærra verð en annars mundi vera. Allt þetta stuðlar auðvitað að því að auka dýrtíðina í landinu. Svo er hér komin gjaldeyris- og innflutningsnefnd, sem ræður því að miklu leyti, hvenær vörurnar eru fluttar inn. Þar af leiðandi ráða ekki kaupendurnir, hvenær þeir gera innkaupin, svo að þau verða að öllu leyti óhagstæðari fyrir þá, sem stuðlar einnig að dýrtíðinni. Svo er hin mikla hlutdrægni í veitingu innflutningsleyfa, sem ég fer ekki út í í þessu sambandi, því að það er mál fyrir sig. En margt hefir leitt af þessum höftum, sem má telja fullkomna ósiðsemi. Bannað er öllum nema bönkunum að verzla með erlendan gjaldeyri. En það er vitað mál, að erlendur gjaldeyrir, sem ekki kemur í bankana, gengur hér kaupum og sölum; það veit hvert mannsbarn. Hann er seldur hér á 30—33 og upp í 36 kr. sterlingspundið, eftir því, hvað mönnum liggur mikið á honum.

Í kjölfar innflutningshaftanna hefir siglt margháttuð önnur spilling, sem er ákaflega leiðinlegt, að skuli hafa verið innleidd hjá okkur, og það að mestu leyti að óþörfu.

Ég þarf ekki að hafa þessi orð mín miklu fleiri. Ég býst við, að sökum þeirra vandræða, sem framleiðslan er komin í, mundi ég hafa verið meðmæltur svo að segja hverri þeirri aðgerð, sem ég hefði vitað, að mundi rétta hag framleiðslunnar, og er í þessu sambandi einkum talað um sjávarútveginn, því að það er vitað, að lífsafkoma allra manna í landinu er undir því komin, að framleiðsluatvinnuvegirnir geti staðið í blóma. En ég hefi enga trú á, að þessi aðgerð leiði af sér á nokkurn hátt það, sem verða má til þess að létta undir með útgerðinni. Mun ég því hiklaust greiða atkv. á móti þessu frv.

Ég vil í þessu samandi mótmæla því, sem kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv., að Sjálfstfl. stæði að þessu frv. Sjálfstfl. hefur enga afstöðu tekið til þess, það getur hver maður fylgt því eða veitt því andstöðu eftir því, sem hann vill, við höfum engin handjárn á flokksmenn. Ég sé, að einn sjálfstæðismaður hefir tyllt sér á skákina hjá hinum flokkunum sem flm. Hann gerir það á sína ábyrgð.

Annars fer ég ekki út í það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði. Það var að miklu leyti milli hans og hv. þm. Ísaf. og Alþfl. yfirhöfuð og sýndi átakanlega, hvað loddaramennska í pólitík getur orðið hrís á menn sjálfa. Þeir verða að taka þeim ásökunum sjálfir, en það, sem féll í garð sjálfstæðismanna, var rangt, því að Sjálfstfl. hefur aldrei tekið afstöðu til þess sem flokkur.

Ég vil að lokum taka fram, að ef hér væru á ferðinni einhverjar þær till., sem ég tryði, að yrðu framleiðendum að liði, þá mundi ég veita þeim fylgi, en ég geri mig ekki að því flóni að greiða atkv. með frv., sem ég er sannfærður um, að leiðir aðeins enn meiri vandræði yfir þjóðina, en bjargar ekki við því, sem það á að bjarga, sem er útgerðin.

Haraldur Guðmundsson: Einn hv. þm., sem hér talaði áðan, lýsti yfir ánægju sinni yfir því, að þetta frv. er fram komið. Það get ég ekki gert. Hinsvegar verð ég að játa, eftir því, sem hæstv. forsrh. lýsti ástandinu áðan, og að því er ég hygg nokkurnveginn réttilega, að ekki verði hjá því komizt, að úr skeri um það, hver leið verði valin til að styðja útgerðina. Og ég er sömu skoðunar og hæstv. forsrh. um, að úr því sem komið er, sé líklegt, að þessi leið, sem hér er bent á, sé sú eina, sem fær er. Ég get þó ekki látið hjá líða að bæta því við, að það er að miklu leyti því að kenna, hver málsmeðferð hefir verið á höfð af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er búið að ræða gengislækkun sem yfirvofandi á hverjum degi eða viku í síðustu 6—12 vikurnar, á einn hátt eða annan. Og það liggur auðvitað í augum uppi, að ekkert þjóðfélag getur þolað slíka óvissu í máli sem þessu. Á þetta ástand varð að binda enda, og mér virðist, eins og komið er, að ekki sé nú önnur leið fær þrautaminni, sem getur veitt útgerðinni nokkra hjálp, sem um munar.

Hv. 5. þm. Reykv. lét svo um mælt, að Alþfl. væri meðflytjandi þessa frv. Þetta er með öllu rangt. Hv. þm. Ísaf., sem er meðflm. frv., ásamt 3 öðrum hv. þm., tók mjög skýrt fram í ræðu sinni, að hann flytti frv. persónulega sem einstakur þm. og að skoðanir Alþfl.manna væru mjög skiptar í þessu máli, enda er það fullkomlega rétt. En um hitt er Alþfl. allur sammála, það, að óhjákvæmilegt sé, ekki aðeins vegna sjávarútvegsins, heldur vegna landsmanna allra, að reyna að gera eitthvað sjávarútveginum til viðreisnar. Hv. þingheimur veit, að þetta er svo. Ástand sjávarútvegsins er svo, að það getur ekki lengur dregizt

Ég átti sæti í mþn. í sjávarútvegsmálum, og ég var einn af þeim, sem samþ. að lýsa því yfir, að óhjákvæmilegt væri að leggja til við Alþingi, að gerðar yrðu ráðstafanir til þess að bæta afkomuskilyrði sjávarútvegsins að mjög verulegu leyti. Það var beint framhald af mínu

fyrra starfi í þessum efnum allt frá því stjórnarsamvinnan hófst 1934, sem fram kom í frv. þeim og tillögum, sem Alþfl. flutti varðandi þessi mál. Ég hefi í nefndinni bent á ákveðna leið, sem ég taldi þá, þegar við störfuðum í n. um síðustu áramót, að væri vel fær: að afla fjár á ýmsa vegu, með skatti á vexti og eignamenn, með því að taka af álagningu heildsala og með tollum og samkaupum útgerðarmanna, og leggja svo þetta fé fram sem beinan og óbeinan styrk til sjávarútvegsins. Um þetta fékkst ekki samkomulag í n. Sá hv. þm., sem síðast talaði hér, hv. 6. þm. Reykv., og átti sæti í mþn., tók mjög fálega minum till., svo að ekki sé frekar að orði kveðið, og mér þykir sýnt, eftir að hafa leitað allrækilega fyrir mér, að þessi leið sé ekki fær, þar sem þingfylgi er ekki fáanlegt fyrir henni. Og eins og þessum málum er komið nú, er mun torveldara að fara hana en var fyrir 3 mánuðum síðan. Ég er svo gerður, að ég fæ mig ekki til þess að neita staðreyndum, og það er staðreynd, að nú er svo komið málum sjávarútvegsins, að grípa verður til stórfelldra aðgerða, sem kosta þungar fórnir. Mér dettur ekki í hug að neita þessari staðreynd, og afleiðingin er sú, að ég tel mér skylt að taka þátt í þeim aðgerðum, svo framarlega sem þær eru á þann veg, að ekki verði beitt meiri harðneskju gagnvart einstaklingum og stéttum en svo, að það sé þjóðarnauðsyn og líklegt til að bæta hag almennings. Ég viðurkenni fyrir mitt leyti, að með samþykkt þessa frv. eru margir einstakir menn hart leiknir, sumir kunna að segja, að þeir sér beittir ranglæti, samkvæmt venjulegum hugsunarhætti. En hvar væri hagur þessara manna kominn, ef undirstöðuatvinnan drægist svo saman, að hún jafnvel félli niður í heilum landshlutum?

Áður en ég vík að efni frv., vildi ég mega beina fyrirspurnum til hæstv. atvmrh., sem er flm. að þessu frv.

Í fyrsta lagi: Er það ekki tvímælalaust, að lífrarhlutur sjómanna á togurum komi undir ákvarðanir frv. um hækkun eftir vísitölu eins og annað kaup?

Í öðru lagi: Er ekki tvímælalaust, að aflaverðlaun á síldveiðum, sem eru miðuð við það, að þau hækki með hækkandi verði á síldinni, standi óbreytt þrátt fyrir samþykki frv.? Á ég þar við, að þegar verð á síld til bræðslu fer upp í 6 kr. málið á premían að hækka um 20% og verða kr. 3,60 pr. 100 mál, en 25%, eða kr. 3,75, ef verðið kemst upp í kr. 6,25.

Í þriðja lagi, hvort hann skilur frv. ekki svo, að allir, sem eru ráðnir upp á aflaverðlaun af fiski, er miðast við magn, þannig að þeir fá ákveðið krónutal fyrir hvert skippund eða smálest, eigi að njóta sama hagnaðar af gengislækkuninni og þeir, sem taka hlutinn sjálfan.

Um einstök atriði frv., mun ég ræða nokkuð við 2. umr. Þá verða væntanlega komnar fram brtt., sem ég hefi lagt fram, en um 3. gr. vil ég segja strax, að ég get alls ekki greitt henni atkv. Ég tel ekki vera nægilega ríka ástæðu til að gera svo stórfelldar ráðstafanir sem þar er gert ráð fyrir, þ. e. a. s. að svipta verkalýðsfélög og atvinnurekendur gersamlega rétti til samninga í heilt ár. Á síðasta ári var samþ. vinnulöggjöf. Þessum l. var ætlað — og ég hygg, að þau muni að miklu leyti ná þeim tilgangi — að fella í ákveðið form meðferð deilumála milli atvinnurekenda og verkamanna, og ég tel enga ástæðu til að ætla, þótt þetta frv. yrði að l., að til svo stórfelldra vinnudeilna muni leiða, að það réttlæti, löngu fyrr en nokkuð slíkt sýnir sig, að banna með l. alla viðleitni atvinnurekenda og verkalýðsfélaga til að semja sín á milli um kaup og kjör. Við afgreiðslu vinnulöggjafarinnar var lögð á það rík áherzla, að skerða í engu samningsrétt aðilja sjálfra. Sérstaklega tel ég, þegar það nú er sýnt, að stærsta verkalýðsfélag landsins, verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík, hefir af einhverjum ástæðum samið um óbreytt tímakaup að því er mér skilst næstu 15 mánuðina, þ. e. a. s. til 1. júlí 1940, og er jafnbundið af þessum samningi og lög væru, að enn minna tilefni sé til þess að setja svo fjarstæð og harkaleg ákvæði sem gert er í 3. gr.

Annars verð ég að segja, að það lítur út fyrir, og það segi ég í sambandi við ummæli hv. 3. þm. Reykv. um hv. þm. Ísaf., þar sem hann valdi honum þau orð, að hann væri svikari við verkalýðinn, ef hann tæki ábyrgð á slíkum aðgerðum sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að hv. þm. loki alveg augunum fyrir því, sem honum er þó fullkunnugt um, þ. e. hvernig ástandið í landinu er nú. Hann veit og hefir vitað það lengi, að óhjákvæmilegt var að annaðhvort hlaut að koma, gengislækkun, jafnvel meiri en gert er ráð fyrir í þessu frv., eða þá að samþ. yrðu stórkostlegar tollahækkanir. Vitandi þetta hvorttveggja hefir hann, að því er ég bezt veit án þess að halda fund um það í félaginu Dagsbrún, samið um óbreytt tímakaup fyrir verkamenn í félaginu til 1. júlí 1940. Ég neita ekki að taka á mig ábyrgð sem þm. í þessu máli, en hv. 3. þm. Reykv. telur sitt hlutskipti hér gott, að koma sér undan slíkri ábyrgð. En ábyrgðin gagnvart verkamönnunum í Dagsbrún, — hvernig ætlar hann að komast undan henni, að afsaka það að hafa gert þennan samning, vitandi að annaðhvort hlaut að koma gengislækkun eða tollahækkanir, sem hefðu sömu áhrif á verðlagið. (HV: Við skulum tala um það á Dagsbrúnarfundi annað kvöld). Það hefir stundum orðið hlutskipti mitt og annarra Alþfl.manna að bæta fyrir fljótræði þessa hv. þm., og hefir það oft kostað mikið erfiði. Það lítur út fyrir, þótt hann sé nú kominn í annan félagsskap, honum geðfelldari, að þá eigi það enn að vera hlutskipti okkar Alþfl.manna að bæta fyrir afglöp þessa hv. þm. Hvar væru nú Dagsbrúnarmenn staddir með sitt kaup, ef Alþfl. hefði ekki lagt megináherzlu á að bæta fyrir afglöp þessa hv. þm., eins og nú er gert með 2. gr. þessa frv. En þar er það gert með því að bæta þeim með kauphækkun að hálfu dýrtíðaraukninguna, ef hún nemur 10%, og að ⅔ það, sem hún verður yfir 10%. En hvað hefir hv. þm. gert til að tryggja þetta? Ég veit ekki til, að hann hafi gert neitt, þvert á móti bundið hendur félagsins. Hvar væri hann staddur gagnvart sínum umbjóðendum í Dagsbrún, ef ekkert hefði verið gert til að bæta úr hans fljótfærni og glapræði?

Það er kannske rétt, að ég víki að því um leið, að rekkjunautur hv. þm., hv. 5. þm. Reykv., las hér upp nokkrar prýðilegar greinar úr Alþýðublaðinu frá árinu 1937. Hann sleppti að vísu að lesa þar upp lýsingarnar, sem hv. 3. þm. Reykv. gaf þá af honum. Hann ætti að lesa þær ásamt Þjóðviljanum, þar sem verið er að lýsa hv. 3. þm. Reykv. Það væri ekki óskemmtilegt að hlýða á þær nú. Hv. þm. segir, að ég hafi skipt um skoðun í gengismálinu frá því árið 1932. Hann má gjarnan orða það svo. Hið rétta er, að gildi krónunnar er ekki hið sama nú og það var þá. Hygg ég, að ekki þurfi að leiða að því mörg rök. Ég sagði áðan, að mér dettur ekki í hug að neita staðreyndum, og ég vil ekki neita því ástandi, sem er. Það þýðir ekki, það breytist ekki fyrir það. Það er bleyðiskapur að þora ekki að horfast í augu við raunveruleikann. Ástandið er breytt frá því, þegar þessar greinar voru skrifaðar. Þær ráðstafanir, sem dugðu þá, duga ekki nú, og verður því að gripa til annarra. Þegar óhjákvæmilegir erfiðleikar steðja að, stoðar lítið til bjargar að þvo hendur sínar og segja: Við skulum ekki skipta okkur af þessu, heldur láta hina samþ. það og skamma þá svo á eftir fyrir það, sem þeir verða að gera. Það er auðvelt að tala um 60 millj. kr. lántöku, en slíkt skraf stoðar ekkert, bjargar engu út af fyrir sig.

Ég skal ekki deila um það við hv. 5. þm. Reykv., hversu svívirðilegt það sé að hafa skoðanaskipti. Hann segir, að það sé að svíkja sinn flokk, og að ég hafi haft skoðanaskipti síðan 1937 og þar með svikið minn flokk, eins og hann orðaði það. Þetta er vitanlega alls ósatt. En hvað mun þá um þennan hv. þm.? Enginn hefndi greypilegar föður síns en sá, sem át föðurbana sinn. Enginn hefur greypilegar svikið sinn flokk síðan 1937 en hann. Ég man ekki betur en að Kommúnistaflokkurinn væri þá hans heimkynni. Hann átti að bjarga þjóð og föðurlandi, gott ef ekki allri veröldinni. Þá var ekki margt gott um hv. 3. þm. Reykv. Enginn var nú verri en hann; sósíalfasisti, olíukongur eða olíuokrari og umboðsmaður brezka auðvaldsins voru lýsingarorðin, sem notuð voru á hann þá. Undir kommúnistunum var þá öll framtíð þjóðarinnar komin, gæfa hennar og gengi. En hvað skeður? Í hvaða flokki er hv. 5. þm. Reykv. nú? Hann segist vera í Sósíalistafl. Hann hefir þá svikið Kommfl., Sósíalistafl. er búinn að éta hann. Hv. þm. hefir lagt Kommfl. niður, þennan flokk, sem átti að bjarga alþýðunni, já, allri þjóðinni. Nú er það Sósíalistafl. með hv. 3. þm. Reykv. sem formann út á við og hv. 1. landsk. fyrir formann inn á við, sem allt byggist á. Þó að honum finnist mikið til um það, sem hann kallar mín skoðanaskipti, þá verður hann að viðurkenna, að það eru aðeins smámunir í samanburði við þau endaskipti, sem orðið hafa á skoðunum hans. (**EOl**: Hefir verið breytt afstöðunni í gengismálinu? — **BrB**: Er hv. þm. frv. fylgjandi? — Forseti hringir). Hv. þm. segir, að ef þetta frv. verður að l., þá sé velt þar með 10—12 millj. kr. þunga yfir á launaþega í landinu. Mest af ræðu hans fór í að lýsa, hversu miklar hrellingar væru búnar stórkaupmönnunum í landinu og verzlunarstéttinni. Það kann að virðast undarlegt í fljótu bragði, að form. Dagsbrúnar skuli fyrst og fremst hugsa um hlutskipti stórkaupmanna og milliliðastéttarinnar. En þetta er þó vel skiljanlegt, honum rennur blóðið til skyldunnar til sinnar stéttar.

Það, sem hann segir um álögur á launþega í landinu, er fjarri öllum sanni. Miðað við innflutning síðasta árs, ætti innflutningsverð á innflutningsvörum að hækka um 10 millj. kr., en af því fer sennil. um helmingur til framleiðslu vegna útflutningsins. Segjum, að hinn helmingurinn fari til að fullnægja neyzlu og notaþörf einstaklinganna. Verðhækkun á þeim hluta kemur því fram sem aukin dýrtíð í landinu. Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. atvmrh. að því, hvort hann hafi gert ráðstafanir til þess, að verðlagsn. sé við því búin að hafa hemil á verðhækkun, sem búast má við, að komi, um leið og gengið lækkar, og muni gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegt er í því sambandi, til þess að koma í veg fyrir, að gengislækkunin verði notuð sem átylla til óeðlilegrar álagningar.

Ég verð því miður að játa, að þótt þetta frv. verði samþ., þá er þar með engan veginn gefin full trygging fyrir því, að sjávarútveginum sé þar með borgið. En ég tel, að þetta sé tilraun, sú eina tilraun, sem eins og komið er, er hægt að gera, með þeim viðbúnaði, sem fyrir hendi er nú, tilraun til að bjarga sjávarútveginum úr þeim ógöngum, sem hann er nú í, tilraun, sem ætla verður, að veiti verulegan stuðning og svo mikil þörf er á að gera, að ég tel óhjákvæmilegt, að hún verði framkvæmd. Ef ég væri viss um, að sú hjálp, sem frv. kemur til með að veita sjávarútveginum, og sú atvinnuaukning, sem menn vona, að af því leiði, mundi gera meira en að vega upp á móti þeirri verðhækkun, sem það veldur, hefði ég ekki talið mig þurfa að leggja jafnríka áherzlu og ég hefi gert í undanfarandi samningum á það að tryggja, að lægst launuðu stéttirnar fengju kauphækkun, miðaða við þá dýrtíð, sem leiðir af frv. En ef vonir manna um atvinnuaukningu skyldu rætast, þá er fullvíst, að hagur þessara stétta verður sízt lakari, vonandi betri eftir en áður, ef frv. er samþ. Skal ég sýna þetta með einföldu dæmi.

Gengislækkun krónunnar sjálf er 18%, hækkunin á sterlingspundi er þá 21—22%, og má gera ráð fyrir, að erlendar vörur hækki um sem þessu svarar, nema þá þær, sem nú þegar er svo óhæfileg álagning á, að verðlagsnefnd geti dregið úr álagningunni og þar með haldið verðinu niðri. Fljótt á litið mætti ætla, að verðið á erlendum vörum þurfi að hækka jafnmikið og sterlingspundið. En þetta er ekki rétt. Það er aðeins innkaupsverðið, að viðbættri fragt og verðtolli, sem þarf að hækka. Húsaleiga og annar innlendur kostnaður á ekki að hækka. Mér hefir tjáð maður, kunnugur þessum málum, að yfirleitt þurfi erlendar vörur ekki að hækka nema sem svarar 12% af útsöluverði. En útlendu vörurnar eru ekki nema nokkur hluti þess, sem fólk þarf að nota. Mjólk og kjöt á ekki að hækka, húsaleiga a. m. k. ekki næsta ár. Dýrtíðaraukningin í heild ætti því að verða miklu minni, sennilega alls ekki að þurfa að fara yfir t. d. helming gengislækkunarinnar eða verða

9—10%. En gerum nú ráð fyrir því versta. Setjum svo, að dýrtíðaraukningin yrði t. d. 13%. Þá á kaupgjald verkafólks og láglaunafólks, sem ekki hefir 3600 kr. árstekjur, að hækka um 7% frá 1. júlí n. k. Raunverulegur mismunur yrði því 6%. Séu nú vonir manna um atvinnuaukningu á rökum reistar, þá mundi þessi mismunur verða fljótt upp unninn. Það þarf ekki mikla atvinnuaukningu til þess að jafna þennan mismun. Menn, sem hafa haft 8 mánaða atvinnutíma á ári, mundu þurfa að fá sem svaraði hálfsmánaðar atvinnuaukningu til að vinna mismuninn upp, þ. e. a. s., að á móti 8 mánaða vinnu áður, *komi nú 8½ mánaðar vinna*. En fari nú hinsvegar svo, að þessar vonir ekki rætist og atvinna aukist ekki, vegna enn vaxandi erfiðleika saltfisksveiðanna, þá verð ég að játa, að örðugt hefði orðið að tryggja fullnægjandi stuðning á annan hátt. Það er hægt að afla 3—4 millj. kr. til styrktar útgerðinni án þess að ofbjóða skattþoli manna, ef rétt er að farið og ekki hlífzt við að taka verzlunarhagnaðinn, en 6—7 millj. er ekki hægt að taka á þann hátt, án þess það verki á sama hátt og gengislækkunin. Þetta verðum við að játa. Ég vil taka undir ummæli hv. 5. þm. Reykv., að það er engan veginn rétt að tala *um sjávarútveginn sem einhverja* óþekkta stærð, svífandi í lausu lofti, og ég tek einnig undir það hjá honum, að það sé mjög óviðeigandi og verra en það, af einstökum útgerðarmönnum, sem svo eru illa staddir sem raun er á orðin, að festa stórfé í þeim framkvæmdum, sem hann drap á. En í sambandi við þau önnur ummæli, sem hann viðhafði um gjaldþrotafyrirtækin, þá vænti ég, að hæstv. fjmrh. muni gefa ákveðnar upplýsingar.

Þegar ég ber saman ræður þeirra hv. 5. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Reykv., þá verð ég að segja, að mér finnast skoðanir þessara mætu samherja í þessu máli vera nokkuð ósamstæðar. Þeim kemur ekki vel saman um það, hverjir það séu raunverulega, sem bera þunga þessara ráðstafana, hvort það séu stórkaupmenn, millistéttin eða verkamenn. Ég verð að segja, að ég er að ýmsu leyti sammála hv. 6. þm. Reykv. um þetta atriði. Millistéttirnar verða tvímælalaust harðast úti í bili, en kauphækkun verkafólks og láglaunafólks er líka til hagnaðar fyrir þær, því við þetta kaup verður miðað, þegar aftur verður breyting á launum millistéttanna. Ég tel ennfremur, að á undanförnum árum hafi nokkur hluti verzlunarstéttarinnar og iðjurekenda haft alveg óhæfilegan gróða vegna verndaðrar aðstöðu og sennilega getað safnað stórfé. Og ég tel það beina skyldu þeirrar ríkisstjórnar, sem fer með völd, að gæta þess í framkvæmd laganna, *ef* þetta frv. verður að l., að þessir menn verði ekki látnir sleppa við að bera sinn hluta þeirrar byrðar, sem þau leggja á þjóðina. Undir því, hversu ríkt er gengið eftir því, að eigi sé tekinn óhæfilegur millilíðagróði og dýrtíðin með því aukin umfram það, sem óhjákvæmilegt er, og hinu, að þær bætur og kauphækkanir, sem Alþfl.-menn fengu ákveðnar með 2. gr. frv., séu látnar koma til fullra framkvæmda, er það komið að *miklu leyti, hvort lögin koma að haldi eða eigi*.

Ég get að svo mæltu lokið máli mínu nú.

Gísli Sveinsson: Það er að vísu svo, að hér er ekki langur tími til stefnu, þegar ætlazt er til, að slíkt mál sem þetta verði í kasti afgert, mál, sem komið er inn í þingið prentað fyrst í dag og um leið dembt inn á dagskrá þessarar hv. deildar, og loks látið koma til umræðu með öllum hugsanlegum afbrigðum, sem til eru í þingsköpum. Þetta er ekki langur tími til að gagnrýna mál á þinglegan hátt. Því síður virðist tími eða svigrúm til þess, ef vera kynni, að *málfærslan færði eitthvað með sér nýtt*, að menn geti tekið sinnaskiptum. Er þetta því fremur áberandi og óviðkunnanlegt, að allir hafa talið, að þessi leið væri ekki einhlít, sem nú á að fara og frv. ber með sér, sem sé gengislækkunarleiðin. Það virðist nú vera svo með þetta mál, að menn hafi í því tekið allmiklum sinnaskiptum margir hverjir á skömmum tíma, og meira að segja þeir, sem mest hafa áður talað móti gengisbreytingu, geta nú skammað þá menn óbótaskömmum, sem ennþá hafa sömu skoðun á þessum málum, nefnilega þá, að ekki sé heppilegt að fara þessa leið til hjálpar út úr ógöngunum. Ég mun ekki blanda mér í slíkar umræður hjá flokkum og einstaklingum. En ég vil benda á það, að frá almennu sjónarmiði kemur þetta *mál ekki aðeins illa fyrir hér á Alþingi*, heldur hefir á undanförnum tímum verið farið mjög svo leiðinlega með það, sem slíkt mál þó verðskuldar ekki. Það er kunnara en frá því þurfi að segja, að allar þjóðir, sem í fjárþrot hafa komizt, hafa átt við ýmislegt svipað að stríða og það, sem hér er um að ræða í okkar litla þjóðfélagi. Í þessum þjóðfélögum hafa ýms ráð til komið. Ýms þeirra hafa verið reynd og önnur ekki. En þar, sem sama ráð og hér er tekið, hefir verið reynt erlendis, hefir slíkt fengið öðruvísi afgreiðslu en hér er nú viðhöfð. Það mundi t. d. ekki tíðkast annarstaðar en hér, að slík mál *sem þetta væri látið vera á döfinni meira* og minna undirbúið og meira og minna opinbert í lengri tíma. En hér hefir þetta verið þannig. Gengisbreytingin hefir vofað eins og sverð yfir fólki bæði hér innanlands og eins yfir viðskiptaaðiljum okkar annarstaðar. Það eru ýms dæmi til, sem sanna það. Nú veit ég ekki betur en að sú venja sé alstaðar látin gilda, þar sem gengislækkunarleiðin er farin, að fjármálastofnanir landsins, bankarnir, og þá einkum þjóðbankarnir, eru spurðir þar til ráða. En nú skýtur svo skökku við, að Landsbankinn, sem er okkar þjóðbanki, hefir aldrei verið um þetta spurður. Hann hefir aldrei, *það er öllum vitanlegt*, verið um þetta formlega spurður sem slíkur. Þau einu afskipti, sem Landsbankinn hefir af þessu máli haft, eru þau, að bankaráð hans, sem er pólitískt kosin stjórnarnefnd bankans, hefir á algerlega pólitískum grundvelli komið sér saman um stefnu í þessu máli. En bankastjórarnir hafa aldrei verið um þetta spurðir í sameiningu. Það hefir verið forðazt. Nú getur eflaust hæstv. fjmrh. upplýst, hvers vegna þetta hefir þann veg til gengið, hvers vegna hefir verið vikið út af þessari sjálfsögðu braut og þeir, sem að frv. þessu standa, þannig tekið á sig þá ábyrgð, sem *þeir aldrei geta risið undir*. Það getur vel verið sannfæring þeirra, að þetta sé bezta leiðin, en

það hefði óneitanlega verið meiri trygging í því, hefðu bankarnir gengið á undan með sitt álit. Það hefir verið borið út og eigi farið dult með það, að bankastjórana þurfi ekki að spyrja, því að bankaráðið ráði. Ég neita því, að slík pólitísk nefnd ein ráði slíku til lykta. Það er í þessu efni virkilega til leið, sem fara á, vegur, sem ekki hefir verið farinn hér. En ef það á að haldast uppi, að um slík mál sé fjallað á einum degi eða jafnvel á einni nóttu, án þess að undirbúningur hafi farið fram á þinglegan hátt, hvað á þá að segja um afgreiðslu slíks máls? Það skiptir ekki mestu máli, hvort einstakir háttv. þingm. bregðist sínum kjósendum eða sínum fyrri fullyrðingum, eins og vitað er um ýmsa flokka hér á þingi, en það skiptir mestu, hvað um er að ræða og hvernig málin eru vaxin.

Ég vil nú fullyrða, að það hafi um nokkur ár verið trú manna, sem ég kalla oftrú, að gengislækkun væri allra meina bót. Hún hefir af sumum mönnum í fleirum en einum flokki verið skoðuð sem það eina, sem þessir menn gætu bent á til úrbóta. Því hefir af sumum verið haldið fram í mörg ár, að gengislækkun væri mál málanna. Það var einu sinni talið, að gengislækkun væri eina ráðið til að bjarga bændunum út úr öngþveiti því, sem þeir voru komnir í, en svo var það ráð tekið, að fara allt aðra leið, sem sé þá, að styrkja bændurna með opinberum framlögum. Sú sama leið, styrkjaleiðin, hefir einnig verið farin gagnvart nokkrum hluta sjávarútvegsins, vélbátaútveginum. En svo kom enn til það, sem mikið hefir verið deilt um milli flokka, í þingi og utan þings, það var hið mikla tap á togaraútgerðinni, og til þess var skipuð milliþinganefnd að ráða fram úr vandamálum hennar og koma með skýrslur og tillögur um þau mál. En hvernig hefir farið um þessa nefnd? Í sæti sínu situr enn hæstv. atvmrh., sem var formaður n., og aðrar háttv. þingm. tilnefndir af flokkunum hafa verið í þeirri nefnd, og var tilætlunin, að þegar þetta þing kæmi saman, hefði þessi nefnd skilað áliti, en af einhverjum ástæðum hefir það verið hindrað. Frá nefndinni hefir ekkert komið til þingsins fyrr en í dag, að þetta frv. ásamt meðfylgjandi skýrslu kemur hér fram. Hvað segja menn um afgreiðslu sem þessa? Og við vitum það, þingm., að um það hefir verið talað frá þingbyrjun, að frá nefndinni ætti aldrei að koma nema ein tillaga, en sú tillaga hefir verið kennd við einn einstakan þm. Það er harla einkennileg afstaða, sem ríkisstjórnin hefir með þessum hætti tekið í þessum málum. Það hefir hinsvegar öllum verið ljóst, í hvað sá tími hefir farið, sem af er þessu þingi. Hann hefir farið í það að fást við, hvort ætti að verða við óskum Framsfl. um það, sem þeir kalla að ganga til „þjóðstjórnarmyndunar", en sem eftir aðstæðum öllum getur aldrei verðskuldað það heiti, þar sem fyrirfram er vitað, að mikill hluti þjóðarinnar, þar sem eru t. d. verkamenn, hefir verið látinn vera fyrir utan þessar samningaumleitanir, og þar sem einnig þegar í byrjun var vitað, að svo og svo mikill hluti af öðrum flokkum mundi ekki geta sætt sig við þær leiðir, sem fara átti til lausnar á vandamálunum. En það var látið í veðri vaka, að einmitt þessi eina tillaga væri sú rétta leið til úrbóta, og að úrlausn þessa „aðkallandi vandamáls" hlyti að verða fastbundin myndun samsteypustjórnar þriggja flokka. Á þessu átti að binda flokkana, og þeir voru kallaðir vargar í véum, sem ekki vildu ganga inn á þetta nema á nokkrum málefnagrundvelli. En nú hefir ríkisstjórnin brotið þetta og komið með þetta frv. um gengislækkun út af fyrir sig, og er þá greinilega fallin sú stoð, sem átti að vera undir samsteypustjórn undir öllum kringumstæðum. Hitt getur verið, að þetta verði tekið upp aftur og að Framsfl. bjóði þá þau kjör, sem aðgengileg séu. Það er í fyrsta skipti í dag, sem þessi mál eru lögð á borðið fyrir þingm., þó að það sé vitanlegt, að þessi leið, sem farin er, hafi verið í undirbúningi og til meðferðar bak við tjöldin allan þingtímann.

Og hver verður svo afleiðingin af slíkum aðgerðum? Það hefir ekki einungis skapað það ástand, sem nú er komið á, heldur líka þann óróa og viðskiptakreppu og vantraust, utanlands og innan, sem vitað er, að þetta mál og meðferð þess hefir leitt af sér. Það er vitanlegt og það er ekki farið leynt með það á götum bæjarins, að frá viðskiptaaðiljum okkar erlendis hafa komið aðvaranir um að fara ekki þessa leið. Það hafa meðal annars komið fram aðvaranir, sem eru viðkomandi einu af mestu áhugamálum þessa bæjar, lántöku til hitaveitunnar.

Nú veit ég, að menn muni leggja misjafnlega mikið upp úr þessum aðvörunum, en þær munu þó hafa sína miklu þýðingu. En þetta eru verk þeirra, sem þetta mál hafa haft með höndum undanfarið og engan veginn látið það koma fram eins og eðlilegur gangur þess átti að vera. — En svo verður að spyrja: Hvers vegna hafa ekki fleiri leiðir en þessi eina verið athugaðar? (**Fjmrh.**: Hvers vegna hefir þessi hv. þm. ekki komið með aðrar leiðir?) Nú bíð ég eftir að heyra um það frá hæstv. atvmrh., hvort hann hafi látið athuga, hvernig mætti útfæra þá aðra leið, sem jafnvel flutningsmenn þessa frv. hafa ekki komizt hjá að játa, að vel gæti komið til greina, — en það er uppbótaleiðin. Hvað segja menn um þessa leið? Menn segja, að uppbótaleiðin sé illframkvæmanleg. Hæstv. ráðh. sagði, að þessi leið, sem í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er farin, sé framkvæmanlegri. En hvað veit hæstv. ráðh. um það á þessu stigi málsins? Flutningsm. þessa frv. segja, að styrkjaleiðin sé torveldari. En hvað sem því líður, þá er það leið, sem hefir verið farin annarstaðar, og einnig hér á landi við ákveðin úrlausnarmál. Hefir hæstv. ráðh. t. d. látið athuga, hvað mikið þyrfti að innheimta af fé til þess? Það er alkunna, að til þess eru fleiri en ein leið; það er til sú leið, að leggja á gjöld til þessa á vissan hátt. Hæstv. ráðh. segir, að beinu skattarnir séu orðnir of háir. Það er seint séð. En ég á ekki við, að taka eigi þetta fé í beinum sköttum, heldur í tollum.

Ár eftir ár hefir þessi ríkisstjórn farið skattaleiðina, og aldrei talið um of, og skattarnir hafa innheimzt svo vel, að reyndar sætir undrum. Þess vegna er ekki hægt að segja, að fé sé óinnheimtanlegt, til þess að nota í ákveðnum tilgangi, til ákveðinna bjargráða. Auk þess er sjálfsagt á

hörmungatímum að skera niður þar sem hægt er. Ég vil benda á, að tilhlutun ríkisstj. er frá milliþingan. í tollamálum komið fram álit um tollamál, sem nú á að lögleiða niðurstöðurnar af sem tollaskrá, þar sem öllum aðflutningsgjöldum er raðað á þann hátt, að hver grein kemur út af fyrir sig. Þessi nefnd gerir ráð fyrir, að rétt sé að láta hin háu aðflutningsgjöld haldast eins og þau eru áætluð í fjárl. fyrir þ. á. (1939), en þau eru 8 millj. 502 þús. kr. Eitthvað mætti og gera með niðurskurði. Þá stendur það hjá milliþingan., og væntanlega er það samþ. af ríkisstj., að síðustu þrjú árin, sem hún hefir skýrslur um, 1935—37, hafi tolltekjurnar reynzt 17,4% umfram fjárlög. N. leggur til, að nú skuli innheimta staðfast 15% fram yfir áminnzt tollagjöld, og eru það nálægt 2 millj. kr. Þar af verður hreint álag 1 millj. 275 þús. kr. Hitt eru 700 þús. kr., sem ákveðið er í fjárlögum, að gangi til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Hvernig sem á er litið, er gefið, að með slíku fyrirkomulagi er mikið afgangsfé, að afstöðnum niðurskurði. Eitthvað mætti gera við það. En það hefir komið fram í nefndinni álit frá einum manni, sem telur, að þetta sé allt of hátt, og að nægja megi 80% af þessu, sem áætlað er nú í fjárlögum, og að við megi bæta 25% eitt og eitt ár, eða 35%, ef bætt er við öllu, sem meiri hl. n. gerir ráð fyrir, að verði lögfest.

Af þessu sjá menn, að það er langt frá því, að það sé fordæmanlegt að fara aðra leið, enda hafa flutningsm. orðið að benda á, að fordæmi væru fyrir þessu annarstaðar.

Ég minntist á þetta til þess að sýna, hvort ekki sé álitamál, að fleiri leiðir hefði átt að reyna. Það er rangt, að gengislækkun sé auðveld í framkvæmdinni, og hún kemur mjög illa niður víða. Hún kemur við verðmæti, sem auka skyldi fremur en skerða. Það játa allir, að hún kemur líka illa við ýmsar stéttir í landinu, sem mundu sleppa betur með hinni leiðinni. Tollar og skattar koma þyngst niður — verða menn að álíta — þar sem bolmagn er til að bera þá. En það er ekki verið að íhuga það eða kanna það. Og ekki heldur, hvernig hin leiðin kæmi niður á stéttum, sem gætu borið byrðarnar. Þingmenn fá engan tíma til að athuga málið. Menn verða að athuga, að það er ekki nóg að samþykkja frv. um gengislækkun, og að svo og svo skuli fara að gagnvart launþegnum. Eftir er að framkvæma það. Ég býst við, að ráðh. sanni, að það verður ekki aðeins erfitt að framkvæma þetta, heldur verður það ekki gerlegt. Nú rennur fólk í búðir og tekur út vörur. Og enginn getur álasað kaupmönnum, þó að þeir geymi vörur sínar þar til hækkunin sjálfkrafa er skollin á.

Ætla mætti, að hæstv. fjmrh. hefði gert sér grein fyrir, að þetta er alveg þýðingarlaust út á við, þó að hann haldi, að ráðstöfun sem þessi auki traust á okkur erlendis. En hefir þá ráðh. séð fyrir því, að peningar verði til, til þess að greiða úr viðskiptum, sem nú standa föst, og losa um það, sem nú gerir okkur að óreiðuþjóð í augum þeirra, sem við skiptum við? Ég veit ekki til, að svo sé, og mér er nær að halda, að hann hafi ekkert um það hugsað. Þegar hann sagði, að þetta atriði „yrði tekið til yfirvegunar", leizt mér ekki á. Hann mátti vita, eftir dæmum frá öðrum þjóðum, að það hefir farið illa fyrir þeim öllum eftir slíkar ráðstafanir, nema þær hafi verið í sambandi við aðrar þjóðir um aðstoð í fjármálum; má t. d. nefna hrakfarir og síðar uppgang Frakka. Fyrir þeim fór að lokum vel, af því að þeir tryggðu sér Englendinga og Bandaríkjamenn að baki sér, með þeirra fjármagn, eftir því sem til þurfti að taka.

Hér er ekki verið að spyrja þjóðbankann ráða. Hér á sæti einn bankastjóra Útvegsbankans, hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Hann hefir eflaust ljósa hugmynd um, hvernig fer fyrir Útvegsbankanum, þegar gengislækkunin er á komin? Það er erfitt að hugsa sér þetta gert án alls tillits til skoðana ábyrgra manna í bönkunum.

Það má marka undirbúning þessa máls á því, að sumir þeir, sem að því standa, eins og hv. þm. Seyðf. (HG), vita ekki, hvað í frv. stendur, og játa, að þeir skilji ekki, hver meiningin er. Hv. þm. Seyðf. kemur nú fram með fyrirspurnir til stj., hvort eigi að skilja þetta á einn eða annan veg.

Það er kunnugt, að Sjálfstfl. hefir ekki sem flokkur tekið afstöðu til gengislækkunar. Þm. hans eru um það óbundnir.

Ég skal að síðustu geta þess um vantrausts- og frávísunartillöguna, sem nokkrir þm. hafa borið hér fram, að þótt þessi tillaga sé þýðingarlaus, eins og sakir standa, þar sem ríkisstj. hefir væntanlega tryggt sér fylgi til að standast þetta áhlaup, þá verð ég að lýsa yfir því, fyrir mína hönd og þeirra manna úr Sjálfstfl., sem eru á móti þessu máli, að við getum ekki annað en verið fylgjandi tillögunni, þar sem við erum bæði andstæðingar málsins og ríkisstjórnarinnar.

***Þorsteinn Briem:** Herra forseti! Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir þetta frv. Frv. ber vott um, að þeir, sem hafa haft sérstaka aðstöðu til að kynna sér sjávarútvegsmálin, hafa ekki komið auga á annað ráð en það, sem Bændafl. benti á fyrir 5 árum og hefir haldið fram sem réttlætismáli. Það er eftirtektarvert að heyra nú jafngreinilegt bergmál af því, sem Bændafl. hefir haldið fram, og í ræðu hæstv. atvmrh. Það er eftirtektarvert, að hv. þm. Ísaf. og meiri eða minni hluti hans flokks er farinn að skilja það, að ef framleiðslan hrynur, verður verkalýðurinn undir rústunum. Það er eftirtektarvert, ekki síst þegar þess er minnzt, hvaða orð flokkur hans hafði um gengismálin fyrir síðustu kosningar. En þegar þeir taka loks að kynna sér málið, verða þeir að breyta um skoðun. Ég verð að láta í ljós fögnuð minn yfir því, að þessi þm. og ýmsir samflokksmenn hans hafa nú snúið frá villu síns vegar, og vona ég, að þeir, sem nýlega hafa lagt niður flokk sinn, verði nú jafnliðugir að leggja niður núverandi skoðanir sínar í gengismálinu.

Loks er eftirtektarvert að heyra yfirlýsingu hæstv. fjmrh. um, að varla mundi auðið nú að halda genginu óbreyttu. Það er eftirtektarvert að heyra svar hans til hv. 3. þm. Reykv., er hann svaraði honum um 22% svikin við launþega.

Hann spurði, hvað mætti þá segja um það, sem framleiðendum hefði verið boðið undanfarin ár. Mér þykir vænt um, að þessi viðurkenning er komin fram, þó að hún komi nokkuð seint. Ég vil samfagna hæstv. fjmrh. með þennan nýja skilning á málinu, þar sem hann lýsti yfir því, að þetta yrði til að auka álit landsins út á við. Ég held nú, að það hefði sízt rýrt okkar álit, þó að þetta hefði verið gert fyrr.

Ég skal játa, að ég hefi ekki haft nægilegt tækifæri til að lesa frv. ofan í kjölinn, svo sem slíku máli er samboðið, þar sem frv. var útbýtt nú fyrst í dag. En ég þykist þó geta fellt mig við það í aðalatriðum. Þó að framleiðslan sé illa komin, munu framleiðendur horfa bjartari augum fram á veginn, en það mun draga úr flóttanum frá framleiðslunni og í atvinnubótavinnuna á mölinni.

Þó að nú sé 1. umr. málsins, get ég ekki látið hjá líða að benda á nokkur atriði, sem ég vildi hreyfa aths. við. Í fyrsta lagi eru það tvö smærri atriði, sem við yfirlestur virðast ekki nógu ljós. Seint í 2. gr. ræðir um uppbót, ef laun eru minni en 300 kr. á mánuði. Ég vil spyrja hv. flm., hvort þá sé ekki lítið hald í ákvæðum næstu gr., um að ekki megi hækka kaup. Þá er í frv. ákvæði, sem skyldar útgerðina til að ráða sjómenn upp á hlut. Þó að ég sé því fylgjandi yfirleitt, verð ég að spyrja, hvort ætlunin sé, að þetta taki til togara nú á þessari vertíð. Ef svo er, er þá ekki óþörf töf, ef gera á nýjan hlutaráðningarsamning? Ég verð því að telja, að allharkalega sé farið að þessum framleiðendum, og vil mega vænta, að þessum ákvæðum frv. verði sanngjarnlega beitt gagnvart þeim framleiðendum, sem hér eiga hlut að máli. Þar verður að leggja ríka áherzlu á, að jafnhliða því, að þessi leið er farin, verði og gerðar aðrar sjálfsagðar ráðstafanir til léttis og viðreisnar fjárhag atvinnuveganna. Þar með á ég fyrst og fremst við, að kostað verði alls kapps um að spara öll útgjöld, sem unnt er, svo að skattþunginn dragi ekki út framtaki framleiðendanna. Ég vildi því óska yfirlýsingar frá stj. um það, hver verður væntanleg viðleitni hennar í þessa átt. Jafnframt vildi ég óska upplýsinga um það, hvort stj. hafi ekki hugsað sér að gera sérstakar ráðstafanir til þess að veita aðstoð við skuldaskil fyrir þann hluta framleiðenda, sem ekki hefir þegar fengið þau. Og loks vildi ég spyrja, hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar, til þess að unnt verði að gera hreint borð í gjaldeyrismálunum út á við. Er þegar fyrirhugað að taka gjaldeyrislán, og ef svo er, hefir verið hafinn undirbúningur í þá átt, og ætlar ríkisstj. sjálf að taka lánið eða er bönkunum ætlað að hafa á hendi framkvæmd í því máli? Af því að ég er þessu máli fylgjandi, vil ég ekkert láta ógert til þess að leysa það sem bezt, og hefi ég þess vegna kastað fram þessum aths.

Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um þetta, en vænti þess að fá þær upplýsingar, sem ég hefi beðið um.

*Ólafur Thors: Það er í sjálfu sér ekki af því, að ég hafi miklu við það að bæta, sem hér hefir komið fram, að ég hefi kvatt mér hljóðs, heldur fremur af hinu, að mér þykir tæplega, að ég geti látið lúka svo fyrstu umr. þessa stóra máls að segja ekki nokkur orð.

Það er öllum kunnugt, að Sjálfstfl. hefir skipta afstöðu til þessa máls, og hefi ég þess vegna ekki umboð til þess að tala hér fyrir hönd míns flokks, heldur segi ég það, sem ég nú segi, sem mína einkaskoðun, sem ég þó veit, að er skoðun meiri hl. þingfl. Sjálfstfl. í höfuðefnum.

Ég þarf ekki að tefja þessa umr. með því að skýra efni þessa frv., það hafa hv. flm. þess gert og reyndar fleiri. Ég ætla þess vegna að langmestu leyti að leiða þá hlið málsins hjá mér.

Ég held, að allir þm. séu sammála um, að framleiðslan, ekki sízt til sjávarins, sé að hruni komin. Ég held líka, að flestir þm., og ekki síður þm. Sjálfstfl. en aðrir, játi það, að íslenzka krónan er í raun og veru mjög mikið fallin í verði, þannig að sú skráning, sem hefir gilt undanfarin ár, liggur langt ofan við sannvirði, langt fyrir ofan það verðlag, sem krónan hefði gengið fyrir, ef verzlun með erlendan gjaldeyri hefði verið frjáls. Og ég hygg, að vegna þessa detti flestum í hug, að eðlilegasta leiðin til viðréttingar sjávarútvegsins sé að viðurkenna að einhverju leyti það fall, sem í raun og sannleika er orðið á krónunni, a. m. k. að svo miklu leyti, sem menn vilja játa, að verðfelling krónunnar sé framleiðslunni til framdráttar. Um þetta atriði, hygg ég, að séu ekki skiptar skoðanir. Um hitt skiptast skoðanirnar, hvaða ráðstafanir þurfi að gera í sambandi við verðfelling krónunnar, til þess að verðfellingin komi framleiðslunni að liði. Innan Sjálfstfl. er það allsríkjandi skoðun, að veigamesta atriðið í þeim ráðstöfunum, sem gera þarf, til þess að tryggur grundvöllur verði undir hinni nýju krónu og til þess að öruggt megi heita, að verðfelling krónunnar kom framleiðslunni að gagni, sé í fyrsta lagi, að útgjöld hins opinbera, bæði ríkissjóðs og bæjar- og sveitarfélaga, séu dregin saman, eftir því sem föng standa til. Í öðru lagi — og jafnvel fremur — er Sjálfstfl. á einu máli um það, að til þess að þessar ráðstafanir lánist, verði að leggja megináherzlu á að berja niður þann dýrtíðarauka, sem út af fyrir sig með eðlilegum hætti hlýtur að leiða af því, að erlendur gjaldeyrir hækkar í verði og þar af leiðandi einnig sú vara, sem inn í landið er flutt. Í því sambandi leggur Sjálfstfl. megináherzlu á, að gerðar verði allar þær ráðstafanir, sem gjaldeyrisástand landsins leyfir, til þess að létta, svo fljótt sem kostur er, verzlunarhöftunum af þjóðinni. Þetta er sameiginlegt álit allra sjálfstæðismanna á þingi. Við leggjum allir hina ríkustu áherzlu á, að hinn mesti hraði, sem föng þykja á, sé viðhafður um aflétting innflutningshaftanna. Um það kunna svo að vera skiptar skoðanir innan flokksins sem annarstaðar, hver hinn mesti hraði sé, og viðurkenni ég fyrir mitt leyti, að eins og nú standa sakir er hinum mestu vandkvæðum bundið að stíga stór skref í þessum efnum, nema aðstæða væri til að fá það stórt gjaldeyrislán, að talið væri hægt að létta af höftunum og mæta með gjaldeyrisláninu þeirri auknu bráðabirgðaeftirspurn eftir erlendum gjaldeyri, sem hlyti

að leiða af snöggri afléttíng haftanna, þar sem vöruþurrð hefir verið í landinu um langa hríð og orðið orsökin að óeðlilegri dýrtíð. Fáist ekki slíkt gjaldeyrislán, sem ég vil ekkert um dæma, viðurkenni ég, að ekki sé hægt að létta, nema að takmörkuðu leyti, verzlunarhöftunum af.

Ég er meðal þeirra, sem draga ekki í efa, að þeir, sem kunnugastir eru hag útgerðarinnar, smárrar sem stórrar, viti af reynslunni, að gera þarf gagngerðar ráðstafanir til viðréttingar henni, og telja gengislækkun ekki aðeins færustu leiðina eftir atvikum, heldur einustu leiðina. Og ég hygg, að þeir, sem annað fullyrða, tali hvorki í umboði útvegsmanna né hafi skilning á þörfum útgerðarinnar. Það er hlægilegt, þegar kommúnistar eru með fullyrðingar um það, að þeir tali máli verkalýðsins, er þeir berjast móti einustu leiðinni til viðreisnar atvinnulífinu. Á hverjum bitnar það frekar en einmitt verkalýðnum, ef samdráttur atvinnunnar heldur áfram? Það eru engir, sem í þessu máli eiga meira undir réttu ráði og snöggum úrræðum en verkalýðurinn. Og þetta veit enginn betur en hv. 3. þm. Reykv., sem er hagfræðingur og þessum málum það vel kunnugur, að hann skilur vel eðli þeirra, þótt ég leyfi mér kannske að afsaka hv. 5. þm. Reykv. með þeirri staðreynd, að hann reynir aldrei að setja sig inn í nokkurt mál og hefir e. t. v. takmarkaða hæfileika til þess. Honum lætur bezt að æsa upp lýðinn, án þess að hugsa nokkuð um þarfir fólksins. Hans afsökun má liggja í þessari eðlishneigð og takmörkuðum hæfileikum til þess að skilja afstöðu málanna. Þessa afsökun hefir hv. 3. þm. Reykv. ekki, enda veit ég vel, að hann hefir sjálfur álitið, að þinginu bæri að fella íslenzku krónuna. Og nýverið sá ég bækling um þessi mál, þar sem álitið er, að talað sé fyrir munn kommúnista, og það er sannað, að krónan þurfi að falla.

Ég hefi ekki heyrt bent á aðrar leiðir til úrlausnar þeirri þörf, sem hér er fyrir hendi, en gengisfellinguna og uppbótarleiðina. Mér finnst eðlilegt, að margir vilji, að uppbótarleiðin sé vel athuguð, áður en farið er út í að lækka gengið. Ég hefi sjálfur í mörg ár talið hag framleiðslunnar standa þannig, að krónufelling yrði ekki umflúin. En ég hefi hinsvegar af eðlilegri hneigð þess manns, sem er í þeim flokki, sem ég telst til, veigrað mér við að koma með þessa uppástungu, meðan talinn væri einhver kostur á að umflýja hana. Það er eðlileg stefna flokks eins og Sjálfstfl., að fella ekki krónuna, ef einhver önnur leið er til að verjast því böli, sem nú steðjar að viðskipta- og atvinnulífi þjóðarinnar. Ég hefi sjálfur verið að athuga þessa uppbótarleið og í sannleika sagt fælzt hana því meir, því betur sem ég hefi um hana hugsað og því fleiri vitiborna menn sem ég hefi heyrt um hana tala. Nú ætla ég mér alls ekki þá dul, að ég sé öllum mönnum dómbærari um það, hvað farsælast sé í þessum efnum. Ef fróða menn og kunnuga greinir á um slíka hluti, verður að álíta, að hver hafi nokkuð til síns máls. Hér er ekki eingöngu um að ræða menn, sem líta einstrengingslega á þessi mál, heldur fjölda manna, sem hafa bezta vilja á því að dæma hlutlaust og eftir því, sem þeir álíta sannast og réttast. Og ég viðurkenni, að þó að ég haldi því sjálfur fram, að gengislækkunarleiðin sé farsælust, þá sé að sjálfsögðu eitthvað fleira í rökum andstæðinga minna en ég hefi getað komið auga á. Mér þykir ekki líklegt, að jafnmargir skynsamir menn væru þarna að verki, ef það er tóm vitleysa, sem þeir fara með. En úr því nú þessi lögmæta eign framleiðendanna, útflutningsvaran, er með 1. af þeim tekin, sem ég er andvígur út af fyrir sig, er mér ljúfast, að hún sé af þeim tekin fyrir sem næst sannvirði. Auk þess er mér ógeðfellt að sætta mig við það, að uppbót framleiðendum til handa fyrir misrétti, sem þeir hafa verið beittir af ríkisvaldinu, komi í formi ölmusu eða styrks. Það er óheilbrigt og ekki til frambúðar, að ætla að halda uppi framleiðslu landsmanna með styrk, sem aðrir landsmenn eiga að greiða og hlýtur að lokum að renna frá framleiðslunni sjálfri. Þetta er leið til þess að fara í kringum kjarna málsins, en getur aldrei orðið til frambúðar.

Ég hefi ekki, eftir minni þekkingu á þessum málum, getað komið auga á, að við gætum með premíuleiðinni umflúið þá annmarka, sem eru á gengislækkun, að því er snertir afkomumöguleika þeirra, sem verst eru staddir í lífsbaráttunni. Ég hefi ekki getað sannfærzt um það, nema síður sé, að sú dýrtíðaraukning, sem vegna gengislækkunar kynni að leggjast á bök þeirra, sem örðugast eiga uppdráttar, verði minni né léttari, þótt premíuleiðin sé farin í stað þess að fella krónuna. Og ég held, að það sé ekki hægt að rökstyðja hið gagnstæða.

Ég ber kvíðboga fyrir því, að verði þessi uppbótarleið farin, dragi úr þeim framleiðsluauka, sem að öllum líkindum myndi bæta hinum vinnandi stéttum þann halla, sem af dýrtíðaraukningunni kynni að leiða, umfram þær bætur, sem þeim eru ætlaðar samkvæmt 2. gr. frv. En auk þessa skal ég viðurkenna, að rök þeirra manna hafa haft rík áhrif á mig og kannske að einhverju leyti mótað mína endanlegu afstöðu til þessa máls, sem því hafa haldið fram, að ef premíuleiðin yrði farin, mundi trú manna, og einkum framleiðendanna, sú, að þetta væri ekki síðasti leikur þessa tafls, heldur bráðabirgðaráðstöfun. Með premíuleiðinni mundi ætlað, að framleiðendur, sem skiluðu gjaldeyri til bankanna, fengju uppbót, sem næmi 8—12% á þann gjaldeyri, sem skilað væri. Ef premíuleiðin reyndist nú ekki koma að haldi, mundi lagt út á gengislækkunarbrautina og framleiðendum þá veitt verðlaun fyrir þann gjaldeyri, sem þeir skiluðu, er næmu kannske um eða yfir 20%. Af þessu mundi óhjákvæmilega leiða, að nokkur tregða skapaðist um afhending gjaldeyris til bankanna, en af þeirri tregðu mundi aftur leiða nýja örðugleika á því að fullnægja þörfum þjóðarinnar til nauðsynlegra innkaupa. Og mér hafa sagt fróðustu menn og vel vitibornir, og það í bankastjórn, að af þessu gæti leitt, að þegar búið væri að ganga inn á uppbótarleiðina og þm. komnir heim, gæti gjaldeyrisástand bankanna orðið þannig, að þeir teldu sig tilneydda að biðja stj. að lækka íslenzku krónuna. En ég vil ekki vera þátttakandi í því, að fyrst séu

lagðar þungar kvaðir á almenning í landinu með auknum sköttum um 4½—9 millj., eftir því hvort lagður yrði jafn tollur á alla vöru eða sneitt hjá notaþörf framleiðslunnar, og síðan, þegar það væri búið, kæmu þær hörmungar yfir þjóðina, að bankarnir gugnuðu á því að halda uppi krónunni og neyddust til þess að bæta verðfelling hennar ofan á allt saman. Ég álít, að með slíkum ráðstöfunum væri gerður leikur að því að verðfella krónuna meir en þörf krefur, og myndi það leiða ógæfu yfir allan almenning í landinu. Einmitt þetta hefir haft veigamikil áhrif á endanlega afstöðu mína til þessa máls.

Í sambandi við þau orð hv. þm. V.-Sk., að pólitískar klíkur fari með bankamálin, vil ég láta þess getið, að ég geng ekki inn á, að bankastj. Landsbankans sé pólitísk klíka. Ég vil leiða athygli hv. þm. að því, að allan þann tíma, sem Alþ. hefir setið, hefir honum sem öðrum verið ljóst, að verið var að leita að einhverju úrræði til þess að létta örðugleika útvegsins. Og hv. þm. — jafnfróðum manni og vel að sér — stóð jafnt öðrum til boða að benda á, hvaða leið hann vildi, að farin yrði, til þess að leysa þau vandræði, sem bæði hann og aðrir játa, að séu fyrir hendi.

Ég skal svo enda þessi fáu orð með því að segja, að þótt ég aðhyllist þessa leið, játa ég, að eins og nú er komið hag útvegsins, og ekki sízt með það fyrir augum, hversu mikil aflabrögð eru hjá nágrannaþjóðum okkar, er ég enganveginn öruggur um, að þessi hjálp komi að liði. *En ég sé ekki aðra leið, sem ég tel færa* í bili, og þess vegna mun ég greiða atkv. með þessu frv. Ég geri það líka í trausti þess, að ef frv. nær lögfestingu, muni allir góðir menn í þessu landi, sem stuðla vilja að sem öruggastri framtíð íslenzks atvinnulífs, leggjast á eitt um að reyna að tryggja það, að þessar ráðstafanir komi að liði, og í þeim efnum veit ég, að við sjálfstæðismenn eigum allir samleið.

Út af yfirlýsingu þeirri, sem hv. þm. V.-Sk. gaf f. h. þeirra sjálfstæðismanna hér í d., sem andvígir eru þessu máli, vil ég skýra frá því, að við, sem fylgjum málinu, munum greiða atkv. á móti till. kommúnista. Við munum einnig greiða atkv. á móti hinni rökstuddu dagskrá hv. 3. þm. Reykv., en án tillits til trausts eða vantrausts á stj.

*Ísleifur Högnason: Það kemur æ betur í ljós, að formælendur þessa frv. eru í vafa um, hvort það nái tilætluðum tilgangi.

Frv. fylgir skýrsla mþn., sem kosin var á Alþ. 1938, til þess að athuga hag og rekstur togaraútgerðarinnar Ég hefi haft lítinn tíma til þess að athuga þessa skýrslu, en það, sem ég strax rek augun í, er, að á þeim 5 árum, sem skýrslan nær yfir, kemur í ljós, að kostnaður við framkvæmdastjórn og skrifstofuhald hefir ár frá ári farið hækkandi, en aftur á móti hefir kaup háseta heldur lækkað. Laun framkvæmdastjóra og skrifstofufólks voru árið 1937 7936 kr. að meðaltali á skip. Þess ber líka að gæta, að framkvæmdastjórnarkostnaður kemst upp í 16000 kr. á hvert skip.

Nú er það mála sannast, að þessar skýrslur ber ekki að taka sem algerlega heilagan sannleika. Þær eru ekki í samræmi við eldri skýrslur um sama efni. Það leiðir vitanlega af óvönduðum vinnubrögðum, og þó versna vinnubrögðin, þegar út úr þeim á að draga rök fyrir gengislækkun. Álíka aðferð er það líka, þegar ýmsir hv. þm. vilja telja sér til tekna till. Benjamíns Eiríkssonar, þar sem þær till. um verðfelling krónunnar eru aðeins einn liður í víðtækum ráðstöfunum, og er þar m. a. gert ráð fyrir að losa þjóðina við innflutningshöftin um leið.

Í þessu frv. er gengið lengra en nokkurntíma áður hefir verið gengið hér á Alþ. í því að svipta verkalýðinn frelsi. Bann frv. gegn kauphækkunum er í eðli sínu stjórnarskrárbrot, og alþýðan í landinu getur ekki litið á það nema sem lögleysu.

Um gengislækkun *vil ég segja* það, að hún er óréttlátasta leiðin til þess að rétta við hag útgerðarinnar. Samkv. skýrslu, er hér liggur fyrir, mun ⅓ hluti útgerðarfyrirtækja græða árlega, og sýnir það, að sá hluti togaraútgerðarinnar, sem rekinn er á skynsamlegan hátt, þarf engan styrk til þess að geta haldið áfram rekstri sínum. Slík útgerðarfyrirtæki gefa skýrslu aðeins til þess að geta náð í ennþá meiri gróða á kostnað allra launþega í landinu. Talið er, að til þess að jafna töp hinna 30 togara muni þurfa um 750 þús. kr. Þetta frv., ef að l. verður, mun orsaka dýrtíð eða skerðingu á kaupgjaldi, sem nemur 3—6 millj. kr. árlega. Það eru fleiri en útgerðarmenn, sem hafa ágóða af þessari *gengislækkun. Hér ber þess að gæta, sem ekki* hefir verið tekið fram hér í umr. áður, að við það að minnka verðgildi krónunnar raskast öll verðmæti landsmanna, og skuldir í bönkum falla að sama skapi sem krónan lækkar. Það verður hægara að greiða þær upp í innlendum gjaldeyri, og inneignir manna lækka líka. Þetta snertir ekki aðeins alla launþega, verkafólk og aðra, sem hafa samskonar aðstöðu, heldur einnig þá, sem eiga peninga á vöxtum í bönkum eða sparisjóðum. Afstaða síðasta ræðumanns til þessa máls er skiljanleg. Hann kvað skulda nokkrar millj. kr., og þetta frv. lækkar skuldir hans svo millj. kr. skiptir. Þá er það engin furða, þó að hann geti lýst ágæti þessa frv. fyrir sam*herjum sínum, hann, sem er potturinn og pannan* í því, að þetta frv. er komið fram hér á Alþ., Þetta mál var til umr. á fyrra þinginu 1937, og flm. þess nú hafa ekki séð ástæðu til að gera neinar verulegar breyt. á því frá því, sem það var flutt þá. Hv. 5. þm. Reykv. (EOl) kom með sláandi dæmi um það, hvernig þm. Alþfl. hafa svikið sína kjósendur með því að gerast samábyrgir um að flytja þetta frv. hér á Alþ. En til frekari áréttingar ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að taka upp nokkrar tilvitnanir í ræðu þm. Alþfl., þegar þetta mál var flutt á fyrra þinginu 1937, og ég hefi ekki heyrt borin fram nein rök, er styðja þá kenningu, að ástandið hafi breytzt síðan. Sigurður Einarsson segir:

„Alþfl. hefir enga dul dregið á afstöðu sína til þessa máls. Hann er því hreinandvígur. Til þess liggja þau rök, er nú skal greina:

1. Krónulækkunin hlyti að leiða til þess, að öll verkamannasamtök landsins mundu rísa upp

sem einn maður og krefjast kauphækkunar sem lækkuninni nemur.

2. Krónulækkunin myndi þannig leiða til stórfelldra deilna innanlands, sem myndi verka lamandi á atvinnulif og alla framleiðslu landsmanna.

3. Krónulækkunin myndi ennfremur mjög verða til þess að auka dýrtíðina, spenna upp verð á öllum útlendum varningi, sem mjög mundi íþyngja öllum almenningi við sjávarsíðuna.

4. Sú dýrtíðaraukning lendir einnig þegar í stað óhjákvæmilega á bændum, vegna þess að þeir eru stærri kaupendur á erlendum markaði en þeir eru seljendur.

5. Krónulækkunin stefnir til alvarlegs hruns á innanlandsmarkaðinum, sem tekur nú ca. $^2/_3$ af allri landbúnaðarframleiðslunni og geldur fyrir hana betra verð en unnt er að fá á útlendum markaði".

Í þessari ræðu tekur Sigurður Einarsson það skýrt fram, að gengislækkun hljóti að fylgja aukin dýrtíð og vinnudeilur, og sé því sú leið mjög varhugaverð. „Með gálauslegum gengislækkunum og stöðugu brölti með gengi íslenzku krónunnar er verið að mana út í vinnustríð og kaupdeilur, ekki einungis verkamenn, heldur og alla starfsmenn, svo að vinnufriðnum í landinu yrði stór hætta búin, og er þetta frá þjóðhagslegu sjónarmiði því stór ábyrgðarhluti og hið mesta glapræði." Ennfr. segir Sigurður Einarsson: „Með þessu er verið að gera krónuna, hinn sameiginlega verðmæli landsmanna, að nokkurskonar flæðarmús, sem dregur gullið undir nokkra örfáa, en aðrir verða að sama skapi fátækari. Kjörorð Alþfl. er „hin heiðarlega króna", sem er réttlátur verðmælir milli landsmanna, ekki óheiðarleg króna, sem svíkst aftan að yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar og gerir afstöðu hans ennþá verri, krónan, sem er dulbúin þjónn örfárra einstaklinga til þess að bæta við þann, sem hefir, og taka frá þeim, sem ekki hefir."

Þetta var kenning Alþfl. 1937, en hver er kenning hans nú?

Svo ætla ég, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkrar greinar úr ræðu hv. 6. landsk. (EmJ). Hann vitnar þar í álit og umsagnir hins sænska hagfræðings Eriks Lundbergs, er var fenginn hingað til að kynna sér fjármálaástandið hér á Íslandi og hefir látið í ljós álit sitt á því og gengismálinu sérstaklega. Álit Lundbergs er á þá leið: „Segja má, að í gengislækkun íslenzkrar krónu sé ekki annað falið en há tollvernd, þar sem tollurinn renni þó ekki í ríkissjóð, heldur greiðist útflytjendum." Þá segir hann á einum stað í áliti sínu til skipulagsnefndar atvinnumála: „Eins og ástandið er nú á Íslandi, mundu, svo framarlega sem ríkið skærist ekki í leikinn, allar nýbyggingar og ný fyrirtæki vera nærri óhugsandi, skattar mundu lækka og launalækkanir mundu verða knúðar fram. Að öðrum kosti mundi íslenzka krónan lækka um 20—30%, til þess að framleiðslan til útflutnings geti borið sig og verð innflutningsins hækki." Svo bætir hann við: „En hvorug þessi leið getur komið til greina, bæði vegna þess, að þetta er allt of mikil blóðtaka fyrir þjóðina félagslega skoðað, eins og reynsla annarra landa hefir sýnt og sannað, og líka vegna þess, að búast má við því, að ef lagt er í ýms ný fyrirtæki til framleiðslu (nýja togara, verksmiðjur til þess að vinna úr útlendum hráefnum o. s. frv.), mundi það laga fjármál landsins út á við, þegar til lengdar lætur."

Þetta er í stuttu máli umsögn Lundbergs. Hann viðurkennir að vísu, að hin raunverulega skráning íslenzku krónunnar sé of há, en álítur samt, eins og við sósialistar, að gengislækkun myndi alls ekki bæta úr ástandinu, heldur myndi hún gera illt verra.

Nú ætla ég ennfremur, til þess að sýna þá stefnubreytingu eða gleymsku, sem átt hefir sér stað hjá þm. Alþfl., að lesa upp dálitinn kafla úr ræðu hv. þm. Ísaf. (FJ), er hann flutti hér á fyrra þinginu 1937, um viðreisn sjávarútvegsins. Kaflinn, sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta, er á þessa leið:

„Frv. þau, sem hér hafa verið til umr., svo sem frv. um uppgerð Kveldúlfs, breyt. á landsbankalögunum og svo þetta frv., eru einstakir liðir í þessari starfsskrá. Það er því helber uppspuni, að þessi frv. séu búin til af Alþfl. hálfu sem kosningafrv., þvert á móti, þau eru kröfur um viðreisn atvinnulifsins við sjávarsíðuna, kröfur þessara 13 þús. manna og kvenna, sem eru skipulögð í Alþýðusambandi Íslands. Hræðsla Íhaldsins við þessi frv. er skiljanleg, þegar athuguð er framkoma þess í sjávarútvegsmálum á síðari árum, þegar það er athugað, að Íhaldið hefir á sínum tíma og hefir raunar nú bankana alveg eins og þeir væru þeirra eigin eign, vilja ausa úr þeim fé eins og þeir hafa gert. Það hefir notað gjaldeyrinn, ekki til þess að mynda varasjóð fyrir útgerðina, ekki til þess að endurnýja togarana, heldur látið þá grotna niður, svo að þeir eru nú, eins og form. Sjálfstfl. lýsti þeim, ryðkláfar og fúaduggur. Fé það, sem komið hefir inn og átt hefði að nota sem varasjóð, hefir Íhaldið notað í allt annað, sér til persónulegrar eyðslu- og bílifis, og til að byggja sumarbústaði, og a. m. k. í einu tilfelli notað í búskap upp í sveit, búskap, sem alls ekki getur borið sig, eins og hann er rekinn. Það er þess vegna von, að Íhaldið skelfist, þegar það sér, að fram eru komnar frá Alþfl. alvarlegar till. um alhliða viðreisn sjávarútvegsins. ... Hitt vildi Alþfl. alls ekki aðhyllast, þá till., að leggja 3½ millj. kr. til skuldaskila togara til þess að láta eigendur togaranna halda áfram með það fé, sem komið var í þeirra rekstur, draga það út úr rekstrinum og leggja það í hallir, búskap uppi í sveit eða beinlínis nota það í óhæfilega eyðslu handa sjálfum sér."

En skyldu þm. Alþfl. vera svo gleymnir, að þeir muni ekki eftir þessum atriðum? Vitanlega situr allt við sama í þessum efnum nú sem þá, stórútgerðarfyrirtækin blóðsjúga sína eigin útgerð, forstjórar þeirra nota ágóðann alls ekki til þess að halda togurunum við, heldur til þess að byggja sér skrauthýsi. Þannig hafa forstjórar útgerðarfyrirtækjanna lagt fé í allt annað en vera átti.

En nú virðist þetta allt saman hafa blátt áfram gleymzt hjá hv. þm. Ísaf. Hann er kominn

í sæng með hv. þm. G.-K. Það er meining þm. Alþfl. að láta hv. þm. G.-K. halda áfram uppteknum hætti. Hann (FJ) talaði um, að það yrði að gera kröfu til þess, að þessir menn færu betur að ráði sínu en þeir hafa gert hingað til, en það verður ekki gert með því að lögfesta slíka skerðingu sem þessa á rétti verkalýðsins og láta þá menn fara áfram með fjárráðin, er fara illa með fé landsmanna.

Úrræði þessara Alþfl.-foringja er að hneppa verkalýðinn í fjötra, ef með þarf. Næsta sporið verður það, að koma á ríkislögreglu. Þeir munu ekki fara í grafgötur með það, að þeir skirrast ekki við að beita ofbeldi til að koma vilja sínum fram, og ef þeir, sem hafa stj. landsins á hendi, telja sig þurfa ríkislögreglu til að halda verkalýðnum í skefjum, munu Alþfl.-foringjarnir verða reiðubúnir til þess að styðja hana.

Það hefir þó komið fram ein glóra í þessu frv., en hún er mjög lítil. Upp í þetta frv. er tekin till. um breytt launakjör skipstjóra á togurunum. Þetta er að vísu ekki stórt atriði, en sá liður þessa frv. er þó það eina, sem við sósíalistar getum fallizt á.

Samkv. yfirlýsingu hv. þm. Ísaf. mun vera fengið loforð fyrir því að kaupa hingað nýjan togara. En það er eitt af samningsatriðunum og líka það, sem hann sagði um, að svonefndur meiri hl. Alþfl. væri með þessu frv. Það er altalað, að Alþfl.-foringjarnir eigi að fá þennan nýja togara, og er það því ekkert undarlegt, þótt þeir hafi gengið í lið með hv. þm. G.-K. í þessu áhugamáli hans.

Nokkrir af þeim þm., sem hér hafa tekið til máls, hafa talað á þá leið, að aðeins væri um tvær leiðir að velja til að hjálpa útgerðinni, gengislækkun eða útflutningsverðlaun. Þeir virðast ekki vita neitt um það, að sósíalistaflokkurinn hefir lagt fram hér á Alþ. 4 eða 5 frv. til viðreisnar sjávarútveginum og forða honum frá því að þurfa að draga saman rekstur sinn. En Alþ. hefir hundsað öll frv., sem við sósíalistar höfum borið fram, nema till. um breyt. á launakjörum togaraskipstjóra. En það einkennilega er, að þeir hafa gengið framhjá þeirri till. okkar, sem er eina rétta leiðin í þessu, sem sé að strax verði gert yfirlit yfir hag og rekstur útgerðarfyrirtækja og útgerðin tekin úr höndum þeirra, sem ekki kunna að reka hana og á undanförnum árum hafa dregið sér fé frá útgerðinni, stöðvað hana eftir því sem þeim sýndist og orsakað núverandi ástand.

Hinir ráðandi flokkar hér á Alþ. hafa ekki getað áttað sig á þessum till. okkar sósíalista. Menn geta hlegið að okkur og gert grín að okkur fyrir þessar till. og talað um, að með till. okkar um að stofna allskonar ráð vildum við stofna „sovét“ hér á Íslandi. En nú ber þess að gæta, að flestar af þeim nefndum, sem Alþfl. hefir sett á stofn eða lagt til að settar yrðu, hafa einmitt verið kallaðar „ráð“. Jafnvel Sjálfstfl. hefir borið hér á Alþ. fram frv. um „fiskiráð“, og þar að auki mun „ráð“ alls ekki vera rétta skýringin á rússneska orðinu „sovét“.

Það má segja um Alþ. það, er nú situr, að það hefir verið aðgerðarlítið fram að þessu, og almenningur hefir kvartað yfir því, að þingið gerði ekki neitt, og það lítla, sem það gerði, væri aðeins til ills eins. Það væri þannig skipað mönnum, að það, sem það gerði, yrði alþjóð til bölvunar. Þessi sjádómur er nú að rætast, ef Alþ. ber ekki gæfu til þess að hrinda þessu lagafrv. Ef það heldur enn lengra áfram á þeirri braut, þá hefir það fyrirgert rétti sínum til að halda áfram störfum, og ef Alþ. ekki samþ. vantraust á núv. stj., mun þjóðin sjálf innan skamms gera það.

*Forseti (JörB): Ég hefi hingað til leyft ræðumönnum að hafa ótakmarkaðan ræðutíma í þessu máli, því að mér þótti rétt, að öll sjónarmið, sem þm. hafa á þessu máli, kæmu glöggt fram, en þar sem umr. um þetta frv. hafa nú staðið í 6 klst., mun ég hér eftir takmarka ræðutíma þm., svo að engum verði leyft að tala lengur en í 6 mínútur.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er ekki mikið, sem ég get sagt um þetta mál á 6 mín., af öllu því, sem ég vildi segja, en ég verð að sætta mig við það, því að ekki má tefja framgang málsins.

Hv. 5. þm. Reykv. (EOl) talaði um það hér í d., að af öllum þeim aðgerðum, sem kæmu til greina í þessu sambandi, hefði hin réttlátasta verið sú, að taka þau fyrirtæki til skiptameðferðar, sem ekki ættu fyrir skuldum. En þótt slíkt yrði gert, myndi það samt eiga sér stað eftir sem áður, að útgerðin yrði rekin með tapi, og slíkt getur ekki gengið til lengdar. Ég vil í þessu sambandi gefa þær upplýsingar, að ýmislegt hefir nú verið gert, aðallega af bönkunum; samið mun verða um, að þau fyrirtæki, sem ekki eiga fyrir skuldum, verði gerð upp, og að meðan á því stendur, verði þau rekin í „likvidation“, og verða þau þá rekin af stj., sem að mjög verulegu leyti verið skipuð af lánardrottnum þeirra. Þetta mun því verða til þess, að sá hagur, sem þessum fyrirtækjum kann að verða af gengislækkuninni, kemur þeim lánardrottnum til góða, sem hafa lánað þeim fé, og það myndi verða, þegar búið er að ráðstafa eignum þessara fyrirtækja til hlítar.

Ýmsir þm. hafa spurt að því, hvort sérstök gjaldeyrislántaka hafi verið ráðgerð í sambandi við þessar ráðstafanir. Eins og áður hefir verið skýrt frá hér á Alþ., hefir stj. þegar leitað fyrir sér um gjaldeyrislántöku, án þess að það hafi borið árangur enn sem komið er. Það væri ákaflega æskilegt, að um leið og breyt. á gengisskráningu íslenzkrar krónu er gerð, væri stofnaður varasjóður til þess að greiða verulegan hluta af hinum frosnu inneignum erlendis. Það myndi örva greiðslu á þeim vörum, sem til landsins flytjast, en þess er enginn kostur án lántöku, og um það verður ekki meira sagt eins og sakir standa nú.

En það er engin röksemd móti þessu frv., því að þetta frv., ef það verður að l., gerir það líklegt, að hægt verði að gera full skil í þessu efni, bæði vegna þess, að það örvar framleiðsluna, og líka af öðrum ástæðum, sem ég hefi ekki tíma til að rekja.

Hv. þm. Dal. (ÞBr) var nokkuð að tala um

stefnubreytingu hjá Framsfl. í sambandi við þetta frv., sem hér hefir verið borið fram. Hv. þm. Dal. hefir talað um, að íslenzka krónan væri skráð of hátt, og hann leggur mjög einhliða áherzlu á það, að krefjast réttlátrar gengisskráningar, sem sérstakt hagsmunamál landbúnaðarins. En Framsfl. bendir á það, að það er út af fyrir sig vafasamt, hvort gengislækkun er sérstakt hagsmunamál fyrir landbúnaðinn í heild sinni, og á þeim grundvelli hefir Framsfl. vísað málinu frá hér á Alþ. undanfarið. En hinsvegar höfum við framsóknarmenn alltaf um leið bent á gengislækkun sem eina af þeim leiðum, er kæmu til athugunar, ef stórfelldar hagsbætur yrði að gera fyrir útgerðina, og ef fjárhagsafkoma þjóðarinnar væri hætta búin. Þegar svo væri komið, yrði að nota öll úrræði til bjargar, og þá væri þetta sameiginlegt hagsmunamál allra landsmanna. Svo að segja allar þjóðir hafa einhvern tíma lækkað gengi peninga sinna, og þess vegna get ég óhikað mælt með því, að þessi leið verði farin. Við álítum, að nú verði að bjarga útgerðinni, og er það ástæðan til þess, að við berum þetta frv. fram og rökstyðjum það hér í dag. Við álítum, að núv. fjárhagsástand geti ekki gengið til lengdar.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Ég vil fyrst taka til athugunar nokkrar fyrirspurnir, sem hv. þm. Seyðf. bar fram í ræðu sinni í dag. Hann spurði fyrst, hvort lifrarþóknun til sjómanna á togurum kæmi undir ákvæði þessa frv. um kaup*hækkun móti verðlagshækkun. Ég lít svo á*, að það hljóti að verða þannig, því að í úrskurði frá 21. marz 1938, um kaup og kjör á botnvörpungum, er þóknun af lifrarfati talin með í kaupgjaldi sjómanna, enda er vitað, að þessi þóknun af lifur hefir undanfarið verið skoðuð sem hluti af kaupi. Um aðra fyrirspurn hans, snertandi aflaverðlaun á síldveiðum, er það að segja, að ákvæðin um aflaverðlaun hljóta að standa óbreytt. *Er það líka augljóst mál, að premia* sjómanna á síldveiðum hlýtur að hækka af sjálfu sér, þegar verðhækkun verður á síld, og það jafnt, af hvaða ástæðu sem síldin hækkar í verði.

Vegna þriðju fyrirspurnar hv. þm. hefi ég kynnt mér þau tilfelli, þegar sjómenn ráða sig gegn ákveðinni þóknun, miðað við fiskimagn, en ekki fyrir venjulegt kaup. Ég lít svo á, að þessir samningar hljóti að standa óhaggaðir þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. þessa frv.

Út af fyrirspurn hv. þm. Seyðf. (HG) um starf verðlagsn. get ég gefið þær upplýsingar, að sú n. er tekin til starfa og hefir gert verðlagsákvæði um einstakar vörutegundir, og verður því starfi haldið áfram, þar sem stj. leggur áherzlu á að halda niðri verðlagi á vörum, eftir því sem föng eru á. Ég get einnig tekið það fram, að innflutningur á nokkrum ákveðnum nauðsynjavörutegundum mun verða gefinn frjáls.

Hv. þm. V.-Sk. (GSv) flutti hér ræðu og beindi nokkrum ásökunum í garð formanns mþn. þeirrar, er rannsaka skyldi hag og rekstur togaraútgerðarinnar. Hann sagði, að formaður þeirrar n. hefði hindrað, að skýrslur og till. n. kæmu fram. Nokkuð í sama tón talaði hv. 6. þm. Reykv. (SK). Um störf þeirrar n. upp á síðkastið, get ég gefið þær upplýsingar, að við, sem sæti áttum í n., héldum fund rétt áður en þingið hófst. Þá afgr. n. að vísu engar till., en málið lá þá ljóst fyrir, og strax eftir að þingið kom saman var til þess ætlazt, að einstakir nm. gerðu grein fyrir málunum, hver innan síns flokks, til þess að unnt væri að athuga möguleika fyrir því að fá samkomulag um ákveðna leið í þessu máli. Þetta vita báðir þessir hv. þm. Sjálfstfl., sem um þetta töluðu, þar sem þetta mál hefir verið rætt ýtarlega í flokknum frá þingbyrjun. Mér kemur það undarlega fyrir sjónir, hve litla þekkingu hv. þm. V.-Sk. virðist hafa á þessu máli. Dettur þessum hv. þm. í hug, að það hefði verið heppilegt, ef meiri hl. n. hefði þegar í þingbyrjun komið fram með ákveðnar till. um verðbreyt. á íslenzkum peningum, áður en vitað var, hvort samkomulag fengist um þá leið? Það er öllum ljóst, hver áhrif slík framkoma myndi hafa haft á viðskipti og fjármál þjóðarinnar.

Hv. þm. V. Sk. talaði um það, hvers vegna aðrar leiðir hefðu ekki verið athugaðar. Það hefir verið rætt bæði af mér og öðrum við þessar umr. um aðrar leiðir. Til viðbótar því, sem sagt hefir verið um ókosti þeirra, vil ég benda á það, að til fyrirstöðu því að leggja toll á innfluttar vörur og greiða með því útflutningsverðlaun, eru ákvæði í brezka viðskiptasamningnum um, að ekki megi leggja hærri toll en þar er ákveðið á ýmsar tilgreindar vörur. Það hefði því orðið að taka þær vörur undan, ef innflutn*ingstollur hefði verið lagður á í þessu skyni*. Ég get ennfremur bent á það, að í Ameríku mun vera lagður sérstakur tollur á innfluttar vörur frá löndum, sem greiða útflutningsverðlaun. Það er talið, að í þeim löndum, þar sem slík útflutningsverðlaun eru greidd, sé rekin óheilbrigð samkeppni á heimsmarkaðinum.

Ég hefi ekki tíma til að fara frekar út í ræðu hv. þm. V.-Sk. Hann bar fyrir sig latínu, eins *og oft áður, en í því máli er ég því miður* lítt lærður. Hitt þótti mér þó lakara, að það, sem hv. þm. mælti á íslenzka tungu, var mér jafnóskiljanlegt eins og latínan. Hæstv. forseti hefir gefið mér til kynna, að ræðutími minn sé að enda, og verð ég að ljúka máli mínu. Ég hefði annars vikið einnig nokkuð að ræðu hv. 6. þm. Reykv. Sá háttv. þm. hefir oft talað mikið um ást sína á sjávarútveginum og nauðsyn þess að styðja þann atvinnuveg En þegar að því kemur, að hann þarf að taka ábyrga afstöðu, þá fjargviðrast hann eins og áður um ástand atvinnuveganna án þess að koma með nokkrar frambærilegar till. til viðreisnar. Er hann þó í stjórn Sambands ísl. fiskframleiðenda og sennilegt, að útvegsmenn hafi vænzt einhvers stuðnings frá hans hendi, en ekki þætti mér ólíklegt, að þeir kæmust að þeirri niðurstöðu, að hann sé einn af þeim, sem illa launa ofeldið.

***Einar Olgeirsson:** Út af þeim upplýsingum, sem hæstv. atvmrh. gefur nú, vil ég taka það fram, að áður en maður getur gert mikið með þær upplýsingar, þarf maður að vita nánar um það mál. Fyrir síðustu kosningar voru gerðir samningar við Kveldúlf og menn settir til að

líta eftir, að þeim yrði framfylgt. En það hefir ekki verið gert. Bankastjórarnir hafa meira og minna svikizt um að gera það, sem Framsfl. lofaði sínum kjósendum, að gert yrði í því máli. Eftirlitið hefir verið slæmt. Það er því ekki hægt að leggja mikið upp úr því, þótt slíkar upplýsingar séu gefnar.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Seyðf. talaði hér um áðan, að hann hefði í raun og veru að öllu leyti skipt um skoðun, þá er orðin heldur slæmur ferill hans og hans flokks hér á þingi í sjávarútvegsmálum. Undanfarin fimm ár hefir Alþfl. háð baráttu um það, hvernig fara ætti að í útgerðarmálunum, hvort skera skyldi á Kveldúlfskýlið eða hvort ætti alveg að dengja öllu sukkinu á fólkið í landinu. Þegar hv. þm. Seyðf. var í ráðherrastól, gafst hann upp. Alþfl. gaf út bráðabirgðalög um síldarverksmiðjustjórn á sínum tíma. Eftir að nýbúið var að slíta Alþingi 1936, sá Alþfl., að ekki dugði að halda áfram á Alþ. á þessari undanhaldsbraut. Þá voru gerðar till. um að gera Kveldúlf upp. Síðan var lagt til kosninga á þeim grundvelli. Síðan hefir Alþfl. gefizt upp við að halda áfram framkvæmdum í þessum efnum. 1938 hrökklast hv. þm. Seyðf. úr ráðherrastóli, vegna þess að hann vildi láta líta svo út, að hann væri á móti því að leggja á sjómenn tap stórútgerðarinnar. En nú, 1939, er það komið svo langt, að jafnvel í þessu máli hefir einn af flokksmönnum hv. þm. Seyðf. gerzt meðflm. að frv. um gengisskráningu. Og er því hv. þm. Seyðf. búinn að skipta um skoðun, þannig að Alþfl. hefir lýst því yfir, að hann sé búinn að gefa upp sína fyrri stefnu. Þessu verður því ekki að neinu leyti mótmælt. Sósíalistafl. hefir erft þá afstöðu, sem Alþfl. og Kommfl. höfðu upphaflega í þessu máli. En Skjaldborgin svokallaða, alþýðuflokksbrotið, hefir skipt um skoðun. Þetta flokksbrot á ekkert skylt við þann Alþfl., sem gekk síðast til kosninga með nafninu Alþýðuflokkur.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Seyðf. minntist á gróða heildsalanna og hringanna, þá tók ég það sérstaklega fram í minni ræðu, að sá, sem ætlaði að gera þessar ráðstafanir í gengismálunum, yrði að þora að ráðast á þá, og ég benti á, að með þessu frv. er engin hreyfing í þá átt. Það er hlægilegt, þegar hv. þm. Seyðf. þykist vera að taka undir þessar kröfur og segist vona, að þeirri ríkisstj., sem hann langar til að komast í, takist að framkvæma þær, rétt eins og honum detti slíkt í hug. Það er landsbankaráðið, sem hefir komið sér saman um þetta frv. Það er líka auðséð, frá hvaða sauðahúsi það var, fyrst það kemur almenningi illa. Það hafa flestar n. skilað nál. nema bankanefndin, og lýsi ég hér með eftir því. Þessi bankan. var sett fyrir tveim árum síðan. Og ástæðan fyrir því, að ekkert hefir heyrzt frá nefndinni, er víst sú, að bankaráðið þorir ekki að horfast í augu við það öngþveiti, sem það er búið að skapa.

Þá var hv. þm. G.-K. að tala hér áðan. Mér finnst satt að segja, að hann hefði helzt ekki átt að standa hér upp. Hann er að tala um viðreisn atvinnulífsins, en hann meinar viðreisn Kveldúlfs. Og hann er að tala um, að verkalýðurinn eigi mest undir þessu komið. Hann meinar Thorsfjölskyldurnar. Hv. þm. var líka að tala um bannið við því, að kaup verkalýðsins hækkaði í eitt ár. Hann veit, að hjá þeim hálaunuðu, eins og honum og hans nótum, muni það haldast, og ekkert því til fyrirstöðu, að þeim verði bráðum tryggðir ráðherrastólar o. s. frv. Svo halda þeir fram, að þeir séu að halda fram rétti fólksins, og bera á okkur kommúnista, að við séum svo heimskir, af því að við getum ekki skilið, að þetta frv. miði að viðreisn atvinnulífsins. Það er svo augljóst samband á milli villubygginga Thorsaranna og lækkunar krónunnar, sem nú stendur fyrir dyrum hjá alþjóð, að það getur hver meðalskynsamur maður séð.

*__Finnur Jónsson:__ Það er eftirtektarvert tímanna tákn, hvernig menn úr nazistadeild Sjálfstfl. og Kommfl., og það meira að segja hér í hv. d., vitna hver í annan og smjatta hver framan í annan og reyna í félagi, hvað þeir geta, að vega að Alþfl., því þeir vita báðir, að sá flokkur — og Alþfl. í öllum löndum — hefir verið langmesti þröskuldur í vegi fyrir þeim öfgastefnum, sem allt lýðfrelsi vilja afnema og lifa á óreiðunni í þjóðfélaginu. Hv. 5. þm. Reykv. sagði hér í hv. d. áðan, að Alþfl. ætti ekki skylt við þann flokk, sem hafi boðið sig fram sem Alþfl. við síðustu kosningar. Við hvað á þessi hv. þm? Allir vita,, að hans flokkur er lagður niður. Eitt af því fyrsta, sem hann gerði eftir kosningarnar, var að hlaupa frá sínum flokki og villa á sér nafn og númer eins og togari, sem er að stela fiski í landhelgi.

Hv. 4. landsk. var hér með umr. um gengisfrv. frá árinu 1937, sem áttu að sanna, að Alþfl. hefði breytt skoðun í gengismálinu síðan 1937. En þær umr., sem hv. 4. landsk. vitnaði í, sanna ekki þetta. Það frv., á þskj. 78, var flutt árið 1937 af Hannesi Jónssyni og var um, að sett yrði sérstök gengisnefnd, sem ákvæði gengi. Þeirri n. voru ekki sett nein takmörk. Hún mátti ákveða gengið, hvenær sem hún vildi og hvernig sem hún vildi. Og í því frv. voru engin ákvæði um að hækka kaup verkamanna, þegar verðlag hækkar í landinu. Það voru engin ákvæði í því frv. um það, að sett skyldi húsaleigunefnd. Það er lítið í þessu frv., sem verið var að lesa umr. frá, sem á skylt við það frv., sem hér liggur fyrir. Og svo dirfist hv. 4. landsk. að koma með umr. um óskylt frv., sem ekkert á sameiginlegt við það frv., sem nú liggur hér fyrir, annað en það, að breyta gengisskráningunni. Þetta eru rökin, sem þessir hv. þm. leyfa sér að koma hér fram með á hæstv. Alþingi. Það má vel vera, og ég tel það líklegt, að við alþýðuflokksmenn höfum talsvert aðrar skoðanir á okkar skyldum við kjósendurna heldur en kommúnistarnir, sem búnir eru að breiða yfir nafn og númer. Ég hefi þá skoðun á mínum skyldum, að mér beri að greiða úr vandræðamálum, sem kemur fram í þessu frv., eins og ég álít sannast og réttast og heppilegast fyrir þjóðina á þeim tíma, sem þau mál ber að höndum. Eins og við alþýðuflokksmenn greiddum atkv. á móti gengisfrv. Hannesar Jónssonar 1937, sem var þessu frv. óskylt, eins munum við flestir greiða atkv. með þessu frv., sem hér liggur fyrir, á grundvelli

þess, að það eru orðnar breyttar aðstæður í þjóðfélaginu. (ÍslH: Að hverju leyti eru breyttar aðstæður síðan 1937?). Hv. 4. landsk. er úr sjávarkjördæmi, og þó segir hann: „að hverju leyti eru breyttar aðstæður síðan 1937?“ Ég sé ekki ástæðu til að upplýsa mann úr sjávarkjördæmi um það, að hverju leyti þær aðstæður séu breyttar síðan 1937, því að ef hann veit það ekki heiman að frá sér, þá get ég ekki á 6 mínútum upplýst hann um það. Ég álít þær ástæður liggja hér fyrir, að það dugi ekki að halda sér við sínar fyrri skoðanir. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, verða menn að endurskoða sínar skoðanir frá fyrri tímum. Menn verða að breyta sinni skoðun eftir því, sem við á og heill þjóðarinnar krefst á hverjum tíma.

Hv. þm. sagði, að við hefðum svikið okkar stefnuskrá. En ég fyrir mitt leyti myndi skoða það svik við mína kjósendur, eins og ástæður eru nú um útgerðina í landinu, ef ég kæmi heim frá Alþ. og ekki með þá einu lausn, sem hægt var að fá í sjávarútvegsmálunum. Mínir kjósendur eru verkamenn og sjómenn, og ég tel hagsmunum þeirra borgið með því frv., sem hér liggur fyrir. Ég tel, að með því að tryggja þeim þá kauphækkun, sem með frv. er tryggð, sé sú ráðstöfun gerð, sem við alþýðuflokksmenn megum vel við una.

Ég vildi að endingu minnast á viðreisnarfrv. kommúnista. Það er bent á það af hv. 4. landsk. sem þriðju leiðina í því efni að hjálpa sjávarútveginum. En það hefir enginn maður utan þingflokks kommúnista tekið það frv. alvarlega. Ég hefi áður rakið efni þessa frv. og skal ekki misnota þann ræðutíma sem hæstv. forseti hefir gefið mér. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að stofna útvegsmálaráð, og það á að fylgjast með rekstri allra útgerðarfyrirtækja og hafa stöðugt eftirlit með öllu, svo sem ástandi véla í skipaflotanum. Þetta frv. er einskonar naglasúpa upp úr fiskiráðsfrv. hv. þm. G.-K. (ÓTh) og fiskimálanefndarfrv. gamla, kryddað með dálitlu af sovétkommúnisma frá Rússlandi.

*Sigurður Kristjánsson: Það voru óþarflega gikksleg orð, sem hv. 1. flm. frv. rétti til mín í lok sinnar ræðu. Það þýðir ekkert fyrir hann að ætla að breiða yfir það, að n., sem starfaði undir hans stjórn, hefir engu áliti skilað. Svo er það líka kunnugt, að frá öndverðu hefir mín krafa verið sú, að n. skilaði áliti og till., sem síðan yrðu framkvæmdar af ríkisstjórn og bönkum fyrir hátíðar. Það er því blekking í hans máli, að ég sé að rísa gegn viðreisnartill. sjávarútvegsins. En ég sé ekki, að þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, komi sjávarútveginum að haldi. Ég hefi ekki dæmt um, hvort eigi að gera gengisbreytingu. En ég tel, að annan og meiri undirbúning hefði þurft að gera undir þetta mál, ef gengisbreyting ætti að koma sjávarútveginum að gagni. Það þurfti að skapa undirstöðu að því, að svo mætti verða, með niðurskurði á útgjöldum ríkissjóðs og aflétting innflutningshafta, eftir því sem ástæður frekast leyfa. Hv. 1. flm. er kunnugt, að ummæli hans um mig voru móti betri vitund sögð. En mér var kunnugt um, að hv. 1. flm. var þessu máli velviljaður og miklar líkur til þess, að hann yrði með slíkum undirbúningi, þar til hann var kúgaður til þess að falla frá þessu. Hann lét detta botninn úr starfi n. og kom aldrei með þær till., sem hann sjálfur var búinn að lofa að koma með. Ég veit, að þetta, sem gera þurfti, niðurskurður á útgjöldum fjárl. og aflétting innflutningshaftanna, er óþarft mál fyrir Framsfl., því hann hefir að ýmsu leyti lifað á óhófseyðslu ríkissjóðs og aðstöðu, sem hann getur veitt ýmsum af sínum mönnum með innflutningshöftunum. Og það kemur af því, að hv. 1. flm. og hans flokkur, Framsfl., metur hærra hagsmuni flokksins en hagsmuni almennings.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Aðeins nokkur orð til viðbótar því, sem ég áður hefi sagt, og þá vil ég beina þeim til hæstv. atvmrh., 1. flm. frv., út af því, sem hann vildi svara til minnar ræðu.

Ég tel það fullsannað með því, sem upplýst hefir verið af hv. 6. þm. Reykv., sem á sæti í mþn., að atvmrh., sem er formaður hennar, hafi heldur viljað tefja það, að mþn. kæmi fram með álit. Hæstv. atvmrh. getur náttúrlega sagt sem svo, að hann hafi ekki fengið þessu áorkað, þótt hann hefði viljað. En ég veit ekki, undir hvaða áhrifum hann hefir verið.

Það er ekki rétt hjá hæstv. atvmrh., að þetta mál hafi verið til frjálsrar umr. og athugunar í flokkunum, þar sem hann veit, að ekkert álit var komið fram og engar till. fram bornar, og þm. gátu ekki vitað, hvaða till. myndu koma fram. Það sýnir sig nú, að engar till. komu frá n. En frv. inniheldur sjálfstæð atriði, sem einmitt hafa verið til umr. í n. Sjálf n. hefir ekki komizt að endanlegri niðurstöðu, eða a. m. k. ekki komið fram með till. En þessi till. er eftir uppástungu eins manns í þessari n. Mér er alveg óskiljanlegt, hvers vegna hæstv. atvmrh. telur, að þetta mál hafi alls ekki mátt koma fram í þingbyrjun. Það er einmitt sú meðferð, sem málið hefði átt að fá, án tillits til annarra ástæðna, ef á annað borð hefði átt að hverfa að því ráði. En því var hnýtt saman við annað atriði, sem átti að knýja fram með þetta mál í eftirdragi. Það hefði verið heppilegra, að málið hefði komið fram í þingbyrjun, því að það hefði fyrirbyggt það, sem síðar hefir komið fram í málinu, og hefði verið betra fyrir málið í heild og ég held heppilegra fyrir alla aðstöðu þess.

Hæstv. atvmrh. telur, að ef farin hefði verið uppbótarleiðin, þá hefði ekki mátt leggja aðflutningsgjald fram yfir það, sem ákveðið er nú, á þær vörur, sem brezk-íslenzki samningurinn nær til. Þetta haggar ekki því, sem ég sýndi fram á, að það hefði mátt undirbúa málið betur. En eins og hæstv. ráðh. veit, var að hans tilhlutun sjálfs borið fram á Alþ. frv. til laga um tollskrá. Hún byggist á því, að þessar brezku vörur, sem undanteknar eru frá frekari álagningu tolla í brezka samningnum, komi ekki til hækkunar í tollum. En ég sýndi fram á, að einmitt á þessum grundvelli tollskrárinnar hefði verið tiltækilegt að áætla, án þess að íþyngja frekar en þau efni standa til, töluverða fúlgu til að verja í uppbætur á verðlagi útflutningsins.

Ég sé ekki ástæðu til að taka frekar fram um þetta nú. Ég hefi áður lýst þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar þeirri afstöðu, sem við höfum tekið, nokkur hluti úr Sjálfstfl., á Alþ. En um það, sem hæstv. atvmrh. sagði um mína ræðu, að ég hefði talað á latínu, vil ég taka það fram, að í þeirri ræðu, sem ég hélt í þrjá fjórðunga stundar, mun ég hafa notað tvö latnesk orð, sem ég hélt, að allir skildu. Það voru orðin „in casu", sem þýðir: í þessu tilfelli, eða þegar um þetta mál er að ræða.

*Héðinn Valdimarsson: Þegar málið kom á dagskrá, gerði ég fyrirspurn til hæstv. forsrh. viðvíkjandi lántökumöguleikum í Ameríku, og hvort hann hefði fengið fréttir frá Vilhjálmi Þór. Forsrh. svaraði því neitandi. Ég hefi heyrt í dag, að hann hafi fengið frétt um þetta.

Nú spyr ég hann, hvort honum hafi ekki borizt fyrirspurn simleiðis um þetta og hvers vegna væri ekki leitað lánsheimildar til að taka lán í tilgreindum banka í New-York. Ég óska skýrs og ákveðins svars frá forsrh. um það, hvort hann hafi heyrt annað um málið en hann hefir gert grein fyrir.

Ég vil þá víkja að ræðum hv. þm., sem hér hafa talað. Hv. þm. Ísaf. talaði m. a. um gróða olíufélaganna og hve nauðsynlegt væri að taka af honum. Það munu liggja fyrir skýrslur um það hjá hæstv. ríkisstj. og verðlagsn. Og ég býst við, að hv. þm. sé vel kunnugt um það, að olían er seld með vissu verði. Ég veit ekki, hvort reynsla þessa hv. þm. bendir í þá átt, að um mikinn gróða sé að ræða. Ég býst við, að hv. þm. Ísaf. muni vel eftir þeim 60 þús. kr., sem var tap á rekstri hjá samvinnufélagi, sem hann stjórnaði, og leyfði sér, í beinu banni, að láta lána þessu félagi 20—30 þús. kr., þegar hann vissi, að það átti ekki fyrir skuldum. Ef olíuverzlun er þannig rekin af öllum umboðsmönnum og allt væri líkt þessu, skil ég ekki í, að um mikinn gróða væri að ræða.

Þá gat hv. þm. Ísaf. um það, sem ég kallaði mola fyrir brauð fyrir alþýðuna. Í staðinn fyrir að þessari gengislækkun var skellt á, flutti ég till. um viðreisn sjávarútvegsins nú á þingi. Þessi eini togari, sem keyptur hefir verið, hefir fallið í skaut flokksmönnum þessa hv. þm. Og ef það verður það sama með rekstur þessa togara og á Norðfirði, þá mun hann ekki vera ætlaður fyrir almenning. Því það var yfirleitt á Norðfirði þannig, að enginn fékk vinnu við skipið nema alþýðuflokksmenn.

Það má gera ráð fyrir, að það verði svo við þetta nýja skip, að það flokksskilyrði verði sett, að engir nema þeir menn, sem lofa með drengskaparloforði að kjósa alþýðuflokksmenn á þing, fái atvinnu þar. Það getur verið, að þeim heppnist að fá skipsmenn á þetta eina skip, en það verði ekki mikið fleiri, sem vilja vinna þetta til.

Þá talaði hv. þm. um það, að hann hefði skipt um skoðun og sumir samflokksmenn hans. Það er nú svo opinbert, að það þarf ekki að fara lengra út í það. Ég vil minna þá á, sem fylgzt hafa með kosningum, að við hverjar kosningar hefir Alþfl. lofað að standa á móti lækkun krónunnar. Nú er þetta allt svikið. Ég vil spyrja þessa menn, hvers vegna þeir skjóti ekki þessu máli undir dóm kjósenda við almennar kosningar, þar sem þeir hafa breytt sinni skoðun, eftir sinni eigin sannfæringu, að því er þeir segja.

Þá var hv. þm. að geta hér um húsaleigulögin og það gagn, sem verða myndi af þeim. Þegar það ástand kemur, sem hlýtur að koma, þegar þetta frv. hefir verið samþ., þá kunna þau að vera nauðsynleg En það eru á þeim tvær hliðar, og það er enginn vafi, að þau munu minnka byggingar hér í bænum og auka þannig atvinnuleysið. Mér er ekki kunnugt um, að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar, hvorki í þessu frv. né annarstaðar, til þess að bæta þessum mönnum upp það atvinnutjón, sem af þessu mun hljótast.

Þá talaði hann um lán til verkamannabústaða, en því hefir verið lofað áður og verið svikið þá.

Hv. þm. Seyðf. talaði líka um þessi mál, en var þó ekki eins harðorður og hv. þm. Ísaf., enda virðist hann ekki vera eins öruggur í sannfæringunni um lausn þessa máls. Það lítur út fyrir, að hann hafi gerzt fylgjandi þessa máls til þess að koma þar inn smábreyt. viðvíkjandi smáhækkun á launum, sem á að verða eftir frv. En það getur þó aldrei orðið eins mikið og aukning dýrtíðarinnar. Hann var að tala um, að það væri vegna þess, að verkalýðsfélagið Dagsbrún hefði ekki gengisskala í sínum samþykktum. Nú vita þeir það, sem kunnugir eru samþykktum verklýðsfélaga, að þessar gengisklásúlur eru frá þeim tíma, þegar gengisskráningin heyrði undir sérstaka nefnd. Af 100 verklýðsfélögum munu það vera um 30, sem hafa þetta. En hver maður getur skilið, að ef stórfelldar stjórnarráðstafanir eru gerðar, eins og t. d. gengislækkun, þá eru það ástæður, sem gera umbreytingu slíkra samþykkta nauðsynlega. Við skulum taka t. d., að stríð skelli á og allar vörur hækki um 10%. Halda menn, að þessi pappírslög, sem þessir menn eru nú að reka í gegn, muni standast þá? Nei, það er ómögulegt. Það sér hver maður. Það væri ekki hægt að halda þessu kaupgjaldi þá.

Ég vil að lokum benda á þær aðferðir, sem flokksmenn hv. þm. Seyðf. hafa notað gagnvart verkalýðsfélögunum, ef þau hafa ekki verið þeim hlýðin, þar sem þeir hafa ráðizt í að kljúfa þau, og má í því sambandi minna á Hafnarfjörð.

*Finnur Jónsson: Ég þarf að bera af mér sakir (Forseti: Ein mínúta mun nægja til þess). Já, þær eru ekki svo margbrotnar. — Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að ég hefði í heimildarleysi og jafnvel gegn beiðni hans lánað Samvinnufélagi Ísfirðinga 30 þús. kr. virði í olíu. Ég lýsi því hér með yfir, að þetta eru helber ósannindi, en um viðskipti okkar að öðru leyti ætla ég ekki að fjölyrða. Ég vil þó segja það, að þegar ég lét af störfum fyrir nokkru síðan, þá fékk ég mjög vinsamlegt bréf frá hv. 3. þm. Reykv., þar sem hann þakkaði mér fyrir vel unnin störf í þágu Olíuverzlunar Íslands um margra ára skeið. Það vita allir, að þessi hv. þm. er ekki það góðhjartaður eða það laus við að vera aurasál, að hann hefði farið að þakka mér fyrir vel unnin

störf, ef ég hefði lánað Samvinnufélagi Ísfirðinga 30 þús. kr. móti hans boði.

Héðinn Valdimarsson: Ég skal með ánægju endurtaka það, sem ég sagði, utan þingsins og færa sönnur á það. Hv. þm. veit það vel. (**FJ:** Það er engin hæfa í því).

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá 3. þm. Reykv. felld með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, SEH, SK.

nei: JGM, JPálm,[1]) ÓTh, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr,[2]) ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, HelgJ, JörB.

1 þm. (ÞorbÞ) fjarstaddur.

Frv. vísað til 2. umr með 22:8 atkv.

Á 34. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 119, 121, 122).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu brtt. 121 og 122; þá lá og fyrir skrifl. brtt. frá þm. V.-Húnv. o. fl. (sjá þskj. 123). — Afbrigði leyfð og samþ. með 23: 4 atkv.

***Forseti (JörB):** Þar sem allrækilega hefir verið rætt um málið við 1. umr., og öllum kemur hinsvegar saman um, að málið þurfi að ná skjótri afgreiðslu, þá vil ég leyfa mér að fara fram á, að ræðutími verði styttur frá því, sem þingsköp gera venjulega ráð fyrir, þannig, að til þessarar umr. gangi ekki nema 1 klst. og ræðutími hvers þm. verði 6 mín. Ég mun leita afbrigða fyrir því, að áskildu samþykki hæstv. ríkisstj., og bið ég þá hv. þm., sem samþ. þessi tvöföldu afbrigði, að rétta upp höndina.

ATKVGR.

Till. forseta samþ. með 22:3 atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Við erum hér innan Sósíalistafl. flm. að brtt. við frv., og ganga þær út á það, að 2., 3. og 5. gr. séu felldar burt úr frv. Aðallega eru það 2. og 3. gr., en þar sem 5. gr. stendur í sambandi við þær, þá tókum við hana með.

Þessar brtt. fara fram á það, að felldar séu burt úr frv. allar hömlur, sem lagðar eru á verkalýðinn til þess að hindra það, að hann geti hækkað kaup sitt, og vinna þannig upp á móti þeim skaða, sem honum annars væri valdið með gengislækkun. Ef samþ. væri að lækka gengið og þær brtt. væri samþ., sem við berum fram, þá hefði verkalýðurinn möguleika til þess með verkföllum og kaupsamningum að hækka sitt kaup og hindra það, að gengislækkun lenti á honum fyrst og fremst. Við álítum, að þeir, sem ekki vilja vera með í því að beita verkalýðinn hróplegu ranglæti og svipta hann frelsinu til að bæta kjör sín, muni greiða atkv. með þessum till. okkar.

Ég vil út af þeim umr., sem fóru hér fram áðan, minnast lítið eitt á það, sem hv. þm. Ísaf. var að ræða um, og á undan honum hv. þm. Seyðf. Þeir voru að tala um, að við hefðum verið kosnir á þing sem þm. Kommfl. og við hefðum síðan brugðizt þeim flokki með því síðar að gerast meðlimir Sósíalistafl. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, til þess að hv. þm. geti sparað sér að vera með rugl og blekkingar, að Kommfl. samþ. einróma á sínu þingi að ganga til sameiningar við Alþfl. sem heild, eða þann hluta hans, sem vildi ganga til sameiningar. Þetta var gert á fullkomlega lýðræðislegum grundvelli á þingi, sem kosið var til af öllum meðlimum flokksins, og þar samþ. af öllum fulltrúunum að ganga til þessarar sameiningar. Og upptökin að þessari sameiningarsamþykkt voru þau, að Alþfl. sendi sameiningartilboð til Kommfl. Ég má þá kannske bera fram þá fyrirspurn til þessa hv. þm., hvort það hafi verið meiningin hjá þeim, þegar alþýðusambandsþingið samþ. að leggja niður Alþfl. og ganga til sameiningar með Kommfl., að þeir með því sviku sinn eigin flokk og við kommúnistar svikum okkar flokk. Það er bezt fyrir þessa háu herra að vera ekki að gera sig heimskari en þeir eru með því að vera með slíka útúrsnúninga, og það allra sízt, þegar þeir sjá, að við berjumst áfram fyrir þeirri stefnu, sem Kommfl. og Alþfl. börðust fyrir, meðan báðir þessir flokkar börðust fyrir hagsmunamálum verkalýðsins.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Ísaf. var að halda fram, að Alþfl. væri bezti vörður lýðræðisins, þá skulum við láta verkin dæma um það. Það er laglegur vörður fyrir lýðræðið, sem Alþfl. er í sambandi við þetta frv., þar sem hann leggur til að svipta verkalýðinn með lögum öllum réttindum, sem hann með áralangri baráttu hefir áunnið sér til þess að hafa áhrif á kaup og kjör sín og beita þeim samtökum, sem hann hefir byggt upp til þess að verjast meira misrétti. Það er skrítin vörn fyrir lýðræðið, sem þessir herrar framkvæma með frv. slíku sem þessu. Ég vil óhræddur leggja það undir þjóðardóm, og það strax, hvernig þeir fylgja lýðræðinu, og láta þjóðina skera úr um það, hvernig henni lízt á þetta framferði þeirra og þessa vörn þeirra fyrir lýðræðið.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Ísaf., að Alþfl. hafi beygt sig fyrir þjóðarnauðsyn. Hann hefir beygt af fyrir nauðsyn braskaranna í landinu, sem Alþfl. þorði einu sinni að berjast á móti. En nú er hann farinn að berjast á móti því, að hinar vinnandi stéttir fái bætt kjör sín.

Ég vil að síðustu í sambandi við það, sem hv. þm. G.-K. sagði og mér gafst þá ekki tími til að svara, segja það, að svo framarlega, sem haldið verður áfram á þeirri braut, sem hingað til hefir verið farin, þá getur farið svo, að bankarnir gugni undir þessu. Ég vil spyrja hv. þm. að því, hvort hann sé farinn að verða var við, að bankarnir séu farnir að gugna undir þeim

---

1) **JPálm:** Með tilvísun til þess rökstuðnings, sem formaður Sjálfstfl. færði fram áðan, segi ég nei.

2) **ÞBr:** Þar sem ríkisstj. hefir í þessu máli haldið fram sömu stefnu sem **Bændafl., til þess** að undirbúa myndun þjóðstjórnar, þá telur flokkurinn ekki ástæðu til að hindra stj. í því starfi, heldur greiðir atkv. móti dagskránni, og segi ég því nei.

þunga, sem lagður hefir verið á þá af þeirri stjórn, sem hann og hans menn hafa haft á útgerð og atvinnulífi þjóðarinnar. Ég vil um leið biðja hv. þm. að athuga, hverjum sé verið að vinna gagn með frv. því, sem hér er verið að samþ. Ég býst við, að það sé beinlínis verið að stefna að því með þessu frv., að gera bankana gjaldþrota. Þetta er allt gert til þess að hlíf-ast við því, að það komi í ljós, hvernig þeir hafa ráðstafað fé landsmanna í bönkunum að undanförnu. Það er meiningin að dylja þetta fyrir þjóðinni og því á að píska þetta frv. í gegnum þingið með svona miklum hraða.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HG, JörB.
nei: HV, ÍslH, JakM, SEH, SK, EOl, GÞ, GSv.
1 þm. (ÞorbÞ) fjarstaddur.
Brtt. 121 tekin aftur til 3. umr.
— 122,1 felld með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HV, ÍslH, EOl.
nei: GG, HG, HelgJ, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, JörB.
GÞ, GSv, JakM, SEH, SK, EE greiddu ekki atkv.
1 þm. (ÞorbÞ) fjarstaddur.
2. gr. samþ. með 22:3 atkv.
Brtt. 122,2 felld með 23:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, HV, ÍslH.
nei: SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GG, HelgJ, JGM, JPálm, ÓTh, PHann, PO, JörB.
GÞ, GSV, HG, JakM, SH greiddu ekki atkv.
2 þm. (SK, ÞorbÞ) fjarstaddir.
Brtt. 123,1 samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 24:4 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 122,3 tekin aftur.
5.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 123,2 samþ. með 22 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24:4 atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 124, 121).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Ég vil leyfa mér að leggja það til, að til þessarar umr. verði ekki varið nema einni klukkustund og að ræðutími hvers þm. fari ekki fram úr 6 mín.

ATKVGR.
Till. forseta samþ. með 23 shlj. atkv.

***Haraldur Guðmundsson:** Í 2. gr. frv. á þskj. 119 er tekinn upp nokkur hluti þeirra tillagna, sem Alþfl. setti sem skilyrði fyrir stuðningi sínum við gengislækkunina. Vænti ég því, að það teljist réttmætt, þó að við alþýðuflokksmenn gerum tilraun til þess að leiðrétta það, sem hér hefir farið á annan veg en við teljum heppilegt. Við alþýðuflokksmennirnir fjórir, hv. þm. N.-Ísf., hv. þm. V.-Ísf., hv. þm. Hafnf. og ég, berum því fram brtt. á þskj. 121, þar sem við leggjum fyrst til, að í stað orðsins „fjölskyldumanna“ í 2. gr. næstsíðasta málsl. 1. málsgr. komi: „manna“. Um þessa brtt. er óþarfi að fara mörgum orðum, því að þótt hún verði samþ., raskar hún mjög litið frv.

Önnur brtt. gengur í þá átt, að þau verkalýðsfélög, sem hafa verið svo forsjál að hafa í samningum sínum ákvæði um breytingar á kaupi vegna gengislækkunar eða hækkunar á verðvísitölu, megi velja um það, hvort meðlimir þeirra fái kauphækkun samkv. þeim ákvæðum eða samkv. reglum 2. gr. Og ef ekki er ákveðið í samningi, frá hvaða tíma og eftir hvaða vísitölu kaup skuli breytast, skuli finna vísitöluna samkv. 2. gr. og breyting kaupsins koma til framkvæmda í fyrsta sinn 1. júlí 1939.

Þriðja brtt. fer fram á það, að sjómenn, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla eða aflaverðlaun, sem miðast við aflamagn, skuli njóta þeirrar verðhækkunar, sem stafar af gengislækkuninni, og gildi þetta jafnt þótt gerðir hafi verið samningar fyrirfram um söluverð aflahluta.

Hæstv. atvmrh. hefir þegar svarað nokkru um þessi atriði; gerði hann það nú fyrir stuttu, er hann svaraði fyrirspurn minni. En að því er snertir síðasta atriðið, hvernig gengislækkunin skuli verða gagnvart sjómönnum, sem eru ráðnir upp á hlut úr afla eða aflaverðlaun miðuð við aflamagn, vildi ég óska umsagnar hæstv. ráðherra.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Ég legg eindregið á móti brtt. á þskj. 121. Út af ræðu hv. þm. Seyðf. vil ég taka það fram, að mér var ekki áður kunnugt um, að þess væru dæmi, að sjómenn semdu um aflaverðlaun miðað við aflamagn, án þess að taka með gengisbreytingar, ef yrðu, en nú hefi ég fengið upplýst, að þetta hafi átt sér stað. Ég tel því sjálfsagt, að þeir sjómenn noti sér ákvæði 1. málsgr. 4. gr. frv. Þetta vænti ég, að hv. þm. Seyðf. láti sér nægja hvað þetta atriði snertir.

***Héðinn Valdimarsson:** Við sósialistar getum fallizt á brtt. á þskj. 121, en ég vil taka það fram, að í þessum orðum mínum felst engin breyting á afstöðu okkar til málsins í heild. Þá vil ég endurtaka tilmæli mín til hæstv. forsrh., að svara fyrirspurn þeirri, er ég beindi til hans áðan, eða að gera a. m. k. grein fyrir því, hvers vegna hann vilji ekki svara henni.

Þá vil ég aðeins svara hv. þm. G.-K. nokkrum orðum, því sem hann vék að mér. Hann sagði, að ég hefði lengi verið þeirrar skoðunar, að krónan ætti að falla. Það er eins og þeir þm., sem eru fylgjandi frv., áliti það mál út af fyrir sig, hvort krónan eigi að falla eða ekki. Hitt virðist vera aukaatriði, hvort þess sé þörf. Það, sem verið er að gera hér, er að fella krónuna án

rannsóknar um það, hvert sé hið rétta verð hennar. Erlendis er þessu hagað á allt annan veg en hér. Þar er sú venja, að ríkin taka upp skuldir sínar og athuga, hvað þau geti borgað af þeim, og miða svo verð peninganna við hinn raunverulega kaupmátt þeirra. Auk þess hafa þau gengisjöfnunarsjóði til þess að tryggja það, að hið ákveðna verðgildi peninganna haldist án verðsveiflna. Ekkert af þessu er gert hér. Verð peninganna hangir hér aðeins á þingvilja lítils meiri hl., sem engan þjóðarvilja hefir að baki sér.

Þá er og ekki verið að athuga það hér, hver áhrif verðfelling krónunnar hefir á lánstraust þjóðarinnar erlendis. Á þá hlið málsins er ekki litið, frekar en hún væri ekki til. Það er ekki verið að líta á það, þó að gengisbreytingin hafi þær afleiðingar, að allir þeir mörgu, sem hingað hafa lánað fé, utan hinna föstu lána, forðist okkur hér eftir eins og pestina.

*Eiríkur Einarsson: Það er ekki venja mín „að gera grein fyrir atkv. mínu“ sem kallað er. En nú tel ég, að um svo mikilvægt mál sé að ræða, að ég verði að breyta út af venju minni í þessum efnum. Afstaða mín í þessu máli er ekki mótuð af neinni sérstakri fyrirfram ákveðinni skoðun á þessum málum. Ég get tekið undir það, sem haft var einu sinni eftir merkum þingmanni, að hann væri yfirleitt á móti fátækt. Þannig mun og fleirum vera farið. Ég býst því við, að flestir séu á móti því, að krónan verði felld, því að það bendir á fátækt og úrræðaleysi hjá okkur. En úr því að svo er komið, að óumflýjanlegt telst að fella verðgildi hennar, sé ég mig knúðan til þess að fylgja frv., enda þótt ég sjái marga og mikla galla á því. Það er því hin knýjandi nauðsyn, sem að þessu sinni ræður atkv. mínu, en ekki hitt, hver grundvallarskoðun mín er á þessum málum. Höfuðástæðan er sú, að þörf sjávarútvegsins krefst skjótra úrræða, ef ekki á illa að fara. Og þegar þetta er rætt, sem mun vera ágreiningslaust, að útvegurinn standi höllum fæti, ef honum er ekki rétt hjálparhönd, þá munu menn geta verið sammála um, að mikið sé í húfi um framtíð hans. Og ráð þau, sem bent hefir verið á hér, önnur en verðfelling krónunnar, virðast ekki hafa fengið svo ákveðinn hljómgrunn, að almenningur geti tekið undir um það, að þau geti orðið sjávarútveginum til bjargar. Því að þegar talað er um, hvaðan eigi að taka fé til hjálpar sjávarútveginum, þá skiptast skoðanir, og ekkert einhlítt ráð hefir fundizt, sem fólk sé sammála um. Um skattaálögur hefir verið rætt í öðrum samböndum, og flestum kemur saman um, að þar hafi þegar verið harla langt gengið, svo að ekki sé þar á bætandi. Ef fara ætti að auka skattana meira, er ég viss um, að nógir staðir eru til fyrir það fé, m. a. til að mæta ýmsum afleiðingum þessa máls. Þeir staðir eru nógir, og mun það koma betur fram síðar. Þá er einnig ástand krónunnar sjálfrar þannig, að margt bendir í þá átt, að menn verði að spyrja: Er nokkuð annað gerlegt en þetta? Og svarið verður líklega hjá flestum svo, að hjá því verði ekki komizt. Og í þriðja lagi vil ég segja þetta: Úr því að þetta frv. er komið fram á Alþingi og krónan ekki sterkbyggðari en er, þolir þá Alþingi og íslenzka þjóðin annað en láta það koma til framkvæmda?

Ég veit, að af þessu leiðir, að ýmsir hljóta að eiga erfiðara en áður, sem hlífa þyrfti í þjóðfélaginu. Ég tek fúslega undir það. Margir, sem búa við lítil laun, munu verða fyrir nokkurri launaskerðingu. En á það ber að líta, að það eru ekki aðeins laun hinna láglaunuðu, sem skerðast, heldur einnig þeirra, sem hafa hærri laun.

*Ólafur Thors: Frv. það, sem hér liggur fyrir, er niðurstaða af nokkuð langvarandi umr. manna þeirra, sem nú munu greiða frv. atkv. sitt. Ég fer ekki dult með það, að í frv. eru ýmis ákvæði, sem ég og ýmsir aðrir hefðum kosið öðruvísi. En nú hafa nokkrir þeirra manna, sem að frv. stóðu, borið fram brtt. á þskj. 121, sem ég vissi ekki von. Önnur þessara brtt. er ósanngjörn að því leyti, að ekki er ástæða til, að menn, sem hafa samið um kaup, fái betri kjör sér til handa en þær stéttir í þjóðfélaginu, sem lægst eru launaðar og hafa ekki slíka samninga. Eins veldur 3. brtt. ósamræmi. Þar er farið fram á, að sjómenn, sem ráðnir eru upp á hlut úr afla eða aflaverðlaun, sem miðast við aflamagn, fái fulla gengisuppbót fyrir liðinn tíma, líðandi stund og fram í tímann, en sjómenn á togurum fá engan eyri fyrr en 1. júlí. Ég er andvígur þessum till. og tel misráðið, að þær skyldu koma fram, úr því að menn voru búnir að undirgangast að leysa málið á þann hátt, sem frv. segir til um.

Þá vil ég benda hæstv. atvmrh. á, að núverandi skilningur hans á 4. gr. er ekki í samræmi við þann skilning, sem hann hefir látið í ljós á fundum, þar sem ég hefi verið viðstaddur, og lætur hann þennan skilning í ljós á sína eigin ábyrgð.

*Garðar Þorsteinsson: Ég vildi gera nokkra grein fyrir atkv. mínu umfram það, sem fram hefir komið, m. a. frá hv. þm. V.-Sk. Á 6 mínútum er að vísu ekki hægt að segja margt. En ef tími væri til, þá væri freistandi að renna huganum til baka og leita að ástæðunum fyrir því, að nú þarf að grípa til þessara ráðstafana. Ég á sérstaklega við það, að stjórnarflokkarnir, sem setið hafa að völdum síðan 1927, hafa aldrei skilið afstöðu Sjálfstfl., hafa ekki talið stefnu Jóns Þorlákssonar leiðina til betra gengis fyrir þjóðina. Meira að segja 1935, er von var um að geta fengið fram fjárlög, sem gætu bætt aðstöðu ríkisins, hækkuðu þeir fjárl. í staðinn fyrir að draga úr útgjöldunum. Þeir hafa aldrei skeytt till. um það að leyfa smáútgerðinni umráð yfir gjaldeyrinum, svo að hún gæti keypt nauðsynjavöru sína sjálf, en aftur á móti hefir S. Í. S. verið látið ráða að fullu yfir sínum gjaldeyri.

Þegar rætt var um þetta, var eina ráðið til að fá bót á því ráðna talin sú, að mynda þjóðstjórn. Það hefir nú farið út um þúfur í bili. En þó hafa menn komið sér saman um þetta frv. En annars er þetta mál svo illa upplýst af hlutaðeigendum, að ótrúlegt er, þar sem þetta er eitt stærsta málið, sem fyrir þingið hefir komið. Stjórnarflokkarnir hafa ekki gert tilraun til

að sýna með tölum, hve mikið útveginn vanti til að vera hallalaus, né heldur, hve mikið þessi gengislækkun muni færa útveginum nettó. Þetta er enn óupplýst mál. Í grg. frv. er sagt, að togararnir séu reknir með einnar millj. tapi á ári. Hv. þm. G.-K. segist ekki geta gengið inn á premíuleiðina, því að hún geti ekki bætt úr þessu og hann vilji ekki bera ábyrgð á því að leggja á þjóðina frá 4½ til 9 millj. kr. Hér skilur nú nokkuð á milli. Hvor talan á að gilda? Það er auðséð, að þessir menn hafa ekki gert sér ljóst, hversu mikið fé skuli nást með gengisfellingunni.

Ég tel, að leiðin, sem heppilegust hefði verið, sé sú, að veita uppbót á sjávarafurðum. Á móti þessu hafa engin gild rök verið færð.

Til þess nú að ráða bót á erfiðleikum sjávarútvegsins er borið fram frv. um að lækka krónuna niður í 27, miðað við sterlingspund. En nú er hinsvegar víst, að allar afurðir, sem sjávarútvegurinn þarf að kaupa, hljóta að hækka allmikið í verði. Eini liðurinn, sem segja mætti, að kæmi ekki alveg til frádráttar, er kaupgjaldið. En það myndi ekki muna meira en svo, að það yrði 6% miðað við þann aukna krónufjölda, sem útgerðarmaður fær eftir frv. Ef um 5 millj. kr. kaupupphæð er að ræða, þá nemur þetta 300 þús. kr., og getur sú upphæð ekki ráðið bót á erfiðleikunum. Það er ekki hægt að halda því tvennu fram í einu, að kauplækkun eigi að ráða bót á halla sjávarútvegsins, og jafnframt, að ekki sé nema um óverulega kauplækkun að ræða, eins og sósíalistar segja. Þessi gengislækkun verkar vissulega sem skattur, en fyrst og fremst á þá, sem lægst hafa launin, því að á nauðsynjavörum almennings kemur hún niður fyrst og fremst. Án þess að ég sé því hlynntur, að tollar og skattar séu hækkaðir, finnst mér það undarlegt, að í frv. er sagt, að skattar og tollar séu nú svo háir, að ekki sé þar á bætandi. En þessi gengislækkun verkar einmitt sem hækkun skatta og tolla. Það er ekki auðvelt að benda á marga liði, sem ekki hækka við þetta. Húsaleiga hlýtur t. d. að hækka; hjá því verður ekki komizt. Nýbyggð hús hljóta auðvitað að hækka í verði og þar með húsaleiga í þeim, þó að hægt væri að halda henni niðri í gömlum húsum, sem er ekki heldur hægt, því að þá væri ekki framar hægt að selja hús við sannvirði. Við höfum haft húsaleigul. hér og vitum, hvernig þau lánuðust. Ég held, að eina leiðin sé að reyna að lækka dýrtíðina með því að gefa verzlunina frjálsari en hún er nú.

Með þessum ráðstöfunum er líka verið að minnka lánstraust landsins út á við. Hafa komið aðvörunarraddir um þetta frá mönnum erlendis, sem hafa með fjárhag landsins að gera. Ég vil benda á, að í bönkum liggja inni milljónir króna í íslenzkri mynt, sem erlendir kröfuhafar hafa átt inni árum saman í von um að fá það yfirfært. Þegar nú búið er að nota þetta fé til útlána innanlands, þá eiga þessir menn að fá aðeins 82% af því. Það getur enginn í alvöru haldið því fram, að erlenda kröfuhafa varði ekki um, hvort við lækkum gengið eða ekki, af því að þeir eigi að fá fé sitt endurgreitt í erlendri mynt. Ef maður kemur til mín og biður mig að lána sér 1000 kr. og ég spyr hann: Hvernig er þinn fjárhagur? — þá getur hann ekki látið sér nægja að svara: Það varðar þig ekkert um, en ég borga mína skuld. Það er auðvitað, að fjárhagur okkar hefir mikil áhrif á lánstraust okkar erlendis.

Ég lýsi því hér með yfir, að ég er á móti þessu frv., af því að það nær ekki þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná.

ATKVGR.
Brtt. 121,1 felld með 19:8 atkv.
— 121,2 felld með 20:7 atkv.
— 121,3 felld með 19:7 atkv.
Frv. samþ. með 24:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í raun réttri var aðdragandi þessa máls sá, að skipuð var nefnd til þess að athuga hag og rekstur togaraútgerðarinnar. Þessi nefnd hefir ekki skilað áliti fyrr en í dag, og hefir því nú verið útbýtt hér á Alþingi. Þó hefir stjórnmálaflokkunum verið kunnugt um þær aðalniðurstöður, er nefndin hefir komizt að um hag og rekstur togaraflotans undanfarin ár.

Við þessa rannsókn hefir það komið í ljós, sem mönnum var raunar áður kunnugt, að togaraflotinn hefir verið rekinn með tapi, og það mjög verulega undanfarin ár. Mun láta nærri, að tap alls flotans nemi á þeim árum, sem skýrslur nefndarinnar ná yfir, um 1 milljón króna árlega, eða um 30 þús. kr. á hvern togara að meðaltali. Efnahagur togaraútgerðarinnar er einnig þannig, að hann getur ekki lengur með nokkru móti þolað þessi töp, og mörg fyrirtækin eru nú þegar þannig á vegi stödd, að þau eiga ekki fyrir skuldum.

Þótt ekki liggi fyrir eins nýjar skýrslur um afkomu bátaútvegsins, þá er vitað mál, að hann hefir einnig undanfarið verið rekinn með tapi. Þótt ágóði hafi orðið af síldveiðum bátanna, þá hefir sá gróði meir en etizt upp á þorskvertíðinni, enda hafa margir bátar verið látnir liggja yfir þorskveiðitímann, en aðeins stundað síldveiðar.

Afleiðing þessa hefir komið fram í því, að útflutningur þjóðarinnar hefir sízt farið hækkandi þrátt fyrir stóraukinn útflutning vissra afurða, eins og t. d. síldarafurða. Einnig hefir þetta birzt í hinum langvarandi gjaldeyriserfiðleikum, sem við höfum átt við að búa. Undanfarið hefir oft verið á það bent, að það, sem þjóðinni riði mest á, væri aukinn útflutningur og aukning framleiðslunnar á öllum sviðum. Hafa menn komizt að þeirri niðurstöðu, að eina ráðið til þess væri að láta framleiðsluna bera sig betur, svo að fjármagnið leitaði þangað, en ekki til annarra síður nauðsynlegra hluta. Nú er það ljóst af þeim ummælum, sem fallið hafa hér í dag, og raunar áður líka, að allir viðurkenna

nauðsyn þess að bæta rekstrarafkomu útvegsins, en hinsvegar deilt um, hvaða leiðir skuli fara að þessu marki. Einkum er þó hér um tvennt að velja. Annarsvegar að leggja skatta á þjóðina og verja þeim til verðuppbótar á útflutningsvörur landsmanna, eða hinsvegar að fara þá leið, sem lagt er til í þessu frv., að lækka verðgildi íslenzkrar krónu. Hefir verið nokkuð um það rætt, hverjir ættu að bera byrðarnar í sambandi við lausn þessa máls. Ef til vill finnst mörgum ofureðlilegt að taka þá fjármuni, sem hér þarf á að halda, af þeim, sem kallaðir eru betur megandi, m. ö. o. að taka verulegan hluta þessarar fjárhæðar með beinum sköttum. Ég vil í þessu sambandi láta það í ljós sem mína skoðun og meðflm. minna að þessu frv., að þessi leið sé ekki fær. Ef við athugum samanlagt útsvar og tekjuskatt hér hjá okkur nú og berum saman við það, sem er í nágrannalöndum okkar, þá sjáum við, að við höfum nú þegar gengið lengra í þessu efni en aðrir. Ég álít að vísu, að sú leið sé réttlátari, en fyrir því eru þó takmörk, hve langt er hægt að ganga á þeirri braut. Ég get nefnt nokkur dæmi máli mínu til sönnunar. Ber ég þá fyrst saman skatta og útsvör hér í Reykjavík og Kaupmannahöfn, en Danir búa, sem kunnugt er, við frjálslynt stjórnarfyrirkomulag. Skattar og útsvör í Reykjavík eru lægri á mönnum með 3 þúsund króna hreinar árstekjur heldur en í Kaupmannahöfn. En þegar kemur upp fyrir 4 þús. kr. hreinar tekjur, þá eru skattar og útsvör mun hærri í Reykjavík en Kaupmannahöfn. Af 10 þús. kr. hreinum tekjum hér nema skattar og útsvör 3300 kr., en í Kaupmannahöfn 1590 kr. Af 15 þús. kr. tekjum hér verður að greiða 7047 kr. í útsvar og skatta, en 2885 kr. í Kaupmannahöfn; af 20 þús. kr. tekjum greiða menn hér 11532 kr., en í Kaupmannahöfn 4326 kr.; af 30 þús. kr. hreinum tekjum eru hér greiddar 21 þús. kr. í útsvar og skatta, en 7800 kr. í Kaupmannahöfn.

Þetta hygg ég, að nægi til að sýna það, að í þessu efni höfum við gengið verulega mun lengra en þær þjóðir, sem næst okkur búa, og það er mín skoðun, að við getum ekki gengið lengra í þessa átt, svo að nokkru verulegu nemi. En ég vil slá því föstu, að sú tilfærsla fjármagnsins, sem framleiðslunni er nauðsynleg, getur ekki orðið framkvæmd með álagningu beinna skatta eins og nú er háttað. Það er þess vegna engum vafa undirorpið, að ef sú leið væri valin, að bæta með verðlaunum upp útflutning landsmanna, þá yrði að afla fjármagns til þess að langmestu leyti með auknum tollum á aðfluttar vörur eða með almennum launaskatti. Framhjá þessari staðreynd verður ekki með nokkru móti komizt, eins og bent er á í greinargerð frumvarps þess, er hér er til umræðu. Slíkar ráðstafanir myndu því verða til þess að auka mjög dýrtíð í landinu og gera aðstöðu launamanna verri, engu síður en þær leiðir, sem fara á samkv. frv.

Nú hefir verið talið, að til þess að sæmilega væri séð fyrir hag togaraútgerðarinnar, þyrfti verð útfluttra afurða að hækka a. m. k. um 8%, enda komi þá engin verðhækkun á útgerðarvörur. Hefði það því aldrei orðið fjarri 5 millj. kr., sem þurft hefði að leggja á þjóðina af nýjum tollum og sköttum til að standast verðuppbótina. Nú myndu verða um það miklar deilur, hvaða vörur ættu að koma undir þessa nýju tolla. Einnig myndu verða endalausar deilur um það, hvaða vörur skyldu njóta útflutningsverðlauna og hverjar ekki. Yrði sífelld togstreita um það, hvort verðlagi þessarar eða hinnar vörutegundarinnar væri svo háttað, að ástæða væri til að bæta það upp með verðlaunum, o. s. frv. Með öðrum orðum, að ef gengið væri inn á þessa braut, væri komið út á svo hálan ís, að hvergi væri þar fótfestu að fá. Ég þekki ekki til þess, að í nokkru landi hafi sú leið verið farin, að veita útflutningsverðlaun fyrir yfirleitt allar framleiðsluvörur landsmanna, þótt sumar þjóðir hafi tekið þann kost að veita verðuppbót á hluta útflutningsins. Hinsvegar er vitað, að margar af þeim þjóðum, sem við eigum viðskipti við, eru mjög andvígar þessari styrkjaleið og telja hana valda óheiðarlegri samkeppni. Fara Bandaríkjamenn t. d. ekki dult með þessa skoðun sína.

Þá má geta þess, að vegna viðskiptasamkomulags okkar við Stóra-Bretland gætum við ekki tollað fjölda vörutegunda, sem samningurinn undanþiggur frekari tollun en nú er á þessu. Myndu því margar vörur sleppa alveg við tollinn, þótt þær gætu engu að síður þolað hann en aðrar vörur. Í skjóli almennrar tollahækkunar myndu milliliðirnir því ná til sín miklum gróða af þessum varningi. — Að lokum vil ég benda á, að með styrkjaleiðinni kemst framleiðslustéttin í þá aðstöðu, að öllum, sem greiða tolla og skatta, öllum, sem taka laun, finnst þeir vera að greiða ölmusu til þeirra, sem framleiðsluna stunda. Með þessu myndi skapast það viðhorf, sú fáránlega skoðun, að framleiðslan væri byrði á þjóðarheildinni og að hún lifði á náðarbrauði þeirra, sem hvergi koma nærri framleiðslu. Þótt styrkjaleiðin yrði valin, myndu menn álíta, að þar væri aðeins um bráðabirgðalausn að ræða, en framtíðarráðstöfunin, gengislækkunin, myndi koma von bráðar. Myndi slík skoðun skapa hinn mesta rugling í allri verzlun og viðskiptum.

Það, sem ég hefi bent á, eru að mínu áliti nægileg rök gegn því, að uppbótarleiðin verði farin. En þó er sú ástæða ótalin, sem taka varð tillit til við lausn málsins, og hún er, hvor af þessum umræddu leiðum væri fljótvirkari til bóta á gjaldeyrisverzluninni, sem verið hefir mjög örðug hin síðari ár vegna þeirra erfiðleika, sem að þjóðinni hafa steðjað um skeið. Hefir eftirspurnin eftir erlendum gjaldeyri verið mun meiri en unnt hefir verið að fullnægja, þrátt fyrir ráðstafanir til þess að draga úr innflutningi til landsins og örva útflutningsverzlunina. Ef gjaldeyrisverzluninni hefði ekki verið haldið fastri með gjaldeyriseinkasölu bankanna, myndi erlendur gjaldeyrir hafa stigið fyrir löngu, þ. e. a. s. íslenzka krónan fallið í verði. Það er viðurkennt, að æskilegast sé að halda genginu sem stöðugustu, en það er örðugt til lengdar að hafa gengisskráningu, sem raunverulega er í miklu ósamræmi við verðgildi peninganna á frjálsum markaði. Undir slíkum kringumstæðum er erfitt að koma í veg fyrir ólöglega verzlun með gjaldeyri og fjárflótta. Þetta atriði hefir átt sinn þátt í því, að einmitt verðfelling krónunnar var

valin. Nú er ekki nema eðlilegt, að menn leggi fyrir mig þá spurningu, hvort ég sé því samþykkur, að verðgildi krónunnar sé yfirleitt breytt eftir því, sem hún reynist að vera í frjálsri sölu. Svara ég þeirri spurningu hiklaust neitandi, enda þótt ég telji nú ástæðu til að minnka að verulegu leyti þann mikla mun, sem er á skráðu gengi krónunnar og gengi hennar í frjálsri sölu. Ég álít, að allt kapp verði að leggja á það að halda gengi krónunnar föstu, eftir að sú lækkun hefir verið gerð, sem fyrir dyrum er, og reyna að skapa traust á því gengi. — Það hefir verið minnzt á það hér, að gengisbreytingin myndi veikja traust landsins út á við. Ég álít, að allir, sem viðskipti hafa við Ísland, muni vita, að gjaldeyrisframboðið hefir um nokkur ár verið mun vinna en eftirspurnin, og að þess vegna hafa myndazt hér innifrosnar vöruskuldir. Þegar svo er ástatt, mun litið á lækkun krónunnar sem ákveðna tilraun til þess að bæta hag þjóðarinnar, en ekki sem vott um neina nýja erfiðleika í viðskiptalífi þjóðarinnar. Ég vil benda á það, að margar þjóðir hafa á undan okkur gert ráðstafanir hliðstæðar þessum, sem hér er lagt til að gerðar séu. Stóra-Bretland, lækkaði fyrir nokkru gengi síns gjaldeyris, Danmörk fyrir örfáum árum og Frakkland nú alveg nýlega. Hefir þess ekki orðið vart, að neitt vantraust hafi við það skapazt á fjármálalífi þessara þjóða.

Enginn vafi er á því, að fáar eru þær ráðstafanir, sem mönnum gengur erfiðlegar að átta sig á en einmitt breytingar á verðgildi krónunnar. Þetta er einnig óspart notað í stjórnmálabaráttunni og misnotað á hinn herfilegasta hátt.

Algengast er að heyra því haldið blákalt fram, að við gengislækkun lækki allt kaupgjald í landinu sem nemi gengislækkuninni, og þá er því um leið slegið föstu, að hún sé fyrst og fremst árás á launastéttirnar. Um þetta er það fyrst að segja, að það er bláber misskilningur hjá mörgum, og hjá öðrum blekking, að gengislækkun þýði samsvarandi kauplækkun. Það fer allt eftir því, að hve miklu leyti tekst að hamla því, að dýrtíðin aukist í hlutfalli við gengislækkunina, og jafnframt eftir því, að hve miklu leyti gengislækkunin hefir áhrif til þess að auka atvinnu eða koma í veg fyrir að hún minnki. Það getur hæglega komið fyrir það ástand, að það sé beinlínis hagsmunamál launastéttanna engu síður en annarra þjóðfélagsþegna, að gengislækkun sé framkvæmd, eða önnur hliðstæð ráðstöfun til hags fyrir framleiðslustarfsemina í landinu.

Í frv. því, sem hér er flutt um verðskráningu íslenzku krónunnar, eru ákveðnar öflugar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að dýrtíð aukist í landinu að sama skapi sem verðgildi krónunnar hefir verið lækkað, og ennfremur er ákveðið að notfæra sér ákvæði löggjafar, sem nú er í gildi, til þess að vinna í sömu átt.

Verðlagseftirlit mun verða aukið, og er ástæða til að vænta þess, að takast muni að koma í veg fyrir verðhækkun að mjög miklu leyti á þeim vörum, sem mikið hefir verið lagt á í verzlun undanfarið.

Ákvæði eru í frv. þessu um, að húsaleiga skuli óbreytt standa frá því, sem hún hefir verið ákveðin áður en gengislækkunin var ákveðin. Er þetta geysimikið hagsmunaatriði fyrir almenning, en hinsvegar fyllilega sanngjarnt, þar sem það kemur í veg fyrir, að húseigendur geti hagnazt á því, að dýrara verður að byggja eftir að gengislækkunin er komin á. Til enn frekari tryggingar því, að gengislækkunin komi sem minnst niður á þeim, sem verst eru settir, eru þau ákvæði í frv., að eftir 3 mánuði skal gera athugun á framfærslukostnaði. Sýni það sig, að framfærslukostnaðurinn hafi hækkað um 5% eða meira miðað við janúar—marz 1939, skal kaupgjald ófaglærðs verkafólks, sjómanna og þeirra fastlaunaðra manna, er hafa 3 600 kr. árslaun eða minna, hækka um helming hins aukna framfærslukostnaðar, ef hann er ekki yfir 10%, en um ⅔, ef meiru nemur. Eru þessi ákvæði til að tryggja, að gengislækkunin lendi ekki nema að litlu leyti á því fólki, sem lægst er launað. En á það má benda, að allir þeir, sem stunda lausavinnu, eiga beinlínis von á launahækkun vegna þeirrar auknu atvinnu og lengri vinnutíma árlega, sem ætla má, að verði ein höfuðafleiðing frv. þessa, ef að lögum verður. Það er almenn skoðun meðal verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, að ekki sé undan kaupgjaldinu að kvarta, heldur hinu, að atvinnan sé stopul, og þess vegna séu heildartekjurnar eftir árið of lágar. Ef við tölum við verksmiðjufólk og iðnaðarmenn, þá kvartar það ekki undan lágu kaupgjaldi, heldur atvinnuleysi eða stopulli vinnu, vegna þess að atvinnurekendurna skortir hráefni til að vinna úr. En með þessum ráðstöfunum halda ýmsir, að enn erfiðara verði um öflun hráefna. Þetta mun reynast á allt annan veg. Hinn aukni útflutningur almennt mun skapa meiri kaupgetu á erlendri efnivöru bæði til iðnaðarmanna og annarra.

Í frv. þessu eru ákvæði um, að verð innlendrar framleiðslu skuli standa óbreytt fyrst um sinn, en síðan hækka eftir sömu reglum og kaup verkamanna og sjómanna. Þá verðhækkun, sem verða kann á erlendum varningi, verða menn að reyna að bæta sér upp á þann hátt, að beina kaupgetu sinni meir en áður að innlendu framleiðslunni. Fyrir innlenda framleiðendur ætti þetta að leiða til mjög aukins markaðs innanlands.

Fljótt á litið virðist svo sem þeir, er eiga sparifé í bönkum, tapi nokkru á þessari ráðstöfun, sem hér er ætlazt til, að gerð verði. Það ber því að leggja sérstaka áherzlu á, að ómögulegt er fyrir þessa menn að halda því fram, að þeirra hagsmunum sé borgið, meðan framleiðslan er rekin með tapi. Það er ekki hægt að halda áfram að greiða þeim laun endalaust, nema það takist að auka framleiðsluna. Svipað má segja um hagsmuni sparifjáreigenda. Þeir fá ekki heldur vexti af fé sínu, og ekki einu sinni höfuðstólinn, ef framleiðslan ber sig ekki meir. Hagsmunir þessara manna verða ekki skildir frá hagsmunum þjóðarheildarinnar.

Ef við lítum svo á hitt, hvaða sanngirnismál það er að rétta nokkuð hluta framleiðenda, þá sést, að útflutningsverð á fiski hefir lækkað úr 110—160 kr. á skippund árin 1928—29 í 73—85 kr. á skippund árin 1936—38. Tímakaup

hefir hinsvegar hækkað á sama tíma um 20%. Fast kaup sjómanna hefir einnig hækkað nokkuð. (SÁÓ: Ekki rétt). Jú, það hefir hækkað. En nauðsynjar almennings hafa haldizt í svipuðu verði. Vísitala hagstofunnar hefir að meðaltali verið nærri nákvæmlega hin sama 1936—38 og hún var 1928—29. Þegar þessar tölur eru athugaðar, er ómögulegt að taka það tal alvarlega, að þetta frv. sé sérstök árás á launastéttirnar.

Ég skal nú ekki tefja tímann mikið lengur við þessa umr., vil þó að endingu taka þetta fram um afstöðu Framsfl. til gengislækkunar: Undanfarin ár hefir mikið verið um það mál rætt utan þings. Einn af flokkunum hefir haldið því fram, að breyta ætti allverulega skráningu krónunnar og gera það til hagsbóta fyrir bændastéttina. Framsfl. hefir alltaf svarað því, að óvíst væri, að hér væri að ræða um hagsmunamál bændastéttarinnar sem heildar, og hann hefir bent á, að þegar hann hefir gert tillögur og ráðstafanir vegna bændastéttarinnar, hefir hann valið aðrar leiðir, sem engin tvímæli léku á, að voru til hagsbóta.

Hinsvegar hefir það verið skýrt tekið fram, að þegar sérstakra ráðstafana er þörf til þess að bæta hag þeirra, sem framleiða til útflutnings, gegndi öðru máli. Svo erfitt getur ástandið orðið, ef framleiðslan dregst saman, að það gæti orðið beint hagsmunamál — líka fyrir fleiri stéttir en framleiðendur — að gera breytingu á gengi krónunnar framleiðslunni í hag. Þess vegna er ekkert ósamræmi í því hjá flokknum að sporna móti gengislækkun, sem ekki var nógu rökstudd, en framkvæma hana nú, þegar óumflýjanleg nauðsyn kallar.

Fyrir tveim árum horfði málið allt öðruvísi við, og var vonazt eftir, að kröggur útflutningsframleiðslunnar leystust á annan hátt. Nú er ástandið orðið það langdregið, að lengur dugir það ekki, og ekki rétt að búast við, að verðlag breytist á næstunni til hagsbóta fyrir útgerðina, — fiskverð hefir nú síðast breytzt til hins verra. Framsfl. telur því ekki rétt að reyna að fresta lengur þeirri hjálp til framleiðslunnar, sem hér er stofnað til. Hann hefir valið gengislækkun frekar en að skattleggja allan innflutning til að afla fjár til útflutningsverðlauna, enda er víst, að ekki hefði sú leið orðið betri fyrir alþýðu manna í landinu.

Það hefir borið á því hér, að menn hafa viljað gæta sérhagsmuna þeirra stétta, sem þeir telja sig einkum fulltrúa fyrir. Það má vera, að ekki sé hægt að koma á fullu réttlæti með öllum stéttum í þessu máli. En það er ekki frekar hægt með öðrum aðferðum, sem hér er kostur á. Reynslan mun skera úr um árangur. En við skulum vona, að allir geri það, sem þeir geta, til þess að breytingin verði til gagns, þegar hún hefir nú einu sinni verið gerð, — og það eins þeir, sem verið hafa móti því að gera hana — en engir verði til að spilla fyrir því.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Af þeim umr., sem þegar hafa orðið um þetta mál, held ég sé nokkurn veginn ljóst, að enginn sé mótfallinn því, að sjávarútvegurinn sé styrktur. Það væri fjarri mér að vera móti því, að hann geti dafnað og blómgazt frá því, sem er. Hinsvegar eru mjög deildar meiningar um, hvaða aðferðir séu þær réttu.

Það hafa fyrr legið frv. fyrir hér um viðreisn sjávarútvegsins, og það frá okkur Alþfl.-mönnum. Þessi frv. fengu kaldar móttökur, þóttu víst ekki koma frá nógu stórum flokki til að gefa yrði þeim gaum. Það er því gleðilegt tímanna tákn, að Framsfl. skuli nú hafa skilið nauðsynina á ráðstöfunum í þá átt að stuðla að aukning atvinnunnar í landinu.

Á síðasta þingi var það shlj. álit allra, að nauðsynlegt væri að rannsaka hag útgerðarinnar, enda þótt það hefði verið að nokkru gert áður. Nú liggur fyrir niðurstaða nefndar þeirrar, sem þá var til þess skipuð.

Það er erfitt fyrir mig að gagnrýna þá niðurstöðu, þar sem nál. var ekki lagt fram fyrr en í dag. Ég ætla ekki að væna neinn um að fara rangt með, en ég treysti ekki þessum skýrslum til hlítar. Ég átti einu sinni sæti í rannsóknarnefnd, sem Reykjavíkurbær setti til samskonar rannsókna, sem hér ræðir um, og var Jón Þorláksson formaður. Reynsla mín úr þeirri nefnd bendir til, að þær heimildir, sem lagðar eru upp í hendur nefndar í þessum málum, séu mjög varhugaverðar. Ég ætla ekki að draga í efa, að þungur hefir verið róðurinn hjá togaraútgerðinni síðustu árin; tölur nál. tala líka sínu máli um það. En til þess liggja aðallega þrjár orsakir, fyrst og fremst aflatregða, og hún veldur mestu, þá takmörkun markaða, en í þriðja lagi lágt söluverð.

Það er vitanlegt, að aflatregða hefir minnkað svo árlegan feng togaranna, að ekki nemur minna en hallanum, sem orðið hefir á rekstri þeirra. Í góðu aflaári hefðu flest skipin getað náð töluverðum hagnaði þrátt fyrir lága verðið. Aflaleysið er náttúrufyrirbrigði. Við höfum trúað því, að hægt væri að ausa upp fiskinum þrotlaust úr þeirri gullnámu, sem hafið er hér við land, en náttúran takmarkar það a. m. k. um árabil. Þetta hefir átt sinn þátt í að skapa skoðanir mínar á þessum efnum.

Á undanförnum árum er eins og kennt hafi hér nokkurs mótþróa hjá sumum útgerðarmönnum að starfrækja sín skip. Það hefir orðið hljóðbært, að þetta væri til þess að gera örðugra undir fæti fyrir stjórn landsins og að jafnvel væri um beina „sabotage" að ræða. Þessa má minnast, þó að ekki sé meiningin að sakast um orðinn hlut.

Um aðra útgerð en togaranna liggja ekki fyrir skýrslur. Smáútvegurinn var á sínum tíma styrktur með skuldaskilum; var þá litið svo á, að honum væri bjargað. En skynsamir menn létu þó nokkurn efa í ljós um það, og nú lítur svo út sem bjargráðið hafi ekki komið að notum. Samt held ég, að afkoma þeirra hafi yfirleitt verið betri en togaranna. Það munu menn vera sammála um, að styrkja ekki togarana eina, heldur aðra útgerð að sama skapi. Innan milliþn. munu hafi verið nokkuð deildar meiningar um, hvaða leiðir skuli fara. Fulltrúi Alþfl. benti á styrkjaleiðina sem það hentugasta. Hann sýndi fram á, að það fjármagn, sem þyrfti til styrkjanna, mundi ekki þurfa að koma mjög

hart niður á landsmönnum, þó að það yrðu 3—3½ millj. kr. Nú er að vísu talað um meira, eða allt upp í 5 millj. kr. Og margar mótbárur hafa komið gegn styrkjaleiðinni, svo sem það, að örðugt væri að skipta styrkjum réttlátlega. Ég hefi ekki orðið þess var, að slíkra vandkvæða hafi orðið mjög vart hjá öðrum þjóðum, sem veita slíka styrki, en það gera Norðmenn, Frakkar, Belgir, Hollendingar o. fl. — í ýmsum myndum og misstórum stíl, allt eftir því, hvað þeir álíta útveg þann, sem þeir eru að styrkja, mikilsverðan fyrir þjóðarheildina. — Ég sé ekki, að íslenzkum útvegsmönnum sé til neins vansa að taka móti slíkum styrkjum, eftir þeim tillögum, sem fulltrúi Alþfl. í milliþn. (HG) gerði. Styrkirnir hafa og þann kost, að hægt er að hætta við þá, ef batnar í ári.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta mál, enda virðist niðurstaðan hér á þinginu þegar fullráðin. En ég get ekki leynt því, að ég er einn af þeim, sem ekki geta fallizt á, að þetta sé eðlileg leið til viðreisnar útgerðinni; krónulækkun gerir svo háskalegt rask í öllu lífi almennings, enda er engin trygging fyrir, að hið nýja gengi krónunnar haldist. Hinsvegar ætti að vera hægt að „stabilisera" gengið með öðrum viðreisnarráðum og búa svo í haginn fyrir sjávarútveginn, að hann gæti gengið taplaust í þolanlegum árum.

En þetta er í mínum augum ekki nema hálfur sannleikurinn. Það er nú í fyrsta lagi, að gengislækkunin getur ekki annað en verkað sem launalækkun hjá launþegum, eins og sjá má í frv. því, sem fyrir liggur. Í öðru lagi rýrir hún ýms fríðindi, sem hinir fátæku njóta. Ég skal benda t. d. á það, að við höfum á undanförnum árum með löggjöf verið að skapa hinum fátækari hluta þjóðarinnar hlunnindi með alþýðutryggingum, svo sem ellilaun og sjúkratryggingar. Allt er þetta lækkað með gengisbreyt. íslenzku krónunnar. Og hér er tekið frá sannarlega fátækum. Ellilaunin, sem áttu að vera 900 kr. á ári, lækka að sama skapi sem krónan lækkar. Í mörgum tilfellum hafa fátækir menn, sem hafa verið sparsamir allt sitt líf, lagt nokkrar krónur á banka til þess að viðhalda lífinu, þegar þeir hættu að geta starfað. Þessar upphæðir eru lækkaðar að sama skapi sem krónulækkuninni nemur. Hér er líka tekið frá fátækum. Sú kenning, að með gengislækkuninni sé einungis tekið frá þeim ríku, er ekki rétt. Það er líka með henni tekið frá þeim fátæku.

Ég get nefnt fleiri dæmi um það, hvernig krónulækkunin verkar á hag þeirra manna, sem yfirleitt búa við litla fjármuni, en hafa reynt að draga nokkuð saman með súrum sveita sér til framdráttar í ellinni. En ég hygg, að þetta nægi til að sýna fram á, að það er falskenning, að krónulækkunin komi að þessu leyti eingöngu niður á hinum ríkari. Það er fjarri mér að vilja draga úr því á nokkurn hátt, að þeir, sem teljast ríkari í þjóðfélaginu, verði að leggja á sig byrðar til þess að bjarga því, sem bjarga þarf. En mér er sárt um þá, sem miður mega og litlu hafa af að taka.

Eitt af því, sem kemur hér fram hjá fylgjendum þessa máls, er sú mikla bjartsýni á það, hve mikill ávinningur muni verða að ákvæðum frv. Ég væri þá að hræsna fyrir sjálfum mér og öðrum, ef ég skapaði mér meiri bjartsýni í þessum efnum en vert er. Ef ég miða við síðasta ár, þá varð ég þess ekki var, að nokkur fleyta væri ónotuð. En þrátt fyrir það, þó að hver einasta fleyta væri látin ganga til veiða, síldveiða, dragnótaveiða og þorskveiða o. s. frv., þá skiptu atvinnulausir menn hundr. hér í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins. M. ö. o., þó að allur sá skipastóll, sem við eigum, sé í gangi, getur hann ekki skapað atvinnu öllum þeim hópi manna, sem atvinnulausir eru. Ég get því ekki verið eins bjartsýnn á, að þessi ráðstöfun verði svo mikið til hagsbóta fyrir atvinnulíf þjóðarinnar, eins og nú standa sakir, eins og sumir aðrir sem trúa svo mjög á það. Hinu skal ég ekki neita, heldur fúslega viðurkenna það, að vel má vera, að á yfirstandandi ári hlaupi eitthvert fjör í atvinnuvegina fram yfir það, sem annars mætti vænta, fyrir þessar ráðstafanir, þannig, að líkur megi telja til þess, að allar fleytur gangi á þessu ári, eins og þær gerðu á síðastl. ári, fyrir þessar aðgerðir, sem af sumum mönnum er álitið, að ekki mundi takast nema með sérstökum ráðstöfunum. En hvað svo tekur við næsta ár, er öllum hulið. Um það veltur á miklu, hvort síldveiði okkar verður eitthvað í líkingu við það, sem verið hefir síðustu árin. Því svo er komið, að það virðist vera sá atvinnuvegur, sem í augnablikinu sé mest að byggja á, vegna þess að síldarafurðir eru sú framleiðsla sjávarútvegsins, sem líklegust er til að seljast. En hitt er mér ljóst, að til þess að skapa atvinnuaukningu í sjávarplássunum, og ekki síst í bæjunum, er nauðsynlegt, að þorskveiðar geti gengið sæmilega, og þá einnig og ekki hvað síst ufsaveiðar, með því að herða ufsann. Það er sú tegund veiðanna, sem fyrst og fremst getur skapað atvinnuaukningu, að svo miklu leyti sem skipastóllinn getur gert það út af fyrir sig. En ég sé ekki, að við séum neinu nær um að auka þennan atvinnurekstur, þó að þær ráðstafanir verði gerðar, sem hér eru hugsaðar og lagðar fram í þessu frv.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég væri einn af þeim mönnum, sem mundi unna sjávarútveginum alls stuðnings og hjálpar. Hinsvegar á ég erfitt með að fylgja leiðum, sem ég tel, að ekki hefði átt að fara, enda þótt nú sé búið að koma málunum í það horf, að það virðist vera óumflýjanlegt, að þessi gengislækkunarleið verði farin. Ég veit ekki betur heldur en að frá því um áramót og til þessa dags hafi verið kappsamlega unnið að því að skapa það ástand með skrafi um gengislækkun, sem hæstv. fjmrh. í í upphafi síns máls hér í dag skýrði svo rækilega, hvernig væri orðið. En við, sem erum á móti gengislækkun, eigum ekki sök á, að þetta ástand hefir skapazt. Það er sjáanlegt, að þeir, sem mest kapp hafa lagt á að knýja fram gengislækkun, hafa neytt allra meðala — ég vil segja leyfilegra og óleyfilegra — til þess að hún gæti komizt á. Í því sambandi vil ég benda á, að sagt er, að framleiðendur, sem selt hafa íslenzkar sjávarafurðir til útlanda, hafi ekki skilað gjaldeyrinum, sem þeir eiga samt að hafa skilað eftir þeim l., að gjaldeyrinum skuli skila til bank-

anna. Þeim l. hefir ekki verið hlýtt. Hitt er annað mál, að þeir, sem ekki hafa viljað selja vegna hótana um yfirvofandi gengisfall, — það er náttúrlega erfiðara að þvinga þá til að selja. Mér er það kunnugt, að ástandið er í þessum efnum orðið svo, að ekki er unnt að umflýja það í þessu máli, sem stór hluti þjóðarinnar hefði viljað sporna á móti, nefnilega gengisfall íslenzku krónunnar.

Í þessu frv. hefir verið gerð nokkur tilraun til að bæta nokkuð upp þeim mönnum, sem verst eru staddir í þjóðfélaginu efnahagslega, það óhagræði, sem óhjákvæmilega fylgir í kjölfar lækkunar krónunnar með aukinni dýrtíð. Ég skal lýsa því yfir, að Alþfl. hefir lagt mjög mikið kapp á, að þessa bætur yrðu sem allra mestar og beztar, af óttanum við það, að gengisfallið yrði ekki umflúið. Og hvað mig snertir vil ég taka það fram, að ég hefi lagt mitt lóð á vogarskálina til þess að gera þessar bætur sem beztar. En ég verð að geta þess um leið, að þótt í augum sumra manna sýnist þessar bætur vera allríflegar, eru þær að mínu áliti fyrir hönd verkalýðsstéttarinnar ekki fullnægjandi. Skal ég í þessu sambandi aðeins tala um sjómannastéttina hér í Reykjavík, og þar með um leið svara því, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan.

Kaupgjald á togurum var hækkað með samningi, sem gerður var 18. febrúar 1929, sem miðaður var við þá dýrtíð, sem var á þeim tíma eftir útreikningi hagstofunnar í október 1928. Með þessum samningi fékkst nokkur kauphækkun, sem þó ekki var í fullu samræmi við þá dýrtíð, sem þá var orðin. Síðan hefir kaupið á togurunum ekki breytzt, nema ef segja mætti til hins verra. Með samningnum frá 1929 var svo til ætlazt t. d. á síldveiðum, að sjómenn fengju aflaverðlaun, 3—6 aura á mál eftir aflamagni. Yfirleitt var það svo, að allur þorri sjómanna var með hærri aflaverðlaun en 3 aura, tíðast 5 aura og allmargir með 6 aura. Á síðasta ári voru svo þessi aflaverðlaun ákveðin 3 au. Hér er því um kauplækkun að ræða. Mánaðarkaupið er í raun og veru óbreytt frá 1929. Ég skal játa, að á tímabilinu síðan 1929 hefir komið fyrir á tímabili nokkur lækkun á dýrtíðinni. En hún óx aftur á ný. 19. okt. 1928 var búreikingavísitala hagstofunnar 226, en 1938 var hún orðin 262. M. ö. o., dýrtíðin hefir vaxið á þessum 10 árum um 16%, sem sjómannastéttin á togurunum hefir í raun og veru engar kaupbreyt. fengið fyrir. Þegar svo ofan á þetta bætist óumflýjanleg dýrtíð, sem skapast af gengisfalli því, sem hér er ákveðið, og þessi stétt fær svo ekki nema að hálfu leyti upp borið með ráðstöfunum þessara l., sem frv. miðar að, þá get ég ekki fyrir mitt leyti verið neitt stoltur af því, hvað þessi uppbót er mikil, þar sem sjómenn hafa ekki fengið bætt upp þau 16%, sem dýrtíðin hefir aukizt um á síðastl. 10 árum.

Ég skal þá nefna fagmennina. Þeir búa eingöngu við kaupgjald, sem að mjög miklu leyti er það sama og það, sem samið var um 1929. En það má kannske segja, að þeir séu að því leyti betur settir en sjómennirnir, að þeirra atvinna sé nokkru tryggari en atvinna togarasjómanna yfirleitt. Um aðra fiskimenn skal ég vera fáorður, vegna þess að þeirra tekjur miðast að mjög miklu leyti við aflamagn og aflaverð og eru því háðar þeim lögmálum, sem eru fyrir því, hvernig aflast á hverjum tíma og hvernig sala á aflanum gengur.

Ég skal játa, að það mun sanni nær, að kaup verkamanna hefir á þessum tíma hækkað heldur meira en kaup sjómanna. Og ég skal ennfremur játa, að kaup iðnaðarstéttanna hér í bænum hefir á þessu tímabili stigið nokkuð með hinum vaxandi iðnaði, og þær stéttir eru því tiltölulega betur settar heldur en sjómannastéttin.

Ég hefi aldrei litið svo á, að björgun sjávarútvegsins ætti að vera í því fólgin að draga niður hlut þeirra manna, sem að honum vinna, þeirra manna, sem oft eru kallaðir kjarni íslenzku þjóðarinnar, og einnig stundum kallaðir hermenn íslenzku þjóðarinnar á hafinu. Þegar menn heyra þessa skilgreiningu á þessu máli, geta menn skilið mína afstöðu til þess. Sú stétt, sem ég hefi fyrst og fremst varið kröftum mínum fyrir, sjómannastéttin, er kannske ekki eins vel tryggð og aðrar stéttir með tilliti til sinna launa og þeirrar dýrtíðar, sem er og verða kann í landinu.

Því hefir m. a. verið haldið fram í sambandi við þetta mál, að útgerðartími fiskiflotans mundi aukast við þessar ráðstafanir og menn ynnu nokkuð upp kauplækkunina á því. Um þetta skal ég ekkert fullyrða. En á síðasta ári varð reyndin sú, að togararnir voru gerðir út fyllilega 9 mánuði. Og ég get ekki búizt við, að þetta aukist að verulegum mun. Því að það, sem fyrst og fremst hefir stytt útgerðartíma togaranna. er það ömurlega útlit um saltfisksvertíðina, sem nú er. Og ég geri ekki ráð fyrir, að neinn togaraútgerðarmaður, ef ekki batnar það útlit, haldi út skipi eða skipum sínum á svo kallaðan „dauðan sjó“, svo að trú mín á, að ráðstafanir þessa frv. auki útgerðartímann, er ákaflega veik.

Þá er það eitt atriði í þessu frv., sem gerir það fyrst og fremst að verkum, að ég get ekki greitt því atkv. mitt, þrátt fyrir það, þó að ég verði að viðurkenna, að gengisfallið sé ekki hægt að umflýja, og þó að ég viðurkenni, að það er tilraun í þessu frv. til að gera allverulegar bætur til ýmissa vinnandi stétta fyrir þann ójöfnuð, sem orsakast af gengisfallinu. Þegar ég á að ráða við mig, hvort ég greiði svona frv. atkv. mitt, verður mér það fyrir að minnast þess dags, þegar við hér í þessari hv. d. greiddum atkv. um það, hvort dómur skyldi falla um kaup og kjör sjómannastéttarinnar þá, þegar að mínum dómi ekki var tekið tillit til þessarar vinnandi stéttar eins og hún átti skilið. Ég get ekki heldur nú verið með því að taka sjálfsákvörðunarréttinn af einni eða annarri vinnandi stétt um það, að hún megi af frjálsum vilja gera tilraunir til þess að ákveða sér kaup og kjör. Og ég veit, að það, sem kemur til með að vera sárt í augum margra þeirra, sem verklýðsfélögin mynda, er það, þótt ekki sé nema um árs skeið, að þessi réttur er af þeim tekinn. Nú vil ég meina, að þrátt fyrir þá ráðstöfun, sem gengisfallið er, sé þó ekki nauðsynlegt að svipta félögin þessum sjálfsákvörðunarrétti. Ég hefi þá trú á íslenzkum verkalýð, að hann skilji

nauðsyn þjóðfélagsins á hverjum tíma og að hann beygi sig fyrir þeirri nauðsyn, að hann verði að sætta sig við eitthvað lægra kaup, þegar erfiðleikar steðja að, en hann annars mundi gera, þrátt fyrir það, þó að ég viti, að til eru í þjóðfélaginu æsingamenn, sem vilja æsa menn upp til að ganga lengra en velsæmi segir til um. Ég hefi þá skoðun um íslenzkan verkalýð, að hann vilji ganga til samninga við atvinnurekendur, jafnvel eftir að þessar ráðstafanir eru gerðar til að lækka krónuna.

Það er mjög óvíða í öðrum löndum, þar sem yfirleitt lýðræði gildir, að til slíkra ráða hafi verið gripið, að genginu hefir verið breytt. Og þar, sem til slíkra ráða hefir verið gripið — ég fullyrði það — þá hefir það verið gert þannig, að það hefir ekki orðið á kostnað hinna vinnandi stétta. T. d. þegar Danir 1932 breyttu sínu gengi og ákváðu að banna kaupdeilur í eitt ár, þá var það ekki á kostnað danska verkalýðsins, að sú ráðstöfun var gerð. Dýrtíðin óx þá mjög lítið þar í landi og stjórnin gerði ýmsar ráðstafanir til þess að létta undir með þeim fátækari stéttum í landinu, til þess að þær gætu haldið nokkurn veginn þeirri aðstöðu og áður var en krónan var felld þar. Hér er því ekkert sambærilegt um að ræða, því að krónulækkunin verður að koma niður á öllum launþegum landsins að meira eða minna leyti, mjög mismunandi að vísu. Ég verð að segja það, að ég hefi í tuttugu ár verið verkamaður, eins og það er skilið, þ. e. a. s. barizt með þeim stéttum, sem eru verkamenn, og reynt að rétta þeirra hlut eftir því, sem geta mín hefir leyft. Ég hefi verið með ýmsum aðgerðum, sem stundum hafa verið gagnrýndar, en ég hefi verið sannfærður um, að væru til bóta fyrir hinar vinnandi stéttir. Ég var með því að setja vinnulöggjöf á sínum tíma, af því að ég þykist geta leitt rök að því, að vinnulöggjöf sé ekki til tjóns fyrir hinar vinnandi stéttir, og með þeirri löggjöf var fyllilega ákveðinn réttur þeirra stétta til þess að skapa sér kaup og kjör og leyfðar þær löglegu aðferðir, sem þar eru ákveðnar. En ég tel, að hér í þessu frv. sé gengið lengra en rétt er í þessum efnum, og ég fyrir mitt leyti get ekki verið með löggjöf, hversu mikil knýjandi nauðsyn, sem er annarsvegar, sem gengur út á það að svipta verkalýðsstéttina þeim rétti, sem búið er tiltölulega nýlega að veita henni með l., sem þessi stétt hefir átt um margra ára skeið.

Ég vildi í sambandi við þetta frv. mega gera fyrirspurnir til hæstv. atvmrh., ef hann heyrir mál mitt, því að þar sem mér er ljóst, að þetta frv. verður að l., þá er mér mikið áhugamál, að þær bætur, sem felast í 2. gr. frv., verði sem fyllstar, og fyrsta fyrirspurnin er þessi:

Hvaða skilning leggur hæstv. atvrmh. í orðið „ófaglærðs verkafólks og sjómanna"?

Til skýringar fyrirspurn minni skal ég taka þetta fram: Vélstjórarnir á vélbátaflotanum eru illa launaðir yfirleitt, og í mörgum tilfellum með sama fyrirkomulagi og hásetarnir, nefnilega eru hlutarmenn. Geta þeir ekki heyrt undir þetta ákvæði 2. gr.? — Ég vil ennfremur spyrja um, hvort stýrimaður á mótorbát geti ekki heyrt undir þessa skilgreiningu frv., sem ég nefndi? Þessir stýrimenn eru mjög lágt launaðir menn og sízt betur settir en hásetarnir á þessum skipum. Þar sem þetta er óskýrt í frv., en þarf nauðsynlega að koma fram við umr., hvaða skilning beri að leggja í þessi orð, óska ég eindregið svars hæstv. ráðh. við þessu. Annars hefði ég heldur viljað, að í stað orðsins „faglærður" komi orðið „iðnlærður", því að orðið „faglærður" er dálítið viðtækt orð eins og það er skilið í danskri tungu.

Þá vil ég ennfremur beina þeirri spurningu til hæstv. atvmrh., hvort iðnlærður maður, sem ráðinn er fyrir tímakaup, en nær ekki 3600 kr. árskaupi, komi ekki undir ákvæðið um að geta fengið kaup sitt bætt, eins og þeir, sem fastráðnir eru. Það er ekki hægt að segja um iðnaðarmann, sem ráðinn er upp á tímakaup, að hann sé fastráðinn. En hann getur orðið fyrir svo miklum atvinnumissi, að árstekjur hans geti alls ekki náð þessu marki. Ég tel sanngjarnt, að slíkur iðnaðarmaður fái uppbót á tekjur sínar, ef hann er undir þessum árstekjum.

Að síðustu vil ég spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort hann telji, að sjómenn, sem eingöngu eru ráðnir fyrir aflaverðlaun af skippundi eða tonni, heyri undir ákvæðið um hlutarmenn. Ég skal skýra þetta svolítið nánar. Í nokkrum verstöðvum eru menn, sem ráðnir eru upp á vissa krónuupphæð af hverju skippundi eða tonni, og það er ekkert eðlilegra en það, að ef fiskverð hækkar fyrir aðgerðir gengisfallsins, þá hækki kaup þessara premíumanna einnig.

Ég vil óska þess, að hæstv. ráðh. svari þessum fyrirspurnum mínum, ef hann treystir sér til þess. Ég tel þetta nauðsynlegt, svo það valdi ekki deilum síðar, hverjir heyri undir þetta og hverjir ekki.

Það var margt í ræðu hæstv. fjmrh., sem ástæða væri til að svara. En það situr nú kannske ekki á mér að gera það. Hann var að vitna í 2 stór þjóðlönd, annarsvegar Frakkland og hinsvegar Bretland, sem bæði hefðu gripið til þess ráðs að fella gengið. Það er rétt. Ég fékk í gær sent frá útlöndum gott heimildarrit um Frakkland. Í Frakklandi hefir kaupmáttur frankans fallið um 50% síðan 1936, en á sama tíma hefir kaupgjaldið hækkað um 25%. Þetta er dálítil spegilmynd af því, hvernig ástandið hefir verið í Frakklandi. Þetta er ein af afleiðingunum, sem gengisfall hefir í för með sér, að það hlýtur að ganga út yfir hinar vinnandi stéttir. Í Bretlandi hefir sú breyt., sem gerð var á sterlingspundinu, ekki verkað á hinn vinnandi mann. Það lítur út fyrir, að búreikningsvísitalan hafi sama og ekkert hækkað þar þrátt fyrir breyt. þá, sem gerð var á pundinu. Ég hefi fyrir mér skýrslu, sem reiknuð var út á síðastl. hausti, svo ég veit, að þetta er rétt. Það er eðlilegt, að gengisbreyt. valdi litlum sárindum í þjóðlandi, þar sem hún hefir litla röskun í för með sér. Það hefir orðið þannig í Bretlandi, en þetta er alveg öfugt í Frakklandi. Ég óttast, að afleiðingin hjá okkur verði ekki ólík því, sem hún varð í Frakklandi. Ég vildi, að þessi spá mín yrði aðeins hrakspá.

Ég tel mig ekki lakari Íslending en hvern annan og ég vil þjóð minni allt hið bezta. Ég

vil því vera með í aðgerðum, sem ég tel, að muni verða henni til blessunar. En ég get ekki séð, að sú leið, sem hér hefir verið valin, sé sú viturlegasta, sem hægt var að fara. Það má vel vera, að ég sé ekki nógu skýr til þess að sjá og gangrýna þetta eins og vera ætti, þar sem svo margir í þinginu hafa komizt að annarri niðurstöðu. Þó er mér ekki grunlaust um, að margir, sem kosið hafa að fylgja þessu frv., beri í brjósti nokkurn ótta og ugg um það, hvað af þessu kann að leiða. Ég vil ekki, að fyrir Íslandi eigi að liggja að lenda í svipuðu ástandi og Þýzkaland lenti í eftir stríðið, þegar seðlabunkarnir lágu í höndum manna einskis virði.

Ég held ég hafi þá gert grein fyrir, hvað fyrir mér vakir. Ég er yfirleitt trúlaus á blessun gengislækkunar og tel, að hún komi of hart niður á þeim, sem sízt mega við því. Að vísu kemur hún líka hart niður á þeim, sem eru betur megandi, en þó ekki í sama hlutfalli og hjá hinum.

Mönnum finnst kannske undarlegt, að ég einn af þingflokki Alþfl. skuli hafa tekið þessa afstöðu. En ég get sagt það, að full eining er í okkar flokki um það, að við megum halda okkar skoðun um einstök mál. Ég lít þannig á málið eins og ég hefi þegar nokkuð skýrt, og ég vil taka það fram, að það þarf ekki að valda neinum klofningi frá minni hálfu. Ég deili ekki á aðra, þó þeir hafi tekið aðra afstöðu í þessu máli.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ég muni taka til máls aftur, nema sérstakt tilefni gefist til, en mun bíða þar til útkljáð er um þetta mál.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég held ég verði að sleppa því að halda langa ræðu um þetta mál nú og sleppa mörgu því, sem ég hefði annars sagt undir kringumstæðum, sem ég hefði talið, að það hefði meiri þýðingu. Það er komið fram á nótt og fáir þm. eru í d., og því færri áheyrendur, og þar að auki alveg ráðið, hvernig þetta mál á að fara. En þegar búið er að leiða það til lykta, þá er hinsvegar ákveðið að hafa um það útvarpsumræður fyrir alþjóð, og má það heita einkennileg ráðstöfun. Ég held, að það séu einhver sterkari öfl en rök eða sannfæring, sem ráða því, hvernig menn greiða atkv. í þessu máli, og þess vegna sé það þýðingarlaust að hafa um það langt mál.

Í dag höfum við í fyrsta skipti fengið að sjá í höfuðatriðum stefnu hinnar nýju breiðfylkingar, þessarar flokkasamsteypu, sem stendur í samningum um að mynda stjórn gegn þjóðinni, sem á að heita þjóðstjórn. Stefnuskráin er í aðalatriðum á þessa leið: Gengislækkun eins og felst í þessu frv., þ. e. þjófnaður úr vasa almennings, sem nemur millj. króna. Það mun kannske vera talið, að ég hafi um þetta nokkuð ákveðin orð, og hæstv. fjmrh. gerði sér ákaflega mikið far um í sinni ræðu að sýna fram á, hversu lítið þessi gengislækkun kæmi við almenning í landinu. Ég var alveg hissa á því, hvað hann lagði sig mikið niður við að reyna að sannfæra okkur um, hvað áhrifin af gengislækkuninni yrðu lítil fyrir almenning í landinu, þegar vitað er, að næstu daga og næstu vikur mun reynslan skera úr um það, og það er enginn vafi, að reynslan mun þar bera annan vitnisburð en hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. var að tala um ráðstafanir, sem gerðar mundu verða móti verðhækkun með því að ákveða hámarksverð. Ég hélt, að hann væri nú búinn að fá svo mikla reynslu af því, hve lítils virði slíkar ráðstafanir eru, að úr þeim væri ekki of mikið gerandi. Hvað snertir ákvæðið um húsaleiguna, þá gildir sama máli. Svo framarlega sem byggingar stöðvast að miklu leyti og meiri húsnæðisskortur verður, þá er sama hvað í l. stendur, því húsaleigan hækkar þrátt fyrir það. L. um þetta efni myndu að öllum líkindum verða í framkvæmdinni eins og l. um kjallaraíbúðir, sem sé þýðingarlaus. Menn hafa fengið að búa í rökum og heilsuspillandi kjöllurum, ef þeir hafa ekki átt annars völ. Menn telja það jafnvel velgerning að brjóta l., svo þeir fái að vera í kjöllurunum. Hið sama verður um húsaleigul., svo framarlega sem menn eiga ekki í annað hús að venda en til þeirra, sem vilja með einhverjum baksamningum leigja fólki húsnæði fyrir hærra verð en l. ákveða, þá eru menn hinum sama manni þakklátir fyrir, að hann skuli vilja leigja þeim fyrir þessi kjör. Slík lögmál viðskiptalífsins eru miklu sterkari en öll löggjöf.

Hvað það snertir að reikna aðeins með hækkun á erlendum varningi, þá má þó gera ráð fyrir, að hækkun verði á landbúnaðarafurðum samkv. frv., og það er enginn vafi á því, að það verður einnig hækkun á iðnaðarvörum. Hráefni til iðnaðar hækkar, og þá leiðir af sjálfu sér, að iðnaðarvörur hljóta að hækka í verði; auk þess sem þær vörur, sem fluttar eru til landsins frá útlöndum í samkeppni við innlendan iðnað, hækka, þá hljóta þar með að verða meiri möguleikar til þess að hækka hinar innlendu vörur.

Til þess að þessi gengislækkun geti náð þeim tilgangi, sem er höfuðtilgangur frv., sem sé að lækka laun verkalýðsins og launþeganna í landinu, þá felst í frv. bann gegn verkföllum. Það er annað höfuðstefnuskráratriði hinnar nýju breiðfylkingar. Bann við verkföllum þýðir, að það þarf að koma upp sterkri ríkislögreglu, til þess að hægt sé að gera slíkar ráðstafanir gildandi. Þriðja stefnuskráratriðið, sem hin nýja breiðfylking hefir, er ríkislögregla. Þetta atriði er að vísu ekki tekið fram í þessu frv., en það er afleiðing af því og hefir verið boðað í blöðum allra þeirra flokka, sem að þessari nýju samsteypu standa.

Allt þetta er gert til þess að hjálpa útgerðinni, eftir því sem okkur er sagt. Það hefir sem sé komið í ljós, sem að vísu var vitað fyrir löngu síðan, að allmikill hluti útgerðarinnar hefir verið rekinn með tapi. En það, sem okkur fyrst og fremst varðar um í þessu sambandi, er það, hverjar orsakirnar eru fyrir þessu tapi útgerðarinnar á undanförnum árum. Það er í fyrsta lagi alveg rangt, sem oft hefir verið gert og líka í dag, að slengja allri útgerð landsmanna í sama pott. Það er rétt, að allmikill hluti stórútgerðarinnar er rekinn með tapi, en aftur á móti hygg ég það rétt, að mestur hluti smærri útgerðarfyrirtækja hafi borið sig, og sum stórútgerðarfyrirtæki hafa líka borið sig. Hver er orsökin til þess, að þessi fyrirtæki hafa borið sig þrátt fyrir erfiðleikana? Hún er einföld. Hún

er sú, að þau hafa verið rekin á sómasamlegan hátt. Aftur á móti hefir mikill hluti útgerðarinnar verið rekinn fyrir neðan allar hellur. Þetta er hin einfalda skýring á þessu atriði. Í þessu sambandi er gaman að athuga það, sem hæstv. atvmrh. sagði í dag, þegar hann var með fáum orðum að rekja það, sem hann taldi orsakirnar til þess, að ástand útgerðarinnar væri orðið svo hörmulegt. Hann sagði, að töpin stöfuðu af aflaleysi og því, hvað skipin væru orðið úrelt og gömul. Þetta er athugunarvert. Á aflaleysið nú að fara að verða röksemd fyrir gengislækkun? Það er hjákátlegt. Ég býst ekki við, að hæstv. atvmrh. haldi, að atvinnan aukist með gengislækkun, þó enginn fiskur sé í sjónum, eða aflinn glæðist, þó gengið sé lækkað. — Svo talaði hann um hitt atriðið, að togararnir væru orðnir gamlir og úreltir. Það er satt. Meðan útgerðin græddi og fiskverðið var 50—100% hærra en nú, þá var ekkert lagt til hliðar til þess að endurnýja framleiðslutækin með. Þess vegna stendur nú okkar þjóð í því einstæða ástandi, að framleiðslutækin í undirstöðuatvinnuvegi landsmanna eru ekki endurnýjuð. Ég spyr: Getur slíkt ástand haldizt, að einstökum mönnum sé leyft að draga fé út úr þeim atvinnuvegi, sem þjóðarbúskapur landsmanna byggist á, þannig, að framleiðslutæki hans séu ekki endurnýjuð? Og það sé ekki gert, þegar vitað er, að bankarnir hafa veitt þessum fyrirtækjum mjög rífleg lán, og það án þess, að full trygging kæmi á móti? Það mun vera dæmi þess, að á togara, sem ekki mundi seljast fyrir meira en 100 þús. kr. á frjálsum markaði, hvíldu mörg hundruð þúsunda. Með svona reikningsaðferðum er afarauðvelt að fá tap.

En það er fleira, sem er „rotið í ríki Danmerkur“. Veiðarfærasóuninni í hinni íslenzku útgerð er viðbrugðið. Það er fullyrt af kunnugum, að oft og einatt hafi veiðarfæraeyðslan hjá hinum íslenzku togurum verið allt að helmingi meiri en hjá erlendum togurum, sem stundað hafa veiðar hér við land. Samkv. skýrslum þeim, sem fyrir liggja frá þeirri nefnd, sem hefir rannsakað þetta mál, þá hefir veiðarfærakostnaður 32 togara numið árið 1937 1 milljón og 100 þús. kr. Hvað segja menn um það, ef hægt væri að spara á þessum lið 500—600 þús. kr.? Kolaeyðslan hefir numið á 3. millj. kr., og þar má áreiðanlega mikið spara. Svo eru vextir, sem eru margfalt á við það, sem þeir ættu að vera, ef reiknað er af sannvirði framleiðslutækjanna. Tapið allt árið 1937 er í skýrslunni talið 900 þús. kr. Það virðist ekki ólíklegt, að það mætti spara á þessum liðum þá upphæð, sem tapið nemur.

Nú er þess að gæta, að einmitt þessi ár hafa verið aflaleysisár, og þó ekkert af þessu kæmi til greina, sem getið hefir verið um, þá má jafnvel gera ráð fyrir, ef um „normal“ afla væri að ræða, að þá hefði um ekkert tap verið að ræða hjá þessum fyrirtækjum, eins og hv. 3. landsk. tók réttilega fram. Við allt þetta hefir svo bætzt gengdarlaus fjársóun, þegar vel hefir gengið, og óhæfileg laun nokkurra manna. Öll ráðsmennskan í bönkunum og í útgerðinni hefir orðið til þess að skapa nauðsynina á hinum háu vöxtum. Gífurlega miklu fé hefir verið veitt í óarðberandi fyrirtæki og það hefir komið gjaldeyrismálum okkar í öngþveiti.

Þannig lítur þá öll þessi svikamylla út. Það er augljóst, að þó að gengið verði lækkað, þá halda orsakirnar áfram að verka, sem valda tapi sjávarútvegsins, og þar sem ekki er fengið neitt fé til þess að tryggja gengið, þá er ekkert líklegra en bráðum komi aftur fram kröfur um gengislækkun vegna nýs hruns.

Það, sem þarf að gera, eru allt aðrir hlutir en þeir, sem hér liggja fyrir till. um. Það, sem þarf að gera, er í stórum dráttum eftirfarandi: Í fyrsta lagi þarf að gerbreyta um stjórn í bankamálum landsins og koma óreiðufyrirtækjunum á hreint og gefa innflutning útgerðarvara frjálsan [Eyða í handr.]

Í þriðja lagi þarf að bæta rekstur útgerðarinnar sjálfrar með víðtækum ráðstöfunum til að gera hana samkeppnisfæra. Þarf að haga lánveitingum eftir því, hvernig útgerðin er rekin, og veita verðlaun þeim fyrirtækjum, sem eru til fyrirmyndar, en ekki, eins og að undanförnu hefir verið gert, þeim, sem lakast hafa verið rekin. Á grundvelli slíkra ráðstafana er svo hægt að fara að hugsa til að endurnýja fiskiflotann og koma upp atvinnurekstri til fjölbreyttrar vinnslu sjávarafurða og að afla nýrra og öruggari markaða en við nú höfum. En þetta útheimtir aftur á móti straumhvörf í atvinnumálum og stjórnmálum og hreinsun í bönkum og opinberum stofnunum. En það er vegna þessa, sem ekki má minnast á þetta í sölum Alþ., þar sem þeir hafa sjálfir ráðin, sem skapað hafa öngþveitið. Þessir menn lifa sjálfir hátt á sama tíma og þeir gráta tárum hræsnaranna yfir hinum erfiðu tímum, sem þeir sjálfir hafa skapað.

Að lokum vil ég segja það viðvíkjandi lögfesting kaupgjalds og banni við verkföllum, að við sósíalistar lítum á slíkar ráðstafanir sem beint stjórnarskrárbrot og teljum þar af leiðandi verkalýðsfélögin hafa óbundnar hendur, þó að þetta verði samþ. En þeir, sem hylla ranglætið, hljóta líka að hylla ofbeldið, og það er enginn efi á því, að það verður næsti liður á dagskrá hjá þessum háu herrum.

Ég hefi hér lagt fram rökstudda dagskrá, sem felur í sér vantraust á ríkisstjórnina. Það er samskonar dagskrá eins og samflokksmenn mínir lögðu fram í Nd. Ég skal ekki hafa um þá dagskrá fleiri orð, en vil aðeins taka það fram, að ég lít svo á, að það, hvernig menn greiða atkv. um dagskrána, sé mælikvarði á afstöðu þeirra til þessa máls, gengislækkunar og banni við verkföllum. Það eru slík höfuðstefnumál, að það er ómögulegt fyrir þá, sem andvígir eru slíkum ráðstöfunum, að styðja stjórn, sem lætur framkvæma þær.

Forseti (EÁrna) Útbýtt hefir verið á fundinum brtt. á þskj. 125, og mun hv. 1. flm. þeirra gera nokkra grein fyrir þeim nú við 1. umr. í sambandi við almennar umr. um málið, en að sjálfsögðu koma þær ekki til atkv. fyrr en við 2. umr.

***Árni Jónsson:** Ég er flm. að þeim till. á þskj. 125, sem nú hefir verið lýst. Með samþykki hæstv. forseta og í samráði við hæstv. atvmrh.

vil ég leyfa mér að gera grein fyrir þessum brtt. við 1. umr. málsins. Ég get vel fallizt á þær ástæður, sem fram hafa komið fyrir því, að sliku máli sem þessu verði að hraða eftir því sem tök eru á gegnum þingið. Skal ég því reyna að forðast óþarfa málalengingar og yfingar.

Eins og grg. frv. ber með sér, er þetta flutt sem viðreisnarmál fyrir sjávarútveginn. Enginn ágreiningur er um það, að sjávarútvegurinn sé háskalega á vegi staddur. Enginn ágreiningur er um það, hvaða þýðingu þessi atvinnuvegur hefir fyrir afkomu þjóðarinnar. Enginn ágreiningur ætti því að vera um það, að hlaupið væri undir bagga með þessum aðþrengda höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar svo sem unnt er.

Með því frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 119, er bent á eina leið til úrlausnar í þessu mikla vandamáli alþjóðar. Ég skal strax taka það fram, að sú leið er frá minu sjónarmiði og ýmissa annarra svo miklum vandkvæðum bundin, að við teljum hana ekki færa. Þessi afstaða stafar ekki af skilningsleysi á högum útgerðarinnar, og því síður af andúð.

Með frv. eins og það liggur fyrir er gert ráð fyrir verðfellingu íslenzku krónunnar úr skrásettu gengi 22.15 fyrir pundið ofan í 27 kr. Flm. frv. er það sjálfum ljóst, að slík verðfelling veldur svo mikilli kauplækkun hjá ýmsum þeim, sem að útgerðinni vinna, að ekki verði hjá því komizt að veita þeim nokkrar bætur. Þess vegna er gert ráð fyrir því, að kaup verkamanna og sjómanna fari hækkandi eftir reglum þar um. Auk þess að þeir framleiðendur við landbúnað, sem selja afurðir sínar á innlendum markaði, fái samskonar bætur. Með þessu móti er mjög dregið úr því, að gengislækkunin komi að fullum notum.

Eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja, nam tap togaraútgerðarinnar árið 1937 rúmri 1 milljón króna. Sama árið er tap smábátaútgerðarinnar áætlað um 1 millj. kr. Um þetta eru þó engar skýrslur til. Síðasta ár hefir tapið verið meira en árið áður, sérstaklega á togaraútgerðinni. Það er því sennilega hægt að slá því föstu, að heildartap útgerðarinnar á síðastl. ári hafi ekki numið undir 2½ millj. kr.

Ég vil þess vegna gera ráð fyrir því, að hér þurfi að sjá útgerðinni fyrir 2—3 millj. króna stuðningi, til þess að komið verði í veg fyrir taprekstur. Ég geri ennfremur ráð fyrir, að til þess ekki einungis að stöðva taprekstur inn, heldur koma útgerðinni á réttan kjöl, þyrfti jafnvel hærri upphæð en hér um ræðir. Hitt sýnist mér aftur þýsna fjarstæðukennt, að breyta verðlagi gjaldeyrisins svo, að það nemi fullum milljónatug á útfluttum sjávarafurðum, með öllum þeim fyrirsjáanlegu og ófyrirsjáanlegu afleiðingum, sem af því myndi stafa, til þess að rétta hluta útgerðarinnar.

Með till. þeim, sem ég flyt á þskj. 125, ásamt hv. 11. landsk. og hv. þm. Hafnf., er reynt að fara meðalveginn í þessu vandamáli. Við höfum reynt að finna leið til þess að fullnægja kröfum útgerðarinnar án þess að verkamönnum og sjómönnum sé íþyngt svo mjög, sem hlýtur að verða, ef frv. verður samþ. óbreytt, og án þess að hlutur annarra launamanna en þeirra, sem bætur hljóta skv. frv., sé algerlega fyrir borð borinn.

Vil ég nú reyna að skýra þetta.

Skv. bráðabirgðayfirliti um útflutning sjávarafurða síðastl. ár hefir hann numið um 48 millj. kr. Eftir frv. mundi útflutningur hækka að krónutali um 10 millj. króna eða fyllilega það. Þar frá dregst svo það, sem nauðsynjar útgerðarinnar hækka í verði vegna gengislækkunarinnar, að viðbættu því, sem kaupgjald hækkar. En hver sú upphæð verður, skal ég ekki reyna að áætla.

Með tillögum okkar er gert ráð fyrir því, að kaupgjald haldist óbreytt og ennfremur verðlag á þeim innlendum afurðum, sem um getur í frv. Till. okkar fara fram á, að krónan lækki ekki um 22%, heldur aðeins um 10%. Sé miðað við útflutninginn síðastl. ár, eða 48 millj. kr., þá nemur sú upphæð, sem renna ætti til útgerðarinnar, ef okkar till. yrði samþ., um 4,8 millj. kr. Þar frá verður svo að draga verðhækkun á útgerðarvörum, sem skv. verzlunarskýrslum hafa síðastl. ár numið um 14 millj. kr. Þess er þó að gæta, að í þessari upphæð er talið: öll kol, sem til landsins flytjast, þar með talin húsakol, og allt benzín, einnig það, sem notað er til bifreiða. En á móti þessu koma aftur þau matvæli, sem til útgerðarinnar eru keypt frá útlöndum. Ég hygg, að ekki fari fjarri sanni, að þetta tvennt, kolin og benzínið annarsvegar, sem ekki er notað til útgerðarinnar, þótt talið sé með útgerðarvörum, og matvæli keypt frá útlöndum hinsvegar, muni nokkurnveginn vega salt, svo ekki sé rangt að telja útgerðarvörur það sama og í verzlunarskýrslum, eða 14 millj. kr.

Eins og ég gat um, á útgerðin að hagnast um 4,8 millj. brúttó samkv. till. okkar. Þar frá dregst svo 10% hækkun á útgerðarvörum, eða 1 millj. og 400 þús. af 14 millj. kr. Eftir eru þá 3,4 millj. kr., sem beinlínis renna til útgerðarinnar, sé miðað við 48 millj. kr. útflutning, eins og hann var síðastl. ár. En allir þeir, sem fylgja gengislækkunarleiðinni, eru sannfærðir um aukningu útflutningsins í framtíðinni.

Eins og till. ber með sér, gerum við flm. hennar ráð fyrir, að kaupgjaldið haldist óbreytt og ennfremur verð á íslenzkum afurðum, Skv. frv. óbreyttu á kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna að hækka sem nemur helmingi þeirrar verðhækkunar, sem orðið hefir fram yfir 5% upp að 10%. Í fljótu bragði mætti því virðast svo, sem verr væri séð fyrir hag þessara stétta en með frv. En hverju nemur þetta? Helmingnum af þessum 10%, eða með öðrum orðum í hæsta lagi 5%.

En þetta er aðeins í fljótu bragði, því þegar tillit er tekið til þess, að með till. okkar er alls ekki gert ráð fyrir hækkun á kjöti og mjólk, þá hygg ég, að það myndi draga úr þeim 5%, sem hér ber á milli. Ég hygg því, að verkamenn og sjómenn myndu sízt verða verr úti með till. okkar en með frv. óbreyttu. Hitt er alveg augljóst mál, að öll framkvæmd málsins yrði miklu einfaldari og viðráðanlegri, ef okkar till. yrðu samþ., því að ef verðhækkunin nálgast það, sem gengislækkunin nemur, t. d. 20%, nær uppbótin á kaupinu ekki nema ⅔, eða ca. 13%, þannig

að kauphækkun sjómanna og ófaglærðra verkamanna yrði þá ca. 7%.

En svo er á fleira að líta í þessu sambandi. Samkvæmt frv. á að bæta að nokkru hallann hjá ófaglærðum verkamönnum og sjómönnum, sem hafa 3600 kr. árslaun eða minna, og hjá þeim bændum, sem selja vörur á innlendum markaði. Aðrir launamenn en þar getur eiga ekki að fá neina uppbót, þótt afleiðingar frv. kunni að koma þeim í koll sem 20% kauplækkun eða fyllilega það. Í þessum flokki eru flestir embættismenn, fjöldinn af verzlunarstéttinni, kennarar o. s. frv. Ég hygg, að þessum mönnum mundi mörgum hverjum reynast fullerfitt að standast 10% kauplækkun, hvað þá heldur 22%. Hag þessara stétta er því bersýnilega miklu betur borgið með okkar till. en frv. óbreyttu.

Skv. frv. hækka erlendar skuldir um 22%. Mikið af þessum skuldum er þannig til komið, að ýmsir innflytjendur hafa neyðzt til þess, vegna ráðstafana hins opinbera, að fá vörur að láni til langs tíma, 3—12 mánaða. Sumt af þessum vörum eru nauðsynjar, svo sem salt, kol, byggingarefni og matvæli, — vörur, sem yfirleitt eru seldar með tiltölulega litlum hagnaði. Sumt af þessum innflytjendum mundu sennilega ekki standast 22% gengislækkun, þótt þeir gætu hjarað með 10% lækkun.

Nú má vel vera, að þær 3½ millj., sem til útgerðarinnar ættu að renna skv. till. okkar, þættu ekki nægilegar til þess að koma útgerðinni á traustan grundvöll. Þess vegna viljum við flm. till. benda á frekari leiðir. Eins og hv. dm. er kunnugt, er fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir, það útgjaldahæsta, sem enn hefir verið borið fram á Alþ. Ef einlægur vilji er fyrir hendi um það að rétta sjávarútveginum hjálparhönd, þá tel ég öruggt, að skera megi útgjöldin niður um 1—2 millj. kr., sem beinlínis rynnu til sjávarútvegsins. Eðlilegast væri, að byrjað yrði á því að létta öllu útflutningsgjaldinu af sjávarútveginum. Mætti tvímælalaust finna margar leiðir til þess að hlaupa undir bagga með útveginum á þann hátt, ef fullur skilningur, samtök og vilji væru fyrir hendi.

Í þessu sambandi má einnig geta þess, að verði frv. það, sem fyrir liggur um tollskrá, að l., þá ætti sá tekjuauki, sem fyrirsjáanlega verður af því, að gera það auðveldara að rétta útveginn við, ef tekjuaukanum yrði beint til þess. Að viðbættum niðurskurði á fjárl. og við að nota hin auknu aðflutningsgjöld tollskrárinnar, mætti fá þær 5 millj. kr., sem hæstv. fjmrh. hefir talið, að þyrfti til þess að koma sjávarútveginum á fastan grundvöll.

Við flm. till. á þskj. 125 teljum, að með þeim till. sé sjávarútveginum séð fyrir 3 millj., án þess að það komi eins tilfinnanlega niður á öðrum stéttum og samkv. frv. því, sem fyrir liggur. Við höfum ennfremur bent á leiðir til að losa um 1—2 millj. í viðbót, svo að öruggt sé, að taprekstur inn verði stöðvaður og útgerðin rekin arðvænlega. Ég geri því ráð fyrir, að máli okkar verði vel tekið, og vil endurtaka það, að við sjáum okkur ekki fært að fylgja frv., nema till. okkar verði samþ., eða aðrar, sem gætu komið sjávarútveginum að sama gangi.

*Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Mér þykir rétt við þessa umr. að gera grein fyrir atkv. mínu. Ég skal reyna að vera stuttorður, en það verður ekki hjá því komizt að rekja málið ofurlítið. Forsaga þess er sú, að skipuð var milliþn. til að rannsaka hag togaraútgerðarinnar og gera till. til viðreisnar henni. Hún skilaði áliti fyrir áramótin síðustu um, að nauðsynlegt væri að gera ráðstafanir til bjargar útveginum. Um sama leyti lagði fulltrúi Alþfl. í n., Haraldur Guðmundsson, fram till., sem Alþfl. fylgdi allur. Þær eru í því fólgnar að veita útflutningsverðlaun. Það var líka bent á aðrar leiðir til að ná inn tekjunum, t. d. með því að ríkið tæki verzlunina með vefnaðarvörur og með vaxtaskatti. Nú varð nokkurt hlé á störfum n., og var þó búizt við, að fram mundi koma ákveðið álit eftir áramótin. Var svo rætt um málið milli flokkanna þriggja, og árangurinn varð frv. það, sem hér liggur fyrir.

Fyrst þegar ég hafði veruleg afskipti af þessum málum, var það ljóst, að till. fulltrúa Alþfl. í n. nutu ekki fylgis. Hinsvegar hafði annar fulltrúi Sjálfstfl. komið fram með till. um gengislækkun, og fékk hún betri byr. Það er svo, að í öllum flokkum eru skiptar skoðanir um gengislækkun yfirleitt, og getur hún verið tvennt ólíkt, eftir því, hvernig á stendur. Það, sem fyrst kom fram sem till. í þessu efni, var, að gengið yrði lækkað skilyrðislaust, án þess að neinar bætur kæmu á móti til sjómanna og verkamanna. Það var vitanlega ljóst, að Alþfl. gat ekki fellt sig við þessa leið. Hæstv. fjmrh. tók það fram áðan, að ráðstafanir væru gerðar í þessu frv. til þess að bæta hinum lægst launuðu, en hv. 1. landsk. taldi það höfuðverkefni frv. að lækka laun hinna lægst launuðu.

Það fyrsta, sem mun hafa komið til mála sem samkomulag á milli flokkanna, var það, að frv yrði flutt á líkum grundvelli og þessum, en að engar bætur kæmu fyrr en 1. október. Þá var ekki heldur ákveðið, að láglaunamenn með minna en 3600 kr. laun fengju uppbót. Ekki heldur, að sjómenn, sem tækju hlut í afla, fengju raunverulegt verðmæti til uppbótar.

Ég benti strax á það, að ekki gæti komið til mála annað en að bætur fengjust, helzt sem fyrst, en ekki síðar en eftir 3 mánuði. Rökstuddi ég þetta með því, að síldar- og fiskvinna mundi vera um garð gengin eftir 6 mánuði. Þessi skoðun mín og fleiri manna á Alþingi hefir orðið þess valdandi, að meira tillit var tekið til þessara stétta um bætur vegna gengislækkunarinnar. Allir voru sammála um, að það varð að styrkja sjávarútveginn, og þá ekki síst togaraútveginn. Það var fyrirfram vitað eftir reynsluna af síldveiðunum í fyrra og söluhorfum, að ógerningur var að gera út togara á síldveiðar með því lága bræðslusíldarverði, sem var síðastl. sumar. Við alþýðuflokksmenn teljum því, að með þessu fáist mikil atvinnuaukning sjómönnum til handa og verksmiðjufólki. Það er ekki hægt að reka verksmiðjurnar með fullum krafti, nema meginhluti togaranna sé á síld.

Ég tók það fram áðan, að í öllum flokkum mundi ágreiningur vera um gengismálin, og það hefir komið fram hjá flokki kommúnista, þar

sem hagfræðingur þeirra hefir haldið því fram, að gengið bæri að lækka, en að bætur ættu að koma. Ég tel þessar bætur viðunandi, þegar tekið er tillit til þess, að gengislækkunin mun hafa það örvandi áhrif á útgerðina, að vinnuaukning geti komið á móti.

Það kom fram í Nd. brtt. frá þm. kommúnista um, að þrjár gr. frv. féllu niður, og með því er viðurkennt. að málið eigi rétt á sér, þar sem engin þessara greina fjallar um málið sjálft. Það er einkennilegt, að frá þeim flokki skuli koma till um, að 2. gr. falli burt, því að þó að 3. gr. félli burt, mundi hún samt ekki nóg til að bæta fólki það upp, sem 2. gr. gerir ráð fyrir. Meiri hl. verkalýðsfélaga í landinu hefir samninga án gengisklásúlu og fengi enga hækkun, ef 2. gr. félli burt, og eins er um nokkurn hluta láglaunamanna, sem hafa fasta samninga.

Það má alltaf deila um leiðirnar, en einhver úrræði verður að finna. Það var búið að heita því, að eitthvað skyldi verða gert.

Jafnvel þó að hér sé um neyðarráðstöfun að ræða, viljum við ekki verða þess valdandi, að þessi leið verði ekki reynd, og við viljum vona, að hún auki atvinnu í landinu og verði til blessunar.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Hv. 2. landsk. beindi til mín þremur fyrirspurnum áðan. Um fyrstu fyrirspurnina skal ég taka það fram, að við flm. höfum ekki rætt sérstaklega um þá menn, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, og vil ég vísa hv. þm. á orðalag frv., og að það er ákveðið, að með reglug. skuli sett nánari ákvæði.

Um aðra fyrirspurnina, hvort iðnaðarmenn á tímakaupi kæmu undir ákvæðið um kauphækkun, ef þeir hafa minna en 300 kr. mánaðarkaup, vil ég benda hv. fyrirspyrjanda á, að ákvæðið nær aðeins til fastráðinna fjölskyldumanna. Það væri ekki hægt að taka tímakaupsmenn þar með, svo óvitað sem er um tekjur þeirra.

Um síðustu fyrirspurn hv. þm. skal ég upplýsa, að eftir því, sem ég hefi fengið að vita, munu sjómenn víða vera ráðnir þannig að fá ákveðna upphæð miðað við aflamagn, og í þeim samningum er ákveðið, að þessi þóknun breytist, ef um gengisbreyt. er að ræða, og við teljum, að það atriði heyri ekki undir þau ákvæði, sem um þetta eru í 2. og 3. gr. frv. En að öðru leyti fari um kjör sjómanna eftir ákvæðum 4. gr., 1. og 2. mgr.

ATKVGR.

Dagskrártill. 1. landsk. þm. felld með 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB.

nei: BSt, ErlÞ, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, EÁrna.

BSn, JJós, MG, MJ, SÁÓ[1]), ÞÞ, ÁJ greiddu ekki atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:3 atkv.

---

1) **SÁÓ:** Þar sem hér er blandað saman í sömu till. tveimur óskyldum málum, en ég er á móti því máli, sem fyrir liggur, en tek hinsvegar enga afstöðu til vantrausts, greiði ég ekki atkv.

Á 33. fundi í Ed., 4. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 124, 125).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 125. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 125,1 felld með 10:4 atkv.

— 125,2—4 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 11:5 atkv.

2. gr. samþ. með 12:3 atkv.

3. gr. samþ. með 9:5 atkv.

4.—10. gr. samþ. með 12:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:4 atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ErlÞ, HermJ, IngP, JJós, JJ, MJ, PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, EÁrna.

nei: MG, SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 126).

---

13. Lendingarbætur á Eyrarbakka.

Á 32. fundi í Nd., 3. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 8. sept. 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakki (þmfrv., A. 120).

Á 37. fundi í Nd., 5. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Bjarni Bjarnason:** Hæstv. forseta þótti ekki taka því að yfirgefa forsetastólinn til að mæla fyrir þessu frv. Í lögunum um lendingarbætur á Eyrarbakka er þannig gengið frá, að um allar þær framkvæmdir, er ráðizt verður í í sambandi við höfnina, hefir sýslunefnd aðalframkvæmdina. Án þess að ég viti, hvers vegna þannig var gengið frá lögunum á sínum tíma, þá er augljóst, að það er mjög óþægilegt fyrir hreppinn, að hreppsnefndin skuli ekki ráða þessum málum, og það, sem við, er flytjum frv., förum fram á, er, að hreppsnefndin verði aðalframkvæmandi um framkvæmd lendingarbóta á Eyrarbakka, í stað sýslunefndar.

Ég vil mælast til, að frv. verði, að umr. lokinni, vísað til sjútvn., og leyfi mér að óska, að hv. sjútvn. flýti fyrir málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til sjútvn. með 18 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 120, n. 149).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Frsm. (**Bergur Jónsson**): Þetta frv. er í raun og veru bara leiðrétting á l. nr. 45 frá 1931, um lendingarbætur á Eyrarbakka, og gengur í þá átt, að hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps verði fengin í hendur stjórn þeirra mála, sem í l. ræðir um, eins og tíðkast annarstaðar. Sjútvn. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9. shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14. shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 217).

---

14. Varmahlíð í Skagafirði.

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild til að taka eignarnámi eða leigunámi nýbýlið Varmahlíð í Skagafirði (þmfrv., A. 127).

Á 38. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Flm. (**Pálmi Hannesson**): Þetta litla frv. þarf ekki frekari skýringar við heldur en felst í grg. þess.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að hv. þd. samþ. frv., og óska, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 18:3 atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 142).

*Frsm. (**Steingrímur Steinþórsson**): Landbn., eða meiri hl. hennar, hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, en hv. þm. A.-Húnv. hefir hinsvegar verið á móti frv., og geri ég ráð fyrir, að hann geri grein fyrir sinni afstöðu.

Ég skal aðeins taka fram, að ég geri ekki ráð fyrir, að það þurfi að nota þessa heimild til eignarnáms eða leigunáms til þess að fá það land, sem þarna er um að ræða og verður að fá til afnota fyrir væntanlegan héraðsskóla, því ég býst við, að samningar náist við eigandann. En okkur þótti vissara og réttara að fá þessa heimild, en vitanlega verður samningaleiðin reynd til hins ýtrasta. Allir þeir, sem athugað hafa þetta, eru sammála um, að það sé nauðsynlegt fyrir væntanlegan skóla að fá þetta land, og þá er réttast, að það fáist sem fyrst, áður en búið er að reisa þar mannvirki, sem ekki eru í samræmi við skólabyggingar þær, sem á að reisa þar.

*Jón Pálmason: Eins og nál. ber með sér, þá er ég á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi, og orsakirnar til þess koma að nokkru leyti fram í því, sem hv. frsm. sagði. Það kom fram hjá honum, að enn eru ekki fengnar neinar sönnur fyrir því, að nein þörf sé fyrir þessa eignarnámsheimild, og ég er þeirrar skoðunar, að Alþ. eigi því aðeins að samþ. eignarnámsheimild á landi eða jörð, að það liggi fyrir sannanir um það, að almenningshagur krefjist þess, að eignarnámsheimild sé veitt. Til þess að slíkar sannanir liggi fyrir, þá þurfa að liggja fyrir upplýsingar um, hvaða ágreiningur á sér stað milli seljanda og væntanlegs kaupanda. Í þessu sambandi liggur ekkert slíkt fyrir, og í ræðu hv. frsm. kom í ljós, að líkur væru fyrir, að þarna gætu tekizt samningar.

Ég vil ekki láta þingið samþ. frv. eins og þetta. Hitt getur verið utan við þetta, ágreiningur um það, hvort þarna eigi að reisa héraðsskóla. Ég hygg þó, að eins og nú standa sakir með okkar hag, þá sé meiri ástæða til að fækka skólum eða fresta skólabyggingum, sem ráðgerðar eru, heldur en að leggja mikið fé í nýja skóla.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég vil styðja mál minni hl. n. Í sambandi við þetta mál vil ég minna á, að komið hefir fram á þessu þingi annað frv. um eignarnámsheimild, sem fór til sjútvn. Aðstaðan var að því leyti svipuð með það frv., að það skorti rök fyrir því, að það þyrfti að nota þær lendur, sem farið var fram á að fá eignarnámsheimild fyrir, og einnig skorti öll rök fyrir, að þessar lendur væru ekki fáanlegar með samningi. Sjútvn. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki rétt að ganga inn á þá braut að gefa slíka heimild, nema Alþ. fengi full rök fyrir því tvennu, að þörf væri á hinu umbeðna landi, og hinsvegar, að erfiðleikar væru á að fá það með samningi.

Þessi hv. d. féllst á þessa skoðun sjútvn., og ég tel, að hið sama liggi fyrir hér. Að sjálfsögðu á skóli eins og sá, sem þarna er fyrirhugaður, að fá það land, sem hann þarf, og ég geri ekki ráð fyrir, að þeir, sem áður á Alþ. hafa samþ., að þessi héraðsskóli væri tekinn upp í héraðsskólalögin, vilji vinna á móti því, að þessi skóli fái það, sem hann þarf, bæði land og annað. Ég hygg, að það muni ekki standa stofnun skólans fyrir þrifum, þó horfið sé að því að útvega honum land eftir þeim leiðum, sem virkilega er ætlazt til. Það er alls ekki ætlazt til þess, að farið sé að taka lendur manna og aðrar eignir eignarnámi, nema því aðeins, að þörf almennings krefjist þess. Alþ. getur því ekki veitt slíka heimild með góðri samvizku, nema færðar séu sönnur á, að þessi nauðsyn liggi fyrir.

Því fer mjög fjarri, að þessi afstaða mín til málsins sé sprottin af nokkrum mótþróa gegn framgangi skólamálsins, því ég hefi áður mælt með því í hv. d. og greitt atkv. með því, að þessi skóli kæmist undir héraðsskólalögin. Ég er þess vegna samþykkur því, að honum sé sýnt það tillit, sem hann hefir þörf fyrir og þingið getur með góðu veitt. En ég vil ekki, að svona sé að farið, og ég mun því greiða atkv. samkv. till. minni hl. n.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Ég er sammála þessum hv. þm. um það, að ekki eigi að nota eignarnámsheimild, nema almenningsheill krefjist þess, en það er einmitt svo í þessu sambandi. Á þessum stað er búið að ákveða að reisa skóla, en það er ekki hægt nema með því að bæta við hann landi. Þegar byrjað var á að reisa sundlaug þarna í fyrra, þá var staður fyrir hana ákveðinn af byggingarfróðum mönnum, en þá varð að láta ruðninginn, sem upp kom, þegar verið var að grafa fyrir henni, inn á land þeirrar jarðar, sem hér um ræðir. Það hefir því valdið erfiðleikum, hvernig þetta hefir staðið af sér. Það er ómögulegt að halda þarna áfram með nokkrar framkvæmdir, nema fá aukið land.

Eins og ég tók fram áðan og einnig kemur fram í áskorun frá Varmahliðarfélaginu, sem stendur að þessum skóla, þá er það talið svo mikilsvirði að fá þetta land strax, og vil ég í því sambandi benda á, að það hefir verið ráðizt þarna í framkvæmdir, sem alls ekki svara þeim tilgangi, ef reisa á skóla þarna. Það er því bezt að fá úr því skorið, hvort þetta land á að komast í eigu skólans eða ekki. Við teljum rétt að fá úr þessu skorið á þessu ári, og ef ekki nást samningar við eigandann, að hafa þá eignarnámsheimildina í bakhöndinni. Það er mín skoðun, að það eigi að reyna samningaleiðina til hins ýtrasta, en ég tel það svo mikla nauðsyn, að skólinn fái þetta land strax, að ég tel sjálfsagt, að þingið veiti þessa heimild nú.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:4 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StgrSt, VJ, ÞBr, BJ, BÁ, EE, EmJ, EystJ, GÞ, HelgJ, JakM, JGM, PHann, PO, SkG, JörB.

nei: JPálm, ÓTh, SK[1]), StSt.

GSv, SEH greiddu ekki atkv.

11 þm. (SvbH, TT, ÞorbÞ, ÁÁ, BjB, EOl, FJ, GG, HG, HV, ÍslH) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 44. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Jónas Jónsson:** Ég ætla að leyfa mér að segja fáein orð um þetta frv., eftir tilmælum hv. þm. Skagf., sem flytja það í Nd.

Það stendur þannig á, að Skagfirðingar hugsa sér að koma upp skóla, gróðrarstöð og íþróttamiðstöð í Varmahlíð. Er þar vel á veg komið að byggja stóra sundlaug, með almennum samskotum. Hafa Skagfirðingar í hyggju að nota þetta nýbýli til þess að byrja þar á tilraunum með einskonar vinnuskóla fyrir héraðið.

Vegna hinnar þurrviðrasömu veðráttu í Skagafirði hafa torfbyggingar haldizt þar lengur en

1) **SK:** Ég er því samþykkur, að þessi skóli fái allt það land, sem hann þarfnast. En ég tel frv. vera óþarft í fyrsta lagi, og í öðru lagi mjög vafasamt, hvort það er ekki brot á stjórnskipunarl. landsins. Og þess vegna segi ég nei.

annarstaðar. Þó kemur að því, að Skagfirðingar munu lenda inn í steinsteypuöldinni, og tilgangur þeirra með stofnun vinnuskóla er sá, að kenna mönnum steinsteypu og smíðar og flýta þannig fyrir endurbyggingu héraðsins og gera steinsteypuna að einskonar heimilisvinnu.

Nýbýlið í Varmahlíð var byggt fyrir nokkrum árum. En bóndinn fór burt og seldi jörðina öðrum manni, sem hefir komið þar upp veitingastað. En það er augljóst mál, að mjög er óheppilegt að hafa veitingastað — kannske misjafnlega rekinn — ofan í þessum fyrirtækjum, sem ég minntist á. Nú hefir maðurinn, sem á þetta nýbýli sem stendur, verið að gera sig erfiðan og sent mótmælaskjal gegn því, að þetta frv. nái fram að ganga. Sýnir þetta, að hann vill ekki um neina sölu tala á þessari eign, og er því auðséð, að hentugra mun að fá þessa eignarnámsheimild afgr.

Ég skal geta þess, án þess ég viti, hvort það þykja meðmæli með þessu máli, að það vorum við Magnús Guðmundsson, sem stóðum að því að koma Varmahlíð inn í l. Mundi það því að nokkru leyti vera hans vegna, ef þetta frv. yrði samþ.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9:1 atkv.

Á 45. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 127, n. 183).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson):** Landbn. Ed. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Hún gerir ráð fyrir, að þessi heimild verði yfirleitt ekki notuð, nema þörf sé á, og að skólastj. muni ekki leggja í kostnað við að taka meira lán en þarf.

Ég vil taka það fram, að í Nd. hefir slæðzt inn í frv. slæm prentvilla, í 2. gr. Þar er vitnað í lög nr. 61 14. nóv. 1937, en á að vera 1917. Við töldum, að ekki þyrfti að gera brtt. um þetta, heldur yrði það lagað í málsmeðferðinni.

Forseti (EÁrna): Skrifstofan hefir tekið að sér að láta leiðrétta þessa villu í prentun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 216).

---

15. Verzlun með kjarnfóður.

Á 40. fundi í Nd., 14. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 28 27. júní 1921, um verzlun með tilbúinn áburð og kjarnfóður (þmfrv., A. 143).

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Eins og fram er tekið í grg. þessa frv., hefir það mjög komið í ljós á undanförnum árum, að þótt hefir á því bera, að talsvert af því síldarmjöli, sem selt hefir verið út um sveitir landsins, hefir ekki verið svo góð vara sem skyldi. Sumt hefir reynzt skemmt og sumt jafnvel svikið. Þetta mál hefir verið til meðferðar í mörgum búnaðarfélögum og búnaðarsamböndum, og þaðan var því vísað til búnaðarþings, og var það nú tekið til meðferðar á síðasta búnaðarþingi. Var það afgr. á þann hátt, að búnaðarþingið sendi landbn. till., þar sem farið var fram á að breyta l. þannig, að þau tryggðu, að aðeins fyrsta flokks síldarmjöl yrði á boðstólum, svo að bændur gætu treyst á, að það væri vara, sem svaraði þeim kröfum, sem til hennar væru gerðar.

Ég sé ekki ástæðu til, ef ekki koma fram mótmæli gegn þessu frv., að fara um það fleiri orðum. Ég tel þetta svo sjálfsagt mál, að vænta megi þess, að það komist hindrunarlaust í gegnum d., því að að þessu standa svo sterkar kröfur og rík rök, að ólíklegt er, að mótmæli komi fram gegn því. Þar sem þetta mál er flutt af landbn., sé ég ekki ástæðu til, að frv. verði vísað til n. aftur, heldur gangi það áfram nefndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr þar.

Á 45. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 143, n. 226).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Landbn. hefir haldið fund um þetta mál, en allir nm. voru ekki viðstaddir, og hefir því einn nm., hv. 10. landsk., óbundið atkv. um málið.
Þetta frv. er fram komið eftir ósk búnaðarþings, en búnaðarþing tók málið upp vegna þess, að víða að af landinu komu kvartanir um, að síldarmjöl, sem bændur hafa fengið til fóðurs, hefir reynzt misjafnt. Og þó að það standi á því „1. fl." og það sé keypt sem 1. fl. vara, þá hafa efnarannsóknir sýnt, að það er oft langt frá því, að það sé 1. flokks vara. Þess vegna er það krafa bænda, að þeir fái meiri tryggingu fyrir því en þeir nú hafa, að þeir fái gott fóður, þegar þeir kaupa síldarmjöl, sem selt er sem 1. fl. mjöl.
Landbn. Nd. hefir svo fundið þessa lausn á málinu, sem í frv. er farið fram á. En samtímis því, sem hún hefir tekið síldarmjölið til þess að gera svofelld ákvæði um það, hefir hún líka gert í frv. ráð fyrir samskonar ákvæðum viðvíkjandi fiskimjöli. En eftir því, sem ég hefi komizt næst, er óframkvæmanlegt að ákveða í l. slíkt mat og flokkun á fiskimjöli. Þess vegna höfum við tveir í landbn. þessarar hv. d. lagt til, að fiskimjölið verði ekki látið heyra undir þessi ákvæði, þannig að orðin „og fiskimjöl" í a-lið og c-lið 1. gr. falli burt.
Um síldarmjölið er það að segja, að ég geri ráð fyrir, að efnagreiningar á því megi framkvæma í síldarverksmiðjunum, eins og gert hefir verið, þó að ég hinsvegar geri ráð fyrir því, að fleiri efnagreiningar þurfi að gera á síldarmjölinu en þar eru nú gerðar, til þess að gera mjölið að „standard"-vöru, sem öll sé jafngóð, með sama merki.
Ég er ekki — og kannske enginn hér í hv. þd. — dómbær um það, hvort tekniskur möguleiki er til þess að tryggja á þann hátt, að fiskimjölið verði fullkomlega jafngóð vara. En ég held, að það sé hægt með síldarmjölið, og í því trausti hefir landbn. mælt með samþykkt þessa frv. En þó svo kynni nú að fara, að þetta, sem í frv. er gert ráð fyrir, reyndist framkvæmanlegt, þá hefir annað eins komið fyrir og það, að breytt sé l. frá þinginu, og mætti þá líka breyta þessu, ef reynslan sýndi aðra leið heppilegri til að ná öryggi fyrir gæðum og jöfnum gæðum síldarmjöls, sem selt er undir sama merki.
En við hv. 5. landsk. (ÞÞ) leggjum eindregið til, að frv. verði samþ. með breytingu okkar.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég var ekki á þessum fundi í landbn., þegar þetta frv. var til meðferðar og afgreiðslu. En hv. form. landbn. hringdi til mín og lét mig vita um þetta.
Eins og hann skýrði frá, er þetta frv. fram komið að tilhlutun búnaðarþings. En nú stendur svo á, að fyrirhugað er að fresta þessu þingi til haustsins, og þess vegna finnst mér eðlilegt að fresta þessu máli til síðari hluta þingsins í haust, og að þangað til verði leitað umsagnar efnafræðings síldarverksmiðja ríkisins og stjórnar þeirra um það, hvernig hægt muni vera að koma þessu í framkvæmd og hvaða kostnað þetta muni hafa í för með sér. Ég get ekki séð, að þetta geri nokkuð til, enda þótt mjölkaup muni vera gerð fyrir 1. nóvember, því að mjölinu mun ekki vera afskipað fyrr en eftir þann tíma. Mætti því ganga frá þessum l. fyrir þann tíma, er mjölið er sent.
Ég mælist því til þess við hv. 1. þm. N.-M., hvort hann geti ekki fallizt á, að þetta verði gert, til þess að sjá í sumar, hvað hægt er í þessu að gera.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég vil miklu frekar mæla með því fyrir mína parta, að frv. verði samþ. nú.
Hér eiga ekki síldarverksmiðjur ríkisins einar hlut að máli. Í landinu eru margar fleiri verksm., sem framleiða síldarmjöl, og án þess að ég skuli fara út í það, hvaða síldarmjöl það er, sem reynzt hefir slæmt, þá eru síldarverksmiðjur ríkisins a. m. k. ekki verstar í því tilliti. Merkið á pokunum frá þeim sýnir, hvaðan mjölið er, en það er ekki hægt að segja um mjölið frá öllum verksmiðjum á landinu, sem framleiða síldarmjöl og setja ekki einu sinni verksmiðjumerki á pokana. Og það lítur út fyrir, að sumt síldarmjöl, sem selt er til fóðurs, sé úrgangs síldarmjöl, sem alls ekki á að vera fóður. Þess vegna vil ég, að frv. verði samþ. nú, jafnvel þótt ég viðurkenni, að betur hefði átt að ganga til verks um þetta en hér er gert um það, hvernig öruggast sé að koma þessu fyrir í framkvæmdinni.

***Erlendur Þorsteinsson:** Mér finnst harla einkennileg rök hjá hv. 1. þm. N.-M., ef hann viðurkennir, að kannske illmögulegt eða ómögulegt sé að framkvæma þessi l., og það eiga að vera rökin fyrir því, að það eigi að afgr. málið nú fyrir þingfrestun. Mér finnst sú meðferð málsins sérstaklega öfug, ef það liggur fyrir, að framkvæmd þessara l. virðist erfið og að það þurfi samvinnu við verksmiðjurnar um þetta mál. Þá finnst mér sjálfsagt að fresta afgreiðslu þessa frv., þar sem sú frestun mundi ekki hafa í för með sér neina takmörkun á framkvæmd um slíkt eftirlit, sem l. samkvæmt ber að framkvæma. Mér dettur ekki í hug, að síldarverksmiðjur ríkisins geri í þessu efni upp á milli manna. En mér virðist eðlilegast að vísa þessu máli til athugunar og umsagnar efnafræðings þeirra, af því að síldarverksmiðjur ríkisins eru skyldar til þess að afgr. til bænda svo og svo mikið af síldarmjöli á hverju ári.
Ég get bætt því við, að frá lítilli verksmiðju, sem ég að nokrku leyti veitti forstöðu á síðastl. ári, hefir verið selt nokkrum bændum síldarmjöl, og þeir létu prýðilega yfir því.
Af því að mér virðast nokkur tormerki muni vera á að framkvæma þessa efnarannsókn, og

þegar það er viðurkennt, tel ég, að sú viðurkenning sé rök fyrir því, að málið eigi ekki að ganga fram á þessum hluta þingsins.

ATKVGR.
Brtt. 226 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 236).
Of skammt var liðið frá 2. umr. —Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 52. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Finnur Jónsson:** Ég held, að það væri dálítið óheppilegt, að þetta mál færi frá þinginu eins og það er nú. Það mun tæplega vera hægt að koma því við að láta tryggingarskýrteini fylgja hverjum poka, sem seldur er af síldarmjöli, án þess að það hafi allmikinn kostnað í för með sér. Hinsvegar er sjálfsagt rétt, að um þessi efni séu einhver ákvæði í l., og ættu þar jafnvel að vera settar fram hinar mestu kröfur, sem gerðar eru til gæða mjölsins.
Ég sakna þess, að fellt hefir verið niður úr frv. að gera gæðakröfur til fiskimjöls. Álít ég, að um þetta ættu einnig að vera ákvæði. Raunar er ekki hægt að gera sömu kröfur til fiskimjöls og síldarmjöls, vegna mismunandi efnasamsetningar.
Ég tel því, að heppilegast væri að fresta þessu máli um sinn og láta það fara til athugunar í n., sem bæri sig saman bæði við síldar- og fiskimjölsverksmiðjurnar, og vil ég gera það að till. minni, að málinu verði frestað og því vísað til sjútvn.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Ég er algerlega mótfallinn því að þessu máli verði frestað. Undanfarið hefir komið í ljós, að það síldarmjöl, sem komið hefir frá verksmiðjunum, hefir verið mjög gallað, og hefir verið almenn óánægja með það meðal bænda landsins. Ég vil því eindregið mælast til þess, að gengið verði til atkv. og frv. samþ.

***Finnur Jónsson:** Mín till. byggist ekki á því, að ég sé á móti því að setja um þetta lagafyrirmæli. En ég er hinsvegar á móti því að setja um þetta lagafyrirmæli, sem ég tel tæplega framkvæmanleg. Ég held, að hag þeirra, sem kaupa síldarmjölið, sé bezt borgið með því að setja um þetta reglur, sem fyrirfram er vitað, að hægt sé að halda. Þetta tel ég ekki tryggt með frv.

Forseti (JörB): Það hefir komið fram till. um að fresta þessu máli og vísa því til n., og mun ég bera það undir atkv.

ATKVGR.
Till. um að fresta málinu og vísa því til sjútvn. felld með 16:4 atkv.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 251).

---

16. Prentsmiðjur.

Á 4. fundi í Sþ., 24. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um viðauka við l. nr. 29 7. maí 1928 [Prentsmiðjur].** (þmfrv., A. 20).

Á 6. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 36).

***Jónas Jónsson:** Hv. frsm. n. er ekki á fundi í dag vegna jarðarfarar, og höfum við því komið okkur saman um að óska eftir því, að hv. d. láti málið fara umræðulaust gegnum þessa umr., og umræður um málið fari þá fram við 3. umr., þegar hann er mættur og getur tekið þátt í henni.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., 8. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 15. fundi í Nd., 8. marz, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 18. fundi í Nd., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 56).

*Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Þessu máli fylgir ekki mikil framsaga. Menntmn. hefir orðið ásátt um að mæla með frv., en það hljóðar um, að l. frá 1928, sem eru breyting á eldri l., frá 1909, sem aftur eru breyting á enn eldri l., skuli hljóta þá viðbót, að sent skuli eintak af öllu, sem prentað er hér á landi, til háskólabókasafnsins i Winnipeg. Þessi löggjöf segir, að prentsmiðjum sé skylt að láta af hendi við söfn hér á landi allt, sem prentað er. 1928 var því bætt við, að þetta skyldi einnig gilda um amtsbókasafnið í Færeyjum, því að rétt þótti að verða við óskum Færeyinga um þetta. En við eigum þó enn skyldari frændur vestan hafs, og þeir hafa til þessa orðið að kaupa sínar bækur héðan. Mælir allt með því, að háskólabókasafninu í Winnipeg séu veitt þessi hlunnindi. Eiga þá prentsmiðjurnar að afgreiða allt, sem þær prenta, þangað. Þó þurfa þær ekki öðru til að kosta en að koma því í árslok til hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem kemur því svo áleiðis.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 86).

17. Búfjárrækt.

Á 19. fundi í Ed., 17. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt (þmfrv., A. 62).

Á 20. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Búnaðarmálastjóri hefir með bréfi frá 13. marz sent Alþingi óskir búnaðarþings um breyt á l. um búfjárrækt frá 1931. Þessar óskir búnaðarþings hafa legið frammi í lestrarsal og hlotið þar númerið 134. Óskir búnaðarþings um breyt. á l. hefir landbn. tekið upp og fært í þann búning, sem þær nú liggja fyrir í á þskj. 62. Þar er um 3 brtt. að ræða, sú fyrsta við 11. gr. laganna og er um það, hve mikinn árlegan styrk nautgriparæktarfélögin geti fengið úr ríkissjóði, og er þannig, að félög, sem engar fitumælingar gera á mjólk, geti fengið 1 kr. styrk, reiknað á árskú, eða ef fitumælingar eru gerðar sjaldnar en þrisvar. Áður var þeim félögum reiknuð 1,50 í styrk á reiknaða árskú. Séu fitumælingar gerðar minnst þrisvar sinnum, sé styrkurinn kr. 1,80 á árskú. Sá styrkur var áður ákveðinn 2 kr. En þrjár mælingar gefa samt ekki fullnægjandi upplýsingar um fitumagn mjólkurinnar. Þegar 3 mælingar voru taldar nógar, var ástandið þannig, að það vantaði mjólk til að fullnægja markaðinum fyrir neyzlumjólk. Síðan þessi l. voru samþ., hefir viðhorfið að nokkru breytzt, bæði af því, að meðalnyt mjólkurkúnna hefir hækkað um 200 kg. á ári frá því, sem þá var, og svo vegna þess, að þeim hefir fjölgað um ⅓. Einnig hefir meiri mjólk komið á markaðinn vegna þess, að menn, sem áður höfðu engin ráð með að koma mjólkinni frá sér, hafa nú vegna bættra vegasambanda getað selt mjólk sína. Nú er markaðinum fyrir neyzlumjólk líka fullnægt og meira en það, því að úr nokkrum hluta mjólkurinnar hefir orðið að vinna afurðir, og þá er það undir því komið, hve mjólkin er feit, hvað mikið fæst úr henni af verðmætum afurðum. Þess vegna þarf að vinna að því að fá mjólkina bætta, fá hana feitari, en til þess er nauðsynlegt að gera fitumælingar það oft, að vissa fáist um fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú, svo taka megi tillit til þess í kynbótastarfinu. Til þess að hvetja menn til þessa höfum við borið fram þessa brtt. við 11. gr., sem felst í 1. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að styrktarstigin verði þrjú. Styrkur til þeirra félaga, sem gera engar mælingar eða færri en þrjár, lækkar úr kr. 1,50 í 1,00 á árskú. Þau félög, sem koma undir þetta, eru ekki mörg, en samt nokkur, sem engar mælingar hafa gert.

Þar næst er gert ráð fyrir þremur fitumælingum á ári. Þær gefa mikilsverðar bendingar, en styrk til þeirra á líka að lækka, úr kr. 2.00 í 1.80.

Svo er þriðja stigið fyrir þau félög, sem gera 6 fitumælingar eða fleiri. Úr því að mælingarnar eru orðnar 6, má fara að byggja á þeim, hvað mjólkin raunverulega er feit, og þá má fara að velja kýr til að ala undan lífdýr eftir því, hvað mjólkin er feit. Þau félög, sem gera 6 mælingar, geta fengið kr. 2.50 styrk á árskú.

Enn þá er ekki hægt að segja um, hvort þetta veldur auknum kostnaði fyrir ríkissjóð. Það yrði aldrei mikil hætta á, að allir færu að gera fitumælingar sex sinnum á ári, svo að hækkun styrksins til þeirra næmi nokkru stórfé, heldur mundi hún vinnast upp með lækkuninni hjá þeim, sem sjaldan mæla. — Þetta var um breyt., sem felst í 1. gr. frv.

Breytingin í 2. gr. er ósköp lítil. Í 43. gr. búfjárræktarlaganna er talað um, hvað margt hver félagsmaður megi eiga í kynbótafénu, — enginn einstakur má eiga þar fleiri ær en 30. En nóg þykir að binda þetta við það, að enginn einstakur megi eiga meira en helming af kynbótafé búsins. Ég sé ekki ástæðu til að útiloka þá, sem sem eiga yfir 30 ær, allt hvað það er ekki yfir helming. Búnaðarþing taldi þessa brtt. hiklaust til bóta.

Þá er loks brtt. við 13. gr. Í 1. línu hennar er prentvilla, „sauðfjárrekstrarbú“, sem á að vera: sauðfjárræktarbú, og vildi ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hún yrði leiðrétt án þess að sérstaka brtt. þurfi til.

Búfjárræktarlögin mæla svo fyrir, að sauðfjárræktarbúin megi vera átta, tvö í hverjum fjórðungi, og að þessi bú skuli njóta 800 kr. styrks á ári móti 400 kr. annarstaðar frá. Brtt. gerir ráð fyrir að lækka 800 kr. framlagið í

600 kr. Við það sparast 8×200 = 1600 kr. Þessi sparnaður er veginn upp í brtt. með því, að veita skuli allt að 2000 kr. til að verðlauna sauðfjárræktarbúin samkv. nánari ákvæðum í reglugerð, þar sem fara yrði eftir því, hve góðum árangri þau ná af starfi sínu og hve mikið selst af kynbótaskepnum þaðan. Eftirspurnin eftir þeim er einhver bezti mælikvarði á árangur búsins. Kostnaðarauki af þessu er aðeins 400 kr. á ári, og má vænta, að það verði til þess að gera samkeppni milli búanna, en það getur aftur orðið til að láta þau ná betri árangri.

Þetta eru þær brtt., sem búnaðarþing óskar, að nái fram að ganga, og búfjárræktarnefnd þess stóð að þeim einhuga. Þar sem búnaðarþingið er skipað 25 kjörnum fulltrúum bænda, er vitað, að það fer ekki fram á annað en það, sem horfir til virkilegra bóta. Kostnaður er óverulegur. Ég vildi því mælast til, að hv. þdm. létu þetta fara óbreytt og liðlega gegnum deildina.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., 22. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 27. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 29. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18:1 atkv. og til landbn. með 17 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 62, n. 140, 161).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 161. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Steingrímur Steinþórsson):** Frv. þetta um breyt. á l. um búfjárrækt er komið frá Ed. hingað, og hefir landbn. haft frv. til meðferðar. Leggur n. öll til, að frv. verði samþ. Fjórir nm. vilja samþ. það óbreytt, en einn nm., hv. þm. A.-Húnv., hefir sérstöðu í n. og flytur brtt. um, að 1. gr. frv. falli niður.

Ég tel rétt að fara örfáum orðum um þetta mál, einkum af því að ekki náðist samkomulag um það innan n.

Þetta frv. var sent Alþingi frá búnaðarþingi með ósk um, að þessi breyt. yrði gerð á búfjárræktarl. Í 1. gr. er gert ráð fyrir breyt. á styrk til nautgriparæktarfélaga. Styrkur til þeirra hefir verið kr. 1.50 á ári á hverja fullmjólkandi kú, sem skrásett er í félaginu, bundið því skilyrði, að fóður- og mjólkurskýrslur séu haldnar, en ekki hefir þurft að fara fram rannsókn á feitimagni mjólkur, en 2 kr. til þeirra, sem hafa haft feitirannsóknir a. m. k. 3 sinnum á ári. Nú er það vitað, að feitin er langverðmætasti hluti mjólkurinnar, sá hlutinn, sem skapar verðmæti hennar fyrst og fremst. Því er það, að örlítil hækkun á feitinni getur aukið afurðir kýrinnar mjög mikið. Það, sem hér er lagt til, er að gera meiri mun á styrk en verið hefir, eftir því sem feitirannsóknin er framkvæmd. Er lagt til, að þar, sem engin feitirannsókn fer fram, verði styrkurinn 1 kr. á kú, þar, sem rannsókn fer fram a. m. k. 3 sinnum, sé hann 1.80, en þar, sem feitirannsókn fer fram a. m. k. 6 sinnum á ári, verði styrkurinn kr. 2,50 á kú. Með þessu er reynt að fá félögin til þess að taka upp meiri rannsókn á feitimagni en verið hefir. Er það tvímælalaust, að stefna ber að þessu, og það er vitað, að hægt er að hækka feitimagnið með kynbótum og ýmsum ráðstöfunum, en vitneskjuna um þetta fá menn aðeins með því að rannsaka feitina. Erlendis er talið með öllu ófullnægjandi að rannsaka aðeins þrisvar sinnum. Sex sinnum mundi vera talið lágmark þess, sem gæfi nokkurn veginn fulla tryggingu.

Ég skal geta þess jafnhliða, að þetta mun ekki hafa veruleg áhrif á heildarupphæð styrksins. Hann mun heldur hækka, ef félögin öll taka upp rannsókn, en því þarf varla að gera ráð fyrir. Þess vegna lít ég svo á, og það gerði meiri hl. n., að með þessu sé stefnt að réttu, að fá félögin til að sinna því atriði, sem mesta þýðingu hefir, en það er að auka feitimagnið í mjólkinni.

Þá eru 2 aðrar smábreyt., sem þetta frv. felur í sér. Í 2. gr. er gerð örlítil breyt. viðvíkjandi sauðfjárræktarkynbótabúum, hvað mikinn hluta af hverju búi einstaklingur megi eiga. Um það var enginn ágreiningur.

Síðasta brtt. er um styrk til sauðfjárræktarbúa. — Ég skal geta þess, að í þingskjalinu er prentvilla; þar stendur „sauðfjárrekstrarbú“, en á að vera: sauðfjárræktarbú. En mér er tjáð, að þetta sé þegar leiðrétt í skjalapartinum. — Það mun hafa verið heimilt að styrkja 8 bú með allt að 800 kr. hvert. Hér er lagt til að lækka þennan styrk niður í 600 kr., svo að þar sparast 1600 kr. Síðan er farið fram á, að ríkið leggi fram 2000 kr. til þess að verðlauna þessi bú á einhvern hátt, eftir nánari reglum, sem um það yrðu settar. Hér er ekki um verulega útgjaldaaukningu að ræða, því að lagt er til að spara 1600 kr., en verja í þessu augnamiði 2000 kr. Munurinn er því aðeins 400 kr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti, að hv. d. fallist á að samþ.

frv., sem hefir hlotið samþykki Ed. og hefir einróma meðmæli búnaðarþings.

*Jón Pálmason: Eins og hv. frsm. tók fram, þá er enginn ágreiningur um síðari gr. þessa frv. Þær eru tvímælalaust til bóta. En ég get ekki fallizt á 1. gr. frv., því að hún stefnir í þá átt, eins og margt annað á síðari árum, að gera þeim, sem eru í dreifbýlinu, erfiðara fyrir, þar sem erfiðleikarnir eru mestir á að fullnægja þeim kröfum, sem í þessu efni eru gerðar. Hinsvegar fer þessi gr. fram á aukin styrk, úr kr. 1.80 upp í 2.50, og er auðséð, að það er fyrst og fremst fyrir þau félög, þar sem kúafjöldinn er mestur. Þetta orsakar stórum aukinn kostnað til þessarar starfsemi, án þess að séð verði, að nokkur þörf sé á að hækka þennan styrk. Því að þar, sem þannig er ástatt, álít ég, að þessi félagsskapur eigi ekki rétt á sér, ef hann er ekki fær um að starfa með 1.80 kr. styrk á hverja kú. Hinsvegar er það að minu áliti rangt að færa niður styrk til félaga úti um land, þó að þau geti ekki fullnægt ýtrustu kröfum, því að það mundi verða til þess, að mörg félög yrðu lögð niður.

Það, sem gerir það að verkum, að ég er andvígur þessari breyt., er í fyrsta lagi það, að ég tel hana óþarfa, og ennfremur skaðlega, þar sem hún geti orðið til þess, að þessi félagsskapur geti ekki starfað þar, sem örðugleikarnir eru mestir á að fullnægja þeim kröfum, sem þarna eru settar. Ég sé því ekki ástæðu til að gera breyt. á l. frá því, sem nú er, og óska eindregið eftir, að d. samþ. brtt. mína á þskj. 161.

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég hygg, að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. A.-Húnv., að það þurfi að eyðileggja félögin í dreifbýlinu, þar sem færri nautgripir eru, þó að þessi breyt. verði. Það er ekki annað en skeytingarleysi hjá félögunum að framkvæma ekki fitumælingu a. m. k. 2 sinnum á ári, svo að þau komist í miðflokkinn, því að það er svo tiltölulega auðvelt að framkvæma þær. Ég tel vafamál, að í lægsta flokkinum eigi að vera nokkur styrkur, því að það er aðeins af áhugaleysi og skilningsleysi, ef fitan er ekki mæld, og það tel ég, að eigi ekki að verðlauna. Þess vegna hefði ég verið fúsastur til að fella niður lægsta flokkinn. Ég held sem sagt, að það sé alveg ástæðulaus ótti hjá hv. þm. A.-Húnv., að þetta geri þessum félögum sérstaklega erfitt fyrir. En það eru fáir í d., og ég vil ekki breyta þá, sem hér eru, á löngum umræðum, enda geri ég ráð fyrir, að allir séu þegar búnir að taka afstöðu til þessa máls.

*Jón Pálmason: Út af því, sem hv. frsm. var að tala um, að mikill vafi væri, hvort ætti að styrkja þau félög, sem létu ekki fram fara fitumælingar, þá er það annað, sem vel getur komið til greina. En að fara, eins og þessi breyt. fer fram á, að hækka styrkinn mikið með tilliti til þess, að aðeins þau félög, sem bezta hafa aðstöðu, njóti þeirra hlunninda, það get ég engan veginn fellt mig við. Ég get hugsað mér, að við hv. frsm. gætum sameinazt á þeim grundvelli, að aðeins væri einn flokkur, og hann hefði 1.80 kr. styrk á hverja kú, og það gert að skilyrði, að framkvæmdar væru 2—3 fitumælingar. Með því gæti ég verið, en að hlaða undir þá, sem bezta aðstöðuna hafa, og gera hinum örðugra fyrir, það er lagabreyt., sem ég undir engum kringumstæðum get fallizt á.

ATKVGR.

Brtt. 161 felld með 14:4 atkv.

1. gr. samþ. með 14:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VJ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, HelgJ, PHann, PO, SK, SkG, StgrSt, JörB.

nei: JPálm.

ÍslH, JGM, SEH greiddu ekki atkv.

15 þm. (TT, ÞorbÞ, ÞBr, ÁÁ, EOl, FJ, GÞ, GG, GSv, HG, HV, JakM, ÓTh, StSt, SvbH) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 62, 168).

*Jón Pálmason: Við 2. umr. þessa máls flutti ég brtt. um það að fella niður 1. gr. frv., með tilliti til þess, að ég sé ekki, að í henni felist neinar umbætur frá því, sem nú er í gildandi l.

En brtt. náði ekki samþykki, og hefi ég því leyft mér að bera fram brtt. svo hljóðandi:

„Við 1. gr. Í stað orðanna „sem hér segir“ í 3. efnismálsgr. og út að síðustu málsgr. kemur: 1.80 kr. á hverja kú, sem mjólkur- og fituskýrslur eru haldnar um, enda sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri fullmjólka kú rannsakað minnst þrisvar á ári“.

Um þetta er það í fyrsta lagi að segja, að í frv. þessu er farið fram á talsvert mikla hækkun á útgjöldum til þeirra hluta, sem ekki koma niður á ríkissjóði, heldur fyrst og fremst á öðrum greinum búfjárræktarinnar, vegna þess að hámarksframlag úr ríkissjóði til búfjárræktarinnar er 62 þús. kr. samkv. l. Ég tel þess vegna ekki ráðlegt að hækka þetta framlag til nautgriparæktarfélaga, og tel það mjög óheppilegt að lækka að sama skapi framlagið til sauðfjárræktarinnar. Mér virðist þessari gr. frv. auk þess mjög áfátt að orðalagi, og hefði sannarlega ekki mátt minna vera en að þeir, sem flytja hana, hefðu samið hana á frambærilegu máli, ef á endilega að fá hana samþ.

Ég fjölyrði svo ekki um þetta frekar. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég er alveg á móti því að taka þarna fé til nautgriparæktarfélaga frá öðrum greinum landbúnaðarins, sem ég tel ekki síður nauðsynlegar.

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Meiri hl. landbn. hefir ekki borið sig saman um brtt. frá hv. þm. A.-Húnv. Þeir nm., sem staðið hafa að 1. gr. frv., hafa að sjálfsögðu óbundnar hendur um það, hvernig þeir snúast við þessari brtt.

Ég vil aðeins segja það sem mína skoðun, að ég get ekki fylgt henni, vegna þess að eins og tekið var hér fram við 2. umr. málsins, þá eru það í rauninni örfá nautgriparæktarfélög, sem munu verða til þess að taka upp meiri fitumælingar á mjólk en nú er. Þess vegna er styrkur hækkaður til þeirra félaga, sem hafa minnst 6 fitumælingar á ári. En með þessari brtt. er hugmyndin að skera alla niður við sama kambinn, hvort sem þeir gera fleiri eða færri fitumælingar á ári.

Fyrirfarandi hafa öll félög verið styrkt og einnig þau, sem engar fitumælingar hafa gert, og tel ég hæpið að styrkja þau framvegis.

En þó tel ég ekki rétt að taka styrkinn af þeim fyrirvaralaust, en tel rétt að hafa hann fyrst um sinn 1 kr. á kú. Ég tel víst, að þau félög, sem hér koma til greina, muni taka upp fitumælingar.

Ég sé ekki, að með þessu frv. hækki skattur úr ríkissjóði, nema svo að segja öll félög taki upp 6 fitumælingar á ári, þannig að öll félög komist í hæsta flokkinn. En nú er till. í frv. um það, að sá flokkur, sem hefir 2,00 kr. styrk á kú, verði færður niður í 1.80 kr. Þarna getur ekki verið um neinn aukakostnað að ræða, nema ef nautgriparæktarfélögin taka upp almennar fitumælingar, og ef svo færi, teldi ég vel gerandi að offra því, sem hér er um að ræða, en það getur ekki numið nema fáum þús. kr.

Með þeim skýringum, sem ég hefi tekið fram, legg ég til, að frv. verði samþ. óbreytt.

***Jón Pálmason:** Um það atriði í ræðu hv. 2. þm. Skagf., hvaða aukinn kostnað þetta mundi hafa í för með sér úr ríkissjóði, er það að segja, eins og ég hefi tekið fram áður, að það myndi ekki hafa, að óbreyttum aðstæðum, neinn aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð, því að það er, samkvæmt l., sem kölluð hafa verið bandormurinn, sett hámark um tillagið, sem verja má úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum búfjárræktarl. Þessi kostnaður kemur niður á öðrum greinum landbúnaðarins, og þá fyrst og fremst á sauðfjárræktinni, svo framarlega sem ákvæðum í viðkomandi l. er ekki breytt. Og það eru mestar líkur til þess, að þau félög taki upp fitumælingar, sem bezta hafa aðstöðuna og flestar kýr eiga.

ATKVGR.

Brtt. 168 felld með 11:7 atkv.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 186).

18. Útvarpsrekstur ríkisins.

Á 22. fundi í Ed., 22. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins (þmfrv., A. 81).

Á 23. fundi í Ed., 23. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það stendur þannig á um þetta frv., að um þetta leyti er útrunnið kjörtímabil þess útvarpsráðs, sem starfar nú. Það er víst 5. maí 1939, sem kjörtímabil þeirra manna í útvarpsráði, sem kosnir hafa verið af útvarpsnotendum, er á enda, og núna þessa dagana er kjörtímabil þeirra útvarpsráðsmanna á enda, sem kjörnir hafa verið af Alþ., og hefir þeim verið falið til bráðabirgða að starfa áfram, þar til önnur skipun verður á gerð. Fjvn. hefir athugað mál útvarpsins dálítið, og í samráði við hana höfum við flm. þessa frv. borið það fram hér í hv. deild.

Þetta frv. þarf ekki langra skýringa við. Þær breyt., sem þar er lagt til, að gerðar verði, eru aðallega gerðar í sparnaðarskyni, til að létta af útvarpinu greiðslum, sem námu um 5 þús. kr. á ári til jafnaðar. Við flm. þessa frv. lítum þannig á, að ekki muni verða nein veruleg breyting á þeim ráðstöfunum, sem útvarpsráð gerir, þó að þeim, sem þar eiga sæti, verði fækkað úr 7 niður í 5, og skuli þessir 5 kosnir af Alþ., og skipar ráðh. einn úr þeirra hópi formann, í stað þess, að áður voru 3 útvarpsráðsmenn kosnir af útvarpsnotendum og af Alþ. Ég geri ekki ráð fyrir, að hlutföllin milli flokkanna í útvarpsráði raskist neitt við þetta, en ef ekki verður horfið að því ráði, sem frv. leggur til, verður tíminn of naumur til, að kosning geti farið fram á þeim mönnum, sem kjósa á af útvarpsnotendum, því að enn er ekki hafinn neinn undirbúningur undir þær kosningar, og það verður ekki gert fyrr en útséð er um, hvernig þessu frv. reiðir af. Ég held því, að þetta mál liggi svo opið fyrir öllum, að enginn þörf sé á að ræða mikið um það nú. Ég vænti þess, að það fái fljóta afgreiðslu hér í þessari deild, og mun ekki fjölyrða frekar um það, en legg til, að því verði vísað til menntmn. hér í Ed.

Brynjólfur Bjarnason: Ég get ekki fallizt á það, sem hv. 5. landsk. sagði um þetta frv. Ég tel, að með þessu frv. sé farið fram á verulega skerðingu á rétti útvarpsnotenda. Hv. 5. landsk. hélt því fram, og því er einnig haldið fram í grg. frv., að útkoman af kosningum til útvarpsráðs myndi verða að miklu leyti sú sama, hvort sem þetta frv. yrði að l. eða það fyrirkomulag héldist, sem nú er. Ég held, að þetta sé sagt nokkuð út í bláinn og þessi ályktun sé alls ekki rétt. Það er alveg augljóst, hverskonar menn það yrðu, sem Alþ. myndi kjósa í útvarpsráð. Það myndu verða pólitískir fulltrúar þeirra þriggja stjórnmálaflokka, sem kallaðir eru „áhyrgir". En samkv. núgildandi l. eru aftur á móti líkindi til þess, að a. m. k. einn frjálslyndur maður yrði kosinn af hlustendum, og ég hygg, að þetta frv. sé borið fram í því skyni að koma í veg fyrir það. Það mun vera hinn raunverulegi tilgangur þessa frv., enda þótt tylliástæður séu bornar fram í grg. frv. og af 5. landsk., að það sé flutt í sparnaðarskyni.

Það er heldur ekki rétt, sem stendur í grg. þessa frv., að kosning af hálfu útvarpsnotenda hljóti eingöngu undir öllum kringumstæðum að verða pólitísk. Slík fullyrðing hefir ekki við nein rök að styðjast. Útvarpsnotendur líta á

sína hagsmuni og velja því þá menn í útvarpsráð, sem þeir treysta bezt til þess að gera dagskrá þess þannig úr garði sem þeir helzt óska eftir. Sem sagt, eina röksemdin, sem fram hefir verið færð fyrir þessu frv., er sú, að það muni hafa í för með sér sparnað á þeim útgjöldum, sem kosning meðal útvarpsnotenda myndi hafa í för með sér, og auk þess á það líka að vera sparnaðarráðstöfun að fækka þeim mönnum, er sæti eiga í útvarpsráði. Ég held, að sú leið væri fær, að fækka meðlimum ráðsins, án þess að taka þann rétt af útvarpsnotendum að kjósa ákveðinn hluta þess. En hvað sparnaðarhlið málsins snertir, hygg ég, að í fyrsta lagi sé óvíst, að þessi kosning þurfi að verða svo dýr, að hún kosti 12 þús. kr., og í öðru lagi hygg ég, að meiri þörf sé á sparnaði annarstaðar en á því sviði, sem beinist að því að spara lýðræðið, og þar sem ekki er um stærri fjárhæð að ræða en þessa. Ef farið yrði út í almennan sparnað á sviði lýðræðisins, þá mætti ef til vill spara með því að Alþ. kæmi aðeins saman áttunda hvert ár, eða fækka þm. niður í 25, eða fækka ráðh. úr þremur niður í einn, í stað þess að fjölga þeim upp í 5, eins og sagt er, að sumir fulltrúar hinna „ábyrgu" stjórnmálaflokka vilji nú gera. (**MJ**: En hvað er þá um hina ábyrgðarlausu?). Því get ég ekki svarað, en það tel ég víst, að sparnaðarröksemdir þessa frv. eru ekkert annað en tylliástæður, og ég hygg, að það væri enginn skaði, þótt þetta frv. kæmist ekki lengra en til 1. umr. hér í Ed.

Flm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að deila mikið út af þessu frv. nú á þessu stigi málsins. En ég get ekki verið sammála hv. 1. landsk. í ýmsu, sem hann sagði. Ég ímynda mér, að hann hafi óviljandi farið rangt með eitt atriði í grg. frv. Ég held, að þar standi ekki „kosnir eingöngu eftir pólitískum línum", heldur „kosnir að mestu samkv. pólitískum línum". Síðustu kosningar í útvarpsráð voru ekki heldur alveg samkv. pólitískum línum, því að þá kom fram listi, sem skipaður var utanflokkamönnum. En hitt, sem hv. 1. landsk. var að drótta að okkur flm. þessa flv., að það væri eingöngu ætlun okkar að útiloka hina frjálslyndu frá því að koma manni í útvarpsráð, er rangt, og ég vísa því algerlega á bug. Fyrir mér hefir alls ekki vakað neinn slíkur tilgangur með flutningi þessa frv., heldur aðeins hitt, að spara útgjöld til útvarpsins eftir því, sem ég teldi vera unnt og sjálfsagt. Ég vil segja það, að þó að kosning um þrjá menn í útvarpsráð færi fram meðal útvarpsnotenda, þá held ég satt að segja, að þessi hv. þm. sjái a. m. k. tvöfalt, þar sem flokkur hans fer, ef hann heldur, að þeir frjálslyndu (þ. e. a. s. Sósialistafl.) gætu komið að manni í útvarpsráð. Slíkt nær engri átt. Ég tel afarvafasamt, að sá flokkur kæmi að nokkrum manni í ráðið, þótt útvarpsnotendur kysu 7 fulltrúa í það, ég held, að þeir gætu ekki gert sér nema mjög veika von um það.

En svo talaði hv. 1. landsk. um það, að full ástæða væri til að viðhafa sparnað á útgjöldum ríkisins á öðrum sviðum en þessu, t. d. fækka ráðh. úr þrem niður í einn. En hvílík fjarstæða að bera saman slíka hluti sem þessa. Ég get raunar vel skilið það, að þótt Alþ. kæmi aðeins saman „áttunda hvert ár", þá væri þessum hv. þm. nokkuð sama, en ég gæti trúað, að einhverjum þætti þá skarð fyrir skildi, t. d. þingmönnunum að missa kaup sitt. Ég get sagt það alveg hreinskilnislega, að það verður nýtt ljós að renna upp fyrir mér, ef ég á að geta skilið, að það myndi hafa nokkur minnstu áhrif á kosningu kommúnista í útvarpsráð, þó að það fyrirkomulag, sem nú er, yrði látið haldast.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. 5. landsk. hélt því fram, að því er mér skildist, að það myndi engin veruleg áhrif hafa á flokkaskipun í útvarpsráði, hvort útvarpsnotendur kysu fulltrúa í það samkv. núgildandi l. eða hvort Alþ. kysi þá alla, eins og verða myndi, ef þetta frv. verður að l. Hann sagði, að það yrði að renna upp nýtt ljós fyrir sér, ef hann gæti skilið það, sem ég benti á, að kosning af hálfu útvarpsnotenda gæti farið öðruvísi en kosning Alþ. Hann áleit, að Sósialistafl. kæmi engum manni að hvort sem væri. En nú er það svo, að kosning útvarpsnotenda í útvarpsráð þarf ekki endilega að vera eingöngu pólitísk, eins og hv. 5. landsk. tók réttilega fram, og jafnvel þótt hún yrði algerlega pólitísk, geta allmargir útvarpsnotendur hafa skipt um skoðun síðan kosið var seinast, svo að ekki er unnt að fullyrða neitt um það, hvernig hún myndi fara. Ég get vel skilið það, að það hefir ekki runnið upp meira ljós fyrir hv. 5. landsk. en það, að hann kallar okkur ábyrgðarlausa, enda er það að vissu leyti rétt, því að við berum enga ábyrgð á því ástandi, sem nú ríkir í þjóðfélaginu.

En hvað snertir annað, sem hv. 5. landsk. sagði, verður að segja, að það var því miður alger útúrsnúningur, svo sem þegar hann hélt því fram, að ég vildi fækka ráðh. úr þrem niður í einn, eða að Alþ. kæmi aðeins saman áttunda hvert ár. Ég hélt því fram, að ef ætti að spara lýðræðið, mætti spara á öðrum sviðum miklu hærri upphæðir en hér er um að ræða, og jafnframt sagði ég, að ef ætti að spara, þá ætti að bera annarstaðar niður en hér. Ég held þess vegna, að ekkert hafi komið fram í ræðu minni, sem hafi gefið hv. 5. landsk. tilefni til að halda slíku fram, sem hann sagði, né nein önnur rök gegn því, sem ég hélt fram, og fyrir mitt leyti mun ég halda fast við það, sem ég sagði áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 81, n. 93).

***Frsm. (Jónas Jónsson)**: Menntmn. hefir athugað þetta frv. og komizt að þeirri niðurstöðu, að þau rök, sem fram eru færð í grg. frv., séu rétt og eðlileg, eins og á stendur, og það séu breyttar kringumstæður síðan ákveðið var að hafa 7 menn í ráðinu, sem kosnir voru með

tvöfaldri kosningu. Nm. þótti það ekki tilvinnandi, að lagt væri út í nýjar kosningar með því sniði, sem þá var. Þeim þótti nægilegt, að hafa 5 menn í ráðinu, sem væru kosnir af Alþ. Það getur vel verið, að sumum finnist, að það ætti að kjósa í þessa nefnd eins og kosið er í þingmannanefnd eftir hverjar kosningar. Um það getur varla orðið deila í þinginu. En niðurstaðan varð nú samt sú, að n. hefir lagt til að hafa 3 ára tímabil.

Ég geri svo ekki ráð fyrir að orðlengja um frv., nema sérstök ástæða komi fram. Það þarf að hraða þessu máli, því tímabil nokkurra útvarpsráðsmanna er útrunnið. Það er því æskilegt, að frv. geti komizt sem fyrst gegnum Alþ.

ATKVGR.
Brtt. 93 samþ. með 10:1 atkv.
1. gr. svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 103).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 28. fundi í Nd., 28. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 29. fundi í Nd., 29. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 31. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 103, n. 110).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Eins og nál. ber með sér, leggur menntmn. einróma til, að frv. þetta verði samþ., og hefi ég engu við þá ósk n. að bæta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:3 atkv.
2. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 32. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég kann illa við, að þetta frv. fari í gegnum d. án þess að minnzt sé á það. Hefir það fengið mjög einkennilega afgreiðslu. N., sem átti að hafa það til meðferðar, hefir ekki sagt eitt einasta orð viðvíkjandi því, og hv. þm. yfirleitt virðist engin þörf á að ræða það. Þó er með því vikið frá þeim reglum, sem annars hafa verið hafðar um útvarpsrekstur ríkisins. Fram að þessu hefir þótt viðeigandi, að þeir, sem hlusta á útvarpið og halda því uppi, réðu einhverju um stjórn þess. *Hingað til hafa þrír menn af sjö, sem eru í útvarpsráði, verið kosnir af útvarpsnotendum.* Þetta er ætlunin að fella burt, og tel ég það illa farið. Ég álít óréttmætt að svipta útvarpsnotendur þeim rétti, sem þeir hafa haft til þess að láta áhrifa sinna gæta í rekstri útvarpsins, með því að gera þetta algerlega að verkefni hinna pólitísku flokka í þinginu. Er hér stefnt að því að gera útvarpið enn miklu pólitískara en það hefir verið og útiloka að vissu leyti áhrif alþýðunnar í landinu frá rekstri þess. Það er vitanlegt, að menn skiptast oft á allt annan hátt í kosningum í útvarpsráð en pólitískum kosningum til Alþ. *Og ég álít mjög illa farið,* að hér skuli vera farið inn á þá braut, sem er að verða tíðara og tíðara, að minnka hin beinu áhrif kjósendanna í landinu — í þessu tilfelli útvarpsnotenda — og auka áhrif hinna pólitísku flokka eða — eins og það verður í framkvæmdinni — hinna einstöku klíkna, sem brjóta undir sig völdin innan þeirra.

Ennfremur vil ég í sambandi við grg. frv. mótmæla því, að nokkur sérstök ástæða sé til þess frá sjónarmiði sparseminnar að fækka mönnum í útvarpsráði. Þetta munar útvarpið hverfandi litlu. Kosningar í útvarpsráð geta orðið miklu ódýrari en þær voru síðast, því það *ollu* því ýms mistök, að þær urðu eins kostnaðarsamar og hér er greint. Og hvað launin snertir virðist mér þetta þing ekki vera að sjá svo mikið í slíkt. Það hefir ekki á öðrum sviðum þótt taka að spara, þegar skellt hefir verið á nýjum n., og það mun ekki vera að ræða um slíkt enn, ef flokkarnir hugsa til að bæta við tveimur ráðh. nú. Ég býst því við, að það, sem hér hefir verið sagt um sparnað í þessu sambandi, sé yfirvarp, til þess að reyna að hylja betur það, sem á að gera með þessu, sem sé að minnka áhrif útvarpsnotenda, en tryggja betur áhrif valdhafanna. Í sambandi við þetta sparnaðartal vil ég sérstaklega benda á, að íslenzku ríkisstj. ferst sízt að vera að spara við útvarpið og stofna því þannig í hættu, að dagskráin verði lélegri *en ella, þar sem þetta er eitt af þeim fáu útvörpum,* sem ekki þarf að borga mikið með. Þvert á móti mun það vera svo, að útvarpið hér ber sig nokkurn veginn og að frekar sé tekið fé frá því til ríkisins óbeint heldur en hitt.

Ég álít, að eigi Alþ. eingöngu að kjósa menn í útvarpsráð, beri frekar að fjölga þeim en fækka, þar sem með því ætti að vera tryggð meiri fjölbreytni í dagskránni. En ég býst við, að það mundi þýða lítið að koma með brtt. í þessa átt, vegna þess að það er nú einu sinni svo komið, að hér í þingsölunum gerist ekkert af því, sem ákveðið er, að fram skuli fara á Alþ. Þingið sjálft er ekki orðið nema einskonar

ytra tákn fyrir það, sem ákveðnar klíkur koma sér saman um bak við tjöldin. Ég mun því ekki freista að bera fram brtt. um þetta, þar sem ákveðið mun vera — ekki af Alþ., heldur af hálfu einstakra manna — að þetta eigi fram að ganga. En ég vildi aðeins fylgja frv. úr garði með þessum orðum, til þess að það færi ekki umr.-laust gegnum þingið.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

*__Sigurður Kristjánsson:__ Það var vist hv. 5. þm. Reykv., sem tók hér til máls í gær um frv. á þskj. 81. Ég hélt þá, að hæstv. forsrh. myndi svara máli hans, sökum þess að þetta frv. mun hafa verið flutt fyrir hans tilmæli af Edþm. úr fjhn. En þannig stendur á þessu frv., að ráð, sem kallað er rekstrarráð og útvarpið heyrir undir, hefir gert athuganir á þeim stofnunum, sem það hefir með að gera, og kom þá í ljós um þær, eins og sjálfsagt fleiri ríkisstofnanir, að þær færa sig smátt og smátt upp á skaftið og gefa sér sjálfar fjárveitingavald. Okkur sýndist það ekki vel viðeigandi beinlínis að hundsa fyrirmæli fjárl. í landinu, og tókum upp þá reglu, að senda þeim ráðh., sem þessar stofnanir heyra undir, skýrslu, sem við ætluðumst til, að útfærð yrði mánaðarlega, um það, hvað liði eyðslu þessara stofnana samkv. fjárveitingu.

Það kom brátt í ljós, að sumir eyðsluliðir fóru mjög fljótt fram úr fjárveitingu. Af þessari ástæðu mun það hafa verið, að hæstv. ráðh. fór fram á það við ráðið, að það gerði athugun á þessari stofnun um það, hvernig spara mætti fé við starfræksluna, þannig að útgjöldin yrðu minni. Þetta gerðum við, sem í ráðinu erum, og sendum síðan ráðh. álit okkar og rökstudda till. Þar var m. a. lagt til, að breyting yrði gerð á útvarpsráði, sem ég skal þegar viðurkenna, að var ein af minnstu breyt. hvað fjárhagslega þýðingu snertir. En till. okkar um breyt. á útvarpsrekstrinum áttu að geta leitt af sér minkandi útgjöld um nálega 60 þús. króna á ári, sem má teljast mjög mikill sparnaður á stofnun, sem ekki hefir umsetningu meiri en um 400 þús. kr. Nú veit ég ekki, hvað verður um þær till. okkar. Ég veit, að hæstv. ráðh. lýsti því yfir, að hann myndi fallast á þær og leggja fyrir fjvn. framkvæmd þeirra út í æsar. Að sönnu hefir útvarpsstjóri lagt á móti þessum till., og hefir hann fært sín rök fram fyrir sinni skoðun. En ráðh., sem með þessi mál fer, féllst á okkar till. og tilkynnti það formanni ráðsins, að hann hefði lagt fyrir fjvn. að framkvæma þessar till.

Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að með þessari tilhögun væru útvarpshlustendur sviptir þeim réttindum, sem þeir áður hefðu haft til þess að kjósa 3 af 7 mönnum í útvarpsráð. Þetta er nú alveg rétt, en í því sambandi er rétt að athuga það, að í útvarpsráð á nú að kjósa samkv. þessu frv. af Sþ. Ráðið hefir áður verið kosið ⅓ hlutum af Alþ. og ríkisstj., og það verður náttúrlega engin breyting á kosningu þessara 4 manna. En hinir 3, sem kosnir voru almennri kosningu úti um land, voru kosnir síðast fullkomlega eftir pólitískum skoðunum kjósenda. Það voru pólitísku flokkarnir í þessu landi, sem stilltu upp á lista. Og mér skilst, að það sé litlu minna lýðræði í því, að þjóðkjörnir þm. kjósi í útvarpsráð allt, heldur en að 3 séu kosnir í það á Alþingi, einn skipaður af ríkisstj. og 3 kosnir af pólitískum flokkum úti um land. Ég hygg því, að í framkvæmdinni breyti þetta engu um, hverjir kosnir verða í útvarpsráð. Það verður engu síður kosið eftir lýðræðisreglum eftir en áður. — Ef þm. eru þarna að kjósa í útvarpsráð, vildi ég mælast til, að hæstv. forseti vildi benda þeim á, að það er ekki komið að því. — Hv. 5. þm. Reykv. sagði ennfremur, að sparnaður sá, sem hér væri stofnað til, væri lítilfjörlegur og ekki til þess að taka hann nokkuð til greina. Ég skal játa, að ef með öðru fyrirkomulagi á þessum kosningum væri hægt að tryggja útvarpinu betri stjórn heldur en með þessu fyrirkomulagi, myndi ég taka það til greina. (Forseti: Ég vildi biðja menn að hafa hljótt, svo ræðumaður geti notið sín). En ég sé engar líkur til, að svo muni verða. Hinsvegar er kostnaðurinn ekki svo lítilfjörlegur, því útvarpsráð mun hafa kostað undanfarið 12 þús. kr., sjálfir útvarpsráðsmennirnir: formaður 3 þús. kr. í laun og nm. sex 1500 krónur hver. Þannig var það, þegar rekstrarráðið gerði sínar till. Okkar till. voru um það, að 5 menn séu í útvarpsráði og hafi formaður 2 þús. kr. laun og 1 þús. kr. laun hver hinna. Er þetta þá sparnaður, sem nemur um 6 þús. kr. á ári. En útvarpsráðskosningin sjálf hefir kostað allverulegt fé. Mig minnir, að við áætluðum — og við höfum víst áætlað mjög varlega — að hún myndi kosta útvarpið um 12 þús. kr., og ef það yrði fjórða hvert ár, yrði það minnst 3 þús. kr. á ári. Sparnaðurinn í heild er því ekki svo lítilfjörlegur. Og þótt ekki yrði tekið tillit til þess, að þetta yrðu flokkskosningar eins og síðast, þá yrði varið miklu fé til þess af þeim, sem standa að listunum, að auka þeim fylgi, auk þess, sem því fylgir mikill kostnaður fyrir menn úti um land, sem koma til kosninga. Ég hygg því, að sparnaðurinn við þetta bæði fyrir ríkið og landsmenn sé ekki svo lítilfjörlegur.

Ég skal ekki fara hér að ræða um þá tryggingu, sem er fyrir því, að mennirnir séu vel valdir. En ég geri ráð fyrir, að valið á mönnunum verði ákaflega svipað, hvort sem Alþingi kýs þá alla í einu lagi eða flokkar á þingi kjósi fyrst nokkurn hluta útvarpsráðs og síðan þeir sömu flokkar láti velja menn á lista til þess að láta almenning kjósa um þá. Enginn þarf að ætla, að almenningur í landinu verði um spurður, hvernig eigi að raða á þessa lista fyrir þannig pólitískar kosningar. Það myndi fara svo, að útvarpsnotendum yrði aðeins gefinn kostur á að velja um lista, en fengju engu um það ráðið, hverjir á þeim listum stæðu. Ég hygg, að það fyrirkomulag, sem frv. leggur til, tryggi útvarpinu engu að síður góða stjórn, en auk þess sparaði verulegt fé.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Viðvíkjandi frv. vildi ég benda á, að tvennt er ljóst, sem gerir það lakara heldur en það myndi vera með því fyrir-

komulagi, sem nú er. Í fyrsta lagi, að öllum er kunnugt, að flokkaskipting hér á Alþingi er alls ekki sú sama og í landinu. Kosning í útvarpsráð hér á Alþingi myndi fara allt öðruvísi heldur en úti um land. Það er því sýnilegt, að það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um þetta, er algerlega rangt. Í öðru lagi hefir það sýnt sig við uppstillingar á lista við kosningar í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda, að það hafa verið kosnir a. m. k. 1 ef ekki 2 aðrir en kosnir hefðu verið í útvarpsráð, ef þeir hefðu verið kosnir af þingflokkum. Það er langt frá því, að útvarpsnotendur kjósi alltaf eftir pólitískum línum. Ég álít það heppilegra fyrirkomulag, að þessar kosningar séu í höndum útvarpsnotenda. Ég sé ekki betur en þetta frv. sé flutt í því skyni að hafa alla skipun í útvarpsráð í höndum þeirra flokka, sem öllu ráða hér á þingi nú, án tillits til flokkaskiptingar í landinu, og er ég því á móti þessu frv.

En ég vil nota tækifærið til þess að tala um annað, er snertir útvarpið. Hæstv. forsrh. veður áðan að mér í ráðherraherberginu og kemur þar með hótanir, meðal ýmiskonar blótsyrða og ragns, og lætur það í ljós við mig, að ef ég eða minir flokksmenn espi til óróa í kvöld eða á næstunni, þá muni hann loka útvarpinu fyrir okkur og okkar flokki. Hvaða heimild hefir forsrh. til að láta svona? Hann hefir það ekki sem forsætisráðherra, en hann kann að hafa heimild til þess sem maður að koma fram eins og dóni, ef hann langar til þess. (Forseti hringir). Ef hann sem forsrh. þessa lands álítur, að hann geti komið með hótanir til þm., sem eru andstæðingar hans í pólitík, og sagt við þá, að ef þeir ekki hagi sér svo og svo, eins og hann óskar, og verði ekki góðu börnin, þá láti hann loka útvarpinu fyrir þeim— ef hann heldur það, að hann hafi slíkt vald, þá vildi ég láta hann vita, að hann er enginn einræðisherra hér á landi, og mun aldrei verða. Við munum halda fast á okkar skoðunum, algerlega án tillits til hótana forsætisráðherra.

Forseti (JörB): Þetta umræðuefni hjá hv. síðasta ræðumanni á ekkert skylt við það mál, sem hér er til umræðu. **(HV:** Jú, það er um útvarpið).

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af þeim ummælum, sem féllu hjá hv. 3. þm. Reykv., vil ég taka fram, að eftir að hafa fengið vitneskju um, hvernig þessi hv. þm. hagaði sér hér úti í nánd við alþingishúsið í gærkvöldi, þar sem hann hvatti til lögbrota, þá fann ég fullkomna ástæðu til þess, um leið og hann fer í útvarpið og hans flokkur, að skýra þeim frá því, að ef þeir notuðu útvarpið til þess að hvetja til óspekta, þá verði því lokað fyrir þeim. Ríkisútvarpið er ekki kostað af þjóðinni til þess, að í því sé hvatt til lögbrota. Þetta er ekki annað en kurteisisskylda að tilkynna þeim fyrirfram. Þeir mega gjarnan flytja sitt mál þar eins og aðrir. Þetta vald hefi ég að sjálfsögðu sem dómsmrh., því að það liggur í hlutarins eðli, að útvarpið verður ekki notað til þessa. Það væri af mér sem dómsmrh. beinlínis brot og vanræksla á skyldu minni, sem ég hefi sem dómsmrh., ef ég léti slíkt viðgangast, og það er ekki nema kurteisisskylda að láta þá vita þetta fyrirfram. Út af þessu vanstilltist hv. 3. þm. Reykv., og um það skal ég ekki fjölyrða.

***Sigurður Kristjánsson:** Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um það, að önnur flokkaskipting væri hér á þingi en úti á landi, þá veit ég, að það er rétt. Þetta á sér alltaf stað, að meiri og minni afstöðubreytingar landsfólksins verði til stjórnmálaflokkanna á milli kosninga. Og ég geri ráð fyrir, að þetta sé töluvert miklu meira nú en venjulega. En hér er um að ræða framtíðarskipulag, og verður því ómögulegt að miða við annað en það, og það er líka venjulegt, að eitthvað séu svipuð pólitísk hlutföll á Alþ. og meðal fólksins úti um land. Og við það er miðað í löggjöfinni, að það sé vilji fólksins, sem þingfulltrúarnir framkvæma, ef þeir ekki beinlínis brjóta gefin loforð við kosningar, sem stundum kemur fyrir. Ég held því, að við hljótum að viðurkenna það, að kosning í útvarpsráð hér á þingi er hliðstæð við margar aðrar kosningar, sem fram fara á Alþ. og taldar eru í samræmi við þjóðarvilja. — Ég viðurkenni, að það, sem kom hér inn í umr. áðan viðvíkjandi útvarpinu, á ekki skylt við þetta mál. En af því að hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. forsrh. hafa minnzt hér á misnotkun útvarpsins, get ég ekki látið hjá líða að lýsa því yfir, að ég álít, að þær umr. í útvarpinu, sem stofnað er til í kvöld, séu misnotkun á útvarpinu. Þessar umr. eiga ekki að fara fram frá Alþingi, heldur útvarpssal. Ég álít, að útvarpið eigi sjálft að ákveða, hvað í gegnum það er flutt, og virðist það ganga ofbeldi næst að taka þessa stofnun og láta fara fram umr. um ákveðið mál í gegnum útvarpið til landsfólksins eftir flokkaskiptingu, en alls ekki eftir því, hvernig menn skiptast með eða móti frv. Hér getur ekki um annað verið að ræða en misnotkun, þegar stofnað er til áróðurs fyrir ákveðið mál, því annars myndi ræðutímanum verða skipt þannig, að hann væri jafnlangur fyrir þá, sem með málinu væru, og hina, sem eru á móti.

***Héðinn Valdimarsson:** Viðvíkjandi því, sem forsrh. sagði áðan, vil ég taka fram, að ég mótmæli því algerlega, að ég eða nokkur úr mínum flokki hafi hvatt til lögbrota hér úti í gær. Hann hefir enga ástæðu til að segja, að ég hvetji meira til lögbrota en hann. Forsrh. lýsti því yfir í síma til mín, að hann ætlaði að senda lögreglu suður í Hafnarfjörð til þess að berja þar á verkalýðnum, þegar vinnudeilan stóð yfir. En eins og menn muna, lauk þeirri deilu með sigri verkamanna; þeirra málstaður var dæmdur réttur. Og álít ég því, að eftir yfirlýsingu forsrh. hafi hann ætlað að fyrirskipa lögbrot.

Öll aðferð hjá stjórnarflokkunum gagnvart mínum flokki er fyrir neðan allar hellur hvað snertir útvarpið. Það fyrsta er, að forseti Sþ. er að tilhlutun þessara flokka látinn úrskurða í þingbyrjun, að við séum ekki þingflokkur, til þess að við sem þingflokkur getum ekki krafizt jafnlangs tíma við útvarpsumr. um mál eins og

aðrir flokkar. Afleiðingin hefir verið sú, að útvarpinu hefir verið lokað um þingtímann. Því að í máli, sem var til umr. í gærkveldi, var ekki svo mikið haft við að útvarpa umr., sem er hinn rétti vettvangur fyrir umr. um deilumál. En aftur er tekin aðferð, sem hv. 6. þm. Reykv. hefir lýst. En það orðbragð, sem forsrh. viðhafði við mig, mun ég taka fyrir á öðrum vettvangi, eins og ég tók vitni að.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta mál. Það er vitað öllum þingheimi, að það er ekki hægt að láta fara fram útvarpsumr. um einstök mál frá þingsölum, til þess að tefja þau ekki. Einmitt þessar umr. í gærkvöldi þurftu að byrja fyrirvaralaust, af því að það mál er ekki hægt að afgreiða nema með því móti, sem gert var. Þess vegna var sú leið valin, að allir stjórnmálaflokkarnir fái sömu aðstöðu til að tala í útvarpið eins og þeir hafa hér á Alþ. Hér er því enginn óréttur ger.

Viðvíkjandi einu atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. reiddist svo mjög út af, að ég myndi ekki láta fara fram útvarpsumræður, sem miðuðu að því að espa menn upp til lögbrota, þá er það sjálfsagður hlutur. Það væri einkennilegt ríki, sem hagaði sér þannig, að það notaði þau tæki, sem það hefði komið sér upp, til þess að láta espa til lögbrota.

Það væri einkennilegur forsrh. sem léti slíkt viðgangast. Við viljum stuðla að málfrelsi og að hver og einn, sem kemur fram í útvarpið, fái sett fram sínar skoðanir og rök fyrir þeim. En sú regla verður að gilda, að þeir æsi ekki til lögbrota. Ég lýsi hv. 3. þm. Reykv. ósannindamann að því.

***Héðinn Valdimarsson:** Það kom ekki fyrir fyrr en hér í hv. d., að hæstv. forsrh. talaði um lögbrot. Þær hótanir, sem hann hafði við mig, voru, að ef ég eða minir flokksmenn espuðu til óróa, sem hann kallaði það, þ. e. að við viðhefðum svo mikinn áróður í ræðum okkar, að við hvettum til óróa, þá myndi hann loka útvarpinu. Hæstv. forsrh. vill hafa hemil á því. En ég álít, að slíkt sé ekki á valdi forsrh., heldur eigi þeir, sem útvarpinu stjórna, að sjá um, að þingmenn hagi orðum sínum vel í útvarpinu.

Forseti (JörB): Umr. um þetta atriði verða ekki leyfðar frekar.

***Einar Olgeirsson:** Það er auðséð, að ákveðið samband er á milli þessa frv., sem hér um ræðir, og ýmislegs annars, sem er að gerast í þjóðfélaginu. Ég minntist á þetta í gær. Og allt þetta stefnir að því að tryggja vald pólitískra flokka yfir útvarpinu, og þar með einoka jafnvel útvarpið fyrir þá pólitísku flokka, sem eins og nú standa sakir á Íslandi, eftir líkum að dæma, koma til með að mynda ríkisstj.; svo þegar ofan á þetta bætist það, sem gert hefir verið viðvíkjandi úrskurði, sem forseti Sþ. gerði hér á dögunum, að svipta Sósialistafl. réttinum til að geta heimtað útvarpsumræður, og þar við bætist nú hótun hæstv. forsrh., þá er auðséð, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er einn þáttur í ákveðinni stefnu, sem núverandi ríkisstj. og væntanlegir stuðningsflokkar hennar eru að beita sér fyrir að framkvæma.

Það er auðséð, að ef þetta frv. verður samþ., þá eykst hættan á, að útvarpið verði misnotað. Hér er verið að svipta útvarpsnotendur réttinum til að hafa áhrif á útvarpið. Það er verið að breyta útvarpinu úr því að vera almenn þjóðstofnun og yfir í að vera svo að segja stofnun stj., og þegar hæstv. forsrh. er að tala um, að koma verði í veg fyrir misnotkun á tækjum ríkisins, þá á hann þar ekki við annað en að útvarpið sé fyrst og fremst tæki stj. Og þegar einstakir borgarar þjóðfélagsins — það skiptir ekki máli, þó að það í þessu tilfelli sé hæstv. forsrh. — ætla að taka sér rétt til að kveða á um, hvað sé að æsa til lögbrota, þá sjáum við, hvert stefnt er með hlutleysi útvarpsins. Ég veit ekki, hvaðan hæstv. ráðh. kemur sá réttur. Slíkt heyrir ekki undir hann, heldur dómsvaldið. Hinsvegar vil ég geta þess í þessu sambandi, að það, sem við fulltrúar Sósialistafl. höfum gert í sambandi við þetta mál, sem afgr. var í gær, er að skora á verkalýðinn að sjá um, að stjórnarskráin verði haldin, halda fast í þau mannréttindi, sem verkalýðurinn hér á landi hefir fengið með lögum frá Alþingi og með stjórnarskránni, og sjá um, að þau verði varðveitt, berjast fyrir, að meiri hluti verkamannastéttarinnar verði ekki hnepptur í þrældóm, að verkamannastéttin verði ekki sett undir undantekningarlög og svipt sínu frelsi. Það, sem við því höfum gert, er að skora á fólkið að varðveita stjórnarskrána og mannréttindin, og ef sá maður er til, sem ætlar að leggja slíkt út sem lögbrot, þá sjáum við, hvert stj. og flokkar hennar stefna.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði, að ekki hefði verið hægt að útvarpa umr. í gær, vil ég benda á, að á því voru fullkomlega möguleikar. Þó að 1. umr. hefði ekki verið útvarpað, þá var samt hægt að útvarpa 2. umr., sem hefði ekki tekið nema 3—4 tíma. Frv. hefði því alveg eins getað orðið l. síðustu nótt fyrir því.

Ég vil svo að endingu í sambandi við þetta frv. og það, sem fram hefir komið af hálfu hæstv. forsrh., benda mönnum á, hvert stefnt sé með því að ætla að leggja það vald, sem hann virðist nú ætla að taka sér, í hans hendur, og mótmæla hans framkomu og skilningi og um leið því, að þetta frv. verði gert að lögum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 129).

19. Síldartunnur.

Á 23. fundi í Ed., 23. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um síldartunnur (þmfrv., A. 88).

Á 25. fundi í Ed., 27. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði

með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Flm. (Erlendur Þorsteinsson): Ég ætla aðeins með örfáum orðum að fylgja frv. úr hlaði. — Eins og grg. frv. ber með sér, þá er það flutt að beiðni síldarútvegsnefndar. Það hafa komið fram á síðari árum ýmsar kvartanir út af því, að umbúnaður um síldina væri ekki svo vel úr garði gerður sem ætti að vera. Sérstaklega hefir þetta komið fram nú upp á síðkastið. Síldarverkun allri hefir farið fram, og það er viðurkennt í markaðslöndunum, að handbragð allt á síldinni og öll verkun hennar hefir farið batnandi, en það er einn galli aðallega, sem orðið hefir vart við, og er hann að kenna því, að umbúnaður vörunnar hefir ekki verið svo góður sem skyldi. Það má geta þess, að keppinautar okkar, bæði Norðmenn og Skotar, hafa komið á löggjöf hjá sér um þetta efni og séð nauðsynina á því að vanda til umbúnaðarins ekki síður en til verkunarinnar yfirleitt. Það er einnig önnur ástæða, sem gerir það að verkum, að brýn þörf er á því, að eitthvað sé gert í þessu máli, en hún er sú, að á síðari árum — sérstaklega eftir að einkasalan hætti að starfa — hefir tunnuinnflutningur komizt í hendur allmargra manna. Það hafa oft verið fluttar inn hinar ólíkustu tegundir af tunnum, og stærðin hefir numið frá 113 lítrum upp í 122 lítra. En samkv. frv. er gert ráð fyrir, að síldartunnur rúmi 118—120 lítra og að ákveðið magn af síld komi úr hverri tunnu. Það er ekki sama síldarmagn í tunnu, sem rúmar 113 lítra, og tunnu, sem rúmar 122 lítra. Það hlýtur því að valda óánægju hjá kaupanda, ef hann er svo óheppinn að fá mikið af tunnum, sem rúma aðeins 113 lítra. Honum getur þá dottið í hug, að þar séu brögð í tafli af hálfu saltenda, og vilji hann láta sem minnst magn síldar fyrir sama verð. En því er ekki til að dreifa, heldur kemur þetta vegna þess, að tunnurnar eru miklu minni en gert er ráð fyrir. Nokkrir saltendur hafa orðið fyrir allverulegum skaðabótakröfum af hendi kaupenda vegna þess, að þeir hafa ekki skilað tilskildu magni af síld. Það má geta þess, að þegar síldarútvegsnefnd ákveður lágmarksverð á síld, þá er um leið ákveðinn kílóafjöldi í hverja tunnu, og vitanlega vill kaupandi halda sig við þann kílóafjölda. Ef sá kílóafjöldi er ekki í hverri tunnu, þá verður að taka úr öðrum tunnum til þess að bæta upp þær tunnur, sem ekki ná hinum ákveðna kílóafjölda. Þetta er gert á kostnað saltenda, því síldin er keypt samkv. tunnutölu.

Það veitir því ekki af að gera þetta fast, þannig, að ákveðið magn rúmist í hverri tunnu.

Ég vil svo mælast til, að frv. verði vísað til sjútvn. og afgr. svo fljótt sem unnt er, þar sem gert er ráð fyrir, að ákvæðið um stærð tunna geti komið til framkvæmda á þessu ári.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 109).

*Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Þar sem hv. frsm. er fjarverandi, finnst mér viðkunnanlegra að segja nokkur orð um frv. N. er, eins og sjá má af nál. 109, sammála um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt. Það er kunnugt, að einn nm. er meðflm. að frv., og er með frv. ýtarleg grg. fyrir nauðsyn málsins. Tveir aðrir nm. hafa og komizt að þeirri niðurstöðu, að hér sé um nauðsynjamál að ræða. Ég tel ekki þörf á að fara út í einstakar gr. frv., en vil vísa til grg.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 5. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 39. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17. shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 88, n. 150).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (Finnur Jónsson): Þetta frv. hefir komið hingað frá hv. Ed. Sjútvn. hefir haft málið til athugunar og leggur einróma til, að frv. sé samþ. óbreytt, þar sem þetta getur haft mjög mikla þýðingu fyrir okkar síldarframleiðslu.

Ég þarf ekki að leiða rök að því, að það er öllum vitanlegt, sem þessa atvinnugrein stunda eða eitthvað til þekkja, að það má ekki lengur svo til ganga, að engin ákvæði séu til um það, hvernig eða hverskonar efni er í umbúðum þeim, sem hafðar eru utan um síldina. Að engin regla er til um þetta, hefir orðið þess valdandi, að hvað eftir annað hafa komið fram kvartanir um undirvigt á síld, vegna þess að umbúðir þær, sem notaðar hafa verið og eru að mestu leyti fluttar frá öðrum löndum, eru þannig úr garði gerðar, að þær eru ekki lagarheldar.

*Sigurður E. Hlíðar: Enda þótt ég skrifaði undir nál. fyrirvaralaust, hafði ég örlítið við það að athuga.

Ég viðurkenni að fullu þau rök, sem eru fyrir framkomu þessa frv., og nauðsyn þess að koma slíkri löggjöf á til varnar skemmdum á síld. En eitt atriði finnst mér athugavert, sem er ákvæðið um stærð síldartunnanna. Það er tekið

fram í frv., að heiltunnur skuli rúma 118—120 lítra, og hálftunnur rúmi 59—60 lítra. Hér er svigrúmið ekki meira en 2 lítrar á heiltunnu og 1 lítri á hálftunnu. En ef við athugum norsku löggjöfina, þá er svigrúmið þar meira, enda þótt rúmtak tunnanna sé minna, þ. e. 114—117 lítrar; þar er 3 lítra svigrúm. Mér finnst þetta dálítið varhugavert. Þótt það skipti ekki mjög miklu máli, þá er það dálítið varasamt að hafa skóinn svo krappan að manni, þegar um svona nýjar „fabrikationir" er að ræða. N. fundust þetta töluverð rök, en vildi þó ekki fallast á þetta vegna þess, að stærð tunnanna mætti ekki fara fram úr 120 lítrum, en ekki lengra niður en í 118 lítra, þ. e. a. s. ekki niður í 117, því að þar er hæsta hámark norsku tunnanna. Ég þori ekki heldur að halda því stíft fram, að hækka mætti það upp í 121 lítra, þótt ég vildi hafa svigrúmið meira. Ég hefi ekki gert ágreining út af þessu, en þótti hinsvegar rétt að gera grein fyrir þessu áliti mínu, ef tiltækilegt þætti að gera brtt. um þetta á síðasta stigi málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 174).

20. Útflutningur á kjöti.

Á 37. fundi í Ed., 11. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildandi l. nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti (þmfrv., A. 132).

Á 38. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi, því að á hverju þingi hafa verið framlengd um eitt ár l. þau, sem hér um ræðir að framlengja. Það eru l., sem fyrirskipa, að ekki skuli selja kjöt frá Íslandi til Noregs og Englands, nema með leyfi atvmrh., og þau leyfi eru veitt í hlutfalli við það, hvað einstakur útflytjandi hefir selt til þessara landa árið 1930—1932.

Það kann að vera, að einhverjum virðist, að l. hafi minni þýðingu nú heldur en þau höfðu áður, þar sem aukizt hefir það magn af kjöti, sem nú má selja til Noregs, frá því, sem verið hefir 2 síðustu árin. Í sambandi við þetta vil ég upplýsa, að aðstaða til að geta fryst kjöt til útflutnings er á 16 stöðum kringum landið, þar sem nú er slátrað 220 þús. dilkum. Kjötmagnið á þessum stöðum er kringum 2800 tonn. Við þetta er það að athuga, að í þessu er talin Reykjavík og Borgarnes, en á báðum þeim stöðum er mikið af kjötinu ekki verkað til útflutnings. Ennfremur eru á nokkrum öðrum stöðum, Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og víðar, kaupmenn, sem ekki hafa aðstöðu til að frysta kjöt, enda þótt frystihús séu á þessum stöðum. Þess vegna er ekki hægt að senda allt það kjöt út frosið, sem til fellur á þessum stöðum. Á öðrum 16 stöðum er ekki aðstaða til annars en frysta fyrir innanlandssölu. Á þeim stöðum munu falla til um 500 tonn. En á 34 sláturstöðum, þar sem slátrað er tæpum 100 þús. dilkum, er ekki aðstaða til að verka nema saltkjöt. Þar falla til, ef allt kjötið er stórhöggvið, 11—12 þús. tunnur. Það er 3 þús. tunnum meira en hægt er að selja á norskum markaði. Þess vegna er full þörf á að framlengja þessi l.

Ég tók eftir, þegar búið var að ganga frá þessu frv., að það hefði kannske verið réttara, vegna þess að lítils háttar breyt. hefir orðið á norsku samningunum, að framlengja l. ekki óbreytt, en ég held, að það sé ekki ástæða til þess. Frá 1. júlí til 15. okt. mátti ekki flytja kjöt til Noregs eftir hinum fyrri samningum, en eftir hinum síðari frá 1. júlí til 20. okt. En hann skiptir ekki verulegu máli þessi dagsetningarmunur. Það hefði kannske verið viðkunnanlegra að taka öll l. upp og færa þetta til samræmis, en ég athugaði þetta ekki, og sá fulltrúi í stjórnarráðinu, sem það okkur að flytja frv., hefir heldur ekki athugað það. En það skal verða athugað milli umr., hvort ástæða er til að breyta l. vegna þessa.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að landbn. mundi á milli umr. athuga, hvort nauðsynlegt væri að gera brtt. við þetta frv., sem miðaði að því að breyta l. um útflutning á kjöti til samræmis við endurnýjun norska samningsins, sem framlengdur var í haust.

Ég hefi rætt við skrifstofustjórann í utanríkismálaráðuneytinu, Stefán Þorvarðsson, um þetta, og hefir okkur komið saman um, að rétt væri að leggja til við hæstv. Alþ., að þessum l. frá 1933 verði breytt til samræmis við norsku samningana nú. En breyt. er sú, að áður var leyfið til útflutnings á saltkjöti bundið við 15. október, en nú samkvæmt norska samningnum er þetta tímatakmark, þegar byrja má útflutning á saltkjöti til Noregs, ákveðið 20. október. Í breyt. er því farið fram á, að í stað „15. október" í 4. gr. l. komi: 20 október.

Þá er 2. liður brtt. um það, að l. öðlist gildi

1. júlí, og miðast það við, að þá byrjar nýtt sölutímabil á kjöti, og megum við þá selja 8000 tunnur í stað 6000 áður.

ATKVGR.
Brtt. 147,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr. svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 147,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 162).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 198).

21. Útsvör.

Á 22. fundi í Nd., 20. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör (þmfrv., A. 68).

Á 23. fundi í Nd., 21. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Nd., 23. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 27. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 28. fundi í Nd., 28. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 68, 105).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 105. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Ég flyt brtt. á þskj. 105 við frv. um breyt. á l. um útsvör, sem er á þskj. 68. Ég hefi borið þessa brtt. fram í því skyni, að ef hún verður samþ., fáist nokkurt jafnvægi á móti því, sem tekið er frá sumum kaupstöðum landsins með þeirri breyt., sem í þessu frv. felst, þar sem lagt er til, að tími sá, sem viðkomandi gjaldþegn verður að dvelja á tilteknum stað, verði hækkaður úr 4 vikum upp í 3 mánuði, til þess að bæjar- eða hreppsfélagið geti krafizt hluta af útsvari hans. Í 8. gr. útsvarsl. eru talin upp nokkur tilfelli, þar sem heimilt sé að leggja útsvar á gjaldþegn á tveim stöðum á landinu, og einn liður þessarar gr. útsvarsl. er tekinn upp í brtt. mína, sem sé ákvæðið um það, að ef maður hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, eða ef telja má, að aðalatvinnugrein hans sé rekin utan heimilissveitar hans, má leggja á hann útsvar á þeim stað, enda má þá ekki leggja útsvar á hann að því leyti í heimilissveit hans. Á Siglufirði eru allmargir menn, sem reka þar aðalatvinnugrein sína að mestu eða því nær öllu leyti, en eru búsettir á Akureyri eða annarstaðar utan Siglufjarðar. Þessir menn eru ekki taldir útsvarsskyldir á Siglufirði, en það er ekki nema réttmætt, að þeir greiði útsvar á þeim stað, þar sem þeir reka atvinnu sína. Ég hygg, að það séu líka margir menn, sem reka atvinnu sína hér í Reykjavík, en eiga lögheimili utan Reykjavíkurbæjar, og getur bærinn þess vegna ekki lagt útsvar á þá. En í viðbót við þetta set ég grein, er svo hljóðar: „Heimilt er að leggja útsvar á mann utan heimilissveitar hans, ef hann rekur útgerð og skip hans, eitt eða fleiri, leggja heila vertíð afla sinn að mestu leyti á land utan heimilissveitar gjaldþegns". Að sjálfsögðu er í öllum þeim tilfellum, þar sem heimilað er að leggja útsvar á mann utan heimilissveitar hans, gert ráð fyrir því, að ekki sé lagt útsvar á hann að því leyti í heimilissveit hans. Viðkomandi gjaldþegn greiðir alls ekki hærra útsvar, þótt hann sé útsvarsskyldur á tveim stöðum, heldur en þótt hann greiddi allt útsvar sitt á sama stað.

Útsvarið skiptist aðeins milli tveggja staða, heimilissveitarinnar, þar sem hann er á manntali, og annarrar sveitar, þar sem hann rekur atvinnugrein sína. Ég hygg, að þessi heimild muni ekki verða víðtækari en svo, að hinir einstöku kaupstaðir fái með þessari brtt. það fé, sem þeir annars kynnu að missa við það, að dvalartíminn, sem áskilinn er til þess, að menn verði útsvarsskyldir á tilteknum stað, er lengdur úr 4 vikum upp í 3 mánuði.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Herra forseti! Vegna þess, að hér er kominn fram brtt. á þskj. 105 við þetta frv., frá hv. 7. landsk. (GÞ), þá vildi ég mælast til þess, að þetta mál yrði tekið af dagskrá og vísað aftur til allshn., er hafði það til meðferðar. Hv. 7. landsk. var ekki viðstaddur, þegar þetta mál var afgr. í allshn., og hún hefir þess vegna ekki tekið brtt. hans til athugunar.

Forseti (JörB): Ég ætla að verða við tilmælum hv. frsm. þessa máls, 1. þm. Rang., að taka þetta mál af dagskrá, svo að allshn. geti tekið það til frekari athugunar.

Umr. frestað.

Á 30. fundi í Nd., 30. marz, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 68, 105, 107).

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Ég óskaði þess, er mál þetta var hér til umr. síðast, að því yrði frestað, svo að allshn. gæti athugað brtt. á þskj. 105 frá hv. 7. landsk. Nú gemur í ljós, að þessi till. fer raunar ekki fram á neina breytingu á því, sem frv. sjálft gerir ráð fyrir, að sama skuli gilda fyrir skip, sem leggur upp afla sinn utan heimilissveitar, og einstaklinga í útsvari. En þó telur n. ekki rétt, að gengið sé inn á þá braut, sem brtt. á þskj. 105 ætlast til, og leggur því n. til, að brtt. verði felld.

Ég sé, að líka er komin fram brtt. frá hv. þm. A.-Húnv. á þskj. 107, þar sem hann vill að vísu orða brtt. á þskj. 105 á annan veg, en mér virðist innihaldið vera hið sama. Býst ég því við, að n. myndi einnig leggja á móti því, að sú till. yrði samþ.

***Jón Pálmason:** Mér virðist brtt. á þskj. 105, frá hv. 7. landsk., ganga of langt í því að gera ráð fyrir álagningu á menn utan heimilissveitar, svo að ég flyt brtt. á þskj. 107, sem heimilar aðeins að leggja útsvar á mann utan heimilissveitar hans, ef hann hefir þar aðaltekjur sínar. Ég vil með þessu koma í veg fyrir, að menn fari að telja sig til heimilis í öðru sveitarfélagi en þar sem þeir dvelja, til þess að komast á þann hátt léttar frá útsvarsgreiðslu. Annars er þessi brtt. mín svo ljós, að ég sé ekki ástæðu til að fara um hana fleiri orðum.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Ég vil aðeins benda á það, af því að það kom ekki fram í ræðu hv. flm að till. á þskj. 107, þm. A.-Húnv., að aðalatriði till. felst í l. eins og þau eru nú, svo að breytingin er ekki önnur en sú, sem felst í því, sem kemur á eftir orðinu „eða“ í brtt. En eins og ég hefi áður tekið fram, litur allshn. ekki svo á, að rétt sé að rýmka þetta meira en orðið er, og vill því ekki mæla með þessari viðbót.

***Garðar Þorsteinsson:** Ef samkomulag hefði getað orðið um brtt. á þskj. 107 í allshn., þá hefði ég getað fallizt á að falla frá minni brtt., því að viðbótin í brtt. á þskj. 107 er í rauninni ekki annað en nánari skýring á því, hvenær rétt sé að leggja á mann á öðrum stöðum en þar, sem hann á heima. Ef maður hugsar sér kaupmann, sem rekur verzlun hér, en hefir útibú í Hafnarfirði, þá á að leggja á hann þar samkv. l. Annað dæmi: Maður rekur atvinnu hér, en er heimilisfastur í Hafnarfirði og hefir þar þó engar atvinnutekjur. Er þá nokkur ástæða til að láta hann ekki greiða útsvar í Reykjavík? Eða maður, sem búsettur er á Akureyri, en rekur annan sinn atvinnurekstur á Siglufirði — er ástæða til að undanskilja hann frá því að greiða útsvar á Siglufirði? Hann yrði að greiða útsvar á Siglufirði, ef hann hefði þar útibú frá atvinnurekstri á Akureyri, en af því að hann hefir engan atvinnurekstur á Akureyri, þarf hann ekki að greiða útsvar á Siglufirði. Ef maðurinn hefir 90% af atvinnurekstri sínum á Akureyri og á Siglufirði útibú, sem aðeins nemur 10% af þeim atvinnurekstri, þá verður hann að greiða þar útsvar, en hafi hann 100% af atvinnurekstri sínum á Siglufirði, þarf hann ekki að greiða útsvar þar. Ég sé enga ástæðu til að hlífa slíkum mönnum við útsvari, og síðari hluti brtt. á þskj. 107 er til að koma í veg fyrir, að það geti orðið.

Ég veit, að fyrir liggja margir dómar um það, hvenær telja beri mann svo nákominn stað, þar sem hann telur sér heimilisfang, eða hvort heimilisfang hans beri að teljast þar aðeins pro forma. Í sumum tilfellum hefir maðurinn orðið að greiða útsvarið, en stundum hefir hann losnað alveg, allt eftir því, í hve nánu sambandi hann taldist standa við sveitina með atvinnurekstur sinn. Þess eru mörg dæmi, að menn hafa t. d. allan atvinnurekstur sinn í Reykjavík, en hafa aftur heimili annarstaðar, austur í sveitum, upp á Kolviðarhól, úti á Seltjarnarnesi, uppi á Akranesi eða annarstaðar. Hvers vegna skyldi þá ekki mega leggja á manninn hér? (**BÁ:** Það hefir verið lagt útsvar í Reykjavík á mann frá Kolviðarhóli). Já, það hefir verið gert. Hæstiréttur áleit, að maðurinn væri skyldur að greiða hér útsvar. Maðurinn skrifaði sig á manntalsskýrslu til heimilis að Kolviðarhóli, en bjó raunar í húsi hér á Túngötunni, hafði þar t. d. skrifstofu. Hann var á Kolviðarhóli aðeins nótt og nótt og keypti sér þar fæði dag og dag. Hann var þar aðeins pro forma, en slíkt væri ekki hægt að segja, ef hann hefði t. d. átt þar konu og börn. En hann hafði sem sagt engan atvinnurekstur þarna á Kolviðarhóli.

Ég held því, að áhættalaust sé að samþ. brtt. á þskj. 107, hvað sem menn kunna að vilja gera við mína brtt., sem gengur nokkru lengra.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Ég sé ekki betur en það sé misskilningur hjá hv. 7. landsk., að maður, sem rekur allan sinn atvinnurekstur í

Reykjavík, en býr t. d. í Hafnarfirði, eigi að greiða allt útsvar sitt þar. Í 9. gr. l., c-lið, stendur, að útsvari beri að skipta milli sveita, „ef rekin hefir verið utan heimilissveitar verzlun, selveiði, hvalveiði, síldarkaup, síldarsala, síldarverkun eða síldarbræðsla, verksmiðjuiðnaður hverskonar sem hann er, enda þótt skemur sé rekið en 4 vikur". Hvað þá ef öll atvinnan er rekin utan heimilissveitar og allt árið. Þá ber auðvitað enn fremur að skipta því. Í 8. gr. l. segir þó, að ekki skuli skipta útsvari milli staða, ef ekki er höfð heimilisföst atvinna á báðum stöðunum. Þetta telur allshn. reglu, sem hentugra sé að fylgja en láta leggja á menn á mörgum stöðum.

Í till. hv. þm. A.-Húnv. segir, að leggja megi á mann á fleiri stöðum en einum, „ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun eða útibú víðar en í einni sveit, eða ef telja má, að aðalatvinnugrein hans sé rekin utan heimilissveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans". Ég sé ekki, að mikill munur sé á þessu og því, sem er í l., nema sá, að þetta getur valdið meiri ruglingi og orðið manninum óþægilegra.

***Jón Pálmason:** Hv. frsm. telur lítinn mun á þessari till. minni og l. En munurinn liggur aðallega í því, að með till. er tekinn til greina aðstöðumunur, sem kemur fram í því, að útsvör eru misjafnlega há í ýmsum héruðum. Ef lagt er t. d. á mann í sveit, þar sem gildir hærri útsvarsstigi en í annarri sveit, þá er betur tryggður réttur mannsins, ef lagt er á í þeirri sveitinni, sem er aðalatvinnusveit mannsins.

***Sigurður E. Hlíðar:** Ég get fellt mig við breyt. hv. allshn. á þskj. 68. Tel ég hana mjög til bóta, enda eru færð sterk rök fyrir réttmæti hennar. En ég sé ekki ástæðu til, að brtt. á þskj. 105 eða 107 nái fram að ganga. Hv. 7. landsk. vildi gera sláandi samanburð máli sínu til stuðnings með því að taka dæmi af Akureyri. Sennilega þekkir hv. þm. vel til atvinnurekstrar manna þar, t. d. í sambandi við síldveiðar á Siglufirði. Menn af Akureyri hafa margir gert út frá Siglufirði, og mun hv. þm. eiga við það. Ég held þó, að hér gæti nokkurs misskilnings, eða a. m. k. er lítil sanngirni fyrir þessum kröfum, ef styðja á þær með slíkum dæmum. Hv. þm. ætti að vera ljóst, hví menn af Akureyri reka alloft atvinnu á Siglufirði. Það er vegna þess aðstöðumunar, sem búið er að skapa milli þessara bæja. Áður fyrr var farið með síldina alla leið til Akureyrar, en nú þykir þetta of löng leið, þegar salta á t. d. lítinn slatta, en setja hitt í bræðslu á öðrum stað. Menn kjósa því að leggja upp á Siglufirði, en þangað er styttra, hvort sem leggja skal síld til söltunar eða í bræðslu. Það er rétt, að á Akureyri eru til nokkrir menn, sem reka slíka atvinnu á Siglufirði 2½—3 mánuði af árinu, og má segja, að sumir þeirra hafi hávaðann af tekjum sínum þennan tíma ársins. En þeir eru þó heimilisfastir á Akureyri, og ef atvinnureksturinn er mikill, þá hafa þeir þar skrifstofuhald allan tímann utan þessara fáu mánaða. Auk þess verða þeir að láta vinna á Akureyri mörg störf til undirbúnings atvinnurekstri sínum á Siglufirði.

Það er líka vitanlegt, að Siglufjörður fer engan veginn varhluta af þeim tekjum, sem síldarútvegurinn gefur, þó að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Eins og tekið er fram í áliti n., eru sterk rök fyrir því, að Siglufjörður fái sitt engu að síður. Hann hefir ekki aðeins ríkisverksmiðjurnar, sem borga vel fyrir þau hlunnindi, sem þær njóta, heldur hefir bærinn hag af viðskiptum við allan þann sæg, sem þar er á sumrin, og vitað er, að aðkomnir útgerðarmenn verða að kaupa dýrum dómum söltunarstöðvar, bryggjupláss og allt, sem til atvinnurekstrarins þarf, og verða þannig bænum beint og óbeint til mikils tekjuauka. Það væri því engin sanngirni að raska ákvæðum gildandi laga um útsvarsskyldu þeirra manna.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Hv. þm. A.-Húnv. talaði um, að brtt. sín ætti að jafna mismun eða misrétti í útsvarsgreiðslum ýmissa staða. En ég vil benda honum á ákvæði 12. gr. útsvarslaganna: „Ef útsvör verða talin hlutfallslega hærri, svo að nemi 10% eða meira, í heimilissveit gjaldþegns en atvinnusveit, og útsvörum á að skipta milli þeirra, skal draga frá þeim hluta útsvarsins, er gjalda skal atvinnusveit, þá upphæð, sem ætla má, að aðili mundi minna hafa goldið, ef hann hefði átt heima í atvinnusveit, enda skal heimilissveit hans endurgjalda honum þá upphæð. Með samsvarandi hætti skal bæta við þann hluta, er greiða skal atvinnusveit, ef útsvör þar verða talin hlutfallslega hærri, svo að 10% eða meira nemi en í heimilissveit, enda greiði þá heimilissveit það, sem á vantar".

Eins og hér kemur fram, skal tekið tillit til mismunandi hárra útsvara-„skala" á báðum stöðunum og mismunur bættur upp. Ef aðiljar eiga nú að fara að greiða útsvar á stöðum, þar sem þeir hafa ekki heimilisfasta atvinnu, er það mjög óþægilegt í framkvæmd, því að lögin eru byggð á því, að útsvör séu greidd eftir framtali í heimilissveit. Þá þyrfti að telja fram á báðum stöðum eða mörgum stöðum, og ég held það sé illmögulegt að fá út úr því í öllum tilfellum nokkurt vit eða sanngirni, þegar raskað er framtalsgrundvelli, sem miðast við heimilissveit. Þá held ég, að núverandi fyrirkomulag sé æði þægilegra og komi réttlátara niður.

***Garðar Þorsteinsson:** Reynsla hefir skorið úr því, að skipting útsvara er mjög lítils virði fyrir atvinnusveit. Hún fær bæði seint og lítið af útsvari. Og mér er kunnugt um, að þetta er einmitt ástæðan til þess, að Siglufjörður hefir ekki sett sig ákaflega á móti þessu frv. um að lengja úr 4 vikum í 3 mán. tímann, sem þarf til þess að verða útsvarsskyldur í atvinnusveit. Það þykir ekki skipta ákaflega miklu máli fyrir Siglufjörð.

Þessi 12. gr., sem hv. 1. þm. Rang. las upp, kveður ekkert á um það, eftir hvaða hlutföllum skuli skipta. Enda er það á valdi yfirskattanefndar. A-liður 8. gr. gerir ráð fyrir, að þegar maður hefir heimilisfasta atvinnustofnun bæði í heimilissveit og annarstaðar, þá sé hægt að leggja á hann á fleiri en einum stað. Eins ætti þá að vera hægt, hvað sem 12. gr. líður, að leggja á fleiri

menn utan heimilissveitar. Að því er framtöl snertir, er skylt að afhenda þeim sveitum framtöl, sem eiga að fá hluta úr útsvari. Það yrði engin ný skylda, þó að brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 107 felld með 16:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EOl, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JGM, JPálm, StSt.

nei: ÞBr, ÁÁ, BJ, EE, EmJ, FJ, HelgJ, JakM, PHann, PO, SEH, SK, StgrSt, SvbH, TT, JörB.

GG greiddi ekki atkv.

Sjö þm. (BjB, EystJ, HG, ÓTh, SkG, VJ, ÞorbÞ) fjarstaddir.

Brtt. 105 felld með 17:4 atkv.

Frv. samþ. með 20:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 29. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 31. fundi í Ed., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9:3 atkv.

Á 41. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68, n. 137).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er komið hingað frá hv. Nd., og er sú breyt., sem það gerir ráð fyrir á l. um útsvör, einungis þess efnis að breyta því ákvæði útsvarsl. um skiptingu útsvara á milli hreppa þannig, að tími sá, sem útgerðarfyrirtæki eru rekin í sveit eða bæ utan heimilisfangs útgerðarfyrirtækisins, skuli vera færður úr 4 vikum upp í 3 mánuði í þessu lagaákvæði. Er þetta til samræmis við ákvæði útsvarsl. um verkamenn og aðra, sem stunda atvinnu utan heimilissveitar. Í því sambandi er þetta takmark í núgildandi lögum ákveðið 3 mánuðir.

Allshn. fellst á þessa breyt. og leggur til, að frv. verði samþ. En ég tel rétt að geta þess um leið fyrir mína hönd og máske að einhverju leyti fyrir hönd meðnm. minna, að ég lít þannig á, að ákvæðin í útsvarsl. um skiptingu útsvara milli hreppa séu ákaflega athyglisverð, og að það sé orðið svo ástandið í sumum landshlutum, að það sé mikil ástæða til, að þessi ákvæði l. væru athuguð, því að það er svo ástatt t. d. í Austfirðingafjórðungi, að þar hafa verið aflaleysisár undanfarandi og eru jafnvel enn, og nálega allur fiskiskipafloti Austfirðingafjórðungs stundar veiðar utan heimilissveitar á vetrarvertíð, ýmist hér við Faxaflóa, við Vestmannaeyjar eða Hornafjörð, og á sumrin síldveiðar fyrir Norðurlandi. Og sjá það allir, að það getur leitt til stórkostlegra vandræða um afkomu heimilissveitar viðkomandi útsvarsgreiðenda, ef þessum ákvæðum er fylgt út í æsar eftir því, sem l. nú gera ráð fyrir. Því að þegar svo er komið, að um ekki neinn rekstur á þessum fyrirtækjum er að ræða í heimilissveitinni, þá sjá allir, hvert stefnir um afkomu sveitarfélagsins, þó hinir sömu, sem sækja atvinnu sína annað, hafi þar kannske einhverja lítilsháttar atvinnu einnig.

Mér þykir rétt að taka þetta fram hér, því að ég tel líkur til, að ekki geti liðið langur tími, þangað til þessi ákvæði verði tekin til rækilegrar athugunar. Hinsvegar vildi n. ekki að þessu sinni leggja út í það, vegna þess að hún hefir ekki haft nægilegan undirbúningstíma til þess að bera fram brtt., og sérstaklega vegna þess, að n. sú, sem ríkisstj. skipaði í vetur til þess að athuga fjárhagsafkomu bæjar- og sveitarfélaga, virðist ekki hallast að því að ganga lengra í þessu efni heldur en að hækka það tímatakmark, sem farið er fram á í þessu frv. En ég hygg, að full ástæða sé til þess, að þetta mál verði tekið til rækilegrar athugunar.

Um frv. sjálft þarf ég ekki að fara fleiri orðum; það skýrir sig sjálft. Og ég geri ráð fyrir, að sama verði ofan á í þessari hv. d. og í hv. Nd., að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

***Bernharð Stefánsson:** Ég er hv. frsm. n. sammála um það, að full ástæða væri til þess að taka útsvarslöggjöfina í heild sinni til endurskoðunar. Og mitt álit er það, að þessu sérstaka atriði, sem tekið er til meðferðar í frv. því, sem hér liggur fyrir, liggi ekki svo mikið á, að nauðsynlegt sé að afgreiða það áður en sú heildarathugun fer fram. Það er nú nokkurn veginn víst, að það, sem liggur til grundvallar fyrir þessu frv., er nákvæmlega það sama eins og fyrir frv., sem hér var til umr. fyrir nokkru um síldarverksmiðjur ríkisins, að þessu er alveg sérstaklega stefnt að einum kaupstað landsins, nefnilega Siglufirði. Að vísu talaði hv. frsm. n. um ástæðurnar í Austfirðingafjórðungi í þessu sambandi, en ég hygg þó, að það sé atvinnurekstur utanbæjarmanna á Siglufirði, sem hafður hefir verið fyrir augum, þegar frv. var borið fram. En eins og ég sagði áðan, er ég honum sammála um, að hin mesta nauðsyn sé á að taka útsvarslöggjöfina til gagngerðrar endurskoðunar. Það hefir verið svo nú á seinni árum, að eftir því, sem bæirnir hafa stækkað og fólki í þeim fjölgað, hefir án efa verið mjög erfitt að leggja á í þeim útsvör á þeim sama grundvelli eins og verið hefir undanfarið hér í landinu, nefnilega að útsvarsálagningin hefir að mjög verulegu leyti byggzt á kunnugleika niðurjöfnunarnefnda um efnahagsástæður og afkomu skattþegnanna. Og nauðsynin á því, að hafa ákveðinn grundvöll til að byggja á um útsvarsálagningu, verður þess vegna alltaf meiri og meiri. Enda er það svo í hinum stærri bæjum, að þar er hafður ákveðinn útsvarsstigi, sem niðurjöfnunarnefndirnar búa til. En þó gildir sín regla um þetta í hverjum bæ, og fer það algerlega eftir geðþótta niðurjöfnunarnefndanna, hverskonar útsvarsstigi er notaður. Ég held nú — ég slæ því nú bara fram — að það sé kominn tími til þess að ákveða í l. útsvarsstiga, sem notaður verði í bæjum hér á landi. Mér finnst því ekki rétt, bæði af þessum ástæðum og öðrum, að vera að taka hér einstakt atriði út úr útsvarsl. til þess að breyta því, held-

ur finnst mér, að nauðsynlegt muni vera að endurskoða þau í heild sinni, og það sem fyrst.

Þegar útsvarslöggjöfin var sett — 1926, ef ég man rétt — þá var reynt að haga því svo, að atvinnurekstur væri útsvarsskyldur sem allra mest þar, sem hann er stundaður, en atvinnustundun væri aftur ekki útsvarsskyld. Nú er flutt frv. um það að breyta þessum grundvelli algerlega.

Ég held, að það sé margt, sem þarf að athuga í sambandi við þetta. Þær sveitir og þau bæjarfélög, sem eru þannig sett, að menn leita þangað sérstaklega til atvinnurekstrar úr öðrum héruðum, komast ekki hjá því, eins og öllum má ljóst vera, að leggja í margskonar kostnað einmitt vegna þess, að þessi atvinna er þar stunduð. Það má náttúrlega segja, að það séu mikil hlunnindi, að þessi atvinna er stunduð þar. En það er þó margt fleira, sem kemur til greina. Og ég held, að það sé meira vandaverk að ákveða rétt skiptingu á þessu heldur en svo, að það sé rétt af hæstv. Alþ. nú, að litt yfirveguðu máli, að fara að breyta l. í þessu efni. Af þessum ástæðum, sem ég nú hefi talið, vil ég leggja það til, að stjórninni sé falið að undirbúa þetta mál betur og leggja frv. til endurskoðaðra útsvarslaga fyrir næsta þing, eða þá framhaldsþing af þessu þingi, ef því skyldi verða frestað.

Ég leyfi mér því að legga til, að frv. þessu verði vísað til ríkisstj.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Mér skilst eiginlega, að við séum sammála, hv. 1. þm. Eyf. og ég. Hann tekur mjög undir það, að þörf sé á að breyta útsvarsl. í fleiru en þessu eina atriði, sem þetta frv. fjallar um. En það er einn galli á hans sjónarmiði í þessu sambandi, nefnilega sá, að hann hefir fengið það einhvernveginn inn í höfuðið, að þessi breyt. væri bara gerð með hliðsjón af Siglufirði og viðskiptum útgerðarmanna við Siglufjörð. En þetta er hreinasti misskilningur. Veit ekki hv. þm. það, að t. d. frá Austfjörðum eru gerðir út hér við Faxaflóa 10—20 bátar nú, í Vestmannaeyjum um 5 bátar og í Hornafirði milli 20 og 30 bátar? Hvað snertir þetta Siglufjörð? Ég skil ekkert í því, að ekki skuli mega hreyfa breytingum á útsvarslöggjöfinni, án þess að sagt sé, að því sé stefnt að Siglufirði.

Þessu frv. er ekki stefnt að Siglufirði. En ég skal ekki bera á móti því, að það kann að snerta Siglufjörð að einhverju leyti. En ég er því ekki sammála, að rétt sé að láta þetta atriði bíða eftir frekari breyt. á útsvarsl. Hvers vegna er ekki rétt að lagfæra þetta atriði út af fyrir sig, sem er svo auðvelt að lagfæra þannig, sem ekki er annað en að samræma þennan tíma, sem hlutaðeigandi þarf að dvelja í atvinnusveit, til þess að hægt sé að krefjast skiptingar á útsvari hans? Hv. 1. þm. Eyf. getur verið rólegur; Siglufjörður hefir hvort sem er sömu réttindi í þessum efnum og Keflavík, Sandgerði, Vestmannaeyjar, Austfirðir o. s. frv.

Ég tók Austfirði til dæmis áðan. En það er vitanlegt, að hér við Faxaflóa stunda veiðar skip ekki aðeins þaðan, heldur líka frá Eyjafirði og vestan af Vestfjörðum. En ég tók dæmið af Austfjörðum af því, að mér var það kunnugast og ég gat vel skýrt það.

Mér finnst alveg sjálfsagður hlutur, hvað sem öðru líður, að þess litla lagfæring verði gerð nú, að færa þetta atriði l. til samræmis við ákvæði l. um aðra atvinnurekendur, enda þótt ég geti viðurkennt, að lagfæra þurfi fleira í útsvarsl. En ég get ekki fellt mig við það, að Alþ. ákveði einn skattstiga, sem gildi fyrir alla kaupstaði landsins.

Ég skal vera með hv. 1. þm. Eyf. í því að flytja þáltill. um, að ríkisstj. láti endurskoða útsvarsl. En mér finnst samt sem áður, að þessi hv. þm. geti lofað þessu litla frv. að ganga í friði fyrir sér, þar sem hér er um sanngjarna samræmingu að ræða á útsvarsl. Mér finnst of mikil viðkvæmni hv. 1. þm. Eyf. út af því að færa til þetta tímatakmark. Þessi l., eins og þau eru í þessu atriði, eru ákaflega erfið í framkvæmd og þurfa lagfæringar við.

Vil ég svo vænta þess, að hv. 1. þm. Eyf. ljái þessu litla frv. fylgi sitt í gegnum þingið í þeirri von, að bæði ég og aðrir hv. þm. styðji að því að flýta fyrir, að útsvarslöggjöfin verði endurskoðuð.

***Bernharð Stefánsson:** Hv. frsm. hefir nú haldið hér snjalla ræðu til þess að sýna, að við, ég og hann, séum sammála um þetta mál. Þarf ég því ekki að segja hér mikið. Við erum sammála um það, að full þörf sé á að taka útsvarslöggjöfina, eins og hún er, til rækilegrar endurskoðunar. En þó honum fyndist okkar skoðanir ákaflega skyldar í málinu, þá verð ég þó að hryggja hann með því, að ég get ekki léð þessu litla frv. fylgi mitt, vegna þess að ég álít, að frumvarpið gangi í þveröfuga átt við það, sem rétt er.

Ég hefi áður minnzt á það og skal ekki fara langt út í það, að sú sveit eða bær, sem atvinna er þannig sérstaklega stunduð í, hefir alltaf af því ýmiskonar kostnað. Og þó segja megi, að slíkur rekstur auki atvinnu á viðkomandi stað, og það komi honum þar af leiðandi til tekna, þá má aftur líka á það líta, að slíkur atvinnurekstur dregur fólk að bænum. Afleiðingin af því hlýtur aftur á móti að vera aukið fátækraframfæri. Auk þess er það vitanlegt, að slíkur atvinnurekstur utanbæjarmanna notar götur og önnur tæki, sem hlutaðeigandi bær hefir komið sér upp.

Ég get þess vegna ómögulega fallizt á að fylgja þessu frv. og vil leggja áherzlu á, að höfð verði á því sú meðferð, að því verði vísað til stj. með það fyrir augum, að hún taki öll útsvarslögin til athugunar.

Hv. þm. hélt því fram, að þessu væri ekki beint gegn Siglufirði. Hann sagði, að það væru bátar norðan af Eyjafirði og af Austfjörðum, sem stunduðu veiðar hér við Faxaflóa. Hann sagði, að það kæmi því til með að snerta aðra staði meira en Siglufjörð. En þrátt fyrir þau frómu orð hv. flm. um það, að þessu frv. væri ekki beint gegn Siglufirði, þá hafa nú vaknað ýmsar efasemdir hjá mönnum um, að þetta frv. hafi verið smíðað með það fyrir augum, að svipta Siglufjörð þessum tekjum, sem hann hefir haft

af þessum ákvæðum, þrátt fyrir þá skerðingu, sem á þeim var gerð með l. frá 1926.

Páll Zóphóníasson: Ég vil taka undir það með hv. 1. þm. Eyf., að ég álit, að þetta frv. eigi ekki að ná samþykki þingsins eins og stendur. Ég tel mikla nauðsyn á, að útsvarslögin verði endurskoðuð, og ég efa ekki, að við slíka endurskoðun myndi það koma í ljós, að fleira væri í þeim, sem þyrfti að breyta, en þetta, og mörgu meira að segja frekar.

Annars hygg ég, að það sé svo um flesta smærri báta, sem stunda veiðar fjarri heimili sínu um stundarsakir, og þeir séu yfirleitt ekki krafðir um útsvör á þeim stöðum, sem þeir stunda veiðar frá um stundarsakir. A. m. k. hefi ég aldrei rekizt á, að slík mál hafi komizt alla leið til ríkisskattanefndar. Ég hygg því, að þetta ákvæði snerti þá ekki svo mjög og sé því af þeim ástæðum óþarft að taka það út úr og breyta því nú á þessu þingi.

Ég vil eindregið taka undir það með hv. 1. þm. Eyf., að málinu verði vísað til stj., og samhliða verði samþ. till. til þál. um, að stj. láti endurskoða útsvarslöggjöfina í heild fyrir næsta þing.

***Erlendur Þorsteinsson:** Það var rétt, sem hv. 1 þm. N.-M. tók fram, að þessi breyt. mun aðallega snerta hin stærri skip, sérstaklega þau skip, sem síldveiðar stunda. A. m. k. hefir reynslan orðið í þá átt að undanförnu. Er það líka með tilliti til þess, að þorskveiðarnar hafa brugðizt á undanförnum árum og því gefið litinn ágóða í flestum tilfellum. Hinsvegar er það vitað, að á síldveiðunum hefir undanfarið verið nokkur ágóði. Það hefir því frekar verið hægt að krefja þann atvinnuveg um útsvör.

Það er eitt atriði, sem ég vildi minnast á, og sem ég vildi, að kæmi greinilega fram í þessum umr. Það stendur hér í grg. frv.: „Að sjálfsögðu greiða síldarverksmiðjur, fiskimjölsverksmiðjur, fiskverkunarstöðvar og söltunarstöðvar, sem eru einkaeign, útsvar í viðkomandi bæjar- og sveitarsjóði".

Ég vildi beina því til allshn., hvort hún sé því einróma sammála, að söltunarstöðvum, sem eru einkaeign, beri skylda til þess samkvæmt útsvarslögunum að greiða útsvar þar, sem þær eru reknar. Það hefir sem sé komið fyrir, að þeir, sem eiga slíkar söltunarstöðvar, hafa reynt að hliðra sér hjá að greiða útsvar af atvinnurekstri sínum með því að eiga heimili í hinum og öðrum vel stæðum, en fámennum hreppum og semja um að greiða þar nokkur hundruð kr. í útsvar. Þessir menn leigja söltunarstöðvar á Siglufirði eða annarstaðar og reka þær, en greiða þar engin útsvör. Ég veit, að þetta kemur víðar fram en á Siglufirði, en ég tók Siglufjörð til dæmis, af því að ég þekki þar til. Vegna þess að þetta stendur hér í grg. frv. vildi ég gjarnan fá yfirlýsingu n. um þetta efni.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Mér skilst, að það muni vera smámunir, sem hér er deilt um. Ég get ekki skilið andstöðu hv. þm. gegn þessu litla frv. Mér finnst ekkert réttlæti í því, að bátur austan af Austfjörðum t. d., sem stundar veiðar hér við Faxaflóa og fiskar ekki meira en það, að enginn ágóði er af veiðunum, sé skyldur til að greiða útsvar bæði austur á Norðfirði og í Keflavík. Í þessu er ekkert réttlæti.

Hvað viðvíkur fyrirspurn hv. 10. landsk. um það, hvort það sé meining allshn. að tryggja það, að þeim ummælum, sem hann vitnaði í í grg. frv., yrði framfylgt, þá vil ég taka það fram, að það, sem stendur í grg. frv., eru ekki orð allshn. Hv. þm. veit, að það er sérstök n., sem hefir samið frv. Allshn. ber því enga ábyrgð á grg. þeirri, sem fylgir frv. Enda sé ég ekki, að þetta komi þessu máli neitt við. Þessi ummæli, sem hv. þm. vitnaði í, sýna bara það, að það eru fleiri atriði í útsvarslögunum, sem þarf að breyta.

Annars sé ég ekki annað en að það sé ástæðulítið að þjarka meira um þetta mál. Það má vel vera, að einhverjum hv. dm. finnist það ekki þess vert á þessum tímum, ef hægt væri að létta ofurlítið af þeim útgerðarmönnum, sem enn baksa við að halda uppi atvinnurekstri frá héruðum, sem eru að komast í kaldakol. En ég álít þetta stórt atriði. Og ég held, að þrátt fyrir það, þótt aðkomusjómenn á Siglufirði kunni að ganga þar eitthvað um göturnar, þá held ég, að það sé ekki svo gífurlegur aukakostnaður fyrir Siglufjörð, að hann þurfi sérstaklega að fá útsvör upp í hann. Ég held satt að segja, að það hrjóti nú það mikið frá þeim skipum, sem leggja upp á Siglufirði, að það sé enginn vafi á því, að Siglufjörður fái sitt uppborið. Ég hefi í fórum mínum tölur yfir það, hvað tekið er af skipum í gjöld á Siglufirði, og ég held, að í hverri ferð sé tekið alveg nóg af hverju skipi til að halda við götunum á Siglufirði. Enda hlýtur það af einhverju að stafa, að það er miklum mun ódýrara að leggja upp síld t. d. á Raufarhöfn, Norðfirði og Seyðisfirði heldur en á Siglufirði. Mér finnst, að þetta væri atriði, sem væri fyllilega athugandi. Annars finnst mér þetta atriði ekki koma þessu máli við. Eins og ég hefi áður tekið fram, er þessu frv. á engan hátt stefnt gegn Siglufirði.

Ég læt svo úttalað um þetta mál. Mér þykir ótrúlegt, ef hv. Ed. er þannig hugsandi, að hún vilji ekki verða við þeirri réttmætu kröfu, sem felst í þessu frv., sem er sú, að sama tímatakmark verði látið gilda fyrir útgerðarskip og einstaklinga.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég skal ekki fara út í almennar deilur við hv. 2. þm. S.-M. um það, hvar sé bezt að leggja upp síld. Það er viðurkennt, hvar það er. Ég ætla heldur ekki að deila við hann um viðhald á götunum á Siglufirði. Ég ætla bara að benda honum á, að hafnargjöldin renna ekki til viðhalds á götum. Annars eru skipagjöldin á Siglufirði lægri en víða annarstaðar. Þetta getur hv. þm. sjálfur kynnt sér. Hv. þm. talaði um það, að allshn. gæti ekkert ábyrgzt um það, sem stæði í grg. Mér skildist helzt, að hv. þm. héldi því fram, að grg. væri frv. óviðkomandi. Mér finnst þetta harla einkennilegur skilningur hjá hv. þm. En ég verð að segja það, að ef það kæmi skýrt í ljós, sem

fram kemur í grg., að þetta væri skilningur þeirrar n., sem frv. hefir samið, og allshn., þá væri miklu meiri ástæða til að ganga inn á að gera þessa breyt.

Ég mun fylgja þeirri till., sem fram er komin um að vísa málinu til stj. Ég tel fulla þörf á að endurskoða útsvarslögin í heild, ef ske kynni, að vera myndi hægt að fá hv. Alþ. til að bæta það ranglæti, sem framið var með breyt. 1926.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég þarf ekki að taka það fram, að sjónarmið n. miðast ekki við neinn einn stað á landinu. En mér virðist sem einn staður hafi blandazt óþarflega mikið inn í þessar umr. Það er rétt eins og enginn annar en hann hefði hagsmuna að gæta í þessu máli. En einmitt í sambandi við Siglufjörð hefði ég gjarnan viljað óska upplýsinga frá þeim, sem þar þekkja vel til. Það má e. t. v. segja, að n. hafi láðst að afla þeirra upplýsinga. Ég vildi gjarnan spyrja um það, hvort Siglufjarðarkaupstaður muni hafa fengið dæmdan úrskurð fyrir því, hvort ekki sé hægt að leggja á söltunarstöðvarnar. Ég er náttúrlega ekki sá rétti maður til að útskýra l., en mér skilst, að það liggi opið fyrir hjá þessu bæjarfélagi að láta dómstólana skera úr um breyt. 1926.

En svo er það annað atriði í þessu sambandi. Til Siglufjarðar kemur árlega um síldveiðitímann fjöldi af lausakaupmönnum, sem raka þar saman peningum, en, eftir því sem ég bezt veit, ekki er lögð á ein einasta króna í útsvar. Við lítum svo á í n., að það séu í l. tvímælalaust ákvæði, sem heimili að leggja á slíka lausamenn. Ég vil í því sambandi vitna í lögfræðinginn í n. Hér er merkilegt atriði í útsvarslögunum, sem nauðsynlegt er að fá úrskurðað um með dómi. Hinsvegar verð ég að líta svo á, að það sé hæpið að fara að gera þessar smáfleytur útsvarsskyldar, þar sem það er vitað, að það er oft og tíðum hrein tilviljun, hvar þær lenda. Mér finnst, að með því yrði ósamræmi milli þeirra manna, sem eru skráðir útgerðarmenn, og hinna, sem vinna á fleytunum, því að það er oft ekki nema nafnið tómt, að þessir menn séu skipaeigendur.

Ég skal ekki fara að endurtaka það, sem hv. frsm. hefir tekið fram, en hann hefir sýnt fram á, hvernig þetta kemur niður í fátækum útgerðarplássum.

Ég er alveg sammála hv. 1. þm. Eyf. um það, að það sé full nauðsyn að taka til athugunar útsvarslögin í heild. Ég myndi greiða atkv. þeirri till., sem hann kynni að bera fram um það, að fela ríkisstj. athugun á þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Ég vil algerlega mótmæla því, að ég komi hér fram sem forsvari Siglufjarðar sérstaklega í þessu máli, ef það hefir átt að liggja í orðum hv. 2. landsk. þm. (SÁÓ). Ég tel hinsvegar mjög vafasamt, að það beri að breyta því ákvæði, sem hér er um að ræða. Það eru að sjálfsögðu ýms önnur atriði í útsvarsl., sem þörf er á að athuga, og ég sé enga ástæðu til þess að fara nú að hrófla við þessu eina atriði, sem er vafasamt. Og ég ætla, að sú brýna þörf, sem hv. 2. þm. S.-M. talaði um, að væri á þessari breyt. fyrir báta á Austurlandi, sé ekki til staðar. Ég hygg, að þar séu sárafáir bátar, sem koma til með að borga útsvör á tveimur stöðum, líklega ekki nema Birkir og Stella. Frá Keflavík hefir engin krafa komið um skiptingu, og mun varla koma héðan af. Ég álít því, að það hafi litla þýðingu, hvort þessu atriði verður breytt fyrr eða seinna, en tel sjálfsagt að hafa það í sem beztu samræmi við allsherjarbreyt. þá, sem þarf að gera á útsvarsl.

Hvað síldarsöltunina snertir, álít ég, að ef hún er í einstakra manna eign, sé dálítill vafi, hvort eigi heldur að telja hana undir 2. tölul. 9. gr. eða undir c-lið fyrst í 9. gr. Það getur t. d. orkað tvímælis, hvort leggja megi útsvar á síldarsöltunarstöð Ingvars Guðjónssonar eða ekki. Að öðru leyti en því getur ekki fengizt skipting á hans útsvari.

Þetta er líka atriði, sem þarf að athuga í sambandi við breyt. á útsvarsl. Vil ég því ákveðið mæla með því, að málinu verði vísað til ríkisstj., eins og till. hv. 1. þm. Eyf. fer fram á.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að þessu máli lægi ekkert á, vegna þess að þetta ákvæði í l. hefði verið lítið notað gagnvart Austfirðingum. Þetta sannar ekkert annað en það, að hv. þm. er mér sammála um, að þetta ákvæði sé ranglátt. En ég vil spyrja: Hvaða ástæða er til þess að láta þetta ákvæði vofa yfir útgerðarmönnum? Því má ekki afnema það? Ég álít ekki rétt að nota þá þörf, sem er á því að breyta útsvarsl., sem einskonar skálkaskjól til þess að koma frv. fyrir kattarnef. Það er rangt. Ég vil mótmæla því, að hv. Ed. noti það sem skálkaskjól til þess að drepa þetta litla frv., þótt hún sé á einu máli um það, að þörf sé á að endurskoða útsvarsl. í heild.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Eyf. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 8:5 atkv.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJós, MG, MJ, PHerm, SÁÓ, ÞÞ, BSn.

nei: PZ, BSt, BrB, ErlÞ, EÁrna.

3 þm. (ÁJ, HermJ, JJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, SÁÓ, ÞÞ, BSn, IngP, JJós, MG, MJ.

nei: PZ, BSt, BrB, ErlÞ, EÁrna.

3 þm. (ÁJ, HermJ, JJ) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, IngP, JJós, MG, MJ, PHerm, SÁÓ, ÞÞ.

nei: BSt, BrB, ErlÞ, PZ, EÁrna.

3 þm. (ÁJ, HermJ, JJ) fjarstaddir.

Á 43. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 45. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Fram kom skrifl. brtt. við frv. (sjá þskj. 196). — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Erlendur Þorsteinsson: Ég hefi ásamt hv. þm. Eyf. (BSt, EÁrna) borið fram brtt. við frv. Undir umr. hér í d. gerði ég fyrirspurn til hv. allshn., hvort hún hefði athugað þann lið lagagr., sem hér er lagt til að breyta, og vildi upplýsa um skilning sinn á útsvarsskyldu söltunarstöðva. Hv. 2. þm. S.-M. svaraði og taldi allshn. ekkert geta sagt um, hvaða skilning hún legði í málið. Hv. 2. landsk. spurði, hvort Siglufjarðarbær hefði notað sér ákvæði til að leggja á söltunarstöðvar á Siglufirði. Eftir því, sem ég hefi fengið upplýst síðan, eru tveir hæstaréttardómar fyrir því, að ekki sé hægt að innheimta útsvar af söltunarstöðvum eftir ákvæðinu, og þó að eitthvað kunni að hafa breytzt síðan, situr við hið sama í þessu atriði. Menn, sem reka aðalatvinnu sína á Siglufirði, hafa sumir tekið upp á því að eiga heima í litlum hreppum og hafa gjarnan samið við hreppsnefndir um að borga í útsvar tiltekna, heldur litla upphæð. Á Siglufirði eða í hverju bæjarfélagi sem væri yrði lagt á þá eins og aðra gjaldþegna. Stóratvinnurekandi, sem hefir mörg hundruð þúsunda í veltunni, mundi aldrei komast af með að greiða minna en 1—2 þús. kr., ef farið er eftir þeim álagningarstiga, sem nota þarf í bæjum.

Ég vildi láta fella þetta frv. eða vísa því til stj. En þeir, sem vildu láta það ganga fram, töldu það réttlætisskyldu, að menn þyrftu aðeins að borga heima í sveit sinni. Hinsvegar töldu þeir sjálfsagt, að Siglufjörður t. d. fengi fullkomna heimild til að leggja útsvar á „lausakaupmenn". Ég minnti á, að þeir, sem sömdu frv., ganga beinlínis út frá því í grg., að: „að sjálfsögðu greiða og síldarverksmiðjur, fiskimjölsverksmiðjur, fiskverkunarstöðvar og söltunarstöðvar, sem eru einkaeign, útsvör í viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði". Brtt., sem við hv. þm. Eyf. berum nú fram, er til þess, að skýrt sé tekið fram, hverjir eigi að borga útsvar.

Ef gengið er inn á að lengja tíma skipa, sem leggja upp afla, úr 4 vikum í 3 mánuði, heimtar réttlætið það, að á móti komi þessi sjálfsagða breyting. Ég vonast til þess, að hún verði samþ., ekki sízt þar sem hún læknar líka augljósa veilu í lögunum.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Það er nú svo með ákvæði útsvarsl., og ekki sízt 8. gr., sem hér er farið fram á að breyta, að þau eru býsna flókin. Ég fyrir mitt leyti kann því mjög illa að skjóta inn skriflegri brtt. við síðustu umr. frv., þegar ekki er tóm til athugunar. Ég sé ekki annað ráð en biðja hæstv. forseta að taka málið af dagskrá, svo að allshn. geti áttað sig á þessu atriði.

*Erlendur Þorsteinsson: Ég fyrir mitt leyti get vel gengið inn á að fresta málinu, svo að allshn. geti athugað það.

*Magnús Jónsson: Ég get vel skilið, að hv. 10. landsk. vilji fresta málinu, því að hann mundi óska, að frv. yrði breytt hér svo, að það fengi ekki afgreiðslu, áður en þingi verður frestað. Ég vildi, að það fengist tryggt, að frestun umr. leiddi ekki til þess.

Páll Zóphóníasson: Ég vil styðja mjög að því, að málið verði tekið af dagskrá. Í Nd. er nú á ferðinni önnur breyt. á þessum sömu lögum og altalað, að henni sé ætlað að fá afgreiðslu fyrir þingfrestun. Það er ekki vansalaust fyrir Alþingi að afgreiða tvennar breytingar á sömu lögum á sama þinginu. Frestun umr. ætti að nota til að sameina málin bæði í eitt.

*Magnús Jónsson: Ég vil segja þetta út af orðum hv. 1. þm. N.-M. (PZ): Ef við eigum að fara að samræma mörg frv., áður en þingi er frestað, þá er ég gróflega hræddur um, að ekki verði úr afgreiðslu, a. m. k. ekki í dag og á morgun. Ég býst frekar við, að ekki séu miklar líkur fyrir, að þetta mál í hv. Nd. nái fram að ganga svo fljótt. En þó að frv. væri afgr. sitt í hvoru lagi, hefir annað eins komið fyrir og enginn skaði skeður með því. Ég vildi mæla mjög eindregið með því, að málinu sé ekki frestað, eða fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki það ella aftur fyrir á fundi í tæka tíð til þess, að það geti fengið fram að ganga.

*Bernharð Stefánsson: Það er auðvitað forseta að ráða, hvort mál eru tekin af dagskrá, en venja mun vera að gera það, þegar frsm. n. hefir óskað, eins og hv. 2. þm. S.-M. hefir gert. Annars fæ ég ekki skilið áhuga hv. þm. fyrir að fá þetta frv. endilega afgr. áður en þingi er frestað. Lögin eru ekki eldri en frá 1936, og hér er verið með tvö frv. um breyt. á einstökum ákvæðum þeirra. Hvort þær breytingar ná fram í apríl eða október t. d., held ég geti ekki oltið á ákaflega miklu.

Ég held, eins og ég gat um við 2. umr. málsins, að það séu fleiri atriði í útsvarslögunum og þýðingarmeiri, sem full þörf væri að taka til athugunar og endurskoða, sérstaklega í 8. gr. l. Mér er kunnugt um, að kveðnir hafa verið upp dómar um útsvarsskyldu manna eftir 8. gr. l., sem jafnvel leikmenn sjá að fara í bág við bókstaf l. og það, sem var meining löggjafans, þegar l. voru sett.

Eins og getið var um áðan, þá liggur annað frv. fyrir Nd. um breyt. á þessum sömu l. Mér finnst þess vegna, að það væri sú skynsamlegasta lausn á þessu máli, að hæstv. forseti tæki málið út af dagskrá og tæki það alls ekki á dagskrá fyrr en á framhaldsþinginu í haust, ef af þingfrestun verður. Það er vinnusparnaður að geta þá borið fram nauðsynlegar breyt. á útsvarslögunum sem brtt. við þetta frv., í stað þess að þurfa þá að bera fram nýtt frv. um útsvarslögin, sem þá ef til vill breytir þeim ákvæðum, sem sama þing er nýbúið að setja.

Ég vildi taka þetta fram, þótt ég á hinn bóginn játi, að umræður um það, hvað hæstv. forseti geri, eigi tæpast við, en aðrir hafa farið út í það, og þá vildi ég, að mitt sjónarmið kæmi þar einnig fram.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég vildi gjarnan leggja orð í belg um þetta mál. Hv. frsm. n. lýsti því fyrir sitt leyti, að hann teldi æskilegt, að sú till., sem hér liggur fyrir skrifleg, fengi athugun í n. Ég verð að játa, að ég get ekki annað en

tekið undir óskir hans í því efni, því mér er ekki fyllilega ljóst, hvernig hún verkar á þá gjaldendur, sem hún breytir útsvari á. Ég er þeirrar skoðunar, að þó n. kæmist að þeirri niðurstöðu að fallast á brtt., þá eigi málið samt að ganga fram á þinginu, og er ég þar ósammála hv. 1. þm. Eyf., sem ekki virðist hafa nema eitt sjónarmið í þessu máli, en það er að drepa málið nú.

Eitt er það í þessu máli, sem ekki hefir verið nægilega athugað, og það er, að hve miklu leyti þetta breytta viðhorf um skattskyldu nær til bátanna, ef þessu væri frestað nú og tekin upp breyt. á l. á væntanlegu haustþingi. Ég hefi ekki enn fengið upplýsingar um, hvort hér yrði verulegur munur á. Ég spurði sessunaut minn að því, hvernig þetta myndi verka á Siglufirði, hvort þeir myndu ekki verða eins skattskyldir þar 1938, þó þetta væri gert að l. Hann bjóst við, að svo yrði, að þeir myndu jafnt falla undir skattskyldu, þó l. væri breytt í haust, eins og þó þeim væri breytt nú. En um þetta skal ég ekkert segja, en þetta myndi n. að sjálfsögðu athuga.

Ég gat þess við 2. umr. málsins, að ég áliti, að hrepparnir eða bæjarfélögin eigi að fá rétt til þess að skattleggja þá menn, sem stunda atvinnu í viðkomandi hreppi eða bæjarfélagi, hvort sem þeir heita síldarsaltendur, farandkaupmenn eða eitthvað annað. Ég hefi eins mikla tilhneigingu til þess að vera með því að skattleggja slíka menn með útsvörum eins og ég er mótfallinn því að leggja skatt á skip, sem verða að fara í kringum allt land eftir árstíðum og eru kannske á mörgum stöðum sama árið.

Ég hygg, að allshn. geti jafnvel á þessum degi tekið málið til athugunar með því að halda um það aukafund, þar sem ég tel nauðsynlegt að fresta umr. um till. Ég vil bæta því við, þar sem verið hefir nokkurt kapp í sókn og vörn í þessu máli, að þó að ég að sjálfsögðu viti, að það er á valdi hæstv. forseta, hvort hann tekur málið af dagskrá, þá tel ég ekki vafa á því, eftir hans venjulegu réttsýni, að hann taki málið fyrir á morgun. Ég tel sjálfsagt, að málið verði ekki endanlega útkljáð í dag.

Það hefir verið getið um, að fyrir liggi annað frv. um breyt. á sömu l., en ég er þess ekki fullviss, að það mál geti náð afgreiðslu á þessu þingi, því það er miklu flóknara en það mál, sem hér liggur fyrir. Þó hv. 1. þm. N.-M. segi, að það mál eigi að fara í gegnum þingið, þá er það að sjálfsögðu á valdi hv. d., hvort það kemst í gegn eða ekki.

Að síðustu vil ég geta þess, að ég er því feginn, að endurskoðun á útsvarsl. fari fram, en ég er þess ekki fullviss, að henni geti orðið lokið áður en þing kemur saman í haust. Ég geri ráð fyrir, að það þurfi lengri tíma til þess að gera skynsamlegar breyt. á útsvarsl. Ég geri ráð fyrir, að það þurfi að kveðja þá menn til starfa, sem hafa víðtækasta þekkingu á þessum málum. Ég geri ráð fyrir, að það þurfi minnst eitt ár til þess að undirbúa þetta mál, og það er eitt af því, sem gerir þessa breyt. nauðsynlega.

Þetta vildi ég taka fram í sambandi við þetta mál, áður en umr. verður sennilega frestað.

Forseti (EÁrna): Þetta mál er þá hér með tekið af dagskrá. (**MJ:** Vill hæstv. forseti gefa fyrirheit um að taka málið á dagskrá aftur?) Ég mun taka málið á dagskrá, þegar ég hefi umsögn n.

Umr. frestað.

Á 46. fundi í Ed., 22. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 68, 196).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Það liggja nú fyrir tvær brtt. við þetta frv. Önnur brtt. er sú, sem var lögð fram hér í Ed. í gær skrifl. og ég óskaði eftir, að allshn. þessarar d. fengi ráðrúm til að athuga og bera saman við l. um þetta efni. Ég drap lítillega á það hér í gær, að þessi lagabálkur um útsvör er allumfangsmikill og nokkuð flókinn. Það er ekki algerlega hættulaust að samþ. hér brtt., sem geta haft töluvert víðtæk áhrif, án þess að bera þær saman við l. í heild sinni. Ég gat ekki vel áttað mig á þessari brtt. við umr. málsins hér í d. í gær. Hún er flutt af hv. þm. Eyf. og hv. 10. landsk. og er við 8. gr. þessara l. En þær brtt., sem liggja fyrir við þetta frv. nú, eru við 9. gr. laganna. Þessar tvær gr. l., 8. og 9. gr., fjalla um tvennskonar álagningu útsvara. 8. gr. l. fjallar um þau tilfelli, þegar heimilt er að leggja útsvar á gjaldþegna á tveim stöðum. 9. gr. l. fjallar aftur á móti um það, þegar atvinnusveit gjaldþegns hefir rétt til að krefjast hluta af útsvari hans. Nú verður að gera nokkurn samanburð milli þessara tveggja greina, þegar annarri hvorri þeirra á að breyta, og gæta þess, að þar sé ekki fært á milli greina, vegna þess að verksvið þeirra er nokkuð óskylt, nema því aðeins, að ekki raskist samræmið í hinni greininni. Brtt. við 8. gr. laganna, sem hér liggur fyrir á þskj. 196, er, eins og mig grunaði strax í gær, eins og smeygt sé toglegri í þau, svo að hætta verður á því, að togstreyta verði um þessi l. viðvíkjandi því, í hvaða tilfellum sé heimilt að leggja útsvar á mann í atvinnusveit hans. Brtt. hljóðar svo. „Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, eða ef telja má, að aðalatvinnugrein hans sé rekin utan heimilissveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans". Þannig lá brtt. fyrir allshn., en tilsvarandi gr. í útsvarsl. hljóðar svo: „Ef hann hefir heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans". Með öðrum orðum er smeygt þarna inn í l. ákvæðinu: „ef telja má að aðalatvinnugrein gjaldþegns sé rekin utan heimilissveitar hans", og er þá alls ekki miðað við tíma, heldur bara ef telja má, að hann hafi atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en á einum stað. Löggjafarnir munu hafa fundið það, þegar þessi l. voru samin, að þarna var atriði, sem var nokkuð óljóst. Samkv. þessum skilningi er heimilt að leggja á hvaða atvinnugrein sem vera skal, ef telja má, að það sé sérstakur atvinnurekstur. Þetta er stórhættulegt ákvæði, því að það getur farið svo, að undir þessa grein megi heimfæra ósanngjörn og óeðlileg tilfelli. Sem dæmi má taka Gunnar Ólafs-

son & Co. í Vestmannaeyjum, sem gera út báta til síldveiða á Siglufirði, og við skulum segja, að telja mætti þetta fastan atvinnurekstur á Siglufirði. En nú vita allir, að Gunnar Ólafsson & Co. reka mjög umfangsmikla verzlun og útgerð í Vestmannaeyjum, og útgerðin á Siglufirði er alls ekki aðalatvinnurekstur þess fyrirtækis, og því alls ekki heimilt að leggja á hann útsvar samkv. þessu ákvæði. En svo getum við tekið annað dæmi um bát, sem maður á, sem á heima á Austfjörðum. Báturinn er gerður út á síldveiðar á Siglufirði, og einungis gerður út þar, en ekki hreyfður hinn tíma ársins. Þá er enginn vafi á því, að þar er um aðalatvinnurekstur á Siglufirði að ræða. Þetta ákvæði brtt. er svo hált og teygjanlegt, að það má alls ekki setja það í útútsvarsl., því að þeir, sem eiga að framfylgja útsvarsl., hafa tilhneigingu til að teygja slík ákvæði sér í hag. Þess vegna álít ég, að þessi brtt. sé stórhættuleg, og að af henni muni leiða umfangsmikla togstreitu um, hvaða atvinnugreinar séu reknar utan heimilissveitar og teygja megi undir þetta ákvæði. Í öðru lagi vil ég benda á það, að þessi brtt. nær alls ekki þeim tilgangi, sem tillögumenn hafa ætlað henni að ná, þ.e. að ná til allra söltunarstöðvanna, sem menn úr fjarlægum héruðum reka á Siglufirði. Í 9. gr. er fram tekið, að ef söltunarstöð er rekin á þennan hátt, þá hafi viðkomandi bæjarstjórn heimild til að krefjast hluta af útsvarinu, en samkv. l. er ekki heimilt að leggja á hana í 2 stöðum. Ef þetta hefði átt að koma að notum, þá hefði þurft að minu viti að fella niður úr 9. gr. t. d. „söltunarstöðvar“ og bæta inn í 8. gr. „ef hann er heimilisfastur á atvinnustaðnum“, og svo hefði orðið að koma upptalning, sem ekki hefði getað orkað tvímælis, en eins og brtt. er orðuð, sé ég ekki betur en að sjálfsagt sé að fella hana, því að í staðinn fyrir að bæta l., gerir hún þau stórum verri. Ég held, að ef á annað borð þessi till. er ekki fram komin til þess að koma þessu máli fyrir kattarnef að þessu sinni, þá eigi hún að takast aftur, svo þetta litla frv., sem skiptir ákaflega litlu máli fyrir hlutaðeigandi bæjarfélag, sem aðallega er barizt fyrir, fengi að halda áfram óhindrað.

Ég geri ráð fyrir, að hreyft muni verða þeirri mótbáru gegn þessu frv., að fyrir Nd. liggi frv. um breyt. á sömu l., og það er rétt; þar er frv. um breyt. á þessum l., en það er um allt annað efni en þetta litla frv., og það orkar miklu meira tvímælis, hvort hægt er að koma þeirri breyt. fram, því að hún er miklu áhrifaríkari en sú breyt., sem þetta frv. felur í sér. Ég vænti því, að þetta litla frv. fái að ganga áfram nú, en fari svo, að það verði fellt hér í d., þá þykir mér sennilegt, að þeir, sem gera það, muni greiða atkv. á móti því af því, að þeir vilji fá fram fleiri breyt. á útsvarsl., og vil því ætlast til þess, að þeir vilji gera eitthvað til þess að flýta fyrir, að þær breyt. verði gerðar. En þótt að því verði horfið, þá á ég von á því, að sú allsherjarbreyt. komist ekki á á síðari hluta þessa þings, og meira að segja ekki á næstu þingum. Ég veit fyrir víst, að þegar farið verður fyrir alvöru að hrófla við þeim l., þá sjáist, að þar eru svo óskyld sjónarmið, að það muni taka alllangan tíma að koma því í gegn. En þetta litla frv. á að geta gengið fram nú. Það skiptir litlu máli fyrir viðkomandi sveitarfélög, en er sanngirniskrafa gagnvart þeim, sem eiga að sækja atvinnu sína hringinn í kringum landið.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Allshn. hefir haft brtt. á þskj. 196 til meðferðar, og virðist hún hafa komizt að allt annarri niðurstöðu, ef leggja á ræðu hv. 2. þm. S.-M. til grundvallar, en fólst í ræðu, sem haldin var við 2. umr. Það var ekki hægt að skilja ræðu hans öðruvísi en svo, að hann vildi bæta þann órétt, sem Siglufjörður og fleiri kaupstaðir hefðu orðið fyrir, og koma í veg fyrir, að þessir menn gætu sloppið við að greiða opinber gjöld, eins og þeir hefðu gert m. a. með því að telja sig eiga heima í einhverri fámennri sveit, sem hefir haft lítil útgjöld, og samið við hreppstjóra um að greiða nokkur hundruð í sveitarsjóð þar, en rekið atvinnu í kaupstaðnum og notið allra þeirra tækja, sem kaupstaðurinn leggur til, en skorazt undan að leggja nokkuð af mörkum til þeirra umbóta, sem þar hefir þurft með. Ég býst við, að hv. þdm. yrði þetta ljósara, ef þeir gerðu sér grein fyrir, hversu mikið óréttlæti það er, að stór saltandi, sem hefir kannske allt að 25 þús. tunnur, greiðir kannske ekkert útsvar, en annar, sem hefir kannske ekki nema 8—9 þús., greiðir upp undir 8 þús. í útsvar, en ef báðir greiddu útsvar, þá mundi lækka á þeim, sem nú greiðir, við það að nýr gjaldstofn kæmi í bæinn. Það er einkennileg réttlætistilfinning að vilja láta þessa menn sleppa og verða þar með að þyngja byrðarnar á öðrum.

Ég skal ekki mikið ræða um þá lagalegu hlið málsins, en þessi till. er tekin eftir því, sem hv. 7. landsk. flutti í Nd., og treysti ég honum fullkomlega til að ganga lagalega rétt frá þessu. Það er hlægilegt að vera að tala um, að löggjafinn hafi ekkert viljað hafa óklárt í þessum l., þegar vitað er, að sífellt hark er um, hvar leggja skuli útsvarið á og hvernig skuli leggja það á. Í öðru lagi vil ég benda á, að það er skýrt fram tekið, þegar sérstöku ákvæðin koma í 8. gr., þá nær ekki 9. gr. til hennar. Ég vil benda formælendum frv. á, að það er mjög hæpið að breyta þessu. Í öðrum lið 9. gr. er talað um, að skipta megi útsvarinu af síldarsölu, þó að hún sé rekin skemur en 4 vikur, en b-liður mun eiga við, að skip leggi afla sinn á land og sjái sjálf um verkunina, sem mun nú niður fallið, því að nú munu öll skip selja afla sinn í verksmiðjur eða sérstökum saltendum. Ég tel því sjálfsagt, að skipin greiði eftir sem áður skiptingu á útsvari, nema þessum atriðum sé breytt líka, þannig að þetta litla frv., sem þeir kalla, nær ekki tilgangi sínum. Vitanlega er sjálfsagt fyrir þá, sem með þessi mál hafa að gera, að krefjast að fá skiptingu á útsvörum viðkomandi aðilja, ef um sölu á afla er að ræða, sem mun nú vera allmikið um.

Ég vænti þess, að hv. þdm. geti viðurkennt það réttlæti, sem felst í, að þeir, sem reka aðalatvinnu sína einhverstaðar, verði að bera þau gjöld, sem þarf til framkvæmdamála þar, sem atvinnureksturinn fer fram.

Páll Zóphóníasson: Meðan hv. frsm. var að halda ræðu sína áðan, var afgr. hingað frv. um breyt. á útsvarslögunum frá hv. Nd. Þess vegna vil ég skora á allshn. að sameina þessi frv. í þann búning, sem hún ætlast til, að þessi mál fái, og á hæstv. forseta að taka málið af dagskrá, svo að allshn. fái tíma til að athuga málin.

***Bernharð Stefánsson:** Ég vil taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, en því miður hefi ég litla von um, að ræða hans muni bera árangur, því að það er furðulegt kapp, sem er lagt á að koma þessu litla frv., sem kallað er, í gegnum þingið.

Mér sýnist, að afgreiðsla þessa máls og þessara mála stefni í raun og veru í algert óefni og allar líkur til, að úr þessu verði algert þinghneyksli. Hér stendur til að gera þetta frv. að l., og eins og hv. 1. þm. N.-M. gat um, þá er nú búið að afgr. til þessarar d. annað frv. um breyt. á sömu l. Auk þess virðast allir sammála um, að útsvarslögin þurfi gagngerðrar endurskoðunar við. Það má því búast við, að stj. láti endurskoða þessi l. og leggi fyrir þingið, þegar það kemur saman að nýju, frv. til breyt. á þeim, eða þá að einstakir þm. taki sig fram um að bera slíkt frv. fram. Það gæti því farið svo, að á einu og sama þingi væru fyrst samþ. tvenn l. til breyt. á einum og sömu l., og síðan væru þau l., sem væri tvíbúið að breyta, numin úr gildi og önnur l. sett á því sama þingi. Þetta virðist mér, að alveg gæti legið fyrir. Það má kannske segja, að himinn og jörð forgangi ekki út af þessu, en ákaflega er slík afgreiðsla á málum einkennileg.

Hv. 2. þm. S.-M. minntist á það í ræðu sinni, að þótt endurskoðun á útsvarslögunum kynni að vera æskileg, þá gerði hann ekki ráð fyrir, að hún gæti farið fram mjög bráðlega, því að ýmis sjónarmið mundu koma fram og ágreiningur, sem sennilega mundi tefja málið. Þetta getur vel hugsazt, en ég man þó, að þegar útsvarslögin voru sett 1926, þá bar það mál þannig að, að Alþingi árið áður, 1925, samþ. ályktun um að skora á stj. að undirbúa löggjöf um þetta efni, og síðan gekk næsta þing frá henni, og var þó þar um algerða stefnubreyt. að ræða frá því, sem áður hafði verið um útsvarslög. Ég sé ekki, ef þessi undirbúningur væri góður, að það gæti ekki tekizt sæmilega að endurskoða útsvarslögin og afgreiða þau, ekki einu sinni á næsta þingi, heldur á síðari hluta þessa þings.

Við 2. umr. þessa máls bar ég fram þá till., að málinu væri vísað til stj., en sú till. var felld. En ég býst við, að hv. dm. hafi þá ekki verið búnir að átta sig til hlítar á því, hvernig þetta raunverulega horfir við að formi til, hvað sem um efnishliðina má segja. Ég vil því leyfa mér að gera tilraun til þess enn á ný, að þetta mál verði afgr. á þinglegan og forsvaranlegan hátt, og hefi því hugsað mér að bera fram rökst. dagskrá þess efnis, að deildin treysti ríkisstj. til að framkvæma endurskoðun á l. um útsvör og leggja árangur þeirrar endurskoðunar fyrir síðari hluta þessa þings eða næsta reglulegt Alþingi, og taki því fyrir næsta mál á dagskrá. Þetta finnst mér sú eina afgreiðsla þessa máls, sem forsvaranleg er.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt rökst. dagskrá frá hv. 1. þm. Eyf., svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að ríkisstj. láti fram fara endurskoðun á lögum um útsvör, nr. 106 23. júní 1936, og leggi árangur af þeirri endurskoðun fyrir síðar á þinginu eða á næsta reglulega Alþingi, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá".

Þessi dagskrá liggur þá einnig fyrir til umr.

Út af þeirri ósk, að málið verði tekið af dagskrá, skal ég geta þess, að ég treysti mér ekki til þess nema að bera það undir hv. d. Sé d. því samþykk, mun ég gera það. En jafnframt vil ég vekja athygli á því, að ég hefi hugsað mér að setja fund þegar að þessum fundi loknum og taka þá til meðferðar mál þau, sem hafa komið frá Nd., og mál, sem þessi fundur hefir afgr. til 3. umr. Ef þetta mál verður tekið af dagskrá nú, þá mun ég taka það á dagskrá strax aftur. Það er líklegt, að þing verði háð á mánudag a. m. k., og er þá ef til vill ráðrúm til að taka málið nánar til athugunar.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. N.-M. um að fresta umr. samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, ErlÞ, JJós, MG, PZ, ÁJ, BSt, EÁrna.

nei: IngP, MJ, PHerm, SÁÓ, ÞÞ, BSn.

2 þm. (HermJ, JJ) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Á 47. og 48. fundi í Ed., 22. og 24. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 25. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá 1. þm. Eyf. felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, BrB, ErlÞ, JJós, PZ,[1]) EÁrna.

nei: ÁJ, BSn, HermJ, IngP, JJ, MG, MJ, PHerm, SÁÓ, ÞÞ.

Brtt. 196 felld með 10:4 atkv.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 243).

22. Ríkisborgararéttur.

Á 39. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 134).

Á 46. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Þessir þrír menn, sem lagt er til í frv., að veittur sé ríkisborgara-

1) **PZ:** Þar sem ég tel, að það þurfi að endurskoða útsvarslöggjöfina í heild, og þar sem engu máli skiptir í framkvæmd, hvort þessi breyt. á þeirri löggjöf er samþ. nú eða rétt fyrir áramótin næst, þá segi ég já.

réttur, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett eru í 4. gr. l. nr. 64 frá 1935 fyrir því, að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt, og leggur allshn. til, að þessum mönnum verði veittur sá réttur. N. hafa borizt fleiri umsóknir um ríkisborgararétt heldur en frá þessum mönnum, en flestir þeirra munu ekki að öllu leyti fullnægja þessum skilyrðum. En ef svo reyndist við nánari athugun, að einhver þeirra fullnægði þeim, þá mun n. endurskoða það og bera fram brtt. um að bæta þeim við.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 134, 153).

*Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. hefir borið fram brtt. við frv. um að orða frvgr. á ný, og hefir hún gert það til þess að bæta við einum manni í tölu þeirra, sem eiga að fá ríkisborgararétt. Hann er Íslendingur og er nr. 2, Vilhjálmur Hans Alfred Schröder að nafni. Hann fullnægir skilyrðum viðkomandi l. til þess að geta fengið íslenzkan ríkisborgararétt.

ATKVGR.
Brtt. 153 (ný frvgr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 163).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 43. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 44. fundi í Ed., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 163, n. 188).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10. shlj. atkv.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Allshn. hér í Ed. hefir lagt til, að teknar verði til greina tvær umsóknir auk þeirra, sem eru í frv. Það stendur þannig á því, að þegar þetta mál var til meðferðar í hv. Nd., þá lágu fyrir nokkrar umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar auk þeirra, sem hv. Nd. afgr. Meðal þeirra umsókna var umsókn frá Höskuldi Þórhalli Ladiger Þórhallssyni, tónlistarnema í Reykjavík, sem er fæddur í Þýzkalandi, en á íslenzkan föður. Sá ljóður var á þessari umsókn, þegar málið var til meðferðar í hv. Nd., að þennan umsækjanda vantaði hegningarvottorð frá Þýzkalandi, en þegar þetta frv. kom fyrir hv. Ed., var hegningarvottorð hans lagt fyrir Alþ., og þess vegna sýndist allshn. Ed. rétt að taka umsókn hans til greina. Þessi maður er fluttur alfarinn hingað til föður síns, sem hér er búsettur, og í allshn. Ed. var enginn ágreiningur um að taka umsókn hans til greina.

Allshn. Ed. leggur einnig til, að Sigurði Sigurðssyni, nemanda í menntaskólanum í Reykjavík, sem á íslenzka foreldra, en er fæddur í Danmörku, verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. N. fann ekkert athugavert við umsókn hans, og þótti því rétt að taka hana einnig til greina. Foreldrar þessa manns eru nú bæði búsett í Reykjavík, en hann er fæddur í Kaupmannahöfn.

Einnig bárust Alþ. nokkrar umsóknir um veitingu íslenzks ríkisborgararéttar, sem ekki hafa hlotið afgreiðslu í hv. Nd.

Allshn. Ed. var sammála allshn. Nd. um það, að ekki væri hægt að taka þær til greina, þótt að vísu vantaði ekki mikið á, að lögmætum skilyrðum væri fullnægt. Um margar af þessum umsóknum er það að segja, að aðeins vantaði 1—2 ár til þess, að umsækjendur hefðu dvalið 10 ár hér á Íslandi, en allshn. bæði í Ed. og Nd. litu svo á, að ekki væri rétt að víkja frá því ákvæði, sem sett hefir verið í l. um skilyrði fyrir því að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt. Þótt ef til vill væri í sumum tilfellum að ræða um menn, sem allshn. vildi fúslega veita íslenzkan ríkisborgararétt, taldi hún samt sjálfsagt, að þeir yrðu að bíða, þar til settum skilyrðum yrði fullnægt.

Á einni af þessum umsóknum er aðeins sá galli, að umsækjanda vantaði hegningarvottorð, sem er alltaf áskilið, að þurfi að fylgja slíkum umsóknum, og ég geri ráð fyrir, að því er þennan umsækjanda snertir, að mjög sennilegt sé, að hann geti öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt á Alþ. í haust, ef hann getur uppfyllt þetta skilyrði. En ég býst ekki við, að hinir umsækjendurnir geti fengið íslenzkan ríkisborgararétt á síðari hluta þessa þings, því að aðeins einn þeirra hefir uppfyllt 10 ára dvalarskilyrði hér á landi seint á þessu ári, og það getur hugsazt, að hann komi til greina í haust, en flesta hina vantar eitthvað á annað ár og allt upp í 2 ár til að hafa dvalið hér á landi í 10 ár.

Fyrir hönd allshn. vil ég geta þess, að ég sé enga ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Allshn. Ed. leit svo á, að það bæri að halda fast við þau skilyrði, sem sett eru í l. um þetta efni og ekki væri rétt að víkja frá þeim, þó að litlu munaði, að þau væru uppfyllt, og þótt það kunni að valda sumum þessum umsækjendum lítilsháttar óþæginda að fá ekki íslenzkan ríkisborgararétt. Að vísu þarf þetta frv. að fara aftur til Nd. vegna þeirra breyt., sem á því hafa verið gerðar hér í d., en ég held, að það verði samt ekki til þess, að frv. fái ekki afgreiðslu á Alþ. áður en því verður frestað.

ATKVGR.
Brtt. 188,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 188,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frvgr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 209).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 209, 230).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 230. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Frsm. (**Bergur Jónsson**): Ég flutti brtt. á þskj. 230, um að bæta inn í frv. einum manni, Simon Albert Nordling, sem er Svíi, er býr á Patreksfirði. Hann fullnægir öllum skilyrðum til að öðlast ríkisborgararétt, en hann hafði ekki öll nauðsynleg gögn fyrir hendi, þegar frv. var flutt. Nú hefir hann fengið þau gögn og fullnægir því skilyrðunum að öllu leyti.

ATKVGR.
Brtt. 230 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 49. fund í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 232).

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. (**Ingvar Pálmason**): Þetta frv. er komið aftur frá Nd., og hefir það tekið þar þeirri breyt., að bætt hefir verið við einum umsækjanda. Það stóð þannig á með þann umsækjanda, þegar málið var til meðferðar í þessari d., að hann vantaði hegningarvottorð til þess að fullnægja skilyrðum l. Nú hafa þessi hegningarvottorð verið lögð fram og þessu skilyrði því verið fullnægt.

Ég geri ráð fyrir, að allshn., þótt það hafi ekki verið borið undir hana, sé með því að samþ. frv. eins og það liggur hér fyrir, því ástæðan til þess, að þessi maður var ekki tekinn upp, var engin önnur en sú, sem ég hefi þegar greint.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10. shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 245).

---

23. Raforkuvirki.

Á 4. fundi í Nd., 20. febr., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við og breytingar á l. nr. 83 23. júní 1932, um raforkuvirki (þmfrv., A. 12).

Á 7. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Þetta litla frv. var flutt á síðasta Alþ., en náði þá ekki afgreiðslu. Með því að frv. fylgir allýtarleg grg. og ég get ekki bætt neinu við rök þau, sem þar eru greind, sé ég ekki ástæðu til að tefja tímann með því að ræða um frv. nú, en vil mælast til þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 166).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Frsm. (**Emil Jónsson**): Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þetta litla mál; það hefir legið áður fyrir þessari hv. d., og þessu frv. fylgir svo ýtarleg grg. að ég vona, að hv. þm. hafi getað gert sér ljóst, hvað þetta frv. fer fram á, en það er tvennt. Í fyrsta lagi miðar það að því að auka rafmagnseftirlit ríkisins frá því, sem það er nú. Þegar l. um rafmagnseftirlit ríkisins voru upphaflega sett, var aðallega farið eftir danskri fyrirmynd, að því er iðnn. hefir verið tjáð. En í þeim l. um rafmagnseftirlit er gert ráð fyrir, að raflagnir séu ekki eftirlitsskyldar, nema að litlu leyti þar, sem hætta getur stafað af þeim. Þetta er heldur óheppilegt fyrirkomulag hér á landi, og rafmagnseftirlit ríkisins hefir þurft að taka að sér eftirlit á miklu fleiri stöðum en l. gerðu ráð fyrir. Þetta frv. er fyrst og fremst breyt. á eldri l. um þetta efni.

Sömuleiðis var í eldri l. gert ráð fyrir, að það gjald, sem rafmagnseftirlit ríkisins tekur fyrir skoðun, yrði greitt af þeim, er verða skoðunarinnar aðnjótandi, og gjald fyrir hverja skoðun yrði innheimt af rafmagnseftirlitinu. En þetta þótti óheppilegt fyrirkomulag, og í þessu frv. er því lagt til, að sett verði fastagjald á öll raforkuvirki og allar rafveitur á landinu, er miðast við þær tekjur, sem rafveiturnar hafa. Frv. gerir ráð fyrir, að þetta gjald nemi 1% af tekjum þeirra. Þar sem þetta gjald kemur að langmestu leyti niður á rafveitum ríkisins og Sogsvirkjuninni, þá hefir iðnn. borið þetta mál undir rafmagnsstjórann í Reykjavík og fengið álit hans um það. Hann hefir tjáð iðnn., að hann telji störf rafmagnseftirlits ríkisins svo nauðsynleg, að hann telji það ekki eftir, þótt þetta gjald verði greitt, sem er, eins og ég hefi áður sagt, 1% af tekjum rafveitunnar, og áætlað er, að það nemi lítið eitt hærri upphæð heldur en skatt-

gjald rafveitunnar hefir verið fram að þessu. Skattgjaldið hefir verið um 16 þús. kr. á ári, en ef þetta frv. verður samþ., hækkar það upp í 20 þús. kr., svo að þar munar ekki ýkjamiklu.

Þetta er önnur aðalbreyt., sem farið fram á að gera með þessu frv., sem sé um stöðugra eftirlit með raforkuveitum en áður hefir tíðkazt og breytt fyrirkomulag á innheimtu gjalda. Ef þetta frv. verður að l., er ætlazt til, að rafmagnseftirlit ríkisins taki upp eftirlit með öllum raforkuvirkjum í landinu og hlutum, sem seldir eru til afnota fyrir aðra í sambandi við rafmagn, svo sem ofnum, eldavélum, straujárnum, rafmagnsþráðum og öðru þesshátt*ar*, og prófi það í þar til gerðri stöð, sem komið verði upp hér í Reykjavík og stjórnað af rafmagnseftirliti ríkisins. Þetta er sú meðferð, sem notuð er hjá nágrannaþjóðum okkar og þykir þar sjálfsögð. Menn hafa oft tilhneigingu til þess að kaupa það, sem ódýrast virðist í svipinn, en varhugavert er að nota eða fjárhagslegur skaði að kaupa. Hin tækin, sem traustari eru, eru dýrari í fyrstu, en reynast affarasælli í notkun og því ódýrari, er til lengdar lætur. Rafmagnseftirlit ríkisins á að prófa öll rafmagnstæki, sem flutt eru hingað til landsins, og líka að líta eftir þeim rafmagnstækjum, sem smíðuð eru hér á landi. Viðkomandi innflytjendur og framleiðendur gjalda nokkurn skatt fyrir þetta eftirlit. Þau tæki, sem rafmagnseftirlit ríkisins prófar, verða merkt með sérstöku löggildingarmerki, til þess að það sjáist, að skoðun hafi verið framkvæmd samkv. l. Skattur sá, sem innflytjendur og framleiðendur raftækja greiða, átti upphaflega að vera 1% af öllum raforkurekstri, en iðnn. lagði til, að hann yrði færður niður í ¾% í samráði við rafmagnseftirlit og raftækjasölu ríkisins, sem enginn vill spilla fyrir.

Sömuleiðis hefir verið sett inn í þetta frv. vatill. frá iðnn., til þess að fyrirbyggja misskilning. Hún er á þá leið, að skattinn skuli miða við verksmiðjuverð þar, sem varan er framleidd, en ekki við útsöluverð til almennings. Orðalagið var þannig, að það mátti skilja þetta á þá leið, að miðað væri við útsöluverð. Þær tekjur, sem rafmagseftirlit ríkisins mun fá fyrir þetta, eru áætlaðar um 7—8 þús. kr. árlega, miðað við ¾% verksmiðjuverðs, en sú upphæð ætti að nægja til þess að halda uppi nokkurnveginn sæmilegu eftirliti og prófa tryggilega þau tæki, sem ætluð eru til sölu hér á landi.

Iðnn. hefir farið gegnum þetta frv. og rætt það bæði við forstjóra raftækjaeinkasölunnar, rafmagnsstjóra Reykjavíkur og forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins, og eftir þessar athuganir leggur iðnn. til, að þetta frv. verði samþ. nálega óbreytt, aðeins með tveim litlum breyt. á þskj. 166, sem ég hefi nú skýrt frá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 166 samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 182).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 46. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 227).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. **(Páll Hermannsson)**: Þetta frv. hefir hlotið afgreiðslu í hv. Nd. ágreiningslaust og með mjög litlum breyt. frá því, sem það var lagt fram. Það stuðlar að því, að framvegis verði betra eftirlit með raforkuvirkjum og raflögnum heldur en verið hefir áður, bæði að því er snertir gæði og endingu þessara vara og einnig viðkomandi öryggi gagnvart eldhættu, sem nú er, eins og vitað er, alltaf býsna mikil. Dálitill aukinn kostnaður fylgir þessu eftirliti samkv. þessu frv. frá því, sem verið hefir, en ekki meiri en það, að það eru líkur til þess, að sá aukni kostnaður muni margborga sig.

Iðnn. þessarar hv. d. hefir athugað frv. og komizt að þeirri niðurstöðu, að hún vildi mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 246).

24. Ráðstafanir vegna yfirvofandi styrjaldar.

Á 2. fundi í Nd., 16. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu (stjfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Nd., 21. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. á þskj. 9 er fram borið til að fá staðfest bráðabirgðalög frá 28. sept. síðastl. um heimild fyrir ríkisstj. til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjaldar í Norðurálfu. Á þeim tíma, sem þessi bráðabirgðalög voru gefin út, leit mjög ófriðlega út í álfunni, og var aðalefni bráðabirgðal. heimild handa ríkisstj. til að setja fyrirmæli um sölu og úthlutun á nauðsynjavörum, ef mikil hætta væri talin á, að styrjöld brytizt út í Norðurálfu, og meðan hún stæði yfir, ef hún brytizt út. Sem betur fór rofaði til í bili, og hefir því ekki þurft að grípa til bráðabirgðal., en þótt ekki líti eins ófriðlega út nú eins og þá, er vafalaust full ástæða til — vegna þeirrar ófriðarbliku, sem stöðugt er á lofti — að athuga sem bezt, hvaða ráðstafanir hægt er að gera til að búa þjóðina undir ófrið.

Ég tel rétt, að þessu frv. verði vísað til allshn. að umr. lokinni, og væri þá þess vert, að n. tæki jafnframt til íhugunar, hvaða ráðstafanir kynni að vera rétt að gera í framtíðinni, þó að nú virðist hafa rofað til frá því, er bráðabirgðal. voru sett.

ATKVGR.
Frv. vísað til. 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 191).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Þetta frv. er samhljóða bráðabirgðal., er gefin voru út á síðastl. hausti, þegar stríðshættan var mest í Norðurálfu, og nú eru lögð fyrir hv. Alþ. til samþykktar. Eins og nál. ber með sér, hefir allshn. lagt til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 49. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 244)

25. Verðtollar.

Á 20. fundi í Nd., 16. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um verðtolla (stjfrv., A. 55).

Á 22. fundi í Nd., 20. marz, var frv. tekið til **1. umr.**
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 195).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Hér er um að ræða staðfestingu á bráðabirgðal., sem gefin voru út um það leyti, þegar hætt var að kvitta fyrir tollgreiðslur með frímerkjum. Ég hygg, að l. þurfi ekki frekari skýringar eða varnar við.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9:1 atkv.

Á 50. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 228).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):** Herra forseti! Þetta frv. er flutt í því skyni, að hætt sé að líma á stimpilfrímerki, þegar kvittað er fyrir verðtolli, heldur sé látin nægja kvittun innheimtumanna. Þessi stimpilmerki hafa áður gilt sem peningar, en sumt starfsfólk hjá lögreglustjórum og öðrum, sem hafa haft með innheimtu verðtolls að gera, hefir ekki gert sér grein fyrir, að hér væri um peninga að ræða, og hefir það stundum valdið tjóni, fyrir utan það, að það hefir skapað mikla vinnu.
Fjhn. Ed. hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 247).

---

26. Verðlag á vörum.

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um verðlag á vörum, nr. 70 31. des. 1937 (þmfrv., A. 207).

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég lít svo á, að ákvæði þessa frv. séu aðeins leiðrétting á gildandi l. um heimild til þess að ákveða verðlag á vörum. Fyrsta gr. fer fram á það, að ný gr. sé sett í l., þannig að næst á undan orðunum „heildsölu og smásölu" bætist: umboðssölu. — Síðari breyt. er eingöngu um það, að í stað þess, að nú er skylt samkv. l. að tilkynna lögreglustjóra ákvarðanir um hámarksverð eða hámarksálagningu, þá sé það nægilegt, að ráðuneytið birti þær í Lögbirtingablaði og tvisvar til þrisvar í útvarpi. Ég álít, að við þetta sparist bæði fyrirhöfn og kostnaður. — Ríkisstj. leggur til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég vil aðeins vekja athygli á því, hvort ekki sé rétt að setja þarna inn 3. gr. um, að l. öðlist þegar gildi.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hæstv. viðskmrh. um það, að í frv. bætist ný gr. Hún er svo hljóðandi: Lög þessi öðlast þegar gildi.
Brtt. þessi er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, og þarf því tvennskonar afbrigði fyrir hana.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 222) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 222 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 223).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

*__Magnús Jónsson:__ Ég ætla ekki að fara að andmæla þessu frv., en mér finnst það einkennilegt, að þetta mál skuli vera afgr. gegnum þingið án þess að fara í nokkra n. Ég sé ekki betur en þetta mál sé nýkomið fram, því það er 89. mál, og það hefir verið hespað gegnum Nd. án þess að það færi í n. Það var einnig í þessari hv. d. látið fara til þessarar umr. án þess að því væri vísað til n. Þetta er óviðkunnanleg afgreiðsla, þar sem þetta mál er ekki svo mjög einfalt. Ég get einmitt trúað, að þetta frv., eins og mörg ákvæði í l. um verðlag á vörum, þurfi að athugast vel. Ég verð að viðurkenna hreinskilnislega, að ég sé ekki, hvað í málinu felst.

Ég vildi því leggja til — því það er heimilt samkvæmt þingsköpum að vísa máli til n. á hvaða stigi sem er — að málinu verði vísað til n., og ég býst við, að það heyri þá sérstaklega undir allshn. Ég geri það því að till. minni, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til allshn. felld með 8:6 atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*__Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):__ Ég verð að biðja d. afsökunar á því, að ég var ekki við, þegar 1. og 2. umr. fóru fram um málið. Það eru tvær breyt., sem farið er fram á með frv. þessu. Sú fyrri er á þá leið, að inn í l. verði tekin heimild til að ákveða verðlag á vörum í umboðssölu. Hin breyt. er sú, að í stað þess, að nú er ákveðið í l., að ráðh. skuli að fengnum ákvörðunum verðlagsnefndar tilkynna þær lögreglustjóra til birtingar, þá skuli ráðh. sjálfur sjá um birtingu á þeim. Þetta er gert til þess að hafa þetta einfaldara í framkvæmdinni. Um þessi ákvæði er enginn ágreiningur, hvorki í verðlagsnefnd eða ríkisstj. Ég skal taka það fram, að ég maldaði í móinn áðan við því, að málið færi til n., aðeins af því, að ég stóð í þeirri meiningu, að fundum ætti að ljúka hér í d. fyrir hádegi og mundi því verða of naumur tími til slíks.

*__Magnús Jónsson:__ Ég skal bara taka það fram í sambandi við ummæli hæstv. ráðh., að það, að ég lagði áherzlu á, að þetta mál færi til n., var ekki af því, að í því væri neitt athugavert, og get ég fyrir mitt leyti sparað frekari ræðuhöld um það. Ég vildi bara aðeins skjóta því til hæstv. ráðh., hvort ekki myndi vera fleiri atriði í l., sem þyrfti að breyta, enda þótt tími mundi ekki vera til þess nú að sinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 248).

---

27. Mæðiveiki.

Á 45. fundi í Nd., 21. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni (þmfrv., A. 175).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

*__Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):__ Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefir inni að halda nokkrar brtt. við gildandi l. um þetta efni, og eru þær í aðalatriðum samdar af mæðiveikin. og endurskoðaðar af landbn. Nd. Þær breyt., sem hér er sérstaklega farið fram á, eru í 1. gr. og eru um, að færðar verði til þær varnarlínur, sem ákveðnar eru í l., með því að það er greinilegt orðið, að sumar þeirra eru orðnar óþarfar, en nauðsynlegt að breyta öðrum og færa þær til í samræmi við gang veikinnar í nærliggjandi héruðum.

Efni 2. gr. er það, að þar sem sérstakar girðingar hafa verið settar og bornar uppi af einstökum svæðum — eins og t. d. aukavarnarlínan, sem sett var á Snæfellsnesi síðastliðið ár — og svo stendur þar á, að veikin hefir ekki gert vart við sig á þessu svæði síðastl. ár, þá sé heimilt að taka vörzlu varðlinunnar og viðhald girðingarinnar inn á kostnað ríkissjóðs, en þá verði þeir, sem á þessu svæði búa, að taka á sig hin almennu gjöld, sem allir bændur hafa orðið að taka á sig, sem búa utan mæðiveikisvæðanna. N. féllst á, að þetta væri réttlátt og nauðsynlegt, og leggur til, að þetta verði gert að l.

3. gr. er að efni til um það, að draga úr kostnaði þeirra manna, sem verða fyrir miklum ágangi vegna viðhalds eða vörzlu girðinga vegna mæðiveikinnar. Einstaka bændur hafa orðið fyrir svo miklum búsifjum þessa vegna, að ekki er

hægt að mæta þeim bótalaust. Í 1. eins og þau eru nú eru ákvæði þar að lútandi lítt notuð. Í frv. er gert ráð fyrir, að hreppsfélag það, sem nýtur varnarlínunnar, sem þannig stendur á um, sé skylt til að bæta þetta tjón samkv. mati 2 manna.

Efni 4. gr. er að breyta nokkuð ákvæðinu um styrkveitingar samkv. mæðiveikilögunum, sem veittar eru til jarðræktar eða jarðræktarbóta. Breyt. miðar að því að breyta nokkuð hlutfallinu milli þessara styrkveitinga og haga þeim þannig, að jarðræktarstyrkur hækki nokkuð, svo það hvetji bændur til að vinna til slíks styrks heima hjá sér, í stað þess að vinna í vegavinnu. Þótt styrkur þessi sé hækkaður á hverja verkeiningu, er ekki þar með sagt, að hver einstakur bóndi hljóti hærri heildarstyrk, því í reglug. eru ákveðnar hámarksbætur til einstaklingsins, heldur fær hann meira fyrir þau verk, sem hann vinnur, eða réttara sagt: hann vinnur sér fljótar inn bæturnar nú en áður. Sömuleiðis er í gr. ákvæði um heimild til að verja þessu styrktarfé til vinnu við aðrar umbætur á jörð sinni en þær, sem jarðræktarstyrkur er greiddur fyrir samkv. jarðræktarlögum, ef einhver þau verk liggja fyrir, sem talin er meiri þörf á, að framkvæmd verði.

Í 5. gr. er mesta breytingin gerð á l., og skal ég lesa þá grein upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Aftan við 22. gr. laganna bætist ný málsgr.

Nú virðist mæðiveikin vera í augljósri rénun hjá einstökum bændum, og er þá heimilt að styrkja þá til þess að koma sér upp fjárstofni og verja til þess fyrst og fremst því fé, sem þeim hefði annars borið samkv. 2. og 3. tölul. 19. gr., allt eftir nánari ákvæðum reglugerðar".

Það, sem hér er um að ræða, er, að þegar stjórn mæðiveikin. og viðkomandi sveitarstjórn telja líkur til, að á einhverjum stað sé veikin í rénun, svo að stofn sá, sem eftir er, sé ómóttækilegur eða miður móttækilegur fyrir veikina en áður, þannig að líkur séu til, að hægt sé að koma upp nýjum stofni, má breyta bótafénu í það, að hjálpa bændum til að koma upp nýjum stofni. Er nauðsyn að gera slíkt svo fljótt sem hægt er að koma höndum undir, því það er óþolandi, ef bændur þurfa að búa við það að framfleyta sér á styrkjum. N. telur rétt að veita þessa heimild. Enda er það nauðsynlegt, að bændur geti sem fyrst farið að ala upp hraustan bústofn til framtíðarinnar.

Þetta er aðalefni frv. Sé ég ekki ástæðu til að hafa um það fleiri orð, og þar sem það kemur frá n., sem hefir rætt um það, sé ég ekki ástæðu til að vísa því þangað aftur, en hinir einstöku þm. geta haft tækifæri til að athuga það og kynna sér á milli umr. og þá gert við það þær aths., sem þeim þurfa þykir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

***Forseti (JörB)**: Það er of skammt liðið síðan 1. umr. fór fram, og þarf því afbrigði frá þingsköpum til þess að málið megi koma til meðferðar. Einnig þarf tvennskonar afbrigði fyrir skrifl. brtt., sem mér hefir borizt frá hv. þm. V.-Húnv., svo hljóðandi: [sjá þskj. 208].

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Þessi lög, sem hér er lagt til, að gerðar verði nokkrar breyt. á, eru í þremur köflum. Fyrsti kaflinn er um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar, og 3 fyrstu gr. af 6 gr. þessa frv., sem hv. landbn. hefir borið fram á þskj. 175, fjalla um breyt. á þessum 1. kafla. Við það hefi ég ekkert að athuga.

4. og 5. gr. frv. fjalla aftur á móti um breyt. á 2. kafla l., sem er um stuðning til bænda, sem tjón hafa beðið af völdum mæðiveikinnar, og sú brtt., sem ég hefi leyft mér að bera fram, er við 5. gr. þessa frv. á þskj. 175. Ég hefi í brtt. skrifað upp alla gr., eins og ég ætlast til, að hún verði, þ. e. a. s. 22. gr. í l., ef þessi breyt. mín verður samþ.

Í 1. eins og þau eru nú er svo fyrir mælt, að framkvæmdan. skuli skipta því fé, sem fjárl. heimila til stuðnings bændum, í hlutfalli við þann tekjumissi, sem þeir hafa orðið fyrir af völdum veikinnar. Þetta var þannig framkvæmt á síðastl. ári. Ég tel, að komið hafi í ljós, að það væri ekki aðeins æskilegt, heldur réttmætt. að þarna væri tekið tillit ekki aðeins til þess tekjumissis, sem bændur hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, heldur væri styrkur þeirra nokkuð mismunandi eftir því, hvernig ástæður þeirra væru að öðru leyti. Og sú brtt., sem ég hefi borið hér fram, gengur í þessa átt. Í till. minni er gert ráð fyrir því, að auk þess sem styrknum verði skipt eftir tekjumissi bænda, verði einnig við úthlutun á þessu fé höfð hliðsjón af ástæðum og afkomumöguleikum þeirra, sérstaklega með tilliti til framfærsluþunga, þannig að þeir, sem hafa mikla ómegð, fái aukinn styrk, en aftur verði dregið úr styrk eða hann jafnvel niður felldur til þeirra, sem telja má, að vel geti komizt af án þess að fá styrk.

Í umr. um þetta mál hafa komið fram tvennskonar sjónarmið. Ýmsir hafa haldið því fram, að þetta ætti ekki að vera sem framfærslustyrkur eða hliðstætt honum, heldur eingöngu bætur fyrir tjón, sem menn hefðu orðið fyrir. Og ég skal viðurkenna, að þeir, sem leggja á þetta áherzlu, hafa allmikið til síns máls, því vitanlegt er það, að vegna þess tjóns, sem menn hafa almennt orðið fyrir í sumum sýslum af völdum mæðiveikinnar, hvíla nú hlutfallslega þyngri byrðar á mönnum heldur en áður, miðað við greiðslugetu, t. d. til sveitarsjóðs, og koma þá útgjöldin vitanlega harðar niður á þeim, sem betur mega, en áður. En þrátt fyrir þetta tel ég réttmætt og eðlilegt, að við úthlutun styrktarfjárins sé tekið tillit til þess, hvernig ástæður manna eru að öðru leyti. Þessi styrkur er ill nauðsyn, og við skulum vænta þess, að sem fyrst takist að koma aftur upp bústofni í þeim héruðum, þar sem hann hefir hrunið niður, þannig að styrkveitingar í þessu formi geti verið úr sögunni. En meðan mönn-

um hefir ekki tekizt að koma upp bústofni og skapa á þann hátt lífvænlega atvinnu í þessum sveitum, er óhjákvæmilegt að halda uppi þessum styrkveitingum, til þess að bændur þurfi ekki að hrökklast frá jörðum sínum og flýja sveitirnar. Og þótt það sé vitanlega sjálfsagt að koma í veg fyrir það, eftir því sem mögulegt er, að bændur þurfi að flytja úr sveitunum á meðan þetta ástand varir, og það eigi við um alla bændur, tel ég, að þess sé þó einna mest þörf, að búa svo að þeim bændum, sem hafa mörg börn á framfæri sínu, að þeir geti haldizt við í sveitunum eins og áður. En það liggur í augum uppi, að tekjurýrnun af völdum mæðiveikinnar kemur hlutfallslega þyngra niður á þeim bændum, sem hafa marga á framfæri sínu, heldur en hinum, sem hafa betri ástæður hvað það snertir.

Þetta frv. á þskj. 175 frá hv. landbn. kom fyrst fram hér í d. í gær. Þess vegna gafst mér ekki tími til þess að ræða við hv. n. um þessar breyt., sem ég vil, að hér verði samþ. En þar sem n. hefir ekki haft tækifæri til þess að athuga þetta sérstaklega, vil ég taka þessa brtt. mína aftur nú við 2. umr. málsins, en mælist til þess við hv. landbn., að hún taki till. til athugunar fyrir 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 208 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 175, 208).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*__Pétur Ottesen:__ Út af því, að hér er komin fram brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. við 5. gr. þessa frv., sem fjallar um breyt. á 22. gr. l., vil ég f. h. landbn. taka það fram., að n. getur ekki fallizt á þessa till., eða telur ekki rétt að gera svo mikla grundvallarbreyt. á l. eins og þar er farið fram á. Þar sem því verki, sem unnið er við undirbúning úthlutunar þess fjár, sem veitt er á Alþ. til stuðnings bændum, og mæðiveikin. hefir haft með höndum, er svo langt komið, að það mundi þurfa að vinna það verk að allmiklu leyti upp aftur, virðist n., að ekki sé rétt, eins og nú standa sakir, að gerðar séu jafnviðtækar breyt. á l. og hér um ræðir, þótt hún fyrir sitt leyti geti mjög gjarnan gengið inn á, að ástæða sé til, t. d. þegar þetta þing kemur aftur saman, að taka mæðiveikil. til nýrrar athugunar, áður en næsta úthlutun færi fram, bæði með tilliti til þeirrar stefnu, sem fram kemur í till. hv. þm., og ýmissa annarra ákvæða í l., sem þá væri e. t. v. ástæða til að athuga. Hinsvegar hefir orðið samkomulag milli n. og hv. þm. V.-Húnv. um það, að skjóta inn í gr. ákvæði um, að jafnframt því, sem tjón það, sem menn hafa orðið fyrir af völdum veikinnar, sé lagt til grundvallar við úthlutun fjárins, sé einnig höfð hliðsjón af afkomu manna að öðru leyti. Með þessu er gengið nokkuð inn á þá hugsun, sem felst í till. hv. þm., og mundi hægt fyrir n., án mikillar fyrirhafnar, að endurskoða sín störf og færa þau til samræmis við það, sem í breyt. þessari felst.

Ég vil því f. h. n. leggja fram brtt. við 5. gr. frv., sem felur það í sér, sem ég nú hefi lýst, og vænti ég, að þegar sú brtt. er fram komin, muni hv. þm. V.-Húnv. taka aftur sína brtt.

__Forseti (JörB):__ Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. landbn., svo hljóðandi: [Sjá þskj. 224].

Till. þessi er auk þess of seint fram komin og þarf því við hana tvennskonar afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

__Skúli Guðmundsson:__ Þótt hv. landbn. gæti ekki fallizt á brtt. mína að öllu leyti eins og hún er, get ég eftir atvikum sætt mig við þessa afgreiðslu málsins, þar sem með því er hægt fyrir framkvæmdan. mæðiveikivarnanna í einstökum tilfellum að taka tillit til mismunandi aðstöðu manna, eftir því sem hún telur rétt og þörf vera á. Mun ég því, ef þessi skrifl. brtt. n. verður samþ., taka aftur mína till. á þskj. 208.

Bæði hv. landbn. og sömuleiðis framkvæmdan. mæðiveikivarnanna hafa lýst yfir, að þær telji, að það þurfi á þessu ári að taka til endurskoðunar þær reglur um úthlutun á þessu styrktarfé, sem gilt hafa að undanförnu, og að þetta verði gert. Það er að vísu svo, að það er ákaflega erfitt að finna alveg ákveðnar reglur til þess að fara eftir í þessum efnum. Þetta verður alltaf að nokkru leyti matsatriði, vegna þess að það er svo margt, sem veldur aðstöðumun manna og ekki kemur fram í þeim skýrslum, sem þessi n. hefir til þess að vinna úr, hversu vel og samvizkusamlega sem þær eru gerðar. Það, sem vakti fyrir mér, var, að jafnframt því, að farið væri eftir þessum skýrslum um tjón af völdum veikinnar, væri einnig tekið nokkurt tillit til mismunandi heimilisástæðna og afkomumöguleika vegna framfærsluþunga o. fl. Þetta er atriði, sem þarf að koma til greina. Vitanlega er mjög erfitt fyrir slíka landsn. sem þessa að meta þetta í hverju einstöku tilfelli, en í l. er svo ákveðið, að í hverjum hreppi skuli vera sérstakur fulltrúi, sem safni skýrslum og upplýsingum varðandi tjón af völdum veikinnar. Sömuleiðis er ákveðið, að í hverri sýslu skuli vera tveir fulltrúar, sem safni skýrslunum saman fyrir sýslufélögin og séu landsn. til hjálpar um till. við úthlutun styrktarfjárins. Þegar ætti að taka tillit til mismunandi aðstæðna manna, mundi það vitanlega verða þannig í framkvæmdinni, að þessir fulltrúar heima í sveitunum gerðu sínar till. um slíkt, þar sem sem þeir væru færastir um það vegna kunnugleika á högum einstakra manna.

Þá hefir einnig fengizt upplýst hjá framkvæmdan., að hún muni úthluta því fé, sem varið er til hreppa- og sýsluvega á mæðiveikisvæðinu, til hvers hreppsfélags í heild, og verð-

ur það þá hlutverk hreppsnefnda, í samráði við hina einstöku fulltrúa, að skipta vinnunni milli hreppsbúa, enda er sjálfsagt og æskilegt, að hreppsnefndirnar úthluti þessu fé meðfram eftir ástæðum manna og taki þar ekki eingöngu til greina það beina tjón, sem menn hafa orðið fyrir, eða skipti vinnunni í hlutfalli við það, heldur hafi og hliðsjón af ýmsum öðrum aðstæðum, í samræmi við það, sem ég hefi lagt til í minni brtt.

Ég get því, eftir að þessi brtt. er fram komin, þar sem í henni felst heimild í einstökum tilfellum til þess að jafna þennan aðstöðumun, og því er jafnframt lýst yfir, að þetta verði tekið til nýrrar athugunar á þessu ári, fallizt á að taka mína brtt. aftur.

ATKVGR.
Brtt. 208 tekin aftur.
— 224 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 225).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Ed., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 225, n. 231).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þær brtt., sem liggja fyrir við l. nr. 45 frá síðasta þingi, eru fyrst og fremst brtt., sem stafa af breyttu viðhorfi. Í 2 brtt. er ofurlítil stefnubreyt.

1. brtt. er við 6. gr. l. og er um það, að færa megi aukavarðlínur til. Nú er svo komið, að sumar af þessum varðlínum eru óþarfar þar, sem þær nú eru, en annarra er aftur þörf. Þetta gildir um varðlínuna, sem var við Blöndu, að hennar er ekki þörf nema ofan til. Sama er að segja um varðlínurnar við Brúará og á Kili, að þær þurfa að færast til. Brtt. er um það að heimila að færa til aukavarðlínur, þar sem þess er þörf. Það er búizt við, að felld verði niður varðlínan við Blöndu að neðan og upp að Vatnsskarðsgirðingu og við Brúará, en gert er ráð fyrir, að hún verði flutt meðfram Hvítá, svo að hún liggi upp í Hofsjökul á mörkum afrétta Biskupstungna og Hrunamannahrepps.

Einhver kostnaður verður við þessar framkvæmdir, en miklu ætti hann að vera minni en við hinar varðlínurnar, sem settar hafa verið upp á síðasta ári. Kostnaður við framkvæmdirnar ætti því að lækka að þessu leyti. Varðmönnum fækkar líka eitthvað við þetta.

2. brtt. er við 7. gr. Í henni er gert ráð fyrir, að settar verði upp girðingar, sem einstaklingar kostuðu, en fengju styrk til að setja þær upp. Það voru settar upp 3 slíkar girðingar í fyrra, fyrir Snæfellsnes, Reykjanes og svo Vatnsskarðsgirðingin. Brtt. fer fram á, að ef reynslan hefir sýnt, að engin veiki hefir komið upp á því svæði, sem takmarkast af girðingunni, árlangt, þá sé heimilt, að ríkið kosti vörzlu og viðhald á girðingunni, sem var áður á kostnað þeirra, sem hlut áttu að máli. Jafnframt því, sem þetta er tekið upp, þá er gert ráð fyrir, að þeir menn, sem þarna eiga hlut að máli og undanþegnir hafa verið 10 aura gjaldinu, greiði það nú. Það mun vega nokkuð upp á móti hinum aukna kostnaði, sem af því leiðir að taka við vörzlu með girðingunni.

3. brtt. er við 9. gr. l., þar sem ákveðið er, að þegar taka þarf land undir girðingar, þá skuli, þegar ágreiningur er um það, hvernig fara skuli með bætur fyrir landnám, fara fram mat á landinu og þær greiðast af viðkomandi sveitarsjóði.

4. brtt. er viðvíkjandi styrkveitingum. Þar er gert ráð fyrir, að styrkur til jarðabóta hækki, en það gangi aftur út yfir vegavinnufé. Það er ekki ætlazt til, að heildarútgjöldin raskist neitt við þetta. Það á að ýta undir menn að vinna að umbótum á sinni eigin jörð frekar en sækja vegavinnu.

Þá er það nýtt í 5. brtt., að þar er gert ráð fyrir, að samhliða því, sem tekið er tillit til þess tekjumissis, sem menn hafa orðið fyrir, þá sé líka tekið tillit til annarra sjónarmiða eða afkomumöguleikanna að öðru leyti. Þetta er atriði, sem deilt hefir verið um frá því fyrst, að l. voru sett.

Landbn. leggur til, að allar þessar brtt. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 249).

28. Garnaveiki (Johnesveiki).

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar (Johnesveiki), útrýmingu hennar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni (þmfrv., A. 206).

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Jón Pálmason):** Það hefir komið í ljós, eins og kunnugt er, að það er ekki nóg með, að sú ógæfa hafi elt okkur í sambandi við innflutning á erlendu sauðfé, að fá mæðiveikina, heldur hafa og flutzt inn fleiri pestir, þar á meðal hin svo kallaða garnapest, sem þetta frv. fjallar um. Frv. var undirbúið af mæðiveikin., að tilhlutun hæstv. landbrh., og með því er gert ráð fyrir að halda áfram þeim ráðstöfunum, sem þegar var byrjað á síðastl. vetur til varnar gegn frekari útbreiðslu þessarar veiki. Er frv. að mörgu leyti sniðið eftir mæðiveikil.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að framkvæmdan. mæðiveikivarnanna hafi á hendi stjórn þeirra mála, sem hér um ræðir, undir yfirumsjón landbrh. Er sama manni falin framkvæmdastjórn fyrir þeim ráðstöfunum, sem koma til greina í sambandi við þessar fjárpestir.

Í 2. gr. er farið fram á, að þessari n. sé heimilt að kveðja menn sér til aðstoðar, eftir því sem þurfa þykir. Í næstu gr., 3.—9. gr., er farið inn á svipaðar leiðir, að því er snertir útbreiðsluvarnir, eins og í l. viðvíkjandi mæðiveikinni, að öðru leyti en því, sem raunar er meginatriði, að ekki er gert ráð fyrir neinum varnargirðingum, og kemur það til af því m. a., hvað veikin hefir komið dreift upp og að mikil líkindi eru til þess, að hún sé ekki eins bráðsmitandi eins og mæðiveikin hefir reynzt.

Í seinni gr. þessa frv., 13. og sérstaklega 14. gr., eru ákvæði um það, með hvaða hætti skuli greiddar bætur til þeirra manna, sem verða fyrir tjóni af völdum þessarar plágu, og er þar að nokkru leyti fylgt sömu reglum og hafðar eru við úthlutun á skaðabótum í sambandi við mæðiveikina. Þannig er gert ráð fyrir nokkrum bótum handa þeim mönnum, sem verður að drepa fjárstofninn hjá, bæði vegna rannsóknar og til þess að varna útbreiðslu veikinnar.

Í 14. gr. er ákvæði um það, að þeir, sem af völdum þessarar plágu hafi misst meira en 10% af sínum fjárstofni, fái vaxtatillag og aukajarðræktunarstyrk eftir sömu reglum og gert er ráð fyrir í mæðiveikil.

Ég sé ekki ástæðu til þess, ef engin andmæli koma fram, að fara nánar út í einstök atriði þessa frv. Það er flutt með samkomulagi landbn., mæðiveikin. og hæstv. landbrh. og þarf helzt að fá afgreiðslu þegar á þessu þingi, til þess að fastur grundvöllur sé fyrir þær ráðstafanir, sem hér þarf nauðsynlega að gera, til þess að reyna að koma í veg fyrir, að þessi plága breiðist út frekar en orðið er.

Ég vil svo vænta þess, að hv. þdm. samþ. þetta frv. og vísi því, að lokinni þessari umr., til 2. umr. Til n. hefir ekki þýðingu að það fari, þar sem landbn. er sammála um það og það hefir einnig verið athugað í samráði við hina n.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Nd., 25. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 50. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 206, n. 233).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er samið að tilhlutun landbúnaðarráðh. af mæðiveikinefnd. Sú sýki, sem hér er um að ræða, er orðin nokkurra ára gömul hér á landi. Það mun hafa verið árið 1935, sem fyrst bárust til rannsóknarstofunnar lungu o. fl. úr fé með þessa veiki frá Hæli í Gnúpverjahreppi. En það var ekki þekkt, hver þessi veiki væri, fyrr en Ásgeir Einarsson dýralæknir ákvað veikina á kindum austur í Breiðdal í haust sem leið. Landbrh. gerði þá ráðstafanir til, að reynt yrði að rannsaka útbreiðslu veikinnar. En það er tiltölulega létt, af því að ganga má úr skugga um það við bólusetningu

á fénu, hvort kindin er veik eða ekki. Þær rannsóknir á veikinni, sem þegar hafa farið fram, hafa leitt í ljós vitneskju um, frá hvaða stöðum hún hefir breiðzt út. Hefir öllum kindum verið lógað jafnóðum og komið hefir í ljós, að þær væru með veikina. Sú stefna hefir verið tekin upp að reyna að finna það fé, sem sýkzt hefir, og lóga því. Með því móti hugsa menn sér, að hægt muni að komast fyrir veikina, þar sem hún er eigi, svo vitað sé, orðin útbreidd nema á fáum stöðum. En um þetta hefir þótt réttara að setja sérstök l., og því var þetta frv. samið og borið fram hér á Alþ. Í frv. er lagt til, að framkvæmdir í þessu efni verði faldar mæðiveikinefnd. Nú skal ég taka það fram, að ég er ekki allskostar ánægður með þessa tilhögun. En ég hefi ákveðið að fylgja frv., í trausti þess, að enda þótt þetta verði falið mæðiveikinefnd, þá muni hún njóta aðstoðar Halldórs Pálssonar í þessu máli, þar eð hann er því allra manna kunnugastur. Mér er hinsvegar ekki kunnugt um, að neinn af nefndarmönnum í mæðiveikinefnd sé verulega kunnugur á þeim slóðum, sem þessi veiki hefir komið upp, og hafa þeir þar af leiðandi miklu verri aðstöðu og minni þekkingu á staðháttum öllum á þessum stöðum en æskilegt er, að þeir hafi, sem framkvæma eiga þessi l. Ég vænti því, að ríkisstj. muni hlutast til um það, að Halldór Pálsson verði fenginn sem ráðunautur nefndarinnar hvað snertir varnir gegn útbreiðslu garnaveikinnar. Það er eitt atriði í frv., sem ég vil sérstaklega benda á og mér finnst, að muni vera hæpið. Þar er talað um, að nefndin skuli ákveða bætur fyrir fé það, sem slátrað er vegna varna gegn útbreiðslu veikinnar. Það er af sumum talið mjög hæpið, að nefndin muni hafa vald til samkv. stjórnarskránni að ákveða slíkar bætur. Ég hefði sjálfur kosið, að þarna hefði ekki staðið „eftir mati nefndarinnar", heldur „eftir mati". Það hafa orðið deilur út af þessu við ýmsa, sem slátrað hefir verið hjá vegna mæðiveikivarnanna. Eins og ég tók fram, hefði ég heldur viljað, að það hefði verið sleppt þarna „nefndarinnar", en þar sem mál af þessu tagi er nú fyrir dómstólunum, þá hefi ég ekki lagt neitt kapp á að fá þessu breytt. Það fæst væntanlega úr þessu skorið með dómi. Ég vænti þess, að mæðiveikinefnd taki til óspilltra málanna í því augnamiði að útrýma þessari veiki strax og þessi l. hafa náð samþykki. Hvað kostnaðinum af þessum l. viðvíkur, þá er um það segja, að hann liggur að mestu í kaupi þeirra manna, sem við þetta vinna, og svo því lyfi, sem nota þarf við bólusetninguna, það kostar um 30—35 aura í kind. Kostnaðurinn mun vera orðinn um 30 þús. kr. það, sem af er rannsóknunum á þessari veiki, og verður líklega um 60 þús. kr. til vorsins. Bæturnar eru aukatriði, því að þegar tekin eru frá örfá heimili í landinu, þá eru ekki nema sárafáar kindur á hverjum bæ, þetta 1, 2, 3 og upp í 10 kindur, sem kunna að vera með sýkina, svo að kostnaður við bætur verður tiltölulega sáralítill hluti heildarkostnaðarins.

Landbn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. Ég persónulega geri það í því ákveðna trausti, að það verði samvinna milli mæðiveikinefndar og þeirra manna, sem mest hafa í þessu unnið og eru orðnir málunum kunnugir, en það er fyrst og fremst Halldór Pálsson.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 250).

29. Skipaferðir.

Á 53. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna að veita upplýsingar um ferðir skipa (stjfrv., A. 266).

Á 55. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Atvmrh. (Ólafur Thors)**: Í þessu frv. er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til þess, ef hún álítur nauðsynlegt vegna styrjaldarástandsins, að banna öllum að veita upplýsingar um ferðir íslenzkra og erlendra skipa.

Svipuð löggjöf þessari hefir verið sett í nágrannalöndunum. Ríkisstjórninni er að vísu ljóst, að annarstaðar er mjög sennilega miklu meiri þörf fyrir slíka löggjöf en hér. Hún taldi sér samt sem áður skylt að setja slíka löggjöf hér. Stj. leit svo á, að það væri skylda hennar að búa sem örugglegast um hnútana viðvíkjandi siglingum okkar og gera allar þær ráðstafanir, sem hægt væri til að fyrirbyggja óþarfa hættur, sem steðja að okkar sjómönnum. Hætturnar eru nógar samt, þótt allt sé gert, sem unnt er, til að draga úr þeim.

Það má ef til vill deila um, hvort þessarar löggjafar sé þörf hér, en hitt munu menn sammála um, að hún geti ekki valdið neinu tjóni, og þess vegna sé sjálfsagt að setja þessi ákvæði.

Ég tel ekki þörf að fjölyrða frekar um þetta mál, en óska eftir, að því verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 283).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Frv. þetta var gefið út sem bráðabirgðal. af ríkisstj. 20. okt. síðastl. vegna siglingahættu þeirrar, sem stafar af ófriðnum. Og það mun vera svo að segja shlj. l., sem gefin hafa verið út um samskonar efni á Norðurlöndum annarstaðar. Banna þessi l. að gefa upplýsingar um ferðir skipa, þegar þau eru hér við land.

Allshn. hefir athugað frv. og telur, að sjálfsagt sé, með það ástand fyrir augum, sem nú ríkir um siglingarnar, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv

Á 61. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 266, n. 316).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Það er sama um þetta mál að segja og það, sem afgr. var hér á undan, að það er komið frá hv. Nd. og er shlj. bráðabirgðal., sem hæstv. ríkisstjórn hefir gefið út áður en Alþ. kom saman nú í haust.

N. hefir athugað þetta frv. og ekki séð neina ástæðu til að gera neina brtt. við það, en er hinsvegar alveg sammála um efni frv. og að nauðsyn hafi borið til að gefa út slík l. með tilliti til þess ástands, sem nú ríkir. Allshn. leggur því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 347).

30. Útvegsbankinn.

Á 54. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 11. marz 1930 (stjfrv., A. 260).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í þeim l., sem gilda um Útvegsbanka Íslands, er gert ráð fyrir, að bankanum stjórni 5 manna fulltrúaráð. En í þeim l. er ekkert ákvæði um kosningu varamanna í þetta ráð.

Nú hefir það viljað við brenna, að aðalmenn í bankaráðinu hafa forfallazt og ekki getað sinnt störfum í bankaráðinu um tíma. Sérstaklega var þetta áberandi í ár, vegna þess að um nokkurn tíma voru 2 af fulltrúaráðsmönnunum fjarverandi, án þess þó að ástæða væri til þess, að þeir segðu af sér störfum þess vegna og aðrir kæmu í þeirra stað.

Á síðasta vori var ákveðið að bæta úr þessari vöntun í l. með því að setja bráðabirgðal. um kosningu 5 varamanna í útvegsbankaráðið. Er frv. þetta staðfesting á þeim bráðabirgðal.

Vænti ég þess, að hv. þdm. geti fallizt á þetta frv., og að því verði svo að lokinni umr. vísað til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., 9. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 260, n. 274).

Frsm. (Erlendur Þorsteinsson): Fjhn. hefir tekið þetta mál til athugunar á fundi sínum og hefir ekki annað fundið athugavert en formsatriði, sem hún leggur til að breyta. Hér er um það að ræða, að kjósa skuli 5 varamenn í bankaráð með hlutfallskosningum, og er það sjálfsagt mál af þeim orsökum, sem grg. frv. telur. En fjhn. hefir orðið sammála um að leggja til, eins og stendur á þskj. 274, að í 1. gr. komi á eftir orðunum „marz 1930“: um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka, — og að við fyrirsögnina bætist: um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka. — Þetta er skýrara en frv. var. Um þetta þarf svo ekki að fjölyrða.

ATKVGR.
Brtt. 274,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 274,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv., með *fyrirsögninni:*

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 11. marz 1930, um Útvegsbanka Íslands h/f og um Íslandsbanka.

Á 59. *fundi í Ed.*, 13. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. *samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.*

Á 58. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 278).

Á 60. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, n. 331).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 356).

---

31. Vörusala og útflutningur.

Á 53. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um sölu og útflutning á vörum (stjfrv., A. 265).

Á 55. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

*Atvmrh. **(Ólafur Thors)**: Eins og hv. þdm. öllum er kunnugt um, hefir nú lengi verið í l. hér á Íslandi heimild fyrir ríkisstj. til að hafa a. m. k. takmarkað eftirlit með útflutningi framleiðsluvara landsins. Þetta var í öndverðu talið nauðsynlegt að lögfesta, sakir þess að eftir því sem þjóðin gerði verzlunarsamninga við fleiri af nágrannaþjóðunum, eftir því varð meiri nauðsyn til þess, að útflutningsverzlunin gæti runnið í vissa og alveg ákveðna farvegi.

Þessari íhlutun þess opinbera um útflutninginn hefir að undanförnu aðallega verið beitt í því skyni að fullnægja þeim þörfum, sem mismunandi verzlunarmagn í samningum við nágrannaþjóðirnar hverja fyrir sig hefir kallað á. Eftir að styrjöldin brauzt út þótti nauðsynlegt að kveða fastara á í þessum efnum og að heimila ríkisstj. aðra og meiri íhlutun um útflutninginn heldur en hún hafði þá l. samkvæmt. Í því skyni að ná þeim tilgangi voru gefin út bráðabirgðal. 29. ágúst 1939, og eru þau prentuð sem fylgiskjal með frv. Þetta var rétt eftir að ófriðurinn brauzt út á milli Þjóðverja og Pólverja, en áður en Englendingar tóku þátt í stríðinu. Þegar þessi l. voru gefin út, 29. ágúst, gat ríkisstj. ekki gert sér grein fyrir, hvernig rás viðburðanna yrði, en þóttist skilja, að ríkisstj. yrði að hafa meira íhlutunarstarf um þetta en áður. Eftir að ríkisstj. gat gert sér betur grein fyrir viðhorfinu, gaf hún svo út ný bráðabirgðal. L. frá 29. ágúst heimila að vísu ríkisstj. að banna að flytja út vörutegundir eftir því, sem hún telur nauðsynlegt. En þrátt fyrir þetta þótti þó æskilegt, að stj. fengi viðtækari heimild um þetta. Og þessi heimild var gerð með bráðabirgðal. þeim, sem nú er með þessu frv., sem hér liggur fyrir, leitað staðfestingar á.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. veiti því athygli, að viðskmrh. hefir ásamt konungi skrifað undir fyrri l., en aftur á móti atvmrh. undir síðari l., og fjalla bæði l. þó um útflutningsverzlun. Þetta er af því, að samkomulag varð innan ríkisstj. á milli útgáfu þessara l. um breyt. á verkaskiptingu. Það hafði verið svo áður en núverandi ríkisstj. tók við völdum, að þetta lá á valdi hennar. En eftir að viðskiptamálaráðuneytið var stofnað þótti rétt, að þetta heyrði undir viðskmrh. En þegar svo kom að því að gefa út þessi sérstöku l. og ríkisstj. var ljóst, að með þeim var ákveðið að staðbinda, að einhver ráðh. hefði allt vald yfir og eftirlit með útflutningnum, þá þótti rétt, að það væri atvmrh., vegna þess að fiskimálan., síldarútvegsn. og aðrar slíkar útflutningsn. heyra undir atvinnumálaráðuneytið. Þetta var því fremur talið rétt, þar sem ákveðið var, að undir viðskmrh. væri látið falla annað mikið verkefni, sem er yfirstjórn allrar vöruskömmtunar í landinu. — Mér þótti rétt að gera aðeins grein fyrir þessu um leið og málið fer til 1. umr.

Þetta frv. fer fram á, eins og hv. þdm. er ljóst, að ríkisstj. hafi heimild til þess að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu eða selja til útlanda eða flytja úr landi nema með leyfi ríkisstj. Og ennfremur getur ríkisstj. ákveðið, að engir megi bjóða til sölu, selja til útflutnings eða flytja vörur úr landi aðrir en þeir, sem til þess hafa fengið sérstaka löggildingu ríkisstjórnarinnar. Þessi heimild 3. gr. hefir ekki verið notuð, og verður sjálfsagt ekki notuð að óbreyttum kringumstæðum.

Þetta má segja, að sé aðalkjarni l., að því viðbættu, að ríkisstj. hefir samkv. frv. heimild til þess að fela sérstaklega þar til kjörinni n. að

fara með þetta vald fyrir hönd ríkisstj. Samkv. þessu hefir verið skipuð 5 manna útflutningsn., sem hefir þetta starf með höndum í samráði við atvmrn.

Ég tel á þessu stigi málsins ekki ástæðu til að fara langt út í að ræða tilgang frv. eða hitt, að hvaða gagni þessi lagasetning nú þegar hefir komið, en vil þó aðeins víkja að því, að í fyrsta lagi er það náttúrlega tilgangurinn að hafa eftirlit með útflutningnum, eins og gert var samkv. eldri lagaákvæðum, þ. e. að veita ríkisstj. með þeim aðstöðu til þess að hafa þá íhlutun um útflutninginn, sem nægir til þess að fullnægja verzlunarsamningum, sem ríkið á ýmsum tímum hefir verið búið að gera við aðrar þjóðir.

En annar tilgangur með þessari lagasetningu er að tryggja, að útflutningsn. geti haft hönd í bagga um útflutninginn í því skyni að leiðbeina mönnum um verðlag. Útflutningsn. varð þess vör, að útflytjendur sóttu um leyfi til að selja vörur langt undir því verði, sem útflutningsn. hefir verið kunnugt um, að hægt væri að ná. Útflutningsn. hefir þá aðstoðað þessa menn til þess að ná miklu hærra verði en annars hefði verið hægt að ná, bæði beint og óbeint. Gagnsemi n. hefir komið verulega fram þannig, að menn, sem mundu hafa verið ánægðir með að selja vöru sína til útlanda fyrir svo eða svo lágt verð, hafa fyrir starf útflutningsn. fengið hærra verð fyrir sína vöru, og það án þess að fara beint til n., heldur með því að vita, hvað aðrir hafa fengið fyrir vöru sína. Og aldrei er meiri þörf á slíkum leiðbeiningum heldur en einmitt á þessum tímum, þegar verðsveiflur hafa orðið svo stórfelldar og snöggar af völdum ófriðarins.

Viðvíkjandi útflutningnum verðum við að hafa hliðsjón af því, hvar helzt er að afla nauðsynja til lífsviðurværis og áframhaldandi framleiðslu- og viðskiptastarfsemi. Allt mun þetta þó betur koma í ljós í framtíðarstarfsemi n. heldur en nú liggur fyrir. Loks verður útflutningsnefnd að hafa hliðsjón af þeim þörfum, sem skapast vegna þeirra takmarkana, sem útflutningnum eru settar af völdum ófriðaraðila.

Ég skal svo ekki frekar ræða um tilgang og starfsemi útflutningsnefndar. Ég vildi aðeins taka það fram, að hennar verkefni eru mörg og vandasöm, og það var ekki auðleikinn leikur, sem hennar beið, þegar hún í upphafi þurfti að taka ákvörðun um það t. d., að hve miklu leyti ætti að fullnægja samningum, sem búið var að gera um sölu, en ekki var búið að fullnægja.

Af því, sem ég nú hefi sagt, er það auðsætt, að verkefni n. eru mörg, en ég held, að það megi með sanni segja, að henni hafi tekizt, það sem af er, að stýra giftusamlega í þessum efnum, og hún hefir átt mikinn þátt í að bjarga fyrir landsmenn þó nokkrum fjármunum, sem annars hefðu farið forgörðum.

Ég get sagt það, ekki aðeins fyrir hönd ríkisstj., heldur annara þeirra, sem hafa hagsmuni af útflutningnum, að það eru tengdar miklar vonir við það, að gagn hljótist af þessari starfsemi. Og ég vænti þess, að Alþ. taki þessu máli vel.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að málinu verði vísað til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 265, n. 282).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*Frsm. (Thor Thors): Í þessu frv. eru ákvæði tveggja bráðabirgðal., sem ríkisstj. setti á síðasta sumri, eftir að líkindi voru öll til þess, að ófriður mundi skella á, og síðari l. reyndar eftir að ófriður var skollinn á í Norðurálfu.

Það er ákveðið í þessu frv., eins og líka var í bráðabirgðal., að ríkisstj. skuli hafa heimild til þess að hafa íhlutun um sölu á íslenzkum afurðum erlendis og að það þurfi sérstakt útflutningsleyfi til þess að mega senda vörur úr landi. Þessa íhlutun hefir ríkisstjórnin fengið í hendur sérstakri n., sem skipuð var á síðasta hausti. Útflutningsn. hefir samband við alla þá, sem rekið hafa verzlun og óska að reka hana, og þeir annast sjálfir útflutning varanna, en þó eftir sérstöku leyfi frá útflutningsn.

Í öðru lagi hefir starf n. verið að leiðbeina mönnum um verðlag á vörum erlendis, og það starf n. hefir borið verulegan árangur, þannig að fyrir það hafa ýmsir útflytjendur fengið hærra verð fyrir sínar vörur en líkur eru til, að annars hefði orðið.

Þar sem sérstakt ástand ríkir nú í viðskiptamálum vegna ófriðarins og verðsveiflur eru allmiklar og tíðar, telur allshn., að íhlutun ríkisstj. verði framvegis að vera um þetta eins og verið hefir, og leggur því til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 265).

Á 64. fundi í Ed., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 265, n. 315).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og er shlj. bráðabirgðal., sem gefin voru út 12. sept. síðastl.

Allshn. hefir lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. En síðan n. skilaði áliti, hefir hún fengið bendingu frá ríkisstj. um lítilsháttar breyt. við 1. gr. frv., og hefir n. það nú til athugunar og mun sennilega flytja litla brtt. við 3. umr.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. Það er ein af þeim ráðstöfunum, sem nauðsynlegt hefir verið að gera vegna styrjaldarástandsins, og liggur ákaflega ljóst fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 265, 340).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 340. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 340 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 70. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 346).

Á 72. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 367).

32. Verðlag á vörum.

Á 53. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum (stjfrv., A. 262).

Á 55. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Það var fyrst með l. nr. 70 frá 31. des. 1937, sem ríkisstj. var heimilað að skipa verðlagsn. til þess að hafa eftirlit með verðlagi á vörum. 14. október 1938 var þessi heimild notuð til þess að skipa verðlagsn., og hefir hún starfað síðan.

Ég ætla ekki að gefa nú neitt nákvæmt yfirlit um starf þessarar n., en ætla að minnast á það með fáum orðum um leið og frv. þetta kemur hér til 1. umr.

Þessi n. hefir einkum starfað eftir að breyt. varð á gengi ísl. krónunnar, og beitti n. þá starfi sínu til þess að reyna að halda niðri verðhækkun þeirri, sem tilhneiging var um, að kæmi fram. N. notaði aðallega tvær aðferðir til þess. Annarsvegar ákvað hún hámarks-álagningu á nokkrar tegundir erlendra vara, og þá helzt vörur, sem minna framboð var á en eftirspurn eftir, svo sem búsáhöld og flestar tegundir byggingarvara.

Að öðrum þræði starfaði n. þá í sambandi við iðnfyrirtæki, sem hér starfa, og óskaði eftir, að þau hækkuðu ekki verð á sínum framleiðsluvörum. Hafa þessi fyrirtæki tekið vel till. og óskum n., og hafa ekki verðbreyt. orðið á innlendum iðnaðarvörum síðan n. tók til starfa nema þannig, að n. hafi verið kunnugt um það áður og hún hafi getað skapað sér skoðun um, hvort verðhækkunin væri eðlileg. Ég hygg, að starf þessarar n. hafi átt töluverðan þátt í því, að verðbreyt. á vörum vegna gengisbreyt. krónunnar hefir orðið minni en jafnvel þá bjartsýnustu óraði fyrir. Að vísu kemur það líka til greina, að vörur, sem til voru í landinu, þegar gengisbreyt. varð, — og var það réttmætt — voru flestar seldar með verði, sem eldri gengisskráningin skapaði. Þó munu þær vörur, sem þá voru til, skammt hafa hrokkið, og mundi verðhækkun skjótt hafa komið til greina, ef ekki hefði verið samvinna milli n. og innflytjenda um vöruverðið. Verðlagsbreyt. hafa orðið þær, að sé miðað við, að framfærslukostnaður hafi verið 100 í janúar 1939, þá var hann 1. júní síðastl. 102. En frá því í apríl, þegar gengisbreyt. varð, varð verðlagsbreyt. enn minni, því að þá var framfærslukostnaðurinn, miðað við 100 í jan. síðastl., 101,85. Frá því í apríl og þangað til 1. júní er breyt. því sama sem engin á framfærslukostnaðinum.

Eins og ég gat um, hafði verið samvinna með verðlagsn. og iðnfyrirtækjum, og flest þeirra fyrirtækja höfðu ekkert hækkað verð á sínum vörum.

Ef við tökum 1. sept. 1939, þá kemur í ljós samkv. uppgjöri hagstofunnar, að það magn af matvöru, sem 1. sept. 1938 kostaði 1670.00 kr., kostaði 1. sept. 1939 1676.00 kr., eða m. ö. o. alveg sama og áður. Þá hefir verðhækkun ekki orðið á þessum tíma. Og húsaleiga hefir staðið í stað samkv. gengisl. En síðan hefir orðið verðhækkun. Verðlagsn. hefir reynt að hafa hönd í bagga um, að hún yrði ekki meiri en eðlilegt hefir verið vegna hins hækkaða innkaupsverðs og hækkunar á flutningsgjöldum.

Það hefir verið mjög mikill stuðningur að því í starfi n. nú eftir að verðhækkun hefir orðið óhjákvæmileg, að hún var búin að starfa þetta langan tíma áður en ófriðurinn brauzt út. Bæði gat hún gert ákvæði, sem gátu staðizt um ýmsar vörutegundir, og líka var hún búin að kynnast verkefnunum eins og þau lágu fyrir. Og þess vegna hefir n. orðið miklu meira ágengt í starfi sínu en orðið hefði, ef hún hefði verið sett á laggirnar þá fyrst er ófriðurinn brauzt út.

Mér er óhætt að segja, að samvinnan milli n. og atvinnurekenda hefir verið góð. N. hefir notað þá aðferð, að setja ekki verðlagsákvæði, heldur fá samkomulag um verðið. Í stríðsbyrjun skoraði n. á innflytjendur að breyta ekki vöruverði

nema í samráði við hana. Og í sambandi við iðnrekendur hygg ég að hún hafi gert það sama.

Þegar svo er komið, að meginið af vöruverði er borið undir n., þá er starf hennar orðið mjög umfangsmikið. Og það er vitanlega ekki ætlazt til, að það sé svo yfirleitt. En á þessum tímum, þegar verðbreyt. eru miklar og hætta er á, að menn búi ekki við eðlilegt verðlag, þá er ekki hægt hjá þessu að komast. En því er ekki hægt að neita, að þessu fylgir gífurlegur vandi fyrir n.

Þessi breyt., sem hér liggur fyrir á 1. um verðlagsn., er bein afleiðing af ófriðarástandinu. Og breyt. er sú, að óheimilt sé að breyta álagningu á vörum, sem eru af gömlum vörubirgðum, nema með sérstöku leyfi n. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir, að eldri vörubirgðir, sem til eru í landinu, hækki í verði í einu vetfangi upp í það verð, sem verður á vörum, sem aðfluttar eru eftir að verðhækkun er skollin á. Frá þessu hefir n. heimild til að gefa undanþágur, þegar sérstaklega stendur á.

Ég vildi mælast til þess, að þessu frv. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., hvort ekki væri hægt að koma því þannig fyrir, að formaður verðlagsn. gæti haft þetta starf eingöngu. Það er kvartað um, hve afgreiðsla frá n. sé sein. Og það er ekki hægt úr því að bæta nema með því, að formaður n. eða einhver af nefndarmönnunum geti starfað að þessu máli eingöngu, einhvern tíma dagsins a. m. k.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég tók það fram, að starfið í verðlagsn. hefir farið stórkostlega vaxandi síðan ófriðurinn brauzt út, og það hefir þar af leiðandi verið fjölgað starfsmönnum þar. Og formaður n., sem nú starfar hjá öðru fyrirtæki, mun hafa verið við starfið í verðlagsn. alveg eftir hádegi nú um skeið. Það má athuga, hvort hann getur ekki starfað að þessu enn meira. En á því, að hann starfi eingöngu að þessu, er sá hængur, að þetta er aðeins bráðabirgðaráðstöfun, að starf verðlagsn. sé svona mikið. Það getur orðið óþægilegt fyrir stofnunina, sem hann vinnur hjá, og líka fyrir hann að segja upp starfi sínu. En úr þessu mætti bæta með því að auka starfskrafta n. að öðru leyti. En ég hygg, að n. sé bráðum komin út úr því versta um annríkið, þannig að það muni kannske geta tekizt að halda starfi n. gangandi með þeim mannafla, sem n. hefir nú yfir að ráða. En að sjálfsögðu er rétt að taka það til athugunar, hvort störf hennar ganga nógu fljótt.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 262, n. 284).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Þetta frv. um breyt. á l. um verðlag á vörum er shlj. bráðabirgðal., sem gefin voru út 6. okt. síðastl.

Tilgangurinn með þessum l. er að hindra það, að álagning á vörur verði prósentvís hækkuð eftir að stríðið hófst, nema með sérstöku leyfi verðlagsn.

Allshn. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., 16. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 262, 292).

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég vil aðeins geta þess, að allshn. hefir flutt brtt. (á þskj. 292) um, að fyrir orðin „1. sept. síðastliðinn" komi: 1. sept. 1939. Brtt. er smávægileg, en kveður þó nánar á um, við hvað er átt.

ATKVGR.
Brtt. 292 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., 17. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 298).

Á 65. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Árið 1937 voru sett lög, sem heimiluðu ríkisstj. að setja hámarksverð á vörur eða ákveða hámarksálagningu, að fengnum till. verðlagsnefndar. Samkv. þessum lögum var nefnd skipuð 1938, en það er ekki ætlun mín að rekja störf verðlagsnefndar hér. Í lögunum frá 1937 er stj. aðeins heimilað að ákveða hámarksverð og hámarksálagningu á vörum, en ef frv. þetta verður samþ., er bannað að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist fyrir 1. sept. síðastl., nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar. Þetta ákvæði þótti nauðsynlegt vegna þess ástands, er skapazt hefir af völdum stríðsins, til þess að fyrirbyggja, að vörur, sem keyptar voru og greiddar með fyrirstríðsverði, væru hækkaðar óeðlilega, og um leið gerir það verðlagsnefnd hægara að hafa eftirlit með vöruverðinu.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv., en vil leyfa mér að óska þess, að því verði vísað til allshn. að umræðu lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 298, n. 352).

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Frv. þetta er komið frá Nd. og er eitt af bráðabirgðalögum stjórnarinnar. Nefndin hefir haft frv. þetta til

athugunar og hefir ekki talið ástæðu til þess að gera á því neinar breytingar. Leggur nefndin því til, að frv. verið samþ. óbreytt.

Nefndin gat að vísu látið sér detta í hug að bera fram ýmsar breytingar á frv., sem komið gætu til greina, en þar eð hún fékk vitneskju um, að ef til vill væri von á nýju frv., er fæli í sér þær breytingar, sem nefndin hafði hugsað sér, ákvað nefndin að mæla með því, að frv. yrði samþ. óbreytt, og bíða átekta um það, hvað síðar kynni að koma fram.

Ég tel svo ekki þörf á að fara fleiri orðum um frv. af hálfu nefndarinnar, en vænti þess, að frv. *nái samþykki hv. deildar.*

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 395).

---

33. Verkamannabústaðir.

Á 53. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði (stjfrv., A. 264).

Á 54. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., 8. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Í sambandi við stj.myndunina á síðastl. vori var ráðstafað fé því, er ætlað var til sjóða verkamannabústaða, með það fyrir augum, að hægt yrði á þessu og næsta ári að byggja að verulegu leyti verkamannabústaði í kaupstöðum landsins. Í samræmi við það, sem búizt var við um framkvæmdir, voru 27. maí 1939 sett bráðabirgðal., er gerðu lítilsháttar breyt. á l. um verkamannabústaði. Þetta frv. liggur nú fyrir hv. d., og tel ég rétt að víkja að því nokkrum orðum.

Í grg. fyrir setningu bráðabirgðal. er tekið fram, að ríki og bæjarsjóðir leggi fram talsverða fjárhæð til styrktar byggingarfélögum verkamanna. Þetta kemur þannig fram, að í kaupstöðum, þar sem verkamannabústaðir eru reistir, leggja kaupstaðirnir fram 2 krónur á hvern íbúa, en ríkið sömu upphæð. Þessar tekjur hafa runnið að nokkru leyti frá ágóðanum af *tóbakseinkasölunni.* Nú er það svo, að samkv. l. þurfa þeir, er fá bústaðina, ekki að greiða meira en 5% á ári í vexti og afborganir, en byggingarsjóðirnir hafa orðið að taka lán til starfseminnar, og nemur sú lánsupphæð nú 300 þús. kr., tekin með 6% vöxtum. En raunverulega eru þeir vextir, sem þeir greiða, er fá verkamannabústaði, aðeins 4%, því að afborganirnar, sem miðaðar eru við 40 ára tímabil, munu nema sem svarar réttu 1% á tímabilinu. M. ö. o., sjóðirnir, sem fá nokkur lán frá kaupstöðunum og ríkinu, veita beinan styrk til verkamannabústaðanna. Þá er þess getið í grg. brbl., að þessi félög njóta hlunninda í því, að ríkissjóður ábyrgist öll lán þeirra, en bæjarfélögin eru þar í bakábyrgð. Auk þess lætur ríkið, samkv. l., sjá *um ókeypis teikningar af verkamannabústöðum* annaðhvort á skrifstofu húsameistara ríkisins eða þá þannig, að ríkið greiðir fyrir teikningarnar, ef þær eru gerðar annarstaðar. Auk þess hefir ríkið greitt fyrir eftirlit með byggingunum. Ríkinu hlýtur því að vera það talsvert áhugamál, að rekstur þessara félaga sé sem beztur. Því var sú skipan gerð með brbl., að ráðh. skyldi skipa formenn félaganna, er rétt hafa til að fá lán úr ríkissjóði. Auk þess var kveðið á um það, hvernig stj.kosning ætti að fara fram í félögunum. Það er auðskilið, að ríkið á hagsmuna að gæta í sambandi við félögin og að því séu full rök til þess, að ríkið hafi trúnaðarmenn í slíkum félögum, er líti eftir rekstri þeirra. Það er líka kunnugt úr ýmissi löggjöf síðari ára, að formenn nefnda og stjórna, er framkvæma hluti, *sem snerta hagsmuni ríkisins, eru skipaðir af* ráðuneytinu, t. d. formenn fræðslun. og skólan. Stjórnir vinnumiðlunar í bæjum eru að nokkru leyti kosnar af bæjarstj., en að nokkru af félögum verkamanna, en ráðh. tilnefnir formann, og eins er um stj. sjúkrasamlaga. Því var eðlilegt frá almennu sjónarmiði, að ríkið gerði þessa ráðstöfun. En það hefir líka komið á daginn, að þess var full þörf. Starfsemi sumra byggingarfélaga hefir ekki verið rekin svo vel sem skyldi. Ég get nefnt það, að á Akureyri hefir starfað byggingarfélag verkamanna í 10 ár. Hafa á þessum tíma verið haldnir einir 3 aðalfundir, auk stofnfundar, og aðeins 5 stj.fundir. Félagið hefir ekki haldið uppi eðlilegum félagsskap, og hafa framkvæmdir orðið eftir því. Hafa að vísu verið byggð nokkur hús, en skipulagslítið *og ekki í samræmi við fyrirmæli l.* Það hefir því komið á daginn, að full ástæða var til að gera þessa breytingu.

Þá skal ég geta þess, að út af þessari löggjöf hefir orðið nokkur úlfaþytur meðal kommúnista, sérstaklega í Reykjavík. Þeir gerðu mikla aðför að lagasetningunni, töldu hana óeðlilega og rangláta. Ástæðan var eingöngu sú, að þeir vildu einoka undir félagsskap, er þeir stjórnuðu, alla byggingu verkamannabústaða í Reykjavík. Þetta var því ekki af umhyggju fyrir verkamannabústöðunum sjálfum. Og sjálfsagt var ekki ástæða til, að sá flokkur hefði á hendi framkvæmdir í þessu máli, sem mest gys hafði gert að löggjöfinni og kallað hana umbótakák, sem litlu góðu hafi til leiðar komið. Auk þess hefir borið á því í þessu sem öðru starfi kommúnista, að gætt hefir þar mikils misréttis og ranglætis. Til dæmis um það er, að í verkamannabústöðunum vestur frá voru haldnir kommúnistiskir kliku-

fundir í litlum sal, sem þar er, en þegar aðrir stjórnmálaflokkar fóru fram á að fá að nota salinn til funda, þá var því neitað. Þetta er aðeins eitt dæmi. Ég taldi því ekki ástæðu til í þessu máli frekar en öðrum að taka aðfinnslur kommúnista til greina, enda eru aðfinnslur þessara manna sízt reistar á umhyggju fyrir þjóðarhag, — þessara manna, sem daglega berjast fyrir ríki úti í heimi á kostnað síns eigin lands og skirrast ekki við að koma óorði á land sitt og þjóð, ef þeir halda, að það sé vel séð af einræðisríki í Austur-Evrópu.

Ég get líka fullyrt, að löggjöfin hefir orðið að miklu gagni. Nýtt byggingarfélag verkamanna hefir risið upp í Reykjavík, því að sú fámenna klíka, sem réð lögum og lofum í Byggingarfélagi alþýðu, vildi ekki beygja sig undir l., þrátt fyrir það, þó að þeim væri gefinn kostur á að fylgja settum reglum. Annars hygg ég, að það hafi ekki orðið að skaða, að aðrir menn færu hér með framkvæmdir. Við tilkomu nýs formanns í byggingarfélaginu á Akureyri hefir verið hafizt handa um að undirbúa byggingar. Á að byrja á þeim í sumar, og verða það hinir myndarlegustu verkamannabústaðir. Hinir, sem áður höfðu verið reistir, voru mjög ófullkomnir og dreifðir víða um bæinn, skipulagslaust. En samkv. skipulagningu þeirri, sem nú hefir verið gerð, á að rísa fagurt verkamannahverfi á Oddeyri með nægu landrými og leikvöllum fyrir börn. Í Reykjavík var það svo, að hina nýju bústaði átti að setja niður í kvos eða dæld í Austurbænum, á ljótum stað, þar sem um ekkert landrými var að ræða, en hið nýja byggingarfélag hefir fengið því áorkað, að þeir verða nú reistir á einum fegursta stað í bænum.

Ég álít því, að ástæðurnar fyrir setningu brbl. og framkvæmdirnar, sem á eftir koma, séu þannig, að sýnt sé, að l. voru eðlileg og sjálfsögð, og því sé rétt, að málið fái hér afgreiðslu. Sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta frv. En hinsvegar gæti það verið til athugunar fyrir n. þá, er fær málið til meðferðar, hvort ástæða væri til að gera breyt. á fleiri ákvæðum laganna.

Legg ég svo til, að málinu verði vísað til allshn.

***Héðinn Valdimarsson:** Það var auðheyrt í málafærslu hv. síðasta ræðumanns, að þetta frv. stendur ekki sterkum fótum, sem hann ber fram, enda munu fá frv. hafa komið fram á Alþingi, er mætt hafa jafnalmennri mótstöðu og fyrirlitningu innan svo að segja hvaða stjórnmálaflokks sem er. Enda er það svo, þegar farið er að rekja sögu málsins, að þá kemur í ljós, að þetta frv. er eitt bezta dæmið um þá leiðu spillingu í pólitík hér á landi, sem látið var í veðri vaka, að ætti að uppræta við myndun þjóðstj., en hefir einmitt þrifizt vel í þeim herbúðum, þar sem einstakir ráðh., eins og t. d. þessi, sem ekki er kosinn með vilja síns flokks, og er auk þess ekki þm., nota stöðuna til þess að skara eld að sinni köku, og á ég þar þó einkum og sér í lagi við þennan ráðh. Þeir hafa setið áfram að þeim beinum, sem þeir höfðu fyrir, en reyna svo auk þess að festa sig í sessi, hvað sem líður hagsmunum fólksins, sem þeir eiga að vera fulltrúar fyrir.

L. um verkamannabústaði mættu í upphafi talsverðri andstöðu, einkum sjálfstæðismanna, en Alþfl. bar þau fram, og var ég aðalflm. og hefi jafnan haft manna mest með málið að gera. En þegar l. fengust samþ. með aðstoð Framsfl., var stofnað byggingarfélag hér í Reykjavík. Fyrstu meðlimir þess félags voru aðallega alþýðuflokksmenn. Síðar, er framkvæmdir félagsins tóku að verða vinsælar, þá tóku menn af öllum flokkum að ganga í félagið. Innan félagsins varð enginn reipdráttur um málin. Var byggt fyrir samtals 2 millj. króna, og hefir ekkert tapazt á rekstrinum. Hefir félagið og gætt þess eftir föngum, að menn stæðu í skilum, þó að hlífzt hafi verið við því í lengstu lög að ganga að mönnum. Árið 1938 er enn verið að reyna að fá fé til félagsins, því að fé hafði áður verið tekið nokkuð fyrir sig fram við byggingar á undanförnum árum. Höfðu verið tekin lán, aðallega hjá liftryggingarfélögunum, gegn lágum vöxtum. Var gert ráð fyrir, að unnt myndi verða að hefja byggingar á ný þegar á þessu ári.

Hv. síðasti ræðumaður skýrði þannig frá þessu, að í sambandi við þjóðstjórnarmyndunina hefði verið ákveðið, hve miklu fé skyldi verja til byggingganna, og er ekki nema gott um það að segja út af fyrir sig.

Ég skal nú rekja gang málanna að því er snertir félag það, er ég hefi verið formaður fyrir. Það endurtekur umsókn sína um það leyti, sem Magnús Sigurðsson bankastjóri var farinn til útlanda, en fyrir hann hafði þá verið settur Stefán Jóh. Stefánsson, hv. síðasti ræðumaður, sem þá var orðinn ráðherra. Hann frestaði að skýra frá því, hvort félagið fengi byggingarlánið eða ekki. Hefði um það verið að ræða, að breyta þyrfti fyrirkomulagi félagsins, var nægur tími til, þegar vitað var að átti að byggja, að bera fram frumvarp þar um á þessu þingi. Það var ekki gert. Þessi hv. ræðumaður og örfáir aðrir menn, sem höfðu horn í síðu félagsstjórnarinnar, ákváðu að breyta um hana. Ef það tækist, átti allt að heita gott, ef ekki, átti það fyrirkomulag að dæmast ómögulegt, sem ekki hafði áður verið að fundið.

Í gildandi lögum um verkamannabústaði er svo um hnútana búið, að *eftirlit er nægilegt*. Ekkert samvinnufélag á landinu er háð sliku eftirliti sem þetta. Bæði er til þess ætlazt, að byggingarsjóðurinn hafi eftirlit í kaupstöðunum með byggingarfélögunum þar, og svo er um þetta aðalbyggingarfélag hér búið, að reikningarnir lágu allir fyrir byggingarsjóðsstjórn, auk þess sem sérstakur eftirlitsmaður, Bjarni Benediktsson prófessor, kynnti sér reikninga félagsins, sat aðalfund og aðgætti, hvort íbúðunum væri rétt úthlutað, en þar er farið eftir töluröð félagsmanna.

Ég tel rétt að skýra nokkuð ástæðuna fyrir því, að síðasti ræðumaður vildi koma þessu félagi fyrir kattarnef. Það er ekki af öðru en litilmótlegri hefnigirni. Þegar skiptingin varð í Alþfl. síðastl. vetur, er kunnugt, að mikill hluti verkamanna hér í bænum snerist á móti meiri hl. sambandsstjórnarinnar, og þannig varð það

einnig innan byggingarfélagsins. Þetta þurfti ekki að koma neitt nálægt byggingarmálunum. Menn borga nokkurnveginn það sama til byggingarfélagsins, hvaða stjórnmálaskoðun sem þeir hafa. Fyrir mann með svipuðu hugarfari og síðasti ræðumaður var það fyrir neðan allar hellur, að láta viðgangast, að í félagi, sem stofnað var af Alþfl.-mönnum, væru langflestir á móti þeirri stjórnmálastefnu, sem hann hafði tekið. Móti því átti að koma, að ef þessir menn vildu ekki sætta sig við sjónarmið síðasta ræðumanns, þá átti að svipta þá þeim rétti, sem þeir voru búnir að vinna sér, á sama hátt og þessi hv. ræðum. og hans flokksmenn hafa beitt þá atvinnukúgun.

Það kom eins og þruma úr heiðskíru lofti, þegar þessi ógeðslegu brbl. voru sett. Svo sýndi það sig, að það, sem með þeim átti að nást, náðist ekki, því lögfræðingsvitið hefir brugðizt, þegar þau voru samin. Vil ég skýra það nánar.

Sú breyting, sem gera átti á byggingarfélaginu, var: Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð 5 mönnum (í stað 3), og skal formaður stjórnarinnar skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarnefndarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum 4. tölul. þessarar greinar, — þ. e. a. s., af þeim félagsmönnum, sem ekki hafa hærri árstekjur en 4—5 þús. kr., eftir barnafjölda þeirra, en það eru þeir menn, sem geta eignazt verkamannabústaði.

Það er ljóst, enda ekki leynt með það farið af þeim, er að lögum þessum stóðu, að þau eru aðeins gerð til þess að koma mér úr stjórninni, en koma að manni af lögfræðingsskrifstofu ræðumanns. En svo þegar stjórnin er á ný kosin eftir hinum breyttu samþykktum félagsins, þá eru allir hinir sömu menn kosnir í stjórnina aftur. Og þar er það, sem fram kemur, að lögfræðingsvitið hefir brostið. Í l. er sem sé aðeins talað um kosningarrétt, en ekki minnzt á kjörgengi.

Þegar brbl. þessi komu út, hafði verið um þau ritað í Alþýðublaðinu og víðar, og var öllum ljóst, við hvað þau áttu. Nokkrar árásargreinar á félagið höfðu verið birtar í Alþýðublaðinu til að undirbúa komu l., þar á meðal sú slúðursaga, að kommúnistar hefðu haldið fund í fundarsal verkamannabústaðanna. En þetta er hreinasta skröksaga, enda hefir þessum sögum verið hrundið af dómstólunum og ummæli Alþýðublaðsins því dauð og ómerk og allar þær forsendur því úr sögunni. Hjá félagsmönnum mættu þessar aðfarir almennri mótstöðu, án tillits til stjórnmálaskoðana þeirra. Aðeins nokkrir menn, sem sérstaklega eru innundir hjá ræðumanni, eða njóta bitlinga hjá honum, munu hafa litið öðrum augum á þetta mál, án þess að farið skuli út í það. En ég veit, að sérstaklega meðal sjálfstæðismanna í byggingarfélaginu var almenn fyrirlitning á þessum lögum.

Þá kom bréf frá hv. síðasta ræðumanni, ekki sem félagsmálaráðh., heldur sem formanni byggingarsjóðsstjórnarinnar í fjarveru Magnúsar Sigurðssonar. Það er dags. 6. júní, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það upp. Það er á þessa leið:

„Á fundi í gær samþykkti stjórn byggingarsjóðs verkamanna að svara lánbeiðnum byggingarfélags alþýðu í Reykjavík á þá leið, að félagið muni geta fengið umbeðið lán til byggingar verkamannabústaða í Reykjavík á þessu ári, allt að kr. 650000.00, að sjálfsögðu að því tilskildu, að félagið hlíti bráðabirgðalögum frá 27. f. m. um breyt. á lögum um verkamannabústaði, nr. 3 9. jan. 1935, og óskar stjórn byggingarsjóðsins, að félagið hafi fyrir 15. þ. m. kosið stjórn í samræmi við fyrrgreind bráðabirgðalög, til þess að geta fengið lán úr sjóðnum. Þetta tilkynnist yður hér með."

Það, sem því liggur fyrir, eru brbl. og þetta bréf frá stjórn byggingarsjóðs. Ég þykist vita, að lagasmiðurinn hafi búizt við, að ekki yrði nema um tvennt að ræða í þessu máli. Annaðhvort að menn beygðu sig undir hans vilja og stjórnmálalegu forsjá, eða þeir mundu ekkert fá af þessu láni. Ég vil geta þess, að mér var skýrt frá því af þm. stjórnarflokkanna, a. m. k. þm. úr Sjálfstfl. og Framsfl., að l. höfðu ekki á neinn hátt verið borin undir þá. Lögin voru því eingöngu borin fram af þessum hv. ráðh., án þess að þar stæði á bak við nokkur þingvilji. Er einkennilegt að koma með brbl. um ekki meira mál, meðan Alþingi er frestað. Þegar haldinn var almennur fundur um málið í félaginu, kom þar fram sterk andstaða við þessa íhlutun félagsmálaráðh., þar sem svo var frá félaginu gengið, að engin ástæða var til íhlutunar ríkisstj. frekar en um hvert annað samvinnufélag á landinu væri að ræða. Ef byrja ætti á sömu aðförum við þau eins og þetta félag, mundi fara svo, að ríkisstj. heimtaði að fá að skipa formenn allra samvinnufélaga úr sínum hópi, þar sem ræða má um bæði beinan og óbeinan stuðning, sem samvinnufélögin fá, en út í það skal ég ekki fara hér.

Jafnframt því, sem ákveðið var á fundi byggingarfélagsins að samþykkja almenn mótmæli gegn brbl., var ákveðið að breyta samþykktum félagsins til samræmis við þau, svo að félagið gæti haldið áfram að byggja fyrir menn, og þar með notfæra sér fengna reynslu félagsmanna. Stjórnarkosning fór því næst fram, og voru kosnir allir sömu mennirnir og áður, svo ekki var um að ræða, að skipting manna í stjórnmálaflokka réði þar nokkru um. Hér varð félagið þó raunverulega að brjóta sínar eigin samþykktir, því samkvæmt þeim er ekki hægt að breyta lögum félagsins nema á aðalfundi, en þar sem ekki var hægt að halda áfram starfsemi félagsins nema brbl. væri fylgt, var ályktað, að þar væri um óviðráðanlegar orsakir að ræða og breytingin skyldi því teljast lögleg, þótt hún væri gerð á almennum fundi. Breytingin varð því sú, að 5 manna stjórn skyldi verða í félaginu og formaður skipaður af félagsmálaráðh., en jafnframt því samþykkt mótmæli og skorað á þingið að fella brbl. Voru hinir 4 stjórnarnefndarmenn kosnir af hluttækum félagsmönnum eingöngu.

Þá er það, sem félagsmálaráðh. fer að fetta fingur út í: Að félagið ákveður, að þessar breytingar á samþykktunum, sem gerðar eru á ólöglegum tíma, skuli ekki gilda, ef ekki fáist lán til

félagsins eða brbl. falli úr gildi, eða að samþykkt með þessum áorðnu breytingum nái ekki samþykki hlutaðeigandi aðila, sem er fyrst og fremst byggingarsjóður og síðan ráðuneytið. Á þessu byggir svo félagsmálaráðh. mótmæli sín, segir, að þarna sé verið að setja skilyrði. Hvernig á að hugsa sér, að félag, sem er hreint samvinnufélag, en neytt til þess að breyta samþykktum sínum, að það setji þá engin skilyrði til að fyrirbyggja, að það verði svikið af þeim aðilum, sem það á að fá lánið hjá? Og til hvers á að breyta samþykkt, ef það fær ekki lán, staðfesting samþykktanna fæst ekki, eða brbl. verða felld? Meðan þau eru aðeins brbl., eru þau á ábyrgð þess manns, sem gaf þau.

Þá var ákveðið, að stjórn félagsins skuli kjósa á þessum sama fundi. Var ekki nema tæpur mánuður frá því að stjórn hafði verið kosin á aðalfundi á venjulegan hátt. Einnig var samþ., að þar til ný stjórn væri kosin, skyldi gamla stjórnin fara með völd. Skilyrði byggingarsjóðs fyrir láninu voru þau, að stjórnin væri kosin fyrir 15. júní, en fundurinn var haldinn 13. júní, en boða verður fund með 2 daga fyrirvara, svo ekki var hægt samkvæmt samþykktunum að halda fund síðar. Enda varð ekkert til tíðinda á fundinum fyrr en búið er að samþykkja lagabreytinguna, að þá stendur upp Stefán Jóh. Stefánsson, sem mætti þarna sem heilög þrenning, sem félagsmálaráðh., formaður byggingarsjóðs og félagsmaður, og les upp bréf, sem hann hafði fram til þess tíma vandlega hulið. Bréfið var til byggingarfélags alþýðu, og skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp, — það er ekki langt:

„Ráðuneytið hefir í dag ritað cand. jur. Guðmundi I. Guðmundssyni bréf, svo hljóðandi: „Samkvæmt 2. gr. bráðabirgðalaga frá 27. maí s. l., um breyt. á lögum nr. 3 9. jan. 1935, eruð þér, herra lögfræðingur, skipaður til næstu 3 ára formaður þess byggingarfélags í Reykjavík, er rétt hefir til þess að fá lán úr byggingarsjóði verkamanna til byggingar verkamannabústaða í Reykjavík. Með því að byggingarfélag alþýðu í Reykjavík hefir beðið um lán úr byggingarsjóði verkamanna til byggingar verkamannabústaða hér í bænum á þessu ári og stjórn byggingarsjóðsins hefir tilkynnt þessu félagi, að það muni geta fengið umbeðið lán, að sjálfsögðu að því tilskildu, að félagið hlíti fyrirmælum bráðabirgðalaganna, þá ber yður að snúa yður til byggingarfélags alþýðu, og ef það félag breytir samþykktum sínum í samræmi við bráðabirgðalögin, þá takið þér þegar við formennsku í félaginu og annist um, að félagið kjósi 4 meðstjórnendur yðar í samræmi við gildandi ákvæði laga um verkamannabústaði.“ Þetta tilkynnist byggingarfélaginu hér með.“ Undirskriftirnar eru Stefán Jóh. Stefánsson og Gunnlaugur E. Briem.

Í stuttu máli: Það, sem í þessu bréfi stendur, er, að Guðm. I. Guðmundsson sé skipaður til 3 ára formaður í því félagi, sem hefir rétt til láns úr byggingarsjóði verkamanna. Stefán Jóh. Stefánsson stendur því næst upp og óskar, að Guðmundur I. Guðmundsson, sem kominn var á fundinn, taki þegar við stjórn fundarins og annist kosningu þeirra 4 manna, sem eftir sé að kjósa. Guðmundur þessi komst ekki á löglegan hátt inn á fundinn, þar sem dyravörður við aðaldyrnar neitaði honum um inngöngu, en vegna vinfengi við húsvörðinn í Iðnó komst hann inn um bakdyr á húsinu. Var nú borin upp sú fyrirspurn til félagsmálaráðh., hvort skoða bæri þetta bréf sem staðfestingu þess, að félagið hefði fullnægt skilyrðum byggingarsjóðs og ráðuneytisins til þess, að það fengi lánið, en ef svo var ekki, voru engin lög til fyrir því, að utanfélagsmaður hefði aðgang að fundinum, hvað þá gæti tekið við stjórn á félagi, sem ekki hefði hinn tilskilda rétt. Ef fara átti eftir almennum lögum, virtist það litlu máli skipta, hver hefði fundarstjórn á hendi við kosningu þá, sem eftir var. En þarna sást, hvers vegna félagsmálaráðh. hafði óskað eftir, að Guðm. I. Guðmundsson kæmi inn á fundinn og tæki við stjórn hans. Það var til þess að kveða upp úrskurð, sem fengi staðizt fyrir dómstólunum, en það er aðferð, sem þessir menn hafa oft notað, að kveða upp úrskurði í ýmsum tilfellum, sem þeir geta einhvern veginn varið lagalega séð.

Að þessum fundi loknum er byggingarsjóði tilkynnt, að skilyrði brbl. séu uppfyllt og komin á 5 manna stjórn og að félagsmálaráðh. hafi tilkynnt, að búið sé að tilnefna formann fyrir félagið, og þar sem búið sé að breyta samþykktum þess, hafi það rétt til að fá lán það, sem því hafi verið lofað með þessum skilyrðum.

Þá byrjar ballið aftur, og kemur þá bréf, undirskrifað af Stefáni Jóh. Stefánssyni, sem félagsmálaráðh. að þessu sinni, sem ég vil leyfa mér að lesa, þótt það taki nokkurn tíma. Það er dags. 15. júní og hljóðar svo:

„Ráðuneytið hefir móttekið bréf Byggingarfélags alþýðu, dags. 14. þ. m., ásamt viðauka við samþykktir félagsins, er samþykktur var á fundi þess 13. þ. m., og er farið fram á staðfestingu ráðuneytisins á því, að félagið fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir viðurkenningu byggingarfélaga samkvæmt lögum um verkamannabústaði.

Út af þessu skal eftirfarandi tekið fram:

Með bréfi, dags. 13. þ. m., var Byggingarfélaginu tilkynnt, að ráðuneytið hefði skipað lögfræðing Guðmund I. Guðmundsson formann þess byggingarfélags í Reykjavík, er rétt hefði til að fá lán úr byggingarsjóði verkamanna. Jafnframt var tekið fram, að ef Byggingarfélag alþýðu breytti samþykktum sínum í samræmi við brbl. frá 27. maí þ. á,, tæki hinn stjórnskipaði formaður þegar við formennsku í félaginu og annaðist um, að félagið kysi 4 meðstjórnendur í samræmi við gildandi ákvæði laga um verkamannabústaði. Á téðum fundi Byggingarfélagsins var hinum stjórnskipaða formanni, eftir að samþykktar höfðu verið breytingar á samþykktunum, meinað að taka við formannsstörfum samkvæmt tilnefningu ráðuneytisins, og þar af leiðir, að félagið hefir ekki fullnægt skilyrðum þeim um kosningu meðstjórnenda, sem ráðuneytið hefir sett, og verður ráðuneytið því að líta svo á, að stjórnarkosningin, er fram fór á téðum fundi, sé ólögmæt, enda er það brot á almennum reglum, þegar formaður er tilnefndur

í félagi, að hann taki ekki strax við formennsku og stjórni kosningu meðstjórnenda sinna.

Þá telur ráðuneytið, að ákvæði 4. og 5. gr. í samþykktum þeim, er gerðar voru á fundinum, fái ekki staðizt. Byggingarfélagið verður, ef það vill njóta hlunninda laga nr. 3/1935, um verkamannabústaði, að fullnægja að öllu leyti ákvæðum téðra laga og brbl. frá 27. maí s. l., og getur að sjálfsögðu ekki sett nein skilyrði í samþykktir sínar, sem ekki samrímast téðum lögum. Ráðuneytið verður því að telja téð ákvæði 4. og 5. gr. markleysu. Er því rétt að fella gr. þessar úr samþykktinni.

Ennfremur tilkynnist félaginu, að ráðuneytið hefir í dag falið hinum stjórnskipaða formanni þess að boða til fundar á ný í félaginu til þess að kjósa 4 menn í stjórn þess, ásamt honum, svo að félagið geti hafið byggingu verkamannabústaða hér í bænum sem allra fyrst."

Undirskrifað: Stefán Jóh. Stefánsson og Gunnl. E. Briem.

Þessu bréfi var síðan svarað af hálfu stjórnar byggingarfélagsins á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Vér höfum móttekið bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 15. þ. m., þar sem sú skoðun er látin í ljós, að stjórnarkosning sú, er fram fór í félagi voru hinn 13. þ. m., hafi verið ólögmæt, af þeirri ástæðu að því er virðist, að kosningunni hafi eigi verið stjórnað af hr. Guðmundi I. Guðmundssyni, sem skipaður hafi verið formaður þess byggingarfélags í Reykjavík, er rétt hefir til að fá lán úr byggingarsjóði verkamanna.

Út af þessari athugasemd ráðuneytisins viljum vér leyfa oss að taka þetta fram:

Á fyrrnefndum fundi í félagi voru voru samþykktar lagabreytingar, er miðuðu að því að færa lögin til samræmis við hin nýsettu bráðabirgðalög um verkamannabústaði frá 27. maí s. l. Samkvæmt 2. gr. hinna nýju samþykkta skyldu 5 menn skipa stjórn félagsins, formaður skipaður af þeim ráðherra, sem fer með félagsmál, en hina stjórnarmennina skal kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja 4. lið laga nr. 3 9. jan. 1935, um verkamannabústaði. Samkv. 5. gr. samþykktanna skal stjórnin kosin í fyrsta sinn á fundi þeim, sem samþ. lagabreytinguna. Samkv. l. sjálfum var þannig tvímælalaust skylt að láta stjórnarkosningu fara fram á fundinum 13. þ. m. Hinsvegar er það augljóst mál, að enda þótt herra Guðmundur I. Guðmundsson væri mættur á fundi þessum, gat hann þó eigi tekið við formannsstörfum í félaginu, þar sem félag vort uppfyllti eigi skilyrði fyrir áframhaldandi lánveitingum úr byggingarsjóði fyrr en fengin var staðfesting stjórnar byggingarsjóðs á lagabreytingum, en Guðmundur hinsvegar skipaður formaður þess félags, sem rétt hefði til að fá lán úr sjóðnum. Við þetta bætist það, að samkv. sömu gr. (5. gr.) hinna nýju samþykkta á fyrri stjórn félagsins að gegna störfum þangað til staðfesting er fengin á samþykktunum. Það hefði því verið tvímælalaust lagabrot, ef Guðmundur hefði þegar á þessum fundi verið látinn taka við formannsstörfum og sjá um stjórnarkosningu. Gerum vér ráð fyrir, að ráðuneytið hljóti, við nánari athugun, að sjá, að þessi skoðun vor er alveg vafalaust rétt.

Í fyrrnefndu bréfi ráðuneytisins er vikið að því, að 4. og 5. gr. í hinum nýju samþykktum fái ekki staðizt, að því er virðist af því, að þær samrímist eigi bráðabirgðal. Þessa skoðun ráðuneytisins getum vér með engu móti fallizt á. Bráðabirgðal. frá 27. maí ná einvörðungu til þeirra byggingarfélaga, sem lánsfjár eiga að njóta. Af því leiðir það, að svo framarlega sem oss væri synjað um staðfestingu á samþykktunum eða vér af öðrum ástæðum værum sviptir rétti til lána, erum vér algerlega sjálfráðir um, hvernig vér högum samþykktum vorum, innan þeirra takmarka, sem hin eldri l. setja. Sama gildir og að sjálfsögðu, ef bráðabirgðal. féllu niður. Ef annað af þessu tvennu því ætti sér stað, hlýtur oss að vera heimilt að láta fyrrnefnda breytingu á samþykktum vorum falla úr gildi. Meðan hinsvegar bráðabirgðal. standa í gildi og ef vér fáum rétt til að lána, eru samþykktir vorar, með þeim breytingum, sem á voru gerðar á fundinum 13. júní s. l., í fullu samræmi við ákvæði bráðabirgðalaganna. Vér væntum, að ráðuneytið muni einnig við nánari athugun hljóta að fallast á þessa skoðun vora."

Það næsta, sem gerist í málinu, er það, að til stjórnar Byggingarfélagsins kemur svolátandi bréf frá Guðm. I. Guðmundssyni 15. þ. m.:

„Félmrn. hefir falið mér að láta fara fram kosningu á fjórum mönnum í stj. Byggingarfélags alþýðu, með því að stjórnarkosning sú, sem fram fór á fundi félagsins þann 13. þ. m., geti ekki talizt lögmæt. Til þess að ég geti látið þessa kosningu fara fram og tekið að öðru leyti við stj. félagsins er mér nauðsynlegt að fá nú þegar afhenta meðlimaskrá Byggingarfélags alþýðu, ásamt bókum og skjölum félagsins. Vænti ég, að þér sem fyrrverandi formaður félagsins sjáið yður fært að afhenda mér þessi gögn eigi síðar en á hádegi næstkomandi þriðjudag. Sérstaklega vænti ég þess, að þér tefjið ekki fyrir því, að hægt verði að hefja byggingu nýrra verkamannabústaða hér í bænum, með því að halda fast við neitun yðar s. l. föstudag um að afhenda mér umbeðin skjöl. Verði ekki komið svar við þessari málaleitun minni innan fyrrgreinds tíma, neyðist ég til að líta þannig á, að þér haldið fast við neitun yðar.

Með von um, að þér sýnið fullan skilning á því, að þetta mál verður að ná fram að ganga án frekari tafar."

Fyrirspurninni var ekki svarað af ráðuneytinu, þannig að það fékkst því ekki staðfest, að hinar nýju samþykktir félagsins væru í samræmi við bráðabirgðal. til þess að G. I. G. gæti tekið þátt í stj. félagsins. Síðan er stj. byggingarsjóðs skrifað af hálfu Byggingarfélags alþýðu og það ámálgað við stj., að hún standi við þau loforð, sem búið var að gefa. Eftir mikinn áróður — og ég veit ekki hve mikinn af hálfu hæstv. félmrh. — kemur loks bréf til Byggingarfélags alþýðu, þar sem segir, að lán fáist ekki vegna ákvæða bráðabirgðal., sem félmrh. setti og líka voru sett til þess, að Guðm. I. Guðmundsson gæti

orðið formaður í félagi, sem hann var ekki meðlimur í.

Á meðan hæstv. félmrh. var þm. stóð hann að því, að það væri einn félagsskapur, sem hefði þetta með höndum, og sá, sem starfað hefir að því frá því fyrsta. En nú, þegar á 7. hundrað manns er í félaginu, leggur hann móti þeim og segir, að það séu allt kommúnistar og sá flokkur manna eigi ekki neinn rétt á sér í þjóðfélaginu, nema þeir gangi undir handleiðslu félmrh., Stefáns Jóh. Stefánssonar.

Það er rétt að geta þess, að það var farið laumulega hér um bæinn og smalað mönnum í ákveðnum flokki eða flokksbroti til þess að vera efstu menn á lista. Það tókst með naumindum að fá nógu marga menn með þeim tekjum, að þeir gætu byggt verkamannabústaði. Með þessum mönnum er svo félagsskapurinn stofnaður.

Nú stóð í blöðunum, að byggðar yrðu íbúðir fyrir 70 fjölskyldur.

Þarna er hin ópólitíska(!) hlið þessa félagsskapar, sem hæstv. félmrh. reynir að ná undir sig. Byggingarfélag alþýðu hefir farið í mál við byggingarsjóð út af þessum ráðstöfunum félmrh., en byggingarsjóður hefir lofað þessu nýja sprengifélagi, með ákvæðum hæstv. félmrh., að fá þetta lán.

Ég þykist nú hafa sýnt fram á, að öll þessi starfsemi hæstv. félmrh. hefir ekki gengið út á annað en að eyðileggja þann byggingarfélagsskap, sem hér var í bæ og hefir fengið meðlimum sínum betri og ódýrari íbúðir en áður hefir þekkzt, og til þess svo að stofna annan félagsskap í hans stað, undir hans eigin handleiðslu, þar sem hann einn getur stjórnað og skipað fyrir. Það mætti þá geta þess, hvað mikið gagn geti orðið að þessum ráðstöfunum. Hæstv. félmrh. tók það sérstaklega fram, að byggingarnar væru fluttar úr kvos eða lægð og fluttar á fagran og góðan stað.

En ég vil þá fyrst og fremst taka það fram í sambandi við hinn nýja stað, að lóðin, sem bærinn lofaði gamla byggingarfélaginu, er miklu ódýrari. Gamla byggingarfélagið er búið að læra margt af reynslunni, sem hinir nýju menn hafa ekki haft vit á að hagnýta sér, eða fyrirlíta. Til dæmis skiptingin á milli tveggja og þriggja herbergja íbúða. Sú skipting er í allt öðrum hlutföllum en áður hefir gerzt, þannig að tveggja herbergja íbúðir hafa ekki allar gengið út hjá þessu nýja félagi, þótt þriggja herbergja íbúðir hafi gengið út, vegna þess að tveggja herbergja íbúðir eru tiltölulega dýrari, t. d. inngangur o. fl.

Svo er dráttur ráðh. á þessum málum, sem hefir bakað Reykvíkingum mikið tjón, því Byggingarfélag alþýðu var þegar búið að gera ráðstafanir um efniskaup; það myndi hafa komið í ágúst. En mér er sagt, að það efni, sem nýja byggingarfélagið hefir útvegað, sé útvegað á mjög klaufalegan hátt, og hefir það verið útvegað af mönnum, sem sjaldan eða aldrei hafa fengizt við það áður. Sem dæmi má nefna, að áður kostaði sementstunnan kr. 8.00, en nú kr. 17.90. Járnið kostaði áður kr. 0.28 og nú 0.62, og timbrið eftir því.

Þá geta menn nokkurn veginn farið að reikna út, hvaða fólk það sé, sem geti búið í þessum verkamannabústöðum. Það verða víst ekki menn, sem hafa á milli 4 og 5 þús. kr. tekjur. Það eru ekki verkamenn hér í bæ. Það er líka farið ákaflega dult með þær áætlanir, sem um þetta eru gerðar. Og það er óhætt að fullyrða, að kostnaðurinn fyrir þessa menn við byggingarnar verður mun meiri en áætlað er. Ég hugsa líka, að það hafi vakað aðallega fyrir þeim húsameisturum, sem séð hafa um byggingarnar, að láta þær líta vel út, heldur en að fólkið, sem fær þær, komist að góðum kjörum. En þetta er samkv. þeirri stefnu, að hagur fólksins er fyrirlitinn, en hugsað um, að hæstv. félmrh. hafi eitthvað til að ráðskast með og flagga með.

Ég ætla svo ekki að fara miklu fleiri orðum um þetta mál. En viðvíkjandi því, sem síðasti ræðumaður talaði um, að það hefði sýnt sig, að eftirlits hefði verið þörf, vegna þess að byggingarfélagið á Akureyri hefði ekki haldið fundi, þá vita allir menn, að l. voru ekki sett vegna Akureyrar, heldur vegna byggingarfélagsins í Reykjavík. Hinsvegar er það vitað, að hæstv. félmrh. sem slíkum var heimill aðgangur að byggingarsjóðnum til þess að hafa eftirlit með honum. Ég hygg, að ekki muni hægt fyrir nokkurn þm., sem les í gegn plöggin í þessu máli og kynnir sér allan aðdraganda, að dæma þetta mál nema á einn veg: að það sé ósæmilegt að bera slíkt frv. fram, og að hæstv. félmrh. hafi setzt í ríkisstj. til þess að hnekkja starfsemi ákveðins félagsskapar, sem byggir íbúðir fyrir verkamenn hér í bæ. Hann sviptir hundruð manns því leyfi, sem þeir höfðu fengið til að byggja, en kemur svo á stað byggingum, sem eru ákaflega ópraktiskar og dýrar.

Þetta frv. mun ganga til fjhn. Ég skal ekki segja um það, hvort það nær framgangi á Alþingi eða ekki. Ég mun greiða atkvæði á móti því. Og ég væri ekki hræddur við allsherjar atkvgr. um málið.

*__Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson)__: Ég þarf ekki að svara hv. 3. þm. Reykv. með löngu máli, þótt ræða hv. þm. væri mjög löng. Það var margt þess eðlis, að það er ekki svaravert, og fjarri því, að hv. þm. kæmi með rökstuðning fyrir þeim málstað, sem hann vildi halda fram.

Ég ætla ekki að fara að karpa við hv. 3. þm. Reykv. út af því, að ég fór í ríkisstj. Hv. þm. kemur það á engan hátt við og hefir ekkert um það að segja.

En hv. 3. þm. Reykv. situr hér á Alþingi, kosinn af flokki, sem hann hefir svikið — hv. þm. situr á atkv. þeirra manna, sem hann hefir reynt að ofsækja á allar lundir, bæði innan þings og utan. (__HV__: Hvar eru Alþfl.-kjósendur núna?). Ég geri ráð fyrir, að Alþfl.-kjósendur komi í ljós á sínum tíma. En hvar verða kjósendur Sameiningarfl.? Það verður fróðlegt að vita, hvernig sameiningin verður þar. Hv. 3. þm. Reykv. las langa sögu um Byggingarfélag alþýðu í Reykjavík. Ég ætla, að þeir, sem hafa hlustað á þá sögu, geti sannfærzt um, að þetta félag reyndi að halda áfram byggingarstarfsemi sinni í Reykjavík, en það reyndist ókleift vegna hins venjulega ofsa í hv. 3. þm. Reykv., sem allt vildi undir sig leggja í félaginu og engum reglum

hlíta, og vildi setja ríkisstj. reglur, en ekki hlíta þeim reglum, sem félaginu voru settar. Það var þrautreynt, að þetta félag hefði byggingarstarfsemi með höndum, en það tókst ekki. Þá var stofnað nýtt félag með fjölda þeirra sömu manna, sem voru áður í Byggingarfélagi alþýðu. Í þessu félagi er, að ég hygg, á fjóðra hundrað manns. Það starfar af miklu kappi, og allar framkvæmdir þess eru, að mínu viti, skynsamlegar og fyrirhyggjumiklar.

Ég ætla ekki að eyða orðum um frásögu hv. 3. þm. Reykv. um fundinn í Byggingarfélagi alþýðu 13. júní s. l., en sá fundur var aðallega boðaður til pólitískra æsinga, enda var þá samþ. ávarp, sem var fullt af botnlausum skömmum um mig og Alþfl. Og fundurinn var hreinn skripaleikur, þegar að því kom, að ætti að fylgja fyrirmælum l. um verkamannabústaði. Ég gaf yfirlýsingar á fundinum, að viss skilyrði og ákvæði, sem borin voru þar fram á fundinum, yrðu ekki til greina tekin. En samt var haldið áfram á fundinum, og þegar átti að kjósa á ólögmætan hátt, þá gengu margir af fundi. (HV: 10). Ég held, að hv. 3. þm. Reykv. gæti fengið óteljandi vottorð frá hv. 5. þm. Reykv. og Þjóðviljanum, hvernig hann fer með tölur þegar því er að skipta. Hv. 3. þm. Reykv. var að finna að starfsemi byggingarfélagsins og sagði, að teknir hefðu verið 70 menn og valdir til þess að gerast þátttakendur í byggingum byggingarfélagsins.

Þetta eru ósannindi. Því að það var farið með skrána til lögmanns, og hann var látinn draga röð af mönnum, sem eiga rétt til þess að fá hús um leið og þau verða byggð. Það er áreiðanlegt, að þar hefir engin hlutdrægni komizt að.

Hv. 3. þm. Reykv. var að gera gys að því, að staðurinn fyrir nýju verkmannabústaðina væri ekki mikið skemmtilegri heldur en staðurinn, sem hann var svo litilþægur að þiggja fyrir hönd verkamanna á meðan hann fór með völd í félaginu. Ég hefi gert samanburð á þessum stöðum og hefi haft til aðstoðar sérfróða menn, og skal ég lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, þann samanburð:

Sérfræðingur í byggingar- og skipulagsmálum hefir gert eftirfarandi samanburð á verkamannabústöðum, byggðum í Norðurmýri og þeim stað, þar sem verkamannabústaðirnir eru byggðir nú.

Á síðastl. vetri hafði bæjarverkfræðingur veitt lóðir undir þrílyfta verkamannabústaði, sambyggða, og var þeim ætlaður staður í norðurhluta Norðurmýrar, milli Rauðarárstígs og Hringbrautar, Grettisgötu og Njálsgötu.

Á síðastl. sumri var þessu breytt þannig, að verkamannabústöðunum var valinn staður í Rauðarárholti ofarlega við Háteigsveg, á einkarfögrum og haganlegum stað.

Fer hér á eftir nokkur samanburður á ofangreindum 2 stöðum og byggingum þeim, sem ætlaðar voru í Norðurmýri, og þeim, sem nú verða reistar í Rauðarárholti.

1. Norðurmýri:

Norðurmýri liggur í hálfgerðri kvos við jaðar Rauðarárholtsins. Byggðin, sem risið hefir þar upp á síðari árum, er ein þéttasta byggð í bænum og sízt til fyrirmyndar, einkum er norðar dregur. Við sunnanverða Grettisgötu er núverandi byggð lokað með tveggja hæða sambyggingum gegn norðri.

Norðanvert við sömu götu var hinum fyrirhuguðu verkamannabústöðum ætlaður staður, í þrílyftum sambyggingum á norður-, austur- og vesturlóðamörkum að Njálsgötu, Hringbraut og Rauðarárstíg.

Byggingareiturinn var aðeins fáanlegur 25 m. breiður með því að húsin stæðu í götumörkum við Njálsgötuna, en sunnan til í reitnum var 1800 fermetra barnaleikvöllur, sem ætlaður var börnum úr miklum hluta Norðurmýrar.

Í hverju einstöku húsi voru áætlaðar 6 íbúðir, og land, sem fylgt hefði öllum 6 íbúðunum, hefði ekki farið langt fram úr 150 fermetrum samtals, eða 25 fermetrum á íbúð, og þar að skoða slíkt land sem litla forgarða með hinum háu húsum, en ekki sem land til afnota fyrir íbúa húsanna.

Barnaleikvöllurinn inni á miðju svæðinu átti að bæta úr plássleysi þessu, sem athvarf fyrir börnin, en sá hinn sami leikvöllur var ætlaður fyrir aðra byggð og hefði auk þess orðið til muna of lítill fyrir þau rúmlega 300 börn, sem ætla mátti, að kæmu til viðbótar úr hinum nýju verkamannabústöðum.

Um staðsetningu húsanna sjálfra var það að segja, að þau stóðu með þremur fjölförnum umferðargötum í lægð neðan við iðnaðarhverfi, og er líklegt, að grundvöllurinn undir byggingar á þessum stað sé engu betri en sunnar í mýrinni, eða með öðrum orðum hálfgert fen, þar sem þyrfti að vanda mjög til verksins með undirstöður jafnmikilla og hárra bygginga og hér var gert ráð fyrir, ef öruggt átti að vera um vatnsaga neðan frá.

Því hefir verið haldið fram, að ódýrara væri að byggja sambyggt með fleiri hæðum, t. d. þremur í stað tveggja, eins og hér um ræðir. Kostnaðarmunurinn er að vísu nokkur, en þó ekki nema því sem munar auknum frágangi á göflum húsanna og að stigahúsum fjölgaði eitthvað um leið og húsin eru aðgreind.

2. Rauðarárholtið:

Staður sá í Rauðarárholti, sem nú hefir verið valinn undir verkamannabústaði, og þar sem þegar er farið að byggja fyrstu húsin, er einkar vel settur, með fagurri útsýn og liggur vel við áttum. Húsin, sem þar eru byggð, eru einstæð, en með 4 fjölskyldum í hverju þeirra. Áætlaður kostnaður er 60000 kr. á hús., eða 15000 kr. á hverja íbúð. Mun erfitt að koma upp húsum þeirrar stærðar fyrir minna verð nú á tímum dýrtíðar í öllum byggingarefnum.

Á hvert hús fellur lóð, sem er 613 fermetrar að stærð, eða um 154 fermetrar á íbúð, og auk þess sameiginlegur barnaleikvöllur í miðju hverfinu, sem er að stærð 2500 fermetrar. Mun það vera einn stærsti barnaleikvöllur þessa bæjar.

Á hverja einstaka íbúð falla um 128 ferm. lóðar, og er þar frádregið það, sem hússtæðinu sjálfu er ætlað.

Alls verða þarna 41 hús, eða 164 fjölskyldur.

Staður þessi liggur ofarlega við Háteigsveg, en ráðgert er, að hitaveitulögn komi í Rauðarárstíg, og til þess að sjá verkamannahverfinu fyrir

hita frá hitaveitunni, þyrfti aðeins 150—200 metra leiðslu frá vegamótum þessara tveggja gatna, sem líklegt er, að næði fram að ganga um leið og hitaveitunni fyrir innbæinn væri fullokið.

Lega hverfisins og afstaða til innbæjarins er hin ákjósanlegasta, þar sem fyrirhuguð aðalbraut frá torgi við gatnamót Laugavegar og Hverfisgötu liggur beint að hverfinu og sameinast þar Háteigsveg."

Ég ætla, að það sé ekki vafi, að hinn nýi staður beri mjög mikið af þeim gamla stað fyrir verkamannabústaðina, sem hv. 3. þm. Reykv. taldi sæmilegan.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þessar byggingar yrðu dýrar. Það er augljóst mál, að þær verða dýrari en undanfarin ár. En þess ber þó að gæta, að byggingarfélagið hefir haft framsýni um að afla sér byggingarefnis, sem að litlu leyti er komin fram á stríðsáætlun. En allt byggingarefni, sem hér eftir verður flutt inn til landsins, verður miklum mun dýrara. Og ég er viss um, að þótt Byggingarfélag alþýðu hefði farið með byggingarmálin, þá hefðu ekki verið reist hús fyrir lægra verð heldur en þessi áætlun gerir ráð fyrir.

Ég efast ekki um verzlunarþekkingu hv. 3. þm. Reykv. Ég veit, að hann hefir þekkingu til að græða á fyrirtækjum, er hann stjórnar, að *hann hefir einurð til að setja slíkt verð á nauðsynjar*, er hann selur, að hann hljóti góðan gróða.

Þá sagði hv. þm., að það yrðu ekki verkamenn, sem nytu góðs af þessum nýju íbúðum. En það eru nú einmitt verkamenn, sem hafa fest kaup á íbúðunum, verkamenn, sjómenn, iðnaðarmenn, innheimtumenn, tollþjónar, nokkrir skrifstofumenn o. s. frv.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að brbl. hafi verið sett til að hnekkja starfsemi Byggingarfélags alþýðu. En þau voru sett til að bæta skipulag félagsskaparins, og yfirleitt félaga, sem hafa á *höndum að reisa verkamannabústaði*. Það er meiri trygging fyrir því, að félög þessi séu vel rekin, ef maður stendur fyrir þeim, sem valinn er af ríkisstj. á hverjum tíma. Þó að hv. þm. sé reiður af því að hann getur ekki framar orðið formaður byggingarfélagsins, er ekki ástæða til að andvarpa sérstaklega út af því. Andstaða hans gegn brbl. var sprottin af því, að hann vissi, að engum félagsmálaráðh. myndi nokkurn tíma detta í hug að skipa hann sem formann nokkurs byggingarfélags.

Ég vænti þess svo, að frv. fari gegnum hv. d. á eðlilegan hátt, þó að hv. n. gæti athugað, hvort þörf væri frekari breytinga á l.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Það var lítilfjörleg vörn, sem hæstv. félmrh. hafði fram að bera, enda hæfði hún málstaðnum. Það þarf ekki að renna huganum langt aftur í tímann til að sjá, hvernig þessi gerræðislög eru til komin. Tilgangur þeirra var að ná sér niðri á pólitískum andstæðingum. Í 8 ár hafði Héðinn Valdimarsson veitt forstöðu Byggingarfélagi alþýðu. Undir hans stj. hafa verið reistir þeir verkamannabústaðir, sem hér eru til. Aldrei hefir á þeim tíma, eða þar til Héðinn Valdimarsson gekk í Sósialistaflokkinn, komið frá hæstv. núverandi félmrh. nokkuð, þar sem sett væri út á stjórnina á félaginu, og Alþýðublaðið átti ekki til annað en hól og þakklæti til Héðins Valdimarssonar fyrir starf hans. Svo er þjóðstjórnin skyndilega mynduð og Stefán Jóhann er með undarlegum hætti gerður félmrh. Og þá eru gefin út þessi klaufalegu brbl. Er ekki vandi að sjá, að þau stöfuðu af þörf hans til að ná sér niðri á hv. 3. þm. Reykv., *af því að hann var honum ekki* sammála í pólitík. En hér er spurning, sem hlýtur að liggja fyrir Alþingi, hvort það lætur ráðh. haldast uppi að misbeita valdi sínu til að gefa út slík ofbeldislög. Hér er um það að ræða, hvort Alþingi ætlar að horfa aðgerðalaust á það, að einn ráðh. misbeiti valdi sínu á svona alvarlegan hátt. Ræða hæstv. ráðh. sýndi, að hann treystist ekki til að hrekja eitt atriði í ræðu hv. 3. þm. Reykv., enda var hann svo flæktur í sínum eigin mótsögnum, að vart er hugsanlegt annað en íslenzkur dómstóll myndi dæma hann fyrir athæfi hans, ef það yrði ekki beinlínis hindrað af stj.völdunum. Í grg. fyrir brbl. tjáir hann konungi, að einhver nauðsyn beri til að setja l., nauðsyn, sem ekki var til í öll þessi 8 ár. Þá segir hann þar, að ríkissjóður leggi svo mikinn styrk til byggingarfélaganna, að l. séu nauðsynleg af þeirri ástæðu, þó að sýnt hafi verið fram á, að ríkið leggur í rauninni engan styrk til þeirra. Það hefir ennfremur verið sýnt fram á, hvernig ríkisstj. getur gegnum byggingarstj. og á annan hátt haft nægilegt eftirlit með félögunum.

Þá hefir hæstv. ráðh. ekki hrakið það, að hann hefir sagt rangt til í grg. sinni til konungs. Hann sagði líka konungi, að nauðsynlegt væri að gefa út þessi brbl. til tryggingar því, að félögin starfi l. samkvæmt, enda þótt hann geti ekki fært fram eitt atriði til sönnunar því, að félögin hafi brotið. Hann reyndi að nefna eitt dæmi. Hv. 3. þm. Reykv. hefir hrakið það dæmi, og *hæstv. ráðh. reynir svo ekki frekar að verja það* eða þá grg., er hann hefir lagt fyrir konung. Enda er það vitanlegt, að hér starfa hlíðstæð félög, sem ráða sjálf sínum málum á lýðræðisgrundvelli, til dæmis Búnaðarfélag Íslands, sem fær 200 þús. kr. styrk frá ríkinu og auk þess til umráða aðrar upphæðir, sem það ver til styrktar bændum. Og þó hefir enginn ráðh. séð ástæðu til að taka af þeim allt sjálfsforræði með brbl., enda ekki þörf á því, fremur en með Byggingarfélag alþýðu og önnur byggingarfélög.

Þá eru það ósannindi, sem hæstv. ráðh. sagði í framsöguræðu sinni, að kommúnistar hafi viljað *einoka undir sína stj. framkvæmd* l.

Ég vil spyrja hæstv. félagsmrh. og skírskota til þingsins um það, hvernig hann svarar: Hverskonar stj. er það, sem setið hefir í 8 ár í Byggingarfélagi alþýðu og situr þar enn? Ég veit ekki betur en að þeir þrír menn hafi verið alþýðuflokksmenn, en ekki kommúnistar, og þeir eru það ekki heldur nú, þó að þeir séu í sameiningarflokki alþýðu, enda hafa þeir allt fram á síðustu tíma notið hóls og þakklætis Alþýðublaðsins. Kommúnistar hafa aldrei átt mann í stj. félagsins. Hvernig ættu þeir þá að einoka

undir sig stj. félagsins? Ég skil ekki, hvernig maður, sem vill láta kalla sig ráðh., getur dirfzt að koma með svona fjarstæður á þingi.

Svo segir hann, til þess að bæta úr rökskorti sínum, að Héðinn Valdimarsson hafi svikið sína umbjóðendur, og segir hann, að kjósendur muni síðar dæma í því máli. Honum ætti að vera kunnugt um, að reynt var að kveða upp slíkan dóm í vetur á vettvangi, þar sem Alþfl. hafði alltaf ráðið. Hæstv. núv. ráðh. fékk þar eitt atkv., en Héðinn Valdimarsson var kosinn með 150 atkv. Það voru ekki kommúnistar, sem réðu þarna úrslitum; það voru sömu mennirnir og þeir, sem starfað hafa í 8 ár í þessu félagi, sem hér um ræðir, og þeir kjósa aðeins þá stj., er reynzt hefir þeim vel og er eins sinnuð eftir að hún er gengin í Sameiningarflokkinn, af því að hún sá, að Alþfl. hafði brugðizt trausti alþýðunnar. Það er því bezt fyrir hæstv. ráðh. að tala varlega um dóm fólksins. Sá dómur hefir þegar verið kveðinn upp í þessu félagi og Dagsbrún, og Héðinn Valdimarsson þarf ekki að kvarta undan þeim dómi.

Fyrst hæstv. ráðh. fór að tala um starfsemi verkalýðsfélaganna og annað í því sambandi, vil ég spyrja hann, hvort nokkurt verklýðsfélag á landinu hafi þakkað honum fyrir þau verk, er hann hefir unnið í byggingarmálum alþýðunnar. Ég vil líka spyrja hann þess, hvort hann hafi frá nokkru verklýðsfélagi fengið þökk fyrir að gerast félagsmálaráðh., því að vitanlegt er, að eina starfið, sem hann hefir unnið í þessu embætti, er að beita byggingarfélögin gerræði. Annars er ekki von, að hann hafi mikla tilfinningu fyrir verkalýðsfélagsskap. Hann hefir aldrei komið þar nálægt til annars en skríða upp eftir bakinu á alþýðunni og hlaupa þaðan í ráðherrastólinn í hennar óþökk.

Það getur verið, að við hv. 3. þm. Reykv. höfum deilt hér um tölur. En það eru líka til aðrar tölur, sem hafa úrskurðað milli mín og hæstv. núverandi félmrh. Við stóðum eitt sinn báðir við kosningar á Akureyri, hann fyrir Alþfl. og Framsfl., en ég fyrir Kommfl. Hann náði ekki fyrir báða flokkana þeirri atkvæðatölu, sem ég hafði fyrir minn flokk einan. Hann man líka eflaust kosninguna hér í Reykjavík, er hann hrökklaðist af þingi. Fólkið hefir oft fellt dóm sinn um hann. Og í samanburði við Héðin Valdimarsson er ísinn hvað veikastur fyrir hann. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. og biðja hann að vera nú hreinskilinn einu sinni á æfinni: Hvenær hefir Alþfl. áður fyrr ráðizt á Héðin Valdimarsson fyrir fjármálaframkvæmdir hans í sambandi við verkamannabústaðina? Hæstv. ráðh. viðurkenndi, að Héðinn væri góður fjármálamaður. En ef rannsakað er, kemur í ljós, að hann hefir einmitt notað þann hæfileika sinn til að stjórna byggingu verkamannabústaða á ágætan hátt. Mætti bera innkaup Héðins Valdimarssonar saman við þau innkaup, sem nú hafa verið gerð fyrir „verkamannabústaðina“ í gæsalöppum á Rauðarárholtinu. Þessi brbl. verða prófsteinninn á það, hve mikið er til af heiðarleik hér í þinginu. Þeir hv. þm., sem hlustað hafa á ræður þeirra hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. félmrh., geta ekki verið í vafa um það, hvor hefir réttara fyrir sér. Ég þekki, held ég, svo vel til þm. hér í hv. d., að ég þarf ekki að vera í neinum vafa um það, hvernig þeir hugsa í þessu máli. Ég hefi líka talað við svo marga menn utan Alþingis, bæði Alþfl.-menn og framsóknarmenn, að ég veit, hvernig þeir líta á þetta yfirleitt. Hitt er annað mál, hvort svívirðing samábyrgðarinnar er svo sterk, að þm. skoði sig yfirleitt bundna við að leggja blessun sína yfir hvaða óhæfuverk, sem ráðh. kann að fremja. Það fer þá að verða lítil sú trygging, sem þjóðin á í Alþingi, ef hún getur ekki treyst því, að þm. felli l., sem flutt eru fram með rangindum af ráðh., sem svífst þess ekki að misnota vald sitt. Það fer þá að verða erfitt að ná lögum og rétti í landinu, ef ekki er hægt að fá hv. þm. til að átta sig á því, hvernig í þessu máli liggur. Það er ekki til neins að reyna að koma sér hjá því að hugsa rökrétt með því að hrópa: kommúnistar, kommúnistar! Meðan heilbrigð skynsemi fær að njóta sín, munu þm. dæma eftir réttlætistilfinningu sinni, nema þá að stjórnmálaspillingin verði henni yfirsterkari. Ég mun því greiða atkv. móti þessu frv. og treysti jafnframt hv. þm. til að athuga vel þau gögn, sem fyrir hendi eru í málinu.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Það fór svo sem við var að búast, að hæstv. félmrh. gæti ekki svarað þeim rökum, sem ég lagði fram, enda er málið þannig vaxið, að ekki er hægt að verja það, þar sem hér er maður að misbeita valdi sínu til hefndar á pólitískum andstæðingum. Viðvíkjandi athugasemdum hæstv. ráðh. vil ég segja nokkur orð.

Forsendur hans fyrir brbl. eru þær, sem oft hefir verið haldið fram af blöðum íhaldsins, að verkamannabústaðirnir nytu mikils styrks af bæjum og ríki. Áður fyrr, meðan hæstv. ráðh. var í Alþfl., sem þá var, stóð hann alltaf upp og andmælti þessari staðhæfingu, þegar hún var borin fram hér á þingi, en nú gerir hann hana að aðalforsendu sinni. Enda er auðvelt að hrekja þetta. Það er að vísu satt, að það eru ekki litlar fjárhæðir, sem hið opinbera veitir til byggingarstarfsemi, en þetta er þó aðeins gert á þann hátt, að fé er lagt til hliðar í sjóð, sem er opinber eign eftir sem áður. Þetta er aðeins lánsfé, sem er greitt aftur með vöxtum. Þannig hefir þetta verið til þessa, en á því kann að verða breyting, ef taka á stöðugt dýrari lán til þessarar starfsemi. Sá styrkur, sem hægt er að segja, að lagður sé til verkamannabústaðanna, er í hæsta lagi teikningar og eftirlit, sem er þó eins mikið í þágu ríkisins sjálfs, til tryggingar því, að allt fari vel úr hendi. Þessar forsendur eru því í rauninni alveg rangar.

Ég skil vel, að hæstv. félmrh. kalli fundi í Byggingarfélagi alþýðu skrípaleiki, þegar félagsmenn ræða mál sín, ef skoðanir þeirra ganga eitthvað á móti skoðunum hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði haft þetta svona og svona eftir mínu höfði og hagað framkvæmdunum eftir því, sem bezt hefði hentað mér á hverjum tíma. En þetta er ekki rétt. Ég fór jafnan eftir vilja fólksins, eins og vera ber. Það, sem hæstv. ráðh. gremst hvað mest, er

útreið sú, sem hann fékk á fundinum í sumar, þegar hann ætlaði að rýma fundinn með því að ganga af honum, en fékk aðeins 10 sálir með sér, þrátt fyrir það, að fundarmenn skiptu hundruðum.

Viðvíkjandi kommúnistahræðslunni, sem svo mjög virðist hafa gripið ráðh., vil ég segja það eitt, að ég hygg, að fáir hafi verið félagar í Byggingarfélagi alþýðu, sem voru í Kommfl.

Þá var hann að reyna að sýna fram á, að þessir nýju verkamannabústaðir, sem nú er verið að byrja á, yrðu að öllu leyti miklu betri en þeir gömlu, og jafnframt betur settir. Þessu til sönnunar las hann upp skjal mikið, er hann sagði, að væri frá málsmetandi mönnum, sem hann þó aldrei nefndi á nafn. Skjalið skyldi þó ekki vera frá Guðjóni Samúelssyni? Það var ekki haft svo mikið við stað þann, er búið var að velja undir þessa verkamannabústaði, að grundvöllurinn væri athugaður, hvað þá meira. Það er aldrei nema satt, að lóðir þær, sem nú á að fara að byggja á, eru stærri en hinar, sem fyrirhugaðar voru, en þess ber þá jafnframt að gæta, að þær eru dýrari fyrir fólkið, auk þess sem þær liggja mun lengra frá aðalvinnustöðvum bæjarins, eða sem næst 8—10 mín. gang. Af því, sem ég þegar hefi tekið fram, staðhæfi ég, að allar ráðstafanir hæstv. félmrh. í þessum málum eru til hins verra, og að stjórn sú, sem stýrir framkvæmdum hins nýja félags, er alls ekki starfi sínu vaxin. Hún kaupir t. d. byggingarefnið allt of dýru verði, og væri fróðlegt að fá upplýst, hvar efnið væri keypt, svo hægt væri m. a. að bera það saman við innkaupin á efninu til hitaveitunnar.

Þá hrópaði hæstv. ráðh. upp með það, að ég hefði svikið Alþfl. En það vill nú svo vel til, að til er bók, sem heitir stefnuskrá Alþfl., og sé hún athuguð, þá má fljótt fá sannanir fyrir því, að fáir hafa svikið flokkinn meira en þessi hæstv. ráðh. og þeir, sem honum fylgja að málum.

Annars er eins og hæstv. ráðh. sé töluvert sárt um að upplýsa, hvernig hann komst í þennan valdasess, — hann, sem er utanþingsmaður. Mér finnst hér ekki um neitt einkamál að ræða, og því sé sjálfsagt að snúa sér að ráðherranum og ræða við hann þau mál, sem undir hann heyra og hann hefir verið að skipta sér af.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Í raun og veru þarf engu að svara þessum tveimur síðustu ræðumönnum, svo aumleg er framkoma þeirra á allan hátt.

Hv. 5. þm. Reykv. vil ég þó segja það, að sitji illa á nokkrum manni að tala um virðingarleysi Alþingis, þá situr það illa á honum. Manni, sem ekki hefir skirrzt við að láta hagsmuni þjóðar sinnar í einu og öllu sitja á hakanum fyrir hagsmunum erlends ríkis, — manni, sem ekki hefir vílað fyrir sér að senda til erlendra blaða ósannar fregnir, sem geta orðið stórhættulegar sjálfstæði landsins. Hv. þm. sagði m. a., að ég hefði ekki andmælt því, að aðstaðan til verkamannabústaðamálsins hér í Rvík hefði ekki verið misnotuð. Þetta er aldrei nema rétt, og það vita allir, að þetta hefir verið gert. Að ég ekki andmælti fullyrðingum hv. 3. þm. Reykv. um sakleysi sitt í þessum efnum, var af því, að það myndi hafa verið sama, hvaða sannanir ég hefði fært fram fyrir mái mínu, þá hefði það allt verið talið ósannindi.

Hv. 3. þm. Reykv. tel ég ekki heldur ástæðu til að svara frekar en ég þegar hefi gert. Hann mun halda áfram sínum sama vaðli, og það er vægast sagt lítil ánægja fyrir þingheim að hlusta á vaðal hans frekar en orðið er.

***Einar Olgeirsson:** Ég held, að tæplega sé hægt að gefast öllu rækilegar upp með að verja málstað sinn en hæstv. félmrh. gerði í síðustu ræðu sinni. Það hefði óneitanlega verið karlmannlegra af honum að sýna þingheimi snilld sína í því að rökræða þetta mál, heldur en hrópa bara upp: Þetta eru bara kommúnistar og við þá er ekki talandi, — og flýja svo úr þingsölunum þegar hann er kominn í bobba, svo ekki sé hægt að ræða við hann um hinar óteljandi mótsetningar, sem orðnar eru í orðum hans og gerðum í sambandi við þetta mál. Því að það er vitað, að það er varla nokkur maður utan hans flokks, sem hefir tekið upp málstað hans í sambandi við hin frægu bráðabirgðalög frá í sumar. Það lætur því óneitanlega illa í eyrum, þegar þessi maður er að veita öðrum ákúrur fyrir skort á velsæmi gagnvart þingi og þjóð, — maður, sem svo freklega brýtur þingræðið, að hann ekki aðeins brýtur það með því að gefa út gersamlega óhæf bráðabirgðalög, heldur neitar líka að ræða hér á Alþingi. Þýtur bara burt úr deildinni og lætur engan sjá sig. Annars höfum við þingmenn Sósialistafl. lagt fram þau gögn í þessu máli, sem eiga að nægja, og það eitt er víst, að með því verður fylgzt af alhuga, svo að vart mun alþýða manna fylgjast betur með öðrum málum.

***Thor Thors:** Umræður þessar hafa aðallega snúizt um það, að hinir fornu samherjar hafa verið að gera upp gamlar sakir. Það, sem ég vil segja að þessu sinni, er að minna á, hver afstaða okkar sjálfstæðismanna hefir verið til þessa máls á undanförnum þingum, og jafnframt, hver hefir verið afstaða þeirra hæstv. félmrh. og hv. 3. þm. Reykv. Lögin um verkamannabústaði voru sett 1931, og var þá svo frá þeim gengið, að fleiri en eitt byggingarfélag máttu vera í hverjum kaupstað. Nú bar svo til, að hátt á þriðja hundrað verkamanna hér í bænum stofnuðu með sér annað byggingarfélag. Menn skyldu nú ætla, að það hefði verið gleðiefni fyrir Alþfl.-fulltrúana a. m. k., ef þessum mönnum hefði tekizt að koma sér upp bústöðum. En það fór nú dálítið á annan veg. Í stað þess að gleðjast yfir þessu, rís núv. hv. 3. þm. Reykv. upp og beitti sér af alefli gegn þessum félagsskap og fékk því til leiðar komið, að hann var svo gott sem kyrktur í fæðingunni. Þessu og þvíliku ranglæti gat hann komið í gegnum þingið, enda þótt með miklum hörmungum væri. Hann var þá líka einn með valdamestu mönnum þingsins, alveg eins og hann er núna einn sá allra valdaminnsti. Hér í hv. Nd. gátum við Garðar Þorsteinsson fengið það samþ., að fé-

lag þetta mætti lifa. Í hv. Ed., var frv. aftur breytt í sitt fyrra form og kom því hingað aftur, og hér var svo till. okkar Garðars felld með 16 atkv. Hv. þm. Mýr. (BÁ) greiddi till. okkar atkv. þrátt fyrir það, þó að núv. hv. 3. þm. Reykv. gengi með krepptan hnefann á móti honum og æddi sem grenjandi ljón um deildina. Till. um að drepa félagið komst samt í gegnum þingið, og réð þar um atkv. eins þm., Magnúsar Torfasonar, sem þá var nýlega búinn að svíkja flokk sinn. Ef hv. 3. þm. Reykv. vildi nú vera sjálfum sér samkvæmur, ætti hann að láta félag sitt ganga inn í félag það, sem samþ. hefir verið af ríkisvaldinu og er nú að hefjast handa um framkvæmdir.

Ég kenni alls ekki í brjóst um hv. 3. þm. Reykv. (HV) vegna hrellinga hans í þessu máli, — síður en svo. Menn uppskera jafnan eftir því, sem þeir sá. Það má vel vera, að þessi núverandi hrjáði þm. hafi stundum unnið vel, en eitt er víst, að hann hefir jafnan gætt þess að vinna fyrst og fremst fyrir sjálfan sig í pólitískum tilgangi. Hv. núv. Alþfl.-menn hefðu eflaust gott af að minnast þess nú, hversu fast þeir stóðu á því 1934, að ekki ætti að vera nema eitt byggingarfélag í hverjum kaupstað, þar sem þeir játa það nú, að þau megi vera fleiri. Við bentum þegar á það 1934, að Héðinn Valdimarsson myndi jafnan beita pólitískum brögðum í þessum málum, og það hefir komið á daginn. Og yfirleitt hefir allt, sem við héldum fram 1934 í þessum málum, komið fram. Við kváðum skýrt á um það, að við hefðum alla tíð haft megnustu ótrú á núv. 3. þm. Reykv. (HV), bæði hvað snertir þessi mál og önnur. Það hefði því verið betra, ef Alþfl.-mennirnir hefðu viljað taka mark á orðum okkar þá. Þeir þyrftu þá ekki að vera að glíma við þennan draug nú.

Hvað mál þetta snertir almennt, þá finnst mér, að sú stefna ætti að ráða, að sem flestir gætu notfært sér þau hlunnindi, sem hér getur verið um að ræða, hvort sem eitt eða fleiri félög eru á hverjum stað. Sé aðeins eitt félag, þá þyrfti að tryggja það með hlutfallskosningu, að allir flokkar gætu notið sín við stjórnarkosningu o. fl. Og jafnframt þyrfti að tryggja það, að það væru jafnan verkamennirnir sjálfir, sem færu með stjórn þessara mála, en ekki pólitískir snakkar, sem ekkert erindi eiga inn í félögin nema til þess að nota þau sér til pólitísks framdráttar.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég kannast vel við deilur þær, sem hv. þm. Snæf. var að minnast á, hvort vera skyldi eitt eða fleiri byggingarfélög í hverjum kaupstað, en ég get ekki fundið, að það sé réttmæt ástæða, sem borin var fram þá og hv. þm. Snæf. fór inn á nú, að byggingarfélögin væri hægt að nota pólitískt. Hitt er annað mál, hvort hægt hefði verið að halda því fram með einhverjum rétti, að Alþfl. gæti orðið of vinsæll af framkvæmdum sínum. Tilgangur slíkrar byggingarstarfsemi sem þessarar er eingöngu sá, að útvega félagsmönnum ódýra bústaði. En slík pólitísk áhrif geta aldrei orðið nema óbein. Geti menn nfl. komið sér upp bústöðum á ódýran hátt með því að standa margir saman, þá getur það verið þeim sönnun þess, að þeir geti komið fleiru í framkvæmd með því að standa saman heldur en vera sundraðir. Bein pólitísk áhrif í gegnum félagsskap sem þennan geta því ekki komið til greina, en það halda þeir hv. þm. Snæf. og hæstv. félmrh.

Hefði Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, eins og það var víst kallað, fengið sama rétt og Byggingarfélag alþýðu, hefði fé það, sem um var að ræða til byggingar verkamannabústöðum, farið í tvo staði, í stað þess að fara í einn. Ef þeir vilja fara eftir pólitískum skoðunum, þá geta þeir það. Ef þeir vilja fyrst og fremst kjósa slíka menn til þess að stjórna sínum byggingarmálum, þá geta þeir það. En það á ekki að útiloka menn frá því að taka þátt í slíkri starfsemi eingöngu af því, að þeir hafa ákveðnar pólitískar skoðanir, ef félagið hefir ekkert ógagn af því.

Það lítur út fyrir af ræðum hæstv. félmrh. og hv. þm. Snæf., að ég hafi verið einvaldur í þessu byggingarfélagi. Ég veit ekki til, að ég hafi haft þar annað vald en það, sem félagsmenn hafa gefið mér af fúsum og frjálsum vilja og með löglegum kosningum. Ef ég hefi haft áhrif, þá er það vegna þess, að mikill meiri hluti félagsmanna hefir fallizt á þær till., sem ég hefi komið með. Ég veit ekki til, að það hafi verið komið fram með nein mál önnur en þau, sem snertu beinlínis hag félagsins.

Það hefir verið talað um pólitískt ofurkapp, og er þar átt við þau mótmæli, sem komu fram gegn árás þeirri, sem gerð var á félagið með bráðabirgðal. Það má náttúrlega segja, að það sé pólitík að því leyti, sem það snertir mennina sjálfa.

Ég álít, að það sé hættuleg skoðun, að ef einn pólitískur maður fær það t. d. inn í sig, að hann hafi ekki nema lítið fylgi í félagsskapnum, þá noti hann löggjöfina til þess að kúga þennan félagsskap í stað þess að fara að því á heilbrigðan hátt að reyna að afla þeim málum fylgis innan félagsskaparins, sem hann vill koma fram.

Ég get frætt hv. þm. Snæf. á því, að um helmingur félagsmanna úr Félagi sjálfstæðra verkamanna var í Byggingarfélagi alþýðu, þegar árásin var gerð á það af félmrh. Þá voru komin inn í lög félagsins ákvæði um, að hægt væri að hafa sérstakar deildir innan félagsins, sem gætu stjórnað meira sínum málum. Það er til ennþá slík deild innan félagsskaparins, sem er aðallega samsett af mönnum úr Félagi sjálfstæðra verkamanna. Ég get fullyrt, að mikill hluti úr því félagi er eins mikið á móti bráðabirgðal. og hinir. (**Forseti:** Þetta átti aðeins að vera stutt aths.). Ég vil svo aðeins segja, að ég get ekki fallizt á þá skoðun, sem oft er að skjóta upp höfðinu, að það eigi að hafa hlutfallskosningar á öllum mögulegum stöðum, þar sem pólitík á ekki að hafa aðgang, eins og t. d. í byggingarfélaginu. Innan verklýðsfélagsskaparins eiga menn að geta haldið saman, þó þeir séu úr mismunandi flokkum.

***Thor Thors:** Það eru aðeins örfá orð. Hv. 3. þm. Reykv. vildi mótmæla því, eins og hann gerði 1934, að gömlu l. um verkamannabústaði

hefðu gert ráð fyrir, að fleiri en eitt félag gætu starfað á sama stað. Það er nú samt þannig í l. frá 1931, að þar er í 3. og 5. gr. talað um félög í einum og sama kaupstað. Í 5. gr. segir, að öll slík félög njóti réttinda og stuðnings samkv. l. Hv. 3. þm. Reykv. veit, að hann hafði réttinn til þess að njóta þessara hlunninda af þeim mönnum, sem voru í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna. Hann veit, að aðalástæðan fyrir ofurkappi hans í því að koma löggjöfinni í gegn var að meina þessum mönnum að njóta þeirra réttinda, sem l. höfðu fengið þeim í hendur.

Það er því býsna einkennilegt, þegar þessi hv. þm. þykist vera að bera hagsmuni þessara manna fyrir brjósti, þar sem hann hefir áður komið þannig fram. Verkamenn muna sjálfsagt fyrri aðgerðir þessa hv. þm. í þessu máli og kunna honum því litlar þakkir fyrir, þó hann nú tali hlýlega í þeirra garð í þeirri fölsku von, að geta haft pólitíska ávinning af því. En þar mun honum skjátlast.

Það kemur mér ekki á óvart, þó hv. þm. þykist vera mótfallinn hlutfallskosningum í ýmsum félögum, sem ríkisvaldið hefir meiri og minni íhlutunarrétt um. Það er vitanlegt, að lýðræðiskenndin ristir ekki djúpt hjá þessum hv. þm., og hefir aldrei gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:3 atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 264, n. 334)).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Allshn. hefir athugað frv. þetta og komið ásamt um að mæla með samþykkt þess, þó að gerðri lítilli breytingu, er felld verði inn í 1. gr. frv. og mæli svo fyrir, að 3. málsgr. 4. gr. laganna falli niður. Þykir það rökrétt, því að þessi málsgrein gerir beinlínis ráð fyrir því, að um fleiri en eitt félag geti verið að ræða á hverjum stað, sem hæpið er að fái staðizt, eftir að frv. þetta hefir verið samþ. En fái það staðizt, liggur í hlutarins eðli, að stjórn byggingarsjóðsins mundi ráða því, hvert félag skipti við sjóðinn, þar sem það er aðeins leyft einu félagi á hverjum stað.

***Héðinn Valdimarsson:** Þetta nefndarálit er náttúrlega ekkert álit og segir ekkert, og brtt., sem lögð er fram, nær ekki neinni átt. Hv. þm. N.-Ísf. lætur ekki svo lítið að koma með ástæðu fyrir þessari tillögu.

Hér í þinginu hafa staðið miklar deilur um þetta mál. Árið 1934 voru aðalumræðurnar um það, og var afstaðan í stórum dráttum sú, að Alþfl.-menn og framsóknarmenn voru með því alveg ákveðið, að aðeins eitt félag á hverjum stað skyldi hafa rétt til sjóðsins. M. ö. o., að þau félög, sem hefðu starfað, skyldu hafa réttinn, en sjálfstæðismenn héldu því fram, að svo mörg félög sem risu upp skyldu hafa rétt til sjóðsins. Afstaða allsherjarnefndar nú er afstaða Sjálfstfl. 1934, sem hinir flokkarnir voru algerlega á móti. Eins og kunnugt er, sigraði stefna Alþfl. og Framsfl., og ákvað þingið, að aðeins eitt félag skyldi hafa rétt til sjóðsins, enda sér hver maður, að með ekki stærra sjóði getur ekki verið vit að láta ótakmarkaðan fjölda af félögum hafa aðgang að honum. Enda er full trygging fyrir því, að þessi hlunnindi koma rétt niður, þar sem í l. stendur, að allir geti verið félagsmenn í því félagi, sem er á staðnum, og í öðru lagi, að allir fái rétt eftir því sem þeir koma inn, og í þriðja lagi, að hægt sé að hafa fullt eftirlit með félaginu, bæði af hálfu bæjarstjórnar og stjórnar byggingarsjóðsins.

Ef maður setur sig í spor þeirra manna, sem eiga að nota þetta, — ég geri ráð fyrir, að sérstaklega sé verið að hugsa um þá, en ekki þá, sem eiga að setjast í stjórn, eins og þó virðist vera samkv. frv. — og gangi maður út frá, að fjöldi manna þurfi á góðum íbúðum að halda, — hvernig verður aðstaða þeirra, þegar ekki er fullvíst, hvaða félag eigi réttinn? Við skulum hugsa okkur, að til væri byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, sem sjálfstæðismenn að vísu stofnuðu, en aldrei komst það langt, að það sækti um styrk, og svo síðar félag félagsmálaráðh., og vil ég beina þeirri spurningu til hv. þm. N.-Ísf., í hvaða félag hann ætti að ganga. Hann yrði að ganga í þau öll. En með lögunum var mönnum tryggt, að með því að ganga í elzta byggingarfélagið á staðnum og fá númer þar fengu þeir hús eftir því, sem röðin kom að þeim. Mér dettur líka í hug, að veitingar úr sjóðnum muni ekki koma réttlátar niður, þegar fara á eftir geðþótta sjóðsstjórnarinnar heldur en þegar löggjöfin hefir tryggt, að því valdi, sem sjóðsstjórn er fengið í hendur, sé ekki hægt að misbeita. Ég sé ekki heldur, að hvaða leyti það er betra fyrir sjóðsstjórnina að ákveða þetta sjálfa en að láta ákveða það fyrir sig, og áreiðanlega verða úr þessu pólitísk hrossakaup, ef ekki eru ákveðnar reglur til að fara eftir.

Annað atriði er það líka, sem algerlega mælir á móti þessu: Það er vitað, að byrjunarerfiðleikar við slíkar byggingar eru miklir, og hverjir sem byrja og hafa ekki reynslu, gera axarsköft, sem hægt væri að komast hjá. Ef öll þessi félög ættu nú að fara að byrja á byggingum, koma fram erfiðleikar, sem kosta þau mikið fé. Þau gætu ekki heldur notið þeirra kjara, sem fást með byggingum í stórum stíl.

Ég get ekki séð, að hér búi annað undir hjá nefndinni en að reyna að komast framhjá þeim bráðabirgðalögum, sem hæstv. félmrh. gaf út, og styrkja það félag, sem hann hefir stofnað, og til þess að koma pólitískum lit á málið og „settla“ það á venjulegan þjóðstjórnarhátt á bak við tjöldin án þess að nokkur viti um það. Mér þykir það einkennilegt — ja, ekki einkennilegt —, en lýsa vel ástandinu, ef þm. Alþfl., eins og þeir voru ákveðnir 1934, ætla að sýna sig með þessu. Hv. þm. N.-Ísf. var nú svo heppinn að vera þá ekki á þingi, og því er hann fenginn til þess að bera fram þessa tillögu.

Ég vil nú leyfa mér að lesa hér upp úr ræðu Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem þá var bara óbreyttur þingmaður, en ekki hæstv. félmrh., sem ber ábyrgð samkvæmt þjóðstjórninni. Hann segir svo 1934:

„Ég held, að kjarninn í þessu máli sé allur annar, eins og líka kom fram hjá hv. 5. þm. Reykv. Hann var að tala um friðindi og framdrátt foringjanna, eins og hann orðaði það, sem hefði haft áhrif í þessu máli. Ég ætla, að það hafi komið upp einskonar öfund meðal sjálfstæðismanna út af hinni myndarlegu starfsemi Byggingarfélags verkamanna á undanförnum árum og að þeir hafi viljað fara í einskonar kapphlaup um þetta félag og reyna með því að ávinna sér traust verkalýðsins í bænum. En þeir byrjuðu bara á öfugum enda. Þeir áttu að benda sínum fylgifiskum á að ganga í þennan félagsskap og reyna að hafa áhrif til breytinga á honum, en ekki að stofna nýtt félag. .... Ég sé engin rök, sem mæla sérstaklega með því. Nú er það vitað, og hefir ekki verið mótmælt, að Byggingarfélag verkamanna í Reykjavík veitir öllum inntöku, sem þangað sækja. Þar er ekki spurt um pólitiskar skoðanir manna, er þeir leita upptöku. .... Ég held þess vegna, að ekki sé ástæða til að ætla, að brtt. minni hl. allshn. sé sprottin af neinni sérstakri umhyggju fyrir hugmyndinni um byggingu verkamannabústaða hér í Rvík, heldur vegna þess, að þeir vilja reyna að koma á fót félagsskap sinna trúuðu manna". (Alþt. 1934, B. bls. 788).

Og geta nú hv. þingmenn, til þess að gera sér grein fyrir, hvernig þetta mál stendur frá sjónarmiði hæstv. félagsmálaráðherra, sett alþýðuflokksmenn í staðinn fyrir sjálfstæðismenn.

Ég verð að segja það, að ég get ekki séð annað en að það hljóti að verða til skaða fyrir málið að fara að opna rúm fyrir ótölulegum grúa félaga, enda er þetta af svo lágum hvötum sprottið, að það er ótrúlegt, að hægt sé að fá meiri hluta þingsins til að greiða atkv. með því, og mun ég greiða atkv. móti bráðabirgðalögunum og líka á móti þessari brtt., sem aðeins er borin fram til þess að fela aðalatriði málsins og koma sökinni af sér.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Ég vil leyfa mér að rifja hér upp og minna á, að stefna Alþfl. hefir ætíð verið sú, að aðeins eitt byggingarfélag skyldi vera starfandi á hverjum stað, en stefna sjálfstæðismanna, að þau mættu vera svo mörg sem vera skyldi. Hv. 3. þm. Reykv. vildi gefa í skyn, að flokkurinn hefði vikið frá þessari stefnu sinni. Í lögum um verkamannabústaði stendur, að byggingarsjóður veiti aðeins lán til eins félags, og er þetta einmitt enn frekar undirstrikað og áréttað í brtt. okkar, með því að þar er alls ekki gert ráð fyrir, að fleiri en eitt félag, er til greina komi, séu á staðnum. Ef félag það, sem hv. þm. ber fyrir brjósti, fellur ekki undir ákvæði laganna, má hann sjálfum sér einum um kenna.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil þakka fyrir afgreiðslu þessa máls í hv. allshn. og er því samþykkur, að þessi till. nái fram að ganga. Þetta er til þess nánar að undirstrika það, að ekki sé nema eitt félag á hverjum stað, sem njóti réttinda til þess að fá lán úr byggingarsjóði, og þegar félag vill neyta réttar síns, þá leyni það sér ekki, hvaða félag það er, sem hefir réttinn. Það er það félag, sem hefir fengið skipaðan formann eftir lögunum, og það eitt hefir réttinn til þess að fá lán úr sjóðnum. Meira er það ekki, sem ég þarf að segja, því mestur hlutinn af ræðu hv. 3. þm. Reykv. var byggður á misskilningi og þarf því ekki frekari svara.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég þarf ekki að útskýra þetta mál fyrir hv. þm. N.-Ísf. Hann veit vel, hvernig málið stendur. En eftir skýringu hæstv. félmrh., þar sem hann skýrir frá því, að aðeins þau félög, sem fái stjórnskipaðan formann, fái réttindi, vil ég benda honum á, að það er alltaf innan handar fyrir stjórn að finna sér eitthvað til til þess að skipa nýjan formann, svo einn komi í annars stað, og ekki er víst, að hann fái ráðið niðurlögum þess félags, sem hann hefir smalað undirskriftum í.

***Einar Olgeirsson:** Það var þegar þetta frv. var til 1. umr., rætt mikið um, hvernig það væri til orðið og hvernig þessi bráðabirgðalög væru. Þess var sérstaklega farið á leit við þá nefnd, sem hefði með þetta mál að gera, að hún athugaði vel allar kringumstæður og aðferð þá, sem hæstv. félmrh. hefði beitt. Það var sýnt fram á, að settar hefðu verið fram rangar forsendur og að hæstv. félmrh. hefði gert sig sekan um mjög miklar mótsagnir í sambandi við framkomu sína í þessu máli og beitt röngu. Nú vitum við, að eitt af því, sem Alþingi þarf að hafa gætur á, ef það ætlar að halda uppi lýðrétti fólksins í landinu, er það, að ráðh. misbeiti ekki þeim rétti, sem hann hefir til þess að gefa út bráðabirgðalög. Það er enginn réttur, sem eins er hægt að misbeita eins og þessi réttur. Manni virðist því ekki til of mikils mælzt, þótt sú nefnd, sem fengi málið til meðhöndlunar, athugaði dálítið þau gögn, sem fyrir lægju. Það er auðséð á öllu, að þetta hefir ekki verið gert, enda ber allur svipur deildarinnar það með sér, og þeir menn, sem talað hafa með frv., að samvizkan er heldur slæm. Hv. þm. N.-Ísf. flytur málið með eins fáum orðum eins og hann getur, til þess að þurfa ekki að óhreinka sig á því. Hæstv. félmrh. hagar sér á sama hátt og við 1. umr. og allir þingmenn Framsfl. og Sjálfstfl. koma sér hjá því að taka þátt í umræðunum. Það er ekki undarlegt. Ég lái þeim það ekki, þó þeir kæri sig ekki um að standa upp til þess að verja þetta.

Ef maður gæti skyggnzt bak við tjöldin, gæti maður kannske séð samband milli ríkislögreglufrv. í Ed. og þægðar Alþfl. til að samþykkja það og þeirrar borgunar, sem félmrh. fær í þessu máli. En víst er um það, að svívirðingar þjóðstjórnarfyrirkomulagsins hafa komið sérstaklega fram í þessum málum.

Það hefir verið mál manna, að með bráðabirgðalögunum um verkamannabústaði hafi verið beitt því mesta gerræði, sem þekkzt hefir á Íslandi, og að það sé ekki nokkur maður í nokkrum flokki, sem treysti sér til þess að verja þetta. Það verður seinna lagt undir dóm fólksins, hvernig hv. þm. hafa haldið á því, sem átti einu sinni að vera réttur verkamanna til að

geta skapað sér betri íbúðir. Þeim rétti er nú verið að svipta þá.

Ég ætla ekki að minnast sérstaklega á brtt., sem fyrir liggur frá allshn. Hv. 3. þm. Reykv. hefir þegar rakið það mál. Ég mun greiða atkv. á móti þessari brtt. og móti frv.

*__Bergur Jónsson:__ Hv. 5. þm. Reykv. taldi, að það stafaði af vondri samvizku, að ekki hefðu fleiri úr allshn. tekið til máls við þessar umr. en Alþfl.-þm. Ég mótmæli þessu og ætla að segja hér nokkur orð um mína afstöðu til málsins.

Mér skilst það vera aðalatriðið, þegar afstaða er tekin til þessa frv., hvort menn álíta rétt að setja byggingarfélögum, sem styrks njóta úr byggingarsjóði, það skilyrði, að þau hafi stjórnskipaðan formann eða ekki. Þetta er í sjálfu sér aðalatriðið, sem ætti að ræða um, þegar rætt er um bráðabirgðalögin. Allshn. komst að þeirri niðurstöðu, að það væri ekki óeðlilegt, að þar sem fyrir opinberan tilverknað fæst lán með góðum kjörum til byggginganna, þá sé stj. veittur íhlutunarréttur um það, hvernig félagið starfi, á þann hátt, að hún skipi formann félagsins. Stjórnin mun hinsvegar vera skipuð 5 mönnum, svo félagið hefir sjálft rétt til að kjósa 4.

Út af brtt. frá allshn. vil ég taka það fram, vegna áberandi misskilnings hjá hv. 3. þm. Reykv., að sú breyt. gengur raunverulega mikið í þá átt, sem þessi hv. þm. hefir alltaf haldið fram, að rétt væri í þessum málum. Á þinginu 1934 barðist þessi hv. þm. ákveðið fyrir því, ásamt núv. hæstv. félmrh., gegn andmælum sjálfstæðismanna, að aðeins einu byggingarfélagi mætti veita lán á hverjum stað. Og með tilliti til þess var 1. málsgr. 4. gr. l. sett, en í 3. málsgr. er gert ráð fyrir, að fleiri en eitt byggingarfélag hafi verið stofnað. Með því að leggja til, að þessi málsgr. sé felld niður, hefir allshn. gengið ennþá lengra í áttina til hv. 3. þm. Reykv. Að hverju leyti finnst hv. þm. óeðlilegt, að þingið skuli ætla sér að ganga sömu braut sem hann er sjálfur upphafsmaður að? Ég get ekki skilið, að sú afstaða hv. þm. byggist á öðru en misskilningi. Ef sá möguleiki væri hinsvegar látinn halda sér, að fleiri en eitt byggingarfélag gæti komið til með að keppa um þetta, hver á þá að úrskurða um það, hvert þeirra skuli fá lánið? Ef l. gera það ekki, þá verður að láta einhverja stofnun gera það. Í þessu tilfelli liggur beinast við að láta stjórn byggingarsjóðsins gera það. Það kom líka mjög greinilega fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að hann leit þannig á þetta.

Ég vil svo bara að lokum segja það, að ef hv. þm. ætlar að taka upp úr umr. manna eitthvað, sem komi í bága við þá skoðun, að rétt sé að láta aðeins eitt byggingarfélag eiga kost á láni á hverjum stað, þá ætti hann að taka upp úr ræðum hv. þm. Sjálfstfl., en ekki sjálfs sín og annara Alþfl.-manna, sem þá voru.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Ræða hv. þm. Barð. var byggð á eintómum misskilningi. Hv. þm. hefir augsýnilega ekki kynnt sér málið nógu vel áður en hann tók afstöðu til þess. Ég veit. að hv. þm. er það kunnugt, að þetta, sem nú er lagt til, að fellt verði burt, er einmitt það, sem deilt var um 1934. Ef þetta væri numið burtu, yrði það aðeins til að koma meiri ruglingi inn, og það er engin ástæða til þess. Hv. þm. þarf ekki að láta sér koma til hugar, þótt þessi málsgr. verði felld burt, þá geti ekki risið upp fleiri en eitt byggingarfélag á hverjum stað. Sem betur fer er enn fullt félagafrelsi hér á landi. Það er t. d. gefið, að hér í Reykjavík verða 2 byggingarfélög.

Hv. þm., sem til máls hafa tekið, hafa ekkert komið að því atriði, sem er eitt aðalatriði þessa máls. Það eru afskipti ríkisstj. af þessu máli, sem orðið hafa þess valdandi að gera allan þann glundroða, sem komizt hefir á þessi mál hér í Reykjavík.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Barð., að Byggingarfélag alþýðu hafi ekki undirgengizt bráðabirgðalögin. Að sjálfsögðu gat það ekki haft þau ákvæði í sínum l., sem bráðabirgðalögin gera ráð fyrir, áður en þau voru sett eða samstundis, því að þau voru einmitt sett til þess að koma félaginu af lagagrundvellinum. En það fyrsta, sem gert var, var að kalla saman fund í byggingarfélaginu, sem nákvæmlega uppfyllti ákvæði bráðabirgðalaganna. Það kom líka fram við l. umr., að það var ekki þetta, sem var í veginum, heldur voru það ýmiskonar „tiktúrur“, sem hæstv. félmrh. kom með, eins og það, að formaðurinn hefði átt að standa fyrir kosningu meðstjórnenda sinna. Í sambandi við þetta kom hann með ýms skilyrði, sem voru svo mikil sjálfhelda fyrir byggingarfélagið, að ómögulegt var fyrir það að ganga að þeim. Mér finnst, að n. hefði átt að athuga það atriði, hvort nokkur ástæða væri fyrir hæstv. ráðh. að setja þessi bráðabirgðalög, og hvert gagn þau hefðu gert. Ég verð líka að segja það fyrir mitt leyti, að ég tel ekki rétt að heimta það af samvinnufélagsskap eins og þeim, sem hér er um að ræða, að hann hafi stjórnskipaðan formann. Hvers vegna mega slík félög ekki halda áfram að hafa sitt frjálsa skipulag? Og mér finnst það undarlegt, þegar þeir menn, sem telja sig samvinnumenn, ætla að beita sér fyrir því, að ríkisstj. fái slíkt vald yfir samvinnufélögum, því að það má þá lengi halda áfram í þá átt, þegar einu sinni er gengið inn á þessa braut. Það er ekki víst, að Framsfl. verði alltaf í meiri hluta hér á Alþingi. Það getur verið, að aðrir flokkar komist í meiri hluta á þinginu. Ef til vill gæti þessum flokkum þótt gott að geta skipað formenn í ýmsum samvinnufélögum. Ég er þess vegna mótfallinn þessu fyrirkomulagi.

*__Bergur Jónsson:__ Hv. 3. þm. Reykv. byrjaði ræðu sína á því að segja, að mín ræða hafi verið byggð á misskilningi. En hv. þm. kom ekki með nein rök fyrir þessari staðhæfingu. Það væri þá helzt það, að við erum ekki sammála um verkefni og störf þingnefnda. Hv. þm. segir, að allshn. hafi vanrækt þá skyldu sína að rannsaka framferði félagsmálaráðherra. Allshn. er að mínum dómi til þess sett að rannsaka og athuga þau mál, sem til hennar er vísað, en ekki rannsóknarnefnd um framferði ráðherra eða einstakra þm.

Þessi fáu orð, sem ég sagði áðan, urðu til þess

að koma hv. 3. þm. Reykv. inn á rétta braut í umr. Ég kom honum til að ræða um aðalatriði þessa máls, sem er það, hvort gera á að skilyrði fyrir lántöku úr byggingarsjóði, að hlutaðeigandi félag hafi stjórnskipaðan formann. Um þetta talaði hv. þm. í sinni síðustu ræðu. Við erum ekki sammála um þetta. Ég tel rétt að gera það að skilyrði í þessu tilfelli, en hann ekki, og ég býst við, að við sannfærum hvorugur annan.

*Garðar Þorsteinsson: Herra forseti! Ég skal ekki vera langorður um þetta mál. — Það er að gefnu tilefni frá hv. 5. þm. Reykv., að ég stend upp, og þá mest til að minna á fyrri afstöðu Sjálfstfl. til málsins, sem hv. þm. Snæf. rakti að nokkru leyti við 1. umr. málsins.

Á haustþinginu 1934 var háð hörð barátta í þessu máli. Það var þegar félag, sem kallaði sig Byggingarfélag sjálfstæðra verkamanna, hafði hugsað sér að sækja um lán úr byggingarsjóði. Þetta félag hafði 300 meðlimi og var stofnað á grundvelli l. um verkamannabústaði frá 1931. Og þá var nú lýðræðið ekki meira en það hér á þingi, að jafnaðarmannafl. og Framsfl. gátu ekki unnað þessu félagi að njóta hlunninda l. þessara, og stóðu þeir að breytingum á l., sem gerðu það að verkum, að þetta byggingarfélag verkamanna gat ekki fengið lán úr byggingarsjóðnum. Þetta var þeim mun harðara sem þessi breyting var látin verka aftur fyrir sig. Það er ákaflega eftirtektarvert, að einmitt sá maður, sem stóð harðast á móti því, að félag sjálfstæðra verkamanna fengi að njóta réttinda l., var hv. 3. þm. Reykv. Og ég man ekki eftir, að eitt einasta orð kæmi frá flokksbræðrum hans í þá átt, að þeir teldu hann hafa ofsagt nokkuð í þessu máli. Þeim þótti þá sjálfsagt að fylgja hv. 3. þm. Reykv. í þessari ofsókn, sem meiri hl. Alþ. gerði sig þá seka um gegn félagi sjálfstæðra verkamanna. Það þýddi þá ekkert, þótt á það væri bent, að það væri bæði óeðlilegt og ósanngjarnt að láta l. verka aftur fyrir sig. En svo vill svo sorglega til, að þessi sami hv. þm. fyllir ekki lengur hóp þeirra manna, sem þá mynduðu meiri hl. hér á Alþ., og þá er nú það tekið trúanlegt, sem við héldum fram 1934, að þessi hv. þm. — 3. þm. Reykv. — hafi notað sína aðstöðu í Byggingarfélagi alþýðu í pólitískum tilgangi. En nú virðist það vera eina ástæðan fyrir því, að þessi hv. þm. er sviptur formennskunni í félaginu með l., að hann muni nota aðstöðu sína í pólitískum tilgangi. Ég verð að segja, að ég er með frv. og brtt., sem hér liggur fyrir, því að ég tel, að það sé til bóta. Hinsvegar skal ég taka það fram, að ég tel, að ekki hafi verið nokkur ástæða til þess að breyta þessum l. með bráðabirgðalögum.

Viðvíkjandi því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um störf allshn., þá vil ég segja það, að hv. þm. má ekki blanda því saman, hvort þetta frv. er til bóta, og hinu, hvað kann að vaka pólitískt fyrir flm. þess með því að bera málið fram, Ég álít það ekki mitt hlutverk í allshn. að vera á móti málum af þeim ástæðum, að þau séu fram komin jafnvel á óviðfelldinn hátt. Hv. þm. talaði um pólitískt gerræði í þessu sambandi. Það kemur n. sem slíkri ekkert við, hvort hér hefir verið um pólitískt gerræði að ræða eða ekki. Hennar skylda er að taka bókstafinn, en ekki það, sem á undan er gengið. Hv. 3. þm. Reykv. var að tala um það, að það væri óþarfi að hafa stjórnskipaðan formann í byggingarfélögunum. Ég get bent honum á það í því sambandi, út af því sem hann sagði, að það er veruleg upphæð, sem lögð er fram úr ríkissjóði til þessa félagsskapar, auk þess sem bæjar- og sveitarfélög leggja til þeirra. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó ráðh. skipi einn mann af fimm í stjórn slíks félagsskapar. Hitt er svo allt annað mál, hvort kosning hinna 4 manna í stjórn byggingarfélagsins hefir farið fram á löglegan hátt eða ekki. Það er atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. vildi láta n. rannsaka. En það er bara alls ekki verkefni n. að athuga það. Það verður að bíða úrskurðar dómstólanna. Ég vil þess vegna vísa á bug ummælum hv. 3. þm. Reykv. um, að n. hafi vanrækt sitt starf að nokkru leyti í þessu efni.

Ég er ekki sammála hv. þm. Barð. um það, að svo sem l. eru nú, sé það skuldbindandi fyrir byggingarsjóð að lána aðeins einu félagi. Lánveitingar fara fram með nokkrum fresti, kannske annaðhvert ár, og það eru verulegar upphæðir, sem safnast í sjóðina, þar sem lagðar eru í þá 4 kr. fyrir hvern íbúa t. d. í Reykjavík. Nú má skilja 4. gr. svo, að lánveitingum skuli ekki skipt og megi því aðeins lána einu félagi í senn. Segjum nú, að í kaupstað séu t. d. þrjú félög, sem fullnægja skilyrðum 6. gr., og öll sæki um lán úr sjóðnum, þá mætti skilja 4. gr. svo, að sjóðurinn geti ráðið því, hvaða félagi sé veitt lánið. Ég vil líka benda hv. 3. þm. Reykv. á, að í l. er ekki ákveðið, með hvaða hætti félagsmenn fái réttindi til bygginga. Hann segir, að hann hafi haft þetta svo, að menn fengju réttindin eftir þeirri röð, sem er á því, er þeir skrifa sig inn í félagið. En í nýja félaginu var þetta haft svo, að menn voru látnir draga um réttinn hjá lögmanni. Ég tel rétt, að um þetta yrðu sett ákvæði í l. eða þá í reglugerð. Það er augljóst, að árið 1934, þegar hér störfuðu tvö byggingarfélög, sem bæði uppfylltu lögleg skilyrði, þá áttu bæði jafnan rétt til að fá lán úr sjóðnum, en þá komu þessir menn og sögðu, að aðeins annað félagið skyldi hljóta lánið. Var þá verkamönnum í Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna bent á, að þeir þyrftu ekki annað en skrifa sig inn í hitt félagið til þess að njóta jafnréttis, en með því hefðu þeir orðið að bíða eftir öllum hinum, sem áður voru í því félagi til þess að fá réttindin. Þetta var ofriki gagnvart Byggingarfélagi sjálfstæðra verkamanna, því fremur sem það var látið viðgangast, að annar aðilinn, sem átti fullan rétt til láns, var sviptur þeim rétti, enda þótt hann hefði byggt hann upp að öllu leyti samkvæmt gildandi lögum.

*Einar Olgeirsson: Mér þykir vænt um, að ég hefi gert a. m. k. sumum hv. þm. d. rangt til áðan, og hafa þeir nú sumir staðið upp og borið af sér. Hv. 7. landsk. hefir t. d. lýst yfir því, að hann áliti, að það hefði verið óþarfi af hæstv. félmrh. að gefa út brbl. til að breyta l. um verkamannabústaði. Þar með finnst mér hv. þm.

hafa viðurkennt, að hæstv. ráðh. hafi misbeitt valdi sínu. Í grg. hans fyrir brbl. er gengið út frá því, að brýna nauðsyn hafi borið til að gefa út brbl., eins og stjórnarskráin krefst. Hv. 7. landsk. álítur aftur á móti, að þetta hafi verið algerlega óþarft. Mér finnst því, að það, sem liggur fyrir hv. d., sé að ákveða, hvort hún vill samþ. brbl., en ekki fyrst og fremst það, hvort hún vill gera einhverjar breytingar á l. um verkamannabústaði. Svo framarlega sem það hefir verið rangt af hæstv. ráðh. að gefa út brbl., þá er ekki nema rökrétt af hv. d. að fella þau. Ef þingið álítur aftur á móti, að nauðsyn sé að gera breytingar á l. um verkamannabústaði, þá má auðvitað gera það hvenær sem er. Ef hv. 7. landsk. vill vera samkvæmur sjálfum sér, átti hann því að vera á móti brbl., þar sem hann vill ekki mótmæla því, að ráðh. hafi misbeitt valdi sínu, enda þótt hann sé samþykkur ýmsu, sem í l. kemur fram. Hann ætti því að greiða atkv. gegn brbl., en koma svo fram með frv. til breytinga á l. um verkamannabústaði í samræmi við sína skoðun á því, hvernig þau l. ættu að vera.

Ég er reyndar ekki lögfræðingur, en hér hafa tveir lögfræðingar talað, og þeir eru ekki sammála um það, hvernig skilja beri þessa brtt. allshn. Mér skilst því, að ekki myndi vera úr vegi að athuga hana nokkru nánar.

Hv. 7. landsk. hélt því fram, að einu sinni hefði Sjálfstfl. verið beittur órétti, og var á honum að skilja, að ekki væri fjarri lagi, að Byggingarfélag verkamanna væri nú beitt órétti í staðinn. En ef þeir sjálfstæðismenn eru á móti því, að órétti sé beitt, þá er vonandi, að þeir séu það jafnt, þó að honum sé beitt gegn öðrum, eins og ef honum er beitt gegn þeim sjálfum. Ég man ekki betur en að einu sinni stæði skrifað í flokkshúsi þeirra, Varðarhúsinu, svo að lesa mátti, þegar komið var inn úr dyrunum: „Þolið ekki rangindi og fremjið ekki rangindi!“

Mér virtist á ræðu hv. þm. Barð., sem það hefði komið nokkuð við samvizku hans, þegar ég talaði hér um vonda samvizku. Það var líka auðheyrt á ræðu hans, að hann hafði hana, og því ekki von, að það væri annað en kattarþvottur, er hann var að reyna að þvo sig af samþykkt hv. allshn. Hann kvaðst ekki eiga að rannsaka framferði félmrh. Það er einkennilegt, að allir hv. þm., nema hæstv. félmrh., taka þetta fram, að þeir eigi ekki að rannsaka framferði hans. Þeir þvo allir hendur sínar, eins og kunnur rómverskur landstjóri forðum. Hv. þm. sagði, að það væri aðalatriði í málinu, hvort vera ætti stjórnskipaður formaður í Byggingarfélagi alþýðu eða ekki. En honum hlýtur að vera kunnugt um, að ekkert var, sem stæði í vegi fyrir því, að svo væri. Það var ráðh. sjálfur, sem hindraði, að hægt væri að framkvæma hans eigin l., með því að krefjast þess, að formaðurinn væri settur áður en félagið hefði fengið viðurkenningu byggingarsjóðs, en einmitt það var gagnstætt ákvæðum brbl. Hæstv. ráðh. hnýtti þarna hnút, sem var óleysanlegur, vegna mótsagnanna við hans eigin brbl. Því er það misskilningur hjá hv. þm. Barð., að það hafi verið aðalatriðið að fá stjórnskipaðan formann, heldur var aðalatriðið að fá tækifæri til að beita gerræði. Og af því að hv. þm. nefndi það sem ástæðu til þess, að formaðurinn ætti að vera stjórnskipaður, að félaginu væru veitt lán fyrir tilverknað hins opinbera, vil ég minna hann á ýms félög, eins og t. d. Búnaðarfélagið, sem fær beinlínis háan styrk frá hinu opinbera og hefir undir höndum mikið styrktarfé, sem það úthlutar, án þess að ástæða þyki til þess að hafa þar stjórnskipaðan formann, og sömuleiðis samvinnufélögin, sem njóta mikillar ríkisábyrgðar. Það eru mörg félög til, þar sem ormur opinberra styrkveitinga hefir nagað eins mikið um rætur þjóðarmeiðsins og hér, án þess að fundin hafi verið ástæða til að krefjast stjórnskipaðra formanna í þeim félögum.

Nei, það er auðséð, að hv. þm. vilja ekki bera ábyrgð á þessum brbl. En þá er líka eina rétta svarið, sem þingið getur gefið, að fella brbl., til áminningar þeim ráðh., sem hefir misnotað sitt vald eins og hér hefir verið gert. Annað mál er það, hvort hv. Alþingi finnst ástæða til að breyta l. um verkamannabústaði. Það er hægt að gera án þess að leggja blessun yfir brbl. þessi.

*__Pétur Halldórsson:__ Herra forseti! Það kemur í ljós á öllum tímum, að illur fengur illa forgengur. Þegar l. um verkamannabústaði voru sett árið 1931, var aðalástæðan sú, að framsóknarmenn þurftu á einhvern hátt að gera ánægða samherja sína eða samstarfsmenn, sósialistana. Það er einn galli á lýðræðisfyrirkomulaginu, að svona hlutir eru venjulega gerðir með fé borgaranna. Til þess að treysta samvinnuna féllst Framsókn á það, að sósialistar fengju að skattleggja borgarana til þess að geta safnað um sig fylgismönnum á því að byggja yfir þá hús í kaupstöðum landsins. Voru menn skattlagðir þannig, að fyrst skyldi greiða eina krónu á mann til þessarar starfsemi, en síðan var framlagið hækkað upp í tvær krónur á mann, og þar næst skyldi ríkissjóður leggja fé í þennan sjóð, svo að sósialistar gætu safnað fylgi í kaupstöðum á því að útvega fólki góðar íbúðir. Þetta voru mikil friðindi, því að ekki mun hafa munað minna en helmingi á því, hversu ódýrara var að lifa að því er húsnæði snerti fyrir þá, er fengu það á þennan hátt, en hina, sem urðu að útvega sér fé til bygginga á venjulegum lánamarkaði. Við mótmæltum þessu þá nokkrir þm. á þeim grundvelli, að verið væri að nota fé skattþegnanna í pólitískum tilgangi, til þess að gefa samherjum Framsóknar í kaupstöðum skilyrði til þess að afla sér fylgis. Að vísu var því mótmælt af meðhaldsmönnum frv., að það væri mögulegt, að nokkur pólitískur flokkur gæti haft pólitíska hagsmuni af þessu. Ég var ef til vill dálítið ógætinn í orðalagi mínu í deilu við hv. 3. þm. Reykv., er ég sagði, að þetta myndi verða einskonar virki sósialista og kommúnista hér í bæ, á svipaðan hátt og var í Vínarborg. Þetta hefir ekki komið fram enn á sama hátt og þar, en það getur komið fram á sínum tíma. En það er a. m. k. komið fram, að hér var um pólitísk friðindi að ræða. Hæstv. félmrh. hefir líka lýst yfir því með því að nota fyrstu dagana af sinni

ráðherratíð til þess að taka þetta allt í sínar hendur. Því var líka rétt að segja, að þetta var illur fengur. En hefir hann þá forgengið illa? Já, fyrir hv. 3. þm. Reykv. hefir hann forgengið mjög illa. Og ég get bætt við, að eftir lýsingu þeirri, sem hv. 3. þm. Reykv. hefir gefið á aðferðinni, sem notuð var við að ná þessu úr höndum hans, þá hefir hann einnig forgengið illa fyrir hinn aðilann, því að sú aðferð var, eftir lýsingunni, mjög óeðlileg og jafnvel ljót.

Það er því rétt, að þetta var fengur fyrir sósialista að fá. En nú er farið að bera á allmiklum hernaði milli þessara flokksbrota um það, hvorir skuli njóta fengsins. Ef allt væri með eðlilegum hætti, kysi ég heldur, að Alþfl. nyti hans en kommúnistar og gæti því samþ. brbl., því að mér þykir líklegra, að Alþfl. hegði sér skikkanlega í þjóðfélaginu um sinn en kommúnistar og geri minna ógagn í þjóðfélaginu en kommúnistar með því að draga til sín atkvæði manna. En ég verð hinsvegar að segja, að ég hefi ekki geð í mér til að gefa þeim atkv. mitt.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil víkja nokkrum orðum að þeim umr., sem hér hafa farið fram, og byrja þá á síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Reykv. Hann kom inn á það atriði, hvort réttmætt væri að hjálpa mönnum til að fá sér ódýrt húsnæði í bæjum landsins. Hann er nú borgarstjóri í Reykjavík og þekkir þau vandræði, er fólkið á við að stríða á degi hverjum út af húsnæði og öðru, en honum virðist sviða sárt að sjá, að hér og víðar rísa myndarlegar byggingar verkamanna fyrir atbeina þessarar löggjafar. Ég skil ekki þennan hugsunarhátt, sem sér ofsjónum yfir því, að reynt sé að hjálpa þeim mönnum, sem erfiðast eiga uppdráttar, til að fá sér þak yfir höfuðið. Annars skildist mér það vera ein aðalröksemd hv. þm. gegn þessu máli, að þeir einir ættu að njóta þessara hlunninda, sem væru Alþfl.-menn eða andstæðingar Sjálfstfl. En ég verð að segja, að þetta er mikill misskilningur. Ef svo væri, að fyrst og fremst andstæðingar Sjálfstfl. hefðu notið þess að fá slíkar íbúðir sem hér um ræðir, þá væri það ekki fyrst og fremst Alþfl. að kenna eða andstæðingum Sjálfstfl., heldur sjálfstæðismönnum sjálfum. Í stj. hins nýja Byggingarfélags verkamanna eru menn af öllum þrem stjórnmálaflokkunum: Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. Þeir, sem hafa vilja á að nota sér þennan möguleika og eru nógu snemma á ferli og áhugasamir, geta með tilstyrk félagsins fengið þak yfir höfuðið, án tillits til stjórnmálaskoðana. Ég held því, að aðalástæðan til þess, að hv. þm. er á móti hugmyndinni um verkamannabústaði, liggi í því, að hann geti ekki hugsað sér, að hinu opinbera beri að styrkja þá, sem svo eru staddir, að þeir eiga örðugt með að bjarga sér sjálfir, og telja því, að þeir eigi að vera úti á gaddinum. Þar skilur á milli skoðana hv. 4. þm. Reykv. og okkar Alþfl.-manna.

Annars sagði hv. þm., að ég hefði tekið mér valdið gagnvart Byggingarfélagi alþýðu, sem starfað hafði hér í bæ um nokkur ár, með óréttlátu og ljótu móti. Það er vafalaust, að þeir, sem segja þetta — ef þeir gera það ekki gegn betri vitund, og það veit ég, að hv. 4. þm. Reykv. gerir ekki —, segja það vegna þess, að þeir hafa ekki fylgzt með gangi málsins. Við 1. umr. rakti hv. 3. þm. Reykv. nokkur skjöl um þetta mál. Ég svaraði ekki mörgum orðum, en þó þannig, að fullnægjandi ætti að vera hverjum, sem vill beita sanngirni. Eftir að ég tók sæti í stj., gerði ég ráðstafanir til að tryggja byggingarsjóði verkamanna verulegt fé til að koma upp verkamannabústöðum. Síðan gaf ég út brbl., því að ég taldi, að með því fyrirkomulagi væri betur háttað byggingarmálunum. Ég hefi áður lýst því, hvaða ástæður lágu til þess. Í Osló, þar sem byggt hefir verið mikið á þennan hátt með aðstoð borgarinnar, gilda þau ákvæði, að ef byggingarfélag byggir með stuðningi borgarinnar, þá á bærinn rétt á að tilnefna einn mann í stj. félagsins. Er þar um að ræða sömu hugsun og í frv. því, sem hér liggur fyrir. Þegar svo brbl. höfðu verið gefin út, var haldinn fundur í stj. byggingarsjóðs verkamanna. Byggingarfélagi alþýðu var skrifað og því tilkynnt, að það gæti fengið lán, ef það fyrir tilskilinn tíma fullnægði ákvæðum brbl. Síðan var haldinn fundur í félaginu, og mætti ég á þeim fundi. Var tilefni hans að útnefna mann, sem átti að vera formaður Byggingarfélags verkamanna, er rétt hafði til þess að fá lán úr byggingarsjóði, bæði samkv. þeim l., er áður voru í gildi, og hinum nýju bráðabirgðal. Á þessum fundi byggingarfélagsins var gerð ákvörðun um breyt. á samþykktum félagsins, svo að þær væru í fullu samræmi við l. um verkamannabústaði og bráðabirgðal. um sama efni. En nokkur ákvæði í samþykktum þessum voru sett sem skilyrði til ríkisstj. og byggingarsjóðs, og skyldu þær falla úr gildi, og ef ríkisstj. hefði ekki viðurkennt félagið innan tiltekins tíma, hefði byggingarsjóðsstjórnin ekki gert þetta. Felldar voru niður nokkrar breyt., sem samþ. höfðu verið hjá byggingarfélaginu. Ég lýsti því yfir, áður en gengið var til atkv., að ríkisstj. myndi halda sér við það, sem samþ. hefði verið, og myndi ekki láta stj. byggingarfélagsins setja sér nein skilyrði um að gera þetta eða hitt til þess að félagið vildi breyta samþykktum sínum. Annaðhvort yrði Byggingarfélag alþýðu að breyta samþykktum sínum algerlega skilyrðislaust til samræmis við gildandi landslög, eða það gæti ekki búizt við að njóta þeirra réttinda, sem l. veittu. Þrátt fyrir þessa velgerð frá minni hálfu, sem kom fram áður en gengið var til atkv., voru samþ. þessar breyt. á ákvæðum Byggingarfélags alþýðu. Stj. Byggingarfélags alþýðu fór að öllu leyti fram með offorsi og vildi á engan hátt hlýða því, sem ég sagði, heldur setti sín skilyrði og gerði sínar samþykktir, án þess að taka neitt tillit til, hvort nokkur möguleiki væri til, að það gæti fengið lán.

Svo sagði hv. 4. þm. Reykv., að þetta hefði verið sérstaklega ljót aðferð og brot gegn Byggingarfélagi alþýðu. Það þykir aldrei sérlega eftirbreytnisvert að fella dóm án þess að kynna sér atvik málsins. Stjórn byggingarsjóðsins var sammála um þetta, þegar rætt var um lánveitingar til Byggingarfélags alþýðu, að það hefði ekki fullnægt skilyrðunum til lánveitingar, og

enginn ágreiningur var innan stj. byggingarsjóðsins um það mál. Þegar Byggingarfélag alþýðu hafði gert þetta og sent félagsmálaráðun. samþykktir sínar, þá skrifaði félagsmálaráðun. þó enn á ný til Byggingarfélags alþýðu um, að þessar greinar gæti ráðuneytið ekki sætt sig við og óskaði því, að félagið felldi þær úr gildi, en að hinn nýskipaði formaður tæki þegar í stað við formannsstörfum, og meðstjórnendur þess yrðu kosnir. En í stað þess að taka bendingar ráðun. til greina, skrifaði stj. Byggingarfélags alþýðu félagsmálaráðun. kesknisbréf og lýsti því yfir, að hún færi sínu fram, hvað sem ráðun. segði, og allt væri í lagi hjá þeim. Þetta félag fékk ekki lán, vegna þess að það eða formaður þess vildi ekki hlýða gildandi landsl. og bráðabirgðal. félagsmálaráðun. um þetta efni, og var það eina ástæðan til þess, að það fékk ekki lán úr byggingarsjóði. Ef þetta félag hefði hinn 13. eða 14. júlí 1939 samþ. að breyta ákvæðum sínum þannig, að þau yrðu skilyrðislaust í samræmi við l. um byggingu verkamannabústaða og bráðabirgðal., ef félagið hefði orðið við því, að hinn nýskipaði formaður hefði tekið við stjórn og látið fara fram kosningar á meðstjórnendum, þá hefði það fengið full réttindi til að fá lán úr byggingarsjóði, og eflaust einnig fengið lán. En því sýndist ekki að fara þá leið, heldur hefir það undir stj. hv. 3. þm. Reykv. (HV) beitt offorsi og mótþróa gegn fyrirskipunum ríkisstj. og talið þær vera til óþurftar Byggingarfélagi alþýðu, en stj. þess félags taldi sig hafa réttinn í sínum höndum.

Ég get sagt hv. 5. þm. Reykv. (EOl) það, út af því, sem hann sagði, að þetta hefði verið sett í gegn með offorsi, að það, sem hefir verið sagt ósatt við 1. umr., verður ekki sannara fyrir því, þótt það sé endurtekið við 2. umr.

Út af því, sem hv. 7. landsk. (GÞ) sagði, að óþarft hefði verið að gefa út bráðabirgðal. um þetta, því að byggingarfélögin hefðu fengið fullt réttlæti með þeirri skipan, er áður var á þessu, þótt ekki væri ákvæði um, að formaður þeirra yrði skipaður af félagsmálaráðun., verð ég að segja það, að sé efni bráðabirgðal. réttmætt, eins og hann er mér sammála um, er ekkert eðlilegra en að bráðabirgðal. væru gefin út um það atriði, og einmitt sérstaklega þegar byggingar í stórum stíl stóðu fyrir dyrum e. t. v. í mörgum kaupstöðum á landinu, þá var eðlilegt að koma réttmætum og réttlátum breyt. á sem fyrst, enda var það gert.

Ég get endurtekið þakkir mínar til allshn., sem er mér sammála um, að sé breyt. réttlát, er líka réttlátt að framkvæma hana sem fyrst, áður en nýkosnir menn þyrftu að hafa stjórn á framkvæmdum byggingarmála verkamanna yfirleitt í kaupstöðum.

*Garðar Þorsteinsson: Út af ummælum hæstv. félmrh. um, að í bráðabirgðal. hefði verið um réttláta og sjálfsagða breyt. að ræða, og því réttlátt og sjálfsagt, að hún kæmist sem fyrst til framkvæmda, vil ég spyrja hann, hvers vegna hann gerði ekki þessa skipun á þeim málum árið 1934. Ég veit ekki annað en alveg sama mál hafi þá verið leyst, sem sé að veita lán til bygginga í Reykjavík. Ef þessi breyt. er sjálfsögð nú, hvers vegna var hún ekki gerð þá? Hæstv. félmrh. hefði átt að vera gagnkunnugt um skipun á þessum málum í Osló 1934, og mun hann nú, þegar hann er orðinn ráðh., máske hafa gleymt því? Ég skal taka það fram, að ég álít þessi l. vera óþörf, og ég skil ekki, að unnt sé að telja nokkrum manni trú um, að nokkur ástæða hafi verið til að gefa út þessi bráðabirgðal. aðeins 2 mánuðum áður en Alþ. kom saman, þar sem hér er um félagsskap að ræða, sem hefir starfað síðan 1931 með allt annari skipun. Það má alls ekki blanda því saman, að ákvæði l. séu til bóta, og hinu, að næg ástæða sé til, að þau verði sett með bráðabirgðal., og að ráðh. sé almennt heimilað að gefa út bráðabirgðal., sem telja megi sjálfsögð. Það þarf nokkuð meira til en að aðeins sé um breyt. til batnaðar að ræða.

Ég get svarað hv. 5. þm. Reykv. (EOl) á þá leið, þótt ég telji það alls ekki hlutverk mitt að draga taum hans flokks, að ég tel ekki rétt að vera móti bráðabirgðal., sem ég álít til bóta, bara vegna þess, að þau hafa verið sett til að ná sér niðri á pólitískum andstæðingum. Má vel vera, að það hafi ráðið mestu hér, en það réttlæti, sem hæstv. félmrh. talaði um, hafi ekki verið höfuðástæðan. En hitt næði ekki nokkurri átt, að telja sig vera móti þessum bráðabirgðal. og fella þau, en bera svo fram frv. um svipaðar breyt. á l. um sama efni, því að þar með væri viðurkennt, að bráðabirgðal. væru til batnaðar. En hvers vegna átti þá að fella þau? Ég sé ekki ástæðu til að taka það bókstaflega eins og hann. Úr því sem komið er finnst mér aðalatriðið vera, hvort frv. sé betra en l. eru. Ég álít, að það sé betra og eðlilegra, að ríkisstj. skipi formann, ef byggingarfélögin sjálf kjósa fjóra, en ríkið leggi fram töluvert fé. En hitt er allt annað, að setja ákvæði um þetta með bráðabirgðal. og gera það að bindandi ástandi.

Ég ætla ekki að blanda mér inn í deilur þeirra hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. félmrh., en samt verð ég að segja, að ég get ekki skilið annað en það hafi verið tilætlun félagsins á þessum makalausa fundi að færa samþykktir sínar til samræmis við bráðabirgðalögin. Ef ég ætti að segja, hvort byggingarsjóði hefði verið skylt að veita þetta lán, þá hallast ég að þeirri skoðun, að skylt hefði verið að veita Byggingarfélagi alþýðu lánið. Það verður aldrei varið, þótt hæstv. félmrh. hugsi það, að bráðabirgðal. um verkamannabústaði voru sett til þess að bola ákveðnum manni úr stj. félagsins. Það er hið sorglegasta við þetta mál, eins og við sjálfstæðismenn höfum bent á, að forkólfar jafnaðarmanna nota sína aðstöðu ekki lítið til pólitísks framdráttar fyrir Alþfl. Þessu er að vísu algerlega neitað af þeim sjálfum, þar á meðal af hæstv. félmrh., sem nú er. En ég fæ ekki séð, þótt forusta byggingarfélagsins yrði falin öðrum flokki, sem er meira „radikal“, og sem ég vildi ekki mæla með, að menn flykktust til, að hann notaði sér ekki sína aðstöðu öldungis á sama hátt. Sumir segja, að hv. 3. þm. Reykv. hafi verið staðfastur við þá stefnu, sem jafnaðarmenn og kommúnistar tóku við síðustu bæjarstjórnarkosningar, en það hafi verið hæstv. fél-

mrh., sem ég tel til hægri, er hafi þar látið undan.

Ég hefi ekki meira um þetta að segja, en get tekið undir ummæli hv. 4. þm. Reykv., að illur fengur illa forgengur. Þessir menn, hv. 3. þm. Reykv. og kommúnistar annarsvegar, en jafnaðarmenn hinsvegar, hafa alltaf verið að togast á um völdin og þeir gátu ekki þolað, að annað byggingarfélag, félag sjálfstæðra verkamanna, nyti réttinda samkv. l. frá 1937. Slík framkoma getur ekki orðið til þess að gera það sennilegt, að þeir séu alltaf að hugsa um hag almennings; það hlýtur að vera eitthvað þar saman við. Enginn vafi er á um þetta. Þó að hæstv. félmrh. segi, að í þessu nýja byggingarfélagi séu bæði framsóknarmenn, Alþfl.-menn og sjálfstæðismenn, þá er það öldungis hið sama, sem segja mátti um Byggingarfélag alþýðu árið 1934. En við skyldum bara sjá til, ef hv. 3. þm. Reykv. hefði sömu valdaaðstöðu sem hæstv. félmrh. hefir nú, þá myndi öllum rökum verða snúið við, og hv. 3. þm. Reykv. og hans flokksbræður myndu þá vilja skapa sér þá aðstöðu, sem jafnaðarmenn hafa nú.

Það er alveg rétt, að í Varðarhúsinu hefir verið fest upp þessi yfirlýsing: „Gjör rétt, þol eigi órétt." Þetta er það, sem við sjálfstæðismenn viljum berjast fyrir, og sérstaklega í þessu máli frá því að ég fyrst man eftir, að það hafi verið rætt hér á Alþ., en slík regla er sjálfsagt ekki sett fram hjá hv. 5. þm. Reykv.

*__Pétur Halldórsson__: Herra forseti! Hæstv. félmrh. hlaut að vera við því búinn, að einhverjir þeirra, sem muna 6—8 ár aftur í tímann. segðu eitthvað svipað því, sem ég sagði, að ekki yrði setið svo á „ihaldinu", að ekki yrði sagt eitthvað í þessa átt.

Þó vona ég, að ég hafi ekki sagt það svo óþægilega, að hann hafi réttmæta ástæðu til þess að segja aðra eins fjarstæðu sem þá, að vegna þess að ég er borgarstjóri í Reykjavík, svíði mér það sárt að sjá myndarlegar byggingar í bænum. Svona tal nær ekki nokkurri átt, og það vita þessir piltar sjálfir. Það, sem mér sviður, er það, að Alþ. eða meiri hl. þáverandi stjórnarflokka skyldu ganga inn á það að gefa pólitískum flokki það vald, sem hér er um að ræða. Það er ljótt að hælast um, og ég vil ekki gera það. Það er skylda að benda löggjafarþinginu á, að við er það svo, að þegar svona verk eru framin, verður það ekki til góðs, heldur til ógagns, er kemur fram á einhvern hátt. Þarna kemur ógagnið fram á þann hátt, að það verður til óviðunandi meðferðar á þessu máli, sem átti að nota til sameiginlegra pólitískra hagsmuna fyrir þá flokka, sem hafa nú ekki borið gæfu til að vinna saman lengur. Annað, sem mér þykir líka sárt, er það, að þessir forgöngumenn hinna fátæku og alþýðunnar eru enn með það á vörunum, að þetta sé fyrir þá fátæku. En mér er kunnugt um, að það er alls ekki fyrir þá fátæku, og ekki heldur ætlað þeim. Til þess að geta búið í þessum verkamannabústöðum þarf sæmilegar tekjur, og er það allt annað en forgöngumenn verkamannabústaðanna hafa látið í veðri vaka. Þeir eru ætlaðir þeim flokki manna, sem hefir sæmilega afkomu og eru flokksbræður jafnaðarmanna og pólitískir, en þeir jafnaðarmenn eru ekki meðal hinna fátæku, og er þess gætt.

Ég held líka, að það væri íhugunarmál fyrir hæstv. félmrh., úr því að hann hefir sérstaklega komið auga á þetta atriði, að athuga, hvort þeir, sem búa í verkamannabústöðunum, uppfylltu þau skilyrði, sem hafa verið sett, að þeir hefðu ekki hærri árstekjur en 4000—5000 kr. Það er grunur minn, að meiri hl. þeirra manna, er þar búa, hafi talsvert meiri tekjur, og málið horfi þannig við, að því lengra sem líður þurfi af ýmsum ástæðum að hækka meira tekjuliði þeirra, sem í húsunum búa, til þess að l. nái tilgangi sínum. Þegar foringjar Alþfl. segjast vera að vinna fyrir hina fátæku, eru þeir að vinna fyrir þann fasta stofn af flokksmönnum sósíalista, sem eru sæmilega efnaðir, og þeir munu flestir hafa meira en 4000—5000 kr. árstekjur.

Hæstv. félmrh. sagði, að enginn skyldi hlakka yfir því, hvað verkamannabústaðina snerti, að ekki fái aðrir en pólitískir jábræður sósíalista að njóta þeirra. Margt mætti segja um það, hvernig farið er að nota þá 2000 menn, sem eru í byggingarfélaginu, sem vilja gjarnan fá íbúð og trúa því, að ef þeir fá hana, geti þeir haldið henni, þó það sé umfram þeirra efni. Það er með tvennu móti, að því er mér er sagt. Hið nýja félag hefir farið þá leið, að safna áskriftum á lista, og þeir, sem fyrstir skrifa sig á lista, fá fyrst íbúð. Það er vandalaust að láta þá, sem hafa rétta pólitíska skoðun, skrifa sig fyrst á lista, þegar stofnun félagsins er undirbúin í kyrrþey. Önnur leið til að velja þá úr, sem fyrstir eiga að fá íbúðir, er að hafa happdrætti um það, og er hér um stórkostlegt happdrætti að ræða fyrir þá, sem hafa hæfilegar tekjur. En mér þykir þessi happdrættisaðferð enn djöfullegri en hin, ef ég má svo að orði komast, því að hún verkar á þann hátt, að forráðamenn félagsins safna eins mörgum í það og þeir geta, því að þegar þessi aðferð er höfð, hefir enginn meiri líkur til að fá íbúð en annar, og enginn veit, hver fær íbúð næst, hvort það verður heldur Alþfl.-maður, framsóknarmaður, sjálfstæðismaður, kommúnisti eða nasisti. Þá er fyrst hægt að „agitera" flokknum í hag með því að halda því fram, að málið nái til allra, sem hafa ástæður til að vinna í sliku happdrætti. Með þessum stórkostlega bardaga fyrir heill almennings, eins og þetta er kallað, sem er í rauninni sérréttindi fárra manna, er fjöldi manna látinn borga skatta, til þess að gefa nokkrum mönnum, sem valdir eru af sósíalistum, ákveðin sérréttindi.

Nei, því fer fjarri, að mig sviði undan því, þótt hér í Reykjavík rísi upp myndarlegar byggingar. Ef einhver kennir til sviða undan því, þá hefir hann ekki tekið það atriði, sem alveg var óþarfi að finna til út af.

Ég vil að lokum segja það, að ég hefi ekki heyrt, að yfirleitt hafi verið fundið að stj. hv. 3. þm. Reykv. á Byggingarfélagi alþýðu hvað snertir vinnubrögð við að koma upp húsnæði. Mér er sagt, að hann hafi gert það vel og svo, að ekki hafi þótt aðfinnsluvert. Ég hefi ekki

heyrt fundið að stj. hans, nema af pólitískum leiðtogum, sem eru andstæðingar hans.

Það getur valdið deilum, hvort byggja skuli samstæð hús eða sérstök, en ég hefi ekki heyrt, að stj. á Byggingarfélagi alþýðu hafi lent í ráðleysi, og ekki hafi verið farið eftir því, sem telja má sanngjarnar kröfur, heldur hafi hv. 3. þm. Reykv. haldið vel á því „praktiska" fyrir þá, sem eiga að búa í húsunum. Ég hefi ekki ástæðu til að draga taum nokkurs þess manns, sem verið hefir formaður Byggingarfélagsins.

Það er nú ljóst, að hér er um pólitískt mál að ræða, sem byrjaði með því óhappaspori, er stigið var þegar meiri hl. Alþ. fór inn á þá braut árið 1931, að Framsfl. gæfi sósialistum þetta vald yfir fólkinu í kaupstöðum landsins, gegn því að Framsfl. hefði samskonar friðindi í sveitunum. Þetta er ljótt, og þeir eru nokkrir, sem hafa fengið að kenna á því, að illur fengur illa forgengur.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég þarf ekki að svara mörgu af því, sem fram hefir komið við þessar umr. Hv. 7. landsk. vildi ég segja það, að hvorugum okkar datt það í hug, þegar þetta mál var hér til umr. á Alþ. árið 1934, að heppilegra væri að fara þá leið, sem gengið var inn á með bráðabirgðal. En við erum nú báðir sammála um það, og heppilegt. að mér skyldi detta þetta fyrr í hug en hv. 7. landsk. og að ég hafði aðstöðu til að framkvæma það. (GÞ: Vill þá hæstv. ráðh. setja allar sínar „ideur" fram með bráðabirgðal.?). Ég hefi nú ekki gert það. Hv. þm. treystir sér ekki til að mótmæla því, að það hafi verið æskilegt að koma því svo fyrir, að Byggingarfélag alþýðu hafi skyldur, sem samsvari réttindum þess. En að öðru leyti þarf ég ekki að svara honum.

Hv. 4. þm. Reykv. fór ekki rétt með mín orð. Ég hefi ekki sagt um hann, að honum myndi svíða sem borgarstjóra í Reykjavík að sjá þessa myndarlegu verkamannabústaði. Ég kvaðst vera undrandi á því, að hann, sem er borgarstjóri í Reykjavík og mun þekkja manna bezt hinn mikla skort, sem margir verða að búa við, bæði á húsnæði og öðru, skyldi ekki fagna því. Sjálfur hefi ég verið undrandi yfir því, þegar rætt hefir verið um hina nýju og myndarlegu verkamannabústaði, að hann skyldi ekki verða feginn, að mönnum gæfist kostur á svo haganlegu húsnæði, því að það er áreiðanlegt, að mikil vandkvæði eru á að stjórna málum þessa bæjar, og áreiðanlega fullkomin þörf á að bæta úr hvað húsnæðið snertir. Mér er kunnugt um það af samstarfi mínu við hann í bæjarstj., að það hefir oft ekki verið neinn hægðarleikur að stjórna málefnum Reykjavíkurbæjar. En einmitt þessi maður, hv. 4. þm. Reykv., segir nú, að verkamannabústaðirnir séu ekki fyrir hina fátæku. Þetta er ekki rétt; þeir eru einmitt fyrir þá fátækustu, að vísu e. t. v. ekki fyrir þá allra sárfátækustu. Ef farið væri að rannsaka efnahag þeirra, sem búa í hinum nýju verkamannabústöðum, sem reistir hafa verið, má undantekningarlaust segja, að það séu fátækir menn, þótt segja mætti, að aðrir séu enn fátækari af þeim, er búa í Reykjavík. En það hefir verið bent á aðra leið til að hjálpa þeim, sem eru svo sárfátækir, að þeir geta ekki eignazt hlut í verkamannabústöðunum, og hún er sú, að bærinn byggði húsnæði, sem væri leigt út, handa þeim allra fátækustu.

Annars fannst mér ótilhlýðilegt hjá hv. 4. þm. Reykv. að láta renna svo út í fyrir sér að gefa í skyn, að byggingarfélögin væru pólitískur félagsskapur jafnaðarmanna eða kommúnista, og hann sagði einnig, að það gæfi ágætt tækifæri fyrir jafnaðarmenn til að agitera í fólkinu. Slík ummæli eru alveg tilefnislaus.

Hann getur ekki skilið annað en að það hafi verið vegna fjandskapar við hið nýja byggingarfélag, að bráðabirgðal. voru gefin út, en það er algerlega rangt. Allir pólitískir flokkar njóta þar fullkomlega sömu réttinda.

Hvað snertir sögusögn hv. 4. þm. Reykv., sem hann tók upp eftir hv. 3. þm. Reykv., um að það hefði verið samþ., að 70 menn ættu að njóta allra forréttinda, þá vona ég, að hv. 4. þm. Reykv. sjái, að í þessu máli er honum ekki gott að byggja á heimildum sessunautar síns og samþingismanns. Sannleikurinn er sá, að fyrst var reynt að ýta mönnum af stað til þátttöku í byggingarfél., því næst var auglýstur í Morgunbl., Alþýðubl. og Vísi stofnfundur í byggingarfélagi verkamanna. Allir þeir menn, sem sátu þann fund, gerðust stofnendur í þessu félagi. Síðan er dregið úr milli stofnenda, hverjir fyrstir komi til greina.

Þar sem voru aðeins 200 íbúðir, gátu ekki allir stofnendur komið til greina. Þá var engin önnur leið réttlátari, til að fyrirbyggja tortryggni, en að láta lögmann draga um, hverjir stofnendur kæmu til greina um fyrstu verkamannabústaði. Þessi leið var valin, og hún virðist vera réttlát.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að þetta væri frá upphafi pólitískt mál. Það má segja, að flest löggjöf, sem samin er á Alþ., sé pólitísk. Ef litið er á löggjöfina og framkvæmd hennar, er hún dálítið mismunandi eftir því, hvaða skoðanir menn hafa á landsmálum. Svo er einnig um l. um verkamannabústaði. Ég man líka eftir því, að ég ásamt hv. 4. þm. Reykv., sem þá vorum í fjhn. Reykjavíkurbæjar 1929, átti að gera till. um það ásamt 3. manni, hvort nota ætti heimildina um verkamannabústaði. Hann var þar í minni hluta og taldi óeðlilegt að nota þessa heimild.

Ég og Jón Ásbjörnsson mynduðum meiri hluta um það, að bærinn gæfi yfirlýsingu til ráðuneytisins um, að eðlilegt væri að nota þessa heimild í l. um verkamannabústaði. Það voru ólík sjónarmið, sem komu fram, og þeirra ólíku sjónarmiða mun gæta í dag og næstu daga um fjölmörg mál, sem upp kunna að koma í þinginu og utan þings.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil aðeins út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. lítillega benda á 2 atriði, sem komu fram. Fyrra atriðið er um það, hversu þetta mál um verkamannabústaði hefir algerlega sigrað og verið talið réttmætt af öllum, þar sem hv. 4. þm. Reykv. var aðalandstæðingur þessa máls á þingi 1935. Síðara atriðið var um það, hversu ægilegar grunsemdir hv.

4. þm. Reykv., sem er jafnframt borgarstjóri, vekur hjá mönnum um yfirstjórn hans á Reykjavík.

Fyrra atriðið, hversu löggjöfin hefir sigrað, kemur fram í því, að þessi aðalandstæðingur málsins, þegar lögin voru sett, viðurkennir, að þessi löggjöf hafi verið fengur fyrir þá, sem að því stóðu að koma henni fram. Nú vil ég spyrja hv. þm.: Getur nokkur löggjöf verið fengur fyrir þá, sem eiga upptök að henni, nema hún sé góð? Ég hygg það mælikvarða á löggjöf, sem sett er, ef hún er góður fengur fyrir þá, sem að henni standa. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að það kemur fram, til hvers félag sjálfstæðra verkamanna var stofnað, þar sem nú er játað af þeim, sem að því stóðu, að um pólitískan hagnað sé að ræða fyrst og fremst með því að standa að slíkum félagsskap. Hér vildi hv. 4. þm. Reykv. aðeins uppskera þar, sem hann sáði ekki, og sárnar mjög, að það skyldi ekki takast. Það leynir sér ekki um það frv. um breyting á l. um verkamannabústaði, sem borið var fram af Sjálfstfl. 1934, um að þeir gætu stofnað sérstök félög. Tilgangurinn til þess var að reyna að fá pólitískan hagnað af því. En hitt atriðið, um þær grunsemdir, sem komu fram í ummælum hv. 4. þm. Reykv., þegar hann talaði um það, hvað mikið pólitískt atriði það væri að ráða yfir byggingarstjórn verkamannabústaðanna hér í Reykjavík, og þessar grunsemdir koma frá manni, sem ræður mestu ef ekki öllu í Reykjavíkurbæ. Mér fyrir mitt leyti finnst það koma óþægilega við, þar sem fjárráð og peningar eru í höndum þessa manns, og að það sé ekki alveg loku fyrir það skotið, að þær hugrenningar komi í hug þessa hv. þm., að þetta sé pólitískur fengur fyrir hann. Enda er margt svo í þeim rekstri, að framkvæmdin verður að vera leynd, og dylst það engum, að það getur a. m. k. verið töluvert varhugavert, þegar slíkar grunsemdir koma frá manni, sem hefir stjórn á hendi. Þessi 2 atriði hefi ég viljað benda á í umr., sem farið hafa fram um þetta mál.

Lögin um byggingu verkamannabústaða hafa nú algerlega sigrað. Þau hafa reynzt góð í framkvæmdinni og réttlát. Aðalandstæðingur þeirra, hv. 4. þm. Reykv., telur þau lán og feng, af því að þau lentu ekki í hans hlut. Það er bersýnilegt, að hann langaði til að fá brtt. borna fram á þingi 1934. Þar með lýsir hann yfir afstöðu sinni í þessu máli. Hann hefir átt þar betri hluta, og það er ekki nema gott. Um hitt atriðið, sem er aðalefni þessa frv., að ríkisstjórnin skipi einn í stjórn þessa byggingarsjóðs um leið og stjórnin leggur fé til, er ekki nema eðlilegur hlutur, því það er vitanlegt, að í stjórn þessa byggingarsjóðs hafa verið næstum eingöngu menn, sem lítils trausts hafa notið hjá þjóðinni. Það er því ekki nema eðlilegur hlutur, að stjórnin vilji hafa hönd í bagga með, hvernig þessu fé er varið, og er réttlátt, að hún hafi einn mann af 5, sem stjórna.

***Héðinn Valdimarsson**: Hv. þm., sem síðast talaði, virtist ekki kunnugur þessu máli og ruglaði öllu saman, byggingarsjóði og byggingarfélagi. — Þá kem ég að þungamiðjunni í ræðu hæstv. félmrh. Hann vildi enn halda því fram, að byggingarfélögin hefðu ekki uppfyllt þau skilyrði, sem þeim hefðu verið sett. Ég hefi áður skýrt frá því, við 1. umr. þessa máls, hvað reynslan hefir sýnt um þetta atriði, og hvað sem annars má segja um hv. þm., þá eru þeir það sæmilega greindir, að þeir ættu að geta séð slíkt.

Breyt. á 4. gr. þessara laga var gerð á fundi hjá Byggingarfélagi alþýðu, þess efnis, að sett bráðabirgðaákvæði skuli falla úr gildi undir 3 tilfellum. Í fyrsta lagi, ef lögin ná samþykki, en fá ekki staðfestingu stjórnarinnar, byggingarsjóðs og ráðuneytisins. Í öðru lagi, ef byggingarfélögin fá ekki lán til að byggja. Og í þriðja lagi, ef bráðabirgðaákvæði verða felld á þinginu. Það er svo barnalegt að halda því fram, að hér sé um að ræða skilyrði, sem sett hefðu verið í l.

Það er augljóst og það vita allir Reykvíkingar, að þegar talað var um þessi mál, sögðu hans nánustu fylgismenn innan byggingarfélagsins, að það skyldi aldrei koma fyrir, að byggingarfélagið fengi lán úr byggingarsjóði Reykjavíkur. Afleiðingin af þessu varð fyrst og fremst sú, að byggingarnar hafa dregizt og orðið allmiklu dýrari. Maður má búast við, að ef launakjörin verða eins og þau hafa verið undanfarið, þá sé það rétt, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði, að það gætu ekki allir verkamenn búið í þeim.

Svo var það viðvíkjandi valinu á þeim mönnum, sem fá íbúðirnar. Því er komið á þann grundvöll í Byggingarfélagi alþýðu, að menn fá þær eftir þeirri röð, sem þeir hafa látið skrifa sig inn. Félmrh. vildi halda því fram, að í þessu nýja félagi hefði verið dregið um mennina. Félag þetta var stofnað með nokkuð undarlegum hætti, samkv. bráðabirgðalögum. Það var gengið á eftir mönnum með grasið í skónum að taka þátt í stofnun félagsins, og tókst að stefna saman fundi. Er skiljanlegt, að þeir, sem mest voru innundir hjá hæstv. félmrh., hafi tínzt með.

Eftir því, sem skýrt var frá í Alþbl., var dregið um milli 70 manna, hverjir fengju fyrstu íbúðir verkamannabústaðanna. Það hafa verið sendar um það fyrirspurnir til lögmanns, hvort þetta hafi átt sér stað. Er ekki bókað neitt um það hjá fulltrúunum, eftir því sem ég bezt veit, og ekki hægt að fá skriflega vissu um þetta.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson)**: Hv. 3. þm. Reykv. upplýsti það, sem hér hefir verið haldið fram, að Byggingarfélag alþýðu hafi sett ákveðið skilyrði til þess að breyta samþykktum sínum. Þessi skilyrði vildi ráðuneytið ekki uppfylla, nema félagið vildi fella niður þessar kröfur sínar. En í stað þess að gera það heldur félagið áfram að starfa á þessum grundvelli.

Ennfremur sagði hv. 3. þm. Reykv., að nýju verkamannabústaðirnir hefðu verið dýrar byggingar. Eitt er víst og er komið þegar í ljós, að þar, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði valið stað fyrir byggingarnar, var grunnurinn og húsin langtum dýrari en á hinum nýja stað, sem er þar að auki fallegri. Ég er hræddur um, að byggingarnar, komnar upp, verði það dýrar, að fátækir menn geti ekki búið í þeim.

Stofnun byggingarfélags verkamanna fór fram með svipuðum hætti og stofnun byggingarfélags alþýðu. Stofnfundur var auglýstur í 3 af bæjarblöðunum, eins og mun hafa átt sér stað um stofnun þessara 2 félaga. Út af því, sem hv. þm. sagði, að dregið hefði verið um það milli stofnenda, hverjir kæmu fyrstir til greina, vil ég geta þess, að hann getur fengið allar upplýsingar um það hjá fulltrúum lögmanns. (HV: Hver af fulltrúunum gefur þessar upplýsingar?) Ég veit það ekki með vissu, en hv. 3. þm. Reykv. ætti að geta farið milli þeirra allra. Ég álít, að það sé einn munur á stofnun þessara byggingarfélaga, og hann er sá, að byggingarfélag verkamanna lætur sína fyrstu menn fá hús, svo að ekki komi til greina nokkur hlutdrægni.

***Einar Olgeirsson:** Hæstv. félmrh. sagði ennþá, að Byggingarfélag alþýðu hefði sett skilyrði. Þó eru réttar 5 mín. síðan þetta var rekið ofan í hann. Ég legg það undir álit hv. þingdeildar, hvort það sé skilyrði, þó byggingarfélagið hafi sett nokkur ákvæði í l.

Þessi nýju ákvæði falla úr gildi, í fyrsta lagi, svo framarlega sem ráðherra viðurkennir þau ekki, í öðru lagi, ef byggingarfélagið fær ekki nokkur lán úr byggingarsjóði, í 3. lagi ef Alþ. felldi þessi bráðabl., en byggingarfélögin halda þessum áfram, þó að þingið felldi lögin.

Hæstv. félmrh. reyndi að breiða yfir það, að hann heimtaði að fá formann settan í stjórnina, þó að það sé óvinsælt af félögunum. Hæstv. félmrh. var að lýsa hv. 4. þm. Reykv. á mjög kritiskan hátt, en hitti sjálfan sig fyrir, eins og hann er nú. Hann sér ofsjónum yfir verkamannabústöðunum. Þessi hæstv. félmrh. setti í sumar sérstök bráðabl., sem ég álít óþörf. Á endanum var byggður helmingur verkamannabústaðanna, og hann varð mjög dýr. Þessi sami hæstv. félmrh. reynir svo að grípa í hálmstrá og gefur út bráðabirgðal. Viðvíkjandi því, sem hv. 7. landsk. sagði, að honum fyndist ekki rétt að fella bráðabirgðal. frá sjónarmiði þingsins, gæti verið nauðsynlegt á sínum tíma að gefa út bráðabirgðalög. Ég man ekki betur en það megi breyta kosningal. á Íslandi og skipta tvímenningskjördæmi í einmenningskjördæmi. Nú vildi ég spyrja þennan hv. þm., hvort ríkisstj. gæti ekki tekið upp að skipta tvímenningskjördæmi í einmenningskjördæmi, og tryggði sér með því meiri hluta á Alþ. Hvernig myndi hv. þm. líka þetta næsta þing á eftir? Það þyrfti út af fyrir sig ekki nema eina eða tvær breytingar á l. til þess. Ég býst við, að hv. þm. myndu ekki álíta rétt í slíku tilfelli að gefa út bráðabirgðalög, þó að hv. þm. vildu á sama þingi greiða atkv. með einhverju öðru frv., sem fram kæmi og gengi í sömu átt. Ég vil telja, að þeir hv. þm., sem eru andvígir því, hvernig þessi brbl. voru sett á og telja þau óþörf, eigi að greiða atkv. á móti þeim, til þess að vernda þann rétt, sem Alþingi hefir sem löggjafi og það á ekki að láta taka úr sínum höndum og ekki láta ráðh. fara með, nema nauðsynlegt sé.

Því finnst mér, að þeir menn, sem eru á móti því, að þessi brbl. voru sett, eigi að greiða atkv. á móti þeim.

ATKVGR.

Brtt. 334 (ný 1. gr.) samþ. með 15:3 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16:3 atkv.

Á 71. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 348).

***Héðinn Valdimarsson:** Það er nú nokkurn veginn sýnt, hvernig fara muni um frv. þetta í deildinni, en áður en það fer út úr deildinni vil ég ekki láta hjá líða að fara um það nokkrum orðum og rekja málið að nýju. Í umr. þeim, er orðið hafa um þetta frv., hefir ekki komið ein einasta ástæða, er sanni nauðsyn þess að gefa út brbl. til þess að koma fram þeim ákvæðum, er í frv. felast. Það var þegar ákveðið í lok síðasta þings að reisa þessa verkamannabústaði, og ef nauðsynlegt hefði verið að breyta lögunum, mátti gera það þá, en síðan hefir ekkert það skeð, er réttlæti setningu bráðabirgðalaga. Þessi frammistaða hæstv. félmrh. er algert einsdæmi, og því eftirtektarverðari er hún, þar sem ráðh. er ekki sjálfur löggjafi, en situr aðeins í ráðherrasæti í trausti þeirra samninga, er flokksbræður hans gerðu um stjórnarsamvinnu við þá aðra flokka, er að stjórninni standa.

Ég get ekki fallizt á þá skoðun, sem fram hefir komið hjá sumum hv. þm., sem sæti eiga í allshn. og um málið hafa fjallað, að þeim beri ekki skylda til þess að athuga annað en það, hvort breytingar þær, sem frv. felur í sér, séu æskilegar eða ekki. Ég lít svo á, að allshn. beri ekki síður að taka afstöðu til þess, hvort útgáfa bráðabirgðalaganna var nauðsynleg eða ekki. Henni ber að gæta réttar löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, en það hefir hún ekki gert í þessu máli. Undirtektir hv. þm. sýna einnig, að hér er ekkert réttlætismál á ferðinni, sem meiri hluti þingsins vill framkvæma, heldur er þetta samningsmál við einn ráðherrann í stjórnarsamvinnunni, sem hann vill koma fram án þess að leita samkomulags við þingið. Þetta er eitt dæmi þess, hverskonar stjórnarfyrirkomulag það er, sem við eigum við að búa, hin svo kallaða þjóðstjórn. Það er samið um ranglætið af öllum flokkum, sem að stj. standa, en hver reynir jafnframt að velta ábyrgðinni af sér.

Ég hefi áður skýrt frá því, hver væri tilgangur þessara bráðabirgðalaga, að þeim væri stefnt gegn Byggingarfélagi alþýðu, eða þeim af meðlimum þess, sem hæstv. félmrh. telur vera í pólitiskri andstöðu við sig. Þá hefi ég og áður minnzt á annað atriði bráðabirgðalaganna, þar sem talið er nauðsynlegt, að ríkisstj. skipi formann í stjórn byggingarfélaganna, ef talið verður, að þau njóti aðstoðar ríkisins. Framsfl., sem telur sig málsvara samvinnufélaganna, hefir ekkert við það að athuga, þótt gengið sé inn á þessa braut, að skerða sjálfsákvörðunarrétt félaganna, og það er eingöngu vegna þess, að hér er um samvinnufélag í kaupstað að ræða, þar sem flokkurinn hefir ekkert fylgi.

Þá er ekki hvað sízt eftirtektarverð sú fyrir-

litning, sem sýnd er þeim mönnum, er hér eiga hlut að máli. Hér í bæ er byggingarfélag með á sjöunda hundrað meðlima, sem flestir eru fjölskyldufeður, og á fimmta hundrað manns bíða þess rólegir, að röðin komi að þeim að fá íbúðir í verkamannabústöðunum. Um vilja þessa fólks er ekkert skeytt, né það, hve mikið það hefir á sig lagt til þess að koma félaginu á fót, svo að það með tímanum geti eignazt sæmilegar íbúðir, heldur er styrknum fleygt í þá menn, sem hæstv. félmrh. hefir útvalið, að miklu leyti fyrirfram, til þess að fá íbúðirnar; og þetta er eingöngu vegna þess, að hæstv. félmrh. hugnast ekki að þessu fólki. Það gefur líka þokkalegan svip af þm. yfirleitt, hvernig þeir snúast við þessu máli. Breyting sú, er allshn. gerir á lögunum — sem að vísu er ekki til annars en að klóra yfir það, að hún fallist á frv. óbreytt —, tekur út þá grein, er segir til um, í hvaða röð félögin eiga að hafa rétt til styrksins. Ég hefi áður bent á, að eins og lögin eru nú geta mörg félög fengið styrkinn, þó aðeins eitt komi til greina í einu, en sá er munurinn, að það félag, sem búið er að starfa lengst og komið hefir mestu í framkvæmd, á nú ekki að hafa meiri rétt til hans en nýtt félag, ef samið er um það bak við tjöldin. Þá benti ég einnig á það við 2. umr., að þeir menn, sem ganga í byggingarfélögin, hafa nú enga vissu fyrir því, að þeir verði réttindanna aðnjótandi í réttri röð.

Þau fjárhagslegu vandræði, er steðjað hafa að byggingum verkamannabústaðanna, þarf ekki að fara nánar út í en ég hefi áður gert, en allt efni hefir orðið 50—100% dýrara en verið hefði, ef óráð hæstv. félmrh. hefði ekki verið tekið upp.

Þá vil ég með nokkrum orðum víkja að því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um þetta mál. Mér finnst það ekki sitja vel á borgarstjóranum í Reykjavík að tala svo kuldalega um húsnæðisvandræði verkamanna sem hann gerði, og ef ætti að tala um það, á hverjum hvíldi mest ábyrgðin á því, hvernig þeim málum er komið, þá er það án efa á bæjarstjórn Reykjavíkur. Skipulagsmál bæjarins og byggingarmál ætti að vera eitt af hennar aðalmálum, en hingað til hefir bæjarstjórnin látið það vera undir einstaklingunum komið, hvernig framkvæmd þeirra mála er háttað. Að vísu skal málum þessum skotið til byggingarnefndar, en hingað til hafa afskipti hennar verið næsta lítil. Í nágrannalöndunum er það hvarvetna talið mikilsvert, hvernig byggingum er fyrir komið, eða skipulagsmál bæjanna, og hvernig unnt er að sjá bæjarbúum fyrir góðu húsnæði. Hér hefir skipulagsuppdráttur af bænum verið 10—20 ár á leiðinni og er ekki kominn ennþá, og víða veit enginn, hvernig á að byggja á lóðunum. Hvernig bæjarstjórnin býr að þeim fátækustu, má sjá af því, að hún hefir fengið þeim til íbúðar Bjarnaborg og Suður-Pólana, en það eru lökustu íbúðirnar í bænum. Þessi skortur á vilja meiri hluta bæjarstj. til þess að leysa þessi mál á viðunandi hátt hefir orðið til þess, að byggingarfélög hafa risið upp, en á meðan þau hafa ekki meira fé fyrir hendi, geta þau ekki ráðizt í meiri framkvæmdir. Það hefði því mátt búast við því, að þm. þess flokks, er mesta ábyrgðina ber á því, hvernig byggingarmálum bæjarins er háttað, öfundaðist ekki yfir því, þótt verkamenn fengju sæmilegar íbúðir.

*__Einar Olgeirsson:__ Í sambandi við 2. umr. var farið allýtarlega í þetta mál. Það kom þá í ljós, að hæstv. félmrh., er gefið hafði út bráðabirgðalögin, hafði engin rök fyrir máli sínu að færa. Í öllum ræðum sínum hélt hann því fram, að Byggingarfélag alþýðu hefði sett þau skilyrði, sem ekki hefði verið hægt að ganga að. Þessi staðhæfing hæstv. ráðh. var hrakin af hv. 3. þm. Reykv., enda þorði hæstv. ráðh. ekki að lesa upp þessar samþykktir máli sínu til sönnunar. Hann þorir ekki að játa það, að hann hefir sjálfur flækt sig þannig í málinu, að hann getur ekki losnað nema með því að beita gerræði. Hv. þm. hafa líka viðurkennt í ræðum sínum eða með þögninni, að þeim þykja aðfarirnar ljótar, eða eins og einn þm. sagði, að hann hefði ekki geð í sér til þess að greiða atkv. með bráðabirgðalögum, sem þannig væru fram komin. Aðrir hv. þm., sem standa nær hæstv. ráðh. í skoðunum, hafa ekki haft geð í sér til þess að verja þessa framkomu hans; hann einn hefir reynt að verja gerðir sínar. Enginn þm. hefir viljað taka á sig ábyrgðina, og nefndin, sem um málið hefir fjallað, hefir ekki viljað leggja neinn dóm á það, hvort bráðabirgðalögin væru nauðsynleg eða ekki, og sumir hv. nefndarmanna hafa meira að segja beinlínis lýst því yfir, að þau væru óþörf. Nú á samt að þvinga málið í gegnum þingið, án þess að nokkur þm. sé því raunverulega samþykkur, aðeins vegna þess, að búið er að binda þm. svo með samningum á bak við tjöldin, að þeir þora ekki að fylgja sannfæringu sinni.

Vonandi verða það fá mál, sem fara á þennan hátt í gegnum þingið. En þetta er eitt hróplegasta dæmi þess, hvernig virðist vera stefnt að því að gera Alþingi að handbendi lítillar stjórnarklíku, sem fær öllum sínum málum framgengt, enda þótt öllum þm. ofbjóði aðfarirnar.

Við þm. Sósialistafl. höfum oft skorað á hv. þm. að halda á þeim rétti, sem þingið á að hafa, og ég vona, að þeir þm., sem eru okkur sammála um, að hér hafi verið beitt gerræði, sýni það líka við atkvgr. og þori að fylgja sannfæringu sinni.

Annars er óþarfi að rökræða þetta mál frekar, umr. hafa farið mjög á einn veg, enginn hefir fengið sig til þess að verja þessi bráðabirgðalög, en allir, sem talað hafa, hafa látið í ljós andúð sína á bráðabirgðalögunum.

Af alþýðu manna hefir þess verið beðið með óþreyju, hvernig Alþingi tæki þessum bráðabirgðalögum. Því miður virðist meðferð Alþingis ætla að valda þeim vonbrigðum, sem vænzt höfðu réttlætis í málinu. Þó vil ég enn vona, að allir hv. þm., sem líta á setningu bráðabirgðal. sem óréttmæta, greiði atkv. móti þessum lögum.

*__Pétur Halldórsson:__ Það var aðeins eitt atriði, sem mér finnst ég ekki geta sleppt framhjá mér án aths. Hæstv. félmrh. og hv. 1. þm. Rang. féllu báðir fyrir þeirri freistingu að segja, að það sæti ekki á mér, sem væri borgarstjóri Reykja-

víkur, að fjandskapast við lögin um verkamannabústaði, það væri ekki nema eins og mynd af bæjarstjórnarmeirihl. í bænum, þegar ég sýndi verkamönnum með þessu beinan fjandskap, og annað ekki. Þó að ég hafi áður skýrt afstöðu mína og meira gæti í þessum ásökunum rangfærslna en misskilnings, verð ég að leiðrétta aðalatriðin. Ég er, eins og ég hefi verið, á móti þessum lögum, af því að þau skapa misrétti, auk þess sem þau voru í upphafi pólitískur fengur fyrir einn ákveðinn flokk. Um líkt leyti og lögin voru sett kom stjórnarflokkunum, Framsfl. og Alþfl., saman um að loka, eða sama sem loka, veðdeild Landsbankans. Í stað veðdeildarinnar átti að setja upp lánastarfsemi handa svona byggingarfélögum einstakra manna, sem áttu að njóta sérréttinda, ábyrgðar ríkissjóðs og annara fríðinda, og þeim var aflað mikils fjár til að byggja fyrir, með sköttum, sem reyttir voru af borgurunum til hins opinbera. Afstaða mín hefir gagnstætt þessu alltaf verið sú, að ríkið ætti að stuðla að því, að þægileg lán fengjust út á fasteignir og þannig, að það sé alveg áhættulaust fyrir hið opinbera. Með lögum um samvinnubyggingarfélög er veitt ríkisábyrgð, sem nemur allt að 85% kostnaðarverðs húsanna. En gegnum veðdeildarlán tók hið opinbera aldrei á sig meiri áhættu en svaraði ⅔ af matsverði. Í sérlöggjöf þessara 2 flokka, miðaðri við einkahagsmuni þeirra, var farið allt of langt á varhugaverða braut. Áður var reglan að veita aðeins 1. veðréttar lán út á hús, en með mjög sæmilegum kjörum. Á sínum tíma var farið fram á, að ríkið hjálpaði einnig til, að lán fengjust út á 2. veðrétt, og víst hefði það verið æskilegt. En þá áttu allir að vera jafnir fyrir lögunum og hafa rétt til lána. Stefna áðurnefndra flokka var hinsvegar þannig framkvæmd, að t. d. hér í Reykjavík hafa 2—3 félög fengið stuðning til að byggja yfir stofnendur sína sem flesta, og síðan ekki söguna meir. Þau sérréttindi, sem þeir tiltölulega fáu menn njóta, sem komizt hafa að í þessum félögum, eru borguð af skattþegnum, sem gert er ókleift að byggja. Slík sérréttindi eru óþolandi, sem fyrst og fremst eru takmörkuð við þá menn, sem á tiltekinni stundu geta lagt fram tilskildar fjárupphæðir til bygginga, og í öðru lagi takmörkuð við hóp manna, sem af meira og minna pólitískum ástæðum hafa komizt fyrstir í félögin.

Það er því rangt, þegar sagt er, að við séum á móti verkamannabústöðum, þó að við séum á móti slíkri löggjöf, sem á slíkan hátt er framfylgt. Það er rangt, að við sýnum fjandskap við alþýðu með því að krefjast þess, að til séu haganlegir lánsmöguleikar handa þeim einstaklingum, sem vilja byggja hús. En nú gengur þetta ekki lengur, að veita stórfé til byggingarfélaganna með ríkisábyrgð. Það hefir verið neitað um meiri lán handa þeim. Hvað verður þá tekið til bragðs, svo að byggingar stöðvist ekki? Ég veit ekki, hvað aðstandendur þeirrar löggjafar ætlast fyrir, þegar svo er nú komið, að ekki þykir fært að veita félögunum þau fríðindi, sem þau eiga að lögum. — Þó að nú standi til að byggja einar 40 íbúðir, hrekkur það skammt, breytir eiginlega engu um ástandið; slíkt happdrætti á kostnað fjöldans er ekki lausnin á byggingarmálum bæjarins. — Ég hygg, að heilbrigð lausn sé ekki önnur til en að stuðla að því, að veðdeild Landsbankans geti aftur farið að veita lán, ekki aðeins í bréfum, heldur í peningum til lántakenda.

Um þá ásökun, að Reykjavíkurbær hafi ekkert gert til að auka byggingar, er það að segja, að ég álít hann geri rétt að skipta sér ekki af því beint, hvað byggt er. Sósíalistar vilja, að bærinn hefji byggingar í stórum stíl. Það hefir verið gert víða á Norðurlöndum. En þá kemur á daginn, að þau afskipti hafa orðið til mikillar bölvunar. Að sama skapi og bærinn hafa tekið að sér að byggja hafa byggingar einstaklinga og fyrirtækja þorrið og húsnæðisástand í raun inni sízt orðið betra en með frjálsu framtaki einstaklinga. Hér hefir ekki verið lagt út á þessa braut. — Að vísu á bærinn nokkur hús. Og það er rangt, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði, að þau séu einhverjar verstu íbúðir í bænum. Íbúðirnar eru góðar. Náttúrlega fer það, eins og um ábýli annarstaðar, nokkuð eftir því, hvernig þær eru setnar. En það er hver maður vel sæmdur af að búa í þeim. — Það eina, sem farið var út á þessa braut hér, var að setja húsaleigulög í fyrra stríði og halda þeim síðan við alllengi eftir það. Margir bentu á, að þau drægju úr byggingum og spilltu þannig því, sem þau áttu að bæta. Þetta varð mikið hitamál. Þeir, sem enn vilja sem mest afskipti hins opinbera af slíku, vildu halda í lögin og sögðu, að afnám þeirra þýddi vandræðaástand. Meðan lögin stóðu voru vandræði. En þegar búið var loksins að afnema þau, þá fóru menn að byggja, og ástandið lagfærðist brátt til mikilla muna. Meðan hömlur voru minnstar var mest byggt, og þótti sumum í skyggilega mikið. Það er a. m. k. auðséð af þessu, að ekki hafa afskipti hins opinbera aukið húsnæðið í Rvík, ef á heildina er litið. Það ber allt að sama brunni, að þessi lög um verkamannabústaði eru ekki lausnin á byggingarmálunum, heldur hitt, að veita þann aðgang að lánum, sem sé jafn fyrir alla, og láta svo einkaframtakið sjá um þetta.

***Héðinn Valdimarsson:** Það voru aðeins nokkrar aths. út af ræðu hv. 4. þm. Reykv. Ég hygg, að fáir bæir á stærð við Reykjavík séu lakar og óhentugar byggðir, sóðalegri og óviðunanlegri yfirleitt til frambúðar. Ekki þarf annað en ganga hérna um göturnar til að sjá þessa tilhögun eins og hún er og skilja, að þetta borgar sig ekki. Nýbyggingar og nýtt skipulag samfara þeim mundu gera bæinn ódýrari í rekstri, auk þess gagns, sem vart verður metið í tölum.

Hv. þm. hefir aldrei skilið og skilur ekki enn, að þeir menn, sem minnst eru fjáðir, þurfi sérstaka aðstoð til þess að geta notið jafnréttis og t. d. eignazt þak yfir höfuðið. Hann kallar þá aðstoð sérréttindi. Hann telur það eitt rétt, að t. d. veðdeild sé jafnopin öllum, svo að þar fái allir, og líka þeir fátæku, það sem þeir vilja. — En hvað fá þeir þá? Þeir fá það versta af leiguhúsnæði bæjarins, úrganginn frá þeim, sem betur eru settir, en gegn hárri leigu. Þannig er jafnréttið. Ég held, að ef hv. þm. hefði kynnt

sér muninn á íbúðum manna í verkamannabústöðunum fyrir og eftir að þeir fluttust þangað, mundi hann ekki tala með lítilsvirðingu um þá húsnæðisbót, sem þó dálitill hluti efnalítilla bæjarmanna hefir þar fengið. Hefði hann séð t. d. öll börnin, sem voru heilsuveil og sílasin vegna slæms húsnæðis, en með alveg nýrri heilsu í verkamannabústöðunum, gæti hann ekki staðhæft, að það sé röng stefna að byggja þá. Það er ekki rétt, að íbúðir í verkamannabústöðunum hafi fallið neinum í skaut sem verðlaun fyrir flokkshollustu. En það er hægt að verðlauna *ýmsa góða sjálfstæðismenn á annan hátt*, — með því að útvega þeim trygga leigjendur í íbúðir, sem bærinn greiðir leigu af. Það er heill flokkur manna innan Sjálfstfl., sem nýtur þeirra verðlauna. Ég vil mótmæla því fyrir hönd mína og Alþfl., eins og hann var, þegar ég var í honum, að við höfum verið með í því að loka veðdeildinni.

Að lokum vil ég benda á, að hér í bænum eru starfandi byggingarsamvinnufélög, sem notið hafa ábyrgðar ríkissjóðs og fengið mikið fé til umráða. Það hafa margir efnamenn notið friðinda í þessum félögum, hæstv. félmrh., Stefán Jóh. Stefánsson, er einn þeirra, sem þannig hafa eignazt hús. En ekki hefir hann séð ástæðu til þess að setja bráðabirgðalög um stjórnskipaða formenn þar.

***Pétur Halldórsson:** Það er ekki hægt að ræða skipulag bæjarins í sambandi við þetta mál. Það er satt, og ég hefi oft haft áhyggjur af því, að bærinn er óþarflega stór, miðað við mannfjölda og dýr í rekstri. Þetta kemur bara ekki þessu frv. við, eða hitt, hvort bærinn er ljótur í augum þessa sonar hans, sem síðast talaði. Ég hélt honum þætti fæðingarbær sinn fallegur og skemmtilegur. Nú þykir honum hann ljótur, og að því er virðist mest af því, að ég sé borgarstjóri. En aðalatriðið er, hvernig hægt sé að fá lán til eðlilegra bygginga. Ég held því fram, að opnun veðdeildarinnar sé nauðsynleg, því að nú sé búið að nota eins og fært reynist samvinnubyggingarfélögin og stöðva ábyrgðir á frekari lánum til þeirra. Árangur sá, að nokkrir menn í tveim flokkum hafa fengið góð og ódýr hús, sýnir einungis, að slík löggjöf er því verri sem hún gefur meiri friðindi. Og þá eru lögin um verkamannabústaði verst, því að þau gefa fáeinum mönnum möguleika til að eignast hús sín þannig, að helmingurinn í þeim sé gefinn, miðað við aðra húskaupendur. Út af slíkum lögum *er von, að spinnist deilur eins og þær*, sem nú hefir mátt heyra milli hv. 3. þm. Reykv. og hæstv. félmrh.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, PHann, SkG, SvbH, VJ, ÁÁ, BJ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, HelgJ, JörB.

nei: HV, ÍslH, JPálm, SK, EOl.

PHalld, SEH, EE greiddu ekki atkv.

11 þm. (JÍv, ÓTh, PO, StSt, StgrSt, TT, ÞBr, BÁ, GG, GSv, HG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 72. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 348).

Á 74. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 4. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Í greinargerð þeirri, er fylgir bráðabirgðalögunum, er gerð grein fyrir þeim ástæðum, er til þess lágu, að lögin voru gefin út. Læt ég nægja að vísa til þeirrar grg. og vænti þess, að frv. þessu verði að afloknum umr. vísað til allshn.

Brynjólfur Bjarnason: Það hefir að líkindum heldur litla þýðingu, því miður, að ræða mál þetta hér meira en þegar hefir verið gert á þingi. Ég vildi þó ekki láta frv. framhjá fara í deildinni án þess að sýna lit á því að mótmæla. Því í stuttu máli er frv. þetta, svo sem hv. deildarmönnum er kunnugt, og enda þótt þeir kunni að greiða því atkv., eitthvert það mesta hneykslismál, sem lagt hefir verið fyrir þingið um langt skeið.

Hæstv. félmrh. setti þessi lög til þess að taka sjálfsákvörðunarréttinn af byggingarfélögum verkamanna. Með þessum bráðabirgðalögum skal lögskipa formann í þessum félögum til þess að draga valdið úr höndum félagsmanna sjálfra. Frá almennu sjónarmiði séð voru þessi bráðabirgðalög þarflaus, því íhlutun hins opinbera var meira en tryggð með yfirráðum yfir stjórn byggingarsjóðsins. Stjórnarskráin mælir svo fyrir, að ekki megi gefa út bráðabirgðalög nema brýna nauðsyn beri til, og það vita allir, að um enga slíka nauðsyn var að ræða hér. Hæstv. félmrh. hefir því framið skýlaust stjórnarskrárbrot, og þó ekki væri annað en þetta, þá væri það nægilegt til þess að fella svona frv. Það kom greinilega í ljós, til hvers refirnir voru skornir með Byggingarfélag alþýðu. Það breytti l. sínum þegar bráðabirgðal. voru gefin út, í samræmi við bráðabirgðalögin. Þegar hæstv. ráðh. sá, að þetta dugði ekki, gerði hann sér hægt um hönd og neitaði að viðurkenna félagið, og bar það fyrir sig sem ástæðu, að félagið hefði sett skilyrði. Sannleikurinn er sá, að það setti engin skilyrði. — Það þýðir víst ekki að ræða mikið meira um þetta; ég sé, að þm. ganga allir út, svo að ekki er lengur hægt að koma við neinum rökum. — Hæstv. ráðh. gerir sér lítið *fyrir og brýtur l. félagsins og stofnar annað* félag, og því er veitt lán, enda þótt þetta félag, sem fyrir var, uppfyllti öll skilyrði. Af þessu er hægt að sjá, að í fyrsta lagi hefir verið framið hér stjórnarskrárbrot, með útgáfu bráðabirgðalaga, síðan brýtur ráðh. sín eigin lög, þegar hann sér, að þau duga ekki til að koma því fram, sem hann ætlaði sér. Alþingi ætti því að sjá sóma sinn í því að fella þessi l. nú þegar við 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 348, n. 400).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Þetta mál er eitt af þeim l., sem ríkisstjórnin hefir gefið út sem bráðabirgðalög, og hefir nú gengið gegnum Nd. Allshn. þessarar deildar hefir athugað það og meiri hl. hennar komizt að þeirri niðurstöðu að leggja til að samþ. frv. óbreytt. Um þriðja nefndarmanninn, sem skrifaði undir nál. með fyrirvara, er mér ekki ljóst, hvaða afstöðu hann tekur, en hann mun gera grein fyrir því við umr. málsins.

Efni frv. er að fella niður 3. málsgr. 4. gr. l. um verkamannabústaði, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er fleira en eitt byggingarfélag stofnað í kaupstað eða kauptúni, og veitir byggingarsjóður þá því félagi lán, sem fyrst hefir hafið byggingarstarfsemi, en ef hvorugt eða ekkert félaganna hefir byrjað slíka starfsemi, þá því félagi, er fyrr eða fyrst er stofnað."

Önnur breyting er sú, að framan við 6. gr. bætist nýr töluliður, um að formaður byggingarfélagsstjórnar, sem skipuð skal 5 mönnum, sé skipaður af ráðherra, en hina skuli kjósa hlutbundinni kosningu af þeim félagsmönnum, sem fullnægja skilyrðum um, að árstekjur þeirra eða eignir séu ekki hærri en svo, að þeir séu hlutgengir til að fá íbúðir í verkamannabústöðunum.

Um tilefni þessara bráðabirgðalaga má lesa í grg. frv. Aðalástæðan er sú, að hér sé um mjög mikil opinber fjárframlög að ræða frá ríki og bæjum, svo að bæði sé rétt og skylt, að hið opinbera eigi formanninn í stjórn byggingarfélaganna. Ég held, að það skýri sig nokkuð sjálft, hvað hér er um að ræða, og vænti þess, að frv. nái samþykki deildarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, EÁrna.

nei: ÁJ, BSn, BrB, MG.

MJ greiddi ekki atkv.

2 þm. (ErlÞ, JJós) fjarstaddir.

Á 82. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, SÁÓ, ÞÞ, BSt, ErlÞ, HermJ, IngP, EÁrna.

nei: ÁJ, BrB, MG.

BSn, MJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (JJós, JJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 432).

---

34. Póstlög.

Á 65. fundi í Ed., 21. nóv., var útbýtt:

Frv. til póstlaga (stjfrv., A. 308).

Á 67. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Þetta frv. er fram borið fyrir ósk póst- og símamálastjórnarinnar og útbúið af henni. Hún telur brýna þörf á, að póstlögunum sé komið fyrir í eina heild, sem sé sæmilega yfirlitsgóð og jafnframt verði þar þær breyt., sem breytt viðhorf og ástæður gera nauðsynlegt.

Eins og sakir standa eru póstlögin í mörgu lagi. Póstlögin sjálf eru frá 1921, en breyt. hafa verið gerðar á þeim 1925, 1929, 1932 og 1935. Lögin, eins og þau eru, eru því mjög óaðgengileg, bæði fyrir allan almenning og jafnvel fyrir póstmennina sjálfa. Í l. gætir einnig ósamræmis, bæði í orðavali og skilgreiningu á ýmsum hugtökum, sem enda má segja, að sé eðlilegt, því að þessi stofnun hefir staðið síðan 1872. Hafa orðið svo róttækar breyt. í þessu efni, að eðlilegt er, að ýmiskonar ósamræmis gæti. Póststjórnin hefir með hverju ári, sem líður, fengið ný og ný verkefni við að fást, og munu sum af þeim hafa verið ákveðin með reglugerð, sum með l., en um sum hefir ekkert verið ákveðið, hvorki með l. eða reglugerð. Það lá fyrir að semja og gefa út nýjan leiðarvísi fyrir póstmenn og reglugerð um notkun pósta, og þá leit póststjórnin svo á, að nauðsynlegt væri að ganga fyrst frá póstlögunum. Varð þá að gera annað tveggja, prenta gömlu póstlögin, svona sundurlaus og slitrótt, eða steypa þeim í eina heild og reyna að gera á þeim þær breyt., sem þróun tímans og breyttar ástæður kalla á, og færa til samræmis við það, sem gildir hjá öðrum þjóðum, og þó einkum hjá Norðurlandaþjóðunum, eftir því sem aðstaðan leyfir með hliðsjón af íslenzkum staðháttum. Var horfið að því síðarnefnda, og er frv. því borið hér fram.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 308, n. 427).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Eins og sjá má á þessu frv., er hér á ferðinni allstór lagabálkur, sem leiðir af sér nýj póstlög. Það er vitað, að lagasetning eins og þessi er nokkuð vandasöm og fyrst og fremst á færi þeirra manna, sem að þessum málum hafa starfað til lengdar og þekkja þau vel. Þetta frv. mun vera samið að mestu leyti af einum dómaranum í hæstarétti, en í nánu samstarfi við póst- og símamálastjórnina, og þá ekki sízt póst- og símamálastjórann.

Frv. hefir sérstaklega þrennskonar tilgang. Í fyrsta lagi þann, að færa saman í einn lagabálk öll gildandi póstlagafyrirmæli, sem mun nú vera að finna í allt að 10 árgöngum af Stjórnartíðindunum. Í öðru lagi eru sett inn í þetta frv. reglugerðarákvæði og fyrirmæli stjórnarvalda, sem hefir verið starfað eftir um mismunandi mörg ár, en ekki hafa átt beinlínis stoð í l., vegna þess að póstlögin gefa póststjórninni allvíðtækt vald utan sjálfra póstlaganna. Í 3. lagi er bætt inn í frv. nýjum fyrirmælum, einkanlega eftir fyrirmyndum úr póstlögum Norðurlanda.

Því er ekki að leyna, að það eru þó nokkrar breyt. í þessu frv. frá ákvæðum gildandi póstlaga. Má í því sambandi t. d. benda á, að í 13. gr. frv. er svo fyrir mælt, að ráðh. sá, sem fer með póstmál, skuli ákveða gjaldskrá yfir burðargjöld, en þessi gjaldskrá er nú og hefir undanfarið staðið í póstlögunum. Þetta er gert til að gera ramma l. ekki of þröngan, því eðlilega getur þurft að breyta burðargjöldum, t. d. ef gengi *peninga breytist*. Þá eru t. d. ákvæði í 14. gr. um það, að embættissendingar póst- og símamanna skuli vera burðargjaldsfrjálsar. Þetta er allstór breyt., en þar sem báðar þessar starfsgreinar, póstur og sími, eru nú undir sömu stjórn, hefir þótt rétt að stíga þetta spor, enda kemur það vitanlega út á eitt, því að kostnaðurinn við slíkar sendingar stöðvast að lokum í ríkissjóði. Mér þykir rétt að geta þess, að á fund til samgmn. komu menn frá póstmannafélaginu í Reykjavík, einnig rituðu allmargir slíkir menn n. og bentu á, að þetta ákvæði væri tekjurýrnun fyrir póstmenn, sem stafar af því, að póstmenn hafa 4% sölulaun af frímerkjum, en þessar tekjur falla framvegis niður, ef frv. verður að l., að því leyti sem til póstsendinga tekur. Samgmn. sá að vísu, að þetta er rétt, en leit á þetta sem hreint launaspursmál þessarar stéttar og virtist það mundi verða þægilegra í framkvæmd að haga þessu eins og frv. gerir ráð fyrir, jafnvel þótt þetta launaspursmál póstmannanna væri til fyrirstöðu frá þeirra sjónarmiði.

Samgmn. hefir athugað þetta frv. nokkuð rækilega, en lætur það að mestu leyti vera eins og hún tók við því. Hún hefir að mestu leyti orðið að treysta á þekking þeirra manna, er undirbjuggu frv.

Brtt. frá samgmn. eru á þskj. 427 og eru runnar frá uppástungum póst- og símamálastjóra, þó að n. hafi á einstöku stað vikið við orðalagi.

Ég þarf ekki að vera langorður um þessar brtt., þær eru aðeins 5 og að langmestu leyti orðabreytingar. A-liður 1. brtt. er aðeins umorðun, að upphafið á d-lið 9. gr. verði þannig: Útgerðarmenn, útgerðarfélög og skipstjórar skipa, sem starfrækja o. s. frv. B-liður sömu brtt. er við e-lið 9. gr. frv. og er aðeins umorðun. Samgmn. hefir í fyrstu orðað upphaf þessarar gr. svo: „Útgerðarmenn, skipstjórar og afgreiðslumenn skipa þeirra, er sigla úr íslenzkri höfn eða milli íslenzkra hafna og ekki eru í reglubundnum flutningaferðum, skulu skýra pósthúsinu á höfnum þeim, er skip hefir viðkomu á, frá ferð þess.“ Samgmn. þótti eðilegra að breyta þessu þannig, að „áætlunarferðum“ kæmi í stað „reglubundnum flutningaferðum“, en þau orð standa innan sviga. Ég býst við, að það megi fella þetta niður, þegar þetta frv. verður prentað í skjalaparti Alþt., en ef það þykir ekki rétt, má bera fram brtt. við 3. umr. — C-liður 1. brtt. er líka aðeins orðabreyt., í stað orðanna „til pósthússins“ í h-lið komi: á pósthúsinu.

2. brtt., við 10. gr., er aðeins um að fella niður orðin „sem afgr. eru úr íslenzkri flughöfn“. Þetta er gert með tilliti til þess, að spurning er, að nokkur íslenzk flughöfn sé til hér á landi, og þótti þess vegna vissara, til að forðast misskilning, að láta orðin falla niður, jafnvel þótt álitamál sé, hvort það svæði á sjó eða á landi, sem flugvélar setjast á, mætti ekki kalla flughöfn.

3. brtt., við 12. gr., er aðeins um að bæta inn í gr. því ákvæði, að hámark á flutningsgjöldum undir póstsendingar megi ekki vera hærra en 10 aurar fyrir hvert kg, nema sérstaklega sé um samið. Þetta ákvæði er einnig sett í frv. samkv. uppástungu póst- og símamálastjóra, með tilliti til þess, að ekki geti orðið óeðlilegur ágreiningur út af flutningsgjaldi á póstsendingum, og 10 aura fyrir hvert kg má telja fullkomlega sanngjarna borgun.

4. brtt., við 23. gr., er aðeins um það, að innheimta megi allar sektir og undandregið burðargjald með aðför, eins og venja er um opinber gjöld.

5. brtt. er um það, að aftan við 27. gr. komi ný gr., er verður 28. gr., svo hljóðandi:

„Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Ég held, að ég þurfi ekki að tefja fyrir hv. Ed. með því að flytja lengri ræðu um þetta. — Ég legg til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem samgmn. leggur til á þskj. 427.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 427,1 samþ. með 9 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 427,2 samþ. með 10 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 427,3 (ný 12. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

13.—17. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 427,4 samþ. með 9 shlj. atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
24.—26. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 427,5 (ný gr., verður 28. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 441).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 85. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 441, n. 527).

***Frsm. (Gísli Sveinsson):** Samgmn. hefir athugað þennan lagabálk — frv. til póstlaga —, sem borið var fram í Ed. N. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, og kemur það til af því tvennu, að lagabálkur þessi er að mestu leyti samsafn ýmissa lagafyrirmæla, sem hentara þykir að hafa á einum stað, og öðrum fyrirmælum, sem réttara þykir, að komi til framkvæmda í lagaformi. Þótt n. hefði viljað gera ýmsar orðabreyt. á frv., taldi hún þær ekki svo veigamiklar, að hindra bæri skjótan framgang málsins þeirra vegna.
Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv., hvorki í heild eða einstakar gr. þess, en n. leggur sem sagt til, að það sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
24.—28. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 575).

---

35. Fjáraukalög 1937.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1937 (stjfrv., A. 268).

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jakob Möller): Frv. þetta er samið af fjmrh. eftir ríkisreikningunum og lagt fyrir Alþingi samkv. 37. gr. stjórnarskrárinnar. Ég leyfi mér að fara fram á, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 37 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 22. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 268, n. 537).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Helgi Jónasson): Nefndin hefir haft þetta mál til athugunar og leggur til, að það verði samþ. óbreytt og verði vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Sþ., 23. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 603).

---

36. Ríkisreikningurinn 1937.

Á 53. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1937 (stjfrv., A. 267).

Á 54. fundi í Nd., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi samkv. l. og venjum. Ég hefi ekkert um málið að segja á þessu stigi.
Leyfi ég mér að fara fram á, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til fjhn.

Jón Pálmason: Mér þykir rétt nú þegar við þessa umr. að segja nokkur orð almennt um afstöðu okkar endurskoðenda til þessa ríkisreiknings.

Eitt það mikilsverðasta í öllu félagslífi er, að reikningsskil og endurskoðun sé í fullkomnu lagi og allir reikningar og önnur plögg til reiða og nákvæm. Úti um landið, í kaupfélögum, bæjarfélögum og öðrum félögum, er lögð mikil áherzla á, að reikningarnir séu í góðu lagi og endurskoðun framkvæmd eins og kostur er á. Ég held, að þetta sé talsvert lakara hjá ríkinu heldur en hjá bæjar- og sveitarfélögum o. s. frv., og ef það er þannig, verður slíkt ástand að breytast. Það er örðugt að fella fullnaðardóm um þetta, en það er nokkuð seint í vöfum, að við í nóv. 1939 erum með ríkisreikninginn frá árinu 1937, og þó að einhverjar brtt. ættu að koma fram í sambandi við reikninginn, er mjög örðugt að taka þær til greina. Það hefir verið svo undanfarið, að þótt endurskoðendur, skipaðir af Alþingi, hafi gert athugasemdir við reikninga ríkisins og vísað athugunum og úrskurði um það til Alþingis, hefir það oftast orðið svo, að lítið hefir verið með það gert, jafnvel haldið áfram á sömu braut og undanfarið, eða þá auknar þær misfellur, sem verið hafa á reikningunum.

Þetta mál virðist mér mjög þurfa að taka til athugunar. Menn láta sér kannske í hug koma, að ég vilji með þessu segja, að endurskoðun ríkisreikninga sé sérstaklega fullkomin í þetta sinn, en því er ekki til að dreifa. Því þótt við, sem höfum nú endurskoðað ríkisreikninga, höfum lagt mikla vinnu í það, og sennilega nokkru meiri en áður hefir gerzt, þá er mér það ljóst, að sú endurskoðun er ekki svo fullkomin sem æskilegt væri. Það þarf meiri tíma en okkur er ætlaður til að grafa til botns í því, sem viðkemur reikningum ríkisins. Auk þess vil ég taka það fram hvað mig sjálfan snertir, að ég hefi komið að þessu sem ókunnugur, og er þess vegna hættara við, að manni sjáist yfir ýmsa hluti, sem sérstaklega eru athugunarverðir. Og þótt hér hafi verið tekin aðeins nokkur atriði til athugunar, þá er það ekki af því, að ég búist við, að mörg önnur atriði í þessu sambandi geti ekki verið eins athugunarverð. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi lesið aths. okkar og svör ríkisstj., og ýmsir kannske haldi, að á milli okkar endurskoðenda hafi verið mjög slæm samvinna vegna skoðanaágreinings, en það er ekki tilfellið, því að góð samvinna hefir verið um þetta mál, svo langt, sem sameiginlegar skoðanir hafa náð til, og við höfum leyst okkar störf í bróðerni og án allrar deilu, þótt skoðanir skiptust í ýmsum atriðum. Það leiðir af sjálfu sér, að þegar umframgreiðslur eru nokkuð á 4. millj. kr., eins og hér á sér stað, getur það valdið nokkrum ágreiningi milli flokka og aðila, sem líta mjög misjöfnum augum á hlutina.

Út í einstök atriði skal ég ekki fara nema tilefni gefist til. En þegar um það er að ræða, hvort afgreiðsla fjármála eigi að vera á valdi Alþingis eða ríkisstj. yfirleitt, þá skiptast leiðir, því að um það atriði er mjög mikill ágreiningur.

Þá vildi ég taka til athugunar, hvaða viðhorf hefir blasað við okkur endurskoðendum á þessu sviði, og það er annað en við höfðum gert okkur grein fyrir. Við höfum yfirfarið reikninga í sambandi við ríkisbókhaldið og skjöl ríkisféhirðis, og eru það prýðilegar stofnanir, eftir því sem ég bezt veit, og ég veit ekki annað en að þar sé allt í fínasta lagi.

Menn skyldu nú ætla, að hjá þeim stofnunum gæti það legið ljóst fyrir endurskoðendum, hvernig hag ríkisins og rekstrinum væri farið, en svo er ekki, og það er mein, sem þarf að bæta. Því að þótt allt sé þar í lagi upp á punkt og prik, er maður litlu nær fyrir því að því er það snertir, hvernig fénu hefir verið varið í ýmsum greinum. Og þótt í gegnum þessar stofnanir sé hægt að sjá, að stj. hafi fyrirskipað, að þessar og þessar greiðslur skuli fara fram, og þær bókaðar, þá veit maður ekki fyrir því, hvernig því fé hefir verið varið; það fylgir ekki með reikningunum.

Okkur endurskoðendum kom saman um það í febr. eða marz, að gera lista um 80 reikninga og heimta þá frá stjórnarráðinu, til þess að fá séð, hvernig viðkomandi fé væri varið, og mér virtist koma fram undrun yfir því, að við skyldum vera að heimta þessi plögg. Ég fékk það þá inn í mig, hvort sem það er rétt eða ekki, að slíkt hefði ekki tíðkazt hjá endurskoðendum ríkisreikningsins, að fá að sjá viðkomandi reikninga. En án þess að fá yfirlitslista yfir þessa reikninga getur maður ekki séð, hvernig fénu er varið, sem fer í gegnum ríkisbókhaldið.

Það er illvinnandi verk að endurskoða ríkisreikninginn, þegar þetta liggur ekki ljósar fyrir en raun er á. Þessu þarf að breyta; við verðum að hefja samtök um það, að fyrir endurskoðendum Alþingis liggi það ljóst, án þess að þar þurfi margra vikna eða mánaða frest til þess að sjá, hvernig með er farið. Sumir þessara reikninga komu seint og um síðir og sumir aldrei. Þetta þarf að breytast. Sama er að segja um reikningsfyrirkomulagið í ýmsum stofnunum ríkisins. Vorum við allir sammála um það, að ef fyrir lægju eins glöggir reikningar frá þeim stofnunum eins og frá skrifstofustjóra Alþingis, þá væri það aðgengilegt verk að endurskoða og næsta fljótlegt.

Þá vildi ég minnast á eitt atriði enn, sem fram kom í sambandi við okkar endurskoðun sameiginlega, þ. e. skuldaskipti ríkisstofnananna. Þær munu eiga útistandandi nokkuð yfir 2 millj. og skulda nokkuð yfir 3 millj. erlendis, en telja í sjóðum 1 millj. kr. Þetta fyrirkomulag á verzlunarrekstri þessara stofnana álít ég, að undir öllum kringumstæðum þurfi að bæta. Það er ekki heppilegt, að stofnanir, sem stofnaðar eru í gróðaskyni, taki lán erlendis til þess að kaupa nauðsynjar og annað og láni út frá sér. Eitt af því, sem mér þótti eftirtektarvert, er með þær sjóðseignir, sem færðar eru í kassa í árslok hjá ríkisstofnunum. Reikningum er haldið opnum svo og svo lengi eftir áramót, og það talið í sjóði, sem innheimtist á því tímabili.

Þessar almennu aths. vildi ég gjarnan, að kæmu hér fram nú við 1. umr. í þessari hv. d. Ég mun svo við 2. umr. tala frekar um frv. í heild. Ég vænti þess, að hv. fjhn., sem fær málið til athugunar, leitist við að finna þær orsakir,

sem liggja til þessa. Og ég vildi leyfa mér að beina því til hæstv. Alþingis, að við afgreiðslu þessa máls verði það gert að höfuðsjónarmiði, að breytt verði algerlega um stefnu þá, sem ríkt hefir í þessum efnum, bæði að því er snertir reikningsskil og eftirlit allt.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér þykir rétt nú við þessa umr. að segja nokkur orð út af því, sem síðasti ræðumaður, hv. þm. A.-Húnv., sagði. En af því að hv. þm. hefir nálega alveg bundið sig við að ræða um fyrirkomulag á reikningi ríkisins og bókhaldinu, mun ég halda mig við það líka að mestu. En að fara að svara hv. þm. í einstökum atriðum, sé ég ekki ástæðu til, vegna þess að við höfum þegar svarað því.

Hv. þm. kvartar yfir, að reikningsskil séu talsvert lakari hjá ríkinu heldur en hjá öðrum stofnunum, en það hygg ég, að byggt sé á ókunnugleika hjá hv. þm., og stafi einnig af því, að hann er ekki vanur að hafa eftirlit með jafnstórum rekstri. Og þegar hann ætlar svo að fá yfirlit yfir þetta á stuttum tíma, lítur ríkisbókhaldið út fyrir honum eins og eitthvert völundarhús, og verður hann svo tortrygginn út af öllu saman. Ég hygg, að frágangur á ríkisbókhaldinu sé allur í bezta lagi. En það væri æskilegt, að reikningar gætu verið lagðir fyrr fram en nú, en ég hygg, að það sé ekki síður að kenna endurskoðendum en þeim, sem hv. þm. kvartar yfir, þ. e. a. s. þeim, sem ríkisbókhaldið hafa með höndum.

Ég ætla, að eitthvað eftir mitt árið 1938 hafi verið byrjað að endurskoða ríkisreikningana, en það hefði átt að vera hægt miklu fyrr, því að það er hægt að byrja það áður en búið er að prenta þá. Og það er ekki búið að kjósa endurskoðendur ríkisreikninganna fyrir árið 1938 enn þá. Það hefði verið hægt að endurskoða mikið af þeim um leið og handritið var gert úr garði, og hefði þá þeirri endurskoðun verið lokið um leið og þeir voru prentaðir. Ef endurskoðendur væru nægilega tilbúnir og samvinna væri hjá þeim við ríkisbókhaldið, mætti lagfæra þetta. En það hefir gengið þannig, að ávísanir hafa gengið nokkuð langt fram á næsta ár, og ég býst við, að færa megi það fram um 2—3 mánuði og loka svo reikningnum. Ég tek undir það atriði hjá endurskoðendum, að æskilegt væri, að þetta yrði lagfært. Aftur á móti fannst mér koma fram hjá hv. þm. einskonar misskilningur á því, hvað endurskoðendum ríkisreikninganna hefði verið ætlað að vinna. Hv. þm. sagði, að þeim væri ætlað að fara gegnum alla reikninga við ríkisreikninginn, og ekki aðeins það, heldur og alla undirreikninga og framkvæma á þeim endurskoðun, en það hygg ég óvinnandi verk fyrir endurskoðendur, og að svo verði alltaf. Það verður alltaf svo, að talsvert mikið af endurskoðun reikninga yfir meðferð ríkisfjárins fer fram í fjármálaráðuneytinu. En óski aðalendurskoðendur ríkisreikningsins eftir upplýsingum, þá álít ég, að þær eigi að fást, ef þeir spyrja fjármálaráðuneytið. Ég hygg, að ekki sé framkvæmanlegt að endurskoða reikninga og þannig að skoða hvert einasta fylgiskjal hjá öllum hinum mörgu starfsgreinum ríkisins. Mér vitanlega er það ekki í nokkru landi, að endurskoðendur ríkisreikningsins færist slíkt í fang, heldur sé það að mestu töluleg endurskoðun, en endurskoðun undirreikninganna sé framkvæmd af starfsmönnum fjármálaráðuneytisins. Svo koma gagnrýnandi endurskoðendur, til þess kosnir af þjóðþingum, og ef þeir eru tortryggnir um, að eitthvað sé við þá að athuga, þá eiga þeir að rannsaka þá eða fá aðra til þess. Það er ekki nema sjálfsagður hlutur að draga fram allar slíkar upplýsingar, sem eftir er óskað. Að hv. þm. kvartar svo mjög yfir þessum upplýsingum, hygg ég stafi af því, að hv. þm. hefir ekki gert sér grein fyrir þeirri verkaskiptingu, sem þarna á að vera.

Hv. þm. bendir á, að ríkisbókunin sé vel færð og störf ríkisféhirðis fari vel úr hendi, og ég álít líka, að svo sé. En hann sagði, að maður skyldi nú halda, að ef farið væri gegnum bækur ríkisbókhaldsins, gæti maður séð allar greiðslur, smáar og stórar í öllum greinum ríkisrekstrarins, en ég hygg, að það séu fáir þm., sem haldi, að svo sé, að allar greiðslur smáar og stórar komi þar fram. Ég veit ekki, hvort hv. þm. A.-Húnv. meinar, að allar greiðslur, smáar og stórar, fari hvergi fram nema uppi í stjórnarráði, og það væri þá einstakt fyrirkomulag í allri veröldinni. Það væri einstakt ríkisbókhald, ef ætti að haga því þannig, og engin trygging, þó að þannig væri til hagað. Nú á það að vera þannig, að stofnanirnar fá ávísað á fé upp í þær greiðslur, sem þær eiga að inna af hendi, og svo á að skila skilagrein fyrir því, sem þær hafa tekið. Hún á að vera sem fylgiskjal með landsreikningnum, til að sanna, hvernig með féð hefir verið farið. Ríkisbókhaldið er fyrst og fremst til að draga það saman, hvernig allt fer fram. Ég fullyrði, að það er óhugsandi að ætla að breyta þessum málum þannig, að allar fjárgreiðslur fari fram beint úr ríkissjóði, en ég legg áherzlu á hitt, að gengið sé hart eftir því, að skilagreinin liggi fyrir í ríkisbókhaldinu, svo að sjá megi, hvernig farið er með féð í einstökum atriðum. Við skulum hugsa okkur, hvernig það yrði, ef ætti að fara eftir því, sem þessi hv. þm. vill, og borga hvern einasta eyri úr ríkisfjárhirzlu. Við skulum taka t. d. jafnmargháttað fyrirtæki eins og póstinn. Slíkt er vitanlega með öllu óframkvæmanlegt, og það er alveg sama, þó að við tökum einkasölurnar eða hvaða fyrirtæki sem er. Ég get ekki heldur séð, hvað er athugavert við, að stofnununum sé ávísað þannig eins og gert hefir verið, og ég veit, að þeir hafa komið á þessu fyrirkomulagi, sem eru færari en við hv. þm. til að dæma um þetta.

Hv. þm. A.-Húnv. segir, að ef allir reikningar væru eins glöggir og reikningar Alþingis, væri ekki erfitt að endurskoða landsreikninginn. Ég efast ekki um, að reikningar Alþingis séu afarglöggir, enda eru þeir einfaldir. Þar er tekjuliðurinn aðeins einn og síðan greitt út á þá ýmsu gjaldaliði. En að halda, að jafneinfalt sé að halda bókhald fyrir allan ríkisrekstur, er alveg út í hött.

Viðvíkjandi því, hvort fylgiskjöl séu látin fylgja reikningunum, þá er ég því ekki fullkomlega kunnugur, en það mun vera þannig, að í

öllum stærri fyrirtækjum eru færðar dagbækur yfir allar greiðslur og fylgiskjölin lögð með í þeirri röð, sem greiðslan fer fram, og í venjulegu bókhaldi er ekki hægt að koma því öðruvísi fyrir, hvort sem þeim er svo eftir á raðað eftir kostnaðarliðum. Það gæti verið til hægðarauka fyrir endurskoðendurna, en það er ekki hægt að fara að halda hrókaræður um það á Alþingi.

Ég ætla svo, áður en ég lýk við að ræða það, sem snertir bókhaldshliðina, sem hv. þm. kom inn á, að nefna dæmi, sem staðfesta það, sem ég sagði áðan, að þessi hv. þm., sem er ekki vanur stórkostlegum rekstri, muni ekki hafa áttað sig á öllu, sem fyrir kom í þessu sambandi. Ég vil t. d. benda á, að ein af aths. er um það fé, sem fiskimálan. fékk til meðferðar. Þar er sagt, að n. hafi fengið úr ríkissjóði 135 000 kr., sem sjáist ekki á reikningum hennar. Ég geri ráð fyrir, að endurskoðendurnir hafi litið svo á, að vanti skilgreiningu fyrir þessu. Þetta stafar af því, að n. hefir tvöfalt fullkomið bókhald og færir ekki á rekstrarreikning nema það fé, sem hún telur eytt; hitt er fært á efnahagsreikning, og er aths. því byggð á misskilningi, því að n. hefir í reikningum sínum gert fulla grein fyrir þessu fé. Sumt er fært á rekstrarreikning, sumt á efnahagsreikning, en það hafa endurskoðendurnir ekki aðgætt, að n. hafði tvöfalt bókhald, en við því er aðeins gott að segja. Endurskoðendurnir segja, að við svo búið megi standa, en sé til athugunar framvegis, en það, sem n. hefir þarna gert, var það eina rétta.

Sama er að segja um aths. við ferðaskrifstofu ríkisins, sem snertir formshlið á reikningi hennar. Þar er að því fundið, að rekstrarhalli ferðaskrifstofunnar sé talinn með eignum hennar. Nú kannast allir við, að fyrst eru taldar fram eignir og svo skuldir. Ef það stenzt ekki á, t. d. að eign er minni, þá er það af því, að tap hefir á orðið, og þá er fært inn rekstrartapið til þess að sýna, að skuldir séu meiri en eignir. Að þessu er svo fundið, en þar hefir ferðaskrifstofan ekki gert annað en að færa reikninginn rétt samkv. reglum tvöfaldrar bókfærslu.

Ennfremur er ein aths., sem snertir líka bókhaldsfyrirkomulag, sem mér finnst sýna þetta sama. Hún er um það, að hvergi sjáist á landsreikningnum, að hluti af ágóða bifreiða- og raftækjaeinkasölu standi inni í ríkissjóði. Þessu er svarað þannig, að þetta er innifalið í einum lið, sem heitir „innstæða". Hitt væri ómögulegt, að hafa landsreikninginn þannig, að þar væri rolla yfir alla þá, sem skulduðu þar eða ættu inni. Þetta finnst mér benda á, að þessi aths. sé að verulegu leyti byggð á misskilningi.

Það verður að gera reikningana þannig úr garði, að þeir gefi sem bezt heildaryfirlit, og síðan verða að vera undirreikningar, sem sýna einstök atriði. Það er ómögulegt að hafa ríkisbókhaldið öðruvísi en þannig, að það smádragi saman í toppinn, ef svo mætti að orði kveða, en ef menn vilja vita nánar um sérstök atriði, þá sé farið í þau plögg, sem fylgja.

Ég vil svo að lokum minnast á það, sem hv. þm. sagði um „stofnanir ríkisins", eins og hann orðaði það, og mun hann þar hafa átt við einkasölurnar. Hann gagnrýndi þær sterklega fyrir, hversu þær ættu miklar útistandandi skuldir. Ég hefi nú ekki rannsakað þetta nákvæmlega, og hann vist ekki heldur. Hann álítur, að hægt sé að reka einkasölu án þess að nokkrar skuldir séu útistandandi. Nú er það svo, að flestar einkasölurnar hafa tekið við af kaupmönnum, sem hafa lánað viðskiptamönnum sínum til ákveðins tíma, 3—6 mánaða, og fá svo aftur vörurnar að láni frá útlöndum. En þegar einkasalan tekur við, þá er ómögulegt að taka fyrir þetta fyrirkomulag í einu vetfangi, heldur verður að reyna að draga úr því smátt og smátt eftir ákveðnum reglum. Það mætti líka taka fyrir skuldirnar við útlönd með því að ríkið léti einkasölurnar fá margar milljónir króna í rekstrarfé, en það höfum við ekki getað, og þess vegna hljóta að verða skuldir við útlönd. Útistandandi skuldir viðtækjaverzlunarinnar munu t. d. vera um 350 þús. kr., en það stafar af því, að viðtækin eru seld með afborgunum, og svo einnig af því, að þegar útsölumenn fá vörusendingar, þá er það „debiterað" hjá þeim og kemur því fram á reikningum viðtækjaverzlunarinnar, en er að meira eða minna leyti vörubirgðir.

Sama er að segja um raftækjaeinkasöluna. Þegar hún var stofnuð, var venjan hjá heildsölum að veita 2—3 mán. gjaldfrest, en við breyttum þessari venju og drógum seglin saman smátt og smátt, eftir því sem hægt var, annars hefðu þeir orðið gjaldþrota, sem verzluðu með þetta áður. Þetta er upplýst í svarinu, en endurskoðendurnir hafa ekki tekið þetta til greina, en vísa til aðgerða Alþingis. Hinsvegar er mér ekki svo kunnugt um skuldir stofnananna, að ég geti rætt um það, enda liggur hér ekkert sérstakt fyrir um þær.

Þá eru skuldirnar við útlönd. Þær eru annarsvegar til orðnar vegna þess, að það er venja hjá þessum stofnunum að fá vörulán, en hinsvegar vegna yfirfærsluvandræða, en því er ekki hægt að breyta nema smátt og smátt, eftir því sem gjaldeyrisástandið leyfir, og í flestum tilfellum þar sem um þetta er að ræða, er samið um það í samráði við hlutaðeigendur, en við reynum að lækka skuldirnar eftir því, sem unnt er.

Þá minntist hv. þm. á, að miklar skuldir væru um áramót hjá stofnununum. Þetta stafar af því, að útgjöldin falla fyrr til útborgunar en tekjurnar koma inn frá ýmsum umboðsmönnum, sem fara með mál stofnananna, en það er föst venja ríkisverzlananna, sem má deila um, hvort eigi að vera, að láta reikninga, sem tilheyra árinu, sem leið, koma inn á reikninga þess ár. Þetta er aðeins færsluatriði, en ef vildi mætti láta þetta koma sem sérliði á efnahagsreikningi, sem mundi þá heita „óinnkomnar tekjur frá fyrra ári". En þetta er sem sagt algert reikningsatriði, og getur verið til athugunar, hvort eigi að breyta því.

Ég held, að ég þurfi svo ekki að svara hv. þm. fleiru að sinni.

Jón Pálmason: Hæstv. viðskmrh. svaraði þessum aths., sem ég kom með, í svipuðum tón og ég bar þær fram, mjög rólega, og sé ég ekkert því til fyrirstöðu, að ræða í bróðerni um þetta.

En svar hans gefur mér tilefni til að segja um málið talsvert fleira en ég hefi enn tekið fram.

Hæstv. ráðh. minntist fyrst á ókunnugleika og óvana frá minni hálfu og að ég teldi fjárreiður landsins vera eitt völundarhús, sem ekki væri hægt að komast til botns í, og að það væri rangt hjá mér, að reikningar ríkisins væru í verra lagi en reikningar bæjar- og sveitarfélaga. En þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh., því að hér er um ýmis atriði að ræða, sem ekki væru látin viðgangast hjá neinu sveitar- eða sýslufélagi, og tæplega bæjarfélagi, svo seint er í mörgum tilfellum gengið frá reikningum af ríkisins hálfu.

Viðvíkjandi því, sem hann sagði, að það væri endurskoðendunum mjög að kenna, hvað seint þessi reikningur væri á ferðinni, þá vil ég mótmæla því.

Hæstv. ráðh. tók fram, að reikningurinn hefði verið til til endurskoðunar stuttu eftir mitt ár 1938. Við komum hingað seint í október í fyrra. Þá var byrjað að prenta reikninginn. Hann kom ekki í okkar hendur fyrr en í janúar 1939. Þess vegna eru hér öfugmæli hjá hæstv. ráðh., og undarlegt, að hann skuli leyfa sér að halda því fram, að það sé undandrætti endurskoðendanna að kenna, að endurskoðunin hafi gengið svo seint. Svo er þess að geta, að þegar við fengum reikninginn til endurskoðunar prentaðan með glöggri grg. frá ríkisbókhaldinu, þá var ekkert um það, hvernig endurskoðuninni hefði verið hagað hjá endurskoðendum ríkisins, eins og lög mæla fyrir um. Það fyrsta, sem við gerðum kröfu um á hendur endurskoðendum ríkisins, var að fá skýrslu um, hvaða aths. hefðu verið gerðar. Mér skildist, að það hefði ekki tíðkazt fyrr, að endurskoðendurnir sendu neina skýrslu um, hvernig endurskoðuninni hefði verið hagað, enda grunar mig, að endurskoðunin sé aðeins töluleg endurskoðun, en ekki að neinu leyti krítísk.

Hæstv. ráðh. var að tala um, að ómögulegt væri að hugsa sér, að yfirskoðunarmenn Alþingis færu í gegnum hvert einasta fylgiskjal, sem fylgdi ríkisreikningnum. Það hefir mér aldrei dottið í hug, en það er annað, sem ég krefst, og það er, að endurskoðendur Alþingis fái aðgang að því, hvernig varið er þeim greiðslum, sem borgaðar eru úr ríkissjóði á því ári, sem um er að ræða, en það er alls ekki aðgengilegt að fá það. Meira að segja að ríkisbókarinn getur ekki fengið það eftir þeim gögnum, sem hann hefir yfir að ráða. Ég skal t. d. nefna eitt atriði, þar sem um miklar umframgreiðslur er að ræða, fyrst hæstv. ráðh. minntist á það. Það kom í ljós, þegar við sáum reikninginn, að gjöld pósthússins í Reykjavík voru 51 þús. fram úr fjárlögum, en við höfðum ekki aðgang að því, hvernig á þessu stendur, en þetta stafar af því, að ráðh. hafði gefið út reglugerð á árinu áður, um hvernig skyldi haga starfsemi þessarar stofnunar að því er snertir launagreiðslur, og við það hækkuðu gjöldin um 40 000 kr. aðeins í launum. En þetta er eitt dæmi af mörgum.

Þá er það, sem hæstv. ráðh. minntist á, hvort það væri af tortryggni frá endurskoðendunum um, að eitthvað sé verið að fela. Það þarf ekki að vera nein tortryggni um það, því að það er skylda endurskoðendanna að komast fyrir, hvernig farið er með fé á þessu og þessu sviði, og ekki sízt þegar um umframgreiðslur er að ræða. Það ber nauðsyn til að sjá, hvort farið er eftir þeim reglum, sem lög gera ráð fyrir.

Viðvíkjandi því, hvernig haga skuli breytingum á þessum hlutum, þá held ég fast við það, að ekki verði unnt að laga þá óreiðu, sem orðin er í þessu efni, á meðan hafðir eru fjöldamargir gjaldkerar úti um allan bæ, sem hafa viðtækar heimildir til þess að greiða þetta og hitt, enda hefir hæstv. fyrrv. fjmrh. viðurkennt, að hann hafi oft ekki vitað fyrr en árið var liðið, að greitt hafði verið, stundum svo tugum þúsunda skipti hjá sumum stofnununum. Ég tel því rétt, að allar meiri háttar greiðslur gangi í gegnum ríkisféhirði. Eigi að halda áfram á þeirri braut, að sumum stofnunum sé liðið að ganga framhjá vilja Alþingis með greiðslur sínar, þá heldur óreiðan bara áfram. Sem dæmi um slíkt vil ég nefna Eskifjarðarhrepp. Ég sá, að honum höfðu verið borgaðar 20 þús. kr., og óskaði því að sjá þann reikning, en hann reyndist með öllu ófáanlegur, en með svörum ráðherranna fékk ég afrit af reikningnum, og þá kemur það í ljós, að hreppurinn hefir fengið hartnær 52 þús. kr. frá ríkissjóði. Og hvernig svar haldið þið, að ég hafi fengið viðvíkjandi þessum 20 þús.? Aðeins það, að þær hafi verið borgaðar út „eftir símskeyti". Um atvinnubótafé fylgja þau skilyrði, að ⅓ greiðist úr ríkissjóði gegn ⅔ hlutum annarstaðar að. Ég bað því um skýrslu um þetta atriði, en fékk aðeins skýrslu frá vegamálastjóra, sem náði ekki yfir nema nokkuð af þessu fé. Það, sem upplýstist, var þó það, að sumstaðar var eða hefir verið farið eftir lögunum um framlag á móti framlagi ríkissjóðs, en sumstaðar ekki, og sumstaðar ekkert greitt á móti. Ég viðurkenni að sjálfsögðu, að það þarf að vera sérstakt bókhald hjá ríkisstofnununum, eins og t. d. landssímanum, en hitt verður að vera skýlaus krafa, að forstjóri símans borgi ekki út annað en það, sem er í fjárlögum hvers árs, sem um er að ræða.

Ég gerði aths. við greiðslur fiskimálanefndar, en fékk ekkert annað en útúrsnúninga aftur. Þá gerði ég og aths. við reikninga ferðaskrifstofunnar. Hjá þeirri stofnun var t. d. 2 ára halli stofnunarinnar færður til eigna á efnahagsreikningi. Þetta taldi ég ekki rétt og gerði því athugasemdina. Svarið, sem ég fékk, var yfirklór eitt, eins og svo mörg önnur svör þessara ágætu ríkisstofnana. Þá kem ég að því atriðinu, sem ég drap á áðan; það eru skuldaviðskipti einstakra stofnana. Það fyrirkomulag, sem nú er á þessum hlutum, tel ég með öllu óviðunandi. Það virðist t. d. harla óviðeigandi, að stórgróðafyrirtæki eins og tóbakseinkasalan skuli skulda svo hundruðum þúsunda skiptir erlendis. Sama máli gegnir og um áfengisverzlunina, en eiga svo aftur hér útistandandi skuldir í stórum stíl.

Þá er og eitt, að vera t. d. að dragast með 193 þús. kr. skuld frá gömlu landsverzluninni. Hvað á það t. d. að þýða? Eins og fór um gömlu landsverzlunina, að hún tapaði fé í stórum stíl. eins hygg ég, að fara muni um mörg þeirra fyrirtækja, sem ríkið rekur, þegar þau verða

gerð upp, hvort sem það verður fyrr eða síðar. Því er haldið fram, að fyrir hinum miklu skuldum erlendis vegna ríkisstofnananna sé til fé í banka hér heima, sem safnazt hafi vegna yfirfærsluvandræðanna. En þetta er ekki rétt, því að í RR kemur það skýrt fram, að af einum 3 *millj. erlendra skulda er aðeins tæpur helmingur* í bankainnstæðu. Hitt er allt í útistandandi skuldum hér heima.

Þá eru það sjóðseignir ríkisstofnananna við reikningsuppgjör. Hæstv. viðskmrh. sagði, að hér væri aðeins um reikningsatriði að ræða. En ég á hágt með að skilja, að það sé nauðsynlegt að láta ríkisstofnanirnar hafa svona mikla sjóði, eins og t. d. tóbakseinkasöluna, sem telur hartnær 340 þús. í sjóði við reikningslok.

Ég hefi fyllstu ástæðu til þess að halda, að svar hæstv. ráðh. við aths. um þetta sé ekki rétt, þar sem hann segir, að reikningum ríkisstofnananna sé lokað í janúar, en ég hefi fengið upplýst annarstaðar frá, að þeim er lokað miklu síðar. Án þess að í orðum mínum felist hin minnsta aðdróttun, þá getur slíkt fyrirkomulag sem þetta gefið möguleika fyrir yfirfærslu á sjóðþurrð frá ári til árs, án þess að sjáist.

Það, sem ég svo að síðustu vil undirstrika, er það, að um áramót sé gert hreint upp hjá hverri ríkisstofnun og vörutalning og sjóðstalning látin fara fram strax á áramótum.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ástæðan til þess, að ég kveð mér hljóðs að þessu sinni, eru þau ummæli í ræðu hv. þm. A.-Húnv., að það væri margt í færslu landsreiknings, sem ekki væri liðið í reikningum neins sveitar- eða bæjarfélags. Ég leyfi mér fyrst, áður en ég fer langt út í umr. um þessi mál, að óska upplýst, hvað í raun og veru vakir fyrir hv. þm. með þessum ummælum. Hann má nfl. vita það, hv. þm., að landsreikningurinn er töluvert umfangsmeiri og margbrotnari en hreppsreikningurinn í sveitinni hans. Hitt hélt ég að hann vissi, að það er ríkisféhirðir og ríkisbókhaldið, sem gera reikninginn.

Hann var að reyna, hv. þm., að afsaka seinlæti sitt með endurskoðunina með því að bera það fyrir sig, að ekki hefði verið byrjað að prenta reikninginn fyrr en í janúar í ár. Þetta er bókstaflega engin afsökun fyrir hv. þm. Honum var innan handar að byrja endurskoðunina áður en farið var að prenta reikninginn. Það þýðir því ekkert að vera að slá því framan í þá, sem þekkja til um þessa hluti, að það hafi verið eitthvert sérstakt atriði að fá reikninginn prentaðan.

Þá sagði hv. þm., að ekki hefði legið fyrir skýrsla frá endurskoðun ríkisins. Þetta má vel vera rétt, en það var þá skylda hans sem endurskoðanda að óska eftir þeim gögnum, sem eiga að fylgja RR í hendur endurskoðenda Alþingis. Það er engin dyggð að krefjast ekki, að það fylgi, sem fylgja á.

Þá sagði hv. þm., að hann hefði lagt aðaláherzluna á að kynna sér, hvernig umframgreiðslunum væri hagað. Þetta er sannarlega ekki til þess að hæla sér af, þar sem þetta er beinlínis og á að vera aðalstarf hans sem endurskoðanda. Hér hefir hv. þm. aðeins gert skyldu sína, sem sízt er til að hæla sér af.

Það munu nú um 5 ár síðan ég tók að beita mér fyrir því, að fjárlögin væru jafnan sett sem næst því, sem útgjöldin myndu reynast í framkvæmdinni, og að þessu hefi ég unnið af fremstu *getu. Ég get nú ekki stillt mig um að minnast* á sumar aths. hv. þm. um umframgreiðslurnar. Þar er óneitanlega sumstaðar skotið yfir markið. Hann segir, hv. þm., t. d., að stjórnarráðskostnaðurinn hafi farið mjög fram úr áætlun, og getur þess jafnframt, að ráðherra þurfi í því *tilfelli sem öðru samþykki þingsins. Hér er ekki* gott í efni, því að í sannleika sagt veit ég ekki, hvernig er hægt að komast hjá því að greiða hinn nauðsynlegasta stjórnarkostnað. Annars vona ég, að þessi hv. þm. vinni nú í fjvn. í fullu samræmi við það, sem hann hefir haldið fram hér.

Þá var hitt atriðið, sem hann taldi sig standa fast á, að það yrði aldrei lag á greiðslum úr ríkissjóði með því að hafa marga gjaldkera, og á hann þar við forstjóra hinna ýmsu ríkisstofnana. Allt ætti að fara gegnum fjármálaráðherra og ríkisféhirði. Þetta er bara óframkvæmanlegt, og mun hvergi tíðkast um víða veröld, og styðst ég þar við álit fróðari manna en við hv. þm. A.-Húnv. erum. Fyrir nokkrum árum var almennt litið svo á, að fjármálaráðuneytið eitt ætti að sjá um, að sparlega væri farið með fé ríkisins. Þetta var allútbreidd skoðun, og skaðleg. Ég vil alls ekki fækka gjaldkerunum, sem hv. þm. var að tala um, því að það er beinlínis ekki hægt. Það, sem hér þarf að vinna að. er, að öll ráðuneytin, hvert út af fyrir sig, beri ábyrgð á sínum greiðslum. Í danska ráðuneytinu er það svo, að hvert einstakt ráðuneyti ber ábyrgð á sínum kafla í fjárlögunum. Þessu þarf að keppa að hér, að staðbinda ábyrgðina við hvert ráðuneyti, í stað þess að viðhalda þeirri skoðun, sem ríkt hefir, að fjmrh. einn sé vörður um ríkissjóðinn. Þá er það algerlega óhugsandi, sem hv. þm. A.-Húnv. hélt fram, að engar smágreiðslur fari fram úr ríkissjóði án vitundar fjármálaráðuneytisins. Á slíku byggir ekkert ríki fjármálakerfi sitt. Í Danmörku getur t. d. hvert ráðuneytið út af fyrir sig ávísað á ríkissjóðinn án þess að fara til fjármálaráðuneytisins.

Það er ekki eins auðvelt að eiga við þetta eins og hreppskassann, því að þótt upphæðirnar séu fáar og smáar hjá okkur í samanburði við það, sem er hjá stærri þjóðum, þá verður samt að reyna að staðbinda þetta á þann hátt, sem ég gat um. Menn geta sagt sér sjálfir, hversu ókleift það er fyrir fjmrn. að fylgjast með því, hvar hver stofnun er stödd í að eyða þeim upphæðum, sem henni eru ætlaðar í fjárl. Ef þessu er dreift á fleiri ráðuneyti, þá er það auðveldara að fylgjast með því, á hvaða leið stofnanirnar eru með rekstur sinn. En að ætla fjmrh. þetta, það er alveg út í bláinn. Hver stjórnardeild á að bera ábyrgð á sinni ráðsmennsku gagnvart þinginu.

Ég vil sérstaklega nota tækifærið til þess að taka þetta fram nú, þar sem ég er ekki lengur fjmrh., svo það getur ekki skilizt þannig, að

ég sé að skjóta mér undan sérstakri ábyrgð. Ég minntist lauslega á þetta í síðustu fjárlagaræðunni, sem ég hélt, að það þyrfti að hverfa meira að því að staðbinda ábyrgðina.

Hv. þm. vildi gefa í skyn, að það væri ýmislegt skemmtilegt, sem kæmi í ljós, ef skyggnzt væri bak við fortjaldið, eins og sýndi sig t. d. á greiðslunni til Eskifjarðarhrepps. Hann talaði um, að ákveðin upphæð hefði verið greidd til Eskifjarðarhrepps, og hefðu endurskoðunarmennirnir óskað eftir að fá reikninga hreppsins, en fjmrn. hefði ekki haft reikningana, og taldi hann það mikið hneyksli. En hér kemur aftur fram misskilningur hjá hv. þm. á því, að fjmrn. eigi að bera ábyrgð á hverri útborgun. Það er atvmrn., sem hefir með fátækra- og sveitarstjórnarmál að gera, og það umgengst oddvita þeirra hreppa, sem telja sig þurfa á aðstoð að halda. Það er þess vegna atvmrh., sem fær allar upplýsingar um einstök atriði í hreppunum, og hann gerir till. um það, til hvaða hreppa greiðslur skuli fara fram. Atvmrh. talar við fjmrh. og segir: „Við erum búnir að rannsaka þetta mál og álítum, að ekki sé hægt að komast hjá því að borga þessa upphæð.“ Hann trúir kollega sínum og borgar upphæðina, en gögnin eru geymd í atvmrn. Það er einkennilegt, að þessi misskilningur skuli koma fram hjá þm., en hann er mjög almennur hjá þjóðinni.

Fjmrh. á að afla teknanna og sjá um innheimtu þeirra. Hann á einnig að sjá um, að ekki séu greiddar upphæðir utan fjárl., nema sérstakar ástæður séu til, og vera nokkurskonar aðhald á hinum ráðuneytunum. Þannig er alstaðar litið á þetta.

Það, sem sérstaklega átti að krassa hjá hv. þm. A.-Húnv., var það, að þegar hann hafi spurzt fyrir um þetta atriði í fjmrn., þá hafi honum verið svarað, að þetta hafi verið borgað út eftir símskeyti. Þetta á nú að vera blaðamatur, að það skemmtilega hafi komið fram í umr. á Alþ., að upphæð hafi verið borguð eftir símskeyti. Ég veit nú ekki, hver í fjmrn. hefir sagt þetta við hv. þm. Það getur vel verið, að þetta hafi verið borgað út eftir símskeyti, en það hefir þá aðeins verið framhald á langvinnri rannsókn á fjárhag Eskifjarðarhrepps og viðræðum við fulltrúa þá, sem metið hafa það, hvers hreppurinn þarfnaðist.

Það getur auðvitað verið gott fyrir blaðamennina að geta tekið þetta upp, að oddvitinn hafi símað eftir peningum og fengið þá. Hvað eiga t. d. áheyrendur að halda, þegar svona er sagt frá málunum? Þeir halda auðvitað, að það hafi aðeins komið eitt símskeyti og svo hafi verið þotið upp til handa og fóta og þessi upphæð borguð. En ég get ekki kallað þetta annað en óheiðarlegan málflutning.

Hv. þm. A.-Húnv. kom þá að því, sem hann kallar ágreiningsatriði í efnahagsreikningi ferðaskrifstofunnar, þar sem rekstrarhalli 2 ára er talinn eignamegin á efnahagsreikningnum. Ég hefi skýrt það áður, hvernig á þessu stendur. Til þess að sýna, að svona standi efnahagur stofnunarinnar, að skuldir séu umfram eignir svo og svo miklar, þá er tekinn rekstrarhalli 2 síðustu ára, til þess að sýna, að eignirnar séu minni en skuldirnar, þar sem stofnunin hefir tapað þessi 2 ár. Til þess að gera þetta enn þá greinilegra, þá er þetta sundurliðað og sagt, að hann sé þetta mikill frá fyrra árinu og þetta frá hinu síðara. Hv. þm. þarf því ekki að horfa nema á eitt blað til þess að sjá efnahaginn.

Hv. þm. telur það óreiðu, að rekstrarhallinn skuli standa eignamegin. Mér skilst, að það hafi sérstaklega farið í taugarnar á hv. þm., að hann skuli standa eignamegin. En er nokkuð meiri eign í rekstrarhallanum, þó hann standi eignamegin?

Alveg sama er að segja um það, sem hv. þm. segir um fiskimálanefnd, að á ríkisreikningi sé fært til fiskimálanefndar 135 þús. kr., en sú upphæð sé ekki færð til tekna í reikningi nefndarinnar. Hann finnur þessa upphæð hvergi á reikningi nefndarinnar og stendur svo í þeirri hugmynd, að hún hafi horfið. En hann hefir ekki skilið reikning nefndarinnar. Hún semur tvennskonar reikninga, efnahags- og rekstrarreikninga, og af því þessi upphæð kemur ekki fram á rekstrarreikningi, þá heldur hann, að upphæðin komi hvergi fram. Þó þetta sé svo leiðrétt, þá lætur hann það samt ekki falla niður, heldur segir, að þetta sé til athugunar framvegis. Er það til athugunar framvegis, að það megi ekki færa þetta rétt? Hvers vegna ekki að segja, að aths. sé fullnægt, þegar búið er að gera grein fyrir þessu?

Hv. þm. var að tala um útlendar skuldir einkasalanna og sagði, að það væri ágreiningur okkar á milli um þær. Hann sagði, að það yrði að koma því í kring, að einkasölurnar gætu verzlað kontant. En þetta er alveg óframkvæmanlegt. Það myndi verða til þess, að fjölda margir viðskiptamenn verzlananna yrðu að loka. Það er ómögulegt að vera að endurtaka þetta sí og æ, þegar alltaf er verið að halda þessari fjarstæðu fram. Það getur verið, að útlendu skuldirnar séu óþarflega miklar. Ég hefi auðvitað ekkert á móti því, að reynt sé að bæta úr því. En það er ekki hægt á þeim grundvelli, að þessar stofnanir hætti alveg að lána til einstakra manna. Því þeir yrðu þá að loka. Ef maður lítur á skuldatöp áfengisverzlunarinnar og tóbakseinkasölunnar, þá er það hverfandi lítið, sem þessar stofnanir tapa af þeim upphæðum, sem hér er um að ræða. Mikið af skuldunum hjá áfengisverzluninni eru umboðssöluábyrgðir hjá mönnum, sem selja fyrir verzlunina.

Hv. þm. sagði, að það væri gamalt ágreiningsatriði okkar á milli, hvað miklar hinar útlendu skuldir einkasalanna væru. Ég veit ekki til þess, að um þetta hafi verið nein deila. Ég man, að hann hefir haldið því fram á Alþ., að það ætti að telja þessar skuldir með rekstrarlánum. Ég benti á, að það væri ekki rétt, því móti þessum skuldum standa innieignir í bönkum og vörubirgðir. Það er ekki eins og hv. þm. segir, að það séu allt innstæður í banka. Það er sumpart rekstrarfé, sem einkasölurnar hafa fengið sem vörulán, og sumpart er það vegna yfirfærsluvandræða, sem þetta fé er sem innstæða í banka.

Hv. þm. var að dylgja með, að sumt af þeim íslenzku krónum, sem þyrfti að borga þessar

erlendu skuldir með, væru kómnar inn í ríkissjóðinn. En það er rangt. Hann hefir aldrei tekið meira en það, sem svarar til sjálfs ágóðans. Það væri líka röng mynd af viðskiptunum, ef í ríkissjóðinn kæmu peningar, sem svo ættu að liggja til staðar, ef rættist úr gjaldeyrisvandræðunum og yfirfærslurnar ættu að fara fram. En að vísu verður ríkissjóður þarna fyrir vaxtatapi. Hann fær ekki nema 4% af því, sem stendur í bankanum, en borgar 6% af yfirfærslunum. — Það er dálitið leiðinlegt að þurfa að vera að þvæla um þetta sjálfsagða atriði. En það er ekki hægt að komast hjá því, þegar sí og æ er verið að impra á þessu.

Að síðustu þetta með sjóðina, sem hv. þm. sagði, að væri alveg óhæfilegt. Ég hefi upplýst áður, að þetta stafar af reikningsfærsluaðferð, og engu öðru, enda þarf ekki að segja okkur, sem alvanir erum svona viðskiptum, að þetta sé annað. Hv. þm. sagði, að þetta gæti orðið til þess, að menn ættu hægara með að leyna sjóðþurrð. En það er alveg út í bláinn. Hver einasti peningur í stofnunum er bókfærður jafnóðum. En það, að svona mikið fé er í sjóði um áramót, stafar af því, að gömlu bókunum er haldið opnum, þó búið sé að opna nýjar fyrir árið, sem er að byrja. Mér skilst, að það sé þetta, sem hv. þm. álítur, að gæti orðið til þess að dylja sjóðþurrð. En það er misskilningur hjá hv. þm. Hann segir, að það sé full ástæða til að halda, að svarið sé ekki rétt. En hvers vegna fer hann ekki sjálfur og athugar, hvort svarið er rétt. Því er hann að dylgja um þetta hér? Hv. þm. treystir sér kannske ekki til þess að sjá af bókunum, hvort svarið er rétt? Hann gæti þá fengið sér aðstoð. Það gæti kannske verið, að það þyrfti að dómkveðja menn til þess að ganga úr skugga um, hvort svörin væru rétt.

Ég sé svo ekki ástæðu til að vera langorðari um þetta.

***Ísleifur Högnason:** Ég verð að þakka þá viðleitni, sem kemur fram hjá hv. þm. A.-Húnv. í því að gagnrýna ríkisreikninginn fyrir árið 1937. Hinsvegar verð ég að átelja Sjálfstfl. fyrir að kjósa þann mann til þessa starfs, sem sízt var hæfur til þess vegna þess, að hann er algerlega óbókhaldsfróður maður. Það er þess vegna auðvelt fyrir hæstv. ráðh., sem er bókhaldsfróður, að snúa út úr fyrir honum og gera hann hlægilegan fyrir smávegis misskilning. En sökin hvílir auðvitað á Sjálfstfl., að hafa valið þennan mann til þessa starfs.

Ég ætla fyrst að byrja á því að mótmæla því, sem hæstv. ráðh. sagði, að það skipti engu máli, þó sjóðseign væri færð hærri um áramót heldur en hún raunverulega væri. Það væri t. d. gaman að fá það upplýst, hvernig á því standi, að hjá tóbakseinkasölunni eru í sjóði rúmar 338 þús. kr., því þó eldri bókum hafi verið haldið opnum, þá getur það ekki munað svo miklu. Hjá áfengisverzluninni er t. d. örlítið í sjóði um áramót, svo það gefur tilefni til að halda, að gjaldkerinn geymi meiri eða minni upphæðir í sjóði óvaxtaðar.

Það er annars óviðkunnanlegt við 1. umr., að allar aths. skuli ekki vera teknar lið fyrir lið og skýrðar. Það væri betra fyrir okkur hina, sem ekki komum nálægt endurskoðuninni, ef þær væru allar skýrðar fyrir okkur, áður en ríkisreikningurinn kemur til 2. umr. Ég myndi t. d. óska þess, að hæstv. forseti, sem er einn af endurskoðunarmönnunum, gerði grein fyrir þeim aths., sem hann hefir gert.

Ég ætla þá að minnast á 1. aths. hv. þm. A.-Húnv. við ríkisreikninginn 1937. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stofnanir ríkisins verja á árinu almikilli upphæð til auglýsinga, og er þeirri upphæð, að því er virðist, varið til að styrkja blöðin fremur en þarfir stofnananna kalli á þessi fjárframlög. Ég hefi dregið saman þessar upphæðir hjá eftirtöldum stofnunum: Áfengisverzluninni, tóbakseinkasölunni, viðtækjaverzluninni, bifreiðasölunni og landssmiðjunni, og er það samtals kr. 19 700. Þetta skiptist þannig á blöðin: Nýja dagblaðið kr. 5388; Alþýðublaðið kr. 4 081; Morgunblaðið kr. 828; Vísir kr. 700; Þjóðviljinn kr. 333 og önnur blöð og tímarit kr. 8 424.“

Ég vil gera fyrirspurn, hvort það sé tilfellið, að neytendur tóbaks og brennivíns sé helzt að finna hjá lesendum Nýja dagblaðsins og Alþýðublaðsins.

Það er vitanlegt, að með þessu eru ríkisstofnanirnar að styrkja útgáfu ákveðinna blaða flokkanna, svo það er varla hægt að líkja þessu við annað en þjófnað. Ég sé eiginlega ekki mun á beinum þjófnaði og því, að fara svona óheiðarlega með fé ríkisins. Það er vitað, að forráðamenn blaðanna leggja stórfé með blöðunum, og það, sem ríkið þannig borgar fyrir auglýsingar, verður til þess að spara þeirra fé.

Þess er skemmst að minnast, að verkamenn í Vestmannaeyjum ætluðu sér að fara að gefa út blað. Ég var fenginn til þess að hringja til bæjarfógetans til þess að fá auglýsingar frá verðlagsnefnd. Þegar ég hringdi til hans, þá svaraði hann, að hann hefði fengið fyrirmæli um það frá viðskmrh., að hann mætti aðeins auglýsa í íhaldsblaðinu „Víði“ í Vestmannaeyjum. Þetta blað hefir nú stundum verið að hnýta í hæstv. ráðh., svo hann er með þessu að borga undir skammagreinar um sjálfan sig.

En mér þykir vanta í þessar aths. að gera grein fyrir því, hvaða vinnuafköst ýmsir forstjórar, fulltrúar, bókarar og nefndir láta í té fyrir þá tugi þúsunda, sem borgaðar eru til þeirra. Það er í raun og veru aðalatriðið, hvaða vinna er látin á móti þeim peningum, sem borgaðir eru. Það er á almannavitorði, að stj.flokkarnir halda uppi bitlingalýð í kringum sig, og borga þannig tugi og hundruð þúsunda til fólks fyrir sama sem enga vinnu. Skyldi ekki vera hægt að fækka þessum aðalbókurum, fulltrúum og nefndum? Annað skrifstofufólk á ríkisskrifstofunum mun vera svo lágt launað, að það er ekki sambærilegt við það, sem borgað er hjá einkafyrirtækjum, eins og hæstv. ráðh. hefir bent á.

Sem lítið dæmi úr þessum aths., sem ég álít margar hverjar réttmætar, vil ég benda á, að þekktur skriffinnur hefir fengið 2500 kr. fyrir að semja bók um jurtakynbætur. Mér vitanlega hefir sá maður enga þekkingu á þessu efni,

enda hafa ekki fengizt fullnægjandi svör við þessari aths.

Ég vil svo ítreka það, að ég óska eftir, að nánari grein sé gerð fyrir aths. við þessa 1. umr. heldur en þegar hefir verið gerð.

Jón Pálmason: Ég hefi aðeins tíma til þess að gera aths., svo ég get ekki farið út í nema sumt af því, sem ástæða er til að víkja að í sambandi við ræðu hæstv. viðskmrh.

Ég ætla þá fyrst að víkja að fyrirspurn, sem hæstv. ráðh. bar fram með talsverðum ofsa, um það, hvað ég teldi, að ekki mundi liðið hjá sveitar- og sýslufélögunum, en ætti sér stað hjá ríkinu. Það yrði langt mál, ef farið væri út í að ræða það, sem er þessarar tegundar. Það er fyrst og fremst það, sem á þingmáli heitir að borga fé án heimildar, og fjáraukalögin fyrir árið 1937 eru upp á 3,6 milljónir króna. Margir liðir hafa alls ekki verið færðir eins og bar, og dæmin um það hefi ég nefnt; ég get t. d. minnt aftur á atvinnubótafé.

Þá talaði hæstv. ráðh. um, að hægt hefði verið að byrja endurskoðun landsreikninganna áður en þeir lágu fyrir prentaðir. Það er alveg rétt að vissu marki, enda notuðum við tímann til þess að fara í gegnum reikninga einstakra stofnana, áður en þeir voru prentaðir. En ekki er það til þess að gera sig digran af fyrir hæstv. ráðh., að ríkisreikningurinn fyrir 1937 skuli ekki prentaður fyrr en þetta á árinu 1939, — eða hitt, að ríkiskassanum sé ekki lokað fyrir greiðslur frá árinu 1938 fyrr en í sept. 1939, og kemur það þó nokkuð öðruvísi fram en þegar um rekstrarsjóði einstakra stofnana er að ræða, svo sem einkasala ríkisins.

Hæstv. ráðh. sagði, að ég hefði átt að rannsaka, hvenær reikningum þessara stofnana hefði verið lokað. En þegar ég fór að spyrjast fyrir um það og fékk sitt svarið hjá hverjum — að það hefði verið í janúar, eða marz, eða apríl —, þá fór ég að efast um, að svörin um þetta væru að nokkru hafandi. Og ég veit ekki, hvað er vaxtaspursmál, ef þetta er það ekki.

Okkur ráðh. kemur mjög saman um það, að fjárlög eigi að gera úr garði eins og greiðslurnar hljóta að verða, og fyrir slíkum umbótum segist hann nú hafa barizt í fimm ár. En hver er árangurinn? Eru ekki greiðslurnar umfram fjárlög á 4. milljón fyrir árið 1937?

Ég veit ekki, við hvað þær ásakanir styðjast hjá hæstv. ráðh., að umbótakröfur mínar í þessa átt væru í ósamræmi við framkomu mína í fjármálum á þingi. **(Viðskmrh.:** Það voru ekki ásakanir. Ég vildi bara minna þm. á, að hann skyldi passa sig). En hver er það, sem ekki hefir varað sig á því, að hver nýr landsreikningur varð óvart hærri en sá næsti á undan? **(Viðskmrh.:** Varaðu þig líka á þessu!). Það er stefnan, sem þarna er góð hjá hæstv. ráðh., en hún hefir bara ekki verið haldin.

Ríkisbókhaldið og ríkisféhirzlan eiga að vera hlutar af stjórnarráðinu. En nú er fyrir utan ríkisféhirði sérstakur gjaldkeri í stjórnarráðinu, sem afgreiðir ýmsar útborganir, sem fram fara utan fjárlaga, og við getum sjálfsagt ræðzt við um það við næstu umr. þessa máls, hvernig þær greiðslur sumar eru. Viðvíkjandi því, hvort fjmrh. eigi einn að bera ábyrgð á öllum greiðslum, hefi ég aðeins sagt, að ein höfuðorsökin til ófarnaðar síðari ára liggi í því, að ábyrgðinni hefir verið dreift, svo að enginn einn ber hana, en ýmsir leyfa sér að afgreiða greiðslur umfram fjárlög, en bak við fjármálaráðherrann. Þetta verður að afnema. Og það má ekki viðgangast lengur, að ýms opinber fyrirtæki greiði stórfé án samþykkis fjmrh.

Viðvíkjandi því, að ég hafi sýnt óheiðarlega málsmeðferð, þegar ég talaði um greiðslu samkv. símskeyti, get ég tekið fram, að ég sagði ekki nema það, sem rétt reynist, um þessa greiðslu til Eskifjarðarhrepps, hverjar málsbætur sem svo má finna í þeirri vandlegu rannsókn, sem á undan greiðslunni var gengin, eftir sögusögn hæstv. ráðh. En hvað finnst mönnum annars um það, þegar þessar 20 þús. kr., sem taldar eru útborgaðar í Rvík, virðast orðnar að 52 þús. kr., þegar þær eru færðar inn á reikninga Eskifjarðarhrepps?

Skuldaskipti ríkisverzlananna við viðskiptavini þeirra eru, hvað sem hæstv. ráðh. segir, orðin alveg óviðunandi. Það er ekki hægt hjá því að komast, að það munar nokkru fyrir hið opinbera, hvort t. d. áfengisverzlunin fær sitt með góðum skilum eða hefir útistandandi skuldir í stórum stíl, og þar af 93 þús. kr. hjá einu einasta fyrirtæki. Ég veit ekki, hver getur mótmælt því, að hér sé komið í hættulegar öfgar. Hitt er annað mál, að þegar komið er niður í fenið, er ekki hægt að kippa þessu upp á þurrt í skjótu átaki. En það verður að gerast.

Ég skal ekki fara út í hártoganirnar á því, sem ég sagði um greiðsluna til fiskimálanefndar. Ég hefi aldrei vanizt því, að slíkar upphæðir væru ekki færðar til tekna hjá þeim stofnunum, sem taka móti þeim, og það er það, sem ég gerði aths. við. Ég skal svo ekki þreyta hæstv. forseta lengur, því að við næstu umr. verður tækifæri til að fara nánar út í einstök atriði.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Hv. 4. landsk. stóð hér upp til að aðstoða hv. þm. A.-Húnv. og kom þar sem hinn bókhaldsfróði maður, sem vantaði af hálfu Sjálfstfl. En mér fannst lítið batna við hans tilkomu.

Ég var búinn að upplýsa það um sjóði í reikningslok, að þessar stofnanir hafa haldið reikningunum opnum talsvert fram yfir áramót, — ég veit ekki hvað lengi á hverjum staðnum. Þá kemur út sú niðurstaða, sem orðið hefði, ef allar tekjur og greiðslur hefðu verið komnar til reiknings 31. des. og sjóðsupphæðin verið talin þann dag samkv. því. **(ÍslH:** Ég spurði, hver tilgangurinn væri). Tilgangurinn er auðvitað þessi, að fá allt með. Það er einskær misskilningur, að þetta þýði tap á bankavöxtum, því að hver upphæð er sett í banka um leið og hún innheimtist. Þessi sama aðferð er höfð með reikningslok landsreikningsins. Sjóður í reikningslok er þar ekki það, sem í kassanum liggur 1. jan., heldur hinn reikningslegi sjóður, sem til er, þegar allar tekjur eru komnar inn og greiðslur greiddar. Þetta er formsatriði, sem vel má haga öðruvísi, t. d. eins og danska ríkisbókhaldið

gerir. En Norðmenn hafa sömu aðferð og hér hefir tíðkazt.

Þetta auglýsingamál, sem hv. þm. fór út í, er þannig til komið, eins og oft hefir verið upplýst, að þegar Nýja dagblaðið var stofnað, gerðu yfirvöld þessa bæjar þá ályktun að auglýsa þar ekki, heldur aðeins í blöðum, sem þeim stóðu nær, og sögðust ekki þurfa önnur blöð til að koma auglýsingunum til almennings. Við sögðum þeim blöðum þá, að það gætum við líka án hjálpar þeirra, og auglýstum í Nýja dagblaðinu. — Hitt er annað mál, sem hv. þm. talaði um, að við viljum ekki auglýsa í Þjóðviljanum, því að við álítum þann snepil ekki þess virði, að nokkur auglýsing sjáist þar frá ríkisstj., og er vel hægt að ræða það mál við þingmanninn síðar, ef hann óskar.

Viðvíkjandi því, hve mikið fé sé greitt utan heimildar, eins og hv. þm. A.-Húnv. talar um, á ýmsum reikningum, sem hann telur upp, og hve reikningsskilin séu í mörgu óþolandi og hve landsreikningurinn komi seint, finnst mér, að nú veitti ekki af, að þessi hv. þm. og sumir samherjar hans tækju sig saman í andlitinu til að sjá um, að slíkt komi ekki oftar fyrir. Eins finnst mér, að hann hefði sjálfur átt að ganga úr skugga um sumt af því, sem hann spyr um. Gat hann ekki farið í bækur stofnananna til að sjá það sjálfur, hvernær reikningum þeirra var lokað? Honum hefði áreiðanlega ekki verið meinað það; ég held hann hafi nú fengið að sjá svo marga kladdana, og ég skil ekkert í þessari ómannblendni hjá honum, að gera það ekki.

Staðhæfingar hv. þm. (JPálm) í sambandi við það, að af góðri viðleitni minni hafi enginn árangur orðið, eru margar byggðar á misskilningi, sem varla tekur því að eltast við hann, svo sem þegar um eignahreyfingar er að ræða, ýmsar tilfærslur á reikningum fram og til baka o. s. frv. Umframgreiðslur hafa farið lækkandi ár frá ári og urðu hlutfallslega lægstar síðasta ár. Og ég veit ekki, hvort það hefir orðið „sjálfrátt“ eða „ósjálfrátt“, eins og sumir menn vilja nú komast að orði um slíka hluti. Hv. þm. talaði um botnleysu í reikningum, og ef hér er um botnleysu að ræða, er hún sumt af því, sem hann sagði.

Ég vil að lokum segja það, að hann þarf ekki fyrst og fremst að bera áhyggjur um fjárhag ríkisins, ef hægt er að halda honum í horfinu framvegis, ekki verr en hingað til. Og honum er óhætt að vanda betur málsmeðferð sína. Ummæli sín um símskeytið og greiðsluna til Eskifjarðar reynir hann nú að afsaka. Það var annar tónn en þegar hann kom fyrst með það; þá var hann ekkert að geta um, að greiðslan byggðist á vandlegri rannsókn. Hann veit líka, hvernig stendur á þessum 52 þús. kr. í stað 20 þús., sem hann telur samsvara þeim á landsreikningnum. Hann veit, að sumt af þessu var atvinnubótafé og var fært á þann lið í reikningum ríkissjóðs. Annað var fé úr jöfnunarsjóði, sem hreppnum bar, og bókfært þannig. Í þriðja lagi var svo opinberi styrkurinn. Það er ástæðulaust að finna að bókfærslu þessa fjár, hvað sem hinu líður, hvort upphæðin hafi verið hæfilega há.

Ég hefi mest rætt þau ummæli hv. þm., sem koma sjálfum reikningsskilunum við, því að þau ein snerta fjármálaráðuneytið beinlínis. En ég vil enn taka fram, hvaða barnaskapur það er, að hægt sé að leggja á fjmrh. ábyrgð á hverju litilræði, sem greitt er. Það verður heldur að skapa ábyrgð hjá sérhverjum aðila, sem með þessi atriði fer.

*Ísleifur Högnason: Mér kom það nokkuð undarlega fyrir sjónir, þegar hæstv. ráðh. upplýsti, að reikningarnir sýndu falskar niðurstöður um áramót. Mér hefir fundizt, að hæstv. ráðh. hafi þótzt til þess kjörinn að bæta úr slíku. (Viðskmrh.: Satt að segja hefi ég haft annað að gera en kíkja eftir þessu).

Þá voru það upplýsingar um auglýsingarnar. Það var að heyra, að hann hefði frá upphafi feginn viljað auglýsa í íhaldsblöðunum, ef íhaldið gerði Nýja dagblaðinu sömu skil, en í Þjóðviljanum mætti engin auglýsingin koma. (Viðskmrh.: Það væri nú líka þokkalegt að fara að styrkja Þjóðviljann!). Fyrst það er játað, að opinberar auglýsingar séu styrkur til blaða, er því hér með slegið föstu, að íhaldið hér í Reykjavík dragi sér tugi þúsunda af opinberu fé fyrir auglýsingar frá bænum í blöðum sínum, og þetta hafi Framsfl. tekið sér til fyrirmyndar; — með blessuninni, sem lýst er yfir þessu, er viðurkennt, að innan þessara veggja sé félagsskapur, sem beinlínis stendur að þessu, beinlínis dregur sér fé í pólitískum tilgangi og til þess að létta á sinni eigin pyngju.

En höfuðatriði, sem hvorki var upplýst af hæstv. ráðh. né hv. þm. A.-Húnv., var það, hvort ekki ætti að rannsaka, hvaða störf og afköst koma móti því mikla fé, sem ríkissjóður greiðir til mannahalds ýmissa stofnana. Þar mætti áreiðanlega spara tugi þúsunda nálega í hverri stofnun með því að fækka starfsliði eða nýta krafta þess betur en er. Þar er mál komið að athuga, hvort ekki megi færa eitthvað saman.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Nd., 5. des., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Sigurður Kristjánsson: 2. mál á dagskrá er um samþykkt ríkisreikninganna fyrir árið 1937. Nú er svo háttað, að ég og hv. 3. landsk. höfum borið fram þingsályktunartill. út af landsreikningunum, og ég sé, að nú hefir komið fram till. frá öðrum fjárhagsnefndarmönnum um sama efni. Mér sýnist nú eðlilegast, að þessi mál væru látin falla saman, og þá, ef þau væru látin ganga eitthvað á misvíxl, að umr. um þáltill. væru látnar ganga á undan samþykkt reikninganna, en umræður um þetta mál látnar falla saman. Af þessari ástæðu vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann taki þetta mál, 2. mál, út af dagskrá og láti það bíða eftir þingsályktunartillögunum.

Forseti (JörB): Eins og hv. þingm. sagði, liggja fyrir till. til þál. frá meiri og minni hluta

fjárhagsnefndar, en mér skilst, að hvorugur nefndarhlutinn hafi neitt við reikningana sjálfa að athuga, svo að í sjálfu sér skiptir það engu máli, hvort þingsályktunartillögurnar eru ræddar á undan þeim eða eftir, þar sem engin brtt. á þeim liggur fyrir, heldur eru till. bæði meiri og minni hlutans út af reikningunum í heild. Ég get þó verið með því að fresta umr. um þetta um sinn, enda sé ég, að hv. frsm. er ekki mættur, en sjálfsagt er, að hann sé við, þegar þetta mál er tekið til umræðu.

Á 75. og 76. fundi í Nd., 5. og 6. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Nd., 7. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 267, n. 344).

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Herra forseti! Eins og nál. frá fjhn. ber með sér, hefir sú n. orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. Fjhn. hefir farið allrækilega yfir þetta frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1937, borið hvern einstakan lið saman við ríkisreikninginn og farið allrækilega yfir aths. frá endurskoðendum og svör við þeim.

Eins og nál. ber með sér, urðu nm. ekki á eitt sáttir um aths. yfirskoðunarmanna við þennan ríkisreikning, þótt n. skiladi sameiginlegu áliti um frv. Meiri og minni hl. fjhn. skiladi hinsvegar sinni þáltill. hvor í tilefni af reikningnum sjálfum og aths., sem gerðar voru við hann. Hinsvegar sá fjhn. enga ástæðu til annars en að samþykkt ríkisreikningsins væri óháð þessum till., og enginn nm. óskaði eftir því, að samþykkt ríkisreikningsins væri sett í samband við það, hvernig færi um samþykkt þeirra till., er n. hefir borið fram sitt í hvoru lagi, þar sem álitið var, að umr. færu fram, þegar þær till. verða teknar á dagskrá, og verður þá rækilega minnzt á þau atriði. Vona ég því, að frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum geti gengið áfram gegnum hv. Nd.

Sigurður Kristjánsson: Eins og nál. frá fjhn. ber með sér, höfum við tveir nm., ég og hv. 3. landsk. (StSt), skrifað undir nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn, og hans að líkindum líka, gildir alls ekki um samþykkt á ríkisreikningnum sjálfum, sem yfirskoðunarmenn hafa haft ýmislegt við að athuga og okkur sýndist rétt að Alþ. geri sínar ályktanir um. Ég og hv. 3. landsk. höfum borið þessar aths. okkar fram á sérstöku nál. sem þáltill., og munum við, ef ekki gefst sérstakt tilefni til, hafa sömu aðferð og hv. frsm. lýsti hér í hv. Nd., að geyma aths. okkar þangað til þær till. verða til umr. samkv. yfirlýsingu hæstv. forseta, og munu þær verða teknar til meðferðar og afgreiðslu á því þingi, sem nú situr.

Jón Pálmason: Við 1. umr. þessa frv. fór ég nokkrum orðum um ríkisreikninginn fyrir árið 1937, og í sambandi við hann þær aths., sem yfirskoðunarmenn gerðu, og svör ráðh. og till., er honum fylgdu. Nú hefir hv. fjhn. afgr. þetta mál á þann veg, að ekki er unnt annað en að láta umr. fara fram um þennan reikning og aths. í sambandi við hann. Satt að segja læt ég mig ekki miklu skipta, hvernig fer um þær till., er fram hafa komið frá meiri og minni hl. fjhn., þó að umr. um þær eigi að bíða þar til þær verða teknar á dagskrá. Þær eru líka takmarkaðar við þröngt svið. Við 1. umr. þessa máls gat ég þess, að þær aths., sem gerðar voru af endurskoðendum landsreikninganna sameiginlega, og einnig þær, sem ég hefi gert „privatlega", væru þannig vaxnar, að tilgangurinn með þeim væri sá, að koma því til leiðar, að breytt yrði til með þá hluti, sem að var fundið í rekstri ríkisins. M. ö. o. var tilgangurinn ekki fyrst og fremst sá, að álasa þeim, sem hlut hafa átt að máli, heldur hitt, í fyrsta lagi að fá því til vegar komið, að það endurtaki sig ekki, sem að hefir verið fundið. Þessu hefir verið illa tekið og mjög á annan hátt en mér hefði þótt eðlilegt og skiljanlegt. Ég vil í fyrsta lagi minnast á það, sem mun vera alkunnugt, að einn forstöðumaður hefir stefnt út af tiltölulega meinlausri fyrirspurn, og ætla ég ekki að fara meira inn á það.

Í öðru lagi er það kunnugt, að hæstv. viðskmrh. tók mjög gæflegri ræðu frá minni hálfu við 1. umr. þessa máls mjög illa, og kom þar fram samskonar regla og þekkzt hefir hjá honum áður, sem sé að allt væri í finasta lagi og engin ástæða til að finna að neinu því, er snertir fjárstjórn hans og reikningsskil öll. Hæstv. viðskmrh. skrifaði svo grein í blað sitt og fór þar ýmsum heldur óeðlilegum orðum um mína frammistöðu í sambandi við endurskoðun ríkisreikninganna. Þeirri grein hefi ég ekki svarað, vegna þess að ég áleit, að það mál hlyti að bíða þar til ríkisreikningurinn yrði til 2. umr. hér á Alþ. Hið þriðja, sem gerðist í þessu máli, var svo það, að eftir að minni hl. fjhn. hafði skilað till., sem er mjög vægilega orðuð og ekki tekin fyrir nema örfá atriði af þeim aths., sem endurskoðunarmenn ríkisreikninganna höfðu vísað til Alþ., þá flytur meiri hl. fjhn. eða einhver úr þeirri n. hér á Alþ. plagg með fyrirsögninni þáltill., en það er eiginlega ekki aðalatriði, því að grg. þess eru ósvífnar skammir í minn garð fyrir hlutdrægni í endurskoðun ríkisreikninganna, skammir, sem byggðar eru á vanþekkingu, misskilningi og illkvittni. Mér þykir það í sjálfu sér ekki ákaflega undarlegt, þó að svona plagg kæmi fram frá form. fjhn., hv. 1. þm. Rang., en ég á mjög erfitt með að trúa því á jafnprúða menn sem hv. 2. þm. Skagf. (StgrSt) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að þeir eigi þar hlut að máli. Annars bera þessar undirtektir undir till. minar vott um þá fjármálaspillingu, sem hefir verið ríkjandi hér á undanförnum árum, og það mun kosta mörg orð og jafnvel óvild og skammir að ráða bót þar á, og sennilega aldrei hægt meðan þeir menn ráða nokkru um, sem höfuðsök eiga á ástandinu.

En að því er snertir ádeilur á þau atriði í ríkisreikningnum, sem vísað hefir verið til aðgerða Alþ., þá skal þess getið, að ýmsir þm. úr liði fyrrv. ríkisstj. hafa tekið þeim mjög á annan veg en þessir menn, sem ég nefndi áðan, og á ég þar sérstaklega við þá, sem sæti eiga í

hv. fjvn., því að mörg þau atriði, sem endurskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa vísað til aðgerða Alþ., hefir hv. fjvn. tekið til athugunar og gert um þau samþykktir, sem nú hafa verið að koma fram í frv., sem nm. í hv. Ed. hafa lagt fyrir Alþ. Munu þær till. koma nánar fram áður en þessu Alþ. verður slitið.

Úr því að svo er komið, að þessum aths. hefir verið tekið á þann veg, sem raun er á orðin, þá get ég sagt það, að eftir því, sem meiri úlfaþytur er gerður af þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, því betur líkar mér. Það er ekki af því, að ég hafi tilhneigingu eða löngun til að standa í skömmum og illindum utan þings í blöðum eða á annan veg, og ekki heldur vegna þess, að mér sé nein ánægja að því, að þeir menn, sem að ýmsu leyti eru greindir og ég hefi að mörgu leyti ekki nema gott eitt um að segja, sýni sig í því að gera sig að undri, heldur er það vegna þess, að eftir því, sem þessir menn ganga lengra í að gera úlfaþyt út af þessu, eftir því smíða þeir fleiri vopn á þá fjármálaspillingu, sem ríkt hefir hér á undanförnum árum, og þá gefst betra tækifæri til þess að láta almenning í landinu vita, hvernig fjármálaafstaðan hefir verið undanfarin ár. Og þeir gera líka annað. Þeir knýja það fram, að ýms þau vopn, sem haldið hefir verið í skeiðum undanfarið, bæði af mér og öðrum, verður nú heimtað að dregin verði úr sliðrum og sýnd nakin á vígvelli íslenzkra stjórnmála. Hvort þetta verður til happa eða ekki, á reynslan eftir að skera úr.

En svo skal ég ekki fara fleiri orðum um þetta, en snúa máli mínu nokkru nánar að þeim atriðum, sem hér er ágreiningur um, og mun ég þess vegna fara dálitið gegnum ríkisreikninginn, aths. við hann, þau svör, er þar um ræðir, og þær till., er vísað hefir verið til aðgerða Alþ. Ég skal fyrst geta þess, að ýmislegt af því, sem við endurskoðunarmennirnir allir sameiginlega höfum talið athugavert í rekstri ríkisstofnana, er þannig vaxið, að áreiðanlega er brýn þörf á því að fá þar breytingu á. Í fyrsta lagi má telja það, að þær ríkisstofnanir, sem að ýmsu leyti eru reknar í þeim tilgangi, að ríkið hafi tekjur af þeim, t. d. verzlun með nautnavörur o. s. frv., hafa á undanförnum árum verið reknar á þann veg, að þær vörur hafa verið teknar að láni hjá erlendum þjóðum, og svo langt hefir þetta gengið, að við árslok 1937, sem þessi ríkisreikningur nær til, munu skuldir aðeins einnar þessarar verzlunar, tóbakseinkasölunnar, erlendis hafa numið hærri upphæð heldur en allur ársinnflutningur hennar. En hvað hinar einkasölur ríkisins snertir, eru skuldir þeirra erlendis nokkru minni, en allt gengur þar í sömu átt. Þar við bætist svo, að ýmsar af þessum stofnunum hafa verið látnar lána út vörur hér innanlands að meira eða minna leyti. Þetta er atriði, sem verður að breyta svo fljótt sem því verður komið við. Ég skal játa það, að ekki er unnt að breyta því í skyndi, vegna þess fjárhagsástands, sem ríkisstj. undanfarinna ára hefir skapað í okkar landi. Það verður þess vegna að fikra sig áfram smátt og smátt til þess að fá þessu breytt.

Svo langt hefir verið gengið að því er þetta snertir, að áfengisverzlun ríkisins hefir lánað einu fyrirtæki með einkasöluaðstöðu upphæð, er nemur 93 þús. kr. Ég verð að telja, að þetta sé atriði, er sé fullkomlega þess vert, að að því verði fundið. Það er nú svo, að ég er enginn öfgamaður að því er snertir nautnavörur, og enginn bannmaður né annað slíkt, en ég vil hafa hóf á þessum hlutum, og þegar svo langt er gengið, að slíkar vörur eru teknar að láni erlendis og lánaðar út hér innanlands, tel ég slíkt ganga úr hófi fram, þótt það sé að einhverju leyti gert til þess að afla tekna fyrir ríkissjóð.

Í öðru lagi er það svo, að rekstrarkostnaðurinn við ýmsar af þessum stofnunum er óhæfilega hár að mínu áliti. Það er alkunnugt, að hann hefir stöðugt verið að hækka á undanförnum árum. Ég verð að segja það, að það er augljóst mál, að ef svona gengur áfram, þá er þess ekki að vænta, að þessi rekstur sé til þess hagnaðar, sem tilætlunin hefir verið með þessari starfsemi. Ég skal í þessu sambandi nefna það, að mína fyrstu persónulegu aths. gerði ég viðvíkjandi auglýsingakostnaði. Það er nú eitt, að þess hefir víst ekki verið stórvægilega gætt, hvernig farið hefir verið með fé þeirra stofnana, sem hér um ræðir. Það er á það drepið, að nokkrar þessara stofnana hafa varið til auglýsingakostnaðar árið 1937 samkv. ríkisreikningnum 19 700 kr. Þetta hefðu ekki verið mjög smávægilegir hlutir eitt út af fyrir sig, en þegar þar við bætist, að mjög miklu af þessum auglýsingakostnaði hefir verið varið alveg að óþörfu til blaða Framsfl. og Alþfl., finnst mér sérstök ástæða til að gera það að ádeilumáli og mælast til, að framvegis verði ekki meira fé varið af þessum stofnunum til auglýsinga en nauðsyn krefur, hvað sem segja má um hagsmuni þeirra blaða, sem hér um ræðir. Ég vil ennfremur minnast á það í þessu sambandi, að ein af þessum stofnunum, tóbakseinkasala ríkisins, hefir fengið talsvert háar upphæðir frá erlendum firmum. Það kom fram í upplýsingum til fjárveitingan. á Alþ. 1938, að tóbakseinkasalan fékk 1936 erlendis frá nokkuð á 5. þús. kr. til auglýsingastarfsemi, og það fór allt til Alþýðubl. og Nýja dagbl. Ég fór fram á það meðan endurskoðun ríkisreikningsins stóð yfir, að við fengjum að vita skýrt, hve mikið þetta fé hefði verið árið 1937. Svo skrifuðum við endurskoðunarmenn tóbakseinkasölunni allir sameiginlega og kröfðumst þess, að hún gæfi skýrslu um, hve mikið þetta fé hefði verið árið 1937, en það kom engin skýrsla að heldur. Þess vegna gerði ég aths. viðvíkjandi þessu og spurði hæstv. viðskmrh., hve há þessi upphæð hefði verið. En vitið þið, hvað hæstv. viðskmrh. sagði? Hann svaraði því, að tóbakseinkasalan hefði ekki fengið neitt fé til auglýsingastarfsemi, heldur forstjórinn, og hann væri milligöngumaður um auglýsingastarfsemi undanfarinna ára. Þetta er alveg ósamrýmanlegt við það, sem fjárveitingan. hafði fengið upplýsingar um, að verið hefði á árinu 1936.

Þá skal ég víkja nokkuð að ásökunum þeim, sem meiri hl. fjhn. kemur með í plaggi sínu. Er þá fyrst það atriði, er snertir umframgreiðsl-

ur ríkisverzlana til launa handa föstum og sæmilega launuðum starfsmönnum, sem meiri hl. fjhn. og ýmsir þm. hafa talið stórt atriði til ásakana á mig fyrir hlutdrægni, að ég hefi vísað því til aðgerða Alþ., að þar hafi verið eytt fé að óþörfu. Ég skal skýra þetta nokkuð og byrja á því að minnast á tóbakseinkasöluna og launin þar. Það kom m. a. fyrir, að hv. fjvn. Alþ. fékk bréf um það, að einn starfsmaður tóbakseinkasölunnar hafi farið þaðan, vegna þess að hann fékk starf annarstaðar. Mun hann hafa verið gjaldkeri tóbakseinkasölunnar. Í þessu bréfi var farið fram á, að leyft yrði, að launum þessa manns yrði jafnað niður milli starfsfólksins til launahækkunar, því að það myndi verða hægt að komast hjá því að bæta nýjum starfsmanni við. Þetta hafði hæstv. þáv. fjmrh. (EystJ) samþ., að gengið yrði inn á, því að það hefði ekki í för með sér neinn nýjan kostnað. Ég skal ekki fara neitt út í það, hvort þetta séu eðlilegar till. eða ekki; það verða hv. þm. að gera upp við sjálfa sig. En þegar svona till. koma fram, sýna þær í fyrsta lagi, að þarna hefir verið einn starfsmaður, sem ekki var þörf fyrir, og í öðru lagi, að starfsmenn þessarar stofnunar, sem hafa hærri laun en tíðkast a. m. k. sumstaðar annarstaðar hjá ríkinu, fara þó fram á, að launum þessa manns sé jafnað niður á hina. Annars skal ég geta þess um allar þessar stofnanir, að eftir því, sem ég hefi kynnt mér þessi mál nánar, eftir því hefi ég sannfærzt betur um, að það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. (HermJ) hefir lýst yfir, að það sé víða hið mesta mein, að ýmislegt af því fólki, sem vinnur við stofnanir og starfrækslu ríkisins, vinnur ekki eins vel og þyrfti að vera. Ég veit það vel, að við allar þessar stofnanir er margt af góðu fólki, sem vinnur sín verk af prýði, en svo er líka við þær allar meira eða minna af fólki, sem er á einskonar framfæri á vegum þessara stofnana. Út í það skal ég ekki nánar fara, en myndi geta fært frekari rök fyrir, ef tækifæri gefst til.

Þá er það skoðun mín, eins og kom fram í frv. hér á Alþ. 1938, að það væri réttast og hagkvæmast að leggja niður landssmiðjuna. Það byggist á því, að ef það á að vera hugsanlegt, að það fyrirtæki sé samkeppnisfært, og ef það ætti að vera rekið á þann hátt sem þyrfti, þá væri nauðsynlegt að leggja mjög mikið fé í nýjar byggingar. Annaðhvort verður því að leggja það fyrirtæki niður og láta einkareksturinn annast þá starfsemi, eða leggja að nýju mikið fé í byggingar fyrir stofnunina.

Um ríkisútvarpið skal ég ekki fara mjög mörgum orðum, en ætla að geta þess, að um rekstur þess á árinu 1937 hélt ég útvarpserindi í fyrra, og hafa þá hv. þm. heyrt, hvaða aths. ég gerði.

Þá hefi ég gert aths. um og lagt töluverða áherzlu á, að það væri óhæfilega mikið talið í sjóði hjá ýmsum fyrirtækjum ríkisins við árslok. Að þessu leyti er ríkisútvarpið í raun og veru undantekning, því að það taldi ekki í sjóði nema 800 kr., þegar það lokaði reikningi sínum við áramótin 1937—1938. Það ber náttúrlega að viðurkenna, að í þessu efni er það allt annað hjá ríkisútvarpinu en hjá sumum þeim stofnunum ríkisins, sem telja í sjóði jafnvel svo hundruðum þús. kr. nemur. Að vísu eru þær að ýmsu leyti ekki sambærilegar við ríkisútvarpið, en ég held, að sú regla sé hin réttasta, að reikningum allra slíkra stofnana væri lokað sem næst áramótum og ekki talið í sjóði í slíkum reikningum nema sú upphæð, sem raunverulega er.

Næst skal ég svo minnast á þær aths., sem ég gerði út af rekstri pósthússins í Rvík. Það, sem stendur í aths., og það, sem hv. þdm. hafa aðgætt, er, að rekstrarkostnaður pósthússins í Rvík var 51 þús. kr. hærri en fjárlög heimiluðu. Orsakirnar, sem til þess liggja, eru aðallega þær, að ríkisstj. gaf út starfsreglur fyrir póstmenn 16. jan. 1937. Þessi reglugerð ríkisstj. hafði í för með sér 40 þús. kr. hækkun á útgjöldum við pósthúsið. Þegar slík aðferð er höfð, að gefa út bak við Alþingi reglugerð, sem fer í bága við fjárlög, er það athugavert fyrir hv. þm. Enda er það svo hjá mörgum starfsmönnum pósthússins, að aukalaun eru borguð fyrir eftirvinnu nærri eins há og föstu launin. Það kann að vera, að hv. 1. þm. Rang. og hv. viðskmrh. finnist þetta rétt og séu ánægðir yfir því, en það verður þá að ráðast, hvað öðrum hv. þm. finnst og öllum almenningi í landinu. Þessi reglugerð, sem ég gat um, er ekki birt í Stjórnartíðindum og þess vegna lítt kunn. Hvað það síðara snerti áttu launin að hækka með reglugerð, sem stjórnin setti, og er hún því búin að gilda lengur við pósthúsið. Er ómögulegt að segja eins og er, hve mikil aukaútgjöld þetta hefir í för með sér. Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en hefi tekið það sem eitt dæmi af mörgum, til að sýna eyðslu ríkisstj. umfram heimiluð fjárframlög til stofnana ríkisins. Þetta er ljóst dæmi, sem ég tel vera til athugunar, en ekki eftirbreytni. Annmarkarnir á því eru ljósir, en það er erfitt að bæta þá eins og vera þyrfti.

Nú skal ég koma að þessu dæmalausa plaggi frá hv. 1. þm. Rang. Það undarlega skeður, að eitt af því, sem hv. þm. þykir mest að, er það, að ég hafi ekki gert nógu margar aths. Ég hafi ekki gert aths. við það, sem ég átti að gera aths. við, og er fullyrt um hlutdrægni mína í þessu makalausa plaggi. Þessar ásakanir, að ég hafi ekki gert nógu miklar aths., vil ég ofurlítið gera að umtalsefni hér. Ég gat þess við 1. umr. þessa máls og lagði áherzlu á það, að mér fyndist allur þessi rekstur ríkisins og öll reikningsfærsla í það mikilli botnleysu, að það þyrfti miklu meiri tíma en við yfirskoðunarmenn reikninganna höfðum yfir að ráða til að athuga það nægilega. Það er ekki gott að gera við því, þó að það fari framhjá manni, sem full ástæða er að gera aths. við. Ég verð að segja það vegna þeirra ásakana í minn garð, sem hv. 1. þm. Rang. kom með um það, að ég hefði ekki gert nógu miklar aths., að þá væri full ástæða að finna að þessu sama hjá hv. samstarfsmönnum mínum, sem gerðu miklu færri aths. en ég. Samstarfið við þá hv. 2. landsk. og hæstv. forseta var allt í bezta lagi að því leyti, að þeir eru ljúfir og samvinnuþýðir menn, en það kom fram hjá þeim, að þeir vildu gera miklu færri aths. en ég og finna að færri hlutum. Þetta stafar af því, að þeir hafa undanfarið verið með í því að samþ. það, sem ég tel athugunarvert við rekstur rík-

isins. Í þessu sambandi skal ég víkja að þeim hlutum, sem hv. 1. þm. Rang. taldi í blaði sínu sönnun þess, að ég hefði beitt hlutdrægni. Það, sem hann telur fram, eru einkum aths. mínar um pósthúsið í Rvík, vegamálastjóra og eitt og annað, sem hann telur upp. En allur hans prósentureikningur er ekki annað en vitleysa og sannar ekki, að hlutdrægni hafi verið höfð í frammi. Hann er í samræmi við það, sem hv. viðskmrh. kom með sem sönnun þess, að ekki hefði verið eytt um skör fram, að í stjórnarráðinu hefði kostnaðurinn aðeins aukizt um 6½% á 10 árum, frá 1926—1936, en það kom í ljós, að aukningin var 97 þús. kr. á þessu tímabili. Eins er það með pósthúsið, þar sem eytt var 51 þúsundi umfram fjárlög. Það átti að bera vott um hlutdrægni frá minni hálfu, að ég vildi vísa því til Alþ., en til þess fannst mér full þörf, og þeir, sem telja það gott, eru ekki vandir að því, hvað ein ríkisstjórn má leyfa sér. Hvað snertir umframgreiðslu til vegamálastjóra, þá hafði kostnaður við mælingar farið fram úr áætlun mjög mikið. Svar vegamálastjóra við fyrirspurnum mínum upplýsti, að á árinu 1937 hefði starf hans verið mikið aukið, með því að setja undir umsjón hans alla pestarvegina, sem svo eru nefndir, og kostnaðurinn þess vegna meiri. Auk þessa átti hann að sjá um yfirstjórn mælinga og undirbúning og framkvæmd atvinnubótavinnu, og auk þess hafði stjórnin sjálf fyrirskipað honum að taka fleiri verkfræðinga en hann óskaði eftir. Þetta eru orsakirnar til þess, að kostnaðurinn varð svo mikill við þetta starf. Þó að ég hafi gert aths. við þetta, er engin ástæða til að taka hart á þessum kostnaðarauka. Svo segir hv. 1. þm. Rang., að hér sé um að ræða pólitíska hlutdrægni, þar sem vegamálastjóri sé minn flokksbróðir. Einnig áttu till. mínar og aths. um umframgreiðslu á skólum landsins að bera vott um hlutdrægni. Sú ásökun hv. þm. er fullkomlega byggð á misskilningi, eða einhverju ennþá verra. Í aths. mínum er þess getið, að kostnaður við 4 skóla umfram áætlun hafi orðið 49 þús. kr., og er tekið sem dæmi kostnaður við menntaskólann í Rvík, sem varð 18 þús. kr. umfram það, sem heimilað var. Þetta átti að vera enn ein sönnun um pólitíska hlutdrægni, af því að rektor skólans væri andstæðingur minn í pólitík. Ég veit ekki, hvað þessum hv. þm. kann að geta dottið í hug, úr því að hann getur komið með svo heimskulegar getsakir. Ég tók þennan skóla sem dæmi aðeins vegna þess, að hjá honum eru hæstar umframgreiðslur, hjá næsta skóla aðeins 12 þús. kr. Nú kemur þessi hv. 1. þm. Rang. með sinn prósentureikning og segir, að „prósentvís“ séu lægri umframgreiðslur við menntaskólann, þar sem kostnaðurinn sé hlutfallslega meiri, og þetta sanni hlutdrægni mína. Ég vil taka fram, ekki sízt af því að rektor menntaskólans er hér viðstaddur, að hann er eins og fjöldinn allur af forstjórum hjá ríkinu, að þeir vilja fá sem mest af peningum handa sínum stofnunum. Það vill náttúrlega hver skara eld að sinni köku, en ásakanirnar frá minni hálfu eru ekki til hans, heldur í garð ríkisstj., sem borgar gífurlegar upphæðir umfram fjárlög til stofnana, sem ríkið rekur. Ég skal nú ekki fara út í það að rekja sundur ýmsar aths., sem ég hefi gert og sanna illa meðferð á ríkisfénu á því ári, sem reikningurinn hljóðar um. Ég skal þó aðeins geta þess, að allar skýrslur, sem settar eru í aths., eru frá minni hálfu settar til að sýna, að hér þarf breytinga við, og ekki má halda áfram á sömu braut og undanfarið, ef von á að vera fyrir okkur um að geta haldið áfram að lifa í frjálsu þjóðfélagi. Allir skattar fara sívaxandi svo óhæfilega, að þeir eru að því komnir að sliga okkar framleiðslu.

Ég skal halda áfram að minnast á fleiri af þeim ásökunum, sem hv. 1. þm. Rang. kom með. Það var eitt atriði, sem átti að vera sláandi um illgirni mína, að ég kom með úrskurðartill. snertandi fiskimálan., sem bendir á, hvernig starf þeirrar nefndar hefir misheppnazt. Þær till. í aths. mínum voru sannanir fyrir þeirri vissu, að n. væri ekki til neinna happa og málum hennar væri bezt komið hjá öðrum aðilum. Nú skal ég taka fram, að það, sem ég hefi sagt um þessa stofnun, og það, sem þessar till. segja, er að raunverulega hafi nefndin tillögurétt. Hún er eitt af þeim fyrirtækjum, sem sjálfsagt er að losa ríkissjóð við. Stofnun fiskimálan. og sú aðferð, sem var höfð um hana, er í mínum augum augljóst dæmi þess, hvernig pólitísku valdi meiri hlutans hefir verið misbeitt undanfarið, til að níðast á minni hl. Það þurfti að breyta verkunaraðferðum og sölu á fiskafurðum, og það var sjálfsagt að stofna samband, sem hefði vald til þessa. Hin pólitíska afstaða meiri hl. á Alþ. réði því, að það var sett nefnd, sem ekki hafði þekkingu á þessum hlutum. Ég skal segja hv. þdm., hvernig ástæðurnar voru í fiskimálunum. Hver n. starfaði ofan á aðra við fiskframleiðsluna. Svo var hlaðið sköttum á sjávarútveginn, beint og óbeint, langt umfram þörf. Nú stendur þannig, að í S. Í. F. er 7 manna stjórn, í fiskimálan. 7 menn, í útflutningsn. 5 menn, og þar fyrir utan Fiskifélag Íslands, sem í raun og veru er stéttarfélag, svipað eins og Búnaðarfél. Ísl. er stéttarfél. bænda. Allir þessir menn, milli 20 og 30, eru á launum, fyrir utan framkvæmdarstjórana, og kostnaðurinn hvílir sem farg á framleiðslunni. Vitlausast er að láta fiskimálan. vera við lýði, því að það starf, sem hún vinnur, er verra en ekki neitt. Henni eru fengnir miklir peningar í hendur, sem réttara væri að S. Í. F. fengi, og þeir peningar fara fyrir störf nefndarmanna og misheppnaða starfsemi vegna þekkingarskorts. Aths. mínar um þetta hafa verið teknar að nokkru til greina af ríkisstj. og fjvn., að því leyti, að peningarnir yrðu teknir af fiskimálan. og lagðir í ríkissjóð, en í henni væri fækkað niður í 3 menn, sem ekki hafa nema 10 kr. fyrir hvern fund í starfslaun.

Ég skal ekki fara lengra út í að ræða þær ásakanir, sem fram hafa komið um hlutdrægni frá minni hálfu í aths., en að síðustu víkja fáeinum orðum að atriði, sem var eitt af helztu deilumálunum við 1. umr. Þá gat hæstv. viðskmrh. þess, að ég hefði ekkert vit á bókhaldi, þegar um tvöfalt bókhald væri að ræða, og færði til sem dæmi aths., er snerti ferðaskrifstofu ríkisins. Það, sem mér þótti óeðlilegt, var, að rekstrarhalli fyrir árin 1936 og 1937 var færður til

tekna á efnahagsreikningi sundurliðaður. Ég skal ekkert um það segja, hvort hæstv. viðskmrh. finnist, að færslan eigi að vera svo. En sé það rétt, þá væri eins rétt að færa á efnahagsreikninga allra stofnana ríkisins hallann öll árin, sem ráðh. var fjmrh., þannig: rekstrarhalli 1934, rekstrarhalli 1935, 1936 og 1937, allt sundurliðað. Ég er enginn bókhaldsfræðingur, það skal játað, en ég hygg, að slík færsla þekkist óvíða. Annað er auðséð, sem sé að rekstrarhalli á þessari stofnun á þessu ári nam eftir reikningum hennar 30295 kr., en ríkissjóður hafði lagt fram 44968 kr. Þessi upphæð er rúml. 14 þús. kr. hærri en fært er til reiknings sem halli. Í reikningi ferðaskrifstofunnar er hún talin til skulda við ríkissjóð, en hvergi til eigna hjá ríkissjóði, enda mun sú skuld reynast lítils virði. Einn liður enn kemur óskiljanlega fyrir sjónir; það er, að eignamegin er færður stofnkostnaður. Mér finnst, að það sé eðlilegra, að einhverjar eignir standi á bak við, en innanstokksmunir eru færðir á sérlið, en hér er færður stofnkostnaður 1445 kr. til eignar, án þess að eignir standi á bak við. Þetta fyrirtæki, ferðaskrifstofa ríkisins, er eitt af fleiri dæmum, sem sýna, hvernig varið hefir verið fé ríkisins undanfarin ár. Málið var knúið fram og ferðaskrifstofan stofnuð á þeim grundvelli að kosta ríkissjóð ekki einn eyri, heldur lagður skattur á ferðalög í landinu. Sá skattur var 1937 26 þús. kr., en á 2 árum hefir ríkissjóður lagt fram 45 þús. kr., sem ekki eru færðar til eigna hjá ríkinu, en til skuldar hjá stofnuninni. En ég ætla að segja það, að eftir því, sem meira sannast um það, hvernig fjármálaspillingin er og hefir verið í okkar ríkisstofnunum og ríkisstarfrækslu og almenningur fær betur að sjá, hvernig fulltrúar hans hafa farið með sín völd undanfarin ár, eftir því eru meiri líkur til, að breyting fáist á, og þess væri þörf.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. meiri hl. fjhn. muni síðar gera grein fyrir þeim atriðum, sem hv. þm. A.-Húnv. hefir gert að umtalsefni, og ætla ég því nú við 2. umr. að gera lítillega grein fyrir sumum atriðum, sem einnig voru nokkuð rædd við 1. umr., en þá hafði ég ekki fyrir hendi þær upplýsingar, sem þurfti. Það var um útistandandi skuldir ríkisfyrirtækja. Því var haldið fram, að í árslok 1937 væru skuldir þessar í mesta ólestri, og í þáltill. frá minni hl. fjhn. er einnig komið inn á þetta sama mál og þar sérstaklega tekið til, að ástæða sé til að gera till. út af einni stofnun, áfengisverzlun ríkisins. Sama kom fram hjá hv. þm. A.-Húnv., og taldi hann, að þar þyrfti sérstaklega að koma við einhverri umbótastefnu. Nú hefi ég kynnt mér þetta mál betur en við 1. umr. Þá ræddi ég aðallega um raftækjaeinkasölu ríkisins, og kom ég fram með endanlegar upplýsingar um hennar viðskipti, og ætla ég ekki að fara frekar út í það. Þessi fyrirtæki hafa stofnað til skulda með því að kaupa vörur erlendis, og hafa þær skuldir aukizt nokkuð vegna yfirstandandi gjaldeyrisvandræða. Annars er rétt fyrir hv. þm. A.-Húnv. að beina aths. sínum til þess manns, sem nú ræður yfir þessum stofnunum. Mun hann frekar hafa að honum greiðan gang og þá frekar verða farið eftir þessum aths. en ég hefi gert.

Þá kem ég að hinum útistandandi skuldum þessara fyrirtækja, sem ég hefi fengið skýrslu um frá árslokum 1937. Skal ég fyrst minnast á áfengisverzlun ríkisins. Vil ég fyrst upplýsa það, að fyrir 1927, áður en núv. forstjóri tók við, var talsvert lánað af áfengi og einnig rekin lánsverzlun með aðrar vörur, sem einkasalan verzlaði með. Útsölumönnum var lánað allt áfengi, sem þeir fengu til sölumeðferðar, og urðu þeir eigendur varanna við móttöku. Og þótt samið væri um, að þeir skyldu greiða andvirðið um leið og vörurnar seldust, þá leiddi þetta fyrirkomulag til skuldatapa, og það allmikilla.

Þá var og læknum og lyfjabúðum lánaður allur spíritus og hjá lyfjabúðum einum var 93 þús. kr. skuld í árslok 1927, en þá sá hv. þm. A.-Húnv. ekki ástæðu til að flytja um það sérstaka þáltill., án þess að kynna sér málið nokkuð. Séu bornar saman skuldir lyfjabúða árið 1927 og 1937, þá sést, að þær voru, eins og áður er sagt, 93 þús. kr. 1927, en 8400 kr. 1937, og skuldir lækna og sjúkrahúsa hafa á sama tíma lækkað um 34 þús. kr., eða úr 47400 kr. í 12900 kr. Samtals eru útistandandi skuldir áfengisverzlunarinnar í árslok 39000 kr., að frádreginni skuld Hótel Borg, sem skuldaði 93 þús. kr., en í árslok 1927 voru þær 156 þús. kr. Þannig sést, að ef aths. hv. þm. A.-Húnv. átti að eiga á sér nokkurn rétt, hlaut hún að eiga við skuld Hótel Borg, og þá var hreinlegast að taka það fram í hinni umræddu þáltill., og að það var ekki gert, hlýtur að stafa af því, að hinir hv. flm. vilja sem minnst um þessa skuld tala, en ég veit ekki, hvað þeir hafa um að tala, fyrst þeir veigra sér við að nefna hana sérstaklega.

Hv. þm. A.-Húnv. tók það réttilega fram, að það mætti deila um, hvort rétt hefði verið að hleypa Hótel Borg í þessa skuld, sem nú er um 93 þús. kr. Þegar ég varð fjmrh., tók ég strax fyrir það, að þessu fyrirtæki væri nokkuð lánað, og krafðist þess, að það borgaði jafnóðum allar vörur, sem það fengi, og eftir það hefir þetta gengið svo. Um skuldina var þá gerður samningur, en hvernig því hagar nú, er mér ekki kunnugt. Ef tala á um skuldir áfengisverzlunarinnar, þá tel ég, að eigi að tala eingöngu um skuld Hótel Borg, og ég geri mig ekki að forsvarsmanni fyrir því. Fyrir 1927 rak áfengisverzlunin almenna lánsverzlun, en síðan hefir það ekki verið gert nema í þessu eina tilfelli, svo það var vel hægt að nefna það.

Tóbakseinkasala ríkisins átti útistandandi skuldir um áramót 1937 158 þús. kr. Þetta er fyrirtæki, sem selur árlega fyrir milljónir króna. Forstöðumaður þess upplýsir, að þessar útistandandi skuldir séu samkv. reikningum fyrirtækisins að mestu leyti hjá viðskiptamönnum þess utan Reykjavíkur og séu ýmist víxlar, sem eigi eru fallnir í gjalddaga, eða póstkröfur, sem ekki hafa verið innleystar. Miðað við viðskiptaveltu þessa fyrirtækis er ekki von, að útistandandi skuldir séu lægri, og verða allir að viðurkenna það. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að einkasala, sem tekur við af einkafyrirtæki, taki alveg fyrir alla lánsverzlun. Það gæti bein-

línis orðið til þess, að sumir yrðu að loka verzlunum sínum. Ég tel útistandandi skuldir tóbakseinkasölunnar svo litlar hlutfallslega, að ósambærilegt sé við nokkurt annað fyrirtæki.

Þá voru skuldir viðtækjaverzlunarinnar í árslok 1937, sem hv. þm. sagði að hefðu verið 368900 kr., án þess að skyggnast nokkuð eftir, hvað þar stóð á bak við. Viðtækjaverzlunin hefir um 40 útsölustaði á landinu, og þær vörur, sem liggja hjá útsölunum, eru auðvitað færðar sem skuldir hjá þeim. Þá selur viðtækjaverzlunin viðtæki með afborgunum, sem greiðast upp á 12 mánuðum. Gerir það mörgum kleift að eignast viðtæki, sem annars mundu ekki geta það með neinu móti. Er þetta afborgunarfyrirkomulag mjög vinsælt hjá almenningi og tíðkast mjög víða í öðrum löndum, meira að segja víðast hvar með lengri gjaldfresti. Sundurliðaðar líta útistandandi skuldir viðtækjaverzlunarinnar þannig út:

Vörubirgðir hjá útsölumönnum	97828.86
Útistandandi skuldir vegna afborgunarsölu	207079.12
Ríkisútvarpið	8188.94
Viðgerðarstofa útvarpsins	13691.51

eða samtals um 330 þús. kr. Útistandandi skuldir eru raunverulega alls um 32 þús. kr. E. t. v. tapast seinna meir eitthvað af þessum þeinu skuldum, en ég geri ráð fyrir, að erfitt sé að reka slíkt fyrirtæki án þess, að smátöp geti átt sér stað. En það hlýtur að vera í þessari upphæð einni, sem sú óreiða er, sem hv. þm. A.-Húnv. talaði um.

Útistandandi skuldir bifreiðaeinkasölu ríkisins voru í árslok 1937 176 þús. kr. Bifreiðaeinkasalan selur bifreiðar með afborgunum, þannig, að venjulega er borgaður út helmingur verðsins, en hitt síðan greitt með afborgunum á 12 mánuðum, en kaupendurnir teljast eigendur bifreiðanna, er þeir hafa tekið við þeim. Það er sama og með viðtækin; mörgum verður ókleift að kaupa bifreið, ef þeir fá ekki gjaldfrest.

Hjólbarðar eru einnig seldir með afborgunum, og er þá verðið nokkru hærra en þegar selt er gegn staðgreiðslu. Vegna þessara lánsviðskipta á bifreiðaeinkasalan eðlilega nokkrar útistandandi skuldir, en reynslan hefir sýnt, að hún tapar yfirleitt ekki á þessum lánsviðskiptum, þar sem hún reiknar verðið dálítið hærra þegar lánað er, og gengur það til að mæta töpunum.

Einnig eru nokkrar vörubirgðir á útsölustöðum einkasölunnar, og eru þær reiknaðar sem útistandandi skuldir hjá umboðsmönnunum. Sé ég ekki ástæðu til að sundurliða þessar útistandandi skuldir nánar.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg hefir gefið skýrslu um sín viðskipti, og er hún á þann hátt, að ýmsar opinberar eða hálfopinberar stofnanir, eins og t. d. Landsbókasafnið, Búnaðarfélagið og fræðslumálastjórnin reka talsverða bókaútgáfu án þess að hafa með höndum nægilegt fé, og lánar prentsmiðjan þeim prentunina, eða þar með rekstrarfé. T. d. má heimfæra undir þessar skuldir í árslok 1937 um 26 þús. kr. Þar af skuldaði stórstúkan um 15 þús. og ógreitt var fyrir lagasafn um 5350 kr. Þá hafði prentsmiðjan starfað í átta ár, en samt ekki verið felldar niður á þeim tíma nema smáar skuldarupphæðir.

Landssmiðjan hefir svarað þessum aths. á þann hátt, sem einnig er rétt, að ekki verði komizt hjá, að slíkt fyrirtæki safni útistandandi skuldum, en mikið af skuldum hennar var hjá ríkisfyrirtækjum, sem greiddu rétt eftir áramót. Útistandandi skuldir hennar voru um 70 þús. um áramót 1937, en um áramót 1938 voru þær komnar niður í 47 þús.

Ég ætla, að af því, sem ég hefi tekið fram, sé nokkurnveginn ljóst, að þegar þetta er tekið í stórum dráttum, þá er ekki um mikla óreiðu að ræða, þótt nokkrar útistandandi skuldir séu, en það eru mest upphæðir, sem ekki er hægt að komast hjá að lána, nema reksturinn stöðvist að meira eða minna leyti. Það er svo, ef ekkert á að selja nema gegn staðgreiðslu, þá verður mörgum ókleift að kaupa það, sem nauðsynlegt er.

Ég hefi talið þarna upp fleiri stofnanir en þær, sem heyrðu undir mitt ráðuneyti meðan ég var fjmrh., en ég taldi gott, að þetta kæmi fram í einu lagi, svo að menn geti dæmt um, að þarna væri ekki um að ræða neina djúptæka sviksemi.

Ég held, að hv. þm. A.-Húnv. hefði ekki hagað aths. sínum svona eins og hann gerði, ef honum hefðu verið ljósar allar ástæður; þá hefði hann aðeins gert aths. við það, sem betur mátti fara á annan veg.

Hv. þm. A.-Húnv. segir, að ég hafi tekið illa undir gagnrýni sína við 1. umr. Ég kannast ekki við það, þótt skærist í odda með okkur eftir að hann hafði hagað gagnrýni sinni á þann hátt, að hann gaf tilefni til þess. Hann sagði, að hann hefði flutt hógværa gagnrýni, en hún var ekki hógværari en svo, að hann komst að þeirri niðurstöðu, að reikningsskil ríkisins væru ein botnleysa, sem ekki væri hægt að vinna úr.

Þetta gramdist mér, af því að ég er þessum málum nokkuð kunnugur. Hv. þm. bætti ýmsu fleiru við, sem svo varð til þess að leiða í ljós, að hann hafði færzt meira í fang en hann var maður fyrir.

Ég geri ráð fyrir, að hv. frsm. muni aðallega beina máli sínu að þeim atriðum, sem hv. þm. A.-Húnv. tók fram. En ég vil segja út af því, sem hv. þm. sagði um það, að póstmálunum hefði verið breytt með reglugerð og flutt undir viðskmrn., og að ég hefði verið mjög ánægður með þá breytingu, að hv. þm. mun vita, að ég var mjög óánægður með þetta, en ég skal ekki fara nánar inn á það. Hv. þm. veit líka, að ég er ekki ánægður með hans gagnrýni, því ég tel, að gagnrýni verði að vera hófleg, ef hún á að koma að gagni, og einnig verður hún að vera óhlutdræg.

Þá vil ég benda hv. þm. A.-Húnv. á það, að ef nokkurt samræmi á að vera í framkomu hans og þessum ummælum, er hann telur þetta allt óhafandi, þá á hann að beina aths. sínum til þess ráðh., sem þetta heyrir undir nú, sem er formaður hans eigin flokks, eða ef hann fær því ekki framgengt þannig, þá er það hin rétta afstaða að flytja till. hér á Alþingi til að kippa þessu í lag.

Hv. þm. minntist enn lítillega á reikning ferða-

skrifstofunnar, sem rætt var um við 1. umr., og spurði, hvort ekki hefði þá líka verið rétt að færa á reikninginn allan rekstrarhalla frá því árið 1934. Jú, auðvitað hefði það verið rétt, og ég vil benda hv. þm. á, að þetta er yfirleitt gert. Ef skuldir hjá einhverju fyrirtæki eru meiri en eignir, þá færir fyrirtækið það tap sem rekstrarhalla. Sumir kalla þetta tap skuldir umfram eignir. Hvorttveggja er rétt. Sumir sundurliða það, á hvaða ári rekstrarhallinn hefir orðið. Það er einnig rétt, ef menn vilja vera svo nákvæmir, og það er síður en svo ástæða til að vera að ámæla mönnum fyrir það, þótt þeir gangi þannig frá efnahagsreikningum sínum, að það komi nákvæmlega fram, hve mikið tap hefir orðið á hverju ári. Ég tel það einmitt mjög æskilegt.

Ég vil svo að endingu benda hv. þm. A.-Húnv. á, að með þeirri miklu gagnrýni, sem hann hefir flutt hér, hefir hann bundið sér töluverðan bagga um framkomu sína í framtíðinni, ef hann á í öllu framferði sínu að geta haldið þeirri línu, sem hann nú hefir gengið inn á. Sérstaklega hefir hann þar bundið framkomu sína í fjvn., a. m. k. mun ég taka eftir því, hvort hann heldur þeirri línu. Hann verður, samkv. álösunum sínum til forstöðumanna ríkisstofnana um, að þeir hafi farið fram úr fjárlögunum, að gera sér allt far um að áætla þeim í fjvn. réttar upphæðir til að starfa með. Mun ég taka eftir, hvernig hv. þm. leysir þetta starf af hendi, hvort það verður í samræmi við framkomu hans fram að þessu.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Herra forseti! Ég hefi raunar engu að svara hv. þm. A.-Húnv. fram yfir það, sem hæstv. viðskmrh. hefir gert nú þegar. Megnið af því, sem hv. þm. varði 1½ klst. af tíma þingsins til að segja, var ekki nema upptugga á því, sem hann sagði við 1. umr., og inn á milli kveinstafir yfir því, hve hv. samþm. hans væru bölvaðir að fara svona með hans ágætu siðabótarstarfsemi, sem hann hefði hafið hér í hv. d.

Ýmsir menn hafa sjálfsagt veitt því eftirtekt, að það hefir verið talsverður taugaóstyrkur á hv. þm. A.-Húnv. undanfarna daga. Menn geta sér til, af hverju þetta muni stafa, og hann hefir lýst sínum förum ekki sléttum síðan þingið hófst. Hefir hann aðallega talið upp raunir sínar og ofsóknirnar, sem hann hafi orðið fyrir, í þremur liðum. Í fyrsta lagi hefði verið höfðað á sig meiðyrðamál, í öðru lagi væri sú einstaka meðferð, sem hæstv. viðskmrh. hefði veitt sér við 1. umr., og svo sé mér svo sem trúandi til þess að fara að ráðast á sig líka, jafnstilltan og vandaðan mann. Það er ekki að undra, þótt hann geti varla á þessar raunir minnzt án þess að verða grátklökkur. Ég vil benda hv. þm. á, hvort það muni alveg ástæðulaust, að þetta þrennt hendir hann á svo skömmum tíma. Vissulega er það oftast svo, þegar eitthvað er mönnum andstætt, þá er það ekki alveg annara sök, og svo er sagt, að sá valdi miklu, sem upphafinu veldur. Og sá, sem tekur sér dómsvald yfir fjölda manna og útdeilir kinnhestum til hægri og vinstri, skal bæði gæta þess, að þar sé í nokkurt réttlæti og að hann standi þá sjálfur fyrir með hreinan skjöld. Þeim manni þýðir ekki að standa frammi fyrir þeim, sem hann hefir veitt höggin, og kvarta og kveina, ef hann hefir gerzt sekur sjálfur um samskonar framferði og þeir. Þessar hrakfarir stafa allar af því, hvernig þm. hefir rækt starf sitt, eins og þáltill. okkar meiri hl. fjhn. bendir á í fáum dráttum, og hversu vel honum hæfir að bera fram sínar ádeilur. Mun ég koma að því síðar, því það voru fáein atriði í ræðu hans, sem þarfnast skýringa.

Svo bráðlátur er hv. þm. vegna framkominnar þáltill., að hann getur ekki beðið með að ræða hana þar til hún er komin á dagskrá. Þótt hún komi ekkert við afgreiðslu ríkisreikningsins, ætlar hann nú þegar að reyna að hrekja þáltill. okkar meiri hl. fjhn. Og hvað er það, sem hann ætlar aðallega að hrekja? Jú, það er þessi fjárans prósentureikningur, sem verið er að þvælast með. Það er hann, sem hv. þm. hefir aðallega minnzt á, en hann hefir ekki borið á móti, að dæmin um hlutdrægni hans séu rétt. Hvort réttara er í því máli, verður enginn dómur lagður á annar en dómur almennings, og skil ég vel, að hv. þm. fagni ekki þeim dómi, því að ég er ekki í vafa um, hver áfelldur verður. Er þess sannarlega ekki að vænta, að dómurinn verði hv. þm. í vil.

Ég skal ekki fara út í að ræða um þær einstöku ríkisstofnanir, sem hæstv. viðskmrh. minntist á og sýndi greinilega fram á, á hve mikluni rökum eru reistar aðfinnslurnar við þær. En ég get ekki stillt mig um að minnast á eitt, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að væri mest varhugavert við þetta allt og við rekstur ríkisstofnananna, sem sé að laun fyrir aukastörf hjá fólki væru eins há og föstu launin. Ég hygg, að þetta sé orðum aukið, en ég hygg, að laun fyrir aukastörf þessa hv. þm. séu orðin hærri en föstu launin, og vitað er, að hv. þm. hefir tekið þau laun í algeru leyfisleysi. Ef hv. þm. A.-Húnv. getur bent mér á, hvar heimild sé fyrir þessum launagreiðslum, þá vil ég biðja hann um að gera það. Og ef hv. þm. A.-Húnv. lætur sér sæma að taka laun á alþjóðarkostnað, enda þótt hvergi standi nokkur stafur fyrir því, þá situr ekki á þessum hv. þm. að væna aðra menn um það, að þeir taki laun, sem full heimild er fyrir.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að ég hefði kvartað yfir, að aths. hans við ríkisreikninginn hefðu verið of fáar. Hvar stendur það, og hvenær hefir það verið sagt? En hitt er aftur sönnu nær, að bezt hefði verið fyrir hv. þm., að hann hefði engar aths. gert. Því að það er mín sannfæring, að þessar aths. hans muni verða honum til háðungar. Þessum orðum minum til staðfestingar vil ég geta þess, að hv. þm. A.-Húnv. virðist alls ekki kunna skil á samanburðar- og prósentureikningi. Við skulum taka svo einfalt dæmi, að hv. þm. A.-Húnv. stjórnaði 10 búum í Húnaþingi, en ég stjórnaði 1 búi, að tekjuhallinn hjá mér yrði 1000 kr. Teldi hv. þm. það jafnvirði, ef hann hefði þurft einnig að bæta upp sinn tekjuhalla af 10 búum með 1000 kr.? Myndi hann telja það rétt að taka eingöngu fram upphæð tekjuhallans án tillits til þess, hve mikið hvor aðila fyrir sig hefði umleikis? Og er það ekki einber barnaskapur að bera fyrirtæki með milljónaveltu

og tekjuhalla upp á nokkrar þúsundir saman við miklu minni fyrirtæki? En þetta er þó sú aðferð, sem notuð er, þegar bornir eru saman tveir liðir í ríkisreikningnum, þar sem er talin umframgreiðsla til yfirskattanefndar, skattstofu Reykjavíkur og fyrir skattvirðingar. Umframgreiðslan við þennan lið er kr. 14 907.07. Umframgreiðslan til ríkisskattanefndar er kr. 8 240.00. Hér eru umframgreiðslurnar bornar saman, í stað þess að bera saman umframgreiðsluna við hina upphaflegu fjárveitingu. Manni myndi geta dottið í hug, að ef hv. þm. A.-Húnv. fengi því ráðið, tæki hann eingöngu til greina þá liði, þar sem upphæðin er stærst. En þó talar hv. þm. A.-Húnv. ekki um það og gerir ekki aths. við það, þótt vegamálastjórnin hafi farið 37% fram úr áætlun, og er slík hækkun þó ekki lítil í samanburði við þau 3—4%, sem eytt var umfram vegna kostnaðar við ráðstafanir gegn fjárpestinni. Í svari vegamálastjóra er gerð nokkur grein fyrir hinum aukna kostnaði, þar sem verkfræðingi einum eru greiddar 2 000 kr. sumpart sem verkalaun og sumpart sem styrkur fyrir að fara ekki utan. Hvort myndi hv. þm. A.-Húnv. ekki hafa breitt sig út yfir þetta, ef þessi útgjaldaliður hefði staðið annarstaðar en hann gerir? En ef farið er að borga starfsmönnum ríkisins fyrir að sigla ekki, þá held ég að megi fyrirgefa margar aðrar umframgreiðslur á ríkisreikningnum. Raunar gætir hv. þm. A.-Húnv. þess vandlega að minnast ekki á þetta atriði. Er þetta af einskærri sannleiksást og vandvirkni, að hv. þm. A.-Húnv. lætur þessa að engu getið og lætur ekki jafnt yfir alla ganga?

Hv. þm. A.-Húnv. hefir í aths. sínum við ríkisreikninginn sérstaklega veitzt að menntaskólanum í Rvík og stjórn hans fyrir umframgreiðslur við skólahaldið. Ef hann hefði reynt að líta sanngjörnum augum á málið, þá hefði hann auðvitað átt að taka til samanburðar gjöld annara ríkisskóla. Hlutfallslega er menntaskólinn lægstur hvað umframgreiðslur snertir, en þó dettur hv. þm. A.-Húnv. ekki í hug að gera neinar aths. við hina skólana. Umframgreiðslur menntask. í Rvík námu aðeins 7%, en í Akureyrarskóla 14 %, í kennaraskólanum 32 % og stýrimannask. 23 %. Hér fer sem oftar, að hv. þm. A.-Húnv. vitir þann, er sízt skyldi. Þetta stafar annaðhvort af því, að hv. þm. A.-Húnv. ber ekki skyn á prósentureikning og hlutfallsreikning, eða þá af hreinni og beinni hlutdrægni. Þessi hlutdrægni kemur fram í því, að hann átelur harðlega það, sem miður fer eða honum finnst ámælisvert hjá pólitískum andstæðingum sínum, en lokar augunum fyrir því, sem hægt er að gagnrýna hjá þeim stofnunum, þar sem pólitiskir félagsbræður hans sitja fyrir. Ég geng þess ekki dulinn, hvaða tilhneigingar eru hér að baki. En þegar hv. þm. A.-Húnv. segir í sambandi við þetta mál, að hér hafi verið kallað fram vopn, sem verið hafi í slíðrum um stund, en ekki verði slíðrað hér eftir, þá eru það aðeins borginmannleg hreystiyrði. Ef hv. þm. A.-Húnv. er hér með dulbúnar ógnanir, þá er bezt, að hann og flokksmenn hans komi fram með þær hreinlega. Hitt er ekki hafandi, að menn, sem hafa starfað saman og gert með sér samkomulag, séu um leið með rýtinginn að baki sér, álíti sig „stikfrí“ og geri yfirboð eins og sumir flokksmenn hv. þm. A.-Húnv., eða beita vinnubrögðum hans og óþverralegum vopnum. Við í Framsfl. erum ekki hræddir við að eiga í vopnaviðskiptum á opinberum vettvangi. Það er miklu betra en að beita ódrengilegum aðferðum, sem alls ekki eru sæmandi mönnum, er hafa ábyrgðartilfinningu og bera velferð þjóðarinnar fyrir brjósti sér. Hv. þm. A.-Húnv. má því gjarnan draga sverðið úr slíðrum. Hann hefir dregið athygli manna að því, hve hollir sumir eru í samstarfinu og vinna eftir sem áður í skotgröfunum. Þessir menn ættu ekki að kvarta yfir vopnaviðskiptunum, því að þeir eiga sjálfir upptökin. Hv. þm. A.-Húnv. sagðist eiga bágt með að trúa því, að aðrir en ég fyndu að störfum hans. En það er ekki von til þess að honum verði að þeirri trú sinni. Allir flokksmenn hans viðurkenna og tala um það, hve frámunalega heimskulegar og flaustурslegar aths. hv. þm. eru. Hann finnur almenningsdóm og fyrirlitningu fyrir frumhlaup sitt. Og það er ekki okkur að kenna, að svo verður, heldur hefir hann með skrifum sínum selt sig sjálfur undir sökina.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Nd., 8. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

***Sigurður Kristjánsson:** Ég lýsti því yfir í upphafi þessarar umr., að ég myndi fresta mínum aths. við ríkisreikninginn að miklu leyti þangað til rætt yrði um till. til þál., sem ég og hv. 3. landsk. höfum borið fram á þskj. 357. Ég mun nú standa við þetta, enda hefir ekkert sérstakt tilefni verið gefið til þess að fara inn á efni þeirrar till., nema lítils háttar ummæli hæstv. viðskmrh. um eitt atriði í þessari till.

Ég vil þó áður en ég geri aths. við ummæli hæstv. ráðh. um þetta efni minnast á þau atriði, sem orðið hafa að deiluefni í þessari umr. og sérstaklega hafa snúizt að yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins, og þá einkum einum sérstökum manni. Það er mjög einkennilegt, að gegn aths. um ríkisreikninginn hefir öllum skeytum verið snúið til hans eins út af þeim aths., sem allir yfirskoðunarmennirnir standa að. Ég held, að Alþ. megi ekki gleyma því, að þessir menn eru trúnaðarmenn þingsins, og það er illa viðeigandi að rísa upp með jafnmiklu ofstæki eins og gert hefir verið gegn því, að þessir menn finni að því, hvernig fjárreiður ríkissjóðs eru.

Einn hv. þm. komst svo að orði í gær um einn yfirskoðunarmanninn, að hann hefði lærzt með rýtinginn að baki mönnum og hann hefði vegið með ógeðslegum vopnum og þetta væri mjög í samræmi við bardagaaðferðir hans flokks, en það var Sjálfstfl., sem hv. þm. átti við. Nú ætla ég ekki að fara að deila um svona flónsku. Ég vil miklu fremur skoða það sem sjúkdóm, að koma svona fram. Þessi heiftúð, sem gagnsýrir mál svona manna, er nokkurskonar sjúkdómur.

Mér er kunnugt um, að sá hv. þm., sem sagði þetta, er prýðilegur maður á margan máta, þegar við hann er að eiga utan þings. En þetta er

ósæmilegt orðbragð um trúnaðarmann þingsins, sem ekki hefir annað gert en að gera sína skyldu.

Út af þessu vildi ég segja það, að það á að kveða það niður, að að þessum mönnum, sem eru trúnaðarmenn ríkisins til þess að rannsaka fjárstjórn ríkisins, safnist menn með ofstæki og frekju og reyni að kveða það niður, að nokkur gagnrýni eigi sér stað. Það er ákaflega óheilbrigt. Það geta verið skiptar skoðanir um einstök atriði. En það má skiljast, að þegar láta þarf auknar fjárveitingar fyrir hátt á 4. millj. af fé ríkisins, þá er það ekkert undarlegt á þeim tímum, sem ríkir ákaflega mikil sparnaðarstefna, eins og mér skilst, að eigi að ríkja hjá hv. Alþ., að yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins hafi eitthvað að athuga við svona miklar umframgreiðslur. Þar með er ekki verið að segja, að neitt ósæmilegt sé við þessa eyðslu. Það er ekki í samræmi við þann sparnaðaranda, sem þm. allra flokka virðast vilja, að sé ríkjandi.

Ég mun leggja áherzlu á, og það mun verða hart á því tekið af mér, og ég vænti þess, að það verði líka af fleirum minna flokksmanna, ef gikkslega á að setjast að þeim manni, sem við sjálfstæðismenn völdum til þess að athuga ríkisreikningana. Slíkt er ekki hægt að skoða öðruvísi en svo, að með ofstopa og harðneskju eigi að berja niður alla gagnrýni.

Nú vil ég fúslega lýsa því yfir, að meðferð á ríkisfé hefir mikið breytzt til batnaðar frá fyrri árum, enda ekki verið sparað að gera samanburð við fyrri ár. Það eitt er þó ekki nóg. Það verður að gæta þess í hvívetna, að fjárl. sé fylgt sem stranglegast. Ég vil geta þess, að ég man þegar hæstv. viðskmrh. var fjmrh., þá réttlætti hann sífellt hækkandi fjárl. með því, að hann væri búinn að færa fjárlfrv. það, sem frá honum kom, í það horf, að það ætti að vera sem nákvæmast það, sem tekjur og gjöld ríkisins yrðu. Þess vegna er það ekkert einkennilegt, þó yfirskoðunarmennirnir geri aths. og fyrirspurnir um það, hvort ekki sé hægt að draga úr ýmiskonar eyðslu, þegar hún fer svona mjög fram úr því, sem fjárl. gera ráð fyrir.

Ég býst nú við, að sá yfirskoðunarmaður, sem sérstaklega hefir verið beint skeytum að, muni gera sínar aths. við þær ræður, sem fluttar hafa verið, og skal ég því ekki fara út í einstök atriði. En ég vildi segja, að það er alveg fjarstæða að ætla sér að berja niður hóflega og skynsamlega gagnrýni á meðferð ríkisfjár. Það er einmitt það, sem yfirskoðunarmennirnir eru skipaðir til, að þeir eiga að segja þinginu til og vera varðmenn þingsins um það, hvernig fé ríkisins sé varið. Ég tel það ósæmilegt, ef á með ofstopa að berja þá niður fyrir að rækja sinn trúnað.

Undir ræðu hv. 1. þm. Rang. gat ég ekki varizt þeirri hugsun, að enn væri að flækjast í huga sumra manna sú mikla villa, sem virðist hafa komizt inn hjá fyrrv. samstarfsflokkum í ríkisstj., að ríkissjóðurinn kæmi í raun og veru ekkert við minni hl. Þeir litu á hann sem flokkssjóð og töldu það slettirekuskap, ef minnihl.-flokkur var að gera aths. Ég vil nú segja hv. þm., að þetta er orðið mjög breytt. Ég held, að meiri hl. Framsfl. líti nú á þetta öðruvísi, en þetta stafar kannske af því, að hann er ungur í þeim flokki, að hann gengur enn með þá villu, að það sé verið að sletta sér fram í flokksmál, þegar gerðar eru aths. við ríkisreikninginn.

Það var eitt atriði í umr., sem fram fóru í gær, sem sneri sérstaklega að mér og meðflm. mínum að till. á þskj. 357, og þetta atriði var, að hæstv. viðskmrh. sagði út af aths. um útistandandi skuldir ríkisstofnana, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna og flm. till. vissu ekkert, um hvað þeir væru að gera aths. (**Viðskmrh.**: Ég sagði, að þeir mundu sennilega ekki vita, um hvað þeir væru að gera aths.). Það er dálítið einkennilegt, að ráðh. skuli tala í svona tón. Viðkunnanlegra væri, að úr þessu sæti kæmu gætilegri og virðulegri ummæli.

Hvað er nú það, sem við höfum gert? Við höfum tekið aths. frá öllum yfirskoðunarmönnum ríkisreikningsins, þar á meðal flokksmanni hæstv. ráðh. Hvað hafa þeir svo gert? Þeir hafa birt skrá yfir útistandandi skuldir ríkisstofnana, sem eru á 3. millj. kr. Þá hafa þeir spurzt fyrir um, hvernig á þessu standi, og látið í ljós, að þeir vilji, að gætt sé varfærni í útlánum, og í till. þeirra til þingsins er ekki fastar að orði kveðið en að þetta sé til athugunar framvegis.

Hvað höfum við svo gert, þessir tveir syndaselir, frá sjónarmiði hæstv. ráðh.? Við höfum óskað eftir, að þingið gerði ályktun um þetta á þá leið, að skorað væri á ríkisstj. að láta gæta fyllstu varfærni í útlánum ríkisstofnana og gæta þess sérstaklega, að áfengisverzlun ríkisins veiti ekki öðrum en útsölumönnum langa gjaldfresti. Það er þessi till., svo ofstopafull sem hún er, sem hæstv. viðskmrh. finnst gefa sér tilefni til að segja, að það líti út fyrir, að við vitum ekkert, um hvað við séum að tala. Þó ekki sé nú lengra farið en í skuldaskrá þá, sem yfirskoðunarmennirnir hafa allir birt, þá sést, að útistandandi skuldir ríkisstofnananna eru á 3. millj. kr.

Nú er það vitað, að margir þm., og þar á meðal sérstaklega þm. Sjálfstfl., hafa verið á móti því, að ríkið færi að reka verzlun í stórum stíl. Við höfum dæmið fyrir okkur frá gömlu landsverzlunartímunum, að ríkið lenti í því að tapa millj. kr. á verzlunarbraski, og það hefir orðið að leggja neyzluskatta á þjóðina til þess að vinna upp þessi töp. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó margir þm. vilji gjalda varhuga við, að ríkið fari út á sömu braut, að reka verzlun í stórum stíl, og þá sérstaklega lánsverzlun. Mönnum finnst líka, að mikil útlán í sambandi við sölu áfengis séu sérstaklega óviðeigandi.

Við höfum nú ekki gengið lengra en það, að skora á ríkisstj. að gæta fyllstu varfærni í útlánum og sérstaklega, að ekki séu veittir langir gjaldfrestir hjá áfengisverzluninni, nema útsölumönnum. Mig undrar, að hæstv. viðskmrh. skuli telja þetta tilefni til þess að fara þeim orðum um yfirskoðunarmennina og okkur, sem flytjum þessa till., að það líti út fyrir, að við vitum ekkert, um hvað við séum að tala.

Mér er það alveg ljóst, að fyrst þetta verzl-

unarfyrirkomulag á sér stað, þá er ekki hægt að komast hjá því að hafa útistandandi skuldir, og þá sérstaklega hjá þeim verzlunum, þar sem heimilt er að lána vörur gegn afborgun. Við höfum ekki heldur verið að fetta fingur út í það. En það er vitað með áfengi og slíka hluti, að þar er hægt að láta hönd selja hendi og hafa ekki lengri lánsfresti en mánaðarreikninga, eins og þykir nægilega langt gengið hjá kaupsýslumönnum, sem reyna að hæna að sér viðskiptamennina með því að veita þeim sem vægust kjör. Ég skil ekki, að þessi leit eftir viðskiptamönnum þurfi að eiga sér stað hjá einkasölunum, þar sem ekki er við neina að keppa um viðskiptamennina. Ég vil sérstaklega leggja áherzlu á með áfengisverzlunina, að þar er engin þörf að láta reka útlánastarfsemi nema til útsölumanna. Það er vitanlegt, að landsfólkið hefir heldur andúð á því, að verið sé að leita ginningarráða til þess að koma þessari vöru út, og það er ekkert óheilbrigt, þó farið sé dálítið eftir því.

Það var fundið að því hjá okkur flm. þessarar till. — það kom að vísu ekki glöggt fram, hvort það var hjá yfirskoðunarmönnum eða okkur flm. till. —, að við hefðum ekki nafngreint þá menn, sem þarna skulduðu, og við værum að leika þarna feluleik. Í aths., sem við fórum eftir, eru þessir menn ekki nafngreindir. Það stendur þar, að útistandandi skuldir áfengisverzlunarinnar séu þessar:

1 skuldar	kr.	93 052.57
1 skuldar	—	5 535.04
11 skulda	—	23 188.73
47 skulda	—	10 554.60
	Þetta er samtals kr.	132 330.94

Við höfðum ekki annað að halda okkur við en þetta. Við ætluðum ekki að miða aths. okkar við neinar persónur. Þess vegna eru ásakanir til okkar um, að við höfum verið að fara í einhvern feluleik, algerlega rangar.

Ég ætla svo ekki að segja meira á þessu stigi málsins, en vænti þess, að hæstv. forseti sjái svo um, að þáltill. frá mér og hv. 3. landsk., og eins till. frá meiri hl. fjhn., verði teknar til umr., og ég vænti þess, að þeim verði ætlaður sæmilega rúmur og virðulegur tími, en ekki settar á næturumræðu, þegar flestir eru gengnir til svefns. Ég mun því láta máli mínu lokið og geyma mér frekari aths. þangað til þær verða teknar til umr.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Til þess að það sé ekki að þvælast fyrir í umr., vil ég svara hv. 6. þm. Reykv. Hann sagði, að ég hefði borið það upp á tvo af þm. Sjálfstfl., sem borið hafa fram till. til þál. út af samþykkt þessa landsreiknings, að till. þeirra bæri með sér, að þeir hafi ekki vitað, um hvað aths. endurskoðunarmanna landsreikningsins voru. Þetta var ekki nákvæmlega rétt með farið. Ég upplýsti það, að ef þeir hefðu verið búnir að athuga málið til hlítar, mundu þeir ekki hafa farið þeim orðum, sem þeir viðhafa, um útistandandi skuldir áfengisverzlunarinnar. Flest eru það skuldir lækna og lyfjabúða, og þá eingöngu fyrir lyf; þær eru orðnar margfalt minni nú en fyrir 10 árum, eða 1927. Á því byggði ég ummæli mín. Ég gizkaði á það þá, og ég veit það nú, að orð þeirra stöfuðu af vanþekkingu. Hv. þm. talar um, hvort ekki nægði, að áfengisverzlunin lánaði í mánaðarreikninga. En það er engum lánað áfengi, hvorki í mánaðarreikning né lengur. Það var tekið fyrir það, ég man ekki fyrir hvað löngu. Hv. þm. hefir bara séð, að til voru útistandandi skuldir, og álitið, að það væri fyrir vinanda. Ég vona, að mér fyrirgefist, þó að ég áliti þetta gert að lítt athuguðu, en ekki yfirlögðu ráði hjá þeim.

Hv. 6. þm. Reykv. vill hafa óskilið milli sín og endurskoðenda landsreikninganna. Það er ekki hægt. Í stað kurteislegra aths. og grg. endurskoðenda viðhafa flm. þáltill. órökstudd svigurmæli, sem verður að skilja svo sem frekasta óreiða hafi átt sér stað hjá ríkisstofnununum. Þeir segja: „— lánsverzlunin innanlands er annað vandræðamálið. Er ríkisstjórninni í sjálfsvald sett að varast þau víti“, — eins og þau „víti“ séu alltaf að gerast. Síðan þessi ádeila var spunnin upp í blöðum, hefir verið spurt stöðugt í áfengisverzluninni, hvort það væri virkilega svo, að áfengi sé lánað til Péturs og Páls.

Hv. þm. (SK) segir, að það sé ekki rétt að rísa upp með ofstæki gegn endurskoðunarmönnum landsreikninganna. Ég vil segja það sem mína skoðun og hefi oft sagt það, að einmitt skynsamleg gagnrýni hér á Alþingi getur verið hin bezta stoð fyrir fjmrh., m. a. til að halda í skefjum þeim stofnunum, sem fá fé sitt úr ríkissjóði. Endurskoðendur verða hinsvegar að þola gagnrýni eins og aðrir menn fyrir sín verk. Ég vísa því algerlega á bug, að ég hafi gefið tilefni til þessara orða hv. þm.

***Jörundur Brynjólfsson:** Hv. 6. þm. Reykv. vék að því seinast í sinni ræðu, að hann mundi geyma sér frekari umr., þangað til þáltill., sem snerta landsreikninginn, kæmu til umr. hér í deildinni, og lét þess getið, að ég hefði haft orð á, að mér þætti eðlilegt, að umr. um landsreikninginn yfirleitt færu þá fram. Þetta er rétt hermt. En ef umr. í dag snúast svo mjög í almenna átt um landsreikninginn sem horfur eru á, — og finn ég ekki að því —, þá skilst mér, að þar með geti þeim umr. að mestu leyti verið lokið, menn hafi hvorki gagn eða gaman af að endurtaka þær í sambandi við þáltill. Annars skilst mér samkomulag um það, að þennan landsreikning megi samþ. nú, hvað sem þáltill. líður.

Ég get ekki látið umr. framhjá mér fara að því er snertir endurskoðun landsreikninganna. Ég mun ekki fara út í annað en máli skiptir. Fyrst er það, að samstarf okkar endurskoðenda var mjög gott. Það get ég ekki síður borið hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) en hann bar okkur Sigurjóni Á. Ólafssyni, 2. landsk. þm. Hann sagði, að það væri eðlilegt, að við hefðum ekki gert eins margar aths. og hann, því að við hefðum verið bundnir af fylgi okkar við þá stjórn, sem sat að völdum 1937, og haft ólíka aðstöðu eða hann sem stjórnarandstæðingur. En þetta er misskilningur. Það á vitanlega ekki að skipta máli fyrir endurskoðendur, hvort þeir eru í stjórnarand-

stöðu eða fylgjandi stjórninni. Þeir eiga að athuga, hvort ríkisreikningurinn er réttur og færður á réttan hátt. Tímafrekust er athugunin á greiðslum, sem fram hafa farið, og gagnrýni á því, hvort þær hafi verið réttmætar samkv. lögum. Eftir mínum kunnugleika, sem nær yfir 10—20 ár, hafa þetta stöðugt verið aðalatriði endurskoðunarinnar, og á þeim grundvelli hefir starfið farið fram, einnig að þessu sinni.

Hitt er annað mál, að menn kunna, án þess að bundið sé við afstöðu þeirra til stj., að líta misjöfnum augum á ýmsar greiðslur, hve mikla stoð þær eigi í fyrirmælum Alþingis. Við höfum sameiginlega gert allmargar aths., eins og hv. þm. hafa séð, og fengið svör við þeim. Af till. okkar í tilefni af þeim svörum eru aðeins tvær, sem við SÁÓ höfum vísað til aðgerða Alþingis. Við teljum, að á öðru þessara atriða séu nú ákveðnar þær umbætur, sem duga muni til að girða fyrir misnotkun, og álítum það fullnægjandi svo langt sem það nær, því að sem yfirskoðunarmenn getum við ekki krafizt meira en loforðanna. Seinni tíminn verður svo að leiða í ljós, hvort þau verða haldin. Mér skilst það þýði ekki að gera fyrirspurnir og fá svör, ef maður leggur svo ekkert upp úr svörunum eða örvæntir um, að ríkisstj. hafi myndugleika til að halda þessu í réttu horfi.

Um hitt atriðið, sem við vísuðum til aðgerða þingsins, hefir nokkuð sýnzt sitt hverjum, og meiri hl. fjhn. lítur það öðrum augum en við yfirskoðunarmenn, en það er rekstur ríkisbúanna og hallinn á þeim. Við reyndum að setja okkur inn í ástæður þess. Tilkostnaður reynist meiri þar en annarstaðar, og valda því einkum launagreiðslur. Þær eru að vísu ekki hærri en laun, sem hið opinbera greiðir starfsmönnum sínum. En þær eru hærri en gerist við samskonar vinnu við landbúnaðarframleiðslu. Ég vil ekki segja, að opinberu störfin séu neitt virðulegri. En það hefir tíðkazt annar greiðslumáti fyrir þau hvarvetna á landinu. Í sjálfu sér væri ekkert við það að athuga, ef Alþingi kæmist að þeirri niðurstöðu, að tekjur manna við landbúnað á Íslandi ættu að vera jafnar og tekjur manna í opinberum stöðum. En það má ekki taka fáein ríkisbú út úr og greiða þar, og einungis þár, þau laun, sem skapa algert ósamræmi innan starfsgreinarinnar. Það er hvorki eðlilegt né ráðlegt. Ég álít, að fólk, sem þarna vinnur, verði að sætta sig við sömu kjör og aðrir, sem að landbúnaði vinna, og vænti ég þó, að Alþingi telji þá atvinnugrein fullkomlega nytsamlega.

Við gátum ekki verið allir saman, endurskoðendur, þegar við afgreiddum að síðustu aths. okkar til ríkisstj. Það gat ráðið nokkru um það, að við gátum ekki orðið sammála um allar aths., og er mikið af þeim ágreiningi aukaatriði. Ég ætlaði ekki að tala í neinum ádeilutón eða blanda mér inn í deiluatriði. Þegar við gerðum okkar sameiginlegu aths., lét Jón Pálmason þess getið, að hann vildi gera ýmsar fyllri aths., án þess að orða þær nánar. Við hinir lásum þær svo síðar ásamt svörum stjórnarráðsins, og ég get sagt, að þær hefðu ekki breytt neinum höfuðatriðum hjá okkur, þó að við hefðum séð þær fyrr. Ætla má, að hann hafi þó stungið þar niður, sem honum þótti mest við þurfa. Hann hefir sitthvað að athuga við starfrækslu í stjórnarráðinu, og eru þar í fyrsta lagi utanfarir nokkurra fulltrúa á ýmiskonar mót. Hv. þm. verða sjálfir að gera sér grein fyrir því, hvort þetta skiptir máli fyrir afkomu ríkissjóðs og hverja þýðingu þessar utanfarir geta haft. Ef niðurskurður á sliku á að ganga yfir alla línuna, þá fer ekki að verða eftirsóknarvert fyrir þá, sem ráða yfir góðum hæfileikum, að vinna opinber störf, — ef þeir eiga að fá í uppbót á launin að vera hálfbrennimerktir. Þó að fyrir Jóni Pálmasyni hafi e. t. v. ekki vakað neitt slíkt með þeim nafnalista, sem hann hefir útbúið í hendur öðrum til áróðurs, veit hann ekki nema það o. fl., sem hann hefir birt, verði misnotað. Það á að vera regla að finna að greiðslum, en ekki mönnum, — ganga ekki inn á persónulega sviðið. Það er hægt að ná sama marki án þess. Þessar utanfarir hafa nú tíðkazt lengi, og menn hafa verið styrktir til þess að koma fram sem fulltrúar, einkum þar sem menn af öllum Norðurlöndum hafa komið saman. Ég held, að yfirleitt hafi heldur þótt verða gagn að því og sómi að þátttöku í slíkum mótum. En fæstir, sem farið hafa, eru það vel fjáðir, að þeir gætu það styrklaust.

Óvissar greiðslur, sem Jón Pálmason gerir aths. við, held ég, að hann hafi séð, að voru yfirleitt óhjákvæmilegar, og orðið þar sammála okkur SÁÓ. Þar sem vafi kynni að leika á, eru það greiðslur, sem ekki geta á nokkurn hátt skipt verulegu máli.

En í sambandi við þennan máta á þessum aths., sem ég ætla svo ekki að fara fleiri orðum um, vil ég geta þess, að þegar gengið er inn á þetta persónulega svið, sem ég býst við, að hafi verið af óvilja hjá hv. þm. A.-Húnv., þá kemur margt til greina, og verður það þá álitamál, hverju eigi að sleppa og hvað eigi að taka. Ég hygg, að menn myndu þá komast út í hreina ófæru, ef ætti að fara að greina það, hvaða greiðslur menn fá fyrir öll mál. Það myndi verða sæmilegt registur, ef út í það væri farið.

Það hefir frá fyrstu tíð verið þannig, að ríkið hefir orðið að kveðja til ýmissa starfa ýmsa menn umfram það, sem launalögin tilskilja, og þegar farið er að birta einhver nöfn af handahófi, þá býður það því heim, að heil syrpa komi á eftir.

Ég tala nú ekki um að prenta fskj. með ríkisreikningnum, sem engin ástæða virðist vera til að prenta, önnur en sú, að þar er öðruvísi orðað bréf til hins opinbera en venja er til. Sama má segja um nokkur önnur skjöl, sem drepið hefir verið á, því það er alveg óhugsandi, ef tekin yrði upp sú regla að birta öll nöfn og fskj., annað en þetta yrðu mörg bindi, ef allt væri dregið fram. Ég hygg þá, þó að þingið vildi gjarnan fylgjast sem bezt með, að þá þætti nóg á borð borið, og menn myndu telja sig hafa litinn tíma til þess að kynna sér það allt og setja sig inn í það.

Þetta yfirskoðunarstarf hlýtur að verða á þann veg, að dregin séu fram þau atriði, sem tálin eru mest aðfinnsluverð, og er þeim þá sumpart

beint til ríkisstj., sem með völdin fer, og sumpart til Alþ., ef eitthvað það fer fram í starfrækslu ríkisins, sem betur mætti fara og stendur í valdi þingsins að ráða bót á.

Ég held, að ég blandi mér svo ekki frekar inn í þessar umr. Ég vildi gjarnan, að það kæmi fram, hver venjan hefir verið, eftir því sem ég þekki til og eftir því, sem mér hefir virzt, að yfirskoðun ríkisreikninganna hafi verið frá fyrstu tíð. Þeirri reglu finnst mér að eigi að fylgja, þangað til önnur fyrirmæli eru gefin af hálfu Alþ. um það verk.

Mér dettur ekki í hug að veitast á nokkurn hátt að hv. þm. A.-Húnv., sem ég veit, að hefir viljað rækja sitt starf vel og talið, að með þessum máta væri hægt að upplýsa ýms atriði. Ég er heldur alls ekki að lasta það, sem fram hefir komið. En ég vil aðeins endurtaka það, að ef það á að gerast á þennan hátt, sem þarna er ofurlítið byrjað á, þá býður það heim miklu meira í þessu efni. Ég held, að það sé hægt að ná því, sem vakir fyrir hv. þm. A.-Húnv., en það er full aðgæzla á meðferð á opinberu fé, án þess að fara þessa leið. Engum dettur í hug, að dregin sé fjöður yfir það, ef sérstök dæmi finnast um óhæfilegan fjáraustur. En hinu almenna viðhorfi, þegar um ekkert slíkt er að ræða, hygg ég, að megi ná og sé auðvelt að ná með þeirri venju, sem tíðkazt hefir um endurskoðunarstarfið, heldur en að farið yrði langt á þeirri braut að taka eitthvað meira eða minna persónulegt.

*__Ísleifur Högnason:__ Mér þykja enn sem komið er ekki fullnægjandi þær aths., sem hv. þm. A.-Húnv. hefir komið með. Hann hefir reyndar reynt að gera þessu nokkur skil, en þó kom það fram í ræðu hans, að enn hefir þetta ekki verið krufið nægilega til mergjar.

Ég hjó eftir, að hann sagði, að hjá einni stofnun hefði gjaldkerinn hætt störfum, en launum gjaldkerans hefði þá verið jafnað niður á allt starfsfólkið. Það væri gaman að vita, hvort starfið á þessari skrifstofu hafi aukizt svo, að nauðsynlegt hafi verið að bæta því upp með þessari upphæð.

Enn hjó ég eftir, að hann sagði, að við sumar ríkisstofnanir væri meira eða minna af fólki, sem ekkert hefði að gera og er því í rauninni á framfæri hjá þessum ríkisstofnunum. Hann bætti því við, að hann myndi upplýsa þetta betur, ef hann væri beðinn um það. Ég vildi nú óska eftir, að hann gefi nánari upplýsingar um þetta.

Hann sagði, að hjá fiskimálanefnd hefði hvert hneykslismálið rekið annað í starfrækslu þeirrar stofnunar. Ég tók ekki eftir, hvaða hneykslismál þetta voru, en hann hélt áfram og sagði, að í fiskimálunum hefði hver nefndin starfað ofan á annari, og væri það hinn mesti óleikur fyrir þennan atvinnuveg. Ég vildi nú fá betri greinargerð fyrir þessu.

Um ríkisreikninginn sjálfan er það að segja, að nú munu hafa verið gerðar aths. við hann með mesta móti, en þó hefir það komið fram hjá hv. 1. þm. Árn., að nóg myndi hægt að tína til, ef haldið væri áfram á þeirri braut að opinbera nöfn þeirra manna, sem þegið hafa bitlinga hjá ríkinu. Það er kannske réttara að telja upp nöfn ýmissa þessara manna, því ég veit ekki, hvort þessir reikningar eru í höndum þeirra manna, sem hér eru á pöllunum. Ég álít ekki úr vegi, að almenningur fái að heyra eitthvað úr þessum lista, og ég ætla því, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur nöfn. En menn verða að muna það, að hv. 1. þm. Árn. sagði, að þetta væri aðeins lítið brot af því, sem greitt hefði verið úr ríkissjóði til hinna og þessara.

Kostnaður við undirbúning laga og reglugerða, sem færður er með stjórnarráðskostnaði, sundurliðast þannig:

Til	Gissurs Bergsteinssonar hrm. ..	kr. 2400.00
—	Gústafs A. Jónassonar skrifst.stj.	— 1100.00
—	Jörundar Brynjólfssonar alþm.	— 800.00
—	Sigurjóns Á. Ólafssonar alþm.	— 750.00
—	Jóns Guðmundssonar skrifst.stj.	— 600.00
—	Gunnlaugs Briems fulltrúa	— 600.00
—	Ísleifs Árnasonar prófessors ..	— 400.00
—	Gísla Magnússonar, Eyhildarholti	— 300.00
—	Jóns Hannessonar, Deildartungu	— 150.00
—	Einars Árnasonar alþm.	— 360.00
—	Björns Haraldssonar þingskrif.	— 200.00

Svo er fært á 19. gr.:

Til	Bened. Blöndal vegna húsmæðral.	kr. 1029.50
—	milliþn. um tekjur bæjar- og sveitarfélaga	— 1170.00
—	Jör. Brynjólfssonar alþm., fyrir undirbúning laga	— 1200.00
—	Runólfs Sveinssonar, vegna bændaskólalaga	— 202.00
—	Útgerðarvörunefndar	— 2945.15
—	Árna Björnssonar, vegna líftryggingarlaga	— 1000.00
—	Einvarðs Hallvarðssonar fyrir undirbúning laga	— 400.00
—	kennaramenntunarnefndar	— 1100.00
—	Kristjáns Karlssonar, vegna bændaskólalaga	— 380.00
—	Jóns Gunnarssonar, fyrir till. um byggingar í sveitum	— 600.00
—	Bjarna Ásgeirssonar alþm., vegna reglugerðar	— 350.00
—	Þórðar Eyjólfssonar, endurskoðun alþýðutrygginga	— 1000.00
—	Ingimars Jónssonar, fyrir reglugerð	— 800.00
—	Þormóðar Eyjólfssonar, ferðakostnaður við nefndarstörf ..	— 450.00
—	Jónatans Hallvarðssonar, fyrir lagafrv.	— 300.00
—	Landssambands iðnaðarm. fyrir reglugerð	— 300.00
—	Guðjóns Benediktss. f. reglugerð	— 300.00
—	Guðgeirs Jónssonar f. reglugerð	— 300.00
—	Emils Jónssonar alþm. f. reglug.	— 300.00
—	Einars Gíslasonar fyrir reglugerð	— 300.00
—	Þórðar Eyjólfssonar, fyrir frv. til hegningarlaga	— 900.00
—	Jóns Axels Péturss., f. reglugerð	— 300.00
—	Vinnulöggjafarnefndar	— 4000.00
—	Lögfræðinganefndar	— 2060.00

Þetta er samtals rúmar 29 þús. kr. Ég held, að það sé rétt athugað hjá endurskoðanda, að starfsmenn stjórnarráðsins eða jafnvel þingfl. ættu að taka að sér að semja þessi lög. Mér finnst, að það ætti ekki að greiða sérstaklega úr ríkissjóði fyrir slíkt.

Í 8. aths. eru taldar 2500.00 kr. til Ólafs Friðrikssonar fyrir umsamið verk og 6000.00 kr. til Sigfúsar Johnsen fyrir að gera ekki neitt.

Svona mætti lengi telja. Ferðakostnaður hefir verið greiddur á árinu til margra manna, og vil ég aðeins nefna hæstu upphæðirnar:

Til Agnars Kofoed-Hansen	kr. 2000.00
— Kristjáns Bergssonar	— 1500.00
— Sigurðar Gðmundssonar	— 1200.00
— Jóns Ófeigssonar	— 3850.00
— Árna Friðrikssonar	— 3145.00
— Sveinbjörns Högnasonar	— 2500.00
— Sigurðar Sigurðssonar	— 1960.00
— Magnúsar Sigurðssonar, vegna lántöku 1935	— 7900.00

Svona mætti lengi telja. Ef það er satt, að þetta sé aðeins brot af því, sem greitt er í ferðakostnað og bitlinga, þá virðist vera sérstök ástæða til að athuga, hvernig þessum málum er skipað í landinu.

Það getur vel verið rétt hjá hv. 1. þm. Árn., að það gæti hlutdrægni í þessum aths., en ég vildi þá óska þess, að það væri jafnað t. d. með því, að það væri dregið í dagsljósið, hvaða bitlinga sjálfstæðismenn hefðu þegið. Það má gjarnan koma fyrir augu landsmanna, hvernig ríkisstj. fer með almannafé.

Hvernig er nú hægt að laga þetta? Sumu af þessu hefir verið vísað til aðgerða Alþ., og tvær þáltill. hafa komið fram um að leiðrétta sumt af þessu. En ég er ekki í vafa um, að sú ríkisstj., sem nú fer með völd, muni framvegis reyna að hindra, að það komi fyrir augu og eyru almennings, hvernig farið hefir verið með fé almennings. Ég álít þess vegna, að þau öfl í landinu, sem ekki vilja hilma yfir þessa fjármálaspillingu, verði að gera það, sem þau geta, til þess að alþjóð fái að heyra þetta. Ég hefi ekki rétt til að krefjast útvarpsumr. um þetta, en ég vildi óska þess, að þeir menn, sem vilja, að þjóðin fái að vita, hvernig þessu er í raun og veru varið, óski eftir útvarpsumr. um þessa reikninga. Ég álít, að það geti ekki verið annað aðhald fyrir ríkisstj. um það, hvernig hún fer með almannafé, en það, að þjóðin geti fylgzt með, hvernig fé hennar er varið, og af því dregið ályktanir um það, hvort sú ríkisstj. eigi að fara með völd, sem fer með almannafé eins og raun hefir á orðið.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta, en vil aðeins að síðustu ítreka þá ósk mína, að nánar verði skýrt frá, hvað margt fólk og hjá hvaða stofnunum það sé, sem hefir ekkert að gera, en fær samt full laun hjá stofnununum.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Ég vildi aðeins láta þess getið, að þrátt fyrir það, þó hæstv. forseti lýsti því yfir í ræðu sinni, að sér skildist, að aðalumr. um þáltill. minni og meiri hl. fjhn. færi nú fram, þá held ég fast við það, sem ég hefi áður sagt, að ég mun geyma aðrar aths. minar þangað til þær umr. fara fram. Mér skildist, að hv. 1. þm. Rang. gerði einnig ráð fyrir því sama, og mun ég þess vegna ganga út frá því, að hæstv. forseti geri einnig ráð fyrir því.

Jón Pálmason: Mér þykir ástæða til að svara nokkru af því, sem fram hefir komið, þó sumt af því sé tæplega svara vert.

Ég ætla þá fyrst að svara hæstv. viðskmrh. örfáum orðum. Ég skal byrja með því að taka það fram, að nú talaði hann mjög í öðrum tón en við 1. umr. Hann talaði hóflega og þannig, sem mér finnst viðeigandi að þeir menn tali, sem um þessa hluti fjalla. Ég get sagt honum það, að ef hann og aðrir, sem hér eiga hlut að máli, hefðu talað í þeim tón, þá hefði verið hægt að gera það bróðurlega upp, hvað hægt væri að lagfæra, án þess að fara út í þær deilur, sem hér hafa verið hafnar.

Svo ég víki að þeim atriðum, sem hæstv. ráðh. kom inn á, þá vil ég segja snertandi það atriði, sem hann talaði aðallega um, skuldir ríkisstofnana, að ég get tekið undir það með honum, að sumt af þessum skuldum eru afsakanlegir hlutir, svo sem afborgunarsamningar bifreiðaeinkasölunnar og viðtækjaverzlunarinnar, en að öðru leyti get ég ekki fallizt á það með honum, að það sé ekkert athugavert við það, hvað miklar skuldir eru útistandandi hjá þeim fyrirtækjum, sem hér er um að ræða. Eitt af þessum fyrirtækjum, raftækjaeinkasöluna, á að leggja niður, og mun þá koma í ljós, hvort ekki tapast eitthvað af útistandandi skuldum hjá því fyrirtæki. Það verður nokkurskonar prófsteinn á það, hvort ekki muni tapast fé hjá hinum einkasölunum.

Að því er snertir þann samanburð, sem hæstv. ráðh. var að gera á skuldum áfengisverzlunarinnar árið 1927 og árið 1937, þá efast ég ekki um, að hann hafi farið þar með réttar tölur. En í sjálfu sér er það ekki mikil málsbót, þó skuldirnar hafi einhvern tíma verið hærri. Ef farið er út í það að gera samanburð á útistandandi skuldum þessa og annara fyrirtækja, þá held ég liggi næst að gera samanburð á því ári, sem hæstv. ráðh. tók við fjármálaráðherraembættinu, og því ári, sem reikningurinn nær yfir.

Um áramótin 1934, þegar hæstv. ráðh. tók við yfirstjórn fjármálanna, þá voru útistandandi skuldir áfengisverzlunarinnar 48145.00 kr., en um áramótin 1937 voru þær 132330.94 kr. Þær hafa því á þessu tímabili nærri því þrefaldazt.

Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að þarna er fyrst og fremst að ræða um stóra skuld, sem eitt fyrirtæki skuldar.

Ég skal svo ekki fara lengra út í þetta, en vil aðeins að síðustu geta þess til viðvörunar í þessu efni, að svo fór um eitt það fyrirtæki, sem ríkið rak á fyrri árum, landsverzlun Íslands, að ennþá er verið að drattast með 193 þús. kr. í útistandandi skuldum, en þar fyrir utan er allt það, sem afskrifað hefir verið af útistandandi skuldum þess fyrirtækis.

Ég get hugsað mér, að hvenær sem að því rekur, að þessi ríkisfyrirtæki verði gerð upp, þá

muni koma í ljós, að það verður meira eða minna af útistandandi skuldum þeirra, sem tapast.

Það er því engin sérstök ástæða til þess fyrir hæstv. ráðh. eða aðra að telja það óviðeigandi, þó að yfirskoðunarmennirnir leggi áherzlu á, að gætt sé sem mestrar varfærni á þessu sviði.

Hæstv. viðskmrh. sagði síðast í ræðu sinni, að gagnrýni sú, sem ég hefi komið með snertandi ríkisreikninginn, myndi í framtíðinni binda mér bagga að því er snerti afstöðu mína til fjármála yfirleitt. Mér er þetta líka alveg ljóst. Sú ástæða, sem ráðið hefir mestu um það, að ég hefi gert ýmsar af þessum aths., er, að mér hefir virzt, að á þeim árum, sem á milli eru, hafi verið fylgt sömu aðferð í landinu. En það þarf að gera gangskör að því af hálfu Alþ., enda er það í rauninni tilgangur þeirrar samvinnu, sem stofnað var til á síðasta vori, að koma í veg fyrir, að sú fjármálaspilling haldi áfram, sem ríkt hefir á undanförnum árum. Hvor það tekst með samvinnunni, veltur á því, hvort þeim mönnum, sem sæti eiga á þingi, er full alvara í því að taka á þessum málum sterkum tökum.

Viðvíkjandi afgreiðslu fjárl. nú, sem hæstv. ráðh. drap á í þessu sambandi, þá virtist mér hann tala þannig, að það væri ég, sem réði manna mest í fjvn. Nú er það ekki svo. Hinsvegar hefir það verið svo, að á þessu þingi og tveimur þingum áður, sem ég hefi átt sæti í fjvn., þá hefir hún sýnt meiri viðleitni en allir aðrir þm. í því að koma á lagfæringu á þessum hlutum, en það hefir borið á því, að ríkisstj. og aðrir þeir aðilar, sem þar eiga hlut að máli, hafa ekki tekið til greina þær samþykktir, sem fjvn. hefir gert. Það hefir t. d. komið fram í því, að starfsmannaskrá sú, sem gerð var af fjvn., hefir ekki verið haldin nema á einstökum sviðum. Ríkisstjórnin hefir ekki hirt um að láta fara eftir henni. Nú hefir hv. fjvn. lagt fram frv., sem fer fram á, að lögboð sé um ýmis þau atriði, sem hún hefir sett ákvæði um á undanförnum árum í þessu sambandi, og skal ég koma nokkru nánar að því síðar. Eftir þessum ummælum hæstv. viðskmrh., sem voru hófleg í alla staði, verð ég að segja, að mér finnst, að það ætti að geta verið af minni hálfu og hans líka hægt að fá samtök um það, ef af sannri alvöru er til þess reynt, að fá fram þessar breyt. frá því, sem verið hefir. — Svo skal ég ekki fara nánar út í hans ræðu, því að hún gaf ekki tilefni til þess.

Næst skal ég minnast örfáum orðum á ræðu samstarfsmanns míns, hæstv. forseta þessarar d., 1. þm. Árn., því að einstök atriði í hans ræðu gáfu tilefni til andsvara. Hann sagði það vera misskilning af minni hálfu, að það hefði komið í ljós ólík afstaða til þessara fjármálaatriða, sem hér eru til umræðu. En ég held, að það sé ekki neinn misskilningur. Og það er ekki óeðlilegt, þó svo sé. Hann og hinn samstarfsmaður minn hafa um 10 ára skeið verið stuðningsmenn ríkisstj. og því með í að samþ. ýmsar ráðstafanir, sem hafa leitt af sér það, sem er orsökin til þess, hvernig farið hefir um okkar fjármál, og hefir valdið því vandræðaástandi, sem þau nú eru komin í, ekki eingöngu ríkissjóður, heldur einnig fjármál sveitar- og bæjarfélaga yfirleitt, og ekki sízt, hvernig komið er hag okkar í viðskiptunum við útlönd. Ég, sem er tiltölulega nýr á Alþ. og hefi aldrei verið í stjórnaraðstöðu fyrr en þann part úr ári, sem liðinn er síðan í vor, hefi nokkuð aðra afstöðu, og það er ekki óeðlilegt. En það er ekki rangt, sem nokkuð er haft á orði, að ég muni vera nokkru harðari í till. mínum til breyt. á þessum hlutum heldur en flestir þeir menn, sem sæti eiga hér á hæstv. Alþ.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forseti sagði, að hann hefði talið, að bót væri ráðin á öllum atriðum, sem við hefðum gert sameiginlegar aths. um, og sem hann og okkar þriðji samstarfsmaður vísaði til, vil ég segja, að ég er honum ekki sammála um það efni, því að engin bót var á þeim ráðin með þeim svörum, sem ríkisstj. gaf. Skal ég í þessu sambandi minnast á skuldirnar.

Við gerðum samanburð á þessum fyrirtækjum, sem hér er talin í nál., í aths. Þessu er ekkert svarað, nema með stuttu svari frá einni einustu þeirra, raftækjaeinkasölu ríkisins. Þetta tekur hæstv. forseti gott og gilt og gerir engar till. út af þessum lið í aths. okkar, sem er talsvert veigamikill.

Eins er þetta snertandi erlendu skuldirnar, rekstur pósthússins í Reykjavík o. fl. o. fl., sem ég get ekki fellt mig við að falla frá aths. um, eins og hæstv. forseti hefir gert. Þetta eru nú kannske ágreiningsatriði, sem skipta ekki miklu máli, og verður þar hver að fara sínar götur.

Um minar séraths. talaði hæstv. forseti mjög hóflega, eins og hans er vandi. Skal ég hafa á því sama snið og ekki fara langt út í að ræða það mál. Hann tók það fram, að sér virtist það aðallega vera þrjú atriði, sem ég talaði um: Kostnaðurinn við stjórnarráðið, utanferðir og óviss útgjöld. Þetta er rétt. En það eru samt sem áður ýms fleiri atriði, sem ekki skipta svo litlu máli. Viðvíkjandi stjórnarráðinu hefi ég það mestar aths. við að gera, að þar eru færðar greiðslur til ýmissa manna, sem eru utan þess, fyrir hin og þessi störf, sumar til fast launaðra manna og sumar til annara. Og fyrir þessar greiðslur hygg ég, að komið hafi tiltölulega næsta lítið verk.

Viðvíkjandi utanfarastyrkjunum skal ég taka fram, að það er á misskilningi byggt, ef hæstv. forseti eða nokkur annar hv. þm. telur, að ég hafi beitt hlutdrægni í að birta nafnalista yfir þau mál. Því að ég tók alla utanfarastyrkina, sem ég fann á reikningum ríkisins, án tillits til nokkurrar flokkaskiptingar. Og sé sá listi ekki tæmandi, er ekki hlutdrægni um að kenna, heldur hinu, að mér hefir þá sézt yfir einhverja utanfararstyrki, sem greiddir hafa verið. Og alveg sama er að segja um þann nafnalista, sem ég birti að því er snertir greiðslur fyrir undirbúning lagafrv. og reglugerða, sem eru býsna miklar og sumar þannig, að ég tel, að ekki hafi verið á þeim nein þörf. Það, sem hæstv. forseti var að tala um, að þetta væru að mestu leyti óhjákvæmilegar greiðslur, get ég ekki fallizt á. Þær eru það ekki allar, en alltaf hlýtur vitan-

lega eitthvað að verða af greiðslum, sem fram verða að fara til þessara mála.

Þá taldi hæstv. forseti, að það væri með öllu óviðeigandi að prenta fylgiskjöl með aths. ríkisreikningsins, og vildi, að hálfu leyti a. m. k., færa sök á hendur mér fyrir það. En það er ekki rétt skilið hjá honum, því að þessi fylgiskjöl, sem þarna eru prentuð með reikningnum, eru þannig til komin, að þau eru send sem svar hæstv. ráðh. við fyrirspurnum mínum. Þegar ég afhenti mínar till. til fjmrn. í byrjun september í haust, þá sagði ég skrifstofustjóranum, að ég fæli honum að ráða, hvað birt væri af slíkum fylgiskjölum. En ég vildi, til þess að ekki væri sýnd nein hlutdrægni þessum viðkomandi mönnum, að þar væri prentað allt, sem skrifstofustjóra þætti máli skipta viðvíkjandi svari ráðh.

Þá skal ég svara einu atriði í ræðu hv. 1. þm. Rang. (SvbH) í gær. Ég tók eftir því, að engar tekjur voru færðar af nokkrum húseignum ríkisins hér í Reykjavík. Og ennfremur tók ég eftir, að engar tekjur voru færðar af þessum húseignum í fleiri ár. Þessar tekjur hafa að vísu ekki komið fram sem greiðslur, en þetta eru samt tekjur af arðbærum eignum og því tekjur ríkisins.

Þá er annað atriði, sem ég minntist á við 1. umr., sem skiptir ekki litlu máli, sem er atvinnubótafé. Það vantaði alveg reikninga um mjög mikinn hluta af því. Þeir liggja ekki fyrir enn. Aths. mínar um það efni eru réttmætar. Það hefir ekki verið nema á sumum stöðum borgað tilskilið fé á móti þeim greiðslum úr ríkissjóði af viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum, eins og tilskilið er á fjárl. fyrir þetta ár (1937).

Að öðru leyti en þessu skal ég ekki fara út í ræðu þessa samstarfsmanns míns, hæstv. forseta þessarar d. Hún gaf ekki tilefni til þess. Honum mun ef til vill hafa fundizt ég hafa gert aths. við fleira en honum sem stuðningsmanni ríkisstjórnarinnar finnst ástæða til.

Hv. 4. landsk. gerði fyrirspurn um það, hvort ég teldi þörf á því að jafna á hina starfsmenn tóbakseinkasölunnar launum þeirra starfsmanna, sem fóru þaðan og ekki var álitin þörf fyrir. Ég álít, að ekki sé þörf á launahækkun á þessum stað. En þetta var ekki nema að nokkru leyti gert, vegna þess að fjvn. neitaði.

Ég sló því hér fram í gær, að mér virtist að það væri svo í stofnunum ríkisins mjög mörgum, að þar væri margt af góðu fólki, sem ynni verk sín vel og samvizkusamlega, og að á því flyti rekstur þessara stofnana, en að þar væri líka fleira fólk en þessar stofnanir þyrftu á að halda og mjög misjafnt. Það er vitanlega erfitt að gera sér grein fyrir því fyrir mann, sem stendur utan við þennan rekstur, hversu margt væri hægt að losna við af þessu fólki. En ef t. d. allar verzlanir ríkisins væru sameinaðar í eina heildverzlun, sem hefði einn forstjóra og einn skrifstofustjóra, mætti spara margt af því fólki, sem þarna er á launum.

Um starfsemi fiskimálan. vil ég segja það, að hv. 4. landsk (ÍslH), sem hefir verið aðeins stutt á þingi, hefir vitanlega ekki fylgzt með því, hvernig sú n. starfaði, þegar fisksendingarnar til Ameríku voru sendar á sínum tíma, o. fl. o. fl.

Síðast ætla ég að koma að þeim ræðumanni, sem ég hefi mesta ástæðu til að svara, sem sé hv. frsm. meiri hl. fjhn., hv. 1. þm. Rang. Hann talaði hér mið mikilli frekju og offorsi í gærkvöldi, eins og honum er lagið, og ég hefi ekki neina ástæðu til þess allra hluta vegna að vanda honum sérstaklega kveðjurnar. Hann byrjaði á því að segja, að menn hefðu tekið eftir, að ég hefði verið taugaóstyrkur undanfarna daga, enda væri það ekki óeðlilegt. Ég held, að honum hafi missýnzt þetta mjög alvarlega. Ég hefi engan taugaóstyrk haft af því að ræða við þennan hv. þm., enda er hans aðstaða þannig í pólitísku lífi þessarar þjóðar, að honum væri sæmst að fara sem hægast á því sviði. En hver mín aðstaða er í þeim efnum, kemur bezt í ljós í þeim ummælum, sem ég hafði í gærkvöldi og skal endurtaka hér, að ég tel, að eftir því sem meira írafár gerist út af þessum aths. mínum, eftir því líkar mér betur. Þetta er af því, að ég veit, að mín stefna, skoðun og afstaða gagnvart fjármálum ríkisins er í fullu samræmi við skoðanir almennings í landinu. Þess vegna er það svo, að því meira sem sannast og verður tekið eftir, hvernig afstaðan hefir verið á undanförnum árum til þessara hluta, því meiri líkur eru til þess, að sú skoðun fái að njóta sín á komandi árum, sem er mín skoðun og skoðun almennings. Þess vegna er það líka svo, að hv. þm. N.-Ísf. hefir gert þessari stefnu ákaflega mikinn greiða með því að höfða á mig meiðyrðamál út af mínum aths. Það er af því, að það vekur almenna athygli í landinu. Fólkið fer að hugsa sem svo: Það er eitthvað einkennilegt við þetta, fyrst farið er að höfða meiðyrðamál út af því. Sama máli er að gegna um aðfinnslur hv. 1. þm. Rang. o. fl. Ef aðfinnslunum væri tekið á sama veg og hæstv. viðskmrh. gerði í gærkvöldi, þá hefði aths. mínum verið miklu minni athygli veitt. En þegar farið er með frekju og offorsi, eins og hv. 1. þm. Rang. hafði í frammi út af því að hann sagði, að ég hefði beitt hlutdrægni á þessu sviði, þá verður það til þess, að því verður veitt athygli og fólk fer að rannsaka málið og hugsa um, hvort þessi maður hafi gert aths., sem engin ástæða var til að gera, eða hvort hann hafi gert of fáar aths. við þessa hlið fjárhagsástandsins í landinu, sem hér er um að ræða.

Hv. 1. þm. Rang. var að kasta hnútum til mín fyrir það, að ég tæki borgun fyrir aukastörf. Og hann sagði, að það væri svo, að greiðsla til mín fyrir aukastörf væri miklu hærri en föstu launin. Það vill nú svo einkennilega til, að í þessu efni er þessi hv. þm. á villigötum eins og yfirleitt í fleiru, því að ég er ekki á neinum föstum launum, eins og hann og flestir aðrir hv. þm. eru. Öll borgun, sem ég fæ fyrir veru mína á þingi og fyrir endurskoðun ríkisreikningsins, er borgun fyrir aukastörf, en ekki föst laun. Það kemur fram hjá þessum manni eins og fleirum, þó að það sé ekki berum orðum sagt, að það sé ekki rétt að fela þeim mönnum aukastörf, sem ekki hafa föst laun. Ekki sízt þykir óviðeigandi að fela slík aukastörf bændum

utan af landi, sem nú eru meira og meira að þurrkast út úr sölum þingsins.

Hv. 1. þm. Rang. var að tala um, að ég hefði fengið borgun fyrir störf utan heimildar fjárl. fyrir að safna skýrslum um launagreiðslur ríkisins árið 1938 til opinberra starfsmanna. Þessar skýrslur eru komnar það langt, að við höfum skrá yfir launagreiðslur á því ári, sem nema nokkuð hátt á 14. millj. kr. Ég býst nú við, að mönnum komi það nokkuð á óvart, að launagreiðslur þessar skuli vera svona háar, og því er ekki óþarft að upplýsa þetta. Ég hefi fengið 440 kr. fyrir mánaðarvinnu við þetta hér í Reykjavík s. l. sumar, frá miðjum ágúst til miðs september, þar í talinn ferðakostnaður til og frá. Þetta kaup er miðað við þingfararkaup, enda þótt þetta væri unnið á dýrari tíma og ekki væri um að ræða neinn húsaleigustyrk. Að þetta sé gert í heimildarleysi, þykir mér undarlegt, að maður úr flokki hv. formanns fjvn. skuli leyfa sér að koma með. Enda væri undarlegt, ef hv. fjvn., merkasta n. á Alþingi, sem hefir skylduverk að annast um fjárreiður ríkisins, ætti ekki að hafa vald til þess að afla sér allra þeirra upplýsinga, sem hún telur nauðsynlegar fyrir sig að hafa á hverjum tíma. (**BJ**: Er þetta n. Jóns Pálmasonar?). Það ætti ekki að vera á nokkurn hátt mér til óvirðingar, ef ég hefði svo mikil völd í hv. fjvn., að ég réði yfir henni, og að þær till., sem frá henni kæmu, væru mínar till. Ég skal ekkert lasta það, þó að menn taki upp það, sem hv. þm. N.-Ísf. byrjaði á, að kalla fjvn., þessa n., sem skipuð er 9 hv. þm. úr þremur fl. þingsins, „nefnd Jóns Pálmasonar".

Ég skal ekki fara ýtarlega út í þvælu hv. 1. þm. Rang. En ég hygg, að ef hann athugaði hluti eins og tölur, þá kæmist hann að raun um, að kannske enginn, eða a. m. k. fáir þm. hér á hæstv. Alþ. nú hafa minni greiðslur frá því opinbera heldur en einmitt ég, þrátt fyrir þessa 440 kr. greiðslu, sem hann drap á.

Þá vildi þessi sami hv. þm. telja, að það hefði verið rangt skilið hjá mér, að hann liti svo á og meiri hl. fjhn., að ég hefði gert of fáar aths. við ríkisreikninginn. En þetta tekur sig út í þeirra nál. þannig, að ég hefði átt að sýna hlutdrægni með því að gera ekki aths. við reikninginn vegna lögmannsins í Reykjavík og rannsóknarstofu háskólans o. fl.

Þá vildi hv. þm. sanna ósamræmi af minni hálfu í sambandi við greiðslu til ríkisskattan. En þar kemur fram misskilningur hans eins og í flestu öðru, því að hér er að ræða um áætlunarupphæð, sem ekki er hægt að segja um fyrirfram, hvað verður. Hitt er eftir að vita, og þarf að athuga, hvort þar er rétt á fé haldið, er ríkisskattan. fer á 9. þús. kr. fram úr áætlun.

Þá kem ég að því deiluatriði hv. 1. þm. Rang., þar sem hann taldi, að ég hefði sýnt hlutdrægni með því að gera ekki harðari aths. vegna umframgreiðslna hjá vegamálastjóra. Ég gerði aths. við þessar umframgreiðslur, sem liggja fyrir, og ég tel, að það efni sé til athugunar. En að því hefir ekki verið vikið til hæstv. Alþ., stafar af því, að ég komst að raun um eftir upplýsingum, að þessar umframgreiðslur væru að meiri hluta sprottnar af því, að þarna hefði verið aukin starfsemi, með því að vegabætur höfðu verið auknar á þessu ári, og ekki sízt með því að þá fyrst var lagt fé í hina svokölluðu pestarvegi, sem fór í nokkuð á annað hundrað þús. kr. Og það var lagt á herðar vegamálastjóra og hans starfsmönnum að undirbúa þá vegagerð.

Þá kem ég að því að minnast ofurlítið á aths. snertandi skólana og árásirnar út af því efni af hálfu hv. 1. þm. Rang. Hann sakar mig um hlutdrægni þar. En það er hreinn misskilningur, því að hæstu umframgreiðslurnar eru hjá menntaskólanum, 18 þús. kr., en hjá þeim næsta eru þær ekki nema 12 þús. kr. Allar skýringar hans, þar sem hann talar um prósentureikning, eru út í bláinn, og það var bláber vitleysa, sem hann sagði um þetta efni.

Hv. 1. þm. Rang. var í gær að tala um það, að ég hefði ekki gert neitt í sambandi við skýrslu mína til að hæla þeim mönnum, sem ekki hefðu farið með greiðslur af ríkisfé fram úr áætlun. Ég hefði hvergi talað um slíkt nema í sambandi við póstflutninga á landi. Það hefði nú ekki vantað annað en að ég hefði farið að gera aths. við það, að fé úr ríkissjóði væri ekki greitt meira en til er ætlazt í fjárl.! Og hvers vegna urðu póstflutningar á landi ódýrari þetta ár en gert hafði verið ráð fyrir? Vegna þess, að póstur var þá meira en áður fluttur á bílum. Hv. þm. hældi landlækni fyrir að hafa ekki farið fram úr áætlun með kostnað við skrifstofu sína. Hann hefði líka vel getað nefnt hagstofuna. Það er mjög fjarri því, að mér detti í hug að gera aths. við það, þó að kostnaður af ríkisfé fari **ekki** fram úr áætlun! Mér hefir aldrei dottið slíkt í hug.

Þá skal ég að síðustu fara fáeinum orðum um þau brigzlyrði, sem þessi hv. þm. kastaði til mín. Í fyrsta lagi var það, að ég væri með hótanir um, hvernig taka ætti á þessum hlutum, og í öðru lagi sagði hann, að ég væri að læðast með rýtinginn aftan að mönnum í pólitíkinni o. s. frv. Þessar ásakanir eru samboðnar öðru í framkomunni hjá þessum hrokafulla gikki, sem undanfarið hefir orðið sér til opinberrar svívirðingar hér á þingi með sinni framkomu. Hann sagði, að hann teldi sér sérstakan heiður að því að hafa einn með öðrum átt hlut að því að hafa birt þetta plagg frá meiri hl. fjhn. Skal ég láta hann um það. Og mér virðist þetta sanna það mjög, sem ég talaði um, að það væri mjög ólíkt hans samnefndarmönnum að hafa skrifað það plagg.

Að öðru leyti en þessu skal ég ekki fara nánar út í svar þessa hv. þm.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason)**: Herra forseti! Það hafa að vonum orðið nokkrar umr. um þetta mál, fyrst hv. þm. A.-Húnv. gat ekki haft þolinmæði til að bíða með að ræða um þær till. til þál., sem fyrir liggja frá báðum hlutum fjhn.

Um það, sem fram hefir komið nýtt í umr. nú, er í raun og veru fátt eitt að segja. Ég get þó ekki varizt þess að benda á örfá atriði, sem fram hafa komið í umr., sem sýna það glögglega, hversu réttmætar aðfinnslur þær, sem ég kom með hér í gær, eru og sem virðast hafa

valdið óróleika í liðinu á aðra hliðina og vakið sektarkennd, einnig þessa hv. þm., sem síðast talaði, og það jafnvel svo, að enda þótt hann telji sig lausan við allan hroka, hvað þá heldur að hann sé gikkur, þá tapar hann sér nú svo hér á fundi, að hann viðhefir orðbragð, sem forseti verður að víta. Mér þykir það ekki nema eðlilegt, að orð mín hafi komið við hv. þm. Það er ekki nema eðlilegt, að menn kveinki sér, þegar menn hafa hlaupið jafnátakanlega á sig og þessi hv. þm. hefir gert. Og mér þykir vænt um þetta. Til þess voru mín orð sögð, að þau skyldu vekja tilfinningu hv. þm. fyrir því, hvað sé sæmilegt og réttmætt í þessu efni. Þess vegna er ég mjög ánægður yfir því hvað snertir hv. 6. þm. Reykv., og þó sérstaklega hv. þm. A.-Húnv., að samvizka þeirra skuli hafa vaknað, og skal ég nú koma að þessu nokkru nánar. Hv. 6. þm. Reykv. talaði um þá miklu heiftúð, sem kæmi fram hjá okkur meiri hl. fjhn., að mér skildist í því, að við skyldum koma fram með sérstaka till. til þál. vegna ríkisreikningsins. Við höfum nú ekki gert annað eða meira en við höfum borið fram till. til þál., sem er byggð á aths. hv. þm. A.-Húnv. við ríkisreikninginn. Hv. þm. A.-Húnv. hefir sjálfur látið prenta þessar aths. með ríkisreikningnum. En svo mikið svíður hv. 6. þm. Reykv. undan því, að við skulum stilla þessum aths. upp í okkar till., að hann telur það hreina og beina ósvífni. Hv. 6. þm. Reykv. sagðist vilja kveða það niður, að verið væri að ráðast að yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna, þessum trúnaðarmönnum þingsins, hér á Alþ. Hann segir, að það eigi ekki að eiga sér stað, að það sé fundið að þeirra vinnubrögðum. Ég hefi nú aldrei haldið, að Alþ. ætlaði að gera þetta að heilögum mönnum, sem ekki mætti ræða við. Og ef það er í þingsköpum Alþ., að ekki megi hreyfa við þessum mönnum, hvernig sem þeir haga sér, þá verð ég að biðja hv. d. afsökunar á því, að ég skuli ekki hafa vitað þetta og að ég skuli hafa leyft mér að hreyfa við svo háttsettum persónum. Standi það hinsvegar ekki þar og sé gengið út frá því, að í þetta starf geti komið misjafn sauður, eins og annarstaðar, þá þarf ég ekki að biðja afsökunar á því, heldur segja, að yfirskoðunarmennirnir muni því aðeins vinna sitt verk með sanngirni, að þeir hafi aðhald frá þeim, sem fela þeim þetta trúnaðarstarf. Og þegar þeir báðir, hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. A.-Húnv., tala um það, að einn yfirskoðunarmaðurinn, Jón Pálmason, hafi aðra aðstöðu til endurskoðunarinnar, kemur það þá ekki játað fram, sem ég hefi haldið fram, að litið hafi verið á þetta af hans hálfu eftir pólitiskri afstöðu? Hvernig er hægt að fá skýrari játningu á þessu? Það hefir kostað nokkur fúkyrði að fá þessa játningu fram, en það er ekki annað en tíðkast hjá sakborningum þegar þeir komast í hann krappan.

Ég skal rétt skjóta því hér inn í viðvíkjandi því, sem hv. 4. landsk. sagði, að æskilegt væri að fá sem flest nöfn fram í þessu sambandi. Mér finnst það mjög skiljanlegt, að þessi hv. þm. og hans flokkur vilji fá sem flest nöfn fram í þessu sambandi. Það væri auðvitað mjög æskilegt fyrir þann flokk að geta beint athygli manna sem allra mest að nokkrum hundruðum króna, sem borgaðar hafi verið fyrir eitt eða annað, til að fá fólk til að gleyma því, sem komið hefir á daginn um þennan flokk undanfarna daga. Þessi hv. þm. og hans félagar taka ekki við nokkrum hundruðum króna, heldur láta greiða sér frá árásarríki og einvaldsríki á annað hundrað þúsund krónur fyrir skeytasendingar um það, sem þeir væntanlega ætla að taka að sér að koma í framkvæmd hjá okkur. Það er því ekki nema eðlilegt, að þessir menn óski eftir að fá einhverja ákveðna upphæð til að fá fólkið til að hugsa um, svo það geti gleymt þessum syndum. Og ef til vill gæti hv. þm. fengið hv. þm. A.-Húnv. til að hjálpa sér við þetta, því hann hugsar meira um það, hvernig hægt muni vera með nokkrum krónum að vekja tortryggni og úlfúð meðal manna, heldur en það, hvernig hægt myndi að tryggja sjálfstæði þjóðarinnar fjárhagslega.

Hv. þm. A.-Húnv. hrósar sér af því, að hann muni vera harðari í till. sínum um fjármál heldur en flestir aðrir hv. þm. Þetta er víst enginn gorgeir eða þess háttar. Þetta er náttúrlega heilagleikinn sjálfur hjá þessum ágætismanni, sem telur sig geta leiðbeint í fjármálum þjóðarinnar, sem telur sig eiga fjvn.. aðalnefnd þingsins. Hann er náttúrlega ekki að upphefja sjálfan sig með þessu, heldur er þetta auðvitað til að sýna lítillæti sitt í þessu starfi fyrir fósturlandið. Ég býst við, að það eigi að skilja þetta á þann veg. En ég verð að segja, að ég hefi nú ekki séð nein afrek, hvorki till. né annað frá þessum hv. þm. Og ef um einhver fjárframlög hefir verið að ræða, sem hafa snert þennan hv. þm. persónulega eða hans nánustu, þá hefi ég ekki orðið var við neina sérstaka sparsemdartilhneigingu hjá honum. Það er ákaflega gott út af fyrir sig að reyna að gera sig að dýrlingi fyrir fósturland sitt, til að reyna að bjarga ættjörðinni á meðan það snertir ekki þennan hv. þm. sjálfan.

Þá talaði hv. þm. um það, að ég hefði deilt á hann fyrir að taka borgun fyrir aukastörf, sem unnin hefðu verið í fullkomnu heimildarleysi. Það var þetta síðara, sem ég deildi á. Það er svo fjarri mér að deila á menn fyrir að taka borgun fyrir aukastörf. Það er sjálfsagður hlutur, að mínu áliti, að menn vinni ekki aukastörf fyrir ekki neitt. Og mér finnst ekkert óeðlilegt, að hv. þm. A.-Húnv. fái greitt fyrir aukastörf eins og aðrir, en að hann eigi að vera sá eini, sem fái greitt fyrir sín aukastörf, það er ekki mín skoðun. Ég álít, að það séu margir menn, sem vinna miklu nytsamari störf í aukavinnu en hv. þm., sem líka eigi að fá greiðslu fyrir það. En það, sem hv. þm. A.-Húnv. hefir sagt um greiðslur til sín og þá skrifstofu, sem hann hefir staðið fyrir og fengið greiddar til 4000 kr., bendir ekki á neitt sérstaklega vandaða meðferð á sannleikanum. Ég leyfi mér að halda því fram, að peningar til þessarar skrifstofu hans hafi verið greiddir í fullkomnu heimildarleysi. Svo að dæmi sé tekið um starfshæfni þessa hv. þm., þá má geta þess, að nákvæmnin í starfi hans fyrir þessa skrifstofu er nú ekki meiri en svo, að þegar tekin var til reynslu ein stétt manna,

skrifstofustjórar stjórnarráðsins, og gerður samanburður á launum þeirra, samkvæmt upplýsingum skrifstofu Jóns Pálmasonar, þá kom það í ljós, að réttar upplýsingar lágu fyrir aðeins um laun eins skrifstofustjórans, en það var um leið sá af þeim, sem ætla má, að sé mestur andstæðingur hv. þm. í stjórnmálum. Hjá hinum 3 var fellt svo samvizkusamlega undan af þeirra kaupi, að það munaði hátt á 9. þúsund kr. Hvað er svo Alþingi nær, þótt það fái slíkar skýrslur? Og hver halda menn að tilgangurinn sé með svona vinnubrögðum? Annað eins og þetta er engin tilviljun. Það er auðsætt, að þetta starf er unnið með sama hugarfari og endurskoðun ríkisreikningsins, því, að reyna að ná í sem mest af því, sem til hnekkis má verða pólitískum andstæðingum, en breiða yfir hjá þeim, sem sýna sama pólitíska lit og hv. þm. A.-Húnv. Ég held það væri bezt fyrir Alþingi að losna sem allra fyrst við slíka starfsmenn.

Hv. þm. talaði um, að það hefði verið rangt hjá mér, sem ég sagði í gær, að skattanefndirnar hefðu farið meira fram úr áætlun fjárlaga en ríkisskattanefndin, sem hann hefði tekið upp aths. um. Í þessu sambandi benti hv. þm. á, að skattanefndaliðurinn væri aðeins áætlun, en það væri hinn ekki. Ég er sannast bezt að segja alveg hissa á að heyra annað eins og þetta koma frá fjvnm. Veit ekki þessi hv. þm., sem þykist eiga fjvn., að allar fjárlagaupphæðirnar til opinberrar starfsemi eru aðeins áætlanir?

Viðvíkjandi því, sem ég sagði um vegamálastjórann, þá svaraði hv. þm. A.-Húnv. því, að það stafaði allt af því, hversu mikið hefði bætzt á þennan embættismann. Þetta er vitanlega svo með alla hina. Þetta eru flest vaxandi störf, eins og t. d. pósturinn og síminn. Og ég er sannfærður um það, að ef hv. þm. A.-Húnv. hefði rekizt á það hjá andstæðingi sínum, að hann hefði greitt utanfararkostnað til manns, sem aldrei sigldi, þá hefði það orðið meiri en lítil hneykslunarhella hjá hv. þm.

Það mætti náttúrlega enn taka margt til athugunar, en ég tel óþarft að eyða tíma í það. Málið liggur orðið svo ljóst fyrir. Og ég hygg, að eftir það, sem fram hefir komið í þessu máli, þá muni það hér eftir óstætt fyrir nokkurn endurskoðanda ríkisreikninganna að beita þvílíkum aðferðum, sem hér hefir átt sér stað í þetta skipti.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði — og það þykir mér einna merkilegast af yfirlýsingum hans í þessu máli —, að ef athugasemdum sínum hefði aðeins verið svarað hógværlega, þá hefði ekkert orðið úr þessu og enginn hefði tekið eftir því. Þess vegna vildi hann þakka mér fyrir að vera að vekja athygli á athugasemdunum. Ég þakka honum fyrir það traust, sem hann hefir á mér. Hann heldur auðsjáanlega, að ef hann hefði verið einn um að vekja athygli á þessu, þá hefði enginn tekið eftir því. Mér skilst líka, að það hafi verið meining hans, að hann hefði mátt í friði leika sér að því að baknaga náungann, en meiningin hefði ekki verið að gera neitt veður út af þessu. Enda verð ég að segja, að ég held, að fyrir þennan hv. þm. hefði það sjálfsagt verið bezt, að þetta hefði fallið í gleymsku sem fljótast, sá þáttur, sem hann hefir átt í þessu máli.

Ég vil svo aðeins minnast á eitt atriði enn í ræðu hv. þm. A.-Húnv. Hann sagði, að fiskimálanefnd ætti engan tilverurétt, og mér skildis helzt, að hann vildi fela S. Í. F. hennar starfsemi. Ég vil nú spyrja þennan hv. þm. að því, hvort honum hefði fundizt rétt að láta Samband ísl. samvinnufélaga hafa með höndum úthlutun á öllum styrkjum til handa landbúnaðinum. Um þetta þætti mér vænt um að fá svar. — Hv. þm. svarar ekki spurningu minni, og mér finnst það ósköp skiljanlegt, að hann vilji ekki svara, en þetta er alveg hliðstætt dæmi við það, sem hann leggur til um fiskimálanefnd. En ég skil ekki, hvers vegna hv. þm. er svo illa við fiskimálanefnd, sem alltaf er að vinna sér meiri og meiri viðurkenningu og flytur nú út vörur, sem áður voru óseljanlegar, fyrir upp undir 4 millj. kr. og gerir sennilega meira en að standast kostnað við starfsemi sína í ár. Störf þessarar nefndar hafa farið vaxandi ár frá ári, og hún hefir einkanlega mikið hlutverk að vinna, þegar um jafnmikla markaðserfiðleika er að ræða eins og við eigum nú við að etja. Ég fyrir mitt leyti tel, að þessi nefnd hafi unnið mikið nytjastarf, og ef hún fær að starfa áfram, þá mun fátt líklegra til að ýta undir sjávarútveginn. Og ég fyrir mitt leyti vil hvetja hv. þm. A.-Húnv. til að spyrjast fyrir um það hjá frystihúsunum, hvort þau óski eftir því, að þetta sé tekið aftur úr höndum fiskimálan. og fengið S. Í. F. Ég held einmitt, að þau óski, með tilliti til þeirrar reynslu, er fengizt hefir, að n. hafi þetta áfram í höndum.

Ég skal svo að sinni láta staðar numið. Ég tel, að ýmislegt hafi komið fram í þessu máli, sem sannað hafi það, sem ég hefi haldið fram um endurskoðun ríkisreikninganna. Og þótt mörg dæmi mætti enn nefna, og þó að ég gæti lesið upp lista til frekari sönnunar máli mínu um misskilning hv. þm., tel ég ekki þörf á að tilfæra fleira, enda hefir hann séð þann kost vænstan að játa margt af því, sem fram hefir verið borið af andmælendum hans.

***Ísleifur Högnason:** Hv. síðasti ræðumaður sagði, að málið lægi ljóst fyrir, og vissulega liggur það ljóst fyrir. Hann var að tala um, að hann hefði lista í fórum sínum, og okkur langar mjög til að fá þann lista fram. Hví reiðir hv. þm. sverðið svo hátt, en slíðrar það jafnóðum? Ætli það sé ekki vegna stjórnarsamvinnunnar, sem hefir þann tilgang að þagga niður allar umr. um ávirðingarnar og skapa þögn um rekstur ríkisbúsins. Ég tók eftir, að á hv. síðasta ræðumanni var að heyra, að betra væri, að öll endurskoðun félli niður og ekki kæmu fram tilraunir til gagnrýni. Allar raddir, sem fram koma og heimta gagnrýni á ríkisreikningunum, á að þagga niður.

Hv. 1. þm. Rang. sagðist skilja mína afstöðu, er ég sagðist óska þess, að þjóðin fengi að vita hið sanna í þessum málum. En ég óskaði þess, að hv. þm. A.-Húnv. krefðist útvarpsumr. um málið. Hann sagði, að það væri eðlilegt, að ég vildi fá þetta mál rætt opinberlega, því að ég

vildi draga athygli frá því, að Þjóðviljinn hefði fengið skeyti frá Moskva. Ég er alveg hissa. Ég er vanur því, þegar ég fæ skeyti, að ég borgi fyrir þau sjálfur, en ég veit ekki, hvernig þessu er háttað með hv. þm. En viðvíkjandi þessum skeytum er annars það að segja, að síðan Sovjetríkin voru stofnuð hefir hér á landi aldrei verið flutt annað af flestum blöðunum og útvarpinu en níðfréttir gegn þeim. Hér um daginn skýrði fréttaþulur útvarpsins frá því, að þeir fengju þær fréttir frá flestum höfuðborgum heims, New York, París, London, Stokkhólmi o. s. frv., en frá einu ríki aðeins vilja þeir engar fréttir hafa, frá Sovjetríkjunum, því að þjóðstj. er nauðsynlegt að hafa öll blöð og útvarpið í gangi til að ljúga óhróðri á þau. (Forseti hringir). Þetta er sannleikur, þótt hann sé beiskur. Hv. 1. þm. Rang. var áðan að segja, að Sovjetríkin væru árásarríki. (**SvbH**: Á því er víst enginn vafi). Nei, á því er enginn vafi eftir þeim fregnum, sem útvarpið og blöðin eru látin flytja. (**Forseti**: Þetta mál er ekki til umr. Ég vil biðja hv. ræðumann að halda sér við efnið, en fara ekki út í utanríkispólitík).

Hæstv. forseti hefði átt að biðja síðasta ræðumann um það. Það er óhæfa af hæstv. forseta, ef hann ætlar að neita mér um að svara, þegar á mig er ráðizt. — Það er engin ný bóla, að menn séu hér sakaðir um landráð. Í fyrra, þegar Þýzkaland var að leggja undir sig Tjekkóslóvakíu, voru það lýst landráð að fordæma árásarríkið Þýzkaland. Annars er það kunnugt, að flestir þeir, sem taka einhvern þátt í stjórnmálum, eru ósjaldan sakaðir um landráð. Flestir ráðh. hér, ef til vill að undanteknum Stefáni Jóh. Stefánssyni, hafa verið úthrópaðir sem landráðamenn. — Síðar í umr. mun mér gefast tækifæri til að skýra þá staðhæfingu mína, að Sovjetríkin séu ekki árásarríki, og allur fréttaburður, sem um það hefir verið útbásúnaður, sé rangur, og það vísvitandi rangur. Læt ég svo útrætt um það mál að sinni.

Jón Pálmason: Margt af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði áðan, er ekki svara vert. En af ræðu *hans þá og í gær er sýnilegt, að athugasemdir* mínar um reikninga ríkisins hafa farið óþægilega í taugarnar á honum. Öllum hlýtur að vera augljóst, að sviðið hefir undan þessum aths., fyrst svona mikil viðkvæmni er sýnd.

Þegar hv. þm. segir, að ég hafi játað, að ég hafi farið með pólitískar árásir, þá er það blekking. Ég hefi sagt, eins og öllum hlýtur að vera augljóst, að það sé nokkuð önnur aðstaða þeirra manna, sem um mörg ár hafa verið fylgjendur þeirrar stj., er ráðið hefir, en hinna, sem hafa verið í stjandstöðu. Þarf hér ekki að vera um pólitíska hlutdrægni að ræða. En það er alltaf nokkur aðstöðumunur þeirra, sem hafa verið í stjandstöðu, og hinna, sem fylgt hafa stj. og hafa því alltaf nokkra tilhneigingu til að draga fjöður yfir það, sem aflaga fer, heldur en hitt.

Það, sem hv. þm. sagði um þá starfsemi fjvn. að safna launaskýrslum, var fullt af blekkingum, eins og fleira í hans ræðu. Hann hélt því fram, að ég hefði sagt í riti, að engin slík starfsemi hefði verið til. Þetta er rangt. Hitt sagði ég, að það, sem landlæknir hefði haldið fram um þetta, væru ósannindi, og það mun ég sanna síðar. Hitt er rétt, að síðan þetta starf hófst, höfum við alltaf verið að fá uppgefnar nýjar og nýjar greiðslur til þessa eða hins manns.

Það, að ég hafi beitt hlutdrægni viðvíkjandi skrifstofustjórunum í stjórnarráðinu, er ekkert annað en þvættingur, og tölur þær rangar, sem hv. þm. fór með. Hitt er rétt, að það hafa smám saman verið að koma í ljós ýmsar aukagreiðslur hjá þessum mönnum, og þarf tíma til að tína það allt saman. Þegar slíkum skýrslum er safnað, er aldrei hægt að fullyrða, að þær séu tæmandi, en það verður að vera vissa fyrir því, að það sé rétt, sem upp er gefið, og í þessu efni er það eitt tekið, sem er eftir skýrslum stofnananna sjálfra eða endurskoðunar ríkisins. Annars er það með þennan hv. þm. sem aðra, er verið hafa gráðugastir í fé ríkisins, að hann er því andvígur, að slíkum skýrslum sé safnað. En hann er þó einn af þeim fáu, sem ekki hafa viljað gefa skýrslur um þær stofnanir, er þeir stjórna, og bendir það til þess, að hann hafi einhverju að leyna og ekki hreint í pokanum.

Hv. þm. beindi til mín spurningu viðvíkjandi fiskimálan., en það, sem hann sagði í því sambandi, hrekur ekki þá skoðun mína, sem ég lét í ljós í gær, að allt, sem viðkemur verkun og sölu fiskjar, heyri í rauninni undir S. Í. F., en allt, sem snertir styrkveitingar, heyri undir Fiskifélag Íslands, svo að fiskimálan. er í rauninni óþörf. Og þegar verið var að breyta verkunaraðferðunum, mátti eins fela sölusambandinu þau mál og láta það fá nauðsynlegt fé til umráða, enda var þar fyrir meiri þekking á málunum en í fiskimálan.

Að öðru leyti mun ég ekki gera aths. hv. þm. að umræðuefni. Það er rétt hjá honum og hv. síðasta ræðumanni, að málið liggur ljóst fyrir, því að það er ljóst, að það hefir hlaupið í taugarnar á hv. þm., að nokkuð hefir verið upplýst um þá fjármálaspillingu, sem hefir átt sér stað við opinberar stofnanir undanfarin ár og því miður er komin vel á veg með að koma fjárhagslegu sjálfstæði þjóðarinnar á kaldan klaka.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason)**: Hv. þm. A.-Húnv. lætur sér ekki bregða við að segja það ósatt, sem hann hefir sjálfur sagt fyrir stuttu, eða bera á móti því, sem stendur skrifað, undirritað af honum sjálfum. Hann segir það ósatt, að starfandi hafi verið skrifstofa sú, sem hér hefir verið minnzt á. Ég skal nú lesa upp klausu úr Morgunblaðinu 28. nóv. 1939. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Um þessa 5 manna skrifstofu, sem ég á að hafa stofnað fyrir hönd fjvn., er það að segja, að allt, sem hann tilgreinir um það efni, er þvættingur og ósannindi ...“

Nú erum við hv. þm. N.-Ísf. búnir að upplýsa, að borgaðar hafa verið 4000 krónur til þessarar skrifstofu. Er hægt að standa berstrípaðri gagnvart sínum eigin yfirlýsingum en hv. þm. A.-Húnv. gerir?

Í öðru lagi segir hann það ósatt hjá mér, að flaustурslega hafi verið teknar upp launagreiðslur í stjórnarráðinu. Ég vitna til hv. fjvn., hvort

ekki hafi komið fram á fundi einu sinni staðfesting á því, sem ég hefi sagt um þetta, en hv. þm. kallar haugalygi. Hlutaðeigandi skrifstofustjórar í stjórnarráðinu gáfu þetta sjálfir upp í sima greiðlega og hiklaust, en þegar þetta kemur fram, verður hv. þm. A.-Húnv. svo mikið um, að hann labbar af fundi, sem von er, því að það er ekki sitjandi undir slíku. Ég hefi því ekki minnsta traust til skýrslna, sem svona maður hefir farið með. Og þegar hann auk þess klígjar ekki við að segja önnur atriði lygi, sem birt eru á prenti með hans eigin nafni undir, þá verð ég að álíta slíkt svo ósæmilega framkomu í sölum Alþingis, að ekki sé talandi við slíkan mann lengur. Hann ætti að fá ekki ósvipaðan dóm þeim, sem fyrir fáum dögum var kveðinn upp af þingheimi yfir nokkrum þm., sem gerzt höfðu brotlegir um að misbjóða virðingu Alþingis. Væri skynsamlegt að taka nú einn þeirra fjórmenninganna inn aftur, en láta þennan hv. þm. í skúmaskotið í staðinn.

Jón Pálmason: Það er undarlegur hlutur, þegar þessi hv. þm. fer að brigzla öðrum um ósannindi, því að ekki eru aðrir kunnari en hann að ósannsögli á Alþingi. Hann les hér að vísu ekki rangt upp úr Morgunblaðinu, en gætir þess ekki, hverju hann er að svara. Hann segir, að það starfi 5 menn á skrifstofu, þeir hafi þetta og þetta í laun og svo framvegis. En allt, sem um þetta var sagt af hv. þm. N.-Ísf., var ósannindi. Viðvíkjandi heimildum um þetta er við fjvn. að eiga, en ekki mig einan. Sömu rangfærslurnar koma fram hjá hv. þm. viðvíkjandi fiskimálan. Að öðru leyti ætla ég ekki að eiga orðastað við þennan mann, enda er það álit margra á Alþingi, að það sé næstum því neðan við virðingu þingsins að ræða við hann.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 79. fundi í Nd., 9. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 81. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 83. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 267, n. 453).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Fjhn. athugaði frv. og bar saman við ríkisreikninginn 1937, og eins og nál. 453 ber með sér, hefir n. lagt til, að frv. verði samþ. óbreytt. Nefndin hefir ekki gert neinar aths. við það, sem yfirskoðunarmenn landsreikningsins hafa haft fram að færa eða við tillögur þeirra, heldur hafa nefndarmenn gert sínar athuganir á þessu hver í sínu lagi. Fjhn. þessarar deildar hefir ekki séð ástæðu til að rifja upp deilur þær, sem orðið hafa í Nd. um þetta mál; það liggur í hlutarins eðli eins og afgreiðsla n. er á málinu, og n. telur því ekki ástæðu til, að deildin geri sérstakar ráðstafanir út af ríkisreikningnum.

ATKVGR.
Tekjubálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.
Gjaldabálkurinn samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 23. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 606).

---

37. Stríðstryggingafélag skipshafna.

Á 64. fundi í Ed., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna (stjfrv., A. 307).

Á 66. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og hv. þd. er kunnugt, var á sínum tíma gerður samningur milli útgerðarmanna verzlunar- og fiskiskipa annarsvegar og sjómanna hinsvegar um sérstaka stríðstryggingu vegna ófriðarins. Þar sem hér var um verulegar tryggingar að ræða, sem hljóta að hafa í för með sér veruleg gjaldeyrisútgjöld, ef þær eru framkvæmdar hjá erlendum tryggingarfélögum, tók ríkisstj. til athugunar, hvernig hægt væri að koma þeim svo fyrir, að verulegur hluti fjárins væri á höndum innlendra stofnana. Því var skipuð n., sem í voru Brynjólfur Stefánsson tryggingaforstjóri, Jón Blöndal hagfræðingur og Ásgeir Þorsteinsson forstjóri fyrir vátryggingarfélagi íslenzkra botnvörpueigenda. Ég fól n. að athuga, hvernig væri hægt að koma fyrir þessum tryggingum á verzlunar- og fiskiflotanum, er fer með fisk á erlendan markað, þannig að þær væru á inn-

lendum höndum. Nd. ritaði stj. álitsgerð um málið, lagði til, að sett yrðu sérstök l. um þetta og lét fylgja frv. að þessum l., sem hér er lagt fram, sem að vísu var nokkuð breytt, áður en það var gefið út sem brbl. 27. okt. síðastl. N., sem undirbjó málið, komst að þeirri niðurstöðu, að með því að koma tryggingunum á innlendar hendur mætti spara mikinn gjaldeyri. Með iðgjaldi því fyrir dauðatryggingu, sem erlend félög höfðu fyrir ferðir til Norðurlanda og Bretlands, myndi dauðatrygging fyrir 225000 króna upphæð kosta 1000—2000 kr. fyrir eina ferð, en þar við bætist svo örorkutrygging. N. gerði ráð fyrir 60000—120000 kr. tryggingarupphæð alls fyrir eina ferð. Af þessu er ljóst, að um allmikinn gjaldeyri er að ræða, ef þessar upphæðir væru allar á höndum erlendra tryggingarstofnana. Því leggur n. til, að þetta tryggingarfélag verði stofnað. Þátttakendur yrðu ríkissjóður með nokkra upphæð og vátryggingarfélög, sem starfa hér á landi, svo sem Tryggingarstofnun ríkisins. Skipaeigendur myndu að sjálfsögðu einnig taka þátt í þessu og svo Brunabótafélag Íslands. En af því að tryggingarupphæðin gæti hæglega orðið svo há, ef slys bæri að höndum, að þessir aðilar gætu orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni, leggur n. til, að nokkuð af tryggingarupphæðinni yrði hjá erlendum félögum. Stj. tók því þetta atriði til athugunar og ræddi við hlutaðeigendur, og voru undirtektir þeirra hinar beztu.

Nú var það aðkallandi, að þessar tryggingar gætu sem fyrst komizt á fót, og gaf því stj. út bráðabirgðalög þau 27. okt., sem hér liggja fyrir til staðfestingar. Í frv. er lagt til, að stofnað sé þetta tryggingafélag íslenzkra skipshafna, þar sem gert er ráð fyrir, að þátttakendur séu skipaeigendur, ríkisstj., Tryggingarstofnun ríkisins og Brunabótafélag Íslands.

Strax og brbl. voru gefin út, var skipuð stj. í samræmi við 3. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir, að ríkisstj. skuli tilnefna formann stj. félagsins, annar meðlimur stj. sé tilnefndur af eigendum skipa þeirra, sem eru í félaginu, en sá þriðji af vátryggingafélögum þeim, er taka þátt í tryggingunni. Ríkisstj. hefir skipað Brynjólf Stefánsson sem formann, vátryggingarfélögin skipuðu fyrir sig Jón Blöndal, en skipaeigendur Ásgeir Þorsteinsson.

Ég mun snúa mér til þessarar félagsstj. og biðja hana að láta n., er um þetta á að fjalla, í té upplýsingar og till. til breytinga, er hún kann að hafa. Fyrir brbl. hefi ég gert þá grein, að þar sé aðalástæðan gjaldeyrissparnaður, sem af þessu myndi leiða, og svo ætti það að vera okkur nokkurt metnaðarmál að geta haft tryggingarnar í eigin höndum, eftir því sem ástæður leyfa. Ég ætla, að þetta muni ekki verða stór áhætta fyrir ríkissjóð, þó að ekkert sé hægt að segja um það með vissu. Hinsvegar gæti farið svo, að af þessum tryggingum yrði ágóði, ef heppnin væri með. En ég tel, að ríkinu beri að leggja nokkuð í hættu til þess að þurfa ekki að láta af höndum þann mikla gjaldeyri, sem ella myndi fara í tryggingarnar.

Ég mæli svo með því, að frv. fái fljóta og góða afgreiðslu og fari til fjhn. að lokinni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 307, n. 393).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Erlendur Þorsteinsson): Fjhn. hefir haft þetta frv. til meðferðar á nokkrum fundum, en eins og nál. ber með sér, hefir ekki enn þá orðið tækifæri til að tala við stj. tryggingarfélagsins, og hefir n. ekki heldur ákveðið, hverjar brtt. hún kynni að bera fram við frv. En vegna þess að n. vill, að frv. nái fram að ganga, væntir hún, að d. geti fallizt á, að málinu verði nú vísað til 3. umr. og þá teknar meir til athugunar einstakar gr. og væntanlegar brtt.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég þakka n. fyrir afgreiðslu þessa máls.

Eins og hv. frsm. tók fram, hefir ekki enn þá borizt frá þeirri stj., sem skipuð hefir verið um stríðstryggingar, till. um smábreyt. á frv. Það er gert í samráði við mig, að draga ekki lengur, að málið komi í d. Ég átti í morgun tal við stj. stríðstryggingarfélagsins og vænti, að ég muni fá í dag til athugunar brtt., sem stj. leggur til, að gerðar verði. Ættu þær að geta komið fram við 3. umr. hér í d.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Ed., 13. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 307, 413).

***Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):** Eins og ég gat um við 2. umr. málsins, átti fjhn. von á því að fá umsögn um þetta frv. frá stjórn stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna og einnig nokkrar brtt. Þær brtt. hafa nú verið bornar fram á þskj. 413, og hefir n. tekið þær til athugunar og samþ. að mæla með því við d., að þær yrðu samþ. Fjhn. hefir engar aðrar till. fram að færa en þær, sem eru á þskj. 413. Um einstakar brtt. er þetta helzt að segja. Viðvíkjandi 2. gr. er það fram tekið, að það áhættufé, sem fram hefir verið lagt, er svo lítið, að það vantar nokkuð á, að félagið geti á eigin áhættu tekið allar tryggingar flutningaskipa. Hinsvegar verður það að teljast bezt, að sem minnst þurfi að endurtryggja hjá erlendum félögum. Það er einnig hagur skipaeigenda, þar sem þeir hafa lagt fram 10% af áhættufénu, að sem minnst þurfi að endurtryggja. Er því lagt til, að þeim sé gefinn kostur á að hækka áhættuframlög sín síðar. Ef skip, sem ekki var tryggingarskylt þegar félagið

var stofnað, verður það síðar, þykir rétt að gefa eigendum þess kost á að leggja fram áhættufé á svipaðan hátt og þeim, sem voru tryggingarskyldir, þegar félagið var stofnað. Þá hefir ennfremur verið talið rétt að setja ákvæði um það, að endurgreiða megi skipaeigendum áhættufé, sem þeir hafa lagt fram, ef skip ferst, en mannbjörg verður, eða ef skip er selt út úr landinu. Þó sé þetta því aðeins gert, að fjárhag félagsins verði ekki af þeim ástæðum stofnað í hættu.

Þá er brtt. við 4. gr. Í frv. er gert ráð fyrir, að áhættufé ætti fyrst og fremst að miðast við þá tryggingarupphæð, sem skipið væri tryggt fyrir. Frv. gerir þannig ráð fyrir, að áhættufé verði fastákveðið. Stríðsslysahættan getur hinsvegar breytzt verulega, bæði minnkað og aukizt. Hefir því þótt rétt, að þetta yrði ákveðið í reglugerð.

Brtt. við 5. gr. þarfnast ekki skýringar.

Þá er brtt. við 6. gr., um iðgjöldin. Ákvæði 6. gr. um, að iðgjöld megi ekki vera yfir 50%, er fellt burt. Það virðist óhjákvæmilegt að gefa stjórn tryggingafélagsins nokkuð frjálsar hendur um ákvörðun iðgjalda, einmitt af sömu ástæðu, sem ég nefndi áðan, að stríðsáhættan getur verið svo breytileg. Tryggjendur krefjast hinsvegar ódýrra trygginga. Bezta fyrirkomulagið virðist því það, eins og bent er á í till., að ákveða iðgjöldin nokkuð há, svo hægt sé að gera ráð fyrir nokkrum hagnaði af rekstri félagsins, en hinsvegar verður að tryggja, að sá hluti hagnaðarins, sem umfram verður rekstrarkostnaðinn, renni að verulegu leyti til útgerðarinnar aftur. Að þessu miða brtt. við 6. gr. og sömuleiðis brtt. við 8. gr.

Ég hygg, að það sé ekki fleira, sem fram þarf að taka, en vil vænta þess, að d. geti samþ. þessar brtt.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vil bara þakka fjhn. fyrir góða afgreiðslu málsins og það, að hún hefir viljað mæla með þeim brtt., sem ég hefi lagt fram frá þeirri stjórn, sem þegar hefir verið skipuð fyrir stríðstryggingafélag ísl. skipshafna, og vil vænta þess, að frv. nái fram að ganga hér í hv. d.

ATKVGR.

Brtt. 413,1 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 413,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 413,3 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 413,4 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 413,5 samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 83. fundi í Nd., 14. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed (A. 440).

Á 84. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 22. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., 23. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 440, n. 539).

Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Fjhn. hefir haft þetta frv. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna til meðferðar og orðið ásátt um að leggja til, að það verði samþ. óbreytt.

Frv. kom frá hv. Ed., en var fyrst bráðabirgðal., sem ríkisstj. setti í haust, eftir að ófriðurinn brauzt út, sem voru síðan í frv.formi lögð fyrir Ed., og tóku þau þar nokkrum breyt.

Fjhn. þessarar d. hefir kynnt sér frv., en hefir ekki séð ástæðu til að gera neinar breyt. við það og leggur því til, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 23. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi.

Á 94. fundi í Nd., 27. des., utan dagskrár, eftir að 4 fyrstu dagskrármál höfðu verið afgr. til 2. umr., mælti

***Ísleifur Högnason:** Herra forseti! Ég vil leyfa mér að gera hér aths. utan dagskrár. Af gerðabók Nd. frá 93. fundi deildarinnar, þar sem þessi mál voru til afgreiðslu (frv. um fiskimálanefnd o. fl., frv. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna, frv. um fræðslu barna og frv. um útvarpsrekstur ríkisins), sést það, að afbrigði hafa verið leyfð með 15 shlj. atkv. En til þess að mál fái löglegan framgang þarf a. m. k. 17 atkv.

***Forseti (JörB):** Ég hefi ekki kynnt mér þetta sérstaklega, en annars er það venja að veita afbrigði, þótt lagabókstafnum sé ekki fylgt nákvæmlega, og hefir ekki komið að sök, ef fundur er rétt boðaður og að öðru leyti lögmætur.

***Ísleifur Högnason:** Ég vænti þess að fá úrskurð hæstv. forseta um þetta, hvort rétt hafi verið með málin farið og þau fengið löglega afgreiðslu.

***Gísli Sveinsson:** Ég vil geta þess í sambandi við ummæli þess hv. þm., er síðast talaði, að fundur sá, sem rætt er um, var löglega settur og lögmætur. Og þegar svo er, þá er það hrein undantekning, ef nokkur þm. neitar afbrigðum.

64. gr. þingskapa mælir svo fyrir, að breyta megi út af þingsköpum, ef ráðh. leyfir. Það er alkunnugt, að oft er brugðið út af þingsköpum, þótt ráðh. sé ekki viðstaddur, og veita þingdm. afbrigði, þótt bókstafur þingskapa sé ekki haldinn.

*Ísleifur Högnason: 48. gr. stjskr. mælir svo fyrir: „Hvorug þingdeildin getur gert samþykkt um mál, nema meira en helmingur þingdeildarmanna sé á fundi og greiði þar atkv.“ — Ég býst við, að þm. ekki síður en aðrir séu seldir undir stjskr., og ég verð því að mótmæla afgreiðslu þessara mála.

Bergur Jónsson: Ég skal ekki blanda mér inn í, hvernig hæstv. forseti vill snúast við því, ef álitið verður, að ekki hafi verið fengin réttilega afbrigði á fundinum á Þorláksmessu. En ég vil benda á annað atriði. Þáverandi forseti, 1. varaforseti þessarar d., lýsti yfir, að eitt mál, sem var þá til 3. umr., frv. til l. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, væri samþ. sem l. með 16 shlj. atkv. Það er mjög alvarlegt atriði, ef álita verður, að eigi hafi verið fengin réttilega afbrigði á fundinum á Þorláksmessu. En ég vil benda á annað atriði. Þáverandi forseti, 1. varaforseti þessarar d., lýsti yfir, að eitt mál, sem var þá til 3. umr., frv. til l. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, væri samþ. sem l. með 16 shlj. atkv. Það er mjög alvarlegt atriði, ef álita verður, að eigi hafi verið næg þátttaka í þeirri atkvgr., því málið hefir þá eigi hlotið fullnaðarsamþykkt við 3. umr., því að vel má hugsa sér, að hæstv. stj. sjái sér ekki fært að mæla með því við konung, að hann staðfesti frv. sem l., og verði þá að grípa til bráðabirgðalaga eða eiga það á hættu, að einhverjir, sem eiga að greiða eitthvað samkv. þessum ákvæðum, leggi það fyrir dómstólana, hvort þetta séu gildandi l. Ég fyrir mitt leyti tel rétt að fylgja þeim skilningi, sem alltaf, að því er ég veit bezt, hefir komið fram við stjórn hæstv. aðalforseta d., samkv. 44. gr. þingskapa og 48. gr. stjórnarskrárinnar, að óhjákvæmilega verði að krefjast eftir orðum þessara ákvæða, að meira en helmingur þeirra þm., sem eiga að skipa d., taki þátt í atkvgr. Þetta er í fullkomnu samræmi við þá venju, sem fylgt hefir verið í d. síðan 1935, að óhjákvæmilegt væri, til þess að d. væri ályktunarfær, að 17 þm. tækju þátt í atkvgr. Ég vil þess vegna beina því til hæstv. forseta, að ef ekki er hægt að fá tryggilega um það búið í framtíðinni, að fylgt sé fastri venju um þetta atriði, þá kveði hann upp úrskurð um þetta, því að óvissa um annað eins atriði og þetta, hvenær þd. er ályktunarfær, má alls ekki eiga sér stað í þinginu, því að það er eitt höfuðatriðið viðvíkjandi því, hvernig á að afgr. mál.

Ég vil geta þess, út af því, sem fram kom í ræðu hv. þm. V.-Sk., að þar sem hann vildi telja þá menn, sem hafa tilkynnt forföll, sem forseti telur lögmæt, algerlega utan d., þannig, að ekki þurfi meiri hl. allra þdm., þá væri það regla, sem ekki væri hægt að stöðva sig á. Ef við hugsuðum okkur, að 28 þdm. væru fjarverandi, en 5 viðstaddir, þá gæti meiri hl. þeirra, eða 3 þdm., gert löglega ályktun í d., en ég býst við, að flestir hljóti að sjá, að slíkt er fjarstæða ein.

Forseti (JörB): Ég vona, að menn ræði nú ekki lengi um þessi þingskapaatriði, en ég vil gjarnan eiga tal við aðra forseta um svona löguð mál.

*Gísli Sveinsson: Ég tel ekki þörf á að halda uppi umr. sérstaklega um þessi atriði utan dagskrár, sem eru algerlega þess eðlis, að sá forseti, sem er í forsetastóli, á með að fylgja þeim skilningi, sem hann telur réttan.

Hv. þm. Barð. kom inn á annað atriði en það, sem fyrst var gerð aths. um. Það stendur fast, sem ég hefi sagt viðvíkjandi 64. gr. þingskapa, að henni hefir ekki verið framfylgt, en talið, að lögmæt afbrigði væru fyrir hendi, þó að leyfi ráðherra kæmi ekki til, því að ráðherrar geta ekki fremur en aðrir samþ. neitt, þar sem þeir eru ekki viðstaddir. Sá forseti, sem oftast stjórnar hér fundum, hæstv. aðalforseti d., hefir haft þá reglu, að telja það ekki nauðsynlegt, þegar aðeins hefir verið um afbrigði að ræða, en ekki málið sjálft, því að hvort sem afbrigðin eru leyfð eða ekki, þá er meðferðin sú sama, — menn geta gert við málefnin hvað sem þeir vilja, fellt þau eða samþ. eftir vild, svo að það út af fyrir sig áhrærir ekki framgang málefnanna. Hitt atriðið er annað, hvort framfylgja skuli 44. gr. þingskapa þannig, að þegar þm. hafa lögmæt forföll til fjarvistar, þá þurfi ekki að taka atkvæðatöluna eins strangt eins og þegar enginn er burtu með leyfi. En þess er þó að gæta, að orðalag 44. gr. er ekki einhlítt, ef því er að skipta. En vilji menn hafa þá reglu, sem verið hefir algengust hingað til, að óhjákvæmilegt sé í Nd. að fá 17 atkv. af 33, minna nægi ekki til lögmætrar samþykktar, þá hefi ég sem þm. ekkert við því að segja og mundi sem þm. ganga inn á hjá forseta og þm., að önnur regla gilti en sú, sem ég tel rétta. Ég vil þó benda á, að síðari málsgr. 44. gr. tekur engan veginn alveg af skarið um að heimta meira en helming dm., þó að þessari málsgr. hafi verið beitt þannig af þessum hæstv. forseta. Þar stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Engin ályktun er lögmæt nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni.“

Hér er ekki sagt skýrum stöfum „þingdeildarmenn“, heldur „fundarmenn“, þeir, sem eru á fundi.

Að öðru leyti legg ég það í vald d., að hún nú í samráði við hæstv. forseta afgeri það, að mynda fasta reglu um þetta, sem ekki megi hvika frá, þó að þm. séu fjarstaddir á löglegan hátt og með fullu leyfi.

Bergur Jónsson: Ég vil aðeins benda á, að ekki má rugla saman 1. og 2. málsgr. 44. gr. þingskapa. 1. málsgr. er um það, hversu margir þm. d. þurfi að vera viðstaddir og taka þátt í atkvgr., til þess að ályktun sé lögmæt. 2. málsgr. er aftur á móti um það, hversu margir af þm. skuli taka þátt í atkvgr. Ég vona, að hæstv. forseti athugi þetta í sambandi við þetta frv., því að það getur haft alvarlegar afleiðingar, ef þetta frv. álízt ekki löglega samþ., og í öðru lagi er óhjákvæmilegt að fá fasta reglu, sem alltaf sé farið eftir um það, hvenær þingdeild er ályktunarfær.

Forseti (JörB): Út af þessum ummælum hv. þm. Barð. skal ég geta þess, að ég mun eiga tal við forseta um þessi atriði.

Viðvíkjandi afbrigðunum, þá er það alveg rétt, sem hv. þm. V.-Sk. tók fram, að ekki hefir verið unnt að framkvæma bókstaflega það atriði þingskapa, að fá leyfi ráðh. fyrir afbrigðum, því að eigi hefir ætíð verið unnt að ná í þá, og hefir þá verið látið við það sitja, að fá þá lögskyldu tölu þm. fyrir afbrigðunum, og ekki frekar um það fengizt, enda getur þingið í meðferð mála komið fram vilja sínum, því að afbrigðin fela aðeins í sér leyfi til að taka málið fyrir og eru því í því fólgin að flýta fyrir málinu, en þingið á eftir eigi að síður að ræða málið sjálft, og er því engan veginn hægt að leggja svo mikið upp úr þeim strangasta skilningi hvað þetta áhrærir.

Bergur Jónsson: Ég vil bara benda á út af því, að hv. þm. V.-Sk. vitnaði í 64. gr. þingskapa, þar sem veitt er heimild til að bregða frá þingsköpum, að í þeirri gr. stendur svo, með leyfi hæstv. forseta: „Afbrigði mega þau ein vera, er eigi koma í bága við stjórnarskrána.“ Ef 48. gr. stjórnarskrárinnar er svo skilin eins og hæstv. 1. forseti d. hefir gert, þá hafa afbrigðin ekki verið réttilega samþ., af því að það kemur í bága við stjórnarskrána.

Gísli Sveinsson: Hv. þm. Barð. hlýtur að hafa tekið eftir, fyrst hann les nú þingsköp svo nákvæmlega, sem ekki hefir komið eins glöggt fram áður við ýmis tækifæri, að það eru alveg sömu skilyrði til, að ráðh. veiti afbrigði, eins og með tölu þm. Eftir ákvæðinu um leyfi ráðherra hefir ekki verið farið, enda getur verið, að svo standi á, að rétt sé að skáka þar til, þar sem það hefir ekki áhrif á úrslit málsins.

Á 96. fundi í Nd., 29. des., var frv. tekið til atkvgr. á ný, við frh. 3. umr.

Forseti (JörB): Það varð samkomulag milli forseta þingsins um það, að endurtaka atkvgr. um þetta mál, til þess að taka af öll tvímæli um afgreiðslu þess.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 608).

***Einar Olgeirsson:** Það er aðeins í sambandi við þetta, sem nú hefir verið gert, að greiða aftur atkvæði um frv. um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, sem ég vil segja nokkur orð viðvíkjandi atkvgr. um önnur mál hér í hv. d.

Eins og hæstv. forseta er kunnugt, var þetta mál afgr. á þeim sama fundi, sem fjögur frv. lágu fyrir til umr. Hv. 4. landsk. vakti þá athygli á því, að það mundi hafa verið mjög tæpt um, að það væri lögleg afgreiðsla að taka þau mál fyrir á þeim fundi. Og síðar vakti hv. þm. Barð. athygli á því, að samþykkt á þeim l., sem nú hefir verið endurtekin, væri mjög varhugaverð. Nú hefir hæstv. forseti látið endurtaka þessa atkvgr., til þess að ganga úr skugga um, að þetta frv. væri raunverulega gert að l.

Ég vil nú spyrja hæstv. forseta, hvernig það sé um hin málin, sem ég gat um og afbrigði voru veitt fyrir á áminnztum fundi til 1. umr. Það gilda í raun og veru um þær atkvgr. alveg sömu reglur, og það var jafnvel ennþá minni þátttaka í atkvgr. um þessi afbrigði heldur en samþykkt frv., sem nú var endurtekin samþykkt á. Ég vil þá spyrja um það, hvort hæstv. forseti hefði hugsað sér að láta endurtaka að einhverju leyti það, sem þá fór fram um atkvgr. um þessi afbrigði, til þess að vera öruggur um, að þessi l. frá þinginu séu gildandi. En þetta voru frv. um fræðslu barna, rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna, útvarpsrekstur ríkisins og fiskimálanefnd.

***Forseti (JörB):** Ég vil vona, eftir þeim umr., sem hafa orðið um þessi atriði, að hv. þdm. geti látið sér lynda þá afgreiðslu á þeim, sem þau hafa nú þegar fengið og munu fá hér í þinginu, og að það gerist ekki ástæða til þess að fjölyrða öllu frekar um það heldur en orðið er. Sú atkvgr., sem fram fór um þessi mál og hv. 5. þm. Reykv. hefir minnzt á hér, var aðeins um afbrigði. Og þó að menn kynnu að hafa skiptar skoðanir um atkvgr. um þessi afbrigði hvað atkvæðatölu snertir, þá er það mál allt annars eðlis heldur en atkvgr. sú, sem hér var endurtekin nú, þar sem þetta er á byrjunarstigi mála við 1. umr., og ekki hefir alltaf verið fylgt strangasta formi í því efni, að leita afbrigða fyrir flutningi mála. Þarna skakkar ekki svo verulegu máli frá því, sem stundum hefir orðið að eiga sér stað, að mér þess vegna sýnist ástæða til að gera það að umtalsefni hér, þar sem þessi atkvgr. um afbrigði er framkvæmd á byrjunarstigi málanna. Afbrigði í þessu efni voru um að stytta þann frest, sem á eftir þingsköpum að líða frá því máli er útbýtt og þangað til það er rætt. Og þessi frestur er ákveðinn í þingsköpum með það fyrir augum, að þm. gefist kostur á að kynna sér málin áður en þau koma til meðferðar þingsins. En þrásinnis hafa verið veittar heimildir til þess að stytta þennan frest. Og í þetta sinn, sem hér er um að ræða, var það svo, að þau atkv., sem fram komu, voru öll, eða svo að kalla öll, með afbrigðunum. Og við meðferð þessara mála hefir komið í ljós, að mikill meiri hluti þingsins hefir verið þessum málum fylgjandi. Og þó að hv. þm. líti svo á, að fleiri atkv. hefðu verið æskileg með afbrigðum þessum, þá vona ég, að þeir fallist á, að hér sé ekki um svo stórvægilegt atriði að ræða, að það þurfi að fjölyrða um það frekar.

---

38. Hitaveita Reykjavíkur.

Á 54. fundi í Ed., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um hitaveitu Reykjavíkur (stjfrv., A. 263).

Á 55. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Þetta frv. er bundið við framkvæmdir á hitaveitunni í Reykjavík, svo sem hv. þm. er kunnugt. Það er langt síðan það komst á döf og hafinn var undirbúningur að því, að hægt væri að koma upp hitaveitu í Reykjavík. Á Alþ. 1938 voru afgr. heimildarl. fyrir ríkisstj. til að takast á hendur ábyrgð fyrir væntanlegri lántöku til hitaveitu í Reykjavík, en það fór svo, að lán fékkst ekki til hitaveitunnar samkv. þessum l. En það kom í ljós, að danskt firma, Höjgaard & Schultz, myndi vera fúst til að taka að sér framkvæmd verksins með vissum skilyrðum, sérstaklega í sambandi við Handelsbanken í Khöfn. Í þessu skyni fóru þeir utan, borgarstjórinn í Reykjavík (PHalld), hæstv. fjmrh. (JakM) og Magnús Sigurðsson, bankastjóri Landsbankans. Þeir gerðu samninga við framangreint firma í Khöfn um, að það tæki að sér að vinna verkið. Samtímis voru og gerðir samningar við Privatbanken í Khöfn, sem hafði forustuna um að leggja fram fé til verksins. En í sambandi við lántöku til hitaveitunnar var snúið sér til ríkisstjórnarinnar. Hún taldi nauðsyn bera til að gefa út l. til þess að verkið yrði framkvæmt. Það voru færð rök fyrir því, að það væri nauðsynlegt, bæði fyrir ríkið sjálft og bæjarfélag Reykjavíkur, sem fyrst og fremst myndi verða aðnjótandi hitaveitunnar, að þessi l. væru gefin út. Það var ekki unnt að hefja framkvæmd verksins með væntanlegri ábyrgðarheimild frá Alþ. fyrr en slík heimildarl. lægju fyrir. Það þurfti að fá heimild til þess að grafa fyrir hitalögnum í lóðum einstakra manna, og það hefði verið örðugleikum bundið að semja við hvern lóðareiganda út af fyrir sig o. s. frv.

Hv. borgarstjóri Reykjavíkur ritaði ríkisstj. hinn 27. júní síðastl. bréf um þetta efni, þar sem farið var fram á, að gefin væru út bráðabirgðal. í samræmi við þann samning, sem Reykjavíkurbær hafði gert við danska firmað Höjgaard & Schultz og danska lánveitandann. Ríkisstj. varð við þessari beiðni eftir ýtarlega athugun og gaf út þau bráðabirgðal., sem í þessu frv. er farið fram á, að verði staðfest af Alþ.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni þessara laga. Þau eru ljóst og skilmerkilega orðuð, og ég hygg, að öllum komi saman um, að það var næsta mikil nauðsyn að gefa út bráðabirgðal. um þetta, svo að hægt væri að byrja á verkinu og hefja framkvæmdir við hitaveituna. Það mun hafa verið vilji bæði löggjafanna og stjórnarvaldanna, að þetta mál næði fram að ganga sem fyrst.

En síðan hafa gerzt þeir viðburðir, að stríð er skollið á í Evrópu, sem alkunnugt er, og var þá búizt við, að ýmsir erfiðleikar myndu koma til skjalanna, er tefðu framgang verksins. Þegar ég var í Khöfn í septembermánuði síðastl., átti ég tal við aðalmanninn frá Höjgaard & Schultz og einn af bankastjórunum við Handelsbanken ásamt sendiráðsfulltrúa Íslands í Khöfn, Jóni Krabbe. Þá ræddum við um þær breyt., sem þyrfti að gera á bráðabirgðal. um þetta efni, sem þá höfðu nýlega verið gefin út, bæði í samræmi við þær áætlanir, sem gerðar höfðu verið, og samningana milli Reykjavíkurbæjar og danska firmans, einkum vegna þess ástands, er þá var yfirvofandi og búast mátti við, að hefði í för með sér, að verkið yrði allmiklu dýrara en upphaflega hafði verið áætlað. Þegar ég kom heim til Íslands, ræddi ég við starfsbræður mína í ríkisstj. um þessi atriði, og kom okkur saman um, að gera þyrfti 3 breyt. á bráðabirgðal., og samkv. viðtali við hina dönsku verktaka og lánveitendur kom í ljós, að áætlunin um kostnað við verkið, sem gerð hafði verið í fullu samráði við bæjarverkfræðing Reykjavíkur, myndi verða of lág. Vegna styrjaldarinnar reyndist verkið mundu verða 1,3 millj. kr. dýrara heldur en upphaflega hafði verið áætlað. Borgarstjórinn í Reykjavík ritaði þá félagsmálaráðuneytinu bréf, og í því var farið fram á, að Reykjavíkurbæ yrði leyft að taka hærra lán heldur en upphaflega hafði verið ætlazt til. Með bréfi félmrn., dags. 7. okt. síðastl., var Reykjavíkurbæ heimilað að hækka lánsupphæðina til hitaveitunnar upp í 9 millj. í dönskum kr.

Ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fara út í þær breyt. á frv., sem leiddi af því samkomulagi, er gert var milli danska verktakans og Reykjavíkurbæjar og íslenzka ríkisstj. hefir fallizt á. Þó skal ég geta þess, að það er nokkur umorðun í 4. gr., sem fjallar um rétt verktaka til að taka verkið í sínar hendur, ef lánið yrði ekki greitt af hálfu Reykjavíkurbæjar á tilskildum tíma. Sömuleiðis er smábreyt. í 6. málsgr. 7. gr., sem einnig mun þykja nauðsynlegt að gera. Loks er 8. gr. frv., þar sem ræðir um upphæð þess láns, er ríkið gengur í ábyrgð fyrir. Það þarf bæði að hækka þá upphæð frá því, sem þar er gert ráð fyrir, og líka að ganga inn á, að sú upphæð verði í dönskum krónum, þar eð lánið er tekið í Danmörku, og óvíst er, nema hlutfallið milli danskrar og íslenzkrar krónu kunni að einhverju leyti að raskast meðan lánið og verksamningar verða í gildi.

Ég mun gefa þeirri n., sem um þetta frv. fjallar, þær upplýsingar, sem hún kann að óska, og vona, að hún verði sammála um þær brtt., sem ríkisstj. getur fyrir sitt leyti fallizt á, eða telur nauðsynlegt að gerðar verði. Ég legg svo til, að þessu frv. verði að þessari umr. lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 263, n. 332, 345).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 345. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Jónsson): Þetta er stórt mál, er hér liggur fyrir hv. deild, en þó mun ég naumast þurfa að halda langa ræðu.

Frv. er borið fram samkv. 23. gr. stjskr. og ræðir aðallega um bæjarfélag Rvíkur og verklegt fyrirtæki þess, hitaveituna. Bráðabirgðalög um hitaveituna voru gefin út í sumar í skjóli þess, að hægt væri að hefja verkið, og frv. er bara staðfesting á þessum bráðabirgðal. Fjhn. hefir

rætt málið og fallizt á, að brtt. verði samþ. Brtt. eru að mestu leyti umorðanir. Efnisleg breyting er brtt. III. við 8. gr. (þskj. 332), þar sem farið er fram á að hækka ábyrgðarheimild ríkisins úr 8,5 millj. ísl. kr. upp í 9 millj. danskra kr. Þetta er mikil hækkun, sem þingið verður að taka afstöðu til. Það þarf auðvitað engum getum að því að leiða, hvernig á þessari hækkun stendur. Stríðið, sem nú geisar, hefir hækkað allt efni til hitaveitunnar, og það er ekki fyrirsjáanlegt, hve miklu hækkunin muni nema áður en lýkur, og jafnvel tvísýna um sjálft verkið. Hækkunin er að vísu mikil, en hún er ekki óeðlileg. Menn verða að taka henni, enda hefir engum dottið í hug, að hætt yrði við verkið hennar vegna. Nefndin hefir borið fram eina brtt. (I. tölul., við 3. gr. frv., á þskj. 332), að í stað byrjunarinnar á 2. málsgr.: „Bæjarstjórn getur ... heimæðakostnaðinn" komi: Bæjarstjórn sér um lagningu heimæða og getur samið við húseiganda um, að hann greiði heimæðagjaldið. — Brtt. þarf engrar skýringar við, en orðalag frv. er þarna dálítið óskýrt. Nefndin hefir því gengið frá málinu með þeim brtt. á þskj. 332, sem skýrt hefir verið frá, en hv. 1. þm. Eyf., sem skrifaði undir nál. með fyrirvara, hefir bætt við 8. gr. einni brtt., um að ábyrgðarheimild ríkisins verði bundin við 90% af stofnkostnaði sem hámark. Um þessa brtt. hv. 1. þm. Eyf. sé ég ekki ástæðu til að ræða, fyrr en hann þá sjálfur hefir gert grein fyrir henni.

Bernharð Stefánsson: Eins og nál. á þskj. 332 ber með sér, þá hefi ég skrifað undir það með fyrirvara. Hann gildir þó ekki málið í heild, því að ég vil mæla með því, að það verði samþ. Ég hefi fallizt á brtt. í nál. og sömuleiðis hefi ég greitt þeirri brtt. atkv. mitt, sem er aðalatriðið í þessu máli, en það er hækkun ábyrgðarheimildarinnar úr 8,5 millj. ísl. kr. upp í allt að 9 millj. danskra kr. Það, sem fyrir mér vakir með brtt. minni á þskj. 345, er, að ákvæði fyrri laga um svipuð efni haldist, að ábyrgðarheimild ríkisins fari ekki fram úr 90% af stofnkostnaði fyrirtækisins.

Það hefir verið venja undanfarið um mörg fyrirtæki, sem fengið hafa ríkisábyrgð, að samskonar ákvæði hafa verið sett og ríkisábyrgðin ekki látin ná yfir allan stofnkostnað fyrirtækisins. Svo var um rafveitu Akureyrarbæjar og svo hefir verið um ýms önnur fyrirtæki, er hlotið hafa ríkisábyrgð. Það er einkum samræmisins vegna, að ég hefi borið fram þessa brtt., en ekki til þess að setja fót fyrir þetta verk. Ég hygg, að bæjarfélaginu muni ekki vera það ofvaxið að leggja fram 10% af stofnkostnaðinum. Undirbúningur allur að fyrirtækinu telst til stofnkostnaðar, og þann kostnað leggur bæjarfélagið fram án þess að taka af láninu. Það myndi því að engu skaða fyrirtækið, þótt till. mín væri samþ. Að öllu athuguðu þykir mér þess vegna réttast, að bæjarfélagið leggi fram 10% stofnkostnaðarins, eins og áður hefir verið venja, er svipað var ástatt.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég vil mælast til þess við flm. till., hv. 1. þm. Eyf., að hann taki till. aftur til 3. umr. Mér er kunnugt um, að kostnaðaráætlun hitaveitunnar var endurskoðuð, og niðurstaðan varð sú, að áætlunin til efniskaupa var hækkuð um 1,3 millj. og stofnkostnaðurinn var áætlaður um 10 millj. Ég mun við 3. umr. þessa máls geta lagt fram ýtarlega greinargerð um þetta, en nú þegar skal ég geta þess, að það mun geta valdið örðugleikum, ef sett eru inn í lögin ákvæði um takmörkun ábyrgðarheimildarinnar. Ófriðurinn hefir valdið því, að ástæða er til að ætla, að slíkt ákvæði myndi torvelda lántökuna.

Bernharð Stefánsson: Ég skal verða við tilmælum hæstv. fjmrh. og sé ekki ástæðu til að ræða till. mína fyrr en fyllri upplýsingar liggja fyrir við 3. umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv
Brtt. 332,I samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 332,II samþ. með 11 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 332,III (ný 8. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
— 345 tekin aftur til 3. umr.
9.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 354, 345).

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Með tilvísun til þess, sem ég sagði hér við 2. umr. viðvíkjandi brtt. hv. 1. þm. Eyf. um að takmarka ábyrgðina við 90% af stofnkostnaði, get ég nú upplýst, að samkv. áætluninni er gert ráð fyrir, að leggja verði fram til stofnkostnaðar hitaveitunnar — og er sumpart búið að leggja það fram — allt að 1420000 dönskum krónum, þar með talin hitaréttindi og boranir, sem hefir verið langt til 300000 kr., og tollar 400000 kr., sem maður veit ekki með vissu, hvernig verður með, vegna hugsanlegra breytinga á verði í sambandi við verðtoll, og svo ef reiknað verður samkv. tollskránni að viðbættum flutningskostnaði. Ef til vill er áætlunin rífleg samkv. því, sem var, en að öllum líkindum verður það ekki meira.

Ég veit ekki, hvort hv. þdm. kæra sig um að heyra nánar gert grein fyrir þessu. Það er tiltölulega létt. Það er aðallega vinna hér við húsalagnir: Heimæðar, gröftur fyrir rennum, pípulagnir utanhúss og einangranir utanhúss, mælaprófunarstöð og innanhúslagnirnar sjálfar, vinnan við þær, því efnið er tekið með í þá upphæð, sem lánið er veitt fyrir. Þetta eru samtals 1420000 kr. Lánið er 9 millj. króna, svo þetta verður samtals 10420000 kr., svo það er rúmlega 1/10 hluti, sem beðið er um að leggja fram, auk lánsins, sem tekið verður.

Ég hefi ástæðu til að ætla, að það geti valdið nokkrum erfiðleikum um þá viðbótarlánveitingu, sem verður leitazt fyrir um, ef ábyrgðarheim-

ildin verður takmörkuð. Hinsvegar veit ég, að hv. deild getur treyst ríkisstj. til þess að framfylgja vilja hennar þannig, að ekki komi til með nema þennan tíunda hluta, sem hér um ræðir, nema eitthvað óhjákvæmilega breytist. Vil ég því leyfa mér að óska þess, að brtt. verði dregin til baka.

Bernharð Stefánsson: Þessi skýrsla hæstv. ráðh. gefur það ótvírætt til kynna, að bæjarfélagið verður að leggja fram, ekki einasta 10% af stofnkostnaði hitaveitunnar, heldur meira. Hinsvegar telur hann óheppilegt, að það ákvæði sé í lögunum, að ábyrgðin takmarkist við 90%, og þar sem ég tel, eftir að hafa heyrt ræðu hæstv. ráðh. og skýrslu, að það sé öruggt, að tilgangi tillögu minnar sé náð, án þess að hún sé sett inn í lögin, og í trausti þeirra ummæla hæstv. ráðh., sem hann viðhafði síðast, um að snúa sér til Alþingis, ef eitthvað ber út af, þá sé ég ekki ástæðu til að vera að halda þessari tillögu minni til streitu og tek hana hér með aftur. (PZ: Ég tek hana upp).

Forseti (EÁrna): Brtt. á þingskj. 345 er tekin aftur af flm., en tekin upp aftur af hv. 1. þm. N.-M.

ATKVGR.
Brtt. 345 felld með 9:1 atkv.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 354).

Á 74. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og hv. d. er kunnugt, þá er þetta frv., sem hér liggur fyrir, næstum shlj. bráðabirgðal., sem gefin voru út af ríkisstj. til þess að auðvelda það, að hægt væri að leggja hitaveitu í Reykjavík.

Í bráðabirgðal. er greinargerð fyrir því, hvers vegna var hafizt handa um útgáfu l. í þessu skyni, en það stóð í sambandi við samninga, sem gerðir voru milli Rvíkurbæjar og að nokkru leyti ríkisstj. annarsvegar og verkfræðingafirma í Danmörku hinsvegar, um framkvæmd hitaveitu í Reykjavík.

Ég sé ekki ástæðu til að skýra frv. eins og það liggur nú fyrir, en það hafa verið gerðar á því ofurlitlar breyt. í Ed. samkv. till. ríkisstj. í samræmi við áætlanir, sem gerðar hafa verið upp á síðkastið, eftir að stríðið skall á, um hækkað verð, og einnig nokkrar breyt., sem gerðar hafa verið í samráði við verktaka og lánveitanda fyrirtækisins í Danmörku.

Ég vænti þess, að málinu verði vel tekið og því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 23. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 354, n. 577).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Þetta mál er komið frá Ed. og var afgr. þar ágreiningslaust. Fjhn. þessarar d. hefir haft málið til meðferðar, og er hún sammála um málið og leggur til, eins og nál. greinir, að það verði samþ.

Þetta var að sönnu nokkuð ágreiningsmál áður, en er það ekki lengur. Sá ágreiningur var sérstaklega um það, hvort ríkið ætti að ganga í ábyrgð fyrir fullri upphæðinni eða nokkrum hluta hennar, og var brtt. borin fram í Ed. um það, að ríkið ábyrgðist aldrei meira en 90% af lántökuheimildinni. Sú breyt. náði ekki fram í Ed., og þó að tveir af nefndarmönnum fjhn. hafi nú áskilið sér rétt til að bera fram brtt. um sama efni, geri ég ráð fyrir, að slík brtt. hafi ekki nein áhrif á samþykkt málsins. Ég vil ekki fara að rifja upp nein ágreiningsatriði málsins, heldur flytja þau boð frá n., að hún óskar að frv. verði samþ.

***Steingrímur Steinþórsson:** Ég skal ekki lengja umr. að óþörfu. Frsm. fjhn. hefir skýrt rétt frá áliti n. og einnig tekið réttilega fram, eins og vikið er að á þskj. 577, að ég og hv. 1. þm. Rang. höfum áskilið okkur rétt til þess að bera fram brtt. við frv. Það, sem fyrir okkur vakir, er að vísu gamalt ágreiningsmál, það, hvort ríkissjóður eigi að bera ábyrgð á öllu láninu til hitaveitunnar eða að nokkuð yrði að leggja fram án slíkrar ábyrgðar. Við 3. umr. munum við bera fram brtt. um, að ábyrgðin nemi aldrei meira en 90% af því, sem til hitaveitunnar verður varið. Læt ég þessi orð nægja að svo stöddu.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Út af fyrirvara í nál. og ummælum hv. 2. þm. Skagf. um brtt. við 3. umr. skal ég taka fram, að í Ed. gerði ég grein fyrir því, að þessi ábyrgð nær ekki til alls stofnkostnaðar við hitaveituna, heldur munu fyllilega 10% af honum vera þar fyrir utan. Samkv. upplýsingum frá bæjarverkfræðingi eru það um 1400 þús. kr., sem gert er ráð fyrir, að aflað verði öðruvísi til hitaveitunnar. Eftir því, sem málin hafa staðið til skamms tíma, má gera ráð fyrir, að ef þessi 90% takmörkun yrði sett, þá gæti það orðið til að skapa erfiðleika við samninga, sem ekki er fullgengið frá, um lánið. Ég vildi mega vænta þess, að þessir tveir hv. þm. athuguðu vel fyrir 3. umr., hvort þeir geta ekki fallið frá brtt., og er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að gefa allar upplýsingar.

Steingrímur Steinþórsson: Við vildum gjarnan hafa tal af hæstv. ráðh. um málið fyrir 3. umr., til þess að vita, hvernig í þessu liggur.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Nd., 27. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 354, 611).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 611. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*__Steingrímur Steinþórsson:__ Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ég og hv. 1. þm. Rang. hefðum áskilið okkur rétt til að bera fram brtt. um, að ábyrgð ríkissjóðs yrði takmörkuð við 90% af kostnaðarverði. Hæstv. fjmrh. gaf þá þær upplýsingar, að það mundi verða lögð fram allmikil upphæð, þar sem ábyrgð ríkisins kæmi ekki til, þó að það væri ekki tekið fram í l. Nú höfum við hv. 1. þm. Rang., sem skrifuðum undir nál. fjhn. með fyrirvara, átt tal um þetta við hæstv. fjmrh., og hefir hann skýrt þetta nokkru nánar fyrir okkur og sagt okkur frá því, að stór upphæð yrði lögð fram, nokkuð á aðra millj. kr., án þess að ábyrgð ríkissjóðs kæmi þar til. Hinsvegar hefir hæstv. ráðh. getið þess, að það mundi ef til vill valda óþægindum við lántökur erlendis, ef þessi takmörkun yrði sett inn í frv. Því hefir verið óskað eftir, að ábyrgðarheimildin yrði ekki takmörkuð, og jafnvel, að ekki yrði tiltekin ákveðin fjárhæð.

Af því að við viljum ekki tefja málið, höfum við fallið frá að koma með þessa brtt. En það vil ég taka skýrt fram fyrir hönd okkar, og ég held, að óhætt sé að segja fyrir hönd alls Framsfl., að þetta þýðir ekki neina stefnubreyt. hjá okkur frá að líta svo á, að það eigi að vera algild regla við ábyrgð fyrir slík fyrirtæki, að jafnan sé einhver hluti upphæðarinnar, sem ábyrgð ríkissjóðs nær ekki til. En við teljum, að í þessu tilfelli liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um, að svo verði gert, þó að það sé ekki tekið fram í l.

Þetta er það, sem ég vildi taka fram hér. Þetta er ástæðan fyrir, að við höfum ekki borið fram brtt., en alls ekki hitt, að við höfum skipt um skoðun um, hvaða regla eigi almennt að gilda í þessu efni.

__Skúli Guðmundsson:__ Á Alþingi 1938 voru samþ. l., sem heimiluðu stj. að takast á hendur f. h. ríkissjóðs ábyrgð á láni til hitaveitu Reykjavíkur, að upphæð 6.3 millj. kr., ef ég man rétt. 12. ágúst s. l. hefir svo stj. gefið út bráðabirgðalög um hitaveitu Reykjavíkur, þar sem m. a. er fram tekið, að stj. sé heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán til bæjarstjórnar Reykjavíkur til þess að framkvæma lagningu hitaveitu, allt að 8½ millj. ísl kr., eða jafngildi þeirrar upphæðar í erlendri mynt. M. ö. o., þar er um að ræða rúmlega 2 millj. kr. hækkun á þessari ábyrgðarupphæð frá því, sem samþ. var á þingi 1938.

Nú hefir þetta mál verið lagt fyrir þingið í frumvarpsformi, og hefir það nú hlotið afgreiðslu í Ed., og hefir þessi ábyrgðarupphæð nú enn verið hækkuð stórkostlega, þar sem hún er nú samkv. 8. gr. þessa frv. orðin 9 millj. danskra kr., eða jafngildi þeirrar upphæðar í annari mynt, en eins og menn vita, þá mun þessi upphæð eftir núverandi peningagengi nema 11¼ millj. ísl. kr. Er það hér um bil 80% hækkun á þeirri upphæð, sem Alþingi samþ. að ábyrgjast fyrir 1½ ári síðan.

Þó að hér sé um svona stórt mál að ræða, hefir ekki orðið ágreiningur um það á Alþingi. Allir gera sér vonir um, að hér sé um að ræða gott fyrirtæki, fyrst og fremst fyrir höfuðstað landsins, sem vert sé að styðja. En í sambandi við mál eins og þetta er ekki úr vegi að rifja upp, að nú að undanförnu hefir mikið verið rætt og ritað um þá miklu fólksfjölgun, sem orðið hefir í kaupstöðum landsins, sérstaklega í Reykjavík, á kostnað annara landshluta. Hafa margir á það bent með réttu, að þessi straumur, sem verið hefir úr dreifbýlinu til kaupstaðanna, er ekki hollur. Hefir verið mikið um þetta talað og gert margt til að reyna að stemma stigu fyrir þessum straum, en við verðum að gera okkur ljóst, að ráðstafanir af hálfu löggjafar- og fjárveitingavaldsins eins og þær, sem hér er um að ræða, verða auðvitað alltaf til þess að örva þennan straum til kaupstaðanna. Það er eðlilegt, að fólkið leiti þangað, sem lífsþægindin eru mest; það er mannlegt og eðlilegt. Því er það, að eitt það allra sjálfsagðasta, sem þarf að gera til þess að vinna gegn fólksstraumnum úr dreifbýlinu, er að reyna að skapa einnig þar góð lífsskilyrði og þægindi, sem eru eitthvað í líkingu við það, sem kaupstaðirnir hafa að bjóða. Ég hefi því leyft mér að bera fram lítilsháttar brtt. við þetta frv., á þskj. 611. Ég vil geta þess strax, að í till. er prentvilla. Þar stendur, að brtt. sé við 18. gr., en á að vera 8. gr. Vil ég biðja hv. þm. að leiðrétta þetta. Þessi brtt. mín er um það, að við ákvæðin um heimild til að ábyrgjast lán fyrir hitaveituna bætist, að hitaveitunni sé skylt að greiða ríkissjóði þóknun, sem nemur ½% af ábyrgðarupphæðinni á hverjum tíma, og skuli verja þeirri upphæð til rafvirkjana eða hitaveitufram kvæmda annarstaðar á landinu.

Þetta er, að því er ég hygg, stærsta ábyrgðarheimild í einu lagi, sem ríkið hefir tekið á sig. Þegar það er athugað, held ég, að allir hljóti að verða sammála um, að þessi þóknun, sem hér er farið fram á, að hitaveitan greiði fyrir ábyrgð ríkisins, er lítilfjörleg samanborið við þau miklu fríðindi, sem bænum eru hér veitt umfram það, sem aðrir staðir hafa möguleika til að fá að svo stöddu.

Ég tel ekki nema sjálfsagt, ef þessi till. verður samþ. um þessa lítilfjörlegu þóknun, þá verði það fé notað til þess að greiða fyrir hliðstæðum framkvæmdum annarstaðar á landinu.

Ég get reyndar búizt við, að einhver hreyfi þeirri mótbáru, að hitaveitan geti ekki tekið á sig þessi útgjöld, hún muni ekki þola það. En ef þessi mótbára kynni að koma fram, vil ég benda á, að hún getur ekki staðizt. Því hefir verið haldið fram, og ég vona með réttu, að hér sé um mjög glæsilegt fyrirtæki að ræða. En ef það er byggt á svo veikri undirstöðu, að þetta gjald hafi nokkra raunverulega þýðingu fyrir fyrirtækið, þá tel ég, að ekki hafi verið og ekki sé verjandi fyrir Íslendinga að ráðast í þessar

framkvæmdir og binda lánstraust bæjar og ríkis á þennan hátt, sem gert verður með samþykkt þessa frv. Slík mótbára getur því ekki staðizt með nokkru móti, að hér sé verið að íþyngja hitaveitunni svo mikið, að hún fái ekki undir risið. Ég hefði talið eðlilegast, að hv. þm. Reykv. hefðu að fyrra bragði borið fram till. um einhverja slíka lítilsháttar þóknun til ríkisins fyrir þá stórkostlegu hjálp, sem bænum er veitt með slíkri ábyrgð, þar sem vitað er, að ekki er hægt fyrir bæinn að hrinda þessu máli í framkvæmd án þess að fá þessa aðstoð ríkisins. En þar sem ekki hefir bólað á slíkri till. við 3. umr. málsins í síðari d., þá hefi ég orðið til þess að bera þessa brtt. fram og vona, að hv. þm. Reykv., ekki síður en aðrir hv. þdm., fallist á, að þessi till. sé sanngjörn, og samþ. hana.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Út af brtt. á þskj. 611, sem hv. þm. V.-Húnv. var að enda við að gera grein fyrir, vil ég taka það fram, að um hitaveitumálið sjálft voru gerðir samningar milli Reykjavíkurbæjar annarsvegar og *milli Höjgaard & Schultz, sem er danskt firma,* hinsvegar og að nokkru í sambandi við danskan banka, Handelsbanken í Kaupmannahöfn. Og þó að því sé sleppt, hvort þessi brtt. er eðlileg eða *óeðlileg, sanngjörn eða ósanngjörn, þá gæti ég* búizt við, að samþykkt þessarar till. torveldaði framkvæmd samninga um hitaveituna. Eftir minni kynningu af þessum aðilum, sem eru mjög nákvæmir og engu má skakka við, þá get ég gert ráð fyrir, að þessir dönsku aðilar hreyfðu mjög ákveðnum andmælum gegn þessari till., ef hún væri sett inn í l. Ég vara því við að samþ. hana, þar sem hún gæti orðið til þess, að upp úr slitnaði um endanlega samninga milli Reykjavíkurbæjar og þess danska firma, sem hér á hlut að máli.

***Frsm. (Sigurður Kristjánsson):** Ég þarf litlu við það að bæta, sem hæstv. félmrh. sagði. Þetta mál er komið svo langt hvað samninga snertir, að ekki er þar hægt að gera neina röskun. Hvað viðvíkur því, að lánsupphæðin hafi hækkað, þá er því til að svara, að hv. þm. er kunnugt um, að gildi ísl. krónu hefir lækkað tvívegis síðan samningarnir voru gerðir, og þess vegna er ekki nema eðlilegt, að þetta fyrirtæki verði dýrara en gert var ráð fyrir í upphafi. Þar við bætist svo mikil verðhækkun á öllu efni vegna stríðsins.

Hv. þm. V.-Húnv. talaði um hættu, sem af því leiddi að auka lífsþægindi manna í kaupstöðunum, þar sem slíkt drægi fólkið um of til kaupstaðanna. Þetta eru ekki verulega gagnhugsuð rök. Í aðalatriðum er það vitanlega heppilegt, að lífsþægindin aukist sem mest, og það getur ekki blessazt að standa gegn slíku af ótta við það, að aðrir staðir dragist aftur úr og fólkið kunni þess vegna að leita þaðan. Hitt yrði þá heldur að reyna, að bæta úr á þeim stöðum líka, eftir fjárhagslegri getu. Ég skal nú ekki dvelja við þetta sérstaka atriði, en aðeins vil ég leggja áherzlu á það, að þar sem svo *mikill mannfjöldi* er samankominn eins og hér í Reykjavík, þá er það skylda hv. þm. að leggja sig fram um að reyna að sjá þessu fólki fyrir sem mestum lífsþægindum.

Nú er það svo, að það hefir lengi verið viðurkennt, að það fyrirtæki, sem hér er um að ræða, er ekki einungis mikilsvert fyrir Reykjavík, heldur landið allt og hag þess, því það er von manna, að í framtíðinni muni þetta fyrirtæki verða mjög mikið öryggi fyrir landsfólkið og auk þess spara mikið aðflutt efni til upphitunar.

Hvað brtt. frá hv. þm. V.-Húnv. viðkemur, þá vil ég segja það, að það er algert ósamræmi, sem ekki getur komið til mála að nokkur hv. þm. gangi inn á, að fara að leggja sérstakt ábyrgðargjald á einn aðila, sem fær ríkisábyrgð, en gera það ekki annars að reglu. Samkv. skrá, sem gerð var um ábyrgðir ríkissjóðs 1937, voru þær á því ári orðnar um 70 millj. króna, og þær ábyrgðir eru vitanlega hjá fjölda mörgum aðilum. Ef ætti að taka þessa aðferð upp, þá yrði vitanlega að taka *þetta gjald af öllum þeim,* sem nytu ábyrgðar ríkissjóðs. Annars má á það benda, að þegar slíkt gjald er tekið t. d. hjá bönkum, þá er alltaf miðað við áhættuna, sem *lánsstofnunin* tekur á sig, *og* það er hið eina eðlilega. En ef miðað væri við áhættuna, þá er ákaflega ósennilegt, að sú áhætta sé meiri fyrir ríkissjóð fyrir verulega gott fyrirtæki, eins og vitað er um hitaveituna, en fyrir ýms neyðarlán, sem tekin hafa verið af ýmsum mjög veikum lántakendum. Annars held ég, að það komi ekki til mála, að þessi till. fái fylgi, þegar af þeirri ástæðu, að það muni engum þykja eðlilegt, að hitaveitan sé tekin út úr, til að leggja á hana þetta gjald, þar sem slíkt gjald er ekki tekið af öðrum aðilum. Þessi till. er einskonar afturganga af frv., sem þessi hv. þm. flutti hér á Alþ. og hann mun nú kominn í skilning um, að ekki hafi verið tímabært (**SkG:** Ekki er svo).

Ég skal ekki fara út í að ræða þetta mál nánar, en vil að lokum taka það fram, að þessar leiðinlegu og sífelldu tilraunir til að leggja stein í götu málefna, sem snerta Reykjavík, eru orðnar úreltar. Það var ofarlega í hugum ýmsra hv. þm. og flokka að setjast að Reykjavík og þyngja róðurinn fyrir þessu bæjarfélagi. Nú er miklu meiri skilningur orðinn á þessu meðal flokkanna, en það er eins og þessi hv. þm. sé ennþá í fortíðinni og hafi ekki meðtekið ljósið í þessu efni, eins og aðrir.

***Skúli Guðmundsson:** Þeir Reykvíkingar, sem til máls hafa tekið, hafa tekið þessa till. nokkuð á annan veg en ég hafði vonazt eftir. Hæstv. félmrh. ræddi að vísu ekki efni hennar. Hann sagði aðeins mjög óákveðnum orðum, að hún gæti gert einhver óþægindi og myndi ef til vill torvelda framgang málsins og sæta andmælum frá einhverjum útlendingum.

Mér er ekki kunnugt um það, hvernig samningarnir eru, en ég vil í lengstu lög vænta þess, að við séum ekki bundnir við erlenda menn um okkar löggjöf. Orð hæstv. ráðh. um það, að upp úr kynni að slitna um samningana, þykja mér undarleg, því ég hefi skilið það svo, að það sé *búið að gera samningana, og* svo hitt, að það er byrjað á framkvæmd hitaveitunnar.

Hv. 6. þm. Reykv. segir, að málið sé svo langt

á veg komið, að ekki sé fært að gera á því neina röskun. Þetta er engin röskun. Hér er aðeins um það að ræða, að Reykjavíkurbær endurgjaldi mjög smávægilega þau miklu fríðindi, sem hann fær hjá ríkinu.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði út af ummælum mínum um fólksstrauminn til kaupstaðanna, að það mætti ekki standa í vegi fyrir framförunum. Hver er að tala um að standa á móti framförum? Ég hefi ekki hreyft neinum andmælum gegn þessari ríkisábyrgð. Og út af því, sem hv. þm. sagði, að slíkt gjald væri ekki tekið af öðrum, þá vil ég benda hv. þm. á það, að þó Alþ. hafi látið þetta niður falla hingað til, þá er það ekki við neitt bundið í þessu efni í framtíðinni, og ef þessi háttur yrði upp tekinn, þá sé ég ekkert eftir, að byrjað yrði á stóru fyrirtæki, ekki síst þegar því er yfir lýst, að hér sé um gott fyrirtæki að ræða, sem vel geti risið undir þessu. Ég vil ekki kannast við, að ég sé að reyna að leggja neinn stein í götu Reykjavíkurbæjar. Till. mín getur ekki skaðað neitt. Ég hefi bent á, að þetta fyrirtæki væri að allra dómi svo gott, að það gæti engin áhrif haft, þó að tekin yrði þessi lítilfjörlega þóknun, sem hér er farið fram á. Og hvað viðvíkur erlendum lánardrottnum, þá get ég ekki skilið, hvað þetta kemur þeim við. Ég álít, að þeir hafi svo góðar tryggingar, að þetta skipti þá engu máli. Og ég þykist vita, að alþm. hafi greitt atkv. með þessari ábyrgð í því trausti, að aldrei kæmi til, að ríkið þyrfti neitt að greiða af þessu láni. Ég álít af þessum ástæðum, að sú mótbára gegn þessari till., að hætta sé á, að verkið stöðvist, hún hafi ekki við neitt að styðjast. Hitt getur vel verið, að einhverjir af þeim mönnum, sem sérstaklega njóta þessarar framkvæmdar, vilji komast hjá að leggja nokkuð á sig til þess að aðrir landsmenn geti fengið að njóta hliðstæðra gæða.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég vil aðeins með nokkrum orðum árétta það, sem hæstv. félmrh. sagði um þessa till. Það vill svo til, að við tveir höfum nokkuð komið að þeim samningum, sem hér er um að ræða, ásamt dönsku lánveitendunum og þar með danska verzlunarmálaráðuneytinu. Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þm. á því, að þessi l. eru beinlínis einn þáttur í þessum samningum, þ. e. a. s. um lánið og ábyrgðina af hálfu danska ríkisins, sem hefir gengið í ábyrgð fyrir láninu samkv. l., sem þar um gilda í Danmörku. Það var beinlínis samið um það, hvað í þessum l. skyldi standa. Hér er ekki um það að ræða, að dönsk stjórnarvöld séu að hafa áhrif á íslenzka löggjöf, heldur er þannig við þetta fyrirtæki samið, að ég býst við, að það væru talin samningsrof, ef eftir á yrði bundinn baggi þessu fyrirtæki, sem ekki var gert ráð fyrir áður. Og þó að það sé að vísu rétt, að þetta fyrirtæki sé talið mjög gott og líklegt til að gefa góðan arð, þá er þess að gæta, að því er ætlað fyrst og fremst að borga sig upp á 8 árum, og fyrirtækið getur vissulega verið mjög glæsilegt, þó þetta reynist fullerfitt, þegar það bætist svo við, að stofnkostnaðurinn hefir sem kunnugt er hækkað um tvær millj. króna. Af því er ljóst, að það er ekki einungis formsins vegna, að lánveitandinn kynni að taka því illa, ef bætt yrði byrðum á fyrirtækið, því það er enginn vafi, að fyrirtækið getur átt allerfitt með að standa í skilum á þessum 8 árum, svo að beinlínis efnislega getur þetta verið athugavert, en eins og ég hefi þegar tekið fram, er þetta að forminu til alveg fráleitt.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég þarf að vísu fátt eitt að segja út af ræðu hv. þm. V.-Húnv., þar sem hæstv. fjmrh. hefir tekið það fram, sem mestu máli skiptir, en þó vildi ég aðeins taka það fram út af orðum hv. þm. V.-Húnv. um að aðvaranir mínar væru æðióákveðnar, að ég benti einmitt á það, að samþykkt slíkrar till. gæti orðið til að tefla framkvæmd málsins í tvísýnu. Þetta álít ég ekki lítið atriði. Og þó ég hafi enga heimild til að segja um það f. h. hinna dönsku samningsaðila, hvernig þeir líti á þetta, þá hefi ég fulla ástæðu til að ætla, að þarna sé lagt í hættu, sem gæti orðið til að torvelda framkvæmd málsins. Af þessum ástæðum vildi ég láta þessa aðvörun mína koma fram. Fleira þarf ég ekki að segja, en vísa að öðru leyti til ræðu hæstv. fjmrh.

***Skúli Guðmundsson:** Ég get náttúrlega skilið, að hæstv. ráðh., sem talað hafa, vilji að sem fæstu sé breytt í bráðabirgðalögunum. En það hafa nú samt orðið ýmsar breyt. á þeim, náttúrlega sú veigamesta um það, að ábyrgðarheimildin er hækkuð um 2 millj. króna, en auk þess hafa nokkrar breyt. verið gerðar á frv. í Ed., og ég get því ekki séð, að það sé nein ástæða fyrir hv. þm. að hlífast við að gera smávægilegar breyt. á frv. Og þó ég geri ekki ráð fyrir, að þeir hv. þm., sem styðja stj., vilji leggja stein í götu þessa máls, þá vil ég benda á, að Alþ. er ekki bundið við samninga, sem ríkisstj. hefir gert, í hverju smáatriði.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil aðeins taka það fram út af ummælum hv. þm. V.-Húnv. um, að á þessu frv. hafi verið gerðar nokkrar breyt. í Ed., að þær breyt., sem þar voru gerðar á frv., voru allar gerðar í samráði við verktaka og lánveitendur. Þessar brtt. eru þess vegna allt annars eðlis en brtt. hv. þm. V.-Húnv. Ég vil svo aðeins segja það, að þar sem ég þykist viss um, eins og hv. þm. V.-Húnv. sagði, að þeir þm., sem styðja stj., vilji ekki leggja stein í götu málsins, þá muni þeir geta fallizt á að tefla málinu ekki í neina tvísýnu með samþykkt þessarar till.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Af því að hv. þm. V.-Húnv. lét þau orð falla, að Alþ. væri að sjálfsögðu ekki bundið við samninga, sem ríkisstj. gerði, í hverju smáatriði, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að það var eftir fyrirmælum þingsins, sem ríkisstj. tók þátt í þessum samningum. Það er beinlínis áskilið í l. um hitaveituna, að ríkisstj. skuli taka þátt í samningum um lán til fyrirtækisins, og eingöngu vegna þessa tók ríkisstj. þátt í samningunum. Og það liggur í hlutarins eðli, að þegar þingið gefur ríkisstj. slíkt umboð, þá er þingið siðferðilega bundið við þá samninga, sem hún gerir.

*Skúli Guðmundsson: Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að í næstsíðustu málsgr. 7. gr. frv. segir: „Komi til þess, að veðhafi eða nýr eigandi taki fyrirtækið í sínar hendur, geta þeir rekið það með sama rétti sem bæjarstjórnin hafði, og getur hvorki bæjarstjórnin né önnur stjórnarvöld torveldað reksturinn á nokkurn hátt, og má þá ekki heldur leggja á hann nokkurt afgjald eða skatta, hvorki beint né óbeint.“ Nú vona ég, að það komi aldrei til, að fyrirtækið lendi í vanskilum, en ég vil aðeins benda á þetta, að þar sem það er sérstaklega tekið fram, að ef veðhafi eða nýr eigandi taki við rekstri fyrirtækisins, þá megi ekki leggja á það nein gjöld, en ekkert tekið fram um það að öðru leyti, að ekki megi leggja gjöld á hitaveitu Reykjavíkur, þá tel ég, að þetta sé til þess að styrkja mína skoðun á því, að það sé ekkert því til fyrirstöðu, að Reykjavíkurbær sé krafinn um þetta smávægilega gjald.

*Pétur Halldórsson: Þar sem það hefir komið fram í umr., að breyt. hafi verið gerðar á þessu frv. í Ed., þá vildi ég upplýsa það, að þær breyt., sem þar voru gerðar, voru til þess að færa frv. aftur til samræmis við það, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hafði samið um við lánveitendur og verktaka. Ríkisstj. hafði gert nokkrar breyt. á frv., en þar sem bæjarstj. hafði samið um þetta þannig, að lagafrv. var eitt atriði samningsins, og þær breyt., sem ríkisstj. vildi gera, voru ekki í samræmi við okkar samninga, þá var frv. breytt aftur í hið upprunalega form. Ef einhverjar breyt. yrðu samþ., sem ekki hefir verið samið um af hálfu bæjarstj., þá er það víst og öruggt, að það mætti heita brot á samningum. Ég vil þess vegna mæla mjög gegn því, að nokkrar breyt. verði gerðar á frv.

*Sveinbjörn Högnason: Það virðist koma í ljós við flutning þessa frv. eins og þessi l. hafi verið samin og fyrirskipuð af dönskum stjórnarvöldum, og ef Alþ. leyfi sér að gera á þeim nokkrar breyt., þá sé öllu til baka kippt.

Ég vil alveg mótmæla því, að ríkisstj. hafi vald til að binda hendur Alþ. á þennan hátt. Slíkt mun ávallt talið ósæmandi, og ef ríkisstj. hefir hagað sér á þennan hátt, að telja það gott og blessað að láta Dani segja sér þannig fyrir, þá vil ég mótmæla slíku framferði ríkisstj. Og ég vil ekki gefa mitt samþykki slíkri löggjöf, ef ekki má breyta nokkrum staf af því, sem þessum hæstvirtu mönnum hefir þóknazt að semja. Þetta er í alla staði svo ótilhlýðilegt, að ég álít sjálfsagt að gera á frv. þessa smávægilegu breyt., til að sýna það, að Alþ. lætur enga binda hendur sínar um það, hvernig einstök löggjöf sé gerð. Alþ. hefir hingað til ekki verið sú undirlægja Dana, að það sé nein ástæða til að ætla, að nú sé kominn sá andi inn á Alþ., að nú eigi að fara að lúta Dönum um það, hvort við eigum að leggja ákveðna skatta á fyrirtæki uppi á Íslandi. Það er þá eitthvað breytt hugarfar Íslendinga hér á Alþ., ef slíku verður ekki þegar í stað mótmælt. Annars er eitt af aðalatriðum málsins það, eins og hv. flm. tók fram, að ríkið gengur í svo stórfelldar ábyrgðir fyrir framkvæmdum Reykjavíkur, 12 millj. ábyrgð fyrir hitaveitu til viðbótar við 7 millj. lán til rafveitu, sem var svo rífleg, að hingað til hefir ekki allt rafmagnið verið notað, meðan við vitum, að beðið er eftir því í öllum héruðum landsins, að ábyrgð fáist á lánum fyrir rafveitur, hitaveitur og fleiri slíkar umbætur, þótt ekki sé nema lítið brot af þeirri upphæð, sem hér er um að ræða. Þá finnst mér ekki undarlegt, þó að farið sé fram á, að fyrirtækið borgi lítilsháttar fyrir ábyrgðina, í því skyni að flýta því, að ýmsir aðrir landsmenn verði sömu þæginda aðnjótandi. Það er réttlát og í rauninni sjálfsögð leið til að reyna að dreifa rafmagninu út um landið, leið, sem hefir verið farin í Noregi. Það er alls ekki rétt. að hér sé aðeins verið að skattleggja fyrirtæki, heldur er ríkisábyrgðin og gjald það, sem brtt. á þskj. 611 fer fram á, eðlilegt samhjálparform. Slík aðferð við dreifing rafmagnsins kæmi ekki aðeins þeim að gagni, sem þá fengju rafleiðslur, heldur og núverandi notendum, þegar rafmagnsverð færi lækkandi með vaxandi notkun. Mig undrar stórlega, hvernig móttökur sumar tillögur hafa fengið hér, eins og frv. um rafveitulánasjóð eða þessi brtt., svo ljóst sem mönnum hlýtur að vera, að flótti fólksins til þægindanna í höfuðstaðnum er hættulegur. Ég vænti þess, að hv. þdm. muni eftir þörfum dreifbýlisins í sambandi við afgreiðslu þessa máls, en þó sérstaklega, að Alþingi sýni, að það lætur ekki stjórnast af einhverjum fyrirskipunum frá Kaupmannahöfn.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Það er furðulegur hugsunarháttur og barnaskapur, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Rang. Hér er um að ræða samninga, sem gerðir hafa verið af hálfu bæjarstjórnar og ríkisstjórnar annarsvegar, en erlends firma og lánsstofnana hinsvegar. Það er auðvitað, að bærinn getur sem lántaki hætt við að taka lánið, ef samningar rofna við verktaka og lánveitendur. En verkið er nokkuð langt komið til þess, að Alþingi geti komið nú og gert ómerkt það, sem búið er að semja um. Þessir dönsku aðilar hafa ekkert annað en fyrirtækið og samningana um það að treysta á. (SkG: Þeir hafa nógar tryggingar.) Það er nú svo sem á er litið. Og það var álit allrar stj., ekki aðeins mitt, og allra íslenzkra aðila, að þeim kostum bæri að taka, sem fáanlegir voru, þegar samið var. Ef brtt. er samþ., er grundvelli samninganna raskað nóg til þess, að lánveitendur munu telja þá rofna. Því að hvar yrði staðnæmzt, ef farið yrði að skattleggja ábyrgðarlán sem þessi? Þótt hér sé miðað við ½%, væri næst hægt að miða við 1% eða 2%, — og hvar eru takmörkin? Þannig mætti gera fyrirtæki, sem búin eru að fá lán erlendis, algerlega órekstrarhæf. Þá væri auðvitað girt fyrir það um leið, að nokkurt opinbert fyrirtæki gæti fengið erlent lán, með slíka skattlagningarhættu vofandi yfir sér.

*Sveinbjörn Högnason: Ég vil ekki segja, að það væri barnalegt, sem hæstv. fjmrh. sagði. Það stóð ekki svo hátt. Hverjum dettur í hug, að tekin séu erlend lán handa fyrirtækjum með

þeim skilyrðum, að aldrei skuli lögð á þau nein útgjöld? Það sýnir sig glöggt í 7. gr. hitaveitulaganna, þar sem bannað er að skattleggja fyrirtækið í þeim kringumstæðum einum, ef það lendir í greiðsluþrot. Það væri alveg sérstakt, ef hið opinbera mætti ekki leggja það, sem sanngjarnt þykir, á fyrirtæki, sem reist eru fyrir erlent lánsfé, og væri athugunarvert, hvort þeirri reglu ætti þá að fylgja t. d. um síldarverksmiðjur ríkisins, sem nú hefir verið talað um. a. m. k. meðal einstakra þm., að skattleggja til samgöngubóta. Engum hefir hugkvæmzt, að það gæti orðið til þess, að þær fengju engin lán. Þvert á móti vex traustið á fyrirtækjum við það, að þau reynast fær um að bera skynsamlega álagða skatta. Nú eru allir á einu máli um það, að hitaveitan sé fyrirtæki, sem ætti að bera sig mjög vel, og þá er sanngjarnt og meira að segja sjálfsagt, að hún taki þátt í kostnaðinum við að útbreiða notkun jarðhitans og við rafvirkjanir annarstaðar. Það finnst mér allt of mikil svartsýni hjá hæstv. fjmrh., að halda, að þetta „glæsilega" fyrirtæki verði gert órekstrarhæft, þó að brtt. verði samþ. Þá hefir a. m. k. verið stefnt svolítið tæpar en af var látið, þegar af stað var farið. Verðlag getur að vísu breytzt og hækkað mikið enn. En hvað sem því líður, er það fjarstæða, að þessi brtt. sé gerð til að torvelda framkvæmd hitaveitunnar; hún sýnir miklu fremur traust til hitaveitunnar, og það traust byggist á velvilja. En hversu miklu fremur torveldar ekki það skilningsleysi heilbrigða lausn, að berjast gegn brtt. sem þessari og vilja drepa allar tillögur til úrlausnar þeim, sem bíða eftir rafmagni í sveitum landsins? Þá hlýtur svo að fara, að þangað sæki flestir, sem þægindin eru bezt.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Mér finnst nauðsynlegt að koma svolitið inn á það, sem hv. 1. þm. Rang. var að tala um. Hann furðar sig á því, að ríkisstj. leyfi sér í samningum að binda hendur Alþingis, og mótmælir harðlega. Mér þykir nokkuð gaman að heyra þetta hljóð úr því horni. Ég veit ekki betur en hvert frv. eftir annað hafi nú verið knúið af ríkisstj. gegnum þingið án þess að nokkur úr hópi hv. 1. þm. Rang. hafi neinu þorað að hreyfa gegn því. Það má segja, að brögð séu að, þá barnið finnur. Ég held fáir hafi framfylgt handjárnareglunni betur en hann. Nú kvartar hann um, að handjárnin banni hjálp til rafvirkjana í sveitum og annara brýnna umbóta. Hvernig stendur þá á því, að Framsfl. hefir ekki gengizt fyrir því í tæka tíð að samþ. lög um ríkisábyrgðir handa slíkum fyrirtækjum í sveitum? Ég held, að framsóknarmenn ættu að muna eftir, hvað þeirra eigin fjmrh. gerði 1935, þegar hann gaf Magnúsi bankastjóra Sigurðssyni í London yfirlýsing, sem ætluð var Hambrosbanka. Það hefir ekki verið reynt að styðja slík fyrirtæki með ábyrgðum, af því að Eysteinn Jónsson fjmrh. var búinn að binda þannig hendur Alþingis. Ég held, að þm. ættu að minnast þessa, áður en þeir tala með svo miklum rembingi um þessi atriði sem sumir gera nú. — Það er spurt, hvernig hægt sé að afla fjár til að standa undir meiri framkvæmdum á þessum sviðum. Það er hægt með auknum beinum sköttum, einnig með sköttum af útflutningi, og það kynni að mega spara dálítið að ósekju. Hæstv. forseti Nd. (JörB) komst einu sinni að því sem formaður millþinganefndar í launamálum, að það mætti spara 700 þús. kr. á ári af launagreiðslum til embætta. Hvað var gert við þá uppgötvun? Söltuð og vel geymd þessi 4—5 ár, síðan gert var uppskátt um hana. Hvað var gert við till. okkar sósialista í þessum efnum? Fást náttúrlega ekki teknar fyrir á þessu þingi. Það má aldrei skera niður. En það má hækka tolla á nauðsynjavörum, þótt á stefnuskrá Framsfl. standi, að þeir eigi engir að vera, til þess að hægt sé að gera togarafélög skattfrjáls og útflutning þeirra tollfrjálsan, þegar þau ætla að fara að græða. — Ég held, að hv. 1. þm. Rang. og flokksmenn hans ættu að muna eftir þessari sveitaumhyggju sinni við afgreiðslu fjárlaganna. Nú sé ég ekki betur en skera eigi niður allmikið af þeim fjárveitingum sem gera sveitirnar byggilegar. Þessir hv. þm. ættu að reyna að halda í þær réttarbætur og fjárhagsstuðning, sem löggjöfin hefir veitt eða lofað bændum síðasta áratug, en nú er stöðugt verið að skerða eða eyðileggja. Ég held, að í hv. fjvn., þar sem þeir eiga formanninn og víst einhverja fleiri, þótt lítið beri á, mætti koma í ljós, að ennþá hangir flokkurinn með ákveðna stefnuskrá. Ef vilji er til þess í flokknum að bæta úr þeim bágindum, sem fjöldi fólksins í sveitum landsins á við að búa, býst ég við, að það segi nú bráðlega til sín. En þá mega þeir þm. gæta þess að láta ekki ríkisstj. fyrirskipa sér hvað sem er eða þola, að gengið sé á þann rétt, sem almenningi hefir verið veittur.

Sveinbjörn Högnason: Ég ætla aðeins að segja hv. 5. þm. Reykv. það, að ég mun ekki svara honum um nein handjárn hér á landi fyrr en hann hefir leyst af sér múlbandið frá Moskva.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Mér datt ekki í hug, að hv. 1. þm. Rang. ætlaði að fara að rökræða, þegar hann reis nú úr sæti. Það gera þeir menn ekki, sem hafa svo slakan málstað, að þeir treysta sér ekki til þess. Áður en hann talar meira um undirlægjuhátt Alþingis, ætti hann að losa sig við handjárnin, sem stjórnarklíkan í flokki hans lagði á hann og aðra þm. sína og hefir nú afhent íhaldinu lyklavöldin að. — Annars var það táknandi fyrir málstað hans og mátti einmitt búast við því nú, að hann skyldi taka undir ópið: Moskva, Moskva! Það hefir aldrei nokkurn tíma verið talað hér um Moskva í sambandi við annað en þær kröfur og tillögur, sem alþýðan hefir gert til þings og ríkisstj. Það hefir verið nafn á öllum djarflegum og réttmætum kröfum, sem valdhafarnir eða íhaldið hafa óttazt, hvort sem um var að ræða ráðstafanir til atvinnubóta, kauphækkanir og kjarabætur eða almenn mannréttindi. Nú er svo komið, að allir stjórnarflokkarnir eru runnir í eitt í mótstöðu gegn þessum kröfum, og í einingu geta þeir bara hrópað: Moskva, Moskva!

Það ættu margir að muna, að í Mbl. 31. maí

1937 var birt mynd af Hermanni Jónassyni, og undir var sagt: Sko, hver það er, sem þið eigið að kjósa! Ásýnd Hermanns var bara gríma, en bak við enginn annar en Stalin. Kosningabaráttan 1937 var af íhaldsins hálfu fyrst og fremst talin barátta við Moskva. Ef farið er ögn lengra aftur í tímann, var Moskva-krossferðin farin móti Jónasi Jónssyni, sem sakaður var um að vera alveg sérstaklega hættulegur kommúnisti, og íhaldið hérna hefir aldrei fengið neinn skæðari fulltrúa „erlendra valda". Og í styrjaldarlokin, næstu 4 árin eftir rússnesku byltinguna, var enginn talinn hér harðvítugri bolsévíki en núv. hv. 1. þm. Rang. Ég held það sé bezt fyrir þá, „sem gráta burt á efri árum æsku sinnar frjálsu spor", að bjarga samt því, sem bjargað verður, *af leifum manndóms síns, reyna að slíta* af sér handjárnin og sinna kröfum alþýðunnar í landinu eins og þeir eru drengir til.

ATKVGR.

Brtt. 611 felld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, PHann, SkG, StgrSt, SvbH, BJ, BjB, EystJ,

nei: FJ, GSv, HG, ÍslH, JakM, JÍv, JPálm, ÓTh, PHalld, PO, SEH, SK, StSt, ÞBr, ÁÁ, EOl. EE, EmJ,

BÁ, JörB greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÞ, GG, HV, TT, VJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 618).

39. Fjárlög 1940.

Á 1. fundi í Sþ., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1940 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 22. febr., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og fyrr verða þær upplýsingar, sem hér eru gefnar um afkomu ársins 1938, með þeim fyrirvara, að endanleg niðurstaða getur orðið lítið eitt öðruvísi, en samkvæmt reynslu undanfarinna ára ætti sá mismunur ekki að nema neinu, sem máli skiptir.

Mun ég þá byrja á upplýsingum um rekstur ríkissjóðs á árinu 1938.

Tekjuafgangur skv. rekstraryfirliti hefir orðið 1,72 millj. kr., en var á sínum tíma áætlaður í fjárlögum fyrir árið 1938 1.142 millj. kr. Er tekjuafgangurinn því um 590 þús. kr. hærri en gert var ráð fyrir. Stafar þetta af því, eins og nánar mun skýrt frá síðar, að tekjurnar hafa farið meira fram úr áætlun en gjöldin. Er þetta hagstæðasta rekstrarniðurstaða hjá ríkissjóði, sem náðst hefir nú um langt skeið, og verður að fara aftur til ársins 1928 til þess að fá sambærilega niðurstöðu.

Eins og yfirlitið um eignahreyfingar, sem ég las áðan, ber með sér, hefir heildarniðurstaðan orðið sú, að greiðslujöfnuður hefir orðið hagstæður um nálega 380 þús. kr., en var áætlaður í fjárlögunum óhagstæður um 110 þús. kr. En þegar talað er um greiðslujöfnuð, ber þess vel að gæta, að þá eru reiknaðar með til útgjalda afborganir af lánum ríkissjóðs, en þær námu á síðastl. ári um 1.4 millj. kr.

Verður nánar vikið að áhrifum ársviðskiptanna á efnahag ríkissjóðs í sambandi við yfirlit um skuldirnar.

Tekjur hafa farið fram úr áætlun um 1.84 millj. kr., eða á milli 10—11%. Eru það ekki mjög miklar umframtekjur, miðað við það, sem oft hefir áður verið, og í raun og veru lágmark þess, sem menn fyrirfram töldu nauðsynlegt til þess að standast umframgreiðslur, með tilliti til þess, sem þær hafa orðið undanfarið.

Tollar og skattar hafa reynzt 1 millj. kr. meiri en áætlað var, eða um 7%. Ágóði af einkasölum og aðrar tekjur hafa orðið um 800 þús. kr. hærri en ráðgert var í fjárlögum. Er ágóði af áfengisverzluninni jafnhár og árið áður, en tekjur tóbakseinkasölunnar 80—90 þús. kr. meiri en 1937.

Útgjöld á rekstrarreikningi voru áætluð kr. 16.322 millj., en hafa reynzt kr. 17.586 millj. Hafa útgjöldin því farið um 1.264 millj. kr. fram úr áætlun, eða orðið um 7.7% hærri en fjárlög ráðgerðu. Eru þetta minni umframgreiðslur en þekkzt hafa undanfarið. Ég hefi ekki athugað þetta lengra aftur en til ársins 1920, en á því tímabili hafa umframgreiðslur aldrei orðið lægri en nú, hvorki hlutfallslega miðað við áætlun né heildarupphæðin sjálf, sem greidd er umfram fjárlög. Næstlægsta hlutfallstalan, sem ég hefi fundið síðan 1920, er 10.5% árið 1936.

Ég mun þá víkja að umframgreiðslum á einstökum liðum fjárlaganna.

Vextir hafa farið 77 þús. kr. fram úr áætlun, en hinsvegar orðið öllu lægri en árið áður. Má segja, að þessi umframgreiðsla stafi af ógætilegri áætlun vaxtaútgjaldanna.

Kostnaður við rekstur stjórnarráðsins og þeirra skrifstofa, er standa í beinu sambandi við það, hefir farið 87 þús. kr. fram úr áætlun. Af þeirri upphæð stafa 13500 krónur af endurbótum og viðhaldi á stjórnarráðshúsinu, ráðherrabústað og konungshúsinu á Þingvöllum. En 64 þús. kr. eru greiddar umfram áætlun vegna rekstrar stjórnarráðsins, og hefir sá kostnaður lengi verið of lágt reiknaður í fjárlögum. Þessi kostnaður er um 23 þús. kr. meiri en í fyrra. Stafar það meðal annars af auknum starfskröftum í utanríkismálaráðuneytinu og við gæzlu símamiðstöðvar í stjórnarráðinu. Þá hefir orðið að leigja sérstakt húsnæði fyrir utanríkismálaskrifstofuna. Einnig má nefna, að miklar birgðir af pappír hafa verið keyptar á árinu, eða fyrir um 6 þúsund krónur. Störfin í ráðuneytunum fara sífellt vaxandi, og er óhjákvæmilegt að útgjöldin aukist.

Kostnaður við dómgæzlu og lögreglustjórn hefir farið 132 þús. kr. fram úr áætlun. Hefir lengi gengið illa að fá áætlunarfjárhæð þessarar greinar til að standast í framkvæmd. — Kostnaður við landhelgisgæzlu hefir reynzt 35 þús. kr. meiri en reiknað var með. Rekstrarkostnaður nýja varðbátsins, Óðins, hefir reynzt meiri en smærri bátanna, sem áður voru. Skrif-

Eignahreyfingar 1938.

Inn			Fjárlög	Reikningur
	Tekjur samkv. rekstrarreikningi		17464280	19307623
I.	Fyrningar		326833	351500
II.	Útdregin bankavaxtabréf		50000	113800
III.	Endurgr. fyrirframgreiðslur		10000	17000
IV.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		50000	124100
	Greiðslujöfnuður samkv. fjárl.		113028	
		Samtals kr.	18014141	19914023

Út			Fjárlög		Reikningur
	Gjöld samkv. rekstrarreikningi		16322141		17586953
I.	Afborganir lána:				
	1. Ríkissjóður:				
	a. Innlend lán		391150	390097	
	b. Dönsk lán		329622	329622	
	c. Ensk lán		476228	476253	
	2. Landssíminn		210000	210000	1405972
II.	Eignaaukning ríkisstofnana:				
	1. Landssíminn		167000	170000	
	2. Ríkisprentsmiðjan		15000	15000	
	3. Landssmiðjan		18000	8000	
	4. Kristneshæli		10000	10000	
	5. Ríkisútvarpið	150000			
	÷ Viðtækjaverzl.	60000		90000	
	6. Grænmetisverzlun			63000	
	7. Tóbakseinkasala			40000	
	8. Bifreiðaeinkasala			19000	
	9. Raftækjaeinkasala			44000	459000
III.	Vitabyggingar		65000		60000
IV.	Lögb. fyrirframgreiðslur		10000		16000
		Samtals kr.	18014141		19527925
	Greiðslujöfnuður samkv. reikningi				386098
		Samtals kr.	18014141		19914023

stofukostnaður sýslumanna og bæjarfógeta hefir orðið 35 þús. kr. meiri en áætlað var. Ennfremur hafa hreppstjóralaun orðið 22500 kr. hærri en fjárlög ráðgerðu, og stafar það af lagabreytingu, sem gerð var eftir að fjárlög voru fullsamin. Kostnaður við tollgæzlu hefir orðið 33 þús. kr. meiri en áætlað var í fjárlögum, og stafar það af auknu tolleftirliti. Er ekki unnt að komast hjá slíku, og meira að segja unnið að því að auka tollgæzluna enn á þessu ári.

Sameiginlegur embættiskostnaður á 11. gr. B hefir farið 92 þús. kr. fram úr áætlun. Fasteignamatskostnaðurinn er þar stærsti liðurinn, 59 þús. kr. Stafar það af því, að meira var unnið að nýja fasteignamatinu árið 1938 en búizt var við.

Kostnaður við vegamál á 13. gr. hefir farið 150 þús. kr. fram úr áætlun. Þar af eru 120 þús. kr. til „benzinvega“, og er raunverulega ekki hægt að kalla það umframgreiðslu, því að sú greiðsla miðast við benzínskattstekjurnar á hverjum tíma, sem eiga að ganga til þessara sérstöku vegabóta. Þá hefir lögboðið tillag til sýsluvegasjóða orðið 28 þús. kr. meira en áætlað var. Er sú upphæð algerlega áætluð í fjárlögunum. Tillag til nýrra þjóðvega var 22 þús. kr. meira en fjárlög ráðgerðu, og tillag til brúargerða 18 þús. kr. umfram áætlun.

Kostnaður við kennslumál í 14. gr. hefir farið 120 þús. kr. fram úr áætlun. Eru margir smáir liðir, sem mynda þá upphæð, en helzta má telja umframgreiðslu á tillagi til gagnfræða- og héraðsskóla, samkvæmt lögum, 44 þús. kr. En sú fjárhæð er ávallt miklum breytingum háð, þar sem greiðslurnar miðast við nemendafjölda frá ári til árs. Er því framkvæmdavaldinu ekki unnt að hafa nein áhrif á þessa greiðslu. Kennaralaun hafa farið 25 þús. kr. fram úr áætlun. Aðrir liðir, sem til greina koma, eru svo smáir, að ekki er ástæða til að minnast á þá sérstaklega.

Umframgreiðslur á 19. gr., óviss útgjöld, námu 132 þús.

Útgjöld á þeim greinum fjárlaganna, sem hér hafa ekki verið nefndar, hafa ýmist ekki farið fram úr áætlun eða orðið lægri en ráð var fyrir gert, og sé ég ekki ástæðu til að geta um þær í þessu sambandi.

Greiðslur samkv. þingsályktunum námu samtals 133 þús. kr. Þar af nam tillag til sundhallarinnar í Reykjavík 80 þús. kr. Er þá ógreidd á þessu ári álika fjárhæð í sama skyni, til þess að staðið sé við greiðslur samkv. þál. frá 1933, en fyrir þessu hefir ekki verið gert ráð í fjárl. fyrir 1938.

Kostnaður við hafrannsóknir í Faxaflóa nam

Breytingar á skuldum á árinu 1938.

Afborganir af föstum lánum ríkissjóðs og landssímans	1405972	
Lækkun á lausaskuldum	1396868	2802840
Afborganir greiddar af öðrum en ríkissjóði		395825
	Samtals kr.	3198665
Innlend lán tekin á árinu	736200	
Ensk lán, tekin vegna ríkisstofnana	1350818	
Víxilskuld í Útvegsb. vegna h/f Oturs	100000	
Hluti af víxilláni hjá Hambro	821817	3008835
	Mismunur kr.	189830

Samanburður á skuldum pr. 31. des. 1937 og 1938.

	1937	1938
Innlend lán	3476573	3822676
Dönsk lán vegna ríkissjóðs	1073528	743905
Dönsk lán vegna veðdeildar	5541620	5373121
Ensk lán	31756362	32403601
Lausaskuldir	3297885	2822834
Skuldir landssímans	1492947	1282948
Samtals kr.	46638915	46449085
Mismunur kr.		189830

25 þús. kr. Þingið ákvað, að þessar rannsóknir skyldu fram fara í sambandi við tilraunir til að friða Faxafló, en ætlaði hinsvegar enga fjárhæð í þessu skyni. Er nú gert ráð fyrir fé í þessum tilgangi í fjárlfrv. fyrir árið 1940.

Mþn. í skatta- og tollamálum og mþn. í bankamálum hafa kostað 26 þús. kr. samtals.

Greiðslur samkv. sérstökum lögum námu 232 þús. kr. Eru þessar greiðslur ýmist samkv. lögum, er sett voru eftir að fjárl. voru fullgerð, eða — og þó að mjög litlu leyti — samkv. eldri lögum, er láðst hefir að taka tillit til við samningu fjárl. Stærsta fjárhæðin í þessum flokki er greiðsla upp í vexti af fasteignaveðslánum bænda, 75 þús. kr. Stafar greiðslan af því, að þegar Alþ. felldi niður heimildina til vaxtagreiðslunnar, var áætlunarfjárhæðin í þessu skyni einnig felld niður, en ekki athugað, að töluvert var ógreitt af vaxtastyrk, er gjaldfallinn var fyrir 1. janúar 1938. Þá er 15 þús. kr. greiðsla samkv. framfærslulögunum. Stendur þannig á því, að með stofnun jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga var felld niður fjárveiting vegna fátækralaganna, en láðst hafði að athuga, að eftir sem áður bar ríkissjóði skylda til þess að greiða framfærslustyrki, veitta íslenzkum ríkisborgurum erlendis, kostnað við *heimflutning þeirra og endurgreiða* sveitarfélögum framfærslustyrk, sem veittur er þeim, sem ekki eiga framfærslurétt hér á landi. Þá er rétt að telja 35 þús. kr., sem er kostnaður við gjaldeyris- og innflutningsnefnd umfram þær tekjur, sem nefndin hefir af gjaldi fyrir gjaldeyris- og innflutningsleyfi. Halli á bifreiðaeftirliti hefir orðið 17900 kr. og kostnaður vegna l. um meðferð einkamála í héraði 16786 kr. Er sá kostnaður vegna þess ákvæðis l., að sýslumönnum og bæjarfógetum skuli lögð til skrifstofuhúsgögn. Hefir þó áreiðanlega verið farið eins sparlega í þeim efnum og unnt hefir verið. — Aðrar greiðslur samkv. sérstökum l. eru ekki svo háar, að ástæða sé til að nefna þær sérstaklega hér.

Greiðslur samkv. væntanlegum fjáraukal. nema 89271 kr. Af þeirri fjárhæð hefir 52 þús. kr. *verið varið til hjálpar sjómönnum á Austurlandi*, vegna hinnar hörmulegu vertíðar, sem þar var á síðasta vetri. Hefði þessi hjálp ekki verið veitt, var ekki annað fyrirsjáanlegt en að allur fjöldi sjómanna, sem stóðu uppi allslausir, hefði orðið að leita sveitarhjálpar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir sveitar- og bæjarfélögin og þeirra eigin framtíð. — Þá er kostnaður við komu krónprinshjónanna, 23900 kr. — Aðrar fjárhæðir sé ég ekki ástæðu til þess að nefna að sinni.

Séu umframgreiðslurnar árið 1938 athugaðar gaumgæfilega, kemur í ljós, að flestar eru þær vegna sérstakra samþykkta Alþ., er eigi hefir verið gert ráð fyrir í fjárl., og margar hverjar hafa verið samþ. eftir að fjárl. voru samin, eða samkv. l., er hafa haft meiri kostnað í för með sér en fyrirsjáanlegt var, er fjárl. voru samþ. Mjög mikill minni hl. umframgreiðslnanna stafar hinsvegar af því, að rekstur stofnana hafi orðið dýrari en til var ætlazt, eða ráðizt hafi verið í frekari framkvæmdir en fjárl. ráðgerðu.

Því er ómögulegt að neita, að mikið hefir áunnizt hin síðari ár í þá átt að minnka mismuninn á fjárl. og landsreikningi og miða framkvæmdir allar og rekstur við það, sem Alþ. hefir ætlazt til. Er nú þessi mismunur orðinn líkari því, sem gerist með öðrum þjóðum, en áður var.

Alþ. ber að sjálfsögðu að gera strangar kröfur til ríkisstj. og allra embættismanna um að halda vel á fé, en þingið má heldur eigi fara inn á þá braut að nýju, að áætla útgjöldin vísvitandi of lág og ganga þannig út frá því sem sjálfsögðu, að farið sé fram úr áætlun fjárl. Með því móti

Yfirlit um rekstrarafkomu

	Gjöld:	Fjárlög	Reikningur
7. gr.	Vextir	1680000	1757757
8. —	Borðfé Hans Hátignar	60000	60000
9. —	Alþingiskostnaður	245920	261489
10. — I.	Ráðuneytið og ríkisféhirðir	280746	371318
10. — II.	Hagstofan	65300	65250
10. — III.	Utanríkismál	146000	147919
11. — A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	1461760	1634487
11. — B.	Sameiginlegur embættiskostnaður	317000	409239
12. —	Heilbrigðismál	669481	701136
13. — A.	Vegamál	1696902	1849000
13. — B.	Samgöngur á sjó	654000	654000
13. — C.	Vitamál og hafnargerðir	680450	661160
13. — D.	Flugmál	5000	14724
14. — A.	Kirkjumál	410120	415731
14. — B.	Kennslumál	1829829	1977595
15. —	Til vísinda, bókmennta og lista	235360	240355
16. —	Til verklegra fyrirtækja	3828400	3757795
17. —	Til almennrar styrktarstarfsemi	1592500	1586157
18. —	Eftirlaun og styrktarfé	363373	363320
19. —	Óviss útgjöld	100000	232127
		16322141	17130556
	Heimildarlög		1250
	Þingsályktanir		133335
	Væntanleg fjáraukalög		89271
	Sérstök lög		232541
			17586953
	Tekjuafgangur	1142139	1720670
	Samtals kr.	17464280	19307623

gerir Alþ. ríkisstj. og embættismönnum ókleift að fylgja fjárl. *Um skeið mátti það heita regla* við afgreiðslu fjárl., að gert væri ráð fyrir umframgreiðslum. Gagnkvæmt vantraust Alþ. og embættismanna fór vaxandi. Alþ. veigraði sér við að áætla til útgjaldanna nægilegt fé, af því að það hugði embættismennina mundu nota fé umfram fjárl. undir öllum kringumstæðum. Embættismennirnir gerðu hinsvegar áætlanir sínar til þingsins mjög háar og með það fyrir augum, að eitthvað væri klipið af þeim af handahófi. Þetta gekk unz svo var komið, að Alþ. hafði að verulegu leyti afsalað sér fjárveitingavaldinu. Menn töldu sig ekki meira en svo bundna við fjárl., og forstöðumenn starfsgreina, sem margir voru áhugasamir um framkvæmdir í sinni grein, hugsuðu oft meira um það, að draga sem mest *fé úr ríkissjóði til eflingar sinni stofnun*, en hitt, að fjárl. gætu staðizt í framkvæmd. Vinnubrögð Alþ. hafa batnað mjög í þessu efni, og ég fullyrði, að viðhorf forstöðumannanna hefir breytzt stórkostlega um leið, þótt enn sé víða pottur brotinn.

Sá skilningur þarf að komast inn hjá mönnum, að það út af fyrir sig er ekki einhlítt, þótt fjármálaráðuneytið hafi áhuga fyrir því, að fjárl. séu haldin í öllum atriðum, heldur þarf svo að vera, að hver embættis- og starfsmaður leggi metnað sinn í það, að láta það fé, sem honum er ætlað til framkvæmda í fjárl., hrökkva. Hvernig halda menn að færi um opinberan rekstur stórþjóðanna, ef hver embættismaður liti

ríkissjóðs 1938.

	Tekjur:	Fjárlög	Reikningur	
2. gr. 1.	Fasteignaskattur	445000	478948	
2.—3.	Tekju-, eignar- og hátekjuskattur	1942000	2190047	
4.	Lestagjald af skipum	55000	66848	
5.	Aukatekjur	665000	659815	
6.	Erfðafjárskattur	56000	50511	
7.	Vitagjald	490000	470254	
8.	Leyfisbréfagjald	28000	23237	
9.	Stimpilgjald	585000	588108	
10.	Stimpilgjald af ávisunum	75000	79770	
11.—12.	Bifreiða og bensínskattur	715000	851472	
13.	Útflutningsgjald	30000	177667	
14.	Áfengistollur	1110000	1186030	
15.	Tóbakstollur	1500000	1754548	
16.	Kaffi- og sykurtollur	1245000	1210780	
17.	Annað aðflutningsgjald	72000	71577	
18.	Vörutollur	1555000	1565888	
19.	Verðtollur	1220000	1267242	
20.	Gjald af innfluttum vörum	1530000	1980552	
21.	Gjald af innlendum tollvörum	500000	592473	
22.	Skemmtanaskattur	135000	184435	
23.	Veitingaskattur	100000	90133	
		14035000	15540335	
	÷ Endurgr. tekjur, hækkun, eftirst. og innh.laun		505222	15035113
3. gr. A.	Ríkisstofnanir:			
1.	Póstmál	1000	50000	
2.	Landssíminn	557000	560000	
3.	Áfengisverzlun	1360000	1900000	
4.	Tóbaksverzlun	600000	770000	
5.	Ríkisútvarp	73800	32000	
6.	Ríkisprentsmiðja	55000	55000	
7.	Ríkisvélsmiðja	17100	8000	
8.	Vífilsstaðabúið	5000	1000	
9.	Kleppsbúið	5000		
10.	Bifreiðaeinkasala	75000	68000	
11.	Raftækjaeinkasala	75000	124000	
	Grænmetisverzlun		63000	
	Reykjabúið		5800	3636800
3. gr. B.	Tekjur af fasteignum	33680	30000	
4. —	Vaxtatekjur	504700	529110	
5. —	Óvissar tekjur	50000	76600	635710
	Samtals kr.	17464280		19307623

á það sem sitt höfuðhlutverk, að draga undir sína stofnun eins mikið fjármagn og unnt væri, án tillits til fjárveitinga, en ekki hitt, að leysa hlutverk sitt af hendi með þeim kostnaði, sem til þess væri ráðgerður?

Samhliða þessu þarf Alþ. að halda fast við þá stefnu, sem fylgt hefir verið um skeið, að vanda sem bezt frágang fjárl., horfast í augu við staðreyndirnar og áætla sem nákvæmast þau útgjöld, sem unnt er að sjá fyrir. Sé þessari reglu fylgt, mun afleiðingin verða meiri festa og hófsemi í öllum rekstri ríkissjóðs, samkv. þeirri reynslu, sem þegar er fengin, en ekki aukin eyðsla, eins og ýmsir hafa óttazt. Mér finnast framkvæmdir margra forstöðumanna ríkisstofnana bera þess vott, að þeir séu þess albúnir að leggja sig alla fram um að fylgja fyrirmælum Alþ. og halda fast við áætlanir fjárl.

Síðan 1918 hafa ráðuneytin verið þrjú. Málaflokkum hefir þó farið sífjölgandi síðan og störfin margfaldazt. Þetta verður til þess, að eftirlit ráðuneytanna með hinum einstöku starfsgreinum verður ófullnægjandi. Ég held því fram, að mjög vel athuguðu máli, að tími sé til þess kominn að endurskoða þessa starfstilhögun, og þá sérstaklega með það fyrir augum, að starfsmenn ráðuneytanna hafi aðstöðu til þess að hafa meira eftirlit með stofnunum og starfsgreinum en nú er. Það er alveg ófullnægjandi, að fjármálaráðuneytið eitt hafi slíkt eftirlit í gegnum endurskoðun, eins og verið hefir að þessu. Annarstaðar er víðast svo, að hvert ráðu-

neyti ber sem allra mest ábyrgð á þeim stofnunum, sem undir það heyra, og hefir fullkomna aðstöðu til að fylgjast vel með í hvívetna.

Ég vík þá að skuldum ríkissjóðs og lántökum og lánagreiðslum á árinu 1938. Síðasta Alþ. samþ. heimild handa ríkisstj. til þess að taka allt að 12 millj. kr. lán á næstu þremur árum, til þess að létta undir með gjaldeyrisverzluninni. Var ætlazt til, að 5 millj. kr. yrðu teknar að láni 1938, en afgangurinn á árunum 1939 og 1940. Ríkisstj. leitaðist fyrir um þessa lántöku, en niðurstaðan varð sú, að hætt var við að bjóða út fast lán erlendis, en í stað þess tekið 100 þúsund sterlingspunda bráðabirgðalán í Lundúnum, með 4% vöxtum, en um leið ákveðið að fylgjast með þeim möguleikum, sem síðar kynnu að opnast til þess að taka fast lán. Um þessar mundir var ákaflega erfitt um lántökur á enskum peningamarkaði. Í maí voru boðin þar út lán, án þess að tækist að selja nema örlítinn hluta af skuldabréfum þeim, er á boðstólum voru. Ástandið versnaði þó enn vegna Tékkóslóvakíudeilunnar. Hafði sá atburður þau áhrif, að ekki var til þess hugsandi að leita láns meðan á deilunni stóð. Eftir að henni lauk, leit skár út aðeins snöggvast, en syrti bráðlega að á ný, og nú fyrir áramótin komu þær fréttir, að mjög væri hert á takmörkunum lánveitinga til útlanda á Bretlandi sem stæði. Eins og sakir standa, er því ekki rétt að búast við framtíðarlántöku alveg á næstunni. — Í sambandi við athugun á lánsmöguleikum leitaði ríkisstj. fyrir sér í Svíþjóð, án þess að jákvæður árangur yrði, a. m. k. að svo stöddu. Hafði borgarstjórinn í Reykjavík verið þar áður og leitað fyrir sér um lán til hitaveitunnar, án þess að málalok hafi enn orðið. Mun lán til hitaveitunnar verða látið sitja fyrir á Norðurlöndum, þar sem umleitanir um það gengu á undan og ríkisábyrgð er nú fengin fyrir því láni. Ríkisstj. mun gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að greiða fyrir hitaveitulániniu, og er þeirrar skoðunar, að allt kapp beri að leggja á, að það fáist, ekki sízt eins og útlitið er nú í heiminum.

Af bráðabirgðaláni því, er ég gat um, að tekið hefði verið, hafa um 820 þús. kr. verið notaðar til þess að greiða afborganir af samningsbundnum lánum ríkissjóðs, en hinn hlutinn hefir verið seldur öðrum til lúkningar afborgunum af lánum og andvirðið lagt í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands. Þó er nokkur hluti lánsins enn óeyddur, og mun nánar á það minnzt í yfirlitinu yfir lántökur, er ég mun gefa hér á eftir.

Á haustþinginu 1937 var samþ. heimild fyrir ríkisstj. til þess að taka 3 millj. kr. lán innanlands. Var ætlazt til þess, að lántakan færi fram í fleiru en einu lagi, og skyldi láninu varið til þess að greiða lausaskuldir ríkissjóðs, er myndazt höfðu vegna þess, að hann átti fullt í fangi með að lækka skuldir sínar árlega sem svaraði föstum afborgunum. Á síðasta ári hafa verið gefin út og seld ríkisskuldabréf samkv. þessari heimild fyrir 701 þús. kr. Lán þetta er til 22 ára, afborgunarlaust fyrstu tvö árin. Vextir eru 5½% og sölugengi 97. Raunverulegir vextir eru því tæp 6%.

Þá hafa verið taldar þær lántökur, sem mestu skipta og snerta ríkissjóðinn og hans afkomu. Þó eru enn ótaldar nokkrar smáupphæðir vegna eignakaupa eða ábyrgða, og verður á þær minnzt í skuldayfirlitinu. Tvö lán hafa verið tekin vegna stofnana, er sjálfar eiga að standa straum af sínum lánum, þótt þau að nafninu til séu ríkislán. Annað er lán til stækkunar síldarverksmiðju á Siglufirði, er byggð var 1935. Nam það lán 598 þús. kr. Það er til 20 ára og vextir 5%. Hitt lánið var tekið til stækkunar útvarpsstöðvarinnar, og nam það 753 þús. kr. Vextir eru 4.5% Lánstími 10 ár.

Kemur þá hér sjálft yfirlitið um skuldabreytingar á árinu 1938. Samkv. þessu yfirliti hafa skuldir ríkisins í árslok 1938 numið 46.449 millj. kr., en í árslok 1937 námu þær 46.638 millj. kr. Er því skuldalækkunin samkv. þessu 189830 kr. Nú ber þess hinsvegar að gæta, að fullkomin eign hefir skapazt á móti láninu til síldarverksmiðjubyggingarinnar og stækkunar útvarpsstöðvarinnar, og raunverulega snerta þessi lán ríkissjóð ekki, eins og ég sagði áðan, vegna þess að hlutaðeigandi stofnanir standa sjálfar undir þeim. Þessi lán nema samtals 1.351 millj. kr. Þegar það er tekið til greina og jafnframt, að ríkislán þau, sem bankar standa undir, hafa lækkað á árinu um 395 þús. kr., verður það ljóst, að lán þau, sem ríkissjóður þarf að standa straum af, hafa á árinu 1938 lækkað um nálega 1 millj. og 150 þús. króna. Er það að vísu ekki alveg eins há fjárhæð og ætla mætti eftir tekjuafganginum, en það stafar af hinu, eins og eignayfirlitið raunar ber með sér, að nokkurt fé hefir verið fest í nýjum eignum, og ennfremur hefir verið lagt út fé vegna ábyrgða, sem ekki getur talizt vonlaust, að innheimtist síðar. Reikningslegur sjóður mun við endanlegt uppgjör einnig verða eitthvað hærri nú en um áramótin í fyrra.

Að lokum skal þess getið, af því að nokkuð hefir á síðastl. ári verið um það mál rætt sérstaklega, að skuld ríkissjóðs við Landsbankann var í árslok 1937 2.292 millj. (þar með talinn víxill endurkeyptur af Búnaðarbankanum), en í árslok 1938 1.038 millj. Hefir sú skuld því lækkað um 1.254 millj. á árinu 1938.

Raunverulega verður að telja þessa niðurstöðu á rekstri ríkissjóðs árið 1938 mjög sæmilega og vel viðunandi, þótt ég vilji taka það skýrt fram, að hún gefur alls ekkert tilefni til minni varkárni um afgreiðslu fjárlaga nú en áður. Á þessu ári mun gjaldeyris- og innflutningsnefnd, í samráði við fjármálaráðherra, takmarka nokkuð innflutning á tóbaki og áfengi til landsins, og hlýtur það að hafa í för með sér töluverða tekjurýrnun fyrir ríkissjóð. Sé ég ekki betur en að leggja verði til á Alþ., að ríkissjóði verði á einhvern hátt bættur tekjumissir þessi. Fer ég þó ekki út í þá sálma nánar að svo stöddu.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1940, sem hér er nú til 1. umr., er ekki í verulegum atriðum frábrugðið gildandi fjárlögum. Heildargreiðslur úr ríkissjóði eru ráðgerðar 18.1 millj., að meðtöldum afborgunum fastra lána, en eru á yfirstandandi ári ráðgerðar 18.4 millj. Gjöld á rekstrarreikningi eru áætluð nálega hin sömu 1940 og 1939. Lækkun heildargreiðslnanna stafar af því, að afborganir lána fara nú lækkandi, í fyrsta

skipti um langt tímabil. Veldur því, að á þessu ári er gert ráð fyrir síðustu afborgunum af lánum í Danmörku, er nema 275 þús. kr. árlega. Þó skal tekið fram, að láðst hefir að gera ráð fyrir afborgun á láni, sem tekið verður á þessu ári til að byggja nýtt strandferðaskip, og þarf að laga það í meðferð frumvarpsins á Alþingi.

Í frv. þessu eru nokkrir útgjaldaliðir hækkaðir frá því, sem var, og eru þessir helztir: Laun hreppstjóra hækka samkv. lögum frá Alþingi um 23 þús. kr.; kostnaður við tollgæzlu utan Reykjavíkur um 62600 kr., sem stafar af fjölgun tollgæzlumanna; kostnaður við fasteignamat um 80 þús. kr.; laun presta hækka samkv. ákvörðun síðasta Alþingis um 25 þús. kr.; rekstrarstyrkur héraðs- og gagnfræðaskóla, samkv. undanfarinni reynslu, um 20 þús. kr.; fjárveiting til flugmála er hækkuð um 35 þús. kr. og til skógræktarmála um 15 þús. kr. Áætlaður halli á rekstri rannsóknarstofu háskólans, 25 þús. kr., hefir verið tekinn í frv., og að lokum 40 þús. kr. fjárveiting vegna starfsemi í sambandi við friðun Faxaflóa. — Hinsvegar hafa nokkrir liðir verið lækkaðir, einkum þeir, sem höfðu í för með sér eyðslu á erlendum gjaldeyri. Vil ég þar nefna framlag til brúargerða og nýrra símalagninga. Ennfremur hefir tillag til nýrra þjóðvega lækkað um 53 þús. kr. Aðrar breytingar frá því, sem er í fjárlögum þessa árs, eru ekki svo verulegar, að taki því að telja þær upp. Hinsvegar er sjálfsagt að fara í gegnum frv. hér á þingi með mestu nákvæmni og leitast við að spara í hvivetna, þar sem fært þykir. En ég vil leggja áherzlu á það, að heildarupphæð fjárlaganna tel ég ekki fært að hækka, svo að nokkru verulegu nemi.

Ég vil geta þess hér, að sú breyting hefir verið á gerð, að allir persónustyrkir til skálda, rithöfunda og listamanna og annara, sem líkt stendur á um, hafa verið felldir niður, en í þeirra stað veitt ein upphæð, sem ætlazt er til, að menntamálaráð úthluti. Er þetta ekki gert í því skyni, að hætt verði stuðningi við skáld, rithöfunda og listamenn, heldur til þess að losa Alþingi við það mikla ónæði og truflanir, sem allar þessar smáfjárveitingar til einstakra manna hafa í för með sér, og ekki síður allar þær umsóknir, sem ekki er sinnt. Vona ég, að allir þm. viðurkenni, að það er stórkostlegur ávinningur fyrir Alþ. að losna við þessar fjárveitingar og alls engar líkur til þess, að menntamálaráði takist verr að úthluta fé þessu en áður hefir tekizt á Alþingi. Þeir menn, sem styrk hafa fengið af 18. gr. fjárl. undanfarið og komnir eru yfir 60 ára aldur, njóta styrksins áfram samkv. frv., enda er til þess ætlazt upphaflega, að á þeirri grein séu eingöngu eftirlaun. Vænti ég, að allir þm. geti orðið sammála um þessa skipulagsbreytingu.

Tekjur ríkissjóðs eru í frv. þessu áætlaðar hinar sömu og 1939. Eigi að síður er rétt að taka það fram, að mþn., sem starfað hefir síðan síðasta Alþingi lauk að endurskoðun skatta- og tollalöggjafarinnar, hefir unnið mikið verk, og verður næstu daga borið hér fram frv., er hún hefir samið og hefir inni að halda ákvæði um öll aðflutningsgjöld til landsins. Samkv. beiðni minni lét nefndin það verða sitt fyrsta verk, að endurskoða öll lög, sem lúta að aðflutningsgjöldum, samræma tollana og gera lögin einfaldari í framkvæmd. Vænti ég fastlega, að hv. Alþingi taki frv. þessu þannig, að það verði að lögum nú á þessu þingi og geti öðlazt gildi 1. janúar 1940. Nefndin hefir miðað starf sitt við það, að ríkissjóður fái af aðflutningsgjöldum svipaðar tekjur og áður.

Þótt nefndin skili frv. þessu, er starfi hennar eigi lokið. Mun hún samkv. beiðni minni halda áfram starfi og athuga skattamál öll. Ég hefi farið fram á það við nefndina, að hún athugaði nú næst, hvort ekki sé unnt að tryggja enn betur en gert er með núgildandi löggjöf, að rétt sé talið fram til tekju- og eignarskatts, og athuga sérstaklega, hvernig unnt sé að ná skatti af því vaxtafé, sem almennt er talið, að eigi komi til skatts eins og nú standa sakir. Vona ég, að nefndin skili frv. til laga um þetta efni, áður en langt líður á þingtímann, og geti það orðið afgreitt á þessu þingi.

Áður en ég lýk máli mínu um afkomu ríkissjóðs, langar mig til þess að drepa á nokkur atriði, er sýna hag hans nú samanborið við það, sem var í árslok 1934. Í árslok 1934 voru ríkisskuldirnar taldar alls 41.937 millj. kr., en í árslok 1938 eru þær um 46.323 millj. kr. Á þessum árum hafa hinsvegar verið tekin 3 lán, sem ekki snerta beint afkomu ríkissjóðs, og nema þau nú um áramótin þessum upphæðum: Hluti Útvegsbanka Íslands af láni 1935 2.544 milj., lán vegna stækkunar síldarverksmiðju á Siglufirði 598 þús. og lán til stækkunar útvarpsstöðvarinnar 753 þús., eða alls 4.894 millj. Ef við drögum þessi lán frá skuldunum eins og þær eru í árslok 1938, verða skuldir þær, sem sambærilegar eru skuldaupphæðinni 1934, 41.449 millj. kr., og er það lægri upphæð en skuldirnar voru þá, og er þó ekki tekið til greina, að ríkissjóður hefir á þessum árum yfirtekið skuldir, sem eru rekstrinum óviðkomandi, t. d. Skeiðaáveituskuldina, jarðakaupaskuldir og afföll við það að breyta lausaskuldum í fast lán. Ef við lítum hinsvegar á eignir ríkissjóðs í árslok 1938 og 1934, þá sjáum við, að eignir í ríkisfyrirtækjum, svo sem varasjóðir og rekstrarfé, ennfremur jarðeignir og sjóðeignir, hafa aukizt á tímabilinu um a. m. k. hátt á aðra milljón. Er þó ekki talið nándar nærri allt það fé, sem varið hefir verið til margskonar endurbóta og viðauka á fasteignum ríkisins.

Á þessu tímabili hafa þó verið greiddar hærri fjárhæðir til stuðnings atvinnuvegunum en þekkzt hefir áður. Vil ég í því sambandi aðeins benda á tvennt, sem ekki á sér nein fordæmi. Til mæðiveikivarna og styrkja vegna veikinnar hefir á þessum árum verið varið 1.2 millj. kr., að frádregnu því, sem aðrir hafa þar lagt fram en ríkissjóður. Til fiskimálasjóðs hafa verið greiddar 1.150 millj. kr. á sama tíma, sem varið hefir verið til margskonar nýjunga í sjávarútvegsmálum. Samtals hafa því 2.33 millj. kr. verið greiddar úr ríkissjóði aðeins vegna þessara tveggja mála, og verulegur hluti þessarar fjárhæðar hefir komið alveg óvænt til útgjalda og án þess að unnt hafi verið að ætla fyrir því í fjárlögum.

Þá kem ég að viðskiptum okkar við önnur lönd 1938. Um það verð ég fremur stuttorður. Ég hefi fyrir skömmu gefið yfirlit um það efni á vegum ríkisútvarpsins. Verð ég að gera ráð fyrir því, að hv. þm. hafi kynnt sér það yfirlit, og aðrir hlustendur sennilega líka.

Samkv. bráðabirgðayfirliti hagstofunnar varð verzlunarjöfnuðurinn hagstæður s. l. ár um 8.6 millj. kr. Innflutningurinn nam kr. 49.1 millj., en útflutningurinn kr. 57.7 millj. Var útflutningurinn heldur lægri en 1937, en innflutningurinn hinsvegar 2.5 millj. kr. lægri. Þetta er hagstæðasti verzlunarjöfnuður, sem náðst hefir um alllangt skeið, eða síðan 1928, að árinu 1932 undanskildu. Innflutningshöftunum var beitt svipað og árið áður, en þó heldur meir. Nokkrar umræður hafa orðið um það fyrr og síðar, opinberlega og manna á meðal, hvert gagn hafi orðið af innflutningshöftunum. Það er vitað, að á árinu 1932 varð innflutningurinn lægri en hann hefir orðið fyrr og síðar um langt skeið. Hefir oft verið til þess vísað af gagnrýnendum haftanna og því slegið fram, að þar sem innflutningur síðar hafi orðið hærri en 1932, sé það allgóð sönnun fyrir því, að ekki hafi orðið slíkt gagn að innflutningshöftunum og af er látið. Árið 1932 var verðlag lágt, innflutningshöftum nokkuð beitt og minna inn flutt en ella vegna þess, að menn voru þá enn að moða úr vörubirgðum frá 1930 og 1931. Það er þess vegna enginn vafi á því, að það er hin harðasta prófraun á gagnsemi haftanna að bera innflutninginn nú saman við það, sem hann var 1932, og þegar það bætist við, að innkaupsverð er nú mun hærra en þá og innflutningsþörf hefir stóraukizt vegna vaxandi mannfjölda. Nú ætla ég þess vegna að bera nokkuð saman innflutning 1932 og 1938, og þá fyrst þeirra vara, sem innflutningshöftin eiga að hafa mest áhrif á:

	1932	1938
	þús.	kr.
1. Kartöflur, ávextir	1051	666
2. Vefnaðarvörur og fatnaður	3340	3433
3. Skófatnaður	883	654
4. Verkfæri, búsáhöld. o. fl.	928	1202
5. Hreinlætisvörur	457	267
6. Hljóðfæri, leðurvörur	45	51
7. Úr, klukkur o. fl.	62	66
	6766	6339

Jafnframt mun ég gera samanburð á innflutningi þeirra vara, sem höftunum er ýmist ekki ætlað að hafa áhrif á eða a. m. k. minni áhrif en hina flokkana:

	1932	1938
	þús.	kr.
1. Byggingarefni	4498	6955
2. Vörur til útgerðar	11507	13610
3. — til landbúnaðar	573	872
4. Efnivörur til iðnaðar	1340	1935
5. Rafmagnsvörur	891	2166
6. Skip og vélar	1515	3703
	20324	29241

Af þessum samanburði verður ljóst, að innflutningur þeirra vara, sem höftin hafa helzt áhrif á, er minni síðastliðið ár en jafnvel árið 1932, en þá var þessi innflutningur af alveg sérstökum ástæðum óvenju lágur. — Hvaða líkur halda menn nú að væru til þess, að önnur eins niðurstaða fengist án innflutningstakmarkana? Ef við athugum svo hinsvegar samanburðinn í hinum flokknum, byggingarefni, framleiðsluvörum, skipum, vélum og vörum til framkvæmda, þá er hækkunina á innflutningnum þar að finna vegna aukinnar framleiðslu og nýsköpunar frá því, sem var 1932.

Það er heldur engin tilviljun, sem veldur því, að þrátt fyrir allt, sem á dagana hefir drifið síðustu árin, og lækkaðan útflutning, hefir verzlunarjöfnuður verið miklu hagstæðari en áður var.

Hitt er annað mál, að Framsfl. álítur ekki eftirsóknarvert eða æskilegt að hafa innflutningshöft til frambúðar, enda þótt honum sé ljós þörf þeirra eins og sakir standa. Framsfl. myndi fagna því mjög, ef ástandið í þessum málum breyttist svo til batnaðar, að unnt væri að búa við meira frjálsræði í viðskiptum en verið hefir nú um skeið.

Eins og áður var getið, var verzlunarjöfnuður ársins 1938 hagstæður um 8,6 milljónir. Innflutningur lánsfjár að frádregnu andvirði Esju, sem ekki var heimflutt, hefir orðið um 3 milljónir. Hafa því verið um 11,6 millj. til greiðslu afborgana og vaxta af lánum erlendis og til þess að mæta halla á duldum greiðslum. Var talið í fyrra, að nú orðið þyrfti um 10—12 millj. til þess að mæta þessum greiðslum öllum. Eftir þeim einkennum að dæma, sem um það eru til glöggust, virðist niðurstaða ársins hafa orðið sú, að nokkuð hafi staðið í járnum viðskiptin. Ógreiddar verzlunarskuldir í bönkum uxu að vísu nokkuð eftir skýrslum, en þó ber þess að gæta, að þær skýrslur voru gerðar fullkomnari á árinu en áður, og gæti það stafað af því. Ennfremur ber þess að gæta, að nokkuð er árlega höggvið í eldri skuldir af svipuðu tagi. Skuldir við útlönd í heild ættu alls ekki að hafa hækkað á árinu.

Það er fullkomið áhyggjuefni öllum hugsandi mönnum að þurfa einhverstaðar eigi fjarri 12 millj. kr. á ári til skuldagreiðslu og í duldar greiðslur, jafnvel þótt það verði að sjálfsögðu að athugast vel, að af þeirri upphæð ganga um 4,5 millj. til þess að lækka skuldir þjóðarinnar. Eigi að síður verður þetta fé að takast af útflutningnum, ef lántökur fara ekki fram.

Undanfarið hefir verzlunarjöfnuðurinn stöðugt farið batnandi, en um leið hafa æ fleiri og fleiri lán fallið til afborgunar, og halli „duldra greiðslna" hefir vafalaust vaxið, vegna þess að mjög verulegur hluti hinna duldu tekna fer framhjá bönkunum. Það verður að sjálfsögðu að gera ráðstafanir til þess að reyna að fyrirbyggja slíkt. Fyrst og fremst verður þó að gera sér það ljóst, að gera verður öflugar ráðstafanir til þess að bæta enn verzlunarjöfnuðinn. Það verður að beita innflutningshöftunum með fullri festu, enda þótt ekki verði hægt að ráðgera verulega heildarlækkun innflutnings af þeim ástæðum, *þar sem þeim hefir nú verið mjög beitt undanfarið.*

Framtíðarlausn gjaldeyrismálanna felst í aukn-

ingu útflutnings og hverskonar framleiðslu. Jafnframt verður auðvitað að gera ráðstafanir, eins og ég áðan gat um, til þess að sá ávinningur, sem kann að nást, geti orðið til þess að bæta hag þjóðarinnar og koma þessum málum á hreinan grundvöll, til þess að greiða með þær verzlunarskuldir, sem þyngst hvíla á gjaldeyrisverzluninni. Jafnframt verður að sjálfsögðu að stefna að því að gera viðskiptin frjálsari en verið hefir, svo ört sem fjárhagur þjóðarinnar leyfir.

Hvaða ráðstafanir eru þá líklegar til þess að örva framleiðsluna og útflutninginn? Fyrst og fremst þær ráðstafanir, sem miða að því að bæta rekstrarafkomu sjávarútvegsins. Samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, hefir togaraútgerðin verið rekin með miklum rekstrarhalla undanfarin ár, vegna verðhruns og aflabrests.

Sama máli hefir og gegnt um vélbátaflotann, að undanskildum þeim, sem hafa haft full not af síldveiðum síðustu árin, og þá aðeins 2—3 mánuði. Mikill hluti bátaflotans hefir undanfarin ár legið aðgerðalaus allt að 9—10 mánuði ársins, vegna þess að það var talið útilokað, að það gæti borgað sig að stunda þorskveiðar, og þó er það sá atvinnuvegur, sem hefir verið undirstaða utanríkisverzlunarinnar.

Menn hafa hikað við í þessum málum vegna þess óvanalega ástands á mörkuðum, sem verið hefir undanfarið. Reynslan hefir þó þrátt fyrir allt sýnt það, að við höfum selt það, sem við höfum aflað, og getað selt meira síðastl. ár, ef við hefðum átt meiri fisk. Ennfremur er það ljóst, að við getum vart búizt við verðhækkun erlendis á sjávarútvegsvörum og að til lengdar getur útgerðin ekki búið við það ástand, sem nú er í þessum málum, jafnvel þótt afli kunni eitthvað að aukast.

Það þarf að gera mikil átök til þess að bæta rekstrarafkomu sjávarútvegsins og auka alla framleiðslu. Ekki aðeins vegna útgerðarmanna og sjómanna og annara framleiðenda, þótt þeir eigi hér beinan hlut að máli, heldur einnig vegna þjóðarinnar allrar. Þeir, sem taka hlut sinn „á þurru", halda honum ekki lengi óskertum, ef framleiðslan er rekin með tapi til frambúðar.

Erfiðleikar útgerðarinnar hafa komið mjög hart niður á bæjar- og sveitarfélögum við sjóinn. Jafnframt hafa verið auknar mjög kröfur á hendur þeim, sem oft og tíðum virðist hafa verið mætt með lítilli festu eða ráðdeild. Útsvörin hafa farið stöðugt hækkandi og skuldir aukizt. Mun nú svo komið, að alls engir möguleikar eru til þess, að haldið verði áfram á sömu braut. Jafnframt því, sem gera þarf átak til þess að örva framleiðsluna, verður þess vegna óhjákvæmilega að gera ráðstafanir til þess að skipa fátækramálunum með hinni mestu hagsýni. Þess verður að krefjast hiklaust af hverjum manni, að hann noti til hlítar hvert það úrræði, er fyrir hendi kann að vera til sjálfsbjargar, og er áreiðanlega rétt að nota það fé, sem veitt kann að verða til atvinnubóta, til þess að efla sjálfsbjargarviðleitni manna og beinlínis koma undir menn föstum fótum, þannig að þeir hafi möguleika til þess að bjargast á eigin spýtur af framleiðslu.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á það hér í þessu sambandi, hver þjóðarháski hlýtur að vera að þeirri breytingu, sem orðið hefir á síðustu áratugum á viðhorfi mikils hluta æskunnar í landinu frá því, sem áður var. Áður bjuggust flestir ungir menn undir það að stofna sjálfstæð heimili og sjálfstæðan atvinnurekstur. Enn gera þetta að vísu margir, en fjöldi æskumanna gefur þessu engan gaum fyrr en um seinan, og það mun harla algengt, að það fjármagn unga fólksins, sem áður gekk til þess að eignast búslóð og annað, sem nauðsynlegast var til heimilisstofnunar, hverfi nú í margskonar eyðslu, sem ekkert skilur eftir. Um þetta mætti langt mál tala, en það mun ég ekki gera að sinni, en aðeins benda á það í fullri alvöru, að einn liður í því átaki, sem gera þarf til þess að breyta ástandinu hér til bóta, verður að vera kröftugar aðgerðir til þess að breyta í grundvallaratriðum viðhorfi unga fólksins til framleiðslustarfa og sjálfstæðs atvinnurekstrar. Um þetta eiga allir að sameinast, og það tel ég mundu verða drýgst til árangurs, að þessi mál væru rædd í fullri alvöru og hreinskilni í öllum skólum landsins.

Í sambandi við þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til viðreisnar framleiðslu landsmanna, er nauðsynlegt, að aðrar fylgi, til þess að halda niðri eða minnka dýrtíð í landinu. Á ég þar m. a. við verðeftirlit, og ennfremur virðist brýna nauðsyn bera til þess, að sett verði lög um húsaleigu í bæjunum.

Þau mál, sem ég hefi drepið á, mynda eina heild, — þau miða öll að því sama — að eflingu atvinnuveganna og bættum fjárhag þjóðarinnar.

Hugsandi mönnum er það áreiðanlega ljóst, að erfitt er að taka á þessum málum, og jafnframt að þau eru þannig vaxin, að það væri æskilegt, að þau væri hægt að leysa með viðtækara og meira samstarfi en áður hefir tíðkazt hér á háttv. Alþingi eða með þjóðinni yfirleitt. Að vísu mun mest eftir þessum málum tekið og mest um þau talað. En þó er fleira en þetta eitt, sem bendir eindregið í þá átt, að réttmætt sé og tímabært, að fleiri taki höndum saman en áður hefir verið til þess að leysa vandamálin.

Það fer ekki dult, að einræðisstefnum vex nokkuð fylgi með þjóðinni, og það er ómögulegt að neita því, að það er nú á allra síðustu tímum farið að bóla á þeim einkennum, sem eru undanfarar þess upplausnarástands, sem alstaðar ríkir, þar sem þessar stefnur ná fótfestu. Er ekki seinna vænna fyrir alla lýðræðisvini í þessu landi að sameinast um sterk tök á lausn vandamálanna og starfi gegn ofbeldisstefnunum.

Ef við lítum á ástandið í heiminum, sjáum við hvarvetna vígbúnað og aftur vígbúnað. Alstaðar eru menn brýndir til sameiginlegra átaka um þau mál. Enginn veit, hvenær ófriður brýzt út eða hvort hann brýzt út, en allir búast við hinu versta og allt viðhorf er mótað af því.

Brátt er að því komið, að þjóðin á að taka ákvörðun um það, hvort hún tekur öll sín mál í eigin hendur og hvernig hún ætlar að skipa málum framvegis.

Öll þessi mál eru þannig vaxin, að þau krefjast almennari, sameiginlegri átaka en tíðkazt

hafa a. m. k. nú um langt skeið. Í því sambandi mun reyna á þolrif hinna ábyrgu stjórnmálaflokka, og á þjóðin ekki lítið undir því, hversu þeir standast þá raun.

Jón Pálmason: Ég hefi hér litla stund til umráða til að ræða fjármál þjóðarinnar frá sjónarmiði okkar sjálfstæðismanna, en að sjálfsögðu er ekki tækifæri til að gagnrýna þær tölur, sem hæstv. fjmrh. las hér upp, þar sem þær eru ekki áður kunnar. Athugasemdir í sambandi við þær verða því að mestu að bíða þar til lengra líður á þetta þing.

Þess má þó þegar geta, að þegar hæstv. ráðh. upplýsir, að á rekstrarreikningi ríkisins síðastl. ár hafi orðið 1700 þús. kr. hagur, þá er því miður um allt annað að ræða en greiðsluhag. Árið 1937 varð rekstrarhagnaður 1062 þús. kr., en það ár jukust lausaskuldir um 1,5 millj. kr. og skuldir ríkisstofnana við útlönd á 3. millj. kr.

Nú er svipurinn sá, að þrátt fyrir 1700 þús. kr. rekstrarhag árið 1938 hafa skuldir ekki lækkað nema um 189 þús. kr., en samningsbundnar afborganir af föstum lánum voru 1405 þús. kr. Þetta þýðir það, að af föstum afborgunum er ekki greitt raunverulega nema 189 þús. kr. Hitt er tekið að láni aftur í öðrum stöðum. Þetta er náttúrlega ekki góð útkoma, jafnhliða því sem tekjur fóru fram úr áætlun fjárlaga um 1840 þús. kr.

Þá má geta þess í sambandi við umframgreiðslur, að ráðherrann hljóp framhjá því eins og fyrri, að geta um, hve þær urðu á síðasta ári miklar í stofnunum ríkisins. Þar hafa þær undanfarið verið tiltölulega mestar, og svo mun enn. Einnig hljóp hann yfir það, að geta um skuldir sömu stofnana, hve þær eru miklar og hve mikið þær hafa vaxið á síðasta ári. Það varðar þó engu síður miklu en skuldir ríkissjóðsins sjálfs, því þar er ekki næsta mikið bil á milli.

Sem endurskoðari ríkisreikninganna hefi ég að undanförnu haft fyrir augunum margvíslegar svartar myndir á þessu sviði, en mér þykir réttara að fresta því við þetta tækifæri að draga þær fram fyrir alþjóðar augu, en snúa máli mínu aðallega að því, hvernig ástandið er í heild sinni í fjármálum þjóðarinnar og hverjar meginorsakir liggja til þess, að svo er komið sem komið er.

Fjárlagafrumvarpið, sem nú hefir verið lagt fyrir þetta þing, er með svipuðum hætti sem að undanförnu, en þó eru gjöldin áætluð um 600 þús. kr. hærri en í fjárlagafrv. í fyrra. Sú breyting er þó á ger, að nokkuð hefir verið lækkað framlag til verklegra framkvæmda, t. d. vegamála, strandferða og hafna og lendingarbóta, en aðrir liðir hækkaðir. Hér stefnir því í sömu átt eins og undanfarið, að á hverju ári eru gjöldin hækkuð, á hverju ári eru nýjar kröfur teknar til greina og flestar eða allar hinar eldri greiðslur látnar halda sér. Á hverju ári koma svo allar umframgreiðslur stjórnendanna ofan á fjárlögin, og þær hafa að undanförnu ekki verið neitt smáræði.

Þegar athugað er, hvernig komið er málum í okkar landi, þá er því jafnvel fyrst ástæða til að víkja að því, hver áhrif fjármálahættir ríkisins sjálfs hafa á heildarhag þjóðarinnar.

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1937 er nýlega prentaður, en hefir ekki komið enn fyrir almenningssjónir. Séu nú heildartölur hans bornar saman við það, sem var 10 árum áður, árið 1927, þá er munurinn gífurlegur, og hann sýnir betur en flest annað, hve sterka ástæðu er á þessu sviði að finna fyrir því, hvernig komið er.

Árið 1927 voru öll gjöld og allar tekjur tekið með í aðalreikningi ríkisins. Þannig voru öll gjöld pósts og síma og víneinkasölu talin með í gjöldum og allar tekjur með á tekjuhlið. Sama var um afborganir af skuldum, byggingar á vitum og margt fleira, sem nú er aðeins fært á sjóðsyfirlit. Nú er líka aðeins fært á rekstrarreikning ríkisins mismunur á tekjum og gjöldum ríkisstofnana. Til að gera réttan samanburð verður því að gera upp á sama hátt, og þá lítur samanburðurinn þannig út, að 1927 urðu ríkisútgjöldin 12 millj. 778 þús., en 1937 24 millj. 252 þús. Gjöldin hafa því á þessu 10 ára tímabili nærri tvöfaldazt, eða hækkað hátt á 12. hundrað þús. kr. á hverju ári að meðaltali. Mikið af þessari hækkun er óþarft, en mikið er líka þannig, að erfitt er að losna við það, og alls ekki nema með stórum breytingum á lögum og kerfi. Þannig er búið að reisa hóp af skólum, spítölum og allskonar stofnunum, sem er allt dýrt í rekstri og kostar of fjár á ári hverju. Starfsmönnum ríkisins fastlaunuðum og á tímalaunum hefir verið fjölgað um hundruð manna og launin eru yfirleitt miklu hærri en áður tíðkaðist.

Um tekjur ríkisins er sama að segja. 1927 eru þær samkv. framansögðum uppgerðum 11,2 millj. en 1937 23,1 millj. Þær hafa því meir en tvöfaldazt á þessu 10 ára tímabili og aukizt um nærri 1200 þús. kr. á ári að meðaltali. Þetta þýðir það, að tollar og skattar og tekjur ríkisstofnana hefir verið hækkað sem þessu nemur að meðaltali á ári hverju. Þarna eru þó ríkisbúin undanskilin. Þau eru nú 6.

Ég býst nú við, að hæstv. fjmrh. vilji ekki telja þarna með gjöldunum rekstrartekjur ríkisstofnananna, þar sem þær séu gróðafyrirtæki, en þetta er fullkomlega réttur samanburður við reikningsuppgerðina 1927. Stærstu stofnanirnar voru þó til: Síminn, áfengisverzlunin og pósturinn. Að ríkið hefir tekið allt hitt í sínar hendur, hefir auðvitað orsakað það, að þeirri starfsemi er kippt frá verzlunarrekstri einstaklinga og félaga og um leið rýrt að sama skapi gjaldþol þeirra aðila til að borga skatta, tolla og útsvör. Þetta er óhrekjanleg vissa, en liggur að öðru leyti alveg utan við allar deilur um það, hvort heppilegra sé, að ríkið eða einstaklingarnir verzli með þær vörur, sem hafa verið teknar í einkasölu.

Þegar nú er athugað, hvernig hlutfallið hefir breytzt á umræddu tímabili milli ríkisgjalda og þjóðartekna, þá er mismunurinn ægilegur. Þjóðartekjurnar koma á viðskiptasviðinu fram í verði útfluttrar vöru. Að sumu leyti eru það brúttótekjur, en að nokkru leyti ekki, en þó er þar að finna einhvern þýðingarmesta leiðarvísi um þjóðarhag út á við. Árið 1927 var verð útfluttrar

vöru alls 63,2 millj. króna, en 1937 59 millj. Árið 1927 tekur ríkið því til sinna þarfa og í sínar hendur 17,5% af verði útfluttrar vöru, en 1937 tekur það 39%, eða nærri ⅝ hluta.

Til viðbótar við þetta má svo geta þess, að útsvörin alls í landinu hafa á sama tímabili hækkað um helming, úr 3,6 millj. króna 1927 í 7,2 millj. 1937. Þetta þýðir, að útsvörin 1927 svara til þess að vera 5,7% af útfluttri vöru, en 1937 eru þau orðin 12,2% af henni. Breytingin er því sú, að 1927 fer í ríkisgjöld og útsvör 23,2% af verði útfl. vara, en 1937 er þetta orðið 51,2% af allri útflutningsvöru. Auk þess hafa bætzt ýms önnur opinber gjöld á yfir þetta tímabil, svo sem tryggingargjöld, félagsgjöld ýmiskonar og eitt og annað fleira.

Við sjálfstæðismenn höfum bent á það á hverju þingi og leitt rök að, svo ekki er um að villast, að þetta væri hrein fjárhagsleg glötunarleið, enda fyrir löngu auðsætt, að svo er. Atvinnuvegir landsins til sjávar og sveita eru sú eina undirstaða, sem á er að byggja. Framleiðsla nytjavöru úr skauti náttúrunnar er sá eini grundvöllur, sem öll fjárhagsleg velgengni byggist á. Þar hljóta öll gjöldin að lenda fyrr eða síðar, eða að öðrum kosti safnast fyrir sem skuldir við útlönd. Hvorttveggja hefir orðið, og því er það, að allur gjaldaþunginn hefir verkað lamandi og sligandi á alla okkar framleiðslu og jafnframt hafa myndazt gífurlegar skuldir við erlendar þjóðir. Það hefir og stutt á sömu sveif, að öll önnur gjöld við framleiðslu landsins hafa hækkað geysilega á umræddu tímabili. Kaupgjald hefir hækkað, laun hafa hækkað, skólakostnaður, sjúkrakostnaður og yfirleitt allt annað, sem einstaklingarnir þurfa að greiða, hefir hækkað til muna.

Að framleiðslan hefir verið í gangi til þessa, stafar af tvennu. Annarsvegar því, hve landið okkar er í raun og veru gott, fiskimiðin auðug, jarðvegurinn frjór o. s. frv. Hinsvegar af því, að á þessu tímabili hefir engin harðindi borið að höndum eða önnur stór áföll, þar til fjárpestin mikla kom upp. Þótt þorskveiðar hafi verið rýrar síðustu árin, þá hefir síldveiðin orðið þeim mun meiri, enda lítið minnkað heildarverð útfluttrar vöru. Allir menn, sem hafa þekkingu á okkar atvinnulífi, hafa séð, að hverju stefndi, og nú er svo komið, að meginhlutinn af þeim eignum, sem framleiðendur til sveita og við sjó hafa undir höndum, er í skuld. Fjöldi bænda og útvegsmanna hefir verið gerður upp með nauðasamningi, þannig að mikið af skuldum hefir fallið, en ekkert dugir, af því að gjaldaþunginn kemur í veg fyrir arðbæran rekstur.

Stórútgerðin hefir lengst verið rekin án neyðarráðstafana, en hún hefir verið að tapa öllum sínum höfuðstól og liggur nú við stöðvun, ef ekki er breyting á ger. Milliþinganefndin, sem starfað hefir að undanförnu, hefir sannfært sig um það með óyggjandi vissu, að síðustu 5 árin hefir stórútgerðin tapað a. m. k. 5 millj. króna, og er þó allt of lítið reiknað fyrir fyrningu skipanna. Þetta er ekki nema eðlileg afleiðing af því ástandi, sem ríkt hefir í landinu yfirleitt, og hlýtur svo að verða áfram, ef ekki er undinn að því bráður bugur að breyta til í þá átt, að hlutur framleiðslunnar sé ekki lengur alveg fyrir borð borinn.

Í þessu sambandi tala menn síðustu árin um það sem eitthvert aðalatriði, hvernig viðskiptajöfnuður við útlönd er. Um fátt eða ekkert hefir verið talað meira hér á þingi en viðskiptajöfnuðinn, hvernig hann væri, hve miklu þyrfti að muna á verði útfluttra og aðfluttra vara til þess að ná fullum greiðslujöfnuði o. fl. Lengi var því haldið fram af hæstv. fjmrh., að 6 millj. nægðu fyrir hinum duldu greiðslum. En núna fyrir jólin komst hann að þeirri niðurstöðu í blaðagrein, að ómögulegt væri að segja um, hve miklar þær væru. Flestir munu þó telja, að til þessa þurfi eins og nú er komið a. m. k. 12 millj. kr. Það viðurkenndi ráðherrann nú. Annars skal það atriði ekki frekar rætt hér.

Hinu er fremur ástæða til að gera sér grein fyrir, að kenningin um, að viðskiptajöfnuðurinn við útlönd sé einhver óyggjandi mælikvarði á velgengni þjóðarinnar á fjármálasviðinu, hún er fölsk. Það hefir reynslan undanfarið sýnt, og er enda augljóst mál. Ég skal í því efni taka nærtækt dæmi úr mínu héraði. Í sveitum a. m. k. er viðskiptajöfnuður ársins greinilegur og kemur fram í viðskiptareikningi bændanna við þá verzlun, sem þeir skipta við. Árið 1937 var óvenjulega góður viðskiptajöfnuður hjá bændum í Austur-Húnavatnssýslu, einkum vestan Blöndu. Reikningarnir t. d. hjá K. H. lítu prýðilega út eftir árið. En viti menn. Á síðustu 50 árum hefir þessi sýsla aldrei goldið annað eins afhroð á fjármálasviðinu eins og 1937. Öll lömb vestan Blöndu voru drepin, einnig mjög mikið af veturgömlu fé og ám. Þetta stafaði af því, að mæðiveikin var að brytja niður fjárstofninn, og menn settu því ekki á nema það verðminnsta úr fénu, til að fá þó eitthvað fyrir hitt. Þetta er með öðrum orðum þannig, að jafnhliða því sem verzlunarjöfnuður héraðsbúa er í ágætasta lagi eru atvikin að kippa grunninum undan fjárhag þeirra og framtíðar atvinnurekstri.

Þetta sama hefir verið að gerast hjá þjóðinni allri á undanförnum árum. Verzlunarjöfnuðurinn hefir ekki verið góður að vísu, en þó sæmilegur, en jafnhliða hefir gengið ört á að brytja niður lömbin og ærnar úr búi þjóðfélagsins. Þetta er svo að skilja, að framleiðslan sjálf. undirstaða allrar þjóðfélagsbyggingarinnar, hefir verið hallarekstur, sem fleiri og fleiri forðast að koma nærri sem eigin framleiðendur. Framleiðslu sveitanna hefir verið forðað frá hruni með ýmislegum óeðlilegum kreppuráðstöfunum, og sama er að segja um mikinn hluta útgerðarinnar. Þetta hefir verkað eins og hitaskammtar á sóttveika menn, friðun í bili, en engin lækning, af því að meinið liggur dýpra, eins og ég hefi þegar vikið að. Jafnhliða þessu hefir verið haldið uppi falskri kaupgetu hjá nokkrum hluta þjóðarinnar. Það hvorttveggja hefir orsakað dýrari og ógætilegri lífnaðarhætti hjá nokkrum hluta þjóðarinnar heldur en dæmi eru áður til, og vitanlega duga hvorki innflutningshöft eða aðrar ráðstafanir þar til varnar, ef venjur og tízka og fyrirhyggjuleysi leggjast á eitt til að viðhalda spilinu. Allt þetta er tengt við þá

skiljanlegu aðstöðu, að þegar arðsvonin af atvinnurekstrinum hverfur, þegar þeir, sem sýnt hafa fyrirhyggju og gætni í sinni starfsemi, eru rúnir með gjöldum og öryggislausir um framtíðina, þá lamast viðleitni fólksins í efnahagsstarfseminni, sú hugsun fær byr undir báða vængi, að láta fjölina fljóta og hverjum degi nægja sína þjáning. Þarna er að finna höfuðskýringuna á því ábyrgðarleysi og nautnalífi, sem meira ber á síðustu árin en dæmi eru til áður. Þar er líka að finna skýringuna á því að nokkru leyti, að fólkið hefir flutt í hundraða- og þúsundatali í fyrirsjáanlegt atvinnuleysi, í von um að aukin ríkisvinna, atvinnubætur og bæjarframfæri væri þó alltaf til bjargar.

Öfugstreymið markast á gleggstan hátt í því, að mestu vandræði sveitanna eru fólksleysi og vantrú uppvaxandi manna á framtíðina, en mestu vandræði kauptúna og kaupstaða eru atvinnuleysi og framfærsluþungi af fullvinnufæru eða hálfvinnufæru fólki. Í öllu þessu er dómur reynslunnar orðinn svo sterkur, að blaður og mótmæli duga ekkert. Þetta er deginum ljósara. Af þessu er það sprottið, að á undanförnum árum og yfirstandandi tíma eru bæjarfélögin að sligast undan ofurþunga fátækraframfæris, tryggingargjalda, atvinnubótavinnu o. fl. Meðan útgerðin var í blóma og fór vaxandi, virtist allt í lagi með fjárhag hinna stærri bæja, þó að sveitafólkið flytti þangað í stórum hópum. Einkum átti þetta sér stað með höfuðstaðinn, Reykjavík. Hingað hefir fólkið og fjármagnið safnazt um langa hríð í stórum stíl og hér virtist allt í lagi með fjárhag og framtíðarhorfur. En gjöldin hafa alltaf hækkað og lífskröfur að sama skapi, en grundvöllurinn undir velgengni bæjarins, útgerðin, molast niður. Hér er því farið að halla gífurlega undan fæti eins og annarstaðar í landinu, af þeim ástæðum, sem þegar eru nefndar og flestar eru tengdar við fjármálastefnu þjóðfélagsins og því ekki á valdi bæjarvaldanna hér að standa gegn. Til marks um það, hver áhrif hallarekstur útgerðarinnar hefir, má margt nefna. 1933 var veiðitími togaranna t. d. 110 dagar á vertíð að meðaltali. Árið 1937 er hann kominn í 48 daga. Að nota þannig til veiðanna aðeins arðmesta tímabilið, er gert til að draga úr hallanum. Sama eðlis er það, að útgerðarfélögin telja minna tjón að láta skipin liggja, nema síldveiðitímann, heldur en að gera þau út.

Þá er útflutningurinn á fiskinum óverkuðum sorglegt dæmi um ástandið. Mér er m. a. sagt af kunnugum mönnum, að árið sem leið hafi það munað nærri 3 milljónum króna í verkalaunum, að fiskurinn var fluttur út óverkaður, borið saman við það, að verka hann hér á landi. Þetta munaði í erlendum gjaldeyri nokkru minni upphæð, en gífurlegri samt. Engir menn fremur en verkamennirnir, sem skortir atvinnu, ættu að sjá það betur, hvílíkt tjón er að svona ástandi, en orsökin er hér sem annarstaðar óhagstætt hlutfall milli framleiðslu og launakjara.

Í sveitum landsins er myndin sömu tegundar, þó svipurinn sé eðlilega nokkuð annar. Fram undir 1930 var eftirspurn eftir jörðum gífurleg um land allt og þær seldar víða fyrir helmingi hærra verð en fasteignamatinu nam. Nú er skipt svo um, að jarðir eru næstum óseljanlegar, og það sem meira er, það er varla hægt að byggja jarðir í beztu sveitum. Það fer því ört vaxandi, að jarðir fara í eyði, jafnhliða því, sem hinir eldri menn falla frá eða hætta búskap. Samfara þessu er svo hitt, að búreksturinn á mörgum þeirra jarða, sem á er búið, er lítið meira en hálfur rekstur miðað við það, sem bezt var, þannig að engjarnar standa óhreyfðar í stórum stíl árum saman og þar með ónotað mikið af framleiðslumætti jarðarinnar. Það, sem hinsvegar bjargar því, að landbúnaðarframleiðslan í heild á landinu hefir ekki gengið saman að sama skapi, er hin stóraukna ræktun, sem fram hefir farið síðan jarðræktarlögin gengu í gildi. Þetta munar alstaðar nokkru, en mestu í kringum kauptún og kaupstaði. Þó að nytjar jarðanna séu því ekki hirtar nema að sumu leyti, þá þarf samt nú víðast færra fólk til sömu framleiðslu en áður vegna bættra skilyrða. Þetta ætti að skapa stórum betri afkomu, og náttúrlega væri hún ómöguleg ella. En þrátt fyrir þetta er afkoman verri en áður, og er þar að finna eina afleiðingu þeirra orsaka, sem ég hefi drepið hér á.

Ég nefndi á síðasta þingi eitt glöggt dæmi um þetta ástand, þar sem ríkisbúin komu út með stóran halla árið 1937, þó að engin leiga væri reiknuð eftir jarðir, hús og búpening og mjólk væri reiknuð ríkinu á 28 aura potturinn nettó. Á þessum stöðum er þó betri aðstaða en á flestum öðrum stöðum á landinu. Þar er allt fóður tekið á vélarfæru túni, húsakostur í bezta lagi o. s. frv. Ég get nú bætt því við, að eitt ríkisbúið kom á sama ári út með stóran halla, og var þó engin leiga reiknuð eftir höfuðstól, og fæði verkafólks ekki heldur talið til gjalda.

Þegar svona gengur þar, sem skilyrðin eru bezt, hjá ríkinu sjálfu, þá er ekki von, að vel fari hjá fátækum einstaklingum, enda er sjón sögu ríkari í því efni. Þessi lýsing þykir þeim áreiðanlega ljót, sem ekkert þekkja okkar atvinnuvegi og þeirra meinsemdir, en hún er rétt. Hún er sá sannleikur, sem við kunnugra manna augum blasir, og þann sannleik eru þeir menn skyldugir til að rannsaka og viðurkenna, sem fást við stjórnmál, og þeir eru skyldugir til að haga sér í samræmi við hann, ella draga sig í hlé.

En hvað á að gera? Um það er ekki að villast, að það verður að gerbreyta okkar fjármálakerfi og þeirri óheillastefnu, sem undanfarið hefir ríkt á þessu sviði. Það verður að gerast svo fljótt sem tök eru á og með það höfuðsjónarmið fyrir augum að bæta hag framleiðslunnar til sjávar og sveita, svo hún geti borið sig og verið arðviss í sæmilegu árferði, og allt vinnufært fólk í landinu geti haft atvinnu. Það er dýrt að halda hér uppi menningarríki; það þarf mikið til að standa straum af öllum okkar skuldum og lækka þær eins og þarf; það þarf mikið til að losna við framfærsluþungann og atvinnuleysisbölið, en allt þetta er gersamlega ómögulegt á annan veg en þann, að auka framleiðsluna og tryggja það, að hún svari eðlilegum tekjum og sé helzt meira laðandi fyrir hæfileikamenn þjóðarinnar en flest eða allt annað. Verði

þetta ekki gert, verði haldið áfram á sömu braut og undanfarið, þá er víst, að sú hörmungarsaga gerist á komandi tímum, að mistök og lífsþægindi nútímans verður að borga með frelsi og velferð uppvaxandi og komandi kynslóða.

Hér á Alþingi er nú lítið byrjað að starfa og nokkuð vafasamt, hvað gert verður. Um tvennt er þó talað. Annað það, að rjúfa þingið og ganga til kosninga á komandi vori. Hitt það, að stofna til samvinnu um stjórn og afgreiðslu mála af 3 stærstu flokkum þingsins. Hvort ofan á verður, er enn með öllu óvíst. Að ræða hér um hugsanlega samvinnu Sjálfstæðisflokksins við stjórnarflokkana geri ég ekki, því að til þess hefi ég ekki umboð frá flokksins hálfu.

Frá mínu persónulega sjónarmiði vil ég þó segja það, að ef allir hv. alþingismenn væru vitrir menn, velviljaðir og þjóðhollir, þá mundu þeir sjá og skilja, að nú er það ástand fyrir hendi, að sjálfstæði og framtíðarvelferð okkar lands og okkar þjóðar er í veði, ef ekki er breytt frá því, sem verið hefir. Sú skylda hvílir á þessum hóp fremur en öllum öðrum landsins þegnum, að taka skynsamlegar ályktanir, að leita sannindanna til hlítar á öllum sviðum, viðurkenna þau og breyta í samræmi við það, og fyrst og fremst setja alþjóðarhagsmuni ofan við allt annað. Landið okkar er fagurt, frjósamt og gott. Það hefir kostað lífsstarf allra okkar beztu manna á aðra öld að bjarga því undan erlendum yfirráðum. Ef flokkaþrætur yfirstandandi tíma hafa það í för með sér, að eins fer nú og áður í lok hinnar verstu óaldar, sem hér hefir ríkt, Sturlungaaldar, þá verður eftirmæli núlifandi kynslóðar ekki gott á komandi öldum.

Hvort sem nú standa kosningar fyrir dyrum eða ekki, hvort sem sterkara verður: sú einlægni, bjartsýni og viðsýni, sem trúir á mátt hinna betri afla, jafnvel hjá óbilgjörnum andstæðingum, eða sundrungar- og baráttuvaldið, sem ríkt hefir að undanförnu, þá vil ég óska okkar landi og okkar þjóð þess, að skilningurinn fari vaxandi á því, að nú ber alþjóðarnauðsyn til, að brátt verði tekið öðrum tökum á vandamálum þjóðarinnar en gert hefir verið. Því aðeins getum við haft svo bjartar vonir um framtíðina sem hin miklu lífsskilyrði okkar góða og kæra lands gefa efni til.

Stefán Stefánsson: Hv. ráðherra hefir nú lokið við að halda sína fjárlagaræðu hér á Alþingi.

Í fjárlagaræðunni 1937 segir ráðherrann: „Í fyrstu fjárlagaræðu minni lagði ég áherzlu á, að stjórnin liti svo á, að aðalatriðið væri að standa í skilum út á við.“

Í þessari fyrstu ræðu lagði ráðherrann mikla áherzlu á, 1) að stöðva þyrfti allar skuldaaukningar út á við, 2) að greiða yrði umsamdar afborganir skulda af tekjum hvers árs og 3) að halda yrði fullum greiðslujöfnuði, eigi aðeins í fjárlögum, heldur og raunverulega, þannig að fjárlög og ríkisreikningar á hverjum tíma standist á. Fyrir þennan ásetning fékk hv. ráðherra viðurkenningu. Ásetningurinn var góður. En hvernig hefir farið um efndirnar?

Hv. ráðherra hefir hlotið þá aðstöðu, að geta unnið að settu marki eftir þeim leiðum, er hann sjálfur taldi beztar. Hann fékk hjá stuðningsflokkum sínum öll þau lög, völd og umboð, er hann taldi sig við þurfa til að ná marki.

Hann fékk hækkaðar allar útgjaldaáætlanir fjárlaganna, svo eigi þurfti að greiða nokkrar verulegar fjárhæðir úr ríkissjóði umfram fjárlög. Hann fékk síhækkaðar tolla- og skattaálögur, til þess að hann fengi þær tekjur handa á milli, sem hann krafðist og taldi sig þurfa.

Hann fékk nýja innflutnings- og gjaldeyrislöggjöf og hefir fengið á þeirri löggjöf allar þær breytingar, sem hann hefir óskað, til þess að geta haft fullt vald á innflutnings- og gjaldeyrismálunum.

En þrátt fyrir allt þetta hefir árangurinn af fjármálastjórn hans orðið sá, að fjárhags- og gjaldeyrisvandræði þjóðarinnar hafa farið vaxandi með hverju ári, síðan hv. ráðherra tók við stjórn fjármálanna, og hafa aldrei verið meiri en nú.

Skuldir þjóðarinnar út á við hafa farið vaxandi með hverju ári. Er full ástæða til að ætla, að þær hafi verið um s. l. áramót eigi undir 110 millj.

Á s. l. ári munu þær hafa vaxið allverulega. Í viðskiptayfirliti ársins 1938 segir ráðh., að 3½ millj. lánsfjár hafi verið flutt inn í landið á s. l. ári. Skuldir bankanna á árinu hafa vaxið um 620 þús. og hagur okkar í Þýzkalandi versnað um 2,7 millj.

Samkv. áliti skipulagsnefndar, hinnar svokölluðu „Rauðku“, á bls. 36, er birt yfirlit frá Hagstofu Íslands um skuldir þjóðarinnar.

Samkv. því eru skuldirnar í árslok 1933 kr. 74,6 millj. Samkv. sömu bók, bls. 56, segir: „Í árslok 1935 hafa skuldirnar við útlönd því verið rétt við 100 millj. og Sogsvirkjunarlánið þó að litlu leyti talið.“ Skuldir hafa því verið í árslok 1935 ca. 105 millj. Fullyrða má, að á árunum 1936—1938 hafi þær vaxið svo, að þær nú séu eigi undir 110 millj.

Verzlunarjöfnuðinn telur ráðh. hagstæðan um 8,6 millj. Frá því verður að draga verð Esju, 450 þús., og eftir reynslu reynist innflutningur meiri en vitað er við áramót, svo líklegt er, að verzlunarjöfnuðurinn nái 7 millj., — en þarf að öllum líkindum að vera 14 millj. til að fullur greiðslujöfnuður náist.

Hv. ráðh. hefir alltaf talið duldu greiðslurnar lægri en þær raunverulega hafa verið.

Nú fyrst virðast augu hans vera að opnast. Nú eru duldu greiðslurnar allt í einu orðnar 12 millj. Í fyrra um sama leyti voru þær allt að 10 millj. Þær hafa því vaxið á einu ári um 2 millj. Reynslan mun sanna, að þær eru vart undir 14 millj.

Hv. ráðh. hefir alltaf stimpazt við, þá borið hefir verið fram, að skuldir hafi vaxið í hans ráðherratíð.

Úr uppgjöri skipulagsnefndar á skuldunum hefir hann jafnvel lítið viljað gera, enda þótt flokksbræður hans, þeir hv. þm. S.-Þ. (JJ) og hv. 2. þm. Skagf. (StgrSt), væru meðal annara í nefndinni. En nú viðurkennir hv. ráðh. skuldaaukninguna, m. a. með játningu um hækkun duldu greiðslnanna. Í fjárlagaræðunni 1938 sagði hv. ráðh., að duldu greiðslurnar færu hækkandi

með hverju ári. Af hverju fara þær vaxandi? Er það eigi meðal annars og fyrst og fremst vegna sívaxandi skulda þjóðarinnar við útlönd?

Gjaldeyris- og yfirfærsluvandræðin eru hin hörmulegustu. Smákröfur á ríkisfyrirtæki eru sendar hingað málflutningsmönnum til innheimtu, og jafnvel verða vanefndir á loforðum um yfirfærslu slíkra upphæða. Gjaldeyrir mun vera mjög takmarkaður eða enginn fyrir höndum erlendis, aðeins falla eitthvað til jafnóðum og afurðir héðan eru þar seldar.

Er jafnvel talið, að yfirfærsla gjaldeyris muni með öllu stöðvast einhvern daginn, ef ekki ber að óvænt höpp.

Ástand fjárhags- og gjaldeyrismála er ískyggilegt.

Í viðskiptayfirliti ráðh. og í fjárlagaræðu hans í dag gætir eigi hinna sömu drýginda um fjármálastjórn og ástand gjaldeyrismála sem að undanförnu. Hv. ráðh. viðurkennir nú, að ástandið sé mjög alvarlegt. En hann reynir að bera sig mannalega, þótt meira sé það af vilja en mætti, og telur, að eigi sé ástæða til þess að örvænta.

En eftir reynslu af fjármálastjórn ráðherrans undanfarandi ár, fæ ég ekki annað séð en að þjóðin hafi fulla ástæðu til að örvænta um fjárhagslega viðreisn, fari hv. ráðh. áfram með stjórn fjármálanna.

Það verður eigi lengur um það deilt, að ástandið er mjög alvarlegt, svo notuð séu orð ráðh., og má telja virðingarvert, að hann, þótt seint sé, gefi þessa játningu.

En hverjum er um að kenna? Ekki er mér um að kenna, segir hv. ráðh.

Lengi hefir ráðh. og stjórnarflokkarnir leikið þann leik, að kenna fyrrv. ríkisstjórn, stjórn Á. Á., og stjórnarandstæðingum um erfiðleikana. En þegar eigi er hægt að telja þjóðinni trú um það, að stjórnarandstæðingar eigi sökina, menn, sem með öllu hefir verið bolað frá öllum áhrifum á stjórn landsins, þá er landinu, ættjörðinni, gefin sökin, reynt að vekja vantraust á landinu.

Fiskileysi og ýmsu er um kennt. Það er bent á það og reynt mikið úr að gera, að útflutningur á fullverkuðum saltfiski hafi stórum minnkað, enda er það svo, en þess er eigi getið, sem þó ætti að gera, að í hans stað höfum við fengið önnur útflutningsverðmæti, svo sem: hraðfrystan fisk, óverkaðan saltfisk, síld og síldarafurðir o. m. fl., og jafngilda verðmæti þessi saltfiskinum, sem áður var.

Samkv. vísitölum hagstofunnar sést, að vörumagnsvísitala útfluttra vara er hin sama árin 1937 og 1928, eða 217. Meðal-vörumagnsvísitala áranna 1935—1937 er 206, en meðal-vörumagnsvísitala áranna 1924—1926 eigi nema 168½, og hafa þó þau ár verið talin mikil góðæri.

Sama er að segja um verðvísitölu útfluttra afurða; hún hefir einnig verið hagstæð, miðað við undanfarandi ár. Árin 1935—1937 er hún að meðaltali 125, en árin 1931—1934 er þessi verðvísitala miklu lægri, eða 100¾.

Þessar fáu vísitölur, sem ég nefndi, benda eigi til þess, að landið hafi brugðizt, ættjörðin hafi svikið.

Nei, það er hv. fjármálaráðh., sem hefir brugðizt, það eru stjórnarflokkarnir, sem hafa svikið. Allt til þessa hefir hv. ráðh. og hv. stjórnarflokkar talið þjóðinni trú um, að allt væri að batna. Ýmsir trúgjarnir kjósendur hafa trúað þessum fullyrðingum og þótt þær undursamlegar. En nú er þeim vart trúað lengur.

Hvar sést þessi bati? Er hann í sveitum landsins? Er hann að finna í nauðungarsölu jarða? Er hann að finna í flótta bændanna og sveitaæskunnar frá landbúnaðinum og framleiðslunni?

Sést batinn við sjávarsíðuna, hjá útgerðarmönnum eða verkafólki? Er hann að finna í milljónatöpum útgerðarmanna eða í atvinnuleysi og framfærsluþörf verkamanna?

Bata þann, er stjórnarflokkarnir hafa svo mikið gumað af, er hvergi að finna, nema hjá þeim, er standa við stjórnarjötuna, hjá broddum Framsóknar- og Alþýðuflokksins, er taka tvöföld og þreföld prófessorslaun. Það er bati þessara höfðingja, er stjórnin hefir flotið á og flýtur á. Hagsmunir launamanna þessara eru settir ofar hagsmunum framleiðslunnar í landinu, og þá jafnframt ofar hagsmunum alþjóðar.

Þar sem ég drap hér á framleiðsluna, vil ég fara um hana nokkrum orðum.

Útflutningur landbúnaðarvara var s. l. ár 8,6 millj. Er það tæpum 2 millj. minna en árið 1937, og byggist þetta að mestu á verðfalli afurða. Það er því augljóst, að afkoma margra bænda er næsta erfið; hún var erfið áður en verðfallið varð, hvað þá nú, og auk þess herjar mæðiveikin og ýmsar fjárpestir heil héruð landsins. Bændurnir þreytast á búskaparbaslinu, þeir flytja frá moldinni á mölina og keppa þar þá oft um vinnu við verkalýðinn, er þar er fyrir. Skapast við þetta ýmsir erfiðleikar, auknar kröfur um atvinnubótafé og framfærslustyrki. — Bændum er talin trú um það af gæðingum stjórnarinnar, að þeir séu alltaf að græða. Kjötlög og mjólkurlög eiga að hafa bætt hag þeirra um hundruð þúsunda, jafnvel milljónir.

Afurðasölulöggjöfin var sjálfsögð. Hún hefir þegar gert nokkurt gagn, þótt það hefði mátt vera meira, og á vonandi eftir að gera það betur. Hún var fyrst og fremst sett til hagsmuna bændum, og hún á ásamt fleiru að tryggja það, að landbúnaðurinn sé lífvænlegur atvinnuvegur og að menn eigi þurfi að flýja sveitirnar, tryggja það, að bændurnir geti lifað á landbúnaði, lifað eigi verra lífi en aðrar stéttir þjóðfélagsins.

En þetta hefir enn eigi tekizt.

Samband ísl. samvinnufélaga gaf út á s. l. ári smárit eftir Jón Gauta, bónda á Gautlöndum. Var það gefið út sem fylgirit með Samvinnunni. Það er eigi tími til að ræða þetta merkilega rit hér. Gefst ef til vill tækifæri til þess seinna. En ég vil skora á bændur að lesa það. Við það vex skilningur á því, hversu búskapurinn er í raun og veru erfiður, þegar sjá má, að kaupgjald hefir meira en fimmfaldazt síðan fyrir stríð og skattar og gjöld einnig, en að þær afurðir, sem flestir bændur hafa, og sumir eingöngu, sauðfjárafurðir, hafa aðeins hækkað um rúmlega ⅓ á sama tíma.

Blöð framsóknarmanna þegja vendilega um þetta rit.

Svo sem kunnugt er, skipaði síðasta Alþingi milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum.

Störf þessarar nefndar hafa staðfest það, sem áður var alkunna, að útvegurinn hefir stórtapað undanfarandi.

Allir nefndarmenn munu sammála um, að eitthvað verði að gera útveginum til hjálpar og að skjótra aðgerða þurfi við, eigi framleiðslan eigi að hrynja í rústir.

En hv. ríkisstjórn virðist ráðþrota í erfiðleikunum.

Hv. fjármálaráðherra leggur nú fram hærri fjárlög en nokkru sinni áður. Það er hans skerfur til hjálpar.

Engar tillögur eru enn komnar fram um mál málanna, viðreisn framleiðslunnar í landinu, en það er það mál, sem Alþingi nú verður að láta til sín taka og leysa á viðunandi hátt.

Á s. l. Alþingi, þegar Sjálfstfl. bar fram vantraust á ríkisstj., bar Bændaflokkurinn fram tillögu um myndun þjóðstjórnar. Tillaga þessi var felld.

Flokknum var það ljóst þegar á s. l. þingi, að ástandið var svo alvarlegt, að fyllsta ástæða var til, að allir ábyrgir stjórnmálaflokkar stæðu hlið við hlið og tækju sameiginlega á sig ábyrgð þá, er hlaut og hlýtur að fylgja því, að reisa úr rústum sjávarútveginn og framleiðsluna í landinu.

Heyrzt hefir, að forsætisráðherra hafi verið og jafnvel sé að hugleiða myndun þjóðstjórnar, og að hann í því sambandi muni hafa leitað samvinnu við Sjálfstfl. Einnig munu vera sterk öfl innan Framsóknarfl., er vilja láta leita samvinnu til vinstri, við Sameiningarflokk alþýðu, en eigi til hægri. Kom þetta meðal annars fram á síðasta miðstjórnarfundi flokksins, og virðist þetta vera í fullu samræmi við grein í 10. tbl. Tímans 1936, þar sem segir, að yzta takmark Framsóknarfl. sé hið sama og annara umbótaflokka, en svo hefir Tíminn nefnt sósialistaflokkana þrjá, Framsókn, Alþýðu- og Kommúnistaflokkinn.

Einnig er talið, að hv. ríkisstj. sé að hugleiða gengislækkun, beina eða óbeina, til viðreisnar framleiðslunni.

Er nú svo komið, að stjórnin er nú komin inn á þær brautir, er Bændaflokkurinn hefir bent á til úrbóta, myndun þjóðstjórnar og gengislækkun, og væri vel, að þeim málum yrði fylgt.

Ég vil að endingu drepa á, hvernig ég tel heppilegast að snúast við þeim erfiðleikum, er fyrir liggja.

1. Mynduð sé stjórn þeirra stjórnmálaflokka, er afneita þjóðnýtingu sem bjargráði út úr erfiðleikunum, — eða stjórn ábyrgra stjórnmálaflokka í landinu.

2. Framkvæmd sé gengislækkun, þannig að krónan sé felld um ⅓, eða 33%.

Leiði reynslan það í ljós, að atvinnan í landinu eflist eigi svo sem ætlað er jafnframt gengisfalli, þannig að verkamenn beri minna úr býtum en áður, verður að taka til athugunar, hversu bæta megi verkamönnum það upp, með kauphækkun eða á annan hátt, án þess framleiðslan bíði hnekki af.

Þyki það heppilegra en gengislækkun, gæti komið til álita, að öll gjaldeyrisleyfi yrðu skattlögð eftir mismunandi skattastiga, eða með jöfnum skatti og stighækkandi tollum, eftir því sem varan telst meiri luksusvara. Skatti þeim, er þannig er fenginn, skal varið til verðbóta á útfluttar framleiðsluvörur landsmanna og afurðir landbúnaðarins, seldar á innlendum markaði.

3. Lækka skal útgjöld fjárlaga, svo sem frekast má vera, skera niður persónustyrki og lækka ýmsa liði um 10—25%. Þetta sé þó aðeins bráðabirgðaráðstöfun, er helgast af hinu alvarlega fjárhagsástandi þjóðarinnar.

4. Dregið skal úr framfærslukostnaði, m. a. með því, að einhleypu fólki, hvorki körlum né konum, sé veitt atvinnubótafé eða framfærslustyrkir, ef framfærslusveit getur tryggt fólki þessu framfærslu sér að kostnaðarlausu.

Einnig sé vendilega gætt af stjórnarvöldum, að framfærslustyrkir séu miðaðir við nauðsynlegar þarfir hinna framfærðu, en eigi til uppkaupa á pólitísku fylgi.

5. Jafnframt gengislækkun eða verðuppbótum á afurðir séu lækkaðir tollar eða þeim létt af nauðsynjavörum framleiðslunnar.

6. Dregið sé úr innflutningi ýmsra ónauðsynlegra vörutegunda,en aðrar vörur, svo sem matvörur, gefnar frjálsar.

7. Strangar reglur skulu settar um ferðalög landsmanna til útlanda, og þeim einum körlum og konum leyft þangað að fara, er eiga brýnt erindi. — Er það kunnugra en frá þurfi að segja, að ýmsir, hærri sem lægri, karlar sem konur, sigla til útlanda án erinda, til þess eins að njóta lífsins og skemmta sér. Fólk þetta sóar gjaldeyri, jafnframt því, sem það smyglar vörum inn í landið í stórum stíl og styður að því fremur flestu öðru, að torvelda og viðhalda hinu erfiða gjaldeyrisástandi með þjóðinni.

8. Hert skal á öllu tollstarfi og þess vandlega gætt, að valdir séu til tollstarfa reglusamir og duglegir menn.

9. Rannsaka skal starfsmannahald við ríkisstofnanir og banka, og starfsfólki fækkað svo sem fært þykir. Jafnframt skulu laun þessa starfsfólks athuguð og færð til samræmis við laun starfsmanna ríkisins samkv. launalögum.

Væri slíkum reglum sem þessum fylgt, vona ég það, að framleiðsla þjóðarinnar og jafnframt þjóðin sjálf kæmist fram úr erfiðleikunum stórslysalítið. Að þess yrði eigi langt að bíða, að eigi aðeins tæki fyrir flóttann frá framleiðslunni, heldur yrðu framleiðslustörfin eftirsótt, svo sem áður var, meðan atvinnuvegir landsmanna stóðu í blóma.

Þá vildi ég vona það, að hyrfi sá hugsunarháttur, sem nú ríkir og er stórhættulegur þjóðinni, að hin eina örugga afkomuvon sé að ganga á mála hjá stjórninni og stjórnarflokkunum, til þess að fá hjá þeim atvinnu, fé og fríðindi.

Það á fyrst og fremst að vera takmark þessa Alþingis, að ganga svo frá viðreisn framleiðslunnar, að fólkið leiti aftur til hennar, en eigi frá henni, svo sem verið hefir.

Það er þetta, sem yfirstandandi Alþingi á að vinna að og eigi við að skiljast, fyrr en lokið er.

*Forseti (HG): Áður en ég gef þeim hv. þm. orðið, sem næstur er á mælendaskrá, vil ég lesa upp bréf, sem mér hefir borizt frá 4 hv. þm. Það hljóðar svo:

„Að gefnu tilefni tilkynnist hér með, að undirritaðir 4 þingmenn eru allir meðlimir Sameiningarflokks alþýðu — Sósialistaflokksins, er stofnaður var í Reykjavík í októbermánuði síðastl. samkvæmt umboði Kommúnistaflokks Íslands og fulltrúa sameiningarmanna Alþýðuflokksins, er kosnir höfðu verið á þing Alþýðusambands Íslands, og sameinaðist Kommúnistaflokkur Íslands sem heild þannig sameiningarmönnum Alþýðuflokksins í einum flokki, er tók við öllum réttindum Kommúnistaflokksins og sameiningarmanna Alþýðuflokksins á Alþingi, í bæjarstjórnum og hreppsnefndum.

Héðinn Valdimarsson, Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson, Brynjólfur Bjarnason."

Þá hefir hv. 3. þm. Reykv. (HV) óskað að fá að segja nokkur orð um þingsköp í sambandi við þetta bréf, og gef ég honum því orðið.

*Héðinn Valdimarsson: Það mun nú ef til vill mörgum finnast, að það hafi verið lítil ástæða til þess fyrir okkur að senda bréf það, er hæstv. forseti las upp, þar sem öllum landslýð er fullkunnugt um stofnun flokks okkar. En við gerðum það sökum þess, að okkur hafði borizt til eyrna, að hæstv. forseti myndi ætla að kveða upp úrskurð um það, hvort flokkur okkar væri þingflokkur eða ekki. Eins og kunnugt er, þá myndaðist flokkurinn á þann veg, að síðastl. haust sameinaðist Kommúnistaflokkur Íslands og þeir fulltrúar sameiningarmanna Alþýðuflokksins, er kosnir höfðu verið á þing Alþýðusambandsins. Tók flokkur þessi, Sameiningarflokkur alþýðu — Sósialistaflokkurinn, þá við öllum réttindum Kommúnistaflokksins og sameiningarmanna Alþýðuflokksins. Í þessum flokki urðum við því fjórir þingmenn, sem undir bréfið ritum. Nú mun hvorki hæstv. forseti eða aðrir leyfa sér að bera brigður á, að við séum allir réttkjörnir þingmenn. Ég fæ því ekki séð, hver munur getur verið á þingflokki og flokki þeim, er við tilheyrum. Það hlýtur því að verða örðugt fyrir hæstv. forseta að úrskurða það, að við, sem erum rétt kjörnir þingmenn, megum ekki tala fyrir hvaða flokk, sem við viljum.

En fari nú svo, að hæstv. forseti kveði hér upp úrskurð á sama hátt og félagar hans hafa gert á öðrum vettvangi, þá krefjumst við þess, að sú skipun megi haldast, er var á síðasta þingi, að þeir þrír hv. þm., er undir bréfið rita með mér, fái að tala fyrir sérstakan flokk, eins og þeir gerðu þá, en ég utan flokka. Að sjálfsögðu munum við svo allir tala fyrir þann flokk, er við tilheyrum.

*Forseti (HG): Þá hefir hv. 3. þm. Reykv. lokið máli sínu, en áður en ég veiti þeim næsta orðið vil ég taka þetta fram:

Við síðustu kosningar til Alþingis hafa þessir þingmenn: hv. 5. þm. Reykv. (EOl), hv. 1. landsk. (BrB), og hv. 4. landsk. (ÍslH) verið kosnir til Alþingis sem þingmenn Kommúnistaflokksins og hv. 3. þm. Reykv. (HV) sem þingmaður Alþýðuflokksins, og var fullnæging framboðsskilyrða 27. og 28. gr. kosningalaganna bundin við þessa flokka. Á síðasta þingi varð sú breyting á, að einn þessara þigmanna, hv. 3. þm. Reykv. (HV), hvarf úr þingflokki Alþýðuflokksins og hefir síðan verið utan þingflokka.

Samkv. bréfi því, er ég las upp áðan, hefir Kommúnistaflokkurinn hætt að starfa sem sérstakur stjórnmálaflokkur og gengið til nýrrar flokksmyndunar með hv. 3. þm. Reykv. og fleirum. Jafnframt óska þeir þm., sem bréfið hafa undirritað, að flokkur sá, sem þeir telja sig hafa myndað, Sameiningarflokkur alþýðu — Sósialistaflokkurinn, verði viðurkenndur sem þingflokkur og þeim ákveðinn ræðutími við útvarpsumræður samkv. því.

Þingflokkur samkvæmt þingsköpum og kosningalögum telst sá stjórnmálaflokkur, sem haft hefir mann eða menn í kjöri við síðustu kosningar, að fullnægðum skilyrðum 27. og 28. gr. kosningalaganna, og fengið kosinn fulltrúa á Alþingi. Þar sem Sameiningarflokkur alþýðu — Sósialistaflokkurinn, sem hv. 3. þm. Reykv. (HV), hv. 5. þm. Reykv. (EOl), hv. 1. landsk. þm. (BrB) og hv. 4. landsk. þm. (ÍslH) telja sig fulltrúa fyrir, fullnægir ekki þeim skilyrðum, er til þess þarf að teljast þingflokkur, verða allir þessir hv. þm. að teljast utan þingflokka og fá ræðutíma við útvarpsumræður samkv. 52. gr. þingskapanna, þ. e. allir samtals jafnan tíma og hver þingflokkanna.

Þá er þessum þingskapaumræðum lokið, og næstur tekur til máls hv. 5. þm. Reykv. og talar utan flokka.

*Einar Olgeirsson: Ég vil byrja með því að mótmæla úrskurði hæstv. forseta. Það er ekkert nýtt, þó að verkalýðurinn hér fái að kenna á úrskurðum þessara herra, sem þó telja sig fulltrúa hans. Annars mun ég tala hér fyrir Sameiningarflokk alþýðu — Sósialistaflokkinn og nota þann ræðutíma, sem flokknum ber sem þingflokki samkvæmt þingsköpum, hvað sem úrskurði þessum líður. Jafnframt vil ég spyrja hæstv. forseta, hvort það hafi verið hugmynd hans, þá er hann á sínum tíma bauðst til þess að sameina alla í Alþýðuflokknum við Kommúnistaflokkinn, að þeir, sem þann nýja flokk hefðu komið til með að skipa, yrðu allir að teljast utan flokka. Annars mun ég láta mér nægja að skírskota til afstöðu þeirrar, sem ríkisstjórnin hefir tekið til Sameiningarflokks alþýðu og fram kemur í bréfi því, er forsrh. sendi flokknum, er hann bauð honum að taka þátt í útvarpsumræðunum 1. des. síðastl.

Við stöndum hér frammi fyrir nýjum fjárlögum, sem gilda eiga árið 1940. Mælikvarðinn, sem við fulltrúar Sameiningarflokksins hér á Alþingi leggjum á þetta fjárlfrv., er sá, hvernig er gert ráð fyrir að bæta úr þörfum alþýðunnar, hvernig tillit er tekið til verkamannanna og smábændanna. Meðal verkalýðsins í kaupstöðum landsins hefir atvinnuleysið farið vaxandi undanfarin ár, og tilfinnanlegast hér í Reykjavík. Vonirnar, er menn gerðu sér um framkvæmdir vegna hitaveitunnar, hafa brugðizt. Um 1200 atvinnuleysingjar hafa verið skráðir hér í Reykjavík að

staðaldri. Manni verður nú fyrst á að spyrja, hvaða tillögur felast í fjárlfrv. til þess að bæta úr neyð hinna mörgu atvinnulausu manna. Því er fljótsvarað, — ekki neinar. Þar er allt látið sitja við hið sama. Sömu mennirnir, sem ráðast á atvinnubótavinnuna sem óhagstæða og neyðarúrræði, koma ekki með neinar tillögur til betri úrlausnar á því vandamáli, engar tillögur um að ríkið ráðist í arðberandi framkvæmdir eða styðji að þeim. Í einu orði sagt, í frv. finnast engar tillögur, er miða að bættum framkvæmdum fyrir verkalýðinn. Þannig er t. d. ekki minnzt á byggingu verkamannabústaða. Ár eftir ár er aftur á móti fellt út af fjárl. að taka upp styrk þann, er samkv. lögum á að renna til byggingar verkamannabústaða í kaupstöðum og bygginga í sveitum. Á ég þar við þann hluta af tekjum tóbakseinkasölunnar, sem ganga á til þessara framkvæmda, en ríkissjóður hefir hirt síðastl. 8 ár, og nú á síðari árum hafa numið um ½ millj. kr. á ári. Þetta hafa valdhafarnir gert með rólegri samvizku, enda þótt þeir hafi horft á það, að húsnæðisástandið fór stórversnandi, jafnt í bæjum sem í sveitum, — horft á það t. d., að hér í Reykjavík byggju um 3 þús. manns í ólöglegum kjallaraíbúðum, sem að nokkru leyti eru beinlínis heilsuspillandi. Þeir hafa og horft á sama ástandið í sveitunum, þar sem t. d. eru allt að 75% af bæjum í sumum hreppunum alveg komnir að hruni, svo lífshætta er að búa í þeim. Þegar nú stjórn sú, sem einu sinni a. m. k. kallaði sig stjórn hinna vinnandi stétta, hagar sér svona í húsnæðis- og atvinnumálum alþýðunnar til sjávar og sveita, er ekki að undra, þó að íhaldið færi sig og upp á skaftið í þessum málum og þverbrjóti það, sem eftir stendur af lögum þessum. Eins og kunnugt er, þá eiga kaupstaðirnir að greiða 2 kr. á íbúa árl. til sjóða verkamannabústaðanna, en nú hefir Reykjavík t. d. ekki borgað neitt í 2 ár og skuldar því um 140 þús. kr. Af þessum og fleiri ástæðum hefir bygging verkamannabústaðanna stöðvazt í 2 ár. Ríkisstjórnin hefir ekkert gert, þó að lögin hafi verið þverbrotin á verkalýðnum. Svona gætir hæstv. dómsmrh. réttar og laga, þegar hinir fátæku eiga í hlut. Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hve lengi þetta eigi að viðgangast, hvort hann telji kannske leyfilegt, að lögin séu brotin, ef það er fátæk alþýða, sem lögbrotin koma niður á.

Við, sem höfum verið þm. fyrir Kommfl., höfum flutt till. um að bæta úr atvinnuþörf manna, auka framleiðsluna o. fl., en till. okkar hafa allar verið strádrepnar. Þá höfum við og flutt tillögur um að rannsaka og hagnýta auðlindir landsins, en þær hafa allar verið drepnar. En nú verður málum þessum ekki skotið lengur á frest. Það verður að taka þau til gaumgæfilegrar rannsóknar. Upp á síðkastið hefir t. d. mikið verið talað um járnið í Eyrarfjalli; sé það t. d. þar, þá er það áreiðanlega að finna víða annarstaðar á landinu. En hér ber svo undarlega við, að Framsfl., sem forystu á að hafa í þessu máli eins og nú standa sakir, virðist vera hræddur við það. Um það þarf ekki að ræða, hve geysimikla hagsmuni hér getur verið um að tala. Hitt viljum við fá upplýst, hver afstaða ríkisstj. sé í þessu máli, — hvort hún ætli að draga það á langinn enn um langan tíma að láta rannsaka möguleikana til hagnýtingar auðlindanna. Við fulltrúar Sósialistaflokksins hér á Alþingi munum ekki aðeins halda áfram baráttunni fyrir till. þeim til umbóta, sem Kommfl. og Alþfl. að nokkru leyti hafa borið fram hér á undanförnum þingum, heldur munum við og þegar á þessu þingi flytja víðtækar tillögur um viðreisn atvinnuveganna og fylgja þeim eftir með öllum þeim krafti, sem sameinaður verkalýður landsins á yfir að ráða. Menn munu nú spyrja, hvar taka eigi peninga til þessara hluta. Á að halda áfram að taka þá fyrst og fremst með síhækkandi tollum á nauðsynjum alþýðunnar? Ég segi nei, og aftur nei. Á þeirri braut má ekki halda lengra, heldur ber að fara þær tekjuöflunarleiðir, sem við höfum hvað eftir annað bent á hér áður og ég sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka nú. En hitt vil ég segja, að sú stjórn, sem hefir ástæður til að láta 1—2 þús. manna ganga atvinnulausa hér í Reykjavík einni, og kastar þar með á glæ svo millj. skiptir í því verðmæti, sem dýrmætast er talið af öllu verðmæti, á ekki að þurfa að standa ráðalaus við lausn þessara mála.

Þá má ég aðeins minna á, að talið er víst, að um 20 millj. kr. sé stolið undan skatti árlega. Við höfum bent á leiðir til að ná til þessa fjár, en þær till. okkar hafa verið svæfðar eða felldar.

Þá bólar ekki á því í þessu fjárlfrv., að nokkuð eigi að gera til þess að skera niður háu launin. Það munu þó bráðum komin 8 ár síðan form. Framsfl. lýsti því yfir, að hæstu laun í þjónustu ríkisins ættu ekki að fara yfir 8 þús. kr. á ári, og ennþá bólar ekkert á, að fara eigi að framkvæma þetta. Milliþinganefnd í launamálinu sýndi og fram á, að hægt væri að spara 750 þús. kr. á ríkisrekstrinum með lækkun hálauna. En frv., sem gekk eitthvað í þessa átt, fékk rólegan svefn og þm. borgaraflokkanna hafa varazt það sem heitan eldinn að vekja þann draug upp aftur.

Meðan afkoma almennings er eins hörmuleg og nú, þegar atvinnuleysi og örbirgð sverfur að hundruðum alþýðuheimila, þá er hróplegt ranglæti, óhæfa, sem ekki getur gengið, að ríkustu menn þjóðarinnar sviki í milljónatali undan skatti og háu launin séu látin haldast án þess að við þeim sé hróflað.

Þið hafið nú heyrt, hlustendur góðir, hver úrræði hæstv. stjórn og fleiri, sem talað hafa, hafa boðað um úrlausn vandamálanna. Nú, þegar verkalýðurinn þarfnast betri launa og bættra kjara, er ráðið að skella á gengislækkun. Þetta kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan. Hv. 3. landsk. (StSt) taldi það eitt af aðalúrræðunum til bjargráða, að skera meira en gert hefði verið við neglur sér féð til fátækraframfærslu. Meðan slíkt vofir yfir, meðan fram undan er vaxandi kreppa og uppgangsskeið það, sem byrjaði 1934, er á enda, meðan þjóðin á yfir höfði sér gengislækkun og slíkt, er til lítils að ræða fjárl. á þeim grundvelli, sem hér er lagður fram. Ég mælist því hér með til við hæstv. fjmrh., að hann svari því afdráttarlaust, hvort þjóðin eigi enn að þurfa

að lifa í ótta um, að gengislækkun muni steðja að. Það er vitað, að þjóðin er á móti gengislækkun, og eins er um beztu menn allra flokka. Ég bið því hæstv. ráðh. að skýra það, hver sé hans afstaða.

Þá er það vitanlegt, að hagur ríkisins út á við er mjög undir þessu máli kominn. Á síðasta þingi var rætt um að fá ný lán handa ríkinu. Mættu vera á því miklir möguleikar að fá ný og hagkvæmari lán til þess að borga upp eldri lán. Hefir þó til þessa tekizt illa um það, a. m. k. hefir Magnúsi Sigurðssyni bankastjóra orðið lítið ágengt. En eigi Ísland að koma betra lagi á fjármálapólitík sína, verður að brjóta einokun Hambrosbanka yfir lánveitingum til landsins.

Þegar Hermann Jónasson myndaði ráðuneyti sitt eftir kosningasigur vinstri flokkanna, bjóst þjóðin við því, að tekin myndi upp réttari fjármálapólitík og að hagur alþýðu myndi batna. En til þess hefði ríkisstj. orðið að vera óháð braskara- og bankavaldinu. Þessu er nú ekki að heilsa. Stjórnin hefir einmitt hlift þeim auðugustu og látið í hvívetna að vilja Landsbankans og Hambros. Þetta byrjaði þegar 1935 með yfirlýsingunni til Hambros um að taka ekki fleiri stórlán án vitundar bankans og bráðabirgðal. um sölusambandið. Þessi fjármálastefna hefir síðan markað afstöðuna í Kveldúlfsmálinu, og hefir því Landsbankinn farið sínu fram í því máli. Stefna sú, sem Framsókn lýsti yfir fyrir síðustu kosningar um það, hvernig leysa skyldi það mál, hefir ekki verið haldin. Veð hefir aðeins verið tekið að litlu leyti í eignum Kveldúlfs. Landsbankastjórnin hefir því virt að vettugi vilja ríkisstj. og þjóðarinnar. Það dugir því ekki að láta þessa bankastjórn ráða áfram í Landsbankanum. Margir vona, að skipun Vilhjálms Þórs sem bankastjóra sé fyrirboði betri stefnu, og væri betur, að svo reyndist. En það, sem á veltur, er að vinstri flokkarnir og öll alþjóð sameinist um það, að upp verði tekin heilbrigðari fjármálastefna. Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn vill beita sér fyrir slíkri samvinnu, en aðalskilyrðið til hennar er, að verkamenn standi sameinaðir. Þó að Sósíalistafl. hafi komið slíkri samvinnu á sumstaðar, eins og á Siglufirði og Ísafirði, þá hefir alþýðusambandsklíkan, sem brotizt hefir til valda í Reykjavík, reynt að hindra það á allan hátt. Þessi klíka virðist stefna að því að brjóta niður alla sameiningarviðleitni verkalýðsins hér á landi. Í Hafnarfirði fer hún fram úr öllu því, sem áður hefir þekkzt hér. Fyrst klýfur hún verkamannafélagið Hlíf og reynir með áhrifum sínum og umráðum yfir atvinnutækjunum að svelta þrjá fjórðu hluta hafnfirzks verkalýðs til hlýðni við sig. Síðan heimtar hún lögreglu til að leysa deilumálin í Hafnarfirði og stefnir svo deilunni fyrir félagsdóm, þar sem málið á alls ekki heima og þar sem alþýðusambandsstjórninni myndi verða fengið eindæmi. Svo kórónar þessi uppreisnarklíka allt saman með því að staðhæfa, að í Hafnarfirði sé verið að gera uppreisn, og heimtar ríkislögreglu og bann á Sósíalistafl. Það eru því síðustu forvöð fyrir alla, sem vilja vernda samtakarétt og frelsi í landinu, að sameinast til að hindra slíkt gerræði.

Það er illt til þess að vita, að hæstv. forsrh., sem lýst hafði yfir, að hann vildi leita sátta í málinu, skuli ekki einu sinni hafa talað við aðila. Verður að krefjast breytinga á þessari afstöðu hans. Þess verður að krefjast, að verkalýðurinn njóti fyllsta réttar um samtök sín, bæði í Hafnarfirði og annarstaðar. Orðrómur hefir gengið um það, að í undirbúningi væri að stofna ríkislögreglu til að bæla niður varnir Hlífar og fleiri verkalýðsfélaga. Það hljómar einkennilega í eyrum allrar alþýðu, að þegar rætt er um að stofna ríkislögreglu, þá er ekki minnzt á féleysi. En út yfir tekur þó, þegar Alþfl. eða leifarnar af þeim flokki gengur fram fyrir skjöldu um það að heimta ríkislögreglu, sá flokkur, sem harðast barðist gegn þessari hugmynd 1925 og gerði það að skilyrði við stjórnarmyndun 1934, að engin ríkislögregla kæmi til mála. Þess má og minnast, að Haraldur Guðmundsson hótaði að segja af sér ráðherradómi í benzíndeilunni 1935, ef ríkislögreglu ætti að stofna. Það er ekki lengra síðan en til umræðnanna um gerðardóminn hér á þingi í fyrra, að hann tók ákveðna afstöðu á móti hugmyndinni um ríkislögreglu. En svo djúpt eru nú þessir foringjar sokknir, að þeir eru sjálfir teknir að krefjast hennar. Ég læt alla alþýðu um að dæma um feril þeirra. En fyrir alla lýðræðissinna er það aðalatriði að hindra, að ríkislögreglu verði komið á til þess að þjóna óbilgirni braskara og ofbeldismanna.

Þá vil ég minnast á landhelgisgæzluna. Í fjárl. eru ætlaðar 500 þús. kr. til landhelgisgæzlu. En til hvers er að ætla þetta fé til þeirra hluta, ef það á að ganga til eins og hingað til hefir verið, að því er líkast, sem búið sé að opna gersamlega landhelgina fyrir útlendingum? Sú stefna virðist nú helzt uppi að setja frá þá menn, sem sýna vilja á því að gæta landhelginnar og sleppa ekki sökudólgunum.

Þá eru styrkirnir til skálda og listamanna, sem teknir hafa verið út af 15. gr. og flestir af 18. gr. Ég tel það mjög hættulegt, ef menntamálaráði á að verða fengið í hendur að útkljá allt um þessa styrki. Það er nú þegar orðið of mikið um allskonar spillingu í sambandi við úthlutun styrkja, þótt því sé ekki bætt við að leggja beztu skáld og listamenn landsins undir geðþótta menntamálaráðs. Þingið á sjálft að taka ákvörðun um slíka hluti, og munum við síðar bera fram brtt. um það.

Loks vil ég taka þetta fram: Nú liggur fyrir þinginu og íslenzku þjóðinni að ákveða, hvort stefna beri til hægri, til þess að rýra kjör og rétt allrar alþýðu, til einræðis auðmannastéttarinnar, eða í hina áttina, og ríður því allt á því, að alþýða landsins sameinist um að taka höndum saman og sameinast um hagsmuni sína.

Finnur Jónsson: Fjárlagafrv. það, sem hér er til umr., er sem vænta mátti í öllum stærri atriðum í samræmi við samninga þá, sem Alþfl. og Framsfl. gerðu með sér á síðasta þingi, þegar Alþfl. veitti stj. Framsfl. áframhaldandi stuðning.

Fulltrúi Sjálfstfl., hv. þm. A.-Húnv. (JPálm), gat þess um þetta frv., að það væri hið hæsta

fjárlfrv., sem nokkurntíma hefði verið lagt fyrir Alþingi, og talaði um fjáreyðslu og bruðl í því sambandi. Þessi hv. þm. talaði um, að hér væri mikið um skóla, spítala og allskonar stofnanir. Ég ætla þó ekki, að það hafi verið meining hans, að þessar stofnanir væru svo dýrar, að þær bæri að leggja niður, að loka skólunum og spítölunum í sparnaðarskyni.

Þó að þessi fjárl. séu þannig, að þeim er sniðinn mjög þröngur stakkur, bera þó ýmsir stórir útgjaldaliðir frv. vitni um, hvaða stjórnmálastefnu hefir verið fylgt á undanförnum árum af meiri hl. Alþingis. Menn kvarta um þunga skatta, og það að vonum. Það er hverju orði sannara, að erfitt er að bera þunga skatta í erfiðu árferði. En á hitt ber þá einnig að líta, að það er einmitt hið erfiða árferði, sem hefir gert skattahækkunina nauðsynlega. Atvinnuvegirnir þoldu til dæmis áður að bera skatta, en vegna örðugleika þeirra á undanförnum árum hefir þetta snúizt við, þannig að þurft hefir að veita þeim stórkostlega styrki úr ríkissjóði.

Hv. þm. A.-Húnv. gat um mæðiveikina og örðugleika bænda hennar vegna. Hann talaði um hinn mikla lambadauða austan Blöndu. En á það má benda, að ríkið hefir einmitt vegna þessara örðugleika orðið að leggja á sig mikil gjöld. Hafa þessir örðugleikar atvinnuveganna kostað ríkið um 1200 þús. kr. Og ef hægt er að benda á nokkur atriði fjárl., sem sýna sérstaka stjórnmálastefnu, þá er um að ræða þá stjórnmálastefnu að gera allt, sem unnt er, til að létta örðugleika atvinnuveganna. Það getur enginn látið sér sæma að kvarta yfir örðugleikum atvinnuveganna og kvartað jafnframt yfir því, að á fjárl. er veitt fé til að bæta úr þessum örðugleikum.

Hin mikla kreppuhjálp til bænda og útvegsmanna ber ljóst vitni um þessa viðleitni til að bæta úr örðugleikum atvinnuveganna. Framlag ríkissjóðs til kreppulánasjóðs nemur 255 þús. kr. og til skuldaskilasjóðs 160 þús. kr., eða samtals 415 þús. kr. á ári. Ég geri ráð fyrir, að allir hv. þm. séu sammála um, að ekki sé hægt að spara á þessum lið. Þá má nefna styrki og gjaldabreytingar til atvinnuveganna, sem veitt hafa verið með sérstöku samkomulagi milli Alþfl. og Framsfl., svo sem framlag í fiskimálasjóð, 450 þús. kr., styrk til byggingar vélbáta, 50 þús. kr., afnám útflutningsgjalds af saltfiski, 300 þús. kr., og framlag til fiskveiðasjóðs, 60 þús. kr., eða samtals vegna sjávarútvegsins um ein milljón króna í skattalækkunum eða framlögum.

Til byggingar- og landnámssjóðs og til nýbýla og samvinnubyggða og endurbygginga í sveitum er lagt til, að veittar séu samtals 480 þús. kr. Þetta hrekkur auðvitað skammt, en er þó mikil upphæð.

Af beinum útgjaldaliðum á fjárl. til nytjamála, sem sérstaklega má þakka Alþfl., má nefna þessa: Framlög til atvinnubóta, 500 þús. kr., til alþýðutrygginga, 545 þús. kr., til framfærslu sjúkra manna og örkumla, 355 þús. kr., og til byggingar verkamannabústaða, 180 þús. kr., eða samtals 1580 þús. kr.

Vitanlega mætti nefna fleiri útgjaldaliði í þessu sambandi, en þessir hafa sérstaklega verið ákveðnir fyrir atbeina Alþfl. Það er að vísu hægt að segja, að þessa liði mætti spara, að það mætti spara þessar 3½ milljón. En þó að þessi upphæð nemi allmiklu á fjárl., geri ég ráð fyrir því, að umbótalöggjöf sem þessi hafi þegar náð slíkri viðurkenningu meðal alþjóðar manna, að hún verði ekki lækkuð, heldur miklu fremur hækkuð eftir efnum og ástæðum, a. m. k. meðan Alþfl. á nokkur ítök á Alþingi og meðal þjóðarinnar.

Sum þessara útgjalda hafa að vísu verið samþ. með samkomulagi allra flokka. En styrkirnir til hins mikla landnáms og uppbyggingar í sveitunum, styrkirnir til sjávarútvegsins, atvinnubótafé, framlagið til sjúkratrygginganna, framlagið til framfærslu sjúkra manna og örkumla, framlagið til verkamannabústaða, allt er þetta fengið með samvinnu og samkomulagi milli Alþfl. og Framsfl. Andstæðingarnir bera okkur stundum á brýn, að hin mikla fjárfrekja okkar, sem þeir kalla svo, sé ríkissjóði þungur baggi. Gagnvart þessum ásökunum getum við alþýðuflokksmenn óhræddir vísað í fjárlög undanfarinna ára. Fjárfrekja okkar er í því fólgin, að við höfum viljað bæta úr böli atvinnuleysisins, auka verklegar framkvæmdir og koma á merkilegri tryggingalöggjöf, til hagsbóta fyrir fólkið við sjóinn. Fjárfrekja okkar er í því fólgin, að við höfum gert kröfur um aukin fjárframlög til almenningsheilla, til þess að bæta úr þeim vandræðum, sem hrun atvinnuveganna, óáran, aflabrestur og markaðsvandræði leiddu yfir landslýðinn.

Fjárlfrv. þetta kann að vera einstakt fyrir það, hve hátt það er, en það er líka einstakt fyrir það, að sem næst 75% rekstrarútgjalda er ætlað til verklegra framkvæmda, styrkja handa atvinnuvegunum, félagsmálalöggjafar, fræðslumála og heilbrigðismála. Aðeins 25% fer til stjórnarkostnaðar, dómsmála og löggjafarstarfsemi, vaxtagreiðslna o. þ. h.

Ég gat þess áðan, að einmitt hið erfiða árferði væri þess valdandi, að útgjöld ríkisins til verklegra framkvæmda og til styrktar atvinnuvegunum hlytu að hækka. Enn er því miður ekki lokið þessum hækkunum. Enn er aðalatvinnuvegur okkar, sjávarútvegurinn, í miklum vandræðum. Ráðstafanir þær, er þegar hafa verið gerðar til viðreisnar honum, eru hvergi nærri nægilegar. Milliþn. hefir verið starfandi til að athuga hag togaraútgerðarinnar og gera till. til þess að bæta úr vandræðum hennar. Valdsvið þessarar n. hefir verið aukið, og hefir hún einnig athugað afkomu vélbátaútvegsins. Í n. eiga sæti fulltrúar þriggja stærstu flokkanna á Alþingi. N. hefir látið í ljós sameiginlegt álit um það, að hún teldi nauðsynlegt, að ráðstafanir væru gerðar til að bæta hag bæði stærri og smærri útgerðar í landinu. Alþfl. á Alþingi, sem á fulltrúa í þessari n., er að sjálfsögðu reiðubúinn til samstarfs og umræðna við aðra hina stærri þingflokka um ráðstafanir til úrlausnar á þessu vandamáli, ekki sízt þar eð það er öllum ljóst, að í þessu efni verður að gera skjótar og öflugar ráðstafanir til úrbóta. Sjávarútvegurinn er stærsti atvinnuvegur þjóðarinnar. Öll þjóðin á afkomu sína undir honum. Styrkur til hans verð-

ur ekki veittur nema því aðeins, að allir láti eitthvað af mörkum. Hér þarf því sameiginleg átök allra, sem vilja hafa og hafa skilning á þessu máli.

Alþfl. lítur svo á, að það sé stærsta og eigi að vera fyrsta verkefni Alþingis, sem nú situr, að leysa þennan mikla vanda. Alþfl. telur því meiri ástæðu en ella til þess að finna úrlausn á þessum vandamálum, vegna þess að öfgastefnurnar vaða nú mjög uppi hér í álfunni, og öldur þessara stefna berast nú hingað út til Íslands. Kommfl., sem, eins og heyra mátti af ræðu hv. 5. þm. Reykv., hefir verið að gera Alþfl. allskonar sameiningartilboð, er nú snúinn út af þeirri braut og búinn að sameinast nazistum. Á það hefir oft verið bent, að þessi tilboð kommúnista hafa ekki verið alvarlega meint, og er Alþfl. vildi ekki rétta honum hendurnar, leitaði Kommfl. fyrir sér annarstaðar og fekk hlýtt handtak hjá nazistum í Reykjavík og Hafnarfirði.

Kommfl. hefir breytt um nafn og kallar sig nú Sósialistaflokkinn, Sameiningarflokk alþýðu. Það er einkennilegt, að nazistaflokkurinn í Svíþjóð, sem hefir undanfarna daga orðið uppvís að njósnum fyrir erlend ríki, hefir framið innbrot á skrifstofur í Stokkhólmi og allskonar glæpi aðra, heitir einmitt „Svensk socialistisk samling". Ég tel það enga tilviljun, að þessi nöfn á kommfl. íslenzka og nazistaflokknum sænska eru nærri því samhljóða. Það er í fullu samræmi við það, að samtök nazista og kommúnista í Hafnarfirði standa saman að ólöglegri vinnustöðvun. Þessir ofbeldismenn hafa í sameiningu hóp manna úr Reykjavík í Hafnarfirði til að banna verkamönnum þar að sjá sér og fjölskyldum sínum fyrir brauði. Þó er þar engin kaupdeila. Það er fullt samkomulag um kaupið milli verkamanna og atvinnurekenda. Þetta er uppreisn og vinnubann öfgaflokkanna, sem vilja allt til vinna, að sem mest öngþveiti komist á atvinnumálin. Þeir vilja þar á enga aðra lausn en að fá völdin í sínar hendur með ofbeldi. Gegn þessum öfgastefnum ættu allir þeir að sameinast, sem unna lýðræðinu. Framtíð þjóðarinnar er undir því komin, að rætt sé um málin af skynsemi, og ef þannig hefði verið tekið á þessu máli, hefðu ekki hlotizt af því þau vandræði, sem nú lítur út fyrir.

Hv. 5. þm. Reykv. talaði um sameiningarmöguleika kommúnista við Alþfl. Ég hefi bent á, að í stað þess að sameinast Alþfl. hafa kommúnistar gert samband við nazista í Hafnarfirði. Sú samvinna hófst með því, að reknir voru á ólöglegan hátt 12 alþýðuflokksmenn úr verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði undir því yfirskini, að þeir séu atvinnurekendur. Það má sennilega segja það um Ásgeir Stefánsson, sem er forstjóri bæjarútgerðarinnar, að hann sé atvinnurekandi, en um hina er ekki hægt að segja hið sama. Enginn þeirra er meiri atvinnurekandi en svo, að þeir hafa keypt smá hlutabréf í atvinnubótafyrirtækjum í Hafnarfirði, en það gefur þeim enga ástæðu til að koma fram sem atvinnurekendur gegn verkalýðnum. Eina ástæða kommúnista og nazista til að reka þá úr félaginu er sú, að þeir hafa tekið fé að láni til að bæta úr atvinnuleysinu í Hafnarfirði. Ef þessari sömu stefnu væri alstaðar fylgt, ætti að reka alla þá úr verkalýðsfélögum landsins, sem eiga hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands. Heima á Ísafirði geri ég þá ráð fyrir, að enginn mætti vera í sjómannafélaginu, sem væri í samvinnufélaginu og væri þar með atvinnurekandi.

Það sjá allir, hvert þessi stefna leiðir. Þessi ástæða hefir verið notuð til að bægja 12 áhugamestu alþýðuflokksmönnunum úr Hlíf, mönnunum, sem hafa gert verkalýðssamtökin í Hafnarfirði að því stórveldi, sem þau eru. Allir sjá, að þetta eru ekki nema tylliástæður. Nokkru áður en þetta gerðist fór fram stjórnarkosning í verkamannafélaginu Hlíf, og gengu þá kommúnistar og nazistarnir innan íhaldsins saman til kosninga, og þessi brottrekstur gerðist rétt eftir að kommúnistar höfðu náð þar völdum. — Ég taldi ástæðu til að koma inn á þetta mál að gefnu tilefni frá hv. 5. þm. Reykv.

Það er ekki hægt að láta því ómótmælt frammi fyrir alþjóð, að í sömu andránni og kommúnistar gera samband við nazistana úr Sjálfstfl. um að reka helztu alþýðuflokksmennina úr Hlíf og banna Hafnfirðingum að vinna sér fyrir brauði, þó að ekki sé um neina kaupdeilu að ræða, sé talað um samband milli Alþfl. og Kommfl. Þá má benda á í þessu sambandi, að Hafnfirðingar fá ekki sjálfir að gera út um málið, þótt þeir segi, að þeir geti það sín á milli, ef ekki væri nein íhlutun frá aðkomumönnum þar um. Að þessu leyti er vinnubannið í Hafnarfirði sama eðlis og borgarastyrjöldin á Spáni. Franco fór með Máraherinn yfir sundið, og næsta spor er, að fasista- og nazistaríkin í Evrópu, Ítalía og Þýzkaland, senda Franco liðsstyrk, svo hann gæti barið niður lýðræðisstefnuna á Spáni.

Hið sama hefir gerzt í Hafnarfirði. Héðinn Valdimarsson kom með flokk ofbeldismanna úr Reykjavík og lýsti yfir vinnustöðvun, enda kalla Hafnfirðingar þetta lið hans Márahersveitirnar. Nú kemur til kasta hæstv. Alþingis að greiða svo úr þessum vandamálum, að komið sé í veg fyrir, að þessum ofbeldisstefnum vaxi fiskur um hrygg í landinu.

Í heiminum berjast nú tvær stefnur. Önnur er sú, að láta ekkert annað ráða en ofbeldi og hnefarétt. Hin er sú, að menn vilja tala um málin með skynsemi og láta meiri hlutann ráða og rólega yfirvegun á lýðræðisgrundvelli. E. t. v. er úrslitabaráttan hér á landi um það, hver stefnan eigi að ráða, nær en okkur grunar. Ég er ekki í vafa um, hvor stefnan er þjóðinni fyrir beztu. Ég er ekki heldur í vafa um, hvar Kommfl. stendur í þessari baráttu. Það veltur á miklu, að tekið sé á þessum málum með skynsemi og rólegri yfirvegun, svo komið sé í veg fyrir, að jarðvegur skapist hér á landi, sem gefur þessum stefnum lífsmöguleika. Að því verða allir lýðræðissinnar í landinu að stefna, að bæta hugsunarhátt þjóðarinnar svo, að ofbeldisstefnurnar veslist upp og deyi af því, að enginn jarðvegur verði fyrir þær.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefir margt verið sagt síðan ég talaði áðan, en meiri hlut-

inn af því hefir ekkert tilefni gefið mér til andsvara, enda hefi ég ekki nema fjórðung stundar upp á að hlaupa.

Hv. 5. þm. Reykv. minntist á margt og taldi fjárlagafrv. vera tilefni ræðu sinnar, en raunar virtist hann fremur vera að tala um daginn og veginn en frv. eða fjármálastefnur. Hann talaði um landsbankavaldið og Hambro, eins og hann er vanur, og bætti því við, að allir vinstri flokkarnir ættu að sameinast um hina réttu fjármálastefnu. En hver sú stefna er, það kom ekki í ljós, svo hægt væri að festa fingur á henni. Hann sagði, að það ætti að lækka háu launin og leggja háa skatta á þá menn, sem gætu borið þá, leggja þá á hátekjurnar og stóreignirnar.

Það er létt að segja þetta, en þó verð ég að segja hv. 5. þm. Reykv. eins og er, og vona, að menn virði mér það til vorkunnar, að ég hefi litla trú á, að flokkur, sem hv. 3. þm. Reykv. (HV) er orðinn formaður í, a. m. k. út á við, gangi langt, eða lengra en aðrir flokkar í þeirri fjármálastefnu að skerða háu launin eða leggja á beina skatta. Það fer ekki leynt, að hann var a. m. k. meðan hann var í Alþfl. allra manna tregastur á að leggja á beina skatta.

Það er þýðingarlaust að vera með slíkt gambur, sem hv. 5. þm. Reykv. og veit; það verður ekki leyst þann veg, ekki einu sinni með þeim liðsstyrk, sem fengizt hefir með hv. 3. þm. Reykv.

Hv. 3. landsk. (StSt) talaði töluvert um fjárlfrv. og fjármálastefnu ríkisstj. Aðallega gerði hann þó hið sama og hann hefir gert undanfarin ár, að tala um skuldirnar við útlönd, og tók tölur til samanburðar á sama hátt og áður. Sá samanburður og hvernig hann vísaði til álits skipulagsnefndar var honum alls ekki samboðinn. Það er kunnugt, að skipulagsnefnd reiknaði út, hvað skuldirnar við útlönd námu 1935, en fékk þar út aðra tölu en hagstofan, eða tölu, sem var mun lægri.

Það, sem hv. þm. gerir, þegar hann reiknar út skuldirnar við útlönd, er ekki að bera saman tölur hagstofunnar frá ári til árs, heldur ber hann tölu skipulagsnefndar saman við tölu hagstofunnar, af því að hún er hærri, og segir svo, að mismunurinn á tölunum séu skuldir, sem stofnað hafi verið til síðan. Þannig er málafærsla þessa hv. þm. í þessu máli, og þá væntanlega þar eftir á öðrum sviðum.

Séu tölur hagstofunnar teknar og bornar saman, sést, að skuldirnar við útlönd hafa ekki aukizt nema um 6,6 millj., sem svarar til Sogslánsins eins.

Hv. þm. minntist á verzlunarjöfnuðinn og duldu greiðslurnar og kvað þar hafa komið fram ósamræmi hjá mér. Þegar þetta mál var fyrst rætt hér á Alþingi 1934, studdist ég við niðurstöður sænska hagfræðingsins Lundbergs, og hefir reynslan sýnt, að þær hafa staðizt. Það er rétt hjá hv. þm., að ég áætlaði duldar greiðslur ásamt afborgunum af föstum lánum ekki undir 12 millj., en í tölu sænska hagfræðingsins voru ekki allar afborganir teknar með.

Síðan 1934 hafa afborganir hækkað um eina millj. kr. Það segir hv. þm., að sé sönnun fyrir því, að skuldirnar hafi hækkað. Þetta stafar af því, að afborganir voru ekki hafnar af lánum, sem áður höfðu verið tekin, en höfðu verið afborganalaus fyrstu árin, og þar að auki voru tekin ný lán. Þetta hefir oft verið skýrt áður, bæði hér á Alþingi og í riti, svo ekki hefði átt að þurfa að gefa þessa skýringu. Annars er ekki að furða, þótt hv. þm. verði þungorður um þessar tölur, þegar þess er gætt, að formaður flokks hans, Bændafl., var í stjórn frá 1933 til 1934 og að viðskilnaður hans var þannig, að það var 1 millj. og 22 þús. kr. minna en ekki neitt til að greiða með duldu greiðslurnar frá 1934. Þá var verzlunarjöfnuðurinn óhagstæður um 4 millj. kr., en er nú hagstæður um 8 millj. kr. Með viðskiptahallann, sem myndaðist 1933—34, höfum við verið að dragast til þessa, og þótt afborganir hafi hækkað, er það ekki af því, að skuldir hafi aukizt.

Hv. þm. A.-Húnv. talaði einnig um tölur á svipaðan hátt, en þó kom hann með eina nýja líkingu um þessi mál, sem ég vil gera að umræðuefni. Hann sagði, að góður viðskiptajöfnuður þyrfti ekki alltaf að sýna, að við værum vel á vegi staddir í viðskiptum almennt, og sæist það af því, sem gerzt hefði í Austur-Húnavatnssýslu, þar sem bændur væru að skera niður búfé sitt. Þetta dæmi verður ekki skilið öðruvísi en svo, að hv. þm. eigi við, að við séum að eyða af okkar höfuðstól, okkar eignum. Ég mótmæli þessu kröftuglega og bendi til þeirra raka, sem þráfaldlega hafa verið færð fram hér á Alþingi og sýnt með tölum, að undanfarin 3 ár hefir verið eytt eins miklu til að koma upp aflstöðvum, auka síldarvinnslu og til annarar atvinnuaukningar og gert var 10 næstu árin á undan. Ég vil benda á, að gjaldeyrisvandræði okkar stafa af því, að við þurfum svo mikið að leggja af fé í ný atvinnufyrirtæki í stað hinna gömlu, sem orðin eru lítils virði, og til að greiða skuldir. Er hinn bætti verzlunarjöfnuður því algerlega ósambærilegur við þann, sem fæst hjá húnvetnskum bændum, sem eru að skera niður fé sitt vegna mæðiveikinnar. Þótt ástandið í verzlun og gjaldeyrismálum sé síður en svo gott, þá á ekki að telja fólki trú um, að verið sé að ganga á höfuðstólinn, — því fer fjarri. Gjaldeyrisvandræðin stafa af því, að við þurfum að eyða stórfé í uppbyggingu og greiðslur af gömlum skuldum. En slíkum greiðslum er ekki hægt að koma fyrir á annan hátt meðan sjávarútvegurinn, aðalframleiðsla útflutningsvaranna, er rekinn með tapi. Stærsta atriðið er að auka útflutninginn enn meir. Því er líklegasta ráðið að hlaupa undir bagga með sjávarútveginum.

Sé ég ekki ástæðu til að fara nánar út í þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, enda er tíma mínum lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 4. fundi í Sþ., 24. febr., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 16. fundi í Sþ., 7. des., var enn fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 389).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Forseti (PO): Ég álít, að það verði hagkvæmust vinnubrögð með afgreiðslu fjárl., að fresta svokölluðum eldhúsumr. til 3. umr., og vildi ég bera það undir hv. Alþ., hvort það geti samþ., að sú tilhögun verði á því höfð.

ATKVGR.
Samþ. var með 31 shlj. atkv. að fresta eldhúsumr. til 3. umr.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Fjárlagafrv. liggur nú fyrir til framhalds 1. umr. Vildi ég óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 389, 390, 408, 409).

Of skammt var liðið frá 1. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 408 og 409. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Ég vil byrja á því að minnast með örfáum orðum á frv. í heild, áður en ég vík að brtt. þeim, sem fyrir liggja.

Um tekjubálk fjárlfrv. er það að segja, að *hæstv. fjmrh.* aðvaraði fjvn. þegar í byrjun haustþings um það, að ýmsir tekjuliðir myndu lækka allverulega á næstkomandi ári. Áður en ákvörðun yrði tekin af fjvn. um tekjubálkinn, lét hún, eins og sjálfsagt var, fara fram gaumgæfilega athugun á möguleikum til tekjuöflunar. Ekki var samt unnt að taka fastar ákvarðanir meðan ekki var vitað, hvaða afgreiðslu Alþ. gerði á frv. til l. um tollskrá. Þá verður einnig að gera svo nákvæma áætlun sem auðið er um innflutning vara frá útlöndum og verð á þeim. Það er augljóst mál, að þótt innflutningurinn minnki eitthvað, þá stígur verðið á þeim vörum, sem fluttar verða til landsins, og hefir þetta hvorttveggja áhrif á tolltekjur ríkissjóðs.

Enda þótt segja megi, að nú í augnablikinu sé útlitið ekki verra um sölu á íslenzkum framleiðsluvörum erlendis en það var í þingbyrjun, ber hinsvegar á það að líta, að alger óvissa er framundan um viðskiptalíf okkar í heild sinni.

Þeir menn úr fjvn., sem kosnir voru til að athuga tekjubálk fjárlfrv., hafa nú athugað að mestu tekjumöguleika ríkissjóðs og skila næstu daga sínu áliti og till., og tekjubálkur fjárlfrv. verður því ákveðinn af fjvn. mjög bráðlega. — Með þessum fáu orðum hefi ég gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, að fjvn. lét ekki fylgja frv. til 2. umr. brtt., er snertu tekjurnar.

Því miður snerta ýmsar lækkunartill. frá fjvn. 16. gr. fjárlfrv., en það er sú gr., þar sem ákveðin eru framlög til verklegra framkvæmda. *Hæstv. ríkisstj.* hefir gert allverulegar formsbreyt. á 15. gr. frv. Ég vil ekki segja neitt um það, hvort sú breyt. verður til sparnaðar eða ekki, en hún er fólgin í því, að fjöldi listamanna, vísindamanna og rithöfunda hefir verið tekinn út af *þeirri gr.*, og ekki er ætlazt til þess, að fjvn. taki þá venju upp aftur að láta styrki til þessara manna vera bundna við atkvgr. á Alþ., því að í 39. lið gr. er sagt, að styrkjum til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna skuli framvegis verða úthlutað eftir ákvörðun menntamálaráðs. Upphæð styrksins í heild verður ákveðin af Alþ., en úthlutun hans falin menntamálaráði. Fjvn. hefir einnig tekið þetta upp í till. sína viðvíkjandi þeim listamönnum, er notið hafa styrks á 18. gr. fjárl., að menntamálaráð skuli einnig hafa úthlutun þess fjár með höndum. Það hefir verið bent á, að málurum og myndhöggvurum verði gefinn kostur á að láta af hendi við ríkið málverk eða höggmyndir. Greiðsla til þeirra yrði þá eiginlega fyrir þau listaverk, sem ríkið þannig eignast, en ekki styrkur án þess að neitt komi í staðinn, og virtist fjvn. það vera haganlegra fyrirkomulag en að veita beinan styrk.

Um annan sparnað og formsbreyt., sem fjvn. kann að gera, *vil ég ekkert segja. Vel má vera*, að ekki takist að lækka gjaldaliði fjárl.; t. d. hækka vextir, svo sem öllum er kunnugt, bæði vegna gengislækkunar og einnig nokkuð vegna kaupa á Esju.

Þessar upphæðir nema alls 380 þús. kr. Þá eru vegna utanríkismála hækkuð útgjöld vegna gengisbreyt. 23 þús. kr.; til viðskiptafulltrúa í New York 75 þús. kr. Þetta eru óviðráðanlegar útgjaldahækkanir að mestu leyti, og nema þær samtals 1 millj. kr. En lækkunartill. þær, sem fjvn. gerði áður en 2. umr. fjárl. færi fram, nema samtals um 1,1 millj. kr., en hækkunarliðir um 600 þús. kr., eða lækkun umfram hækkun hér um bil ½ millj. kr.

Ég skal víkja örfáum orðum að brtt. á þskj. 390 og skýra þær nokkuð. Fyrsta brtt. er um það, að útflutningsgjald, 460 þús. kr., standi óhreyft sem tekjul., en það hefir hinsvegar verið 450 þús. kr. á undanförnum árum og hefir gengið til fiskimálasjóðs. Að vísu ber að viðurkenna, að starfsemi þess sjóðs takmarkast við þessa skerðingu, en þrátt fyrir það hefir þessi sjóður samt allgóðar tekjur, og eins og nú stendur, held ég, að telja megi eðlilegt að reyna að spara þetta tillag til fiskimálasjóðs um eins árs bil a. m. k. Vegna þess, að komin er fram brtt. á þskj. 408, vil ég óska þess f. h. fjvn., að hún verði tekin aftur til 3. umr., og sömuleiðis brtt. á þskj. 409.

Önnur brtt. er um lækkun á fjárveitingu til einkasíma. Væntanlega óskar enginn þm. eftir því að takmarka lagningu símalína, ef um venjulegar kringumstæður er að ræða, en þar sem útlit er fyrir, að takmarka verði stórlega innflutning á efni til nýrra símalína eins og annað, er þessi till. borin fram í skjóli þess.

Ég skal, áður en lengra er haldið, viðurkenna það, að mér þykir miður að þurfa að mæla með mörgum af þessum till., þar sem þær margar hverjar takmarka verklegar framkvæmdir umfram það, sem verið hefir á undanförnum árum. Brtt. nr. 3, 4 og 5 eru allar gerðar vegna gengisbreyt. og þar af leiðandi vaxtahækkunar, og ennfremur vegna vaxta af lánum, er tekin voru vegna kaupa á Esju, og geta þm. athugað þetta nánar í sambandi við nál. frá fjvn.

Þá er till. frá fjvn. um hækkun á borðfé konungs frá 60 þús. upp í 75 þús., og skal ég geta þess, að það hefir ávallt verið venja að greiða þessa upphæð í samræmi við gengið á hverjum tíma, og nú liggur fyrir fjvn. bréf frá lagad. háskólans um að þetta sé skylda.

Þá leggur fjvn. til í till. nr. 7, að áætlun um Alþ.kostnað lækki um 40 þús., og í þeirri till. er gengið út frá, að ræðupartur Alþt. verði ekki prentaður á næsta ári, en sá prentunarkostnaður mun venjulega verða um 40 þús. kr., þegar Alþ. stendur um 80 daga.

8. brtt. frá fjvn. er um það, að fella niður framlag vegna fundar í þingmannasambandi Norðurlanda, því að eins og sakir standa nú, þar sem heimurinn er í stríðsástandi, er tæplega hægt að búast við, að þessi fundur verði haldinn, og taldi því fjvn. óhætt, að sá liður félli niður.

9. brtt. frá fjvn. er afleiðing af fjölgun ráðh., og lagt til, að sá liður hækki úr 30 þús. kr., eins og er í fjárl. yfirstandandi árs, upp í 50 þús. kr., og nemur sú hækkun launum tveggja ráðh.

Brtt. nr. 10—15 frá fjvn. eru allar vegna gengisbreyt.

Þá kemur 16. brtt. frá fjvn., um viðskiptafulltrúa Íslands í Ameríku, og er enginn ágreiningur um það, að sjálfsagt sé, eins og nú hagar til, að hafa þar viðskiptafulltrúa, því að nú þegar er byrjað að beina viðskiptum okkar að miklu leyti til Norður-Ameríku, og bæði útlit fyrir og æskilegt, að þau gætu ekki aðeins haldið áfram, heldur einnig aukizt.

Um 17. og 18. brtt. fjvn. er það að segja, að þær eru um smálækkanir til toll- og löggæzlu utan Reykjavíkur, launum og öðrum kostnaði. Þessar lækkunartill. byggjast á því, að útlit er fyrir, að skipakomur til landsins verði allverulega minni á næsta ári en verið hefir undanfarið, og líklegt, að vegna þess megi spara töluverða upphæð á tollgæzlunni.

19. brtt. er um landhelgisgæzlu. Eftir till. fjvn. er helmingi lægri upphæð áætluð til næsta árs en er yfirstandandi ár. Þetta byggist vitanlega á því sama og strandgæzlan, skipin verða að minnka ferðir á komandi ári, einnig veiðiskipin. Að öðru leyti vísa ég hv. þm. til nánari athugunar um þetta efni á umsögn fjvn. í nál. um 11. gr. — 20. brtt. er um bálstofu í Rvík. Líkindi eru til, að þetta megi bíða, jafnvel ekki hægt að fá efni til byggingarinnar.

21. till. er um strandferðir ríkissjóðs, og þessar 205 þús. kr., sem þar er getið um, eru annarsvegar halli á rekstri skipanna, og hinsvegar er Esja með 80 þús. kr. og Súðin 25 þús. kr. Um það, hvort nægilega er séð fyrir strandferðum, þá er þannig ætlazt til, að Súðin verði ein ásamt skipum Eimskipafélagsins, og þó að Súðin fari í millilandaferðir sem önnur vöruflutningaskip, þá verði hugsað fyrir því, að Esja fari í strandferðir við og við.

22. brtt. er um lækkun á styrk til Eimskipafélagsins. Þessi lækkun var gerð í fullu samkomulagi milli atvmrh. og stjórnar Eimskipafélags Íslands.

23. brtt. er um lækkun á framlagi til sjómælinga, úr 20 þús. kr. í 10 þús. Þetta er í samræmi við þá athugun, að 10 þús. kr. muni nægja næsta ár.

24. brtt. er um flugmál. Það má vitanlega deila um, hve mikla fjárupphæð á að veita í þessu skyni. Þessi liður á okkar fjárl. er alveg nýr. Starfseminni væri vitanlega þörf á hærri fjárupphæð, bæði til að gera flugvelli og annað slíkt í þágu starfseminnar. Ég skal viðurkenna, að fyrir okkur lá beiðni um hærri upphæð.

25. brtt. er um lækkun á tillagi til verkfærakaupasjóðs úr 60 þús. niður í 25 þús. kr. Ástæðan fyrir þessu er sú, að útlit er fyrir, að takmarka þurfi innflutning á landbúnaðarverkfærum á komandi ári. Að vísu hefir þörfin ekki minnkað, en verkfærin hafa stigið í verði, og ég býst við, að menn veigri sér við að kaupa þau; eiga jafnvel eftir að stiga frá því, sem nú er. Styrkur til félaga, sem ekki eiga inni í verkfærakaupasjóði, verður takmarkaður, en aftur á móti reynt, eftir því sem hægt er, að styrkja þau, sem eiga inni í sjóðnum. Enda munu þau félög standa betur að vígi með verkfæri, sem hafa tekið út innieign sína, og því ekki nema sanngjarnt að láta hin sitja fyrir, sem eiga þar að auki stærri kröfu á hendur sjóðnum.

26. brtt. er um byggingar- og landnámssjóð. Vitanlega má sama segja um þessa till. um lækkun á framlagi til sjóðsins og aðrar lækkanir, að ekki mun verða hægt að flytja erlent efni inn í landið í svo stórum stíl. Annars er sú upphæð, sem ætluð er til byggingar- og landnámssjóðs, nægileg til að mæta því, sem lofað er, og nokkru fram yfir. Ég vildi óska þess, að þetta ástand að því er snertir innflutning á útlendu efni til landsins verði ekki lengi svo, að takmarka þurfi framlög í því skyni að endurreisa sveitabæi, og ekki þurfi heldur lengi að takmarka kaup á nauðsynlegum jarðræktarverkfærum.

27. brtt. er um tilbúinn áburð. Lagt er til, að sá liður falli niður af fjárl. Þessi upphæð var notuð í sambandi við áburðareinkasölu ríkisins og var kostnaður við úthlutun áburðar. Þó er gert ráð fyrir, að styrkveiting í þessu skyni verði til ársloka 1939.

28. till. er um kláðalækningar í sauðfé og sá liður látinn lækka úr 8 þús. niður í 3 þús. kr. Er þetta gert með tilliti til þess, að kláði í sauðfé hefir, eftir því sem skýrslur benda til, farið mjög minnkandi.

29. till. er um landmælingar. Þær eru nú komnar svo langt, að þessi fjárupphæð, 10 þús. kr., sem hér er gert ráð fyrir, hlýtur að nægja til þess að vinna úr þeim gögnum, sem fyrir eru. En vitanlega er ekki hægt að ferðast um landið til að mæla það fyrir þessa fjárhæð.

30. till. er um loðdýrarækt. Þessi 10 þús. kr. fjárveiting, sem þarna er ákveðin og n. leggur til, að veitt verði árið 1940, er lögákveðin. Lögin um loðdýrarækt gera ráð fyrir 10 þús. kr. árl. úr ríkissjóði, en undanfarin ár hefir styrkurinn til þessa starfs verið meiri, en lánadeildin, sem hefir starfað, hættir störfum, svo þessi styrkur ætti að nægja.

31. till. er um lækkun á tillagi til fiskveiðasjóðs úr 60 þús. kr. niður í 30 þús.. kr. Með l.

um fiskveiðasjóð mun vera ákveðið, að ríkið greiði vissa upphæð. Hinsvegar er ekki tímabundið, hvenær hana skuli greiða, ekki tiltekin árleg upphæð. Sjóðnum er að vísu þörf á öllu sínu tillagi, vegna starfsmanna sinna. Ríkisstj. hafði lagt til, að þessar 60 þús. kr. yrðu felldar niður með öllu, en eftir að fjvn. hafði átt tal við stjórn sjóðsins, féllst hún á að lækka styrkinn aðeins um helming, þar sem stjórnin mótmælti harðlega að fella hann alveg niður.

32. brtt. er um dálitla hækkun til verðlagsnefndar, vegna aukins kostnaðar.

33. till. er um fjárveitingar til nýrra starfsmanna vegna dýrtíðar af völdum stríðsins, svo sem húsaleigunefndar og kauplagsnefndar. Kostnaðurinn við þetta er samtals 95 þús. kr.

Þá koma hér síðustu 4 till., 34., 35., 36. og 37. Um þær ætla ég ekkert að segja, aðeins geta þess, að tilfærslan á 18. gr. í till. sjálfum ber það með sér, hvernig þessi breyt. hefir verið gerð.

Ég mun taka aftur til 3. umr. till. nr. 1, 25, 26 og 31, með tilliti til þess, að sjá fyrst, hvernig reiðir af brtt., sem fjvn. hefir lagt hér fram við bráðabirgðal. stjórnarinnar.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni, en vænti þess, að málinu verði vísað til 3. umr. að þessari umr. lokinni.

*__Ásgeir Ásgeirsson:__ Þar sem ekki liggur neitt hér fyrir við þessa umr. fjárlfrv. þrátt fyrir hinn ákaflega langa tíma, sem fjvn. hefir haft til starfa síns, er ekki hægt að tala um þessar till. almennt. Ég vildi fyrst minna á þær brtt., sem ég flutti á þskj. 408, ásamt hv. þm. Barð. Það er nú svo, að starfsfé fiskimálanefndar af utanaðkomandi ástæðum hefir rýrnað allverulega; a. m. k. eru ekki líkindi til, að n. veiti nokkurt fé til byggingar nýrra skipa. Hinsvegar er útlit fyrir, að bæta þurfi starfsmönnum við hraðfrystihús, því jafnvel á næsta ári er útlit fyrir, að markaður verði vaxandi fyrir hraðfrystan fisk. Við hv. þm. Barð. höfum talið, að það, sem mælir gegn till. fjvn. um niðurskurð á framlagi til fiskimála, sé það, að víða á landinu eru til gömul íshús, sem með tiltölulega litlum kostnaði mætti breyta í hraðfrystihús. Hraðfrysting fiskjar með flökun er sá hlutur, sem hefir mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn og líklegur er til að auka hann þegar á næsta ári. Þess vegna má telja nauðsynlegt að veita meira fé í þessu skyni en fjvn. hefir áætlað.

__Helgi Jónasson:__ Ég læt ekki hjá líða að segja nokkur orð út af þeim till., sem hér liggja fyrir. Allar þær till., sem hér eru bornar fram af fjvn., eru gerðar í góðri samvinnu í n. og allar afgreiddar með shlj. atkv. Það hefir að vísu ekki verið sársaukalaust og ekki veitzt létt fyrir okkur fulltrúa sveitakjördæmanna að samþ. sumar af þessum brtt., t. d. till. um lækkun á framlagi til byggingar- og landnámssjóðs um 75 þús. kr. og lækkun til verkfærakaupasjóðs um 35 þús. kr. Nefndin litur svo á, að ástandið sé svo alvarlegt, að hjá slíku verði ekki komizt í þetta sinn. Það er aðeins viðvíkjandi brtt. við 18. gr., á þskj. 409, þar sem meiri hluti fjvn. hefir flutt þá brtt., að taka listamenn og skáld út af frv. og láta þá koma undir menntamálaráð. Eins og getið er um í 15. gr., eru veittar 80 þús. kr. sem heildarupphæð til styrktar skáldum og listamönnum í landinu, og ætlazt til, að menntamálaráð úthluti þessum styrk í framtíðinni. Ég get ekki fellt mig við þessa hugmynd, og til þess liggja ýmsar ástæður. Alþingi hefir alltaf haft þessi völd með höndum, og tel ég þetta skerðingu á rétti og skyldum Alþ. Rökin, sem fram hafa verið færð fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt og sjálfsagt, hafa verið þau, að leiðinlegt sé að sjá öll þessi mannanöfn í fjárlögum, og það lítur óneitanlega illa út að sjá langar nafnaraðir í fjárl. En það væri samt mikið eftir, þó að þessi viðbót væri tekin út. Enda má nokkuð losna við það með því að semja sérstaka skrá, sem ætti að fylgja fjárl., yfir alla, sem fengju laun eða styrk fyrir listaverk sín eða bókmenntir. Þá er talað um, hversu óþægilegur fyrir þm. væri þessi sífelldi áróður frá mönnum, sem sæktu um styrk til þingsins. Það er nokkuð til í þessu, en ég fullvissa hv. þm. um það, að þó að þessi styrkur sé tekinn út af frv., losni þeir ekki við áróðurinn fyrir því. Ég er sannfærður um, að það þykist einhver verða útundan hjá menntamálaráði. Ég vantreysti því ekki að gera eftir beztu getu, en bæði hefir það ekki mikið fé með höndum, og margir koma til greina við úthlutun þess, einhverjir settir hjá, sem eru óánægðir. Náttúrlega yrði alltaf einhver óánægja, og aldrei komizt hjá því, að einhverjum fyndist hann vera settur hjá, en Alþingi hefir að mínum dómi farið furðulega vel með þessi mál áður. Þá var talað um það, að þm. væru ekki hæfir til þess að dæma um, hverjir ættu að fá styrkinn. Ég verð að segja það, að þm. verða að taka afstöðu til og greiða atkv. um stærri upphæðir til ýmissa hluta, sem hafa meiri þýðingu fyrir fjárhagsafkomu þjóðarinnar heldur en þessar kr., sem hér eru veittar til skálda og listamanna. Það er talað um þetta sem sparnaðarráðstöfun fyrir ríkissjóð. Það er nú ekki stór upphæð á okkar fjárlögum, sem veitt er til skálda og listamanna, aðeins 100 þús. kr., og er það ekki mörg prósent, ef miðað er við þær upphæðir, sem eru á fjárl. Ég er sannfærður um, að þó að þessar 80 þús. kr. væru teknar út af fjárlögum, myndi áróðurinn verða jafnsterkur á þm. eftir nokkur ár eins og nú hefir verið. Þingmenn eiga sína skjólstæðinga og aðdáendur meðal þessara andans manna, sem þeim fyndist vera settir hjá af menntamálaráði og vildu því reyna að koma inn á fjárlög. Þannig mundi áróðurinn verða alveg sá sami eftir sem áður, þó að úthlutunin yrði framkvæmd af menntamálaráði, og af þeim ástæðum enginn sparnaður. Alþ. hefir lengi haft þennan rétt, og ég tel, að það hafi farið vel með hann.

Ég legg til, að þingið hafi enn í sínum höndum þennan gamla rétt, hvort sem það skipar til þess sérstaka n. eða ekki. Það hefir komið fram brtt. á þskj. 409, sem ég hefi gerzt meðflm. að og býst við, að hv. aðalflm. lýsi nánar.

*__Sigurður E. Hlíðar:__ Herra forseti! Það er líkt á komið með mér og hv. síðasta ræðumanni.

Við höfum báðir skrifað undir nál. með fyrirvara við 18. gr. og 15. gr. Ég vil hér gera grein fyrir þessari afstöðu minni til málanna að því er snertir þessa liði. Hv. 2. þm. Rang. hefir sagt margt það, sem ég vildi segja. Mér finnst rétt, að Alþ. hafi vald til þess að úthluta þessum styrk, eins og undanfarið, og láti ekki þá skyldu hvíla á herðum annara að velja og hafna um styrkveitingu til skálda og listamanna. Sú tilhögun, að láta menntamálaráð hafa með höndum úthlutun þessa styrktarfjár, á víst í og með að vera til þess að stemma stigu fyrir fjáraustri, sem átt hefir sér stað. Ég held ekki, að hér sé verið að stemma stigu fyrir óþarfa fjáraustri. Ég hefi þá afstöðu, að vera mjög frjálslyndur hvað bókmenntir og vísindi snertir, og ég held, að þótt Ísland kunni að leggja hlutfallslega meira af mörkum til vísinda og lista, borið saman við stórþjóðirnar, þá álít ég, að það sé margfaldur gróði fyrir okkur að geta hlúð að því. Ef af þessari breytingu verður, þá held ég, að leiði af því þröngsýni og meiri þröngsýni, ef Alþingi ætlar að afsala sér þessu valdi í hendur örfárra manna. Ég vil ekki kasta af mér þeim óþægindum, sem ég kann að losna við með því að leggja þetta í hendur menntamálaráðs. Ég vil ekki kasta af mér ábyrgðinni og óþægindunum af því, að ég tel það skyldu mína. Ég hefði e. t. v. getað gengizt inn á, að það væri eðlileg bráðabirgðaráðstöfun að ákveða til þessara mála ákveðna upphæð á fjárlagatímabilinu og fela menntmr. úthlutun þess. En af „principiellum" ástæðum er ég á móti því.

Ég þarf ekki frekari grein að gera fyrir andstöðu minni; hún er af þessum ástæðum. Ég vil heldur starfa í þessari „umsetnu borg" heldur en að varpa af mér ábyrgðinni, sem er samfara þeirri reglu, sem hingað til hefir verið farið eftir.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég ætla ekki að flytja langa ræðu, en ég ætla að minnast á brtt. í lið nr. 32, um verðlagsn., þar sem n. eru áætlaðar 30 þús. kr. í stað 25 þús. Eftir lauslegri áætlun um kostnaðinn við starf n. á næsta ári, sem send var til fjvn. — ég man ekki hvaða dag hún var send, það var einhverntíma um síðustu mánaðamót, — þá var ljóst, að við höfum ekki trú á, að hægt muni með nokkru móti að reka hana með 30 þús. kr. tillagi, og vil ég beina því til hv. fjvn., að hún taki þessa brtt. aftur til 3. umr., en athugi áður áætlun þá, sem við höfum sent úr ráðuneytinu.

Ég skal geta þess, að eins og ástatt er, þá er verðlagsnefnd ætlað að hafa afskipti af verðlagi á næstum því hverri einustu vörutegund, bæði hér í höfuðstaðnum og úti um land. Ef nokkur mynd á að verða á því, kostar það auðvitað mikið eftirlit. Ég vil benda á, að fram að þessu hafa 6 aðstoðarmenn starfað hjá n., og ekkert útlit er fyrir, að þeim verði fækkað, en margt mælir með því, að ef starfið á að vera í sæmilegu lagi, þá verið mannahaldið að aukast.

Þá vil ég segja nokkur orð um till. frá nokkrum hv. þm. á þskj. 409, um þá nýbreytni, sem ég stóð fyrir, að gerð væri, þegar fjárlfrv. var samið, að úr því væru teknir allir styrkir til skálda, rithöfunda og listamanna, en í staðinn væri ein upphæð veitt í 15. gr., sem úthlutað yrði samkvæmt ákvörðun menntamálaráðs. Ég hefi gert grein fyrir því, hvers vegna ég tel það ógerlegt, að Alþingi standi í því að gera upp á milli þeirra mörgu beiðna, sem berast um styrki, enda næsta æskilegt, að þetta hyrfi úr fjárl.

Umsækjendur um styrkina voru orðnir svo margir, að hv. þm. urðu fyrir stöðugum áróðri í því sambandi af þeim mönnum, sem vildu koma til greina, og stöfuðu af því miklar tafir í starfstíma þeirra. Þykir mér undarlegt, ef hv. þm. hafa ekki orðið þessa varir. Álít ég miklu einlægara að hafa þessar styrkveitingar ekki á fjárl., heldur fela þær sérstakri stofnun.

Ég vil benda á það, að fjárveitingar til einstakra manna í 18. gr. voru orðið veittar af handahófi. Svo var það orðin hefð, að menn, sem einu sinni komust í 18. gr., skyldu eftir það njóta styrks þar meðan þeim entist aldur til. Nú er greinin orðin full af ungum mönnum, sem að vísu eru margir efnilegir, en allt þetta er orðinn hinn mesti vandi. Því virðist heppilegra að taka upp hina aðferðina.

Það kann vel að vera, að mönnum þyki hér í mikið ráðizt, að fela einum 5 mönnum ráð á þessu. Ef mönnum finnast þeir of fáir, þá er nær að finna meðalveg í því, t. d. þegar menntamr. hefir þetta sérstaka hlutverk með höndum, sem vissulega er mikils um vert, hvernig tekst, þá sé bætt einhverjum mönnum við. Ég gæti hugsað mér, að það yrði framkvæmt þannig, að bætt yrði 3 mönnum við í menntamálaráð, sem verði ca. 4 dögum á ári til úthlutunarinnar, eftir að umsóknarfrestur hefði verið auglýstur, — sem sagt að nokkrir menn væru í þessu eina máli teknir til viðbótar, en menntamr. væri eins og fastur kjarni. Ef þetta þættu enn of fáir menn, mætti bæta úr því, en ég vil vara menn við að fara að setja þetta aftur inn í fjárl.; það er áreiðanlega stór léttir fyrir Alþingi að losna við þetta. Það mætti benda á mörg dæmi þess, hve andkannalega hefir tekizt að afgreiða þetta mál. Það mætti að vísu segja, að einnig gætu orðið mislagðar hendur hjá færri mönnum, en ég hefi trú á, að færri mönnum mundi takast þetta betur, og ef menn geta ekki fallizt á þessa till., þá er ég viss um, að finna má einhverja aðra lausn, sem yrði til bóta frá því, að þetta yrði sett aftur í fjárl. — Sé ég svo ekki ástæðu til að segja meira að þessu sinni.

*Jónas Jónsson: Eins og hv. frsm. tók fram í ræðu sinni, þá veldur það sérstaka ástand, sem nú er, að sumar af þessum till. eru magrari en vant er. Ég vildi segja það sérstaklega, að við í fjvn. höfum ekki eins og vanalega talað nánar en gert hefir verið við þm. úr einstökum byggðarlögum, ekki til þess að bjóða þeim fjárveitingar, sem við höfum ekkert vald á, heldur til þess að halda þeirri góðu reglu, að eftir því sem hægt er væru fjárl. nokkurnveginn sanngjörn mynd af því, sem landið gæti og þyrfti. Ég býst við, að landsmenn skilji það, að mjög getur brugðið til beggja vona um tekjur á næsta ári. Ég varð mjög hissa, þegar ég sá, að for-

stöðumaður fjármáladeildarinnar í stjórnarráðinu stóð hér að till., sem var á allt annan veg en ég gat búizt við. Þegar fjvn. kom saman í haust til starfa, var hann svo bölsýnn, að hann lagði alveg sérstaklega fyrir okkur að reyna að framkvæma alveg sérstakan sparnað. Eins og hann leit á málið þá, átti sá sparnaður að verða miklu meiri en okkur hefir tekizt að framkvæma, þó það muni milljónum króna, sem við höfum með súrum sveita getað lagt til, að yrði breytt í frv. og fellt niður. Flest af því eru hlutir, sem væri ákaflega æskilegt, að við gætum haft, t. d. stærsti liðurinn, fjárveiting til fiskimálan., sem auðvitað er ekki beinlínis til n., heldur gengur í það, að koma upp hraðfrystihúsum og styrkja báta. Auðvitað getur enginn verið glaður yfir því, þó við höfum neyðzt til að leggja til, að þetta væri fellt niður. Ef við hefðum haft efni á því, hefðum við þurft að halda áfram að byggja frystihús og báta, því það gefur — eins og þyrfti að vera — fleiri mönnum atvinnu við framleiðsluna.

Ég verð að segja skrifstofustjóranum í fjármálaráðuneytinu það, sem er fyrstur á till.. sem gengur þvert á það, sem fjmrh. og fjvn. hefir lagt til, að ef hann ætlast til, að till. verði samþ., þá minnkar það traust, sem ég hefi á því, að það sé nokkur alvara bak við það hjá stjórninni að vilja mæta þessum till. Sú léttúð, sem þarna kemur fram, áfellir þann mann, sem fyrstur skrifar undir till. Ég mundi ekki áfella kommúnista fyrir hana, hún er alveg eins og við var að búast frá þeim, eða sérstökum vinum kommúnista, ábyrgðarlausum mönnum, eins og hv. þm. N.-Ísf., en ég verð að segja, að það hvílir ábyrgð á skrifstofustjóranum í fjármálaráðuneytinu, sem segir, að á skatt- og tollatekjum einum saman geti munað 3 millj. á næsta ári. Það er von, að kommúnistarnir brosi, það er varla hægt að gefa þeim betra tilefni en það, að skrifstofustjórinn í fjármálaráðuneytinu færi að gangast inn á þeirra aðferðir.

Ég þykist vita, að skrifstofustjórinn muni skýra sína aðstöðu, svo menn missi ekki trúna á það, að fjármrn. standi með Alþingi í því að reyna að taka alvarlega á hlutunum og halda niðri útgjöldunum og sjá um, að ekki sé óvarlega farið með það fé, sem gengur í gegnum þá deild.

Ég ætla að gleðja hv. 2. þm. Rang. með því að rifja upp þann vaðal og þær umr., sem hafa orðið um styrki til listamanna, og er ég hæstv. viðskmrh. samdóma um það, að þær umr. og atkvgr. hafa orðið til lítils sóma fyrir þingið. Ég ætla að taka það fyrst, þegar einn Rangæingur, Þorsteinn Erlingsson, var hér búsettur, maður, sem var undir þeim kringumstæðum, að hann þurfti styrk, en hann var líka vissulega búinn að gera sína góðu hluti. Það varð vissulega eitt af stærstu málum þingsins að deila um hann og hvort hann ætti að fá nokkur hundruð krónur eða ekki, og ég geri ráð fyrir, að þeir þm., sem þá sátu þingið, hafi verið svona álíka menn og við. Þessar umr. enduðu með því, að Þorsteinn Erlingsson og Valdimar Briem fengu nokkur hundruð krónur hvor, eftir að búið var að telja upp allt, sem þeim var til skammar, af þeim þm., sem voru á móti hvorum um sig. Ég segi fyrir mig, að ég hefi engan smekk fyrir svona umr. á Alþingi. Ef þessi till. verður samþ., vil ég stinga upp á, að verði sett þingkosin n., eða einn maður frá hverjum flokki, sem að stjórninni stendur, til að skipta þessu fé. Það er aukaatriði, hver skiptir þessu. Ég væri t. d. til með að bera fram brtt. um, að það yrði ríkisstjórnin, sem skipti þessum aurum. Það er enginn ávinningur fyrir mig og mína meðstarfsmenn í menntamr. að fá þetta starf, við munum allir kvíða fyrir að fá það, ef til þess kemur, við höfum ekkert að vinna við það, nema leiðindi. Ég vil hugga þá menn, sem hafa litla tiltrú til menntamr., með því, að það er meir en velkomið af minni hálfu, að þeir fái á einhvern hátt að starfa að þessu sjálfir.

Þessar umr., sem tættu Þorstein Erlingsson og Valdimar Briem sundur, og síðar Jón Trausta og Einar Kvaran, eru einhverjar þær allra leiðinlegustu, sem finnast í öllum Alþt. Við, sem stöndum að þessari nýbreytni, höfum sömu aðstöðu og nokkrir þm., sem unnið hafa að því að taka af þinginu þann ruslakistubrag, þegar menn óðu hingað inn eins og þeim gott þótti og fylltu d. til skiptis og settu þannig blæ á þingið, að það líktist helzt sjóbúð. Þeir, sem standa að þessari breytingu, hafa rétt fyrir sér, en þeir, sem standa að till., höfðu enga tilfinningu fyrir því, að þetta væri til skammar, og gengust ekki fyrir því, að umgengnin í þinginu yrði sómasamleg og eins og Alþingi á skilið. Þess vegna er ástæðan fyrir því, að ég styð þessa breyt., að hún er til umbóta, ekki fyrst og fremst fjárhagslega, heldur sérstaklega siðferðislega og andlega, og byggð á því, að það er óþinglegt og ósamboðið þessari samkomu að tæta þessa menn sundur. Ég vil aðeins segja það, að þeir menn, sem geta lagt sig niður við slíkt, mega það auðvitað mín vegna, en ég tek ekki þátt í slíkum umr. En það mun sýna sig, ef þetta á áfram að vera í höndum 50 manna, þá verða alltaf samskonar umr. um þetta, en þetta er einmitt mjög æskilegt, að fram skuli hafa komið till. frá ríkisstj. um að taka þetta út úr deilunum og koma því öðruvísi fyrir. Sú leið stendur opin, að koma því öðruvísi fyrir en að fá það menntamr., en Alþingi ætti ekki að setja lög um, að menntamr. skyldi bæta við sig fleiri mönnum til að vinna þetta verk. Ef svoleiðis ætti að fara að við okkur í menntamr., þá myndum við segja, að við óskuðum heldur eftir að láta það alveg í annara hendur. Ef horfið væri að því ráði, mundi ég stinga upp á, að kosin yrði n. meðal þm. með hlutfallskosningu, t. d. 5 manna n., til að skipta þessu, og mundu þá koma fram rétt hlutföll milli flokka, eins og þau eru nú. Þá væri því náð, sem vakað hefir fyrir hæstv. viðskmrh., að afnema þessar leiðinlegu deilur. Breytingin af þessu hefir strax komið í ljós, það hefir ekki einn einasti maður komið til fjvn., af því að styrkirnir voru ekki í fjárl. og menn hafa búizt við, að fyrirkomulaginu yrði breytt. Ég vil segja það, að það getur orðið svo, að fjvn. sjái ástæðu til að taka alla persónulega styrki út af 18. gr. fjárl. og láta svo nöfnin koma í ríkisreikningnum, en aðeins upphæðina í

fjárl., og það er líka af sömu ástæðu, nefnil. að hreinsa til í þinginu. Mér þykir skömm að því að sjá fjárl. öll útötuð í mannanöfnum og að það skuli ekki fyrir löngu vera búið að ráða bót á því. Ég held, að ég geri ekki þeim mönnum rangt til, sem standa að till. hér, að þeim hafi farið eins og Andrési hjá Duus, þegar Þórður á Kleppi mætti honum á götu daginn eftir að Andrés dó, og Andrés vissi ekki, að hann var dauður; ég held, að þessir menn séu ekki búnir að átta sig á því, hvað heyrir til sóma þingsins. Ég býst ekki við, að þeir hafi áttað sig á, hvern blæ það setur á þingvinnuna að bæta svo sem 50 nöfnum á fjárl. og rifast svo um alla þessa menn og halda sama blænum á umr. og verið hefir. Ég skil hinsvegar af framkomu þessara manna, að þá muni langa í tuskið áfram. Þingið hefir oft minnt á greni, sem grenjaskytta liggur á. Það er auðvitað mjög fín íþrótt. T. d. kom hingað maður, sem átti söngmann fyrir son. Hann lá hér á þinginu í 6 vikur, og með þeirri 6 vikna vinnu tókst honum að lemja út styrk handa syni sínum, sem svo hefir aldrei getað sungið og aldrei orðið sér og öðrum nema til leiðinda. Þetta er það, sem þessir hv. þm. eru að biðja um að halda áfram með.

Ég vil benda á, að ef þessi till. verður samþ., þá mun hún hafa meiri þýðingu en menn gera sér ljóst í fljótu bragði. Þá yrði aftur kominn á þingið sá blær, sem hefir verið að komast á síðustu árin, og það eru aðallega kommúnistar, sem eiga heiðurinn af honum. Þeir hafa barizt á móti umbótunum í blóðum sínum, og ef þetta væri látið fara eins og þeir vilja, þá mundi líka fara fleira, eftir að búið væri að brjóta niður þessar litlu endurbótatilraunir og fleiri aðrar, þá myndu grenjaskytturnar koma hér aftur. Það er ekki aðalatriðið, hvort 50 eða 100 þús. kr. fara í þetta, — nei, það er aðallega blærinn, sem það setur á þingið.

Það getur farið svo, að það verði ennþá minni hluti af sköttum, sem landsmenn geta greitt, en skrifstofustjórinn í fjármálaráðuneytinu gerði ráð fyrir, og það getur haft alvarlegar afleiðingar, ef ekki er reynt að koma með meiri alvöru til móts við till. ríkisstj. en nú er gert. Ef þessi blær á að vera áfram, þá má skrifstofustjórinn og hans skrifstofumenn vera vel á verði um meðferð á fé ríkisins. Þó að tekin væri upp ný lína í byrjun þessa þings, þá gæfi hann nú aðra línu, sem mér væri að vísu kærkomin vegna míns kjördæmis. Þar vantar bæði vegi, síma og hafnarbætur, svo ég mundi, kjördæmisins vegna, hlakka til þess að fá nýja línu, en ég hlakka ekki til þess sem borgari á Íslandi.

*__Magnús Gíslason__: Ég verð að játa það, að þótt ég sé flm. þessarar till., þá bjóst ég ekki við, að eins mikið yrði talað um hana í dag og raun hefir á orðið. Ég hélt, að hér yrði fyrst og fremst talað um þá stefnu, sem taka ætti í fjármálum eins og nú horfir við. Ég hélt, að þessi litla till., sem aðeins beinist að einum lið fjárlaganna, gæti beðið, en nú er hún orðin aðalumræðuefnið. Það, sem fyrir mér vakti, þegar ég gerðist flm. þessarar till., var það, að mér fannst tekin upp óviðeigandi nýbreytni í fjárlagafrv., þar sem vald Alþ. um það, hverjir skuli hljóta styrki af þeim mönnum, sem að vissu leyti eru taldir spámenn sinnar þjóðar — sem prédika sannleikann í ræðu eða riti, litum, ljóði og tónum — er af því tekið. Mér fannst það ekki mega henda alveg umhugsunarlaust, að Alþ. afsalaði sér þessu valdi í einu vetfangi í hendur annara. Aðalatriðið hélt ég að væri það, hvernig menn ættu að snúast gagnvart því erfiða ástandi, sem nú ríkir, — en allt í einu er mín litla till. orðin að aðalatriði í þessum umr.

Ég skal játa, að það er e. t. v. óheppilegt, að umr. um persónustyrki fari fram fyrir opnum dyrum, — umr. um það, hvort menn meti eitt skáldið meira en annað. En þá er spurningin sú, hvort hægt er að finna heppilegri lausn á þessu máli. Ég skal einnig viðurkenna, að ef til væri í landinu einhver stofnun, sem landsfólkið bæri traust til að leysa þetta starf af hendi betur en Alþ. hefir tekizt, þá skyldi ég verða fyrsti maðurinn til að afhenda þetta vald. Ég þekki alla meðlimi menntamálaráðs, og sumir þeirra eru vinir mínir, og ég get ekki neitað því, að ég ber traust til þessara manna, en hitt dylst mér ekki, að landsfólkið veit ekki, að til er í landinu stofnun, sem heitir menntamálaráð, hvað þá að það beri slíkt traust til þess, að það vilji fela því það vald, sem Alþ. á nú að afsala sér. Hvenær sem slík stofnun verður til, sem er hæf og bær til þessa starfs og hefir traust fólksins til þess, þá skal ég fyrstur allra verða með því að afsala þessu valdi Alþ. En menntamálaráð hefir ekki traust til að taka við því.

Út af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði um afskipti mín af þeim aðgerðum, sem enn hafa farið fram um breyt. á fjárlfrv., sem fyrir liggur, þá vil ég geta þess, að ég hefi lagt ekki svo lítið verk í það, eftir mínu viti, að gera mér grein fyrir því, hvernig nú horfir við og hvað helzt liggi fyrir. Og eftir þá rannsókn tel ég óhjákvæmilegt, að óbreyttu ástandi, að tekjuliðir fjárlaganna muni í mörgum verulegum atriðum lækka. Hinsvegar er það vitað mál, að margir útgjaldaliðir fjárl. hljóta vegna vaxandi dýrtíðar að hækka gífurlega. Hér er vandkvæði, sem þarf að leysa og fjmrn. hefir gert tilraun til að benda fjvn. á, hvernig ætti að leysa. Ráðuneytið hefir t. d. bent á, hvaða tekjuliðir virtist óhjákvæmilegt að myndu lækka. Og við höfum líka bent á vissa útgjaldaliði, sem hægt væri að lækka, og svo nokkra útgjaldaliði, sem væri erfitt að þurfa að lækka, en nauðsynin krefðist þess e. t. v. eigi að síður. Fjvn. er búin að hafa fjárlfrv. til meðferðar í heilan mánuð, og vel það, og sannast að segja er árangurinn af starfi n. næsta hörmulegur, það sem af er. Ég geng að vissu leyti út frá því, að n. hafi í pokahorninu þangað til við 3. umr. eitthvað merkilegra en enn er komið í ljós, — en það, sem birzt hefir í frv.formi, er langt frá því að vera ánægjulegt, þótt þar séu ýms atriði, sem ég get fylgt og e. t. v. verða til bóta. En margt er þar, sem ekkert kemur þessu máli við. Aðalatriðið, hvernig á að koma þessu tvennu saman, útgjöldum og tekjum, er óleyst ennþá. Ég veit, að hér er við meiri erfiðleika að stríða vegna óvissunnar, sem fyrir dyr-

um er, en ég hefði samt kosið, að ekki hefði snúizt svo óheppilega, að allar umr. í dag skyldu verða um þessa litlu till. mína, og þar með dreifa athyglinni frá kjarna málsins, hvernig eigi að fara að því að afgr. tekjuhallalaus fjárlög fyrir næsta ár.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég ætla ekki fremur en aðrir að fara að ræða um það við þessa umr., sem þó verður rætt um áður en fjárlög verða endanlega afgr., nefnilega horfur í atvinnu- og fjármálum þjóðarinnar. Það er öllum vitanlegt, að ríkisstj. hafði reynt að gera sér nokkra grein fyrir því, hver hennar skylda væri í fjármálunum vegna hins óvenjulega ástands. Og ég vil lýsa yfir því, að það hefir verið fyrir ríkisstj. ákaflega mikið vandamál, að reyna, undir forystu hæstv. fjmrh., að benda á skynsamlegar leiðir til þess að afgreiðsla fjárlaga gæti farið fram með þeim hætti, að viðunandi mætti teljast. Og út af því, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, þá vil ég aðeins segja það, að ég tel það ómaklegt, ef hann hefur ádeilu á fjvn. fyrir hennar aðgerðir í málinu. Hann og ég erum meðal þeirra, sem eiga að vinna að þessum málum, — og höfum gert það eins og við höfum getað. (MG: Alveg rétt). Þær till., sem ég hefi rætt við fjvn. um sparnaðarviðleitni í því ráðuneyti, sem ég veiti forstöðu, hafa fengið lofsverðar undirtektir. Og ég segi það hiklaust, að afskipti hennar á þeim sviðum, sem ég er kunnugastur, verðskulda ekki ámæli. Fjvn. er lofsverð fyrir það, hvernig hún hefir tekið till. ríkisstj. og reynt að aðstoða hana á allan hátt. Mér þótti rétt að segja þetta út af ummælum hv. síðasta ræðumanns. Að öðru leyti vil ég gera grein fyrir, hvers vegna ég hefi gengið inn á margvíslegan niðurskurð, sem ég annars er á móti. En ég hefi fundið það skyldu mína að reyna fyrir mitt leyti að aðstoða hæstv. fjmrh. í því alveg óvenjulega vandasama verki, sem þarf að vinna undir hans forystu og á hans ábyrgð, að svo miklu leyti sem hún leggst á einn mann, en vitaskuld stendur ríkisstj. öll meðábyrg honum, eins og líka Alþ. gerir.

Ég skal svo ekki gera einstakar till., heldur höfuðstefnuna að öðru leyti að umræðuefni. En vil aðeins út af till. 6 hv. þm. í sambandi við 18. gr. fjárl. segja það, að ég er henni mjög mótfallinn. Ég skil þó vel þeirra framkomu í þessu máli, og get mjög vel sett mig inn í þann hugsanagang, að einstaka þm. vilji ekki afsala sér því áhrifavaldi á úthlutun bókmenntastyrkja, sem þeir nú hafa. Ég hinsvegar fyrir mitt leyti er reiðubúinn að afsala mér þessu valdi, ef ég þar með losna við vandann, sem því fylgir, en það tel ég að ég geri, ef sú till., sem hæstv. fyrrv. fjmrh. hafði borið fram, verður samþ. Ég hefi ekki setið á Alþ. til jafns við þá, sem þar hafa átt lengsta setu, en ég hefi setið sextán þing. Ég tel, að eitt af því, sem hafi óprýtt öll fjárlög og hafi öðru fremur truflað vinnubrögð þingmanna, séu persónustyrkirnir, — þessi fyrirsát, sem sífellt er, þegar maður kemur hér inn í anddyri alþingishússins, af mönnum, sem ýmist eru að biðja um styrki fyrir sjálfa sig eða aðra. Ég er þakklátur hverjum þeim, sem vill losa mig við þetta, ef ég tel, að þetta vald sé eins vel komið í þeirra höndum, — og ég veit, að þetta vald er eins vel komið hjá menntamálaráði og Alþ. Það er langtum betur komið hjá menntamálaráði. Það verður meira öryggi fyrir því, að hinir hæfustu verði ekki útundan, — þegar af þeirri ástæðu, að þarna er fámennari hópur, sem á að svara til saka um það, hversu réttlátlega er farið með þetta fé. Ég skal svo aðeins bæta því við, að fyrir utan öll þau óþægindi, sem alþm. hafa af þessum styrkbeiðnum, þá ræður oft hending ein, hverjir sitja sólarmegin og hverjir í skugganum, þegar þessu fé er úthlutað milli fátækra og þurfandi listamanna og manna, sem halda, að þeir séu listamenn. Ég er ekki meira karlmenni en það, að mig hefir oft tekið sárt að þurfa að greiða atkv. á móti þessum mönnum, sem ég veit, að hafa soltið. Ég hefi talið, að ég bryti skyldu mína sem þm. með því að greiða atkv. með þessum styrkjum, en oft hefi ég fórnað sannfæringunni eða innrætinu við slíkar atkvgr., og ég hygg, að svo sé um fleiri þm. Það er hrein hending, sem oft og tíðum ræður úrslitum þessara mála, og ég er þess því mjög hvetjandi, að þetta vald verði tekið af Alþ. og fengið menntamálaráði.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Það hefði e. t. v. átt að vera mitt hlutverk að beina umr. inn á þá braut, að þær snerust meira um heildaryfirlit og úrræði til þess að koma jöfnuði á búskap ríkisins, og sjá um, að þær færu ekki í þá átt, sem þær nú hafa beinzt, þ. e. a. s. um eitt tiltölulega veigalítið mál. — En eins og nál. og till. fjvn. í raun og veru bera með sér, þá er á þessu stigi málsins varla tímabært að taka málið frá þeirri hlið. — Eins og hv. frsm. fjvn. vék að, þá hefir fjmrn. látið n. í té bráðabirgðaáætlun um tekjur ríkissjóðs á komandi ári, og eins bendingar um það, á hvaða útgjaldaliðum helzt myndi vera hægt að spara, til þess að mæta þeim halla, sem ráðuneytið taldi óhjákvæmilegt að myndi koma fram. Fjvn. hefir að þessu sinni ekki farið út í það, að áætla tekjurnar eða gagnrýna bráðabirgðaáætlun stj. um þær, og hefir lýst yfir því, að það muni verða geymt til 3. umr. Mér finnst þetta í sjálfu sér mjög skiljanlegt. Þetta er mikið vandamál og ekki að vonum, að það vinnist ákaflega fljótt, og það þarf að styðjast við alla þá reynslu, sem fyrir hendi er, til þess að unnt sé að skapa sér sem áreiðanlegasta skoðun á því, hvernig útkoman muni verða. Hinsvegar hefir n. að miklu leyti tekið til greina bendingar ráðuneytisins, — þótt að vísu muni á einstöku liðum til eða frá, og ekki allar bendingarnar teknar til greina. Að sjálfsögðu er þetta allt til meðferðar, bæði hjá ríkisstj. og n., og það eiga eftir að fara fram samtöl milli þessara aðila um frekari till. Af þeim ástæðum tel ég ekki rétt að vekja hér deilur, sem eru ástæðulausar og alveg áreiðanlega óheppilegar á þessu stigi málsins. Ég get yfirleitt verið hv. fjvn. þakklátur fyrir meðferð hennar á frv. hingað til, og ég vona, að samvinna geti orðið góð um það, sem eftir er, og að niðurstaðan verði sem heppilegust fyrir ríkissjóð á komandi árum.

Að svo komnu ætla ég þá að láta þetta nægja um fjárlfrv. í heild, en af því að umr. hafa, eins og ég drap á, beinzt að einstöku atriði, sem komið hefir fram við þessa umr. út af brtt. nokkurra þm., þá get ég ekki stillt mig um að lýsa afstöðu minni til málsins, þótt ég eigi e. t. v. á hættu að sæta fyrir það ákúrum hjá hv. þm., sem hafa aðra skoðun og sem sérstaklega mun vera ráðandi hjá fjvn. Ég mun greiða atkv. með þessari till., sem fram er komin um að færa 15. og 18. gr. fjárlfrv. til sama horfs og áður var. Og þessi skoðun mín byggist á því, sem hv. form. fjvn. sagði áðan, að lífið verður ekki stöðvað, — það heldur óhjákvæmilega áfram. Mér virðist einmitt með því, að ætla ákveðna fjárhæð í þessu skyni, vera gerð tilraun til þess að „stöðva lífið", — en það er ekki hægt. Það heldur áfram. Við höfum reynslu í þessu efni. Það átti einu sinni að stöðva útgjöld til stúdentastyrkja, og ég ætla, að það hafi einmitt verið menntamálaráð, sem fékk það hlutverk að úthluta ákveðinni fjárhæð til framhaldsnáms stúdenta. Þessi fjárhæð stendur enn, — en það hafa bætzt fleiri samskonar við. Upphæðin fullnægði ekki framhaldi lífsins. Þótt gerð sé tilraun til að stöðva það, þá tekst það ekki. Það tekst e. t. v. á þessu þingi, en á næstu þingum mun sagan endurtaka sig. Það er eins og hvert annað böl, að þurfa að sitja undir svívirðingarræðum um einstaka styrkumsækjendur. En ef hv. þm. geta ekki stillt sig um að svala sér persónulega á þessum mönnum, þá verða hinir rólyndari að hlusta á það, bera það eins og annað böl og þreyja undir umr. Allt annað mál er það, hvort menn eru yfirleitt sammála um að veita þeim styrk, sem hans hafa notið undanfarið. Um slíkt geta öllum verið mislagðar hendur, engu síður menntamálaráði en Alþ. Þingið á ekki aðeins, heldur getur ekki afsalað sér þessum rétti. Því helzt það ekki uppi að hlaupast frá því hlutverki að dæma um, hverjir eigi að fá styrk og hverjir ekki. Það skeikar auðvitað að sköpuðu um þetta, í sjálfu sér litla atriði fjárlaganna, en það verður engin eilífðarákvörðun tekin um málið á þessu þingi. Það kemur aftur. Ef ætti að stöðva aðgerðir þingsins í þessum efnum, þá myndi ekki duga til þess breyting á þingsköpum, það yrði að breyta stjórnarskránni og banna þm. að bera fram till. um slíkar styrkbeiðnir. Ég veit ekki, hvort menn vilja ráðast í þetta, en það er eina aðferðin til þess að styrkir til einstakra listamanna komist ekki inn í fjárl. á ný.

Ég skal ekki þreyta hv. þm. með lengri ræðu að sinni, en ég mun við 3. umr. málsins, þegar gleggra má sjá, hverju fram vindur um afgreiðslu fjárl., reyna að leika mitt hlutverk í sambandi við það.

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég get ekki látið hjá líða að svara með örfáum orðum því, sem fram hefir komið í þessum umr. Hv. 11. landsk. hóf sína ræðu á því að kvarta um, að ræður manna skyldu ekki hafa beinzt að afgreiðslu fjárlfrv., bjargráðum þjóðarinnar og öðru slíku fremur en einni smátill. á þskj. 409. Nú var opin leið fyrir þennan hv. þm. að koma með veigamikil atriði varðandi afgreiðslu fjárlfrv., benda á leiðir til að bæta vinnubrögð og framkvæma frekari sparnað en fjvn. hefir en gert till. um, — en mestur hluti hans ræðutíma fór einnig í að ræða þessa sömu smátill., sem hann vítti aðra svo mjög fyrir að minnast á. Ég ætla ekki að fara að kvarta yfir því hér, hvorki fyrir mína hönd eða meðnm. minna, þótt okkur sé haldið á fundum allan daginn, frá því á morgnana og þangað til um miðnætti, en ef fjvn. verðskuldar frá þm. samskonar ummæli og þessi hv. þm., sem jafnframt er skrifstofustjóri í fjmrn., lét sér um munn fara, að þegar n. legði fram árangur starfa sinna eftir mánaðar setu, þá væri hann næsta hörmulegur, þá vildi ég leggja til, að ég og meðnm. mínir fengjum frí og aðrir þm. tækju við af okkur. Ég tel, að þessi ummæli hv. þm. hafi verið órökstudd og í fyllsta máta óverðskulduð. Hann hefir sennilega ekki veitt því athygli, að þegar ég gerði grein fyrir störfum n., og það allskilmerkilega að mér fannst, þá gat ég þess, hvers vegna n. hefði ekki lagt fram brtt. sínar við tekjubálkinn. (MG: Ég var ekki inni.) Ég hygg, að það hefði kannske verið betur ómælt, sem hv. þm. sagði, og honum hefði verið sæmra að víkja sér eitthvað að því, sem hann var að tala um að hefði þurft að gera, að koma með till. um sparnað á fjárl.

Ég ætla ekki að tína upp þau rök, sem hv. þm. hafa komið hér með til að sýna, að fjvn. væri ekki fær um að koma með till. til sparnaðar. En ég vildi þá biðja þá hv. þm., sem þannig hafa talað, að koma með till. til sparnaðar, sem ekki koma í bága við framleiðsluna í landinu og samþ. verða af Alþ. Nefndin leggur hér til rúmlega einnar millj. kr. sparnað, en þetta er að hálfu leyti tekið aftur án þess að n. fái við nokkuð ráðið, sem stafar af gengisbreyt. síðastl. vor, og er það því rúmlega hálf millj. kr., sem þannig fer í vaxtagreiðslu og kostnað við utanríkismál.

Um þetta hefi ég ekki fleiri orð, en hv. 11. landsk. hefir látið þau orð falla, að það verður hnippt í hann um að koma með brtt. til sparnaðar fyrir 3. umr. Og nú sjáum við, hvað setur. Hv. þm. hefir að vísu bent á ýmsa liði í fjárl., en hann veit vel, að ekki er hægt að framkvæma verulegan sparnað á þeim liðum. Og ég hygg, að hann hafi bent á þá meira til málamynda en að hann tryði því, að hægt væri að skera þá niður. Svo ætla ég aðeins að víkja örfáum orðum að þeirri brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 409, og mér fannst koma fram einkennilegar skoðanir þar hjá hv. þm.

Ég hygg, að menn geti verið duglegir og ágætir þm., þótt þeir séu hvorki neinir sérstakir bókmenntamenn eða listamenn, og ennfremur að kjósendurnir velji þá ekki með tilliti til sérstakrar þekkingar á því sviði, heldur fyrst og fremst frá mörgum öðrum sjónarmiðum.

En það hefir verið kosin n. eða ráð, sem kallast menntamálaráð, alveg sérstaklega með tilliti til þess, að þeir menn hafi vit á listum og bókmenntum. Og mér finnst svo barnalegt að byggja þessi mótmæli gegn þessari formbreytingu á því, að þeir menn, sem nú starfa í menntamálaráði, séu ekki færir um að gegna

sínu starfi og ekki treystandi til að úthluta óhlutdrægt. Ég segi þetta beinlínis af því, að það hafa fallið orð í mín eyru á þann veg. En við getum bætt úr því á þessu þingi, kannske mjög bráðlega, með því að kjósa nýja menn í menntamálaráð, og sú kosning myndi þá sýna vilja þeirra flokka, sem nú ráða á Alþ. Og auðvitað yrðu þeir menn þá kosnir í það menntamálaráð einnig með tilliti til þekkingar í bókmenntum og listum, og þá liggur það augljóst fyrir, að sá styrkur, sem úthlutað er úr ríkissjóði, sé í höndum slíkra manna. — Ég ætla svo ekki að fara að rifja upp það, sem fram hefir farið hér áður á Alþ., ég vil vera alveg laus við það. Hv. þm. S.-Þ. gaf skýringu á því, hvers vegna hann vildi ekki taka þátt í þeim skripaleik hér á þingi. Mér þótti undarlegt að heyra það af vörum hæstv. fjmrh., að með þessari formbreytingu væri verið að taka fyrir kverkarnar á lífinu, eins og hann orðaði það. Ég fæ ekki séð, að það liggi nein rök í þeim orðum. Því hvers vegna getur slík n. eða ráð, sem þannig er kosið, ekki verið eins fært um að hafa slíka úthlutun með höndum eins og því er falin úthlutun stúdentastyrksins? Hv. þm. vita, að fyrst var sú úthlutun í höndum margra manna, en síðan var féð veitt í heild og falið menntamálaráði til úthlutunar.

Ég hygg, að það verði alltaf skiptar skoðanir manna um það, hverjir séu þeir verðugu að fá slíka styrki, en ég er hissa, að nokkur hv. þm. skuli halda því fram, að það sé ekki einmitt fullkomið form að velja sérhæfa menn til þessa starfs, heldur en þm., sem ekki, a. m. k. ýmsir þeirra, hafa sérþekkingu í þessum efnum, enda þótt þeir leysi sitt hlutverk vel af hendi sem fulltrúar fyrir sína kjósendur.

Páll Zóphóníasson: Það eru hér tveir liðir, sem mig langar til að fá frekari upplýsingar um en ég fékk hjá hv. frsm. í þessum umr. Það er þá fyrst og fremst 7. liður. Það er gamall kunningi hér á Alþ., sem er um það að fresta að prenta þingtíðindin. Það hefir verið dálítið rætt um það áður, en það hefir ekki hingað til verið samþ.

Ég skal engan dóm leggja á það, hvort það sé rétt að hætta að prenta þau eða ekki, en hitt vildi ég benda á og spyrja um, hvort þessi liður hliti ekki sömu l. og 25. liður og 26. og 31. liður, en þeir eru allir teknir aftur vegna þess, að það er ekki hægt að hafa þá, nema breyta ákvæðum l. um þau efni. Þennan lið er ekki heldur hægt að samþ. nema með því að breyta l. um þingsköp. Mér skilst, að eigi því eins að taka hann aftur við þessa umr., og vona ég, að það verði gert.

Hitt er 21. liður. Þar er ætlazt til að spara töluvert mikið við strandferðir ríkissjóðs. Mér skilst af grg., sem þessu fylgir, að Eimskipafélagið hafi boðizt til að halda uppi sömu siglingum við landið og verið hefir. Mér skilst, að líkur séu fyrir því, að meðan stríðið stendur muni meginið af vörum til landsins koma hingað til Reykjavíkur, og við það muni hvorttveggja verða, Eimskip sigli ekki strandferðir eins og verið hefir og Ríkisskip fái sérstaklega mikið að gera í strandferðunum. Því dreg ég mjög í efa, að hér verði sparað, og óska frekari greinargerðar fyrir því, hvernig það megi verða.

***Bjarni Ásgeirsson:** Mér þykir leitt að vera einn þeirra manna, sem hrella hv. fjvn. með því að gera aths. við störf hennar, því ég veit, að hennar verk er erfitt og vandasamt, og við verðum að stilla kröfum okkar í hóf gagnvart henni eins og sakir standa. Þó eru það tveir liðir till., sem ég kemst ekki hjá að ræða lítils háttar.

Það er fyrst till. um að fella niður styrkinn til flutnings á tilbúnum áburði. Ég skal að vísu viðurkenna þau rök, sem komu fram hjá frsm. fjvn., að l., sem heimila þetta, segi svo fyrir, að það ákvæði gildi ekki nema til ársins 1937.

Þetta eru rök, sem ég verð að beygja mig fyrir, að þegar heimildin nái ekki lengur til, falli þessi liður niður. En þetta kemur ákaflega illa niður nú, þar sem auðvitað er, að eitt hið erfiðasta, sem hlýtur að koma fram við landbúnaðinn á næsta ári, er verðið á tilbúnum áburði, sérstaklega þegar þess er gætt, að kartöfluræktin í landinu, sem lögð hefir verið mikil áherzla á, stendur að nokkru leyti eða fellur með tilbúnum áburði, því falli styrkurinn niður, verður áburðurinn mjög dýr eða jafnvel ókaupandi. Ég skal í þessu sambandi geta þess, að í fyrra átti áburðareinkasalan um fimmtíu þús. kr. í varasjóði, sem hún hafði dregið saman undanfarið. En vegna gengisbreytingarinnar á síðastl. vori hallaðist þannig á í verzluninni, að þessi varasjóður var allur upp etinn, og safnaðist fyrir fimmtíu þús. kr. skuld hjá áburðareinkasölunni. Og ef flutningsstyrkurinn fellur svo alveg niður, þá bætist það fyrst og fremst á áburðarkaupin, og svo skuld sú, sem áfallin er. — Þetta er athyglisvert mál, og ég vildi skjóta því til hv. n., þótt ég geti ekki borið fram neina brtt. um þetta atriði.

Þá er hitt atriðið. Í fjárl. eru veittar 20 þús. kr. til loðdýralánadeildarinnar, en n. leggur til, að það verði aðeins 10 þús. kr., með þeim rökstuðningi frsm., að nú væri fallið niður starf deildarinnar. Ég hygg, að það sé ekki rétt, að hún sé fallin niður, en það hafa orðið umr. um að fella hana niður. Formaður landbn. hefir skrifað landbrh. bréf um þetta, sem hann sendi til Búnaðarfélagsins, þar sem hann lagði á móti þessu með töluvert þungum rökum, að þetta yrði fellt niður. Auk þess vildi ég benda á, að það er ákvæði í 18. gr. l. nr. 38 frá 1937, að veittar skuli 10 þús. kr. til loðdýralánadeildarinnar árlega á næstu fimm árum. Þetta er skilyrðislaust í l., og mér skilst, að ekki sé hægt að láta þennan lið niður falla nema sett sé í l. með bráðabirgðaákvæðum, að hann sé felldur niður.

Ég vildi benda frsm. á það, að það mundi vera svipað með þennan lið og aðra liði, sem n. hefir hugsað sér að taka aftur til 3. umr.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni, en ef brtt. kemur um það að breyta þessu ákvæði l., verð ég á móti því, og ég hefi mörg rök að bera fram um það, að ekki sé rétt að fella loðdýralánadeildina niður.

*Jónas Jónsson: Það er held ég nokkuð afsakanlegt, þótt sú brtt., sem hv. 11. landsk. kallar litla brtt., taki dálítinn tíma við umr., af því að þetta er eins og prufumál hér á þingi. Og eins og hæstv. fjmrh. hefir lýst ástandinu, er það æskilegt fyrir þing og stj., úr því að þing er nú haldið á þessum tíma, að það sé tekin lokaákvörðun um það, hvað menn treysti sér til að áætla tekjurnar; og mun næsta vika ganga í þá vinnu í samráði við ríkisstj., og sýna þá þm., hver blærinn er á þeirri áætlun, og það kemur greinilega fram við lokaafgreiðslu fjárl.

Ég álít, að sá þáttur í ræðu hv. 11. landsk., sem laut að því að sýna fram á, að það hefði verið heldur slælega unnið í fjvn., sé óþarfur, því að ég er ekki viss um, hve réttlátur sá dómur er. Ég skal annars ekkert fara út í það. En ef hv. þm. hefir þessa sannfæringu, þá vildi ég sízt mæla móti því, ef hann vildi koma fram með rök í því máli.

Ég tel rétt að segja frá því hér, að þegar við komum saman fjvnm. eftir sumarfríið, sem tekið var sérstaklega með tilliti til þess, að geta betur áttað sig á fjármálunum, — þegar við þá byrjuðum að vinna, höfðum við engan staf frá þessum starfsmanni stjórnarráðsins okkur til leiðbeiningar nema það, að það mætti búast við, að tekjur af tollum og sköttum yrðu á þriðju millj. lægri heldur en áætlað hefði verið. Ég ætla að segja það strax, að ég er ekki eins bölsýnn á þetta eins og hv. 11. landsk., en þetta var sú leiðarstjarna, sem við fengum frá þessum manni.

Við skrifuðum þá fjmrn. á þá leið, að ef ætti að byrja á svo stórfelldum niðurskurði eins og gert væri ráð fyrir, þá álítum við tilgangslaust að byrja á því, ef stj. stæði ekki á bak við og gæfi aðalstefnuna og sýndi viðleitni í þessu máli. Þetta bréf sendum við síðustu dagana í okt. Svo leið, ef ég man rétt, fram til 17. nóv., þangað til við höfðum fengið þetta svar frá þessum starfsmanni stjórnarráðsins, sem hafði að þessu unnið, þannig að ég verð að játa, að við vonuðumst til þess, að hann kæmi betur til móts við okkur í þessu efni, en verkið hefir reynzt honum erfitt, og þá vildi ég biðja hann að reikna okkur frá syndareikningnum tímann til 17. nóv., þegar við loksins fengum svar hans.

Mér fannst það óheppilegt í ræðu hv. 11. landsk., þegar hann sagðist vera hissa á því, að umr. um þessa litlu till., sem hann er flm. að, skyldu verða svo miklar. En það er þessi litla till., sem liggur fyrir frá þessum starfsmanni fjmrn., sem er þm. líka, sem er önnur bendingin til þingsins í viðbót við það bréf, þar sem hann segir, að búast megi við á þriðju millj. kr. halla á fjárl.

Þegar þessi hv. þm. ber þetta saman, þá þarf hann ekki að vera hissa á þessum umr., sem fram hafa farið um hans till. Hv. þm. sagði, að þessi breyt., sem hann erfir frá fyrrv. fjmrh., væri stór nýbreytni. En í sjálfu sér gerði hann ekki ráð fyrir þeim erfiða möguleika, að dregið yrði stórkostlega úr verzluninni við útlönd. Þá verð ég að segja það, að hann sem þm. og við þm. og hæstv. ríkisstj. verðum áreiðanlega að taka upp ýmiskonar nýbreytni, ef vantar á þriðju millj. kr., miðað við það, sem verið hefir, á tekjur ríkissjóðs, sem fæst með tollum og sköttum, og það miklu meiri nýbreytni heldur en lækkunin, sem er á þessum eina lið, sem er að vísu nokkur, en ekki neitt í samræmi við þessa skoðun hv. þm. um tekjuhrun ríkissjóðs. Ég álít það þess vegna ekkert einkennilegt, þótt nokkur tími hafi gengið í að svara hv. þm. út af till. hans og ræðu.

Þá álít ég nauðsynlegt að athuga, hve mikið við eigum að leggja upp úr réttinum til þess að vera refirnir, sem grenjaskytturnar hér í hliðarherbergjum Alþingis sitja um. Ég legg ekki mikið upp úr þessum rétti, eða að verða fyrir þeim heiðri. Það er kannske af því, að ég hefi fengið töluvert af honum eins og aðrir þm.

Ef einhver af þessum sexmenningum, sem flytja till., kæmi fyrir 3. umr. með till. um þá breyt., að í staðinn fyrir menntamálaráð kæmi fimm manna n., sem kosin væri af þingi, en ekki væri skipuð þm., þá vildi ég það af eigingjörnum ástæðum, því þá gæti ég komizt hjá því að skipta mér af þessu vandasama starfi og þar af leiðandi losnað við grenjaskytturnar. Þá væri líka komið til móts við þá þm., sem halda, að það sé tiltakanlega óheppilegt, að menntamálaráð úthluti þessum styrkjum. Og það er enginn ávinningur fyrir menntamálaráð að fá þennan óvinsæla vanda. En af því að ég álít, að við getum ekki leitt alveg hjá okkur að tala ofurlítið um andlega hluti, þá ætla ég að víkja að ræðu hv. 11. landsk. Ekki um fjármálaskoðanir, ekki um stefnu stj. og samvinnu fjvn., því þar er ég honum sammála. En hann hélt því fram sem staðreynd, að mistök hefðu þar átt sér stað fyrir þinginu, þegar teknir voru út úr fjárl. vissir liðir, eins og sá liður, að fela vegamálastjóra að úthluta nokkrum styrk til gamalla verkstjóra — og ég veit, að ég ætla að róa í hann um einn slíkan styrk til eins gamals verkstjóra, sem ég þekki. Ég býst við, að fleiri þm. geri hið sama. — Ég hygg, að fræðslumálastjóri, hver sem hann er, hafi einnig með höndum nokkra fjárhæð til þess að veita til gamalla kennara. Þessi fjárhæð er að vísu ekki stór, en þingið fól þessum mönnum þessa úthlutun vegna þess, að margir verkstjórar og kennarar voru komnir í grenjaskyttuaðstöðuna. Ég man ekki eftir, að síðan hafi nokkur þessara manna fengið slíkan styrk beint frá Alþ., heldur hafi þeim verið vísað til vegamálastjóra og fræðslumálastjóra.

Þá er það viðkomandi stúdentastyrknum. Ég held, að ef hv. 11. landsk. ber saman fjárl. eins og þau voru og eins og þau eru nú, þegar stúdentarnir voru í grenjaskyttuaðstöðunni, þá muni hann sjá, að munurinn er mikill. Það hafa að vísu ein eða tvær grenjaskyttur komizt inn á fjárl., en það er alveg hverfandi miðað við það, sem var áður.

En menntamálaráð hefir verið í hinum mestu vandræðum, því að fjárstyrkurinn til stúdenta var svo lítill, að hv. 1. þm. Skagf., sem þekkir vel ástæður stúdenta, hefir haft mikla löngun til að fá hærri fjárveitingu til þeirra heldur en fengizt hefir, af því að hann finnur sárt til þess, hve lítið er hægt að gera í þessu efni. En

aðalatriðið hefir náðst, eins og hver maður sér með samanburði fjárl.

Þá ætla ég að leyfa mér að halda áfram í andstöðu, ef það er skoðun hæstv. fjmrh., að lífið stöðvist á þennan hátt. Það verður ekki stöðvað. Nú er t. d. búið að veita styrkinn til skálda og listamanna. Þá má segja, að á næsta ári falli niður styrkurinn til Einars Kvarans — ég tek þetta sem dæmi —, en hvaða n., sem með þessi máli færi, myndi setja inn í staðinn Gunnar Gunnarsson með einn slíkan styrk, þannig að það kemur maður í manns stað.

Þá vil ég benda á annað, sem er sorglegt og óheppilegt við grenjaskyttuaðferðina. Ég ætla ekki að segja neitt um það, hver sé mesti listamaðurinn hér á landi, en Jóhannes Kjarval er með þeim mestu listamönnum, sem uppi eru og nokkurn tíma hafa verið á Íslandi. Og hvernig hefir verið forsjón þessara 49 manna, sem á þingi hafa setið, gagnvart þessum listamanni? Þannig, að þessi maður, sem stendur svona ákaflega framarlega í okkar listamennsku, hefir ekki fengið einn eyri veittan í fjárl. Einu sinni gerðum við það í menntamálaráði með samvizkunnar mótmælum að veita honum 500 kr. Við skömmuðumst okkar fyrir að bjóða honum samskonar viðurkenningu og við réttum að algerðum byrjendum. En svona er lífið, að þessi maður, sem áreiðanlega verður talinn meðal allra fremstu, einkennilegustu og merkilegustu manna, sem Ísland hefir átt, er eins og nú er ekki auðmaður. Það er mála sannast, að stundum hefir rafmagnið verið tekið af honum, af því að hann hefir ekki haft efni á að borga það. En við fjörutíu og níu höfum ekki munað eftir þessum manni, — og enginn af þeim sexmenningunum hefir munað eftir honum. Jafnvel það illa kynnta menntamálaráð hefir reynt af lítilli getu að borga vissa hluti, sem komu þessum manni vel, eins og húsaleigu, sem aðrir, sem höfðu miklu betur vit á þessu en við, hafa gleymt. Ég legg hér Kjarval fram fyrir þessa samkomu sem sönnunargagn fyrir því, að þessir hlutir munu ekki standast dóm sögunnar ákaflega vel.

Í grg. fyrir þessum stuttu till. okkar höfum við tekið eitt fram, þessi mjög svo leiðinlega og þunglamalega n., sem ekki á upp á pallborðið hjá hv. þm., þar sem hún stendur að niðurskurði einum enn sem komið er, að það er ekki óeðlilegt, að við tökum þessa leið, að láta einhverja n. veita styrkinn til listamanna, og þá fylgi því sú heimild, að taka listaverk upp í styrkinn. Þessir menn mundu fegnir vilja taka þennan kost. Þeir hafa fjölda af listaverkum. T. d. hefir Ásmundur Sveinsson sérstaka kunnáttu í að skreyta hús og hefir skreytt stórt hús í bænum, Austurbæjarskólann, með myndum og auk þess prýtt rafstöð Reykjavíkur við Sogsfossa. Þessi maður fær nú dálitla upphæð, áreiðanlega ekki of mikla til þess að halda honum við í sínu steinhúsi. Honum er mesta gleði að gera þó að ekki sé nema 3—4 andlitsmyndir af merkum mönnum okkar samtíðar, og vildi það heldur en að honum væri réttur styrkur fyrir ekkert. Ég vil segja hæstv. fjmrh. og hans ágætu skoðunarbræðrum, að ég vil leyfa mér að leggja fram þessa uppástungu, hvað snertir framsýni og ráðdeild á móti því, sem þeir geta lagt fram, sérstaklega viðkomandi allri umhyggju fyrir, hvernig við söfnum okkar listaverkum. Þessu fyrirkomulagi má eins koma við, þó að sú leið verði farin, að kosin sé 5 manna n. af Alþingi eingöngu í því skyni að fjalla um þessi mál, en ég vil láta það vera arf frá okkar menntamálaráði að muna eftir Kjarval. Hann má fá styrk, þó að hann hafi gleymzt hingað til.

*__Ísleifur Högnason:__ Hér eru ýmsir liðir, sem ég vil hreyfa, sérstaklega einn, sem ég vil leyfa mér að spyrja hv. frsm. um. Það er landhelgisgæzlan. Undanfarna daga hafa komið áskoranir frá Vestmannaeyjum um, að hún yrði ekki minnkuð frá því, sem nú er. Hér er gert ráð fyrir, að þessi liður verði aðeins 400 þús. kr. Því var jafnframt lýst yfir af hv. frsm., að þessi liður hefði orðið 800 þús. kr. á árinu, sem er að líða. Ég vil fá grg. fyrir því, á hvern hátt hv. fjvn. hugsar sér, að þessum 400 þús. kr. verði varið.

Annars verð ég að segja um þessi fjárl., þar sem þegar er orðin 25—30% gengislækkun, að ef tilsvarandi útgjaldaliðir eru ekki allir hækkaðir sem þessu nemur, þá er enginn vafi, að fjárl. verða mjög fjarri því, sem útkoman mun sýna. Ef tollskráin verður samþ. í því formi, sem hún hefir nú, þá verða óbeinir skattar miklu hærri en gert er ráð fyrir í fjárlfrv. Nú hafa komið erindi til þingsins, sem sýna, að ýmsar tollvörur hafa hækkað um allt að 75%. Ég veit ekki, hvort þetta er meðaltal, en ef á að ganga frá fjárl. eins og útlit er fyrir að gert verði, þá er enginn vafi, að þau komast ekkert nálægt því að sýna mynd af reikningunum, þegar þeir liggja fyrir. Ég vil taka þetta fram strax, vegna þess að það hlýtur að vera, að n. hafi komið auga á þetta, og það er víst, að ef útgjaldaliðum fjárl. verður ekki stórkostlega breytt, þá verða fjárl. mjög fjarri lagi.

Ég sé, að 25. liðurinn er tekinn aftur til 3. umr. Er þar lagt til að minnka stórlega framlag til verkfærakaupasjóðs, eða úr 60000 niður í 25000 kr. Það er ekkert vit í að lækka þennan lið. Ég álít, að þyrfti að hækka hann, en ekki lækka. Ef nokkur alvara er á bak við allt það, sem sagt er um, að jarðrækt beri að auka að miklum mun, þá er ómögulegt, að það geti samrýmzt því að lækka styrkinn til verkfærakaupa og afnema styrkinn til áburðarkaupa. Í raun og veru á að hækka þessa styrki að miklum mun, ef fyrirsjáanlegt er, að innflutningur minnki mikið eða stöðvist með öllu. Nú er ekki útlit fyrir það, og þá er enginn vafi, að tolltekjur ríkissjóðs aukast geysimikið.

Ég ætla að láta þessar aths. nægja. Ég vona, að hv. frsm. svari því, hvernig hann hefir hugsað sér, að þessum 400 þús. kr. til landhelgisgæzlu verði varið, og hvort eigi að byggja á því, að erlend fiskiskip stundi lítið veiðar við strendur landsins á næsta ári, þó að eitthvað hafi dregið úr því nú í haust.

*__Fjmrh. (Jakob Möller):__ Það tekur því varla að lengja mikið umr. um þetta. Ég vil samt vekja athygli á, að það var misskilningur, sem gerði vart við sig bæði hjá hv. frsm. og eins

hv. formanni fjvn. viðvíkjandi því, að nú væri um það deilt í sambandi við þessa till. á þskj. 409, hvort útgjöld fjárl. ættu að vera hærri eða lægri. Það er ekki það, sem um er að ræða. Að vísu er lagt til, að allir þeir menn, sem eru á þessum lið 18. gr., verði þar áfram, en eftir því sem ég skil þessa till., þá er það aðeins grundvallarreglan, sem till. er stíluð til. Grundvallarreglan er sú, að ef menn vilja spara á þessum lið, þá ákveði þingið það, og ef þessi till. er samþ., þá er hægt að koma fram slíkum sparnaði við 3. umr. Það er því misskilningur hjá hv. frsm. og formanni fjvn., að með þessari till. sé verið að leggja stein í götu þess, að hægt sé að koma sparnaði við á fjárl.

Það er einnig misskilningur, sem kom sérstaklega fram hjá hv. formanni, að ég hafi haldið fram, að þessi nýbreytni við fjárl. mundi stöðva lífið. Það er þveröfugt. Ég sagði, að hún mundi ekki stöðva lífið, hún megnaði það ekki. Lífið mundi halda áfram, eins og hv. formaður sagði í fyrri ræðu sinni, og þingið mundi ekki losna við að taka afstöðu til slíkra styrkveitinga. Hv. frsm. sagði, að þetta hefði tekizt mjög vel með stúdentastyrkinn, en ég tók það dæmi einmitt sem sönnun þess, að ekki hefði tekizt að stöðva lífið þarna. Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að listi fjárl. yfir stúdenta, sem njóta styrks, liti öðruvísi út eftir að fyrirkomulaginu var breytt og styrknum úthlutað utan við fjárl., en við losnum samt sem áður ekki við þetta.

Viðvíkjandi því, sem hv. form. sagði um fyrirkomulag viðvíkjandi gömlum verkstjórum, þá geri ég ráð fyrir, að það geti eins haldið áfram. Ég hefi a. m. k. séð einn verkstjóra í fjárl., sem ekki hefir getað komizt að hjá vegamálastjóra, og eins getur orðið með fleiri. En aðalatriðið er þetta, að það, sem um er deilt í þessu sambandi, er ekki eyðsla eða sparnaður, heldur grundvallarreglan um, hvernig eigi að haga þessari fjárveitingu.

Frsm. (Bjarni Bjarnason): Ég vil fyrst svara hæstv. fjmrh. — Ég hefi ekki látið eitt orð falla um, hvað ég áliti um sparnað gagnvart 15. og 18. gr. En ég hefi lagt allmikið upp úr hinu og tel það aðalatriði málsins, að valin sé n. til að úthluta fé til listamanna, sem hefði vit á að dæma um það. Ég tel engan vafa á, að velja mætti þjóðarinnar hæfustu menn til þess að hafa það á hendi.

Viðvíkjandi því, að menn mundu koma eftir sem áður inn í fjárl., get ég bent á, að að því leyti sem snertir verkstjóra og kennara, þá hefir Alþingi fallizt á að mæla með einstökum mönnum, en þá hafa nöfnin verið send til hlutaðeigandi forstjóra og fjárhæðin aukin um þá upphæð, sem honum hefir verið ætluð. Hitt hefir engum dottið í hug, að slíkar fjárhæðir gætu ekki breytzt ár frá ári, en þá er þeim, sem úthlutunina eiga að annast, tilkynnt, hvaða maður eigi að bætast við og hvað mikið honum sé ætlað.

Hv. 1. þm. N.-M. vil ég svara því, að fjvn. hefir loforð, vitanlega munnlegt, frá forstjóra Eimskipafélags Íslands og einnig frá hæstv. atvmrh. um, að strandferðum skuli hagað, að svo miklu leyti sem frekast er auðið, af hendi Eimskipafélagsins, í samræmi við þörfina. Ennfremur er vitað, að nýja Esja er miklu færari til að annast strandferðir en sú gamla var. Þá má og bæta því við, að gengið er út frá, eins og ég gat um í framsöguræðu minni, að Súðin taki þátt í strandferðum eftir því, sem hægt er og þörf krefur. Hitt er rétt, að það getur rekizt á, ef taka þarf til strandferða skip, sem á að annast millilandasiglingar. Fyrirkomulagið verður þá þannig, að Esja verður höfð í strandferðunum og svo skip Eimskipafélagsins og Súðin, eftir því sem við verður komið. Ég get svo ekki gert hv. þm. nánari grein fyrir, hvort Eimskipafélagið heldur þetta loforð eða hæstv. atvmrh. stendur við það eftir því sem hann getur. Ég hefi hér engar skjallegar sannanir fyrir því; það þótti ekki sanngjarnt að heimta þær, enda ekki verið gert, en ég tel víst, að þessir aðilar standi við loforð sín, eftir því sem frekast er unnt.

Þá vil ég að lokum svara hv. 4. landsk. og endurtaka það, sem ég hefi sagt áður, að í okkar grg. er tekið fram, hvernig ætlazt er til, að landhelgisgæzlan verði, sem sé að Ægir og Óðinn annist björgunarstarf og gæzlu að vetrarlagi og annað skipið verði við Suðurland, sérstaklega við Vestmannaeyjar. Og þó að ekki séu ætlaðar nema 400000 kr. til þessarar starfsemi eftir till. n., þá kemur þó þar til viðbótar eitthvað af sektarfé í landhelgisjóð eins og vant er, þó að það sé óvíst upphæð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 9. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 408 tekin aftur til 3. umr.
— 390,1 tekin aftur til 3. umr.
2. gr. samþ. með 32:3 atkv.
Brtt. 390,2 samþ. með 27:2 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 32:2 atkv.
4.—6. gr. samþ. með 35:1 atkv.
Brtt. 390,3—5 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 38:2 atkv.
Brtt. 390,6 samþ. með 35:4 atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 31:2 atkv.
Brtt. 390,7 tekin aftur til 3. umr.
— 390,8 samþ. með 38 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 390,9 samþ. með 38:3 atkv.
— 390,10—15 samþ. með 39:3 atkv.
— 390,16 samþ. með 41:1 atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 390,17 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 390,18 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 390,19 samþ. með 32:4 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 33:2 atkv.
Brtt. 390,20 samþ. með 36:3 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
Brtt. 390,21 samþ. með 40:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, EmJ, ErlÞ, EystJ[1]), FJ, GÞ, GSv, HelgJ,

1) **Viðskmrh.:** Með tilliti til þess, að komið hefir fram, að Eimskipafélagið hefir hugsað sér

HermJ, IngP, JakM, JÍv[2]), JPálm, JJ, JörB, MG[3]), MJ, ÓTh, PHerm, PZ[4]), PHann, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna.

nei: EOl, HV, ÍslH, SÁÓ[5]), BJ, BrB.

3 þm. (GG, JJós, HG) fjarstaddir.

Brtt. 390,22 samþ. með 40 shlj. atkv.

— 390,23 samþ. með 38:2 atkv.

— 390,24 samþ. með 38:6 atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 38:1 atkv.

14. gr. samþ. með 41 shlj. atkv.

Brtt. 409 felld með 23:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, ErlÞ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, HV, ÍslH, JakM, MG, PZ, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, StgrSt, VJ, ÁJ, ÁÁ, BSn, BrB.

nei: EE, EmJ, EystJ, HermJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MJ, ÓTh, PHerm, SkG, StSt, TT, ÞBr, ÞÞ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, PO.

PHann, SvbH greiddu ekki atkv.

3 þm. (GG, JJós, HG) fjarstaddir.

15. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 390,25—26 teknar aftur til 3. umr.

— 390,27 samþ. með 23:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GÞ, HelgJ, HV, JakM, JPálm, JJ, MG, MJ, ÓTh, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, TT, ÞÞ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BjB, BSn, EmJ, PO.

nei: ErlÞ, FJ, GSv, IngP, ÍslH, JÍv, JörB, PHerm, PZ, PHann, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞBr, BJ, BÁ, BrB, EOl, EE.

HermJ, SkG, EÁrna greiddu ekki atkv.

3 þm. (GG, JJós, HG) fjarstaddir.

Brtt. 390,28 samþ. með 33:6 atkv.

— 390,29 samþ. með 37:1 atkv.

— 390,30 tekin aftur til 3. umr.

— 390,31—32 teknar aftur til 3. umr.

— 390,33 samþ. með 29:3 atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.

17. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Brtt. 390,34 samþ. með 39:1 atkv.

— 390,35 samþ. með 25:6 atkv.

— 390,36 samþ. með 29:1 atkv.

18. gr., svo breytt, samþ. með 26:4 atkv.

19.—20. gr. samþ. með 35 shlj. atkv.

21. gr., með þeim tölubreyt., sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar gr. frv., samþ. með 37:1 atkv.

Brtt. 390,37 samþ. með 31:2 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.

23.—24. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38:3 atkv.

Á 22. fundi í Sþ., 28. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 418, n. 584 og 613, 587, 619).

að halda uppi ferðum þetta ár, eins og hingað til, og með tilliti til þess, að einnig hefir komið fram, að ef sérstök vandræði verða með póstflutninga, verði Súðin einnig tekin í póstflutninga, þá segi ég já.

2) **JÍv:** Í trausti þess, að strandferðirnar verði ekki lakari en þær hafa verið hingað til, segi ég já.

3) **MG:** Með sama fyrirvara og hv. þm. A.-Sk. segi ég já.

4) **PZ:** Þar sem ég verð að líta svo á, eftir yfirlýsingu frsm. fjvn. við umr. í gær, að hæstv. atvmrh. hafi í sambandi við stjórn Eimskipafélags Íslands skuldbindið sig til að sjá um, að Eimskipafélag Íslands haldi uppi strandferðum hér við land eins og á undanförnum árum, og að ef svo verður ekki, eða ef þörf verður meiri strandferða, þá verði þrátt fyrir það, hvað þessi fjárveiting er lág, Súðin látin annast strandferðir ásamt Esju, enda þótt liðurinn þá fari fram úr áætlun, þá segi ég já.

5) **SÁÓ:** Þar sem ég þykist þess fullviss, að ef halda á uppi strandferðum og flutningum svo að fullnægjandi sé fyrir landsmenn, þá sé fjárveiting þessi of lág, segi ég nei.

Atvmrh.: Út af fyrirvara hv. 1. þm. N.-M. í sambandi við þessa atkvgr., þar sem hann vísaði til þess, að ég hefði gefið yfirlýsingu um, að Eimskipafélag Íslands hefði skuldbundið sig til að halda uppi samskonar strandferðum og undanfarið, þá vil ég taka það fram, að atvmrn. barst bréf frá Eimskipafélaginu, þar sem það bauðst til að halda uppi, eftir því sem aðstæður leyfðu, samskonar strandferðum og undanfarið fyrir þennan styrk.

Forseti (PO): Áður en gengið er til dagskrár vil ég taka fram, að formenn allra þingfl. hafa tjáð forseta, að þeir óski ekki eftir, að eldhúsumr. verði útvarpað að þessu sinni, þar sem tilætlunin er að ljúka þingstörfum fyrir áramót og því óhjákvæmilegt að nota hverja stund til afgreiðslu þingmála. Samkv. þingsköpum er eigi skylt að útvarpa eldhúsumr., en hinsvegar hefir myndazt um það föst venja. Mun ég því ekki breyta frá þessari venju, nema mikill meiri hl. þm. sé því samþykkur.

Einar Olgeirsson: Herra forseti! Út af þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. forseti hefir lesið upp, og þeirri breyt., sem á að gera nú frá þeirri venju að útvarpa eldhúsumr., vil ég leyfa mér fyrir hönd Sósíalistafl. að lesa upp mótmæli gegn þessari aðferð stjórnarfl., að leyfa ekki slíkar útvarpsumr.:

„Við undirritaðir alþingism. mótmælum þeirri fyrirætlun stjórnarflokkanna á Alþingi að hindra, að útvarpað verði umræðum um ríkisstj. og starf hennar („eldhúsumræðum"). Við lýsum þetta brot á þingsköpum og þar með landslögum, framið í því skyni að hindra gagnrýni á störf og stefnu ríkisstj. og svipta þar með landsmenn löglegum og heföbundnum rétti. Við álítum þetta lagabrot vera enn eitt skref ríkisstj. í áttina til þess að brjóta niður þingræði og lýðræði í landinu og skorum á stjórnarflokkana að mæta oss til að ræða stjórnarstefnu þeirra og gerðir í útvarpinu.

Alþingi, 28. des. 1939.

Brynjólfur Bjarnason. Ísleifur Högnason. Einar Olgeirsson."

Þessa yfirlýsingu vil ég leyfa mér að afhenda hæstv. forseta um leið og ég tek nokkuð nánar

til máls gagnvart þessari yfirlýsingu frá formönnum þingfl. Ég vil þá fyrst og fremst vitna í 51. og 53. gr. þingskapa Alþ. Í 51. gr. eru fyrirmæli um, hverju skylt sé að útvarpa. Þar segir: „Útvarpa skal þingsetningu og þinglausnum. Þá skal og útvarpa framsöguræðu fjmrh. um frv. til fjárl. og, ef óskað er, hálfrar stundar ræðum af hálfu annara þingfl., enda hefir fjmrh. þá og rétt til stundarfjórðungs svarræðu.“ Þá segir í 53. gr.: „Við framhald 1. umr. fjárl. mega ræður í fyrstu umferð vara eina stund, en síðan hálfa stund þrjár umferðir, og enn aðrar þrjár stundarfjórðung. Skal þá útvarpi umr. um fjárl. að fullu lokið. Sama regla gildir um útvarp umr. um vantraust.

Það er umferð, þegar fulltrúar allra þingfl. hafa tekið til máls og þeir þm. utan flokka, sem þátt taka í umr.“

Það hefir verið lagður sá skilningur í þessi l. um útvarpsumr. og einnig almennur vilji fyrir því, að þær skuli fara fram við aðalumr. fjárl. Þarna er farið á bak við þingsköp, sem eru l., og ef ætti að fara að snúa út úr þeim á þennan hátt, sem þessir formenn þingfl. gera með þessi l., þá býst ég við, að snúa mætti út úr öllum l., sem sett hafa verið hér á landi. Því þegar l. eru sett, þá er fyrst og fremst gengið út frá anda l., sem þau eru sett í, og því næst bókstafnum. Ég álít, að þetta sé það skýrt, að þetta sé ekki mögulegt nema með því að brjóta bókstaf laganna. Enda viðurkenndist það í því skjali, sem hæstv. forseti las upp frá formönnum þingfl., að það hefði verið síður, og það meira að segja dýrmætur siður, að útvarpa eldhúsumr.

Í sambandi við það, að nú er ákveðið að fella niður útvarp við þessar eldhúsumr. og með því að brjóta þingsköp og !., þá er rétt að athuga, hvaða ástæður hafa verið til þess að beita slíkum aðferðum nú. Það, sem verið er að gera með því, að fella niður útvarpsumr., er það, að verið er að hindra það, að Sósialistafl. gagnrýni gerðir og stefnu stj., og fara inn á þá braut, sem alltaf hefir verið fordæmd hér á landi, að kæfa niður þær raddir landsmanna, sem fram kunna að koma á hverjum tíma. Ég veit, að það búa allt aðrar ástæður á bak við þessa yfirlýsingu stjfl. heldur en þeir koma fram með. Þeir vilja ekki, að Sósialistafl. gefist tækifæri í útvarpi til þess að benda landsmönnum á, hvernig vinnubrögðin hafa verið hér á hæstv. Alþ. og hvaða einræðisvald lýsir sér í þeim. Þeir hafa hvað eftir annað reynt að stimpla okkur þm. Sósialistafl. sem landráðamenn. Nú vil ég segja, að svo framarlega sem hugur fylgir máli, þá ættu þeir að mæta okkur í útvarpinu — þeim ætti líklega að vera það óhætt, þar sem þeir myndu hafa 4—5 sinnum lengri ræðutíma en við — og sýna fram á, að þau mál, sem afgr. hafa verið hér á Alþ., hafi verið leyst á þann hátt, sem þeir hafa lofað sínum kjósendum. En ef þeir sinna ekki þessum áskorunum um að mæta okkur í útvarpinu, sannar það bezt, að núv. ríkisstj. óttast gagnrýni og vill hindra hana með hvaða ráðum sem er, enda þótt hún verði að grípa til að brjóta l. og þingsköp og brjóta anda þingræðisins og alla þá venju, sem hér hefir tíðkazt. Hæstv. ríkisstj. óttast í þessu sambandi að koma fram fyrir þjóðina og ræða þessi mál, af því að hún veit, að meiri hl. þjóðarinnar er andstæður þessari leið. Ég skal t. d. minnast á Rauðkumálið; það var í því máli, sem einn ráðh. tók sér það vald, að neita bæjarstj. Siglufjarðar um að reisa síldarverksmiðju, enda þótt þessi bær gæti fengið nóg fé og lán án ríkisábyrgðar. Hæstv. ríkisstj. gerði sig þarna seka um að hindra það, að atvinna í landinu ykist. Þegar atvinnuleysið kreppir að í landinu, hindrar ríkisstj. það, að atvinna landsmanna og framleiðsla aukist og útflutningsmöguleikar landsmanna aukist. Þessi framkoma stj. hefir mætt mikilli mótspyrnu meðal fjölda manna, sem annars fylgja ríkisstj. Þess eru fá dæmi, að slík mótspyrna hafi komið fram. Öll bæjarstj. Siglufjarðar, að undanteknum einum fulltrúanum, mótmælti gerðum ríkisstj. í þessu máli.

Sama máli gildir um kaupgjaldsmálin og afstöðu ríkisstj. til þeirra mála. Sama máli gildir og um verkamannabústaðamálið, sem þm, hafa lýst afstöðu sinni móti, og mörg önnur mál, sem við hefðum, svo framarlega sem útvarpsumr. hefðu farið fram, tekið sérstaklega fyrir og sýnt, hvernig hæstv. ríkisstj. hefir komið fram í þeim málum. Þá er það önnur ástæða, sem veldur því, hve ríkisstj. óttast svo mjög þá gagnrýni, sem myndi koma fram, ef útvarpsumr. yrðu leyfðar, vegna þess að margir af stuðningsmönnum stj., meira að segja þm. þeirra, eru mjög andvígir þeim aðferðum, sem ríkisstj. hefir beitt. Hæstv. ríkisstj. er ekki aðeins að hindra gagnrýni Sósialistafl. gagnvart þessum málum, heldur líka gagnrýni úr stjórnarherbúðunum sjálfum, sem mundi verða á hendur ríkisstj., sem misbeitir sínu valdi eins og henni þóknast. Ég veit, að í staðinn fyrir að mega ræða þessi mál opinberlega, svo sem Rauðkumálin og kaupgjaldsmálin, þá mun eiga að semja um þau á bak við tjöldin og útkljá þau þar. Sérstaklega óttast ríkisstj. þetta vegna þess endurhljóms, sem myndi koma um þetta meðal kjósendanna.

Ég vil mótmæla því, sem hæstv. ríkisstj. hefir komið fram með og formenn stjfl. hafa lýst hér yfir í því skjali, sem hæstv. forseti las upp. Ég álít það misbeitingu valds til þess að kæfa niður gagnrýni á hendur stj.

Ég endurtek áskorun okkar Sósialistaflþm. til stjfl., að mæta okkur, þó það væri í ríkisútvarpinu utan Alþ., eins og síðast var gert, þegar borið var við, að tíminn væri of naumur, en sem engin yfirlýsing er um nú, eða þá að öðrum kosti á fundi hér í Reykjavík, til þess að ræða gerðir og stefnu stj. eins og hingað til hefir tíðkazt á Alþ.

Forseti (PO): Ég vil út af því, sem fram hefir komið hér, aðeins benda á það, að í þingsköpum heyra ekki útvarpsumr. um eldhús undir þann málaflokk, sem skylt er að útvarpa. Hinsvegar hefir orðið venja að útvarpa þessum umr. Vil ég þess vegna biðja þá hv. þm., sem samþ., að útvarpsumr. um eldhús falli niður að þessu sinni, að rétta upp hönd.

ATKVGR.

Samþ. var með 31:3 atkv., að eldhúsumr. færu fram í þinginu án útvarps, eftir að atkvgr. hefir

farið fram um einstakar gr. frv., áður en það er samþ. endanlega.

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Í nál. fjvn. er þess getið, að áætlun tekjubálksins hafi ekki verið gerð. Hinsvegar er gert ráð fyrir, að till. um tekjuliðina komi nú síðar fyrir þessa 3. umr. fjárlfrv., en ég vil biðja hv. þm. að afsaka, að þessar till. eru ennþá ókomnar. Vegna anna hafði fjvn. ekki lokið athugunum sínum á frv. fyrr en í dag. Till. hennar við tekjubálkinn eru nú í prentun, en þeim verður vonandi útbýtt hér síðar í kvöld. Ég mun því ekki víkja að tekjubálkinum nú að þessu sinni, heldur geyma það þangað til þeim till. fjvn. verður útbýtt. Ég vil þó aðeins geta þess, að á tekjubálkinum voru gerðar nokkrar lækkunartill., og ennfremur hækkunartill., og munu hækkunartill. hafa numið um 450 þús. kr. umfram lækkunartill. Ennfremur eru hækkanir á 3. gr., sem snerta ríkisstofnanir. Munu þær nema um 350 þús. kr., þannig, að hækkanir tekna umfram lækkanir verða samkv. till. n. um 800 þús. kr. Nánar mun ég víkja að þessu, eins og ég gat um, þegar till. þeim, sem nú eru í prentun, verður útbýtt.

Ég vil þá víkja að þeim brtt., sem fyrir liggja á þskj. 587. Skal ég hafa um þær svo stutt mál sem verða má. Fjöldamargar till. þurfa engrar skýringar við. Annarsvegar skýra þær sjálfar það, sem farið er fram á með þeim, og í öðru lagi liggur ljóst fyrir, að margar þeirra eru aðeins leiðréttingar, einkum þó þær, sem stafa af aukinni dýrtíð, t. d. þær till., sem snerta sjúkrahúsin, matvæli, lyf, sáraumbúðir, fatnað, kol o. þ. h. Mun ég því sleppa að mestu að ræða slíkar till., þar sem hv. þm. sjá, hvað meint er með þeim, án þess að þeim fylgi skýringar.

1. brtt. n. á þskj. 587 skýrði ég nokkuð við 2. umr. fjárlfrv. Þar er lagt til, að tillagið til fiskimálasjóðs verði fellt niður, og þrátt fyrir það, að n. missi þarna verulegan hluta af sínum starfsmöguleikum, þá hefir hún þó yfir nokkrum tekjum að ráða. En þar sem fram mun koma önnur brtt. við þennan lið frá fjvn., þá tekur hún aftur þessa 1. brtt. á þskj. 587.

Till. 2—6 þurfa ekki skýringar við.

7. till. er um 1000 kr. hækkun vegna námskeiða, sem landssíminn hefir haldið vegna loftskeytamanna.

8. og 9. till. þurfa ekki skýringar við.

10. till. er um að hækka greiðslu vaxta af erlendu láni úr 170 þús. kr. upp í 219 þús. Er það vegna gengisbreyt.

11. till. er um 20 þús. kr. framlag til nýrra símalína, nýr liður. Annars er ekki lagt til, að lagðar verði neinar nýjar símalínur á næsta ári, að undanteknum þessum tveimur. Það er Tjörneslína og línan Hemla—Álfhólar í Landeyjum í Rangárvallasýslu. Þessum báðum línum var lofað í fyrra, en vegna þess að þær komu ekki á yfirstandandi ár, taldi n. sjálfsagt að standa við það, sem þá hafði verið ætlazt til.

12. brtt. er um að hækka útsvar áfengisverzlunarinnar, að sjálfsögðu vegna þess, að tekjuhækkun hefir orðið á þeirri verzlun.

13. till. er hækkun vegna rekstrarkostnaðar, og í þessu tilfelli á eldsneyti.

14. till. er um nokkrar breyt., sem n. leggur til, að gerðar verði við ríkisútvarpið. Starfsmannalaun eru þar aðeins leiðrétt, eftir því sem nefndin fékk næst komizt. Um útvarpsefnið er það að segja, að þessi lækkun, sem felst í till. n., úr 83 þús. niður í 60 þús., er vegna þess, að hljómsveitarkostnaðurinn er tekinn þar út úr og settur sem sérstakur liður, að upphæð 15 þús. kr. N. er ljóst, að sú upphæð muni þó ekki nægja til að kosta hljómsveit útvarpsins, en n. hefir í huga, að sjóði, sem Guðjón Sigurðsson stofnaði og á sínum tíma var ætlaður til að styrkja hljóðfæraslátt og hljómleika, væri varið til hljómlistarstarfsemi útvarpsins, þó að hann væri vitanlega ekki bundinn við útvarpið, þegar hann var stofnaður, því að það var þá ekki til, en líkur eru til, að heimild sé til að nota þennan sjóð til að styrkja hljóðfæraslátt í útvarpinu, og fengist þá nægilegt fé í þessu skyni, fyrst þessi fjárveiting, sem hér ræðir um, og svo ef leyfilegt reyndist að nota músiksjóð Guðjóns Sigurðssonar.

C-liður, 2 felur í sér nokkurt nýmæli. Er þar lagt til, að veittar verði til málfegrunar 1000 kr., eftir fyrirmælum kennslumálastjórnarinnar. Það er skoðun margra manna, sem vit hafa á íslenzku máli, að því sé allveruleg hætta búin, vegna þess hversu margt er afbakað í málinu. Gera má ráð fyrir, þó að nokkuð sé erfitt að finna ráð gegn slíku, að ekki væri óliklegt, að verulegt gagn gæti orðið að því að flytja fagurt íslenzkt mál í útvarpið. Yrði vitanlega að vanda vel val á mönnum til þess starfs. Væri hægt að fá almenning til að hlusta á slík erindi, þá gæti þetta orðið a. m. k. að nokkru gagni.

D-g-liðir þessarar brtt. eru aðeins leiðréttingar og þurfa ekki skýringar við.

15. og 16. till. þurfa engrar skýringar við. Það eru leiðréttingar, sem þar er um að ræða.

17. brtt. er um að leggja niður raftækjaeinkasölu ríkisins. Um það mun vera samkomulag meðal flokkanna, og þarf því ekki að fjölyrða um þá brtt.

18. till., sem er við 10. gr., og einnig sú 19. eru báðar viðvíkjandi stjórnarráðinu. N. ber þessar brtt. fram vegna þess, að ráðuneytunum var fjölgað úr 3 upp í 5. Kostnaður við hvert ráðuneyti hefir verið áætlaður svo nærri lagi sem n. taldi sér kleift.

20. till. er um kostnað við ríkisféhirzlu og bókhald. Ég skal geta þess, að n. er ljóst, að upphæðin mun ekki vera alveg rétt, miðað við það fólkshald, sem er í þeirri stofnun, en ég tel sjálfsagt, að stjórnin ráði fram úr því með því að láta greiða þau laun, sem þarf til þess að inna af hendi þá vinnu, sem þarna er heimtuð.

21.—31. till. þurfa engrar skýringar við. Þær eru leiðréttingar um hækkun á kostnaði vegna verðhækkunar á pappír, eldsneyti o. fl.

32. till. er um að hækka kostnað við lögreglu í Reykjavík úr 50 þús. kr. upp í 80 þús. Er það eingöngu gert vegna l. um lögreglumenn. Má vel vera, að liðurinn sé ekki rétt áætlaður. Fer það eftir því, hvað mikið verður fjölgað í lögregluliðinu, en hinsvegar ekki hægt að segja um það með vissu.

33. og 34. till. eru báðar samkv. áætlunum, sem fjvn. hefir haft til athugunar.

35. till. er um framlag til byggingar fangahúsa. Er þetta kostnaður vegna byggingar fangahúss á Akureyri. Húsið er þegar byggt, og þetta er ríkissjóðstillag samkv. l. um byggingar fangahúsa.

36. og 37. till. eru báðar settar samkv. reynslu.

38.—40. till. þurfa ekki skýringar við.

41. till. er um ríkisskattanefnd. Í frv. eru áætlaðar 16 þús. kr. til ríkisskattanefndar. Fjvn. leggur til, að n. fái nú ákveðna borgun, 10 kr., fyrir hvern fund, sem hún heldur. Með því mundi sparast um 2 þús. kr. Þó skal ég játa, að um þetta er engin vissa.

42. till. er aðeins vegna verðhækkunar á pappír.

Um 43. till. vil ég segja það, að fjvn. þótti rétt að taka þarna upp 600 kr. launauppbót til landlæknis, ef sú skipun yrði á gerð, að það eftirlit með lyfjabúðum, sem hann hefir nú, yrði af honum tekið og falið öðrum manni, sem ekki væri óeðlilegt, þar sem sá maður er lyfjafræðingur og starfar við háskólann og hjá áfengisverzlun ríkisins. Það liggur ekki á starfssviði fjvn. að ákveða þetta og óvíst, hvort svo verður, en ef það yrði, þá eru rýrðar tekjur landlæknis til muna. N. vill aðeins mæta þessari tekjurýrnun með því að láta landlækni fá þessa persónulegu launauppbót, en ætlast vitanlega til, að hann fái hana því aðeins, að eftirlitið með lyfjabúðunum verði fengið öðrum í hendur.

45. till. þarf engrar skýringar við.

46. till. er um daggjöld sjúklinga. N. taldi ekki óeðlilegt, þar sem allur kostnaður við sjúkrahúsin stigur til mikilla muna, að daggjöld sjúklinga í landsspítalanum séu lítillega hækkuð, og ber því fram till. um, að þau hækki um eina krónu. Það er vitanlega ljóst, að sjúklingar eiga erfitt með að standast kostnað af sjúkrahúsvist, en það má einnig heita alveg ókleift fyrir ríkið að mæta öllum þeim vaxandi kostnaði, sem nú blasir við, án þess að hækka daggjöldin. Hinsvegar leggur n. til, að skurðstofugjaldið verði fellt niður. Er það gert á þeim grundvelli, að þar, sem sjúkrasamlög eru, hafa þau samið við sjúkrahús ríkisins, og þar af leiðandi fellur dálítið þyngra sjúkrahúsgjald á þá einstaklinga, sem lagðir eru inn á landsspítalann án þess að þeir séu í sjúkrasamlagi. Hinsvegar leggur n. til, að eftir standi 6 þús. kr., sem yrði þá vegna fæðingarstofugjalds, sem mun vera innifalið í þeim lið frv., sem kallaður er skurðstofugjald o. fl.

47.—51. till. þurfa engrar skýringar við. Eru þær gerðar samkv. áætlun frá skrifstofu ríkisspítalanna.

Um styrkinn, sem veita á til að reisa læknabústaði og sjúkraskýli, vil ég geta þess, að n. leggur til, að þessari fjárhæð verði skipt þannig:

Húsavík	1500 kr.
Bíldudalur	3000 —
Laugarás	500 —
Höfn í Hornafirði	2500 —
Dalvík	2500 —
Til ráðstöfunar fyrir heilbrigðisstj.	3000 —
Samtals	13000 kr.

Þá er hér lagt til í 52. till. að veita til Akureyrarspítala 15000 kr. Er það nýr liður. Fyrir 3 árum síðan var það álit heilbrigðisstj. ríkisins og lækna, er til þekktu, að Akureyrarspítali svaraði ekki kröfum tímans, bæði væri húsrými ónóg í skurðstofu og röntgenstofu, áhöld ófullnægjandi og húsið væri svo úr sér gengið og kalt, að ekki væri lengur við það unandi. Þess vegna var undirbúningur hafinn um byggingu á nýjum og fullkomnum spítala, en bæði vegna vanefna og eins vegna gjaldeyrisvandræða varð að ráði að nota fyrst um sinn gamla spítalann, en ljúka nú þegar við byggingu skurðstofu og röntgenstofu í þeirri nýju spítalabyggingu. Því verki er nú því nær lokið, og er allur kostnaður um 151 þús. kr. Leggur fjvn. nú til, að ríkið greiði 15 þús. kr. upp í þennan kostnað.

Þá liggja ekki fyrir fleiri brtt. við 12. gr.

Þá kem ég að 53. brtt., en það er fyrsta brtt. við 13. gr., og koma þar fyrst vegirnir. En með því að hv. þm. er vel kunnugt um þarfir landsmanna á vegum og bættum samgöngum, og hinsvegar nóg við upphæðirnar að gera til þess að bæta og auka vegakerfið, þá ætla ég ekki að eyða tíma í að rökstyðja þær upphæðir, sem varið er til einstakra vega, þar sem skýringin er í sjálfu sér augljós í sjálfum till. Ég skal þó geta þess, að þær till., sem fjvn. ber fram um vegamálin, eru að verulegu leyti í samráði við vegamálastjóra. Hann hefir starfað með n. að því að ákveða fjárhæðirnar til vega og gefið n. allar þær upplýsingar, sem hægt hefir verið að gefa í því sambandi. Ég vil vænta þess, að hv. þm. sé það ljóst, að n. hefir gert það, sem í hennar valdi stóð, til þess að hafa samræmi í fjárveitingum til vega og reyna að mæta óskum einstakra þm.

Tillagið til akfærra sýsluvega ætlast n. til, að verði eins og er í frv., 14 þús. kr.

Um till. 53, b-lið, til þjóðvega af benzínskatti, vil ég aðeins geta þess, að n. leggur til, að tillagið til malbikunar á Elliðaárvegi og tillagið til Hafnarfjarðarvegar falli niður, og er það gert með hliðsjón af því, að til þessara framkvæmda þarf allmikið af erlendu efni.

Um 3. lið, a—f, sem allt eru nýir liðir, skal ég spara tíma með því að vísa hv. þm. á framhaldsnál. fjvn. Sama má segja um 4., 5. og 6. lið, að um þá er skýrt tekið fram þar, hvaða ástæður eru fyrir hendi um það, að þessir vegir verði teknir á benzínfé.

Um 54. till., við 13. gr., vil ég aðeins segja, að ef hv. þm. athuga fjárl. fyrir yfirstandandi ár og fjárlfrv., þá er sundurgreint þar, til hverra þessi fjárupphæð á að fara, sem ætluð er til ferjuhalds, en n. telur, að það liti betur út, að liðurinn sé orðaður þannig, að fjárupphæðin sé tilskilin, en úthlutunin fari eftir till. vegamálastjóra. Þær ferjur, sem samþ. hafa verið til viðbótar við þær, sem eru í frv., eru þessar: Ferja á Hrútafirði milli Reykjatanga og Kjörseyrar, 200 kr. Ferja á Ísafjarðardjúpi milli Reykjaness og Arngerðareyrar, 200 kr. Ferja á Skjálfandafljóti hjá Stóruvöllum, 100 kr. Ferja á Skorradalsvatni, 200 kr. Þessar ferjur koma til viðbótar þeim, sem eru í fjárlfrv. Aðalupphæðin er því hækkuð í samræmi við þetta.

55. till. þarf ekki skýringa við. Þar er aðeins um hækkun að ræða úr 1300 kr. upp í 1500 kr. Vegamálastjóri hefir umsjón og ráð yfir þessari litlu fjárhæð, sem miðla á á milli gamalla vegaverkstjóra.

56. till. er um vöruflutninga í Skaftafellssýslu. N. ætlast til, að Skaftfellingur, sem annazt hefir þessa flutninga, hætti þeim, en vitamálastjóri hefir tekið að sér að sjá um þá flutninga, sem Skaftfellingur hefir haft, og er ætlunin að nota til þess vitabátinn Hermóð. Það hafa verið 400—500 smálestir, sem árlega hafa verið fluttar með Skaftfellingi, og hafa þær dreifzt á 7 ferðir. Ef þetta lánast, þá á að verða verulegur sparnaður að þessu, því Skaftfellingur hefir fengið 22 þús. kr., en vitamálastjóri ætlar að reyna að framkvæma þetta fyrir 10 þús. kr.

57. till. er um rekstrarkostnað vitanna. Hækkunin þar er vegna hækkunar á verði á gasi og kolum.

58. till. er um það, að í staðinn fyrir „6. fjárveiting af 11“ komi: 6. greiðsla af 12. Þetta er viðvíkjandi Sauðárkrókshöfn.

59. till. þarf engrar skýringar við. Ég vil þó geta þess, að þar sem talað er um, að ríkissjóði verði gefinn kostur á að taka dýpkunarskipið á leigu, ef þess verður óskað, þá mun það vera samkv. skilyrðum, sem sett voru þegar skipið var keypt.

60. till., a-liður, er viðvíkjandi Dalvík, 18 þús. kr., sem er greiðsla fyrir unnið verk. Ríkisstj. mun á sínum tíma hafa hjálpað þarna til með því að ábyrgjast víxillán fyrir þetta fyrirtæki, og þessi fjárhæð er í raun og veru greiðsla á þeim víxli.

60. till., b-liður, er viðvíkjandi Suðureyri. Þar er um að ræða verk, sem er ólokið og er jafnvel í nokkurri hættu. Þess vegna er þessi fjárhæð hér, og er sennilegt, að það verði lokið við verkið fyrir þessa upphæð. Eins og hv. þm. vita, þá er oft mjög hættulegt að láta verk standa hálfgerð, en með þessari upphæð ætti að vera hægt að tryggja það, að þetta verk sé ekki í neinni hættu.

61. till. er um bryggjugerð á Hvammstanga. Ég held, að ég verði að láta þess getið í sambandi við þessa till., að verkið er á engan hátt svo langt komið, að ekki þurfi þessa fjárveitingu, sem er í frv., en brtt. mun þó hafa verið gerð á sínum tíma í sambandi við þm. kjördæmisins, þó með því skilyrði, að ekki verði tekin upp fjárveiting til bryggjugerða og lendingarbóta annarstaðar. Annars býst ég við, að hann muni gera nánari grein fyrir þessu, og getur hann þá leiðrétt, ef ég fer ekki rétt með.

62. till. er smábreyt. við liðinn um bryggjugerð á Kópaskeri, og þarf hún ekki skýringar við.

63. till., a-liður, er um bryggjugerð í Keflavík. Mótorbátar í Keflavík hafa haft mjög slæma aðstöðu til uppskipunar. Það er upplýst, að það er alveg nauðsynlegt, að þarna verði bryggja gerð fyrir mótorbáta, til þess að greiða fyrir uppskipun úr þeim. Þarna ganga 50—60 bátar, sem verða nú að bíða hver eftir öðrum meðan verið er að skipa upp við mjög léleg uppskipunarskilyrði.

Um b-lið 63. till. er það að segja, að þessu verki mun vera lokið, og því er ekki að ræða um neitt erlent efni í því sambandi. — C-, d-, e-, f- og g-liðir þurfa ekki skýringa við. Þetta eru smálendingarbætur og bryggjugerðir. Eins og hv. þm. sjá, eru þetta smáar upphæðir, en það er þó talið af hlutaðeigandi þm. og vitamálastjóra, að þetta séu nauðsynlegar og gagnlegar upphæðir.

64. till., a—b, þarf ekki skýringa við. Þetta eru smálendingarbætur, sem ýmist er lokið við eða ófullgerðar. Þetta eru heldur smáar upphæðir, en munu geta komið að verulegu gagni.

Þá kem ég að c-lið 64. till., sem er um hafnargerð í Þorlákshöfn. Þetta verk er Sunnlendingum mikið kappsmál í sambandi við atvinnu og aukna framleiðslu. Síðan útgerð lagðist niður að mestu leyti í Þorlákshöfn, hafa þeir menn, sem annars fara í atvinnuleit, orðið að flýja úr héraðinu. Bátar hafa að vísu verið gerðir út frá Eyrarbakka og Stokkseyri, en þeir hafa ekki getað tekið fleiri menn en þá, sem þar eru fyrir. Þetta eru líka miklar brimverstöðvar, þó sjósókn hafi verið frá þeim um langan tíma. Ef hægt verður að endurreisa útgerð í Þorlákshöfn, þá skapast þar möguleikar fyrir þá menn af Suðurlandi, sem geta farið frá heimilum sínum, til þess að afla sér fjár þann tíma, sem minnst er að gera heima. Þeir geta þá farið til Þorlákshafnar í stað þess að fara til Vestmannaeyja, suður með sjó eða eitthvað annað. Það verður að telja, að ferðalög til hinna síðastnefndu verstöðva séu óheppileg fyrir þessa menn, því annarsvegar ýta þau undir, að menn flytji burt úr sveitinni, og hinsvegar hefir reynslan sýnt, að margir af þessum mönnum koma með næsta litlar tekjur eftir vertíðina. Þó vil ég fullyrða, að það sé ekki alltaf það lakasta í sambandi við þessi ferðalög.

Nú þegar hefir verið unnið allmikið að því að endurreisa Þorlákshöfn, og hefir Kaupfélag Árnesinga staðið fyrir þeirri endurreisn. Undanfarnar vertíðir hafa trillubátar róið þaðan, og hafa þeir getað sótt sjó þaðan miklu oftar en 16 tonna bátar og stærri frá Eyrarbakka og Stokkseyri. Það er vaxandi hugur í mönnum að gera út frá Þorlákshöfn, en leggja heldur niður útgerð frá Eyrarbakka og Stokkseyri. Nú þegar hefir verið komið þar upp góðum heimavistum fyrir allmargar skipshafnir. Lýsisbræðslu hefir einnig verið komið þar upp, og verið er að ljúka við beinamjölsverksmiðju þar. Það er einnig verið að leggja veg til Þorlákshafnar, svo samgöngur verða nokkuð góðar þangað. Í vetur verða gerðir út þaðan 9 bátar, þ. á m. bátar frá Eyrarbakka og Stokkseyri, því það er vitanlegt, að þaðan geta þeir róið miklu fleiri róðra en frá hinum verstöðvunum.

En það, sem er merkilegast við þetta, er, að bátarnir hafa í raun og veru verið þarna á undan tímanum. Þeir hafa komið þangað áður en þau skilyrði voru fyrir hendi, sem þurfa að vera. Það hafa að vísu verið gerðar lendingarbætur í Norðurvör og skjólgarður hefir verið byggður fyrir smærri báta, en eins og nú standa sakir, þá verða stóru bátarnir að sætta sig við, að skipað sé upp úr þeim með minni bátunum.

Það er ætlunin að byrja á skjólgarði í Suðurvörinni, og mun með þessari fjárveitingu og jafnmiklu annarstaðar að vera hægt að byggja fyrsta garðstubbinn, svo mótorbátar geti skipað upp fiski þar.

Ég vil þess vegna leggja áherzlu á, að þessi fjárveiting nái fram að ganga, og vona ég, að hægt verði að bíða eitthvað með frekari framkvæmdir, ef dýrtíðin fer vaxandi og erfitt verður að fá erlent efni.

Þá kem ég að 65. till., sem er viðvíkjandi flugmálum. Ég verð að játa, að sú upphæð, sem ætlazt er til, að varið verði til flugmála, er vitanlega miklu minni heldur en sú starfsemi á skilið, og í raun og veru minni en sú lágmarksupphæð, sem óskað var eftir. Það er ætlazt til, að Flugfélag Akureyrar fái 10 þús. kr. af þeirri fjárveitingu, sem ætluð er í þessu skyni, og er það eiginlega samkv. samningi við þetta félag.

Þá er b-liður 65. till., sem er til flugskýlis í Hornafirði. Ég vil aðeins segja það í þessu sambandi, að flugleiðin frá Rvík til Hornafjarðar er það löng og erfið, að það er mjög mikið fyrirhyggjuleysi, ef ekki er komið upp skýli á þeirri leið fyrir flugvél. Það mun af ýmsum ástæðum haganlegast, að byrjað sé á því að byggja flugskýli við Hornafjörð. Flugvöllur er þar sjálfgerður, og flugskýli, sem er 6×11, myndi nægja fyrir flugvél, sem tekur 2—3 farþega.

66. till. er fyrsta brtt. við 14. gr. Hún er um húsaleigustyrk til biskupsins. Hann hefir eins og ýmsir aðrir embættismenn léleg laun, og fjvn. telur, að honum sé nauðsyn að fá þennan styrk.

67. till. er um utanferðir presta, að styrkur til þeirra lækki úr 2400 kr. niður í 1500 kr., með það fyrir augum, að þessar utanferðir munu hætta á meðan það ástand er, sem nú ríkir. En einn prestur mun þó hafa farið utan og verið lofað nokkrum styrk. Þess vegna skilur n. eftir þessa upphæð.

Þá kem ég að 68. till., sem er um 30 þús. kr. til Akureyrarkirkju. Það hefir orðið samkomulag milli sóknarnefndarinnar á Akureyri og ríkisstj., að ríkið afhendi Akureyrarbæ kirkjuna og greiði söfnuðinum 30 þús. kr. Gamla kirkjan á Akureyri stóð á óhentugum stað og var orðin of lítil. Nú hefir söfnuðurinn lagt í að byggja nýja kirkju á ágætum stað í bænum, sem þegar er orðin fokheld. Þessi kirkjubygging er mikið áhugamál Akureyringa. En lögfræðingar, sem hafa athugað þetta mál, telja, að ríkissjóður komist ekki hjá að greiða þessa upphæð til Akureyrarkirkju. N. leggur því til, að þessi fjárveiting verði tekin upp í þessu skyni.

69. till. er um 2 þús. kr. til dr. Símonar Jóh. Ágústssonar, til að flytja fyrirlestra í uppeldisfræði og sálarfræði við háskólann. Hann hefir flutt fyrirlestra þar um þessi efni og mun gera það í framtíðinni. Þess vegna leggur n. til, að þessi fjárveiting verði tekin upp.

70. till. er um framlag til byggingar kennarabústaða, en eins og till. er orðuð á þskj., þá vísar hún til kennarabústaða á Hólum. Við þetta kemur leiðrétting, þegar brtt. fjvn. verður útbýtt síðar, en ég get gert grein fyrir till. nú. Þessir bústaðir eru þegar byggðir, en það eru bústaðir Guðmundar Jónssonar og Hauks Jörundssonar á Hvanneyri. Í fjárl. þessa árs er nokkur fjárveiting í þessu skyni, en hún er ekki fullnægjandi. Þessi fjárveiting er tekin upp vegna skulda, sem hvíla á þessum bústöðum.

71. till. er um barnaskólabyggingar utan kaupstaða, að fyrir 25000 komi 45000. Fyrir n. lágu upplýsingar um það, að þegar væri búið að byggja fyrir upphæð, sem næmi 60 þús. kr. og ríkissjóði bæri að greiða. En vegna þess, að ekki er útlit fyrir, að byggð verði ný skólahús á næsta ári, og jafnvel ekki á næstu árum, þá taldi n. auðveldara að skipta fjárveitingunni og taka þessa upphæð nú, en það, sem á vantar, síðar. Ég býst við, að það verði erfitt fyrir hlutaðeigendur að fá ekki þetta ríkistillag nú, en maður verður að vona, að þeir hafi einhver ráð með að fleyta sér þangað til styrkurinn kemur.

72. till. er smáhækkun, úr 2600 kr. í 3600 kr., til fyrrv. barnakennara. Fræðslumálastjóri úthlutar þessum styrk til barnakennara, sem eru orðnir svo gamlir, að þeir eru hættir störfum.

73. till. er um styrk til unglingafræðslu utan kaupstaða, 30000 kr., í stað 22000 kr. Þessi fræðslustarfsemi virðist gera mikið gagn og fer vaxandi. Styrk til þessarar fræðslu ber ríkissjóði að greiða eftir vissum reglum, og samkv. upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar má ekki áætla hann lægri en 30000 kr. fyrir næsta ár. Nefndin lagði til, að stjórnin greiddi 5000 kr. á þessu ári, sem safnazt hafði sem skuld, vegna þess að fjárveiting þessa árs nægði ekki til þess að mæta réttmætum kröfum.

74. till. er um 500 kr. hækkun til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur í Hveragerði í Árnessýslu. Hún hefir rekið einkaskóla af miklum dugnaði, og fer aðsókn til skólans vaxandi. Húsnæði er nú verið að auka, en þetta er skoðað sem rekstrarstyrkur.

75. till. er um styrk til sundlaugabygginga, og eru sumar þeirra fullgerðar, svo sem sundlaugin í Varmahlíð, Siglufirði og Akureyri, en nú mun vera hafin sundlaugabygging í Hafnarfirði og Ísafirði.

76. till. skýrir sig sjálf, en það er 3000 kr. hækkun á styrk til menningar- og fræðslusambands alþýðu, til bókaútgáfu.

77. till. — Styrkur til Axels Helgasonar til að gera upphleypt kort af Íslandi, 1200 kr. Þetta er í raun og veru merkismál. Þessi ungi maður hefir fórnað a. m. k. þrem síðastl. árum til þess að gera upphleypt kort af Íslandi. Munu flestir hv. þm. hafa séð vinnubrögð hans, og hafa auk þess margir aðrir merkismenn lokið á þau lofsorði. Þannig fylgja hér mjög lofsamleg ummæli frá Jakob Kristinssyni fræðslumálastjóra, Agnari Kofoed-Hansen flugmálaráðunaut og Steinþóri Sigurðssyni skólastjóra. Þá hefir foringi dönsku landmælingamannanna látið svo um mælt, að þetta væri fullkomnasta kort, er hann hefði séð. Í fjárl. voru veittar 2000 kr. í þessu skyni, en fjvn. er ekki örlátari en það, að hún hefir lækkað þessa upphæð um 800 kr.

Þá er 78. till., að orðið „lokagreiðsla“ falli niður. Till. snertir Stúdentagarðinn.

Brtt. 79 er um styrk til Þorsteins Konráðs-

sonar, 400 kr. Þorsteinn er hinn mesti fræðimaður, og er upphæð þessi nokkur hjálp til þess, að handrit hans komist í örugga geymslu.

80. till. þarf ekki skýringar við.

81. till., til lesstofu Sjómannafélags Reykjavíkur 1500 kr., í stað 1000, þarfnast ekki frekari skýringa.

82. till. er um hækkun á styrk til sýslubókasafna, að 4500 kr. komi í stað 3000 kr. Ég skal geta þess, að þegar fjárl. voru samin fyrir yfirstandandi ár, hafði sýslubókasafnið á Sauðárkróki fengið loforð fyrir 500 kr. fjárveitingu á þessu ári. Þetta hafði af vangá fallið niður, en n. vill standa við loforð sitt og ætlast til þess, að sýslubókasafnið á Sauðárkróki fái 500 kr. Hinsvegar er bókasafnið ekki þar með útilokað frá styrkveitingu á næsta ári, en það mál kemur n. ekki beinlínis við.

83. till. er um styrk til bókasafns í Flatey, 200 kr., en það er elzta bókasafn landsins, yfir 100 ára gamalt. Bókasafnið hafði fengið dálitla upphæð á 100 ára afmælinu, og mælir n. með því, að það fái nú 200 kr.

Í 84. till. er lagt til, að liðurinn um styrk til fornritaútgáfunnar orðist svo:

a. til útgáfu á Íslendingasögum 4000 kr.
b. til útgáfu á Heimskringlu 4000 kr.

Undanfarin ár hefir nokkur fjárhæð verið ætluð í fjárl. til útgáfu Íslendingasagna, og stendur sú upphæð enn, en Fornritafélagið sækir nú einnig um styrk næstu 6 ár til útgáfu Heimskringlu, í minningu um 700 ára dánarafmæli Snorra Sturlusonar. Í bréfi Fornritafélagsins segir svo m. a.: „Hinn 23. september 1941 eru 700 ár liðin frá vígi Snorra Sturlusonar, hins frægasta Íslendings, sem uppi hefir verið. Mun þessa dánarafmælis verða minnzt víðast hvar, þar sem íslenzk fræði eru kunn, en þó einkanlega á Norðurlöndum. Það er m. a. vitað, að Norðmenn ætla þá að gefa Íslandi standmynd Snorra, eftir frægasta myndhöggvara sinn, Gustav Vigeland.“ — Síðar í bréfi Fornritafélagsins segir svo: „Heimskringla hefir til þessa aldrei verið gefin út í heild hér á landi. Engin útgáfa er til af Heimskringlu með skýringum og rækilegum formála, líkt og þau bindi, sem út eru komin af íslenzkum fornritum.“

Ég vil bæta því við, að það er ekki vansalaust fyrir okkur að hafa aldrei gefið út Heimskringlu með skýringum og formála; það er og vitað, að Heimskringla er ekki fáanleg hér, og bætir útgáfa Fornritafélagsins úr hvorutveggja. Leggur nefndin eindregið til, að veittar verði 4000 kr. til útgáfunnar.

85. till., til dr. Jóns Helgasonar fyrrv. biskups, til að gefa út æfisögu Tómasar Sæmundssonar. Þetta er að vísu ekki venjulegt, en hér er um að ræða merkan fræðimann, þar sem dr. Jón Helgason er, og væri okkur fengur í að fá æfisögu Tómasar Sæmundssonar ritaða af honum. Leggur n. til, að veittar verði 1200 kr. í þessu skyni.

Þá er 86. till. n., til Ágústs Sigurðssonar, til þess að skipuleggja og stjórna námsflokkum víðsvegar um land, 1500 kr. — Ég geri ráð fyrir, að ef unnt væri að koma á starfsemi á þessum grundvelli, yrði slík fræðsla til ómetanlegs gagns. Þetta fyrirkomulag er lítt þekkt hér, en í öðrum löndum, sérstaklega í Svíþjóð, er það mikið útbreitt og talið koma að góðum notum. Kostir námsflokkafyrirkomulagsins eru fyrst og fremst:

1) Fólk, sem vinnur á daginn og getur því ekki sótt skóla, fær tækifæri til þess að stunda námsgreinar, er það hefir áhuga á.

2) Atvinnulitlum eða atvinnulausum unglingum gefst kostur á að nota tíma sinn til að læra, í stað þess að venjast á iðjuleysi og slæpingshátt.

3) Unglingar mynda með sér heilbrigðan félagsskap við holl viðfangsefni.

Þessa þrjá liði les ég úr bréfi Ágústs Sigurðssonar, og er í þeim falinn kjarni málsins í sjálfu sér. Vænti ég, að hv. þm. taki vel þessari nýju viðleitni til þess að hafa ofan af fyrir unglingum og létta þeim veginn til sjálfsnáms. Það er hugmyndin að koma á námsflokkum ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur víðsvegar úti um land, og veita til þess nauðsynlega aðstoð. Þetta er því aðeins mögulegt, að nokkur fjárveiting komi til, svo að Ágúst geti lagt önnur störf á hilluna. Fjvn. leggur til, að veittar verði 1500 kr. í þessu skyni. — Ennfremur leggur n. til, að Sigurði Skúlasyni verði veittar 1500 kr., — þessi liður er í fjárlfrv., — en að við nafn hans standi: til aðstoðar við kennslu námsflokka, eftir fyrirlagi fræðslumálastjóra.

88. till. er um styrk til hitaleiðslu í safnahús Einars Jónssonar. Reykjavíkurbær mun gefa rafmagn í húsið, en til þess að hægt sé að hagnýta sér það, þurfti að setja upp ofna til hitunar. Leggur n. til, að kostnaðurinn, 900 kr., verði greiddur.

89. till. er 1. brtt. við 16. gr. og snertir atvinnubótafé. Leggur n. til, að heiti liðsins breytist og orðist svo: Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar 500000 kr., þar af 100000 kr. til Suðurlandsbrautar til atvinnuaukningar fyrir Hafnfirðinga og Reykvíkinga. Leggur n. til, að ½ þeirrar upphæðar fari til verkamanna í Hafnarfirði, og gerir n. nánari grein fyrir þeirri till. í nál.

90. og 91. till. eru um lækkun á framlagi til verkfærakaupasjóðs og byggingar- og landnámssjóðs. Við 2. umr. fjárlfrv. gerði ég grein fyrir þessum till. n. og tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það nú.

92. till., til ræktunarsjóðs, vaxtagreiðsla af jarðræktarbréfum, 26500 kr. Búnaðarbankinn verður að greiða 6% vexti af útistandandi bréfum, en fær hinsvegar ekki nema 5% fyrir sín lán. Er þessi upphæð ætluð til þess að standast þann halla.

93. till., styrkur til áveitufélags Ölfusinga til að nota skurðgröfu, 4000 kr. Allmikill skurðgröftur hefir verið hafinn í svokölluðum Ölfusforum, sem er stórt og mikið graslendi, en mjög blautt. Mælingar hafa sýnt, að með því að grafa skurði er unnt að þurrka þetta landsvæði, enda þótt það liggi nokkuð lágt, miðað við Ölfusá. Þessi fjárveiting, 4000 kr., nægir ekki sem tillag ríkissjóðs, en n. hefir haft augastað á öðrum möguleikum, sem ég mun þó ekki fara inn á að þessu sinni.

94. till. þarf ekki skýringar við.

95. till., laun 6 dýralækna. Nefndin hefir

hækkað liðinn um 2800 kr., vegna þess að einum dýralækni var bætt við.

96. till., styrkur til tveggja dýralæknanema og til ungs manns, sem er við mjólkurfræðinám, 1200 kr. til hvers þeirra.

97. till., til Nikulásar Friðrikssonar, vegna utanfarar til að kynna sér rafmagnshitun, 1000 kr., gegn því að Reykjavíkurbær leggi jafnmikið á móti. Hann hefir á sínum tíma gefið ríkisstj. skýrslu um ferð sína með upplýsingum um nýjar aðferðir við rafmagnshitun, sem hann hefir kynnt sér og eru hinar nýjustu í Noregi. Ferðakostnað greiddi hann úr eigin vasa, en þar sem ætla má, að árangur af för hans verði til almenningsheilla, leggur n. til, að honum verði veittar 1000 kr. til greiðslu kostnaðarins.

98. till. þarf ekki skýringar við.

99. till., til loðdýraræktar. N. leggur til, að liðurinn lækki um 6000 kr., eða úr 20000 kr. í 14000 kr. Af fjárveitingunni eru 10000 kr. ætlaðar til ráðunauts og til ferðalaga, en 4000 kr. til Búnaðarbanka Íslands til greiðslu á vaxtamismun. Eftir þeim upplýsingum, sem n. hefir fengið, má telja að þessi fjárveiting sé nægileg.

100. till. þarfnast ekki skýringa.

101. till. raunverulega ekki heldur, en það er 1200 kr. styrkur til þingeyskrar konu, Matthildar Halldórsdóttur í Garði, sem gert hefir merkilegar tilraunir með jurtalitun; ef fengist traustur litur úr þessum rannsóknum, verður að telja það verðlaunavert.

102. till. þarf ekki skýringa við.

103. till. er um skrifstofukostnað húsameistara ríkisins. Upphaflega var til þess ætlazt, að húsameistari tæki greiðslu fyrir þær teikningar, sem gerðar eru í skrifstofunni, en reynslan hefir sýnt, að skrifstofunni er gert að skyldu að annast teikningar, sem svo eru ekki greiddar, og verður því að taka skrifstofukostnaðinn eins og hann er án þess að gera ráð fyrir tekjum.

104. till. skýrir sig sjálf. Myndi væntanlega vera greitt í sama hlutfalli til smjörsamlaga og til mjólkurbúa, en smjörsamlögin eru einkum á fjárpestarsvæðunum, sérstaklega í Dalasýslu og Húnavatnssýslu.

105. till., til fiskveiðasjóðs Íslands, 30000 kr. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ríkisstj. hefir lýst yfir því, að hún ætli að taka 250 þús. kr. lán til handa sjóðnum á þessu ári, samkv. heimild í l. Hefir n. því sett þá aths. aftan við liðinn, að ef lán verði tekið á árinu til sjóðsins, falli þessar 30 þús. kr. niður sem framlag.

106. till. er um að ferðaskrifstofa ríkisins verði lögð niður. Hefir það orðið að samkomulagi.

107. till. er um að hækka liðinn til verðlagsnefndar úr 25000 kr. í 45000 kr.

108. till., til hælisins á Sólheimum, byggingarstyrkur, 3000 kr. Á sínum tíma var gengið út frá því, að hælið fengi 15 þús. kr. í byggingarstyrk, en treglega hefir gengið að fá fjárveitingu. Þó voru í fjárl. síðastl. ár 1500 kr. í þessu skyni, og leggur n. til, að í ár verði veittar 3000 kr.

109. till. þarfnast ekki skýringa.

Kemur þá að 18. gr., og með því að þar er um persónustyrki að ræða, sem þarfnast ekki skýringa, hleyp ég yfir þær brtt. og vænti þess, að enginn óski, að ég fjölyrði um þær.

Er þá komið að 20. gr. — 156. till., a—c, þarfnast ekki skýringa. Hækkunin stafar af gengisbreytingunni.

157. till., við 22. gr., er um endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrissjóðum embættismanna og barnakennara, og eru tilgreind nöfn þeirra, sem í hlut eiga.

Þá er 158. till., að ábyrgjast fyrir Búnaðarfélag Íslands allt að 25 þús. kr. til kaupa á verkstæði Valgerðar Helgadóttur, ekkju Bjarna Runólfssonar í Hólmi, ásamt rafmagnsiðnaðarvélum og áhöldum, gegn þeirri tryggingu, að þetta iðjuver verði rekið með svipuðum hætti og áður var. Ábyrgðin er að vísu því skilyrði bundin, að Búnaðarfélag Íslands sæti tilboði ekkjunnar um, að hún afhendi Búnaðarfélaginu jörðina til eignar. Að öðru leyti vísa ég til nál. um þetta.

Brtt. 159 er ljós og felur í sér tilgang sinn, sem sé að láta þá leigu, sem Akureyrarbæ verður gert að greiða fyrir vatnsorku í Laxá næstu 4 ár, ganga til stofnkostnaðar við rafveitu frá orkuveri Akureyrar við Laxá til býlanna í Grenjaðarstaðar- og Múlahverfi og verða eign ríkissjóðs í rafveitunni. Um þá brtt. vil ég ekki annað segja en að þetta er gert til þess að rafveita til bæjanna sé möguleg. Kostnaður við rafveitur í dreifbýli virðist ætla að verða ókleifur, og er illt til þess að vita, að þessar stóru línur verða svo dýrar, að jafnvel bændur, sem búa fast við þær, geta ekki haft gagn af þeim af eigin rammleik. Með þessari till. eru íbúar hverfisins studdir til þess án þess að beint sé farið í vasa nokkurs til fjáröflunarinnar.

160. brtt. er um að veita allt að 30 þús. kr. til öldubrjóts í Hafnarfirði, að því tilskildu, að bærinn geti lagt fram fé til hans fyrir sitt leyti og að til verksins þurfi ekki að kaupa að ráði erlent efni né dýr tæki, meðan á stríðinu stendur. Þetta verður mikið og dýrt fyrirtæki, kostar væntanlega 1½—2 millj. kr., en tekur vitanlega langan tíma, og er talið, að byrja megi á því án þess að kosta til erlendum gjaldeyri, sem nokkru nemur.

161. brtt. þarf ekki skýringa við.

Áður en ég nú að lokum gef örstutt yfirlit yfir frv. eins og fjvn. skilar því frá sér, ætla ég aðeins að lofa hv. þm. að heyra, hverju þær fjárbeiðnir nema, sem fram hafa komið til Alþingis og gengið gegnum hendur nefndarinnar. Þær skiptast þannig á einstakar gr. fjárlfrv.:

3. gr. Ríkisstofnanir			kr. 46800.00
11. gr. Dómgæzla og lögreglustjórn			— 55300.00
12. gr. Heilbrigðismál			— 303704.60
13. gr. Samgöngumál:			
A. Vegamál ..	kr. 397500.00		
Brúargerðir	— 380000.00		
B. Samgöngur á sjó	— 38800.00		
C. Vitamál og hafnargerðir	— 697200.00		
D. Flugmál ...	— 14000.00		
			kr. 1527500.00
		Flyt	kr. 1933304.60

	Flutt kr.	1933304.60
14. gr.	Kirkju- og kennslumál .... —	419790.94
15. gr.	Vísindi, bókmenntir, listir . —	304550.00
16. gr.	Verklegar framkvæmdir ... —	481620.00
17. gr.	Almenn styrktarstarfsemi . —	39800.00
18. gr.	Eftirlaun og styrktarfé ... —	30490.00
	Samtals kr.	3209555.54

Geta nú hv. þm. séð, hvort ekki sé hugur í mörgum að fá fjárveitingar úr ríkissjóði til áhugamála sinna og ýmissa þarfa. Hversu mikið sem talað er um sparsemi og Alþingi og fjvn. vítt fyrir það, hve eyðslan sé mikil, sést, að það er enginn sameiginlegur hugur í þjóðinni um að spara, þar sem beiðnir um meir en 3 millj. fjárveitingar liggja fyrir auk þess, sem í frv. stjórnarinnar var og hver maður gat séð.

Þá vil ég gefa stutt yfirlit yfir þær hækkanir og lækkanir gjalda- og tekjuliða frv., sem fjvn. leggur til. Þá tel ég fyrst hækkanir gjalda og tekjulækkanir:

2. gr.	kr.	1264000.00
3. gr.	—	339120.00
10. gr.	—	53000.00
11. gr.	—	76500.00
12. gr.	—	332950.00
13. gr.	—	290900.00
14. gr.	—	113800.00
15. gr.	—	10400.00
16. gr.	—	239100.00
17. gr.	—	3500.00
18. gr.	—	⎧ 22290.00 ⎩ 5572.00
20. gr.	—	478803.00
	Samtals kr.	3229935.00

Móti því koma þessar hækkanir tekna og lækkanir gjalda:

2. gr.	kr.	1710000.00
3. gr.	—	693600.00
10. gr.	—	17870.00
11. gr.	—	15800.00
12. gr.	—	55800.00
13. gr.	—	117900.00
16. gr.	—	148450.00
	Samtals kr.	2759420.00

Mismunur 3229935 ÷ 2759420 = 470515 kr., og má hann heita sama upphæð og hækkanir á 20. gr. á afborgunum erlendra skulda vegna gengisbreytingar (478803 kr.). Niðurstaða frv. er því sú í stuttu máli, að útkoman á rekstri ríkisbúskaparins verður hjá n. svo að segja óbreytt frá því, sem var við 2. umr., en greiðslujöfnuður verður óhagstæður sem nemur gengisbreytingum afborgananna í viðbót við þann greiðsluhalla, sem var á frv. eftir 2. umr.

Mun ég svo ekki fjölyrða að svo komnu máli um frv., en verð að gera síðar grein fyrir afstöðu n. til brtt., sem fram eru bornar.

***Frsm. samvinnun. samgm. (Gísli Sveinsson):** Herra forseti! Nál. á þskj. 613, frá samvinnun. samgöngumála, gerir dálitla grein fyrir nokkrum breyt., sem fyrirhugaðar eru á styrkveitingum til flóabátaferða. Í höfuðatriðum mun það skýra nægilega glöggt frá því, sem n. leggja til í þessu máli, og þær hafa viljað gera nál. svo úr garði, að ekki orkaði tvímælis, hvað þær vildu leggja til.

Flóabátaferðirnar verða með hverju ári örðugri vandamál. Það er ekki aðeins takmörkuð fúlga, sem hægt er að veita til ferðanna, heldur eru kröfurnar, sem til þessara samgöngubóta eru gerðar á ýmsum stöðum á landinu, stöðugt að verða viðtækari. Á mörgum stöðum er illt við þetta að eiga vegna þess, hvernig til hagar um samgöngumöguleika á sjó, sérstaklega við suðurströndina austan til, þar sem bæði eru hafnleysur og illt að treysta á samgöngur landleiðina. Það er víst, að menn mundu fagna því þar eystra, ef þeir gætu bjargazt án nokkurra flutninga á sjó. Þó að mikið vanti til þess enn, — ekki mjög mikið, ef litið er á hið eiginlega Suðurlandsláglendi, en því meira sem austar dregur, — eru góðar vonir um, að alltryggt vegasamband fáist bráðlega allt að Skeiðará. Það eru ekki nema 1—3 kippir, sem þarf að taka til þess. Auðvitað geta þær samgöngur rofnað aftur í bili af náttúruumbrotum, en ekki nema endrum og eins. Brýr, sem þarna vantar, og eru að vísu bæði í vegalögum og brúalögum, svo sem á Geirlandsá með Stjórn, Eldvatni og Djúpá, verða að koma eins fljótt og unnt er. Suðurlandsbraut er ætlað að ná að Skeiðará. En á meðan þess er beðið, verður að ætla nokkurn styrk til bátsferða með söndunum. Og öræfin eru útilokuð frá vegasambandi á landi, bæði að austan og vestan, að líkindum um alla framtíð, svo að ekki er um annað að gera en halda uppi samgöngum þangað sjóleiðina, bæði fyrir menn og flutning. Nú hefir verið ákveðið að gera tilraun um stórum minnkaðan styrk til flutninga austur að Skaftárósi. Er ætlazt til, að vitaskipið Hermóður leysi Skaftfelling af hólmi í þessum ferðum, og talið nægja að veita til þeirra um 10 þús. kr. alls. Ætti þetta skip, þótt bundið sé af öðrum ferðum í þágu hins opinbera, að geta fullnægt á viðunandi hátt þörfum Öræfinga og Vestur-Skaftfellinga til flutninga á sjó. En allir verða að viðurkenna, að ekki er hægt að kasta þessum ferðum frá sér bótalaust, þegar að því er gengið að ofurselja því opinbera öll ráð yfir samgöngunum.

Annarstaðar hefir ekki orðið hjá því komizt að veita allmiklar fúlgur til flóabátaferða og flutninga með ströndum fram. Þær ferðir eru bundnar við ákveðin svæði, um Faxaflóa, Breiðafjörð, Ísafjarðardjúp o. s. frv. Sum svæðin verða að hafa samgöngur mestmegnis á sjó. Þau hafa gerzt æ erfiðari viðfangs með ári hverju, ekki aðeins vegna þess, hve styrkur er skorinn við neglur, heldur hafa verið illfáanleg þau skip, sem héruðin sjálf geta verið ánægð með. Nú hefir þetta mál verið tekið til nýrrar athugunar af skipaútgerð ríkisins og ríkisstj., og samgmn. hafa reynt að kynna sér það frá sem flestum hliðum. Samgmn. reikna með því, að ekki þurfi nema einn bát hentugan til að annast ferðir um allan Breiðafjörð, og annan t. d. fyrir alla Vestfirði. Sérstaklega hefir verið mögnuð óánægja í Breiðafirði með ferðir þar. Margir bátar hafa þar skipzt á um þær og samvinna þeirra verið

litil eða engin. Nú er ætlazt til, að Breiðafjarðarbátar fái í einu lagi 20 þús. kr., og er það rúmum 4 þús. meira en undanfarið. Ef nokkurstaðar á að sameina ferðir og hafa einn bát, er það á Breiðafirði og um Snæfellsnes og til Flateyjar og Barðastrandar. Sama skip gæti einnig haldið uppi nokkrum samgöngum við Reykjavík, eftir því sem þurfa þætti. Laxfoss hefir verið skyldur til að fara þangað stöku sinnum og notið styrks til þess, en vill losna undan því. Það gæti svo farið, að það yrði gert og afnumið ákvæði um þá skyldu í l. um stuðning til útgerðar hans, frá 1935. En það þótti ekki fært að svo stöddu, og meðan ekki er samið um *nýja skipun Breiðafjarðarferða*, varð að ákveða, hvað hverjum bát, sem gengur þar nú, skuli ætlað af þessum 20 þús. kr. En það eru til Flateyjarbáts 8500 kr., til Stykkishólmsbáts 4000 kr. og til annara nauðsynlegra bátaferða og flutninga um 1500 kr., en þar hafa verið tilnefndir m. a. Langeyjarnesbátur með 400 kr. og Gilsfjarðarbátur með 300 kr., en Gilsfirðingar og Skógstrendingar o. fl. hafa þótzt mjög illa settir, hvort sem þeir hafa haft sérstaka báta eða báta með öðrum. Til Breiðafjarðarferða Laxfoss eru nú ekki ætlaðar nema 5—6 þús. kr. Annars er það lagt á vald póststjórnar að semja við útgerðarstjórn Laxfoss um póstflutninga.

Í samráði við skipaútgerð ríkisins hefir samvinnun. samgm. ekki séð sér annað fært en hækka að mun ýmsa aðalliði til flóabátaferða. Um Breiðafjörð hefi ég þegar talað. Til Ísafjarðarbáts er hækkað úr 20 í 25 þús., til Skagafjarðarbáts, sem gengur frá Sauðárkróki og Hofsósi til Siglufjarðar, hækkað úr 5 þús. í 6500, til Norðurlandsbáts, sem gengur um Eyjafjörð og til Húsavíkur, hækkað úr 13 þús. í 16500, til Hornafjarðar- og Austfjarðabáts, sem gengur með suðurhluta Austfjarða, hækkað úr 7500 í 9 þús., og þykir þó ekki vera nægilegt, eftir því sem fram hefir komið, og hafa legið fyrir umsóknir, sem ekki hefir þótt fært að verða við. Ennfremur eru veittar litlar fjárhæðir til fjarðabáta norðar á Austfjörðum, til báts við Loðmundarfjörð 500 kr. og til báts sunnan Seyðisfjarðar 1200 kr. Ef það sýnir sig, að með þessum smástyrkjum náist verulegur árangur, er tilraunin mikilsverð, en fyrirfram verður það ekki vitað.

Þá eru 4 þús. kr. ætlaðar Suðurlandsskipi. Eimskipafélagið hefir fengið greiðslur fyrir að flytja vörur með suðurströndinni og reyna að koma þeim á land til bænda, þegar til þess gefur. En oftast gengur svo, að ekki gefur til þess. Þá gengur styrkurinn a. n. l. til þess að fá báta til að taka við vörunum á næstu höfn og skila þeim. Akranesbátur er ennþá á styrk, og hefir hann haldið sama styrk, 1500 kr., eins og aðrir slíkir bátar. Á sama hátt hefir ekki þótt fært að styrkja bátaferðir innan A.-Sk. nema um 1800 kr., þar af til Öræfa 800 kr. En þegar lengra kemur vestur með suðurströndinni, þótti rétt að láta styrkinn til ferða milli lands og Eyja halda sér. Hann er nú 1700 kr. Þar af til Stokkseyrarbáts 1000 kr. Ég skal geta þess, að prentvilla hefir slæðzt hér inn í á tveim stöðum, á öðrum staðnum stendur Stokkseyrar í staðinn fyrir Stykkishólm, og er það augljóst. Einnig orðið „smábátur“, hefir prentazt „smábátar“.

Þá tel ég mig hafa gert fullnægjandi grein fyrir því, sem hér hefir verið lagt til af samgmn. Ég býst við, að það megi fullyrða, að þær vildu gera það bezta úr þessum erfiðleikum, sem hér eru um þessar samgöngur, og þó má vel vera, að það sé víða þörf á meira framlagi, en þá verður vonandi ekki komið með margar till. um að hækka þessa styrki.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég sé ekki ástæðu til að flytja langt mál út af þessum till. fjvn. og *samvinnun. samgöngumála, sem hér liggja fyrir* og gerð hefir verið grein fyrir af frsm. n.

Ég skal játa, að mér fannst a. m. k. í byrjun þings, að fjvn. hefði farið óvarlega í það að auka framlög, þó til verklegra framkvæmda sé; hinsvegar er það, sem n. hefir gert till. um, ekki svo stórvægilegt, að það eigi að geta ráðið neinum úrslitum. Ég geri ráð fyrir, að hugir manna hafi nokkuð breytzt frá því að þing kom saman í haust um afkomumöguleikana, að það hafi rutt sér til rúms meiri og meiri bjartsýni um hina fjárhagslegu afkomu, og till. bera að sjálfsögðu nokkur merki þess. Hinsvegar vil ég þó engan veginn gera lítið úr viðleitni þeirri, sem n. hefir sýnt á öðrum sviðum í því að færa útgjaldabyrði ríkisins nokkuð saman.

N. hefir borið sig saman við mig um áætlanir tekjuliða fjárl., en till. um þá eru ekki komnar fram enn, en ég vil þó geta þess, að þær till. eru að nokkru leyti byggðar á þeirri bjartsýni, sem ég gat um, að náð hefði yfirtökum í seinni tíð, og ég verð því miður að gera ráð fyrir, að svo kunni að fara, að sú bjartsýni reynist ekki á fullum rökum reist. Þegar þess er gætt hinsvegar, að n. hefir í framhaldsnál. sínu orðað það að gefa ríkisstj. heimild til þess að takmarka útgjöldin jafnvel frá því, sem veitt er í fjárl. og ólögbundið er, um nokkra hundraðshluta, þá get ég engan veginn litið svo á, að afgreiðsla fjárl. með þeim hætti, sem útlit er fyrir að hún verði, verði á nokkurn hátt talin óforsvaranleg, jafnvel þó nokkur greiðsluhalli verði óhjákvæmilega á þeim. Að sjálfsögðu eru ekki öll kurl komin til grafar með þeim áætlunum, sem n. hefir gert, en mér skilst, að samkv. þeim áætlunum muni óhagstæður greiðslujöfnuður nema allt að ½ millj. kr. Þar við bætast ýms útgjöld ríkissjóðs samkv. sérstökum l., og það jafnvel af l., sem afgr. munu verða á þessu þingi, svo ætla má, að hallinn reynist nokkru meiri en þarna er gert ráð fyrir. En fái stj. þá heimild, sem látið er skína í af hálfu n. í nál. hennar, þá getur þetta að mínu viti ekki talizt óforsvaranleg afgreiðsla.

Ég sé á þessu stigi ekki ástæðu til að orðlengja um till. fjvn. eða samvinnun. samgöngumála. Till. fjvn. eru að mörgu leyti óhjákvæmilegar leiðréttingar með hliðsjón af óhjákvæmilegri verðhækkun í landinu, og þar skilst mér, að engan veginn sé komið til botns, og þess vegna verði ekki á nokkurn hátt fært að gagnrýna þær till. út frá því, að þar sé of langt gengið í útgjaldaáttina.

N. hefir hinsvegar gert allmargar till. um auknar verklegar framkvæmdir, sérstaklega í vegamálum. Að vísu eru þar felldir niður allstórir útgjaldaliðir, en mér skilst, að brtt. n. geri nokkuð meira en vinna það upp. Mér skilst hinsvegar á öðrum till., er snerta verklegar framkvæmdir, að þær séu þannig til komnar, að þær verklegu framkvæmdir séu þegar unnar, og því aðeins um það að ræða, að ríkissjóður standi við sínar skuldbindingar í sambandi við þær, og það sé jafnvel rétt að taka þær einnig upp í fjárl., svo það komi engum á óvart, að þetta séu upphæðir, sem búið er að stofna til.

Ég læt svo þetta nægja á þessu stigi málsins, eða þangað til ég sé framhaldstill. n. — Um till. einstakra þm. ætla ég ekki að ræða neitt að svo stöddu.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Mér sýnist við lauslega athugun á þeim till., sem voru til meðferðar við 2. umr., og þeim till., sem nú hafa verið lagðar fram af fjvn., að þær till. til lækkunar, sem hafa bein áhrif á gjaldaliði fjárl., muni nema 500—600 þús. kr. Aðallækkunarliðirnir eru þessir: Til landhelgisgæzlu 100 þús. kr., til strandferða 125 þús. kr., til byggingar- og landnámssjóðs 75 þús. kr., til verkfærakaupasjóðs 35 þús. kr. og til fiskveiðasjóðs 30 þús. kr. Þar fyrir utan er svo lækkunin á styrk til Eimskipafélags Íslands. Ennfremur er lagt til, að framlagið til fiskimálanefndar falli að miklu leyti niður.

Ég vil nú taka það fram við þessa 3. umr. fjárl., að þó Framsfl. fylgi þessum lækkunum og telji réttmætt, að þær séu gerðar, þá ber ekki að líta þannig á, að flokkurinn hafi breytt afstöðu sinni til þessara framlaga til landbúnaðar- og samgöngumála fyrir því. Framsfl. fylgir þessum lækkunum á þessum nauðsynlegu liðum vegna þess sérstaka ástands, sem við eigum nú við að búa, og jafnframt beinlínis vegna þess, að suma þessa liði er hægt að lækka einmitt vegna þess styrjaldarástands, sem skapazt hefir. Ég vil í því sambandi sérstaklega nefna framlagið til landhelgisgæzlunnar. Það hefði vitanlega engum dottið í hug að lækka það framlag, ef ekki væri sterk trú á því, að minni átroðningur verði af hálfu togara en áður. Nokkuð svipað má segja um lækkunina til strandferða. Við erum ekki þeirrar skoðunar, að hægt sé að draga úr þeim, en það er aðeins ætlunin að reyna þetta nú, og þá sérstaklega vegna hins nýja skips, sem við höfum fengið. Um lækkanirnar til byggingar- og landnámssjóðs og verkfærakaupasjóðs er hið sama að segja, að Framsfl. hefir ekki minni áhuga en áður fyrir því, að veitt sé fé til bygginga í sveitum eða til verkfærakaupa, en eins og nú standa sakir, þá lítum við svo á, að ekki sé eðlilegt að ýta undir þessar framkvæmdir í sveitunum, vegna þess hvað erlent efni verður dýrt og hvað mikið er undir því komið fyrir afkomu okkar, að komizt verði hjá því að kaupa erlent byggingarefni. Það eru þessar sérstöku ástæður, sem valda því, að Framsfl. hefir gengið inn á þessar lækkanir til atvinnuveganna og annara nauðsynlegra mála.

Það hefir komið fram í þessu sambandi við afgreiðslu þessa máls áður á þessu þingi, að það er ein meginlína, sem nauðsynlegt er að halda sér á í sambandi við afgreiðslu fjárl., en það er, að ekki sé ýtt undir framkvæmdir, sem hafa í för með sér innkaup á efni frá öðrum löndum, bæði vegna þess, að það þyngir á innflutningnum, og svo vegna hins, að það verður að teljast skaðlegt fordæmi, sem Alþ. gefur, ef það leggur út í slíkar framkvæmdir eins og nú standa sakir. Það er vitað, að ef okkur á að takast að komast sæmilega yfir örðugleika styrjaldarinnar, þá verður að girða fyrir, að menn leggi í framkvæmdir af slíku tægi, ekki aðeins hið opinbera, heldur líka einstaklingar, sem reka atvinnu. Það verður að reyna að koma í veg fyrir, að komið verði upp fyrirtækjum, sem síðar verði myllusteinn um háls manna, þegar verðfallið kemur að stríðinu loknu.

Ég hefi sérstaka ástæðu til að taka þetta fram nú. Ég verð að segja, þó ég ætli ekki að fara að kýta um það, hvort þessar till. eru yfirleitt í samræmi við þessa stefnu eða ekki, að ég hefði talið það æskilegt, að ekki hefðu komið frá fjvn. neinar till. í þá átt að veita fé til framkvæmda, sem erlent efni þarf að kaupa til. Ég veit, að flestar till., sem liggja fyrir um framlög til bygginga, hafnargerða og lendingarbóta, standa í sambandi við mannvirki, sem þegar hafa verið reist. Ég vil þó ekki segja, að þessi mannvirki öll eigi nú kröfu til að fá fé úr ríkissjóði, a. m. k. ekki þau, sem ekki hafa verið reist með sérstöku samþykki ríkisstj., en það mun vera svo um einstakar byggingar, sem farið er fram á að veita fé til.

Þó það sé nú svo um margar af till. eins og ég hefi nefnt, þá er það ekki svo um þær allar. Það eru nokkrar, sem fjalla um framlög af því tægi, sem ég hefi talið að forðast eigi, sérstaklega vegna hins slæma fordæmis, sem skapast með því. Þegar meta á, hvað eigi að gera, þá er erfitt að gera upp á milli hinna einstöku óska og beiðna, bæði þegar um það er að ræða að veita fé úr opinberum sjóði og eins þegar farið er að biðja um innflutningsleyfi fyrir vörum, sem til framkvæmdanna þarf. Það er erfitt að draga línu, ef farið er út í að veita fé til alveg nýrra viðauka framkvæmda af þessu tægi.

Þetta vildi ég taka fram, og þá líka vegna þess, að ég sé, að brtt. einstakra þm. eru einnig talsvert um óskir í þessu skyni, sem ef til vill hefði ekki komið fyrir, ef fjvn. hefði alveg getað haldið sér frá að bera fram till. af þessu tægi. — Ég tala um þetta vegna þess, að það snertir sérstaklega mitt verksvið innan ríkisstj., þó það sé í sambandi við afgreiðslu fjárl.

Ég vil sérstaklega benda á í þessu sambandi, að ein till. fjvn. gerir ráð fyrir sérstakri heimild til handa ríkisstj. til að veita fé til byggingar á brimbrjót í Hafnarfirði. Það verður auðvitað ekki mælt á móti því, að þörf er fyrir hann, en mér er sagt, að til þess að geta hafið þessar framkvæmdir, þá muni þurfa að kaupa allmikið af verkfærum frá útlöndum. Ég vil sérstaklega benda á, að mér finnst ekki ástæða til að byrja á slíkum framkvæmdum eins og málum er háttað nú. Ég álít, að það ætti betur við, að samsvar-

andi upphæð væri veitt í nauðsynlegar vegabætur, sem Hafnfirðingar gætu, ef þeir væru sérstaklega atvinnuþurfa, fengið atvinnu við.

Ég vil auk þess benda á, að nú um mörg ár hefir aldrei verið samþ. heimild til handa ríkisstj. á 22. gr., vegna þess, að þess hefir verið krafizt, að þingið gerði upp við sig á hverjum tíma, hvort þetta fé ætti að nota eða ekki. Það á ekki að setja þetta á vald ríkisstj. Ef henni er veitt heimild til þess að veita þessa upphæð, og hún veitir hana, þá kemur upphæðin ekki á sjálf fjárl., svo þau verða þá röng mynd af því, sem þau í raun og veru eiga að vera. Þessar heimildarupphæðir verða svo að koma fram á ríkisreikningnum sem umframgreiðslur. Hvers vegna ekki að gera það upp á þinginu, hvort á að leggja í þessar framkvæmdir eða ekki? Hvers vegna taka upp á ný þessa aðferð, sem búið var að leggja niður? Ég álít þess vegna, að þessa till. eigi ekki að samþ., bæði vegna þess forms, sem hún er í, og líka af efnislegum ástæðum. Ég vil beina því til fjvn., að ég hefði talið heppilegra, að hún bæri þetta fram sem till. við aðra gr. fjárl., svo það komi þar inn sem fjárveiting, ef till. skyldi verða samþ.

Þá er annað, sem töluvert hefir verið rætt um í sambandi við þessi fjárl. og minnt er á í nál. fjvn., sem ég álít, að sé alveg rétt, en það er sú skoðun, að þó það geti vel farið svo, að einhver verulegur hluti þjóðarinnar, og þá helzt framleiðendurnir og þeir, sem hafa atvinnu við framleiðslutækin, komizt sæmilega af, þá getur það alltaf orðið einhver hluti þjóðarinnar, sem kemst illa af, og vil ég í því sambandi nefna t. d. þá, sem stundað hafa byggingarvinnu. Ég vil benda á, að mér finnst, að till. fjvn. séu ekki í samræmi við þessa skoðun. Ég er hræddur um, að þetta komi að einhverju verulegu leyti í koll á næsta ári, og á ég þar við, að sú atvinna, sem höfð hefir verið til að miðla í stærri bæjunum sunnanlands, er í till. fjvn. minnkuð frá því, sem verið hefir, í stað þess, að hún hefði þurft, eftir öllum líkum að dæma, að standa í stað eða vera jafnvel meiri en áður. Nú er það að vísu svo, að í Rvík verður haldið áfram með hitaveituna, og er það aukavinna frá því, sem verið hefir í fyrra og hitteðfyrra. Við skulum vænta þess, að það fari ekki verr en það, að hún geti að verulegu leyti riðið baggamuninn, sem hlyti annars að verða um atvinnu, miðað við það, sem hefir verið undanfarin ár í Rvík. Þó er undir hælinn lagt, að það verði, ef byggingar hætta að miklu leyti. En Hafnarfjörður nýtur hér ekki neins af.

Ég held því, án þess að ég ætli að flytja um það neina till., að það verði ekki hjá því komizt í framkvæmdinni að bæta eitthvað úr þessu. Ég held að sjálfsögðu, að það hefði verið réttara, til þess að hafa eitthvað víst að halla sér að, að ákveðin upphæð hefði verið veitt í þessu skyni, t. d. til aukinna vegagerða á Suðurlandi eða til þess að búa land undir nýbýli.

Ég ætla svo að bæta því við, að ég tel, að það hefði að sjálfsögðu mátt ganga lengra í að færa niður ýmsa liði, sem kosta erlent efni. Ég verð að vísu að játa, að það er ekki há upphæð, sem hér er um að ræða, en ég sé ekki, að það sé réttmætt að kaupa inn vitaefni fyrir tvöfalt eða þrefalt verð á meðan á stríðinu stendur og reisa fyrir smávita. Ég held, að það væri miklu skynsamlegra að verja þessu fé til vegagerða eða framræslu, með það fyrir augum, sem ég gat um áðan.

Ég vil skjóta því hér fram, að ég tel, að það sé ekki örðugt fyrir fiskveiðasjóð að verða alveg af þeirri upphæð, sem hann hefir fengið úr ríkissjóði, í 1—2 ár og verja henni í þessu skyni.

Ég held, að það hafi ekki verið gert nógu mikið að því að leita uppi þær upphæðir, sem eiga að ganga til framkvæmda, sem kosta efniskaup, og láta þær í framkvæmdir, sem eru eingöngu vinna. Ég held, að þar hefði verið hægt að færa eitthvað til án þess að hækka fjárl. Auðvitað má segja, að þessi skoðun mín skapist vegna þess, að þau atriði, sem ég hefi bent á, hafa í för með sér innflutning erlends efnis, en ég verð að segja það, að ef ríkisvaldið gengur á undan með það, að flytja inn frá útlöndum efni til ýmissa framkvæmda, þá verður erfitt að koma þeirri skoðun inn hjá almenningi, að erfiðleikar séu raunverulega eins miklir í gjaldeyrismálum og af er látið.

Ég hefi að vísu ekki séð síðari hluta brtt. hv. fjvn., en þykist þó vita aðalefni þeirra og mun minnast lauslega á þær nú. Eins og mönnum er kunnugt, hefir verið reynt að fylgja þeirri reglu undanfarið við samningu fjárlaga, að taka tillit til allra þeirra l., sem Alþ. samþ. fyrr en fjárl. sjálf, og einnig þeirra frv., sem vitað er, að samþ. muni verða. Er þetta gert til þess, að fjárl. verði raunverulega sem réttust mynd af tekjum og gjöldum þess tímabils, sem þau gilda fyrir.

Nú hafa hér á þessu þingi verið samþ. ýms l., og önnur á að samþ., án þess að till. hafi komið fram um breyt. á fjárl. í samræmi við þau útgjöld, er af þessu leiðir. Ég vil fyrst nefna sem dæmi frv. það um framfærslumálin, er fyrir liggur og afráðið mun, að nái fram að ganga. Samkv. þessu frv. virðist mér, að gera megi ráð fyrir tvennskonar útgjöldum: Fyrst og fremst þeim, sem stafa af starfi þeirrar þriggja manna n., sem gert er ráð fyrir, og þeirri aðstoð, er hún kann að þurfa við störf sín. Það er auðsætt, að störf þessarar n. munu verða nokkuð umsvifamikil, og óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir kostnaði við þau í fjárlögum.

Í framfærslulagafrv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki ábyrgð á greiðslum, sem sveitarfélög leggja út vegna þurfamanna, er sérstaklega stendur á um og dvelja í öðru sveitarfélagi en sínu eigin. Eftir því sem ég þekki til innheimtu þeirra gjalda, er ríkissjóður hefir orðið að leggja út til bráðabirgða fyrir bæjar- og sveitarfélög, þá mun erfitt reynast að fá þau greidd. Er óhætt að gera ráð fyrir, að ávallt tapist nokkur fjárhæð hjá ríkissjóði vegna slíks fyrirkomulags. Hitt má reyndar telja álitamál hvort rétt er að taka í fjárlög áætlunarupphæð vegna þessa, þar sem það kynni að örva hlutaðeigendur til óskilsemi, en ég tel þó rétt að beina því til fjvn. að athuga þetta mál.

Þá hafa verið samþ. hér íþróttalög. Nú segir í þeim, að útgjöld þeirra vegna fari eftir ákvörð-

un fjvn. og Alþ. í hvert sinn, en ég hygg þó, að þegar í stað eigi að skipa svokallaðan íþróttafulltrúa, er launist úr ríkissjóði. Hinsvegar hefir ekki verið gert ráð fyrir slíkri greiðslu í fjárlagafrv.

Einnig hafa verið afgr. hér l. um héraðsskóla, sem mæla svo fyrir, að ríkissjóður skuli greiða ¾ hluta af stofnkostnaði skólanna, — ekki einungis þeirra, er hér eftir verða reistir, heldur á ríkissjóður að taka að sér ¼ hluta stofnkostnaðar þeirra skóla, sem þegar hafa verið byggðir, til viðbótar við helming stofnkostnaðarins, sem þegar hefir verið greiddur samkv. gildandi l. um þetta efni. Mér er sagt, að kostnaðurinn af þessu verði um 350—400 þús. kr. Er ríkissjóði ætlað að yfirtaka skuldir héraðsskólanna, er nema þessari fjárhæð. Skilst mér, að ætlunin muni vera að færa þessar skuldir yfir á ríkissjóð á næsta ári. Það getur auðvitað orðið álitamál, hvort þessar 350 eða 400 þús. kr. eiga að færast sem útgjöld í fjárl., en ég vil benda fjvn. á að athuga það mál einnig. Auk þessa virðist mér héraðsskólalögin nýju hafa í för með sér um 15 þús. kr. hækkun vegna hækkaðra rekstrarstyrkja. Þá á einnig að greiða um 10—12 þús. kr. til þeirra, þegar hafin verður verkleg kennsla í skólunum. Hvað sem þessu líður, þá vil ég minna á, að óhjákvæmilegt virðist að taka upp í fjárl. greiðslur umfram það, sem verið hefir, vegna héraðsskólanna, án þess þó að þeir geri nokkrar breytingar hjá sér.

Það er ómögulegt að spá nokkru um það, hvernig útkoman muni verða í reyndinni á þessum fjárl., en búast má við því, að vegna þeirrar verðhækkunar, sem orðin er og e. t. v. á eftir að verða meiri, þá verði bæði tekju- og gjaldaliðirnir hærri en reiknað er með nú, sérstaklega ef allt gengi sæmilega. Um þetta er sem sagt engu hægt að spá. En það eru tvö atriði, sem ég er hræddur við og snerta útgjaldahliðina. Ég tel, að erfitt verði að komast hjá einhverjum launabreytingum, sem valda munu ríkissjóði útgjöldum, og hinsvegar að erfitt verði að komast hjá að leggja meira fé til þess að hamla á móti atvinnuleysinu, ef það skyldi verða miklum mun meira en áður. Vegna þess mikla framfærsluþunga, sem vofir yfir bæjunum, er nauðlegt að gera ráðstafanir til þess, að unnt verði að koma atvinnulausu fólki á einhvern hátt inn í framleiðsluna. Er sjálfsagt að láta heldur vinna nauðsynlegar framkvæmdir heldur en halda í fólki lífinu með fátækrastyrkjum. Það eru þessi tvö atriði, launagreiðslur og atvinnuleysisframlag, sem ég óttast, að muni verða að veita meira fé til.

***Einar Olgeirsson:** Við höfum lagt hér fram nokkrar brtt., sem ég mun fara um fáum orðum, um leið og ég ræði aðrar till., sem fyrir liggja frá fjvn. Við höfum ekki gert að þessu sinni neinar brtt. við tekjuöflunarliði fjárl. Undanfarin þing höfum við lagt fram ýtarlegar till. um tekjuöflun til ríkissjóðs og liggja frv. okkar um það fyrir hjá þeim n., er hafa fengið þau til athugunar, því að þaðan hafa þau aldrei komið aftur. Geta þm. fengið aðgang að þessum plöggum og kynnt sér, að við höfum séð leiðir til að afla tekna á móti þeim útgjöldum, sem við höfum farið fram á. Við höfum, eins og við lýstum yfir á fyrsta þinginu, er við sátum, álitið það skyldu okkar að leggja fram tekjuöflunartill. um leið og farið er fram á útgjöld. En þar sem engar eða fáar af þessum till. okkar hafa enn þá verið samþ., þá standa okkar rök óhögguð hvað varðar tekjuhlið málsins.

Út af till. fjvn. vil ég taka það fram, að hún leggur m. a. til, að lækkað sé tillagið til fiskimálasjóðs, og er ég andvígur því, enda hefir okkar afstöðu til þessa atriðis verið lýst áður.

Kem ég þá að útgjaldatill. okkar, sem ekki eru sérstaklega miklar, heldur höfum við farið þar eins gætilega í sakirnar og frekast var hugsanlegt, með tilliti til þess ástands, sem ríkir hjá þjóðinni.

Í fyrsta lagi höfum við lagt til, að borðfé konungs sé lækkað. Við höfum áður lagt fram till. í þessa átt, sem gekk lengra. Þessi liður var af fjvn. hækkaður úr 60 þús. kr. í 75 þús. kr. Ef þessi greiðsla er borin saman við það, sem Danir greiða sínum konungi, sem mun vera 1 millj. kr. á ári, þá sést, að sú greiðsla samsvarar því, að við Íslendingar greiddum okkar konungi 30 þús. kr. Það er því engin ástæða fyrir okkar fátæku þjóð að streitast við að greiða konunginum, sem er danskur maður, meira en Danir sjálfir telja sæmilega greiðslu. Virðist gæta mjög lítils þjóðarmetnaðar hjá þeim þm., sem annars taka sér þó það orð oft í munn, að þeir skuli vilja ákveða þessa greiðslu í dönskum kr. Af því að þessi greiðsla hefir verið áætluð 60 þús. kr. í fjárl. undanfarið, en íslenzka krónan hinsvegar lækkað í verði miðað við hina dönsku, þá leggur fjvn. til og fékk samþ. við 2. umr., að borðfé konungs hækki sem svarar gengisfallinu. Þessir þjóðhollu Íslendingar, sem þykjast vera, hugsa bersýnilega á dönsku og í dönskum krónum. Við álítum rétt að breyta þessu nú við 3. umr., og viljum gefa hv. þm. tækifæri til að sýna, að þeir hverfi nú frá villu síns danska vegar og ákveði konunginum 60 þús. ísl. kr. — Þá finnst okkur undarlegt, þegar sett eru l., sem banna alla kauphækkun til manna, sem hafa yfir 300 kr. laun, að þá skuli byrjað á því að hækka laun hæstlaunaða starfsmanns ríkisins, manns, sem hefir sexföld ráðherralaun, — en þau vilja þm. nú endilega hækka upp í 7½-föld ráðherralaun. Hinsvegar er Alþ. búið að sitja tvo mánuði án þess að minnzt hafi verið á kaupgjaldsmálin, sem vitanlegt er þó, að almenningur ætlast til, að leyst verði áður en þingi lýkur. Ég veit, að engir menn með nokkurn veginn heilbrigða skynsemi og óblindaðir af pólitískri þröngsýni munu ganga í berhögg við réttlætismeðvitund almennings og þær kröfur, sem þjóðin yfirleitt gerir til Alþ. Ég vænti þess því, að þótt lítið af öðrum till. okkar verði samþ., þá nái þessi fram að ganga, og að það komi í ljós við atkvgr., hverjir eru sannir Íslendingar.

Þá berum við fram brtt. um, að framlagið til landhelgisgæzlu verði hækkað. Það hefir undanfarið verið 500 þús. kr., en var lækkað við 2. umr. í 400 þús. kr. Við leggjum til, að það verði fært upp í 600 þús. kr. Ég vil sérstaklega

minna á það í þessu sambandi, að það virðist undarleg ráðstöfun, að láta þann af skipstjórum varðskipanna, sem atorkumestur hefir verið við landhelgisgæzluna, ganga iðjulausan, en á fullum launum í landi, í stað þess að nota starfskrafta hans á sjónum og láta hann vinna fyrir sínu kaupi, — og tímabært að yfirleitt verði nú farið aftur að gæta landhelginnar, en það virðist ekki hafa verið gert sérstaklega vel undanfarið. Það virðast vera næg hlunnindi, sem íslenzku togaraútgerðinni eru veitt með skattfrelsi og gengislækkun, þótt landhelgin sé henni lokuð um stund.

Þá höfum við farið fram á nokkurn aukinn kostnað vegna vitamála. Laun vitavarða eiga samkv. okkar till. að hækka úr 34 þús. kr. í 40 þús. kr., rekstrarkostnaður vitanna hækki úr 165 þús. í 200 þús. kr. og viðhald og endurbætur hækki úr 20 þús. í 30 þús. kr. Við álítum þetta mjög nauðsynleg atriði. Hvað snertir launahækkunina, þá verður það að álítast mjög undarlegt af fjvn., að gera ekki ráð fyrir neinni launahækkun hjá starfsmönnum ríkisins á næsta ári. Það var þó nýlega lesin upp hér í þinginu og barst öllum þm. áskorun frá félögum þessara manna, þ. e. tollvarða, símamanna, kennara og skrifstofumanna, um launahækkanir. Í till. fjvn. er hinsvegar ekkert ráð gert fyrir slíkum hækkunum. Það er þó vitanlegt, að ekki verður komizt hjá því að hækka launin á einhvern hátt. Fyrir liggja kröfur frá starfsmönnum hins opinbera, verkamönnum og yfirleitt öllum, um launahækkanir, og vitað er, að stýrimenn munu gera verkfall, ef ekki nást samningar um launahækkanir hjá þeim nú um áramótin. Við höfum aðeins lagt fram þessa litlu till. um laun vitavarða, þar sem við getum ekki álitið okkar verk að endurskoða framlög til skólanna, t. d. í sambandi við kennaralaunin, enda heyrir slíkt til starfi fjvn. Þetta litla atriði, launahækkun vitavarðanna, er prófsteinn á vilja þingsins á þessum málum yfirleitt. — Þá höfum við borið fram till. viðvíkjandi brúargerðum. Leggjum við til, að brú verði byggð á Jökulsá á Brú. Annars miðast okkar till. yfirleitt ekki mikið við það, að erlent efni þurfi til framkvæmdanna.

Fjvn. leggur til, að lögreglukostnaðurinn í Reykjavík hækki úr 50 þús. kr. í 80 þús. kr. Þessi útgjaldaaukning mun standa í sambandi við ríkislögreglufrv., sem nýlega var samþ. hér á Alþ. Það sýnir sig því, að ekki stendur á peningunum, þegar lögreglumálin eru annarsvegar. Samtímis liggur fyrir till. frá fjvn. um að lækka raunverulega framlagið til atvinnubóta í landinu. Það má þó segja, að fjvn. hugsi rökrétt, þar sem hún eykur lögregluvaldið um leið og atvinnumöguleikar fólksins eru skertir. Um leið og mönnum er neitað um að bjarga sér, þá á að sjá fyrir kylfum í hausinn á þeim. Við höfum ekki lagt fram sérstaka till. til lækkunar á lögreglukostn. í Reykjavík, vegna þess að till. fjvn. sýna það glögglega, að aðalatriðið verður að reyna að halda í það, sem verið hefir, og hindra, að ástandið verði gert ennþá verra og bölvaðra. Það er nú svo, að við sósíalistarnir hér á þingi erum eiginlega orðnir einu íhaldsmennirnir, af því að hitt er orðin ein afturhaldsfylking, Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. Við reynum því að halda í það, sem er, því að hinir reyna sífellt að gera ástandið bölvaðra en nokkru sinni fyrr. Við munum því aðeins reyna að hindra, að lögreglukostnaðurinn verði aukinn, en ekki bera fram lækkunartillögur um það efni. Um leið og þessi hækkunartill. um lögreglukostnaðinn kemur fram, er lagt til annarstaðar að bæta inn nýjum tölul. um byggingu fangahúsa. Þetta er gert samtímis því, sem dregið er úr byggingum til sveita eins og frekast er unnt. Bændur geta ekki byggt yfir sig, en það á að hafa nóg rúm fyrir menn í fangahúsum!

Hér sé ég einnig í till. fjvn., að lagt er til að veita 30 þús. kr. til kirkjubyggingar á Akureyri. Þeir, sem hafa mestan áhuga fyrir að byggja kirkjur, ættu að kosta slíkar framkvæmdir sjálfir. Hinsvegar er mér vel kunnugt um, að Akureyrarbæ ríður meira á spítala og bókasafni heldur en nokkurn tíma á að fá kirkju. Því að ég veit ekki til, að kirkjan gamla á Akureyri hafi verið svo full, nema á einstöku stórhátíðum, að hún hafi ekki rúmað þá, sem þangað vildu fara. Hér er till. um 15 þús. kr. styrk til spítalans á Akureyri, en til bókasafns, sem á að vera til minningar um Matthías Jochumsson, er ekkert áætlað. Þessi styrkur til spítalans er líka of lágur. Ég er á móti till. um styrkinn til kirkjunnar á Akureyri. Ég vil heldur, að sú fjárupphæð, sem henni er ætluð, fari til spítalans og bókasafnsins þar.

Þá höfum við sósíalistar lagt til með brtt. 619,XV, í sambandi við háskólann og fjárveitingu til hans, að liður sé felldur niður í 14. gr. fjárlagafrv., B,III, sem er 20 þús. kr. fjárveiting til viðskiptaháskóla. Hv. þm. er kunnugt, að þessi viðskiptaháskóli er einkennileg stofnun, sem sett er fyrir duttlunga eins hv. þm. Og það er vitanlegt, enda hefir tilboð um það legið fyrir frá háskólaráði, sem sent hefir verið þingmönnum, að Háskóli Íslands gengur út frá því, að svo framarlega sem hann fengi það fé, sem viðskiptaháskólanum er ætlað, 20 þús. kr., að það mætti verja því til að bæta kennslukrafta háskólans, og þá mundi það nægja til þess að auka starf Háskóla Íslands með því að bæta þar við nokkrum greinum, sem nauðsynlegt er að kenna, og gera hann betur úr garði heldur en verið hefir undanfarið. Till. okkar sósíalista er, að þessi liður, 20 þús. kr., gangi ekki til viðskiptaháskóla, en að því fé sé bætt við fjárveitingu til háskólans, sem hækki þá úr 99 þús. upp í 120 þús. kr. Og ég þykist vita, eftir till., sem bárust til hv. þingmanna í byrjun þessa þings, að þetta muni vera í samræmi við það, sem háskólaráðið sjálft álítur fært og álítur heppilegast. En ég skal nú engu spá um afdrif þessarar till. Það hefir nú sýnt sig hér á hæstv. Alþ., meira og minna, og einnig um till. annara hv. þm. en þm. sósíalista, sem bornar hafa verið fram, að þær hafa ekki fundið náð fyrir augum þingmanna, sem virðast vera bundnir undarlegum handjárnum við hv. þm. S.-Þ.

Þá höfum við þm. sósíalista lagt hér fram

till. á þskj. 619, um að í 15. gr. fjárlfrv. sé felldur niður styrkur til félags „Vökumanna“, sem þar er gert ráð fyrir, að sé 2 þús. kr., og er það sérstök sparnaðarráðstöfun út af fyrir sig. Það eru svo margir fleiri bitlingar, sem þarf að skera niður, ef út í það væri farið. En hér finnst okkur óviðkunnanlegt, að eitt sérstakt pólitískt félag fái styrk frá ríkinu, ekki sízt þegar ekki er kunnugt, hvaða starf þetta pólitíska félag hefir, og ekki víst, hvort það hefir haldið nokkurn fund; a. m. k. hefir það nú verið vefengt í Tímanum. Við álítum mögulegt fyrir þetta pólitíska félag, eins og önnur slík félög, að komast af án opinbers styrks, og álítum ekki eðlilegt, að þingið veiti slíkan styrk.

Þá vildi ég ennfremur í sambandi við 15. gr. ræða nokkuð till. nr. 39 á þeirri gr. fjárl., sem er styrkur til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, sem er 80 þús. kr. Eins og allir hv. þm. muna, var við 2. umr. fjárl. borin fram till. um það, að þeir rithöfundar, skáld, vísindamenn og listamenn, sem voru í 18. gr., væru þar ekki áfram, en að þessi styrkur, sem ætlaður er til menntamálaráðs til að úthluta meðal þeirra, væri lækkaður úr þeim 80 þús. kr., sem hann nú er í. Ég vildi í sambandi við þetta gera nokkrar aths. um þessa fjárveitingu til menntamálaráðs, ekki vegna þess, að við sósialistar höfum sérstaklega hugsað okkur að bera fram brtt. viðvíkjandi þessu máli. En af því að ég tók ekki til máls við 2. umr. og greiddi atkv. með þeim till., sem þar komu fram um að halda skáldum og listamönnum í 18. gr., þá vil ég nú fara um það nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. ríkisstj., hvort fyrirmælum l. frá 1928 um menntamálaráð hafi nokkurn tíma verið fullnægt, eða a. m. k. á síðari árum, nefnilega því ákvæði, að menntamálaráð eigi að skila reikningum og leggja fram reikninga ráðsmennsku sinnar um það, hvernig það hefir varið þeim styrk, sem það hefir í hendur fengið til úthlutunar. Ég veit, að til Alþ. hafa aldrei borizt slíkar skýrslur eða reikningar. Mér er ekki heldur kunnugt um, að þetta hafi borizt stjórnarráðinu. Og ef ég fer með rangt mál, er ég segi, að þetta hafi ekki þangað komið, skora ég á hæstv. ríkisstj. að leiðrétta það. En meðan það er ekki gert, þá held ég því fram, að a. m. k. síðustu árin hafi menntamálaráð farið bak við þau l., sem það átti að starfa eftir í þessu efni, að gera grein fyrir því, hvernig það hefir varið þeim fjármunum, sem því hafa verið fengnir til yfirráða af Alþ. Ég álít það alveg sérstaka nauðsyn, að í sambandi við umr. um fjárl. komi það fram, þegar verið er að leggja til að hækka stórlega fjárframlög til menntamálaráðs og taka úr höndum Alþ. ákvörðunarréttinn um styrk til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna, að þá sé a. m. k. séð fyrir því, að menntamálaráð starfi l. samkv. og að það geri sér ekki leik að því að brjóta l., eða það út frá geðþótta einhvers manns dirfist að setja sig út fyrir öll l. í landinu og fara ekki eftir þeim landsl., sem um starfsemi þess eru sett af hæstv. Alþ. Meðan svo er, þá virðist mér ófært að veita slíkri stofnun frekari réttindi, auk þess sem Alþ. ætti ekki að láta það líðast, að slík stofnun haldi áfram að hafa nein fjárráð. Ber hæstv. Alþ. einnig að taka tillit til þess, að þarna er meira í húfi heldur en aðeins peningarnir frá því opinbera, sem kynni að verða varið meira og minna illa eða lögum andstætt. Það er miklu meira í húfi þarna, vegna þess að þetta er einn af þeim fáu styrkjum fjárl., sem sérstaklega er ætlaður til þess að viðhalda listum, vísindum og skáldskap í þessu landi. Við Íslendingar vitum allir, hvaða kröfur við gerum til þess, að litið sé á okkur sem bókmenntaþjóð. Og með tilliti til þess sérstaklega hefir það verið borið fram hér á Alþ., hvað eftir annað, að nauðsyn sé að veita ýmsum af okkar beztu listamönnum og skáldum styrk frá þinginu, sem viðurkenningu til þeirra og sem styrk til þeirra, til þess að þeir geti haldið áfram sínum starfa og unnið þar fyrir þjóðina. En hinsvegar er stefnt að því með þeirri breyt., sem gerð hefir verið, fyrst af hæstv. fjmrh. og síðan af fjvn., og með því, að sú brtt., sem borin var fram við 2. umr. fjárl., var felld, að svipta Alþ. yfirráðum yfir þessum styrkjum og setja þau í hendur menntamálaráðs. Við vitum allir, hv. þm., hvaða hætta þarna er á ferð, jafnvel þó að fæstir hv. þm. fáist til að segja það hreinskilnislega. Það er vitanlegt, að sú hætta er þarna á ferðum, að það fé, sem menntamálaráð fær til að ráða yfir, sé notað til starfsemi, sem getur orðið svona allt að því mútustarfsemi hér á landi, þannig að það sé meiningin að láta þessi skáld og þessa listamenn því aðeins fá styrki, að skoðanir þeirra finni náð fyrir augum menntamálaráðs, og þá sérstaklega þess mannsins, sem er einvaldur í því að heita má, hv. þm. S.-Þ. Það er þess vegna þarna um það að ræða, hvort hæstv. Alþ. ætlar að afsala dýrmætum réttindum úr sínum höndum og meira eða minna í hendur eins manns.

Ég vil í sambandi við þetta mál lesa upp skjal, sem barst til Alþ. í dag, með leyfi hæstv. forseta. (**Forseti**: Það hefir verið lesið upp áður í forsetastóli). Ekki nema það, sem framan á kápu þess stendur. Þetta skjal hafa 14 þjóðkunnir menntamenn sent Alþ., og hljóðar það svo:

„Alþingi virðist stefna meira og meira að því að sleppa úr sínum höndum beinum umráðum yfir fé því, sem það veitir til styrktar hverskonar andlegri starfsemi í landinu, svo að nú mun jafnvel vera í ráði, að það afsali sér í hendur menntamálaráði úthlutun styrktarfjár þess, sem veitt hefir verið rithöfundum, skáldum og öðrum listamönnum á 15. og 18. gr. fjárlaga.

Vér leyfum oss hér með að vekja athygli hv. menntmn. neðri deildar á því, hve varhugavert það er að láta ábyrgðina á svo geysilega víðtækum umráðum og mikilsverðri ihlutun um alla bókmennta- og listastarfsemi meðal þjóðarinnar, sem hér virðist vera stefnt að, hvíla á herðum einnar fámennrar nefndar, án tillits til þess, hvernig hún þá og þá kann að skipast. Þótt hér sé ekki um stórfé að ræða, hefir úthlutun þess jafnan þótt með mestu vandaverkum Alþ. og verið fylgt með sérstakri athygli af þjóðinni,

enda eru listir og vísindi með svo fámennri þjóð meira háð opinberum stuðningi en annarstaðar og eiga mestan þátt í að gefa Íslendingum tilverurétt sem sjálfstæðri menningarþjóð. Vér treystum því, að verði breyting gerð frá því skipulagi, sem verið hefir, telji háttvirt menntmn. sér skylt að hlutast til um, að þá verði betur, en ekki lakar en áður séð fyrir því, að sem flest sjónarmið komi til greina við úthlutun þessa styrktarfjár, að sem minnst gæti persónulegs geðþótta, en henni megi ráða sem allra mest þekking, frjálslyndi og réttsýni.

Reykjavík, 30. desember 1939."

Undir þessa áskorun skrifa svo þessir menn: Sigurður Nordal, Jakob Kristinsson, Friðrik Ásmundsson Brekkan, Jónas Þorbergsson, Sigurður Einarsson, Freysteinn Gunnarsson, Sigurður Thorlacius, Alexander Jóhannesson, Símon Jóh. Ágústsson, Ágúst H. Bjarnason, Páll Ísólfsson, Vilhj. Þ. Gíslason, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Guðm Thoroddsen.

Ég vildi aðeins leyfa mér í sambandi við þessar umr. að lesa þetta upp, til þess að hv. þm., sem ekki hefir verið þetta kunnugt eða hafa ekki tekið eftir þessu skjali, verði ljóst, hvernig ýmsir mennta- og listamenn þjóðarinnar líta á það, sem hefir verið að ganga fyrir sig hér á Alþ. í sambandi við 2. umr. fjárl. Og vil ég lýsa því yfir, að ég mun verða fylgjandi hverri þeirri till., sem fram kann að koma, sem nokkuð er til bóta, í sambandi við þennan styrk, sem menntamálaráð á að úthluta, eftir því sem fjárl. nú eru orðin.

Ég álít, að þarna sé um það mikilvægt mál að ræða, að það sé alveg óhjákvæmilegt fyrir Alþ. að taka tillit til þessa skjals. Og ég vil bæta því við, að mér er kunnugt um, að á meðan verið var að safna undirskriftum undir þetta skjal þessara menntamanna hér í Reykjavík, þá var af hálfu formanns Framsfl. beitt persónulegum áhrifum til þess að reyna að fá menn til þess að falla frá því að undirskrifa þetta. Virðist þar hafa komið fram, að hann, hv. þm. S.-Þ., vilji ekki láta ráða, eins og sagt er síðast í þessu skjali, „frjálslyndi og réttsýni".

Þá höfum við þm. sósíalista lagt til, að það yrði allmikið hækkað, sem á að verja til atvinnubóta. Það, sem nú er ætlað til atvinnubóta á 16. gr. 1, er 500000 kr. Og eins og það nú er orðað í fjárl. og hefir verið að undanförnu, þá fylgir því það skilyrði, að þetta sé veitt gegn tvöföldu framlagi frá bæjar- og sveitarfélögum. Það er sem sé ætlazt til þess og það gert að skilyrði, að bæjar- og sveitarfélög, sem verða atvinnubótaframlagsins aðnjótandi, leggi fram tvöfalt framlag á móti því til atvinnubóta. Ef ríkið leggur fram hálfa milljón kr., þá eiga þessi bæjar- og sveitarfélög að leggja fram 1 millj. kr. á móti. Framlög frá ríkinu og bæjum og sveitarfélögum til samans verða þá 1½ millj. kr. Við sósíalistar leggjum til, að þetta verði hækkað, þannig að framlag ríkissjóðs til atvinnubóta verði 750000 kr., en að bæjar- og sveitarfélög leggi fram, eins og verið hefir, tvöfalt framlag á móti. Ég vil geta þess í sambandi við þetta, að ríkisstj. hefir framkvæmt þetta ákvæði um tvöfalda framlagið á móti ríkissjóðsframlaginu þannig, að ef sérstaklega fátækt sveitarfélag hefir átt í hlut, þá hefir hún ekki gengið eins ríkt eftir þessu framlagi á móti ríkissjóðsframlaginu. En þó mun það yfirleitt hafa verið svo, að a. m. k. upp undir tvöfalt framlag hefir komið fram frá viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum á móti ríkissjóðsframlaginu. Ef þess vegna till. okkar sósíalista yrði samþ. um 750000 kr. framlag úr ríkissjóði til atvinnubóta, og þetta skilyrði látið haldast, þá þýðir það það, að framlög alls frá ríki og bæjar- og sveitarfélögum mundi verða 2¼ millj. kr.

Nú vil ég geta þess í sambandi við atvinnubæturnar, vegna þess að það hefir komizt svo slæmt orð á orðið „atvinnubætur", að fjvn. leggur til, að breytt verði því heiti, sem þetta hefir. Þá vil ég geta þess, að það er engin ástæða til þess og hefir aldrei verið til þess ætlazt af hálfu Alþ., að þessu fé, sem veitt er til atvinnubóta, megi ekki verja til skynsamlegra og arðbærra framkvæmda, sem séu beinlínis í þágu framleiðslunnar. Það er alger misskilningur, að fé, sem veitt er til atvinnubóta, eigi eingöngu að verja til vegagerða og annars slíks, þó að mikill hluti þess fari jafnan til þess. Við sósíalistar leggjum alveg sérstaka áherzlu á, að atvinnubótafé sé varið sem hagnýtast og til þess að leggja með því grundvöll að sem mestum atvinnubótum í framtíðinni. Það er þess vegna ekkert í þessari gr. um atvinnubæturnar og framlagið til þeirra, sem hindrar ríkisstj. í því að láta verja þessu fé sem allra skynsamlegast, þannig að það hjálpi sem allra bezt til þess að auka almenna framleiðslu í landinu, og á það vil ég leggja alveg sérstaka áherzlu. Við sósíalistar höfum á undanförnum þingum borið fram till. í þessa sömu átt og álíka háar. Ég býst við, að þessar till. ættu, svona að öllu eðlilegu, að eiga von á góðum undirtektum frá núverandi ríkisstj., þar sem sá maður, sem nú er fjmrh., hefir á undanförnum þingum greitt atkv. með þessum till. okkar um hækkun á atvinnubótafénu úr 500000 kr. og upp í 700000 eða 750000 kr. Og ég vil vonast til þess, að þessi hæstv. fjmrh. reynist nú ekki lakari, þegar hann er kominn í ráðherrasessinn, heldur en hann var, meðan hann var bara þm. Sjálfstfl. hér á Alþ., og ekkert meira. Ég ætla að leyfa mér að álíta það sem sérstaka prófun á því, hversu mjög þessi hæstv. ráðh., og þar með Sjálfstfl. sem slíkur, sem sett hefir hann í fjármálaráðherrastólinn, standa við þau loforð og þær atkvgr. og þær skoðanir, sem þeir hafa látið í ljós, meðan þeir voru stjórnarandstæðingar. Ég vil skoða það sem nokkurskonar eldraun fyrir hæstv. fjmrh., sem sýnir, hvort hann þorir nú að framfylgja því sama, nú þegar hann er orðinn fjmrh., sem hann fylgdi áður sem þm. aðeins. Hinsvegar býst ég við, að það fari svo með þennan hv. þm. Sjálfstfl., sem er núv. fjmrh. hans, eins og farið hefir stundum með suma hv. þm. Framsfl. eftir að þeir urðu ráðherrar. Þeim hætti til að gleyma kannske nokkuð mörgu af því, sem þeir lofuðu áður en þeir urðu ráðherrar.

Fjvn. hefir lagt til í sambandi við þetta framlag til avinnubóta, að þar sé nú breytt um

þannig, að í staðinn fyrir, að í fjárlfrv. er gert ráð fyrir 500000 kr. framlagi til atvinnubóta með þessu skilyrði um tvöfalt framlag frá viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum, þá komi: Til framleiðslubóta og atvinnuaukningar 500000 kr. þar af kr. 100000 til Suðurlandsbrautar, til atvinnuaukningar fyrir Hafnfirðinga og Reykvíkinga. — Hér verða því eftir 400000 kr. til atvinnubóta, en ekkert skilyrði sett fyrir framlagi á móti frá viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum. Það þýðir, að það er á valdi bæjar- og sveitarfélaga og þeirrar n., sem með það hefir að gera, hvernig fer um framlög frá bæjar- og sveitarfélögum til atvinnubóta. Það er því víst, ef Alþ. samþ. þessa brtt. fjvn., þá sleppir það úr sínum höndum réttinum til þess að skuldbinda bæjar- og sveitarfélög til að leggja tvöfalt framlag á móti framlagi ríkissjóðs í þessu skyni. Ef Alþ. þess vegna samþ. þessa brtt. fjvn., þá er beinlínis teflt í hættu í þessu efni, þannig að það getur farið svo, að atvinnubótafé verði ekki meira heldur en þessar 400000 kr., eða þá kannske eitthvað ofurlítið meira en þetta. Það þýðir m. ö. o., að atvinnubótafé á alveg stórkostlega að skerast niður, eða það a. m. k. að verða háð vilja stjórna bæjar- og sveitarfélaga og þessarar n., sem á að fjalla um atvinnubæturnar, hvort það verður meira heldur en þessar 400000 kr.

Alþ. gerir þessar ráðstafanir til þess að minnka stórkostlega atvinnubótafé. Djúpið á milli till. okkar sósialista um aukningu á atvinnubótafénu og um að halda skyldunni til tvöfalds framlags frá viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum annarsvegar og hinsvegar till. fjvn. má því segja, að sé nokkuð meira en 1¾ millj. kr., eða a. m. k. aldrei minna en það, ef miðað er við, að hvorum till. fyrir sig væri framfylgt til þess ýtrasta eins og þær liggja fyrir. Ég álít þess vegna alveg sérstaklega þýðingarmikið, að samþ. verði þær till., sem við leggjum hér fram, eða a. m. k. felld till. fjvn., sem hún kemur fram með um þetta efni, en haldið í það ákvæði, sem fyrir var í fjárlagafrv. um atvinnubótafé.

Ég þarf ekki að eyða orðum um það, hversu mikil nauðsyn er að bæta úr atvinnuleysinu. Það blandast engum hv. þm. hugur um. Hver einasti hv. þm. veit, hvar skórinn kreppir að í þessu efni. Spursmálið er því þarna um viljann á því að framkvæma það, sem er þjóðarvilji í þessu efni og hv. þm. vita, að er rétt og nauðsynlegt.

Þá er í brtt. fjvn. lagt til að skera niður tillagið til verkfærakaupasjóðs úr 60 þús. kr. og niður í 25 þús. kr., eða um 35 þús. kr., og einnig framlagið til byggingar- og landnámssjóðs um 75 þús., eða úr 200 þús. kr. niður í 125 þús. kr. Báðum þessum brtt. erum við á móti. Það virðist líka vera alveg sérstaklega undarlegt, á sama tíma sem hér er sífellt talað um það á Alþ. og í blöðum stjórnarfl., að það þurfi að flytja fólk úr bæjunum og upp til sveitanna, að þá skuli einmitt á því sama þingi, sem ætlar að gera alveg sérstakar ráðstafanir til að skipa sérstakar n. til þess að sjá um flutning fólks úr bæjum upp í sveitirnar, verið að skera niður styrkinn til þess að fólk geti lifað í sveitunum, ef gert er annars ráð fyrir, að þetta fólk eigi að vera í húsum. Ef menn flytja úr bæjum til sveita, hlýtur hver maður að sjá, sem um það vill hugsa, að þetta fólk vantar, þegar í sveitina kemur, fyrst og fremst möguleika til að byggja yfir sig, til þess að þurfa ekki að liggja úti, og einnig þá að fá verkfæri, sem til þess þarf að lifa í sveit. Hvað er það, sem hæstv. Alþ. leggur til fyrir þetta fólk? Það, að skorinn sé niður möguleikinn til þess, að þetta fólk geti byggt yfir sig í sveit og að menn geti fengið verkfæri með sömu kjörum og undanfarin ár. Þetta nær vitanlega ekki nokkurri átt og er í andstöðu við heilbrigða skynsemi, að tala eins og ýmsir hv. þm. hafa gert um þessi mál, að koma með till. um, að fólk, sem er avinnulaust um hábjargræðistímann, ætti að fara í sveit og vinna að framleiðslu, en um leið koma fram með till., og það frá fjvn., um lækkun á styrkjum til þess að hægt sé að haldast við og vinna í sveitunum. Þó vitum við það, hversu haldið hefir verið uppi barlómi fyrir bændur og sveitafólk og talað um, hvað það væri nauðsynlegt að styrkja sveitirnar. Og vegna þess hafa þessir styrkir upphaflega verið ákveðnir til hjálpar sveitunum.

Ég vil bara taka það fram í þessu sambandi, að það er ekki um þær fjárupphæðir að gera, að þær geti spilað neina rullu. Ef það á að fara að spara, því ekki að spara við konunginn? Því ekki að spara við hálaunamennina hér í Reykjavík: Grímsby-lýðinn, sem Framsókn þóttist einu sinni ætla að ganga á milli bols og höfuðs á. Verkalýðnum er svarað því, að hann geti farið upp í sveit og bitið þar gras. Þá á að minnka við sveitafólkið. Ég get skilið, að Alþingi þurfi að bæta við ríkislögregluna og þurfi að sjá um, að dómsmrh. geti sent hana hvert sem er. Ég get þessa í sambandi við niðurskurðinn, að það er ekki nóg, sem ríkið sker niður. Nefndafarganið er svo, að það þarf að fá leyfi nefndar til hvers sem er. Ef maður ætlar að fá leyfi til þess að flytja eitthvað inn, þarf að sækja til einokunarnefndar um það og til annarar um að flytja út. Ofan á það bætist, að þeim viðurkenndu samböndum og bæjarfélögum, sem eitthvað vilja gera til þess að bæta ástandið, er neitað um að bæta möguleika sína. Þegar bæjarstjórn Siglufjarðar kemur sér saman um að byggja nýja verksmiðju, útvegar lán til þess erlendis og þarf ekkert annað en leyfi atvmrh., er öllum hv. þm. kunnugt um, hvernig þetta var eyðilagt. Þegar einstakir menn eða sveitarfélög geta komið upp framleiðslutækjum án þess að ríkið þurfi að leggja fram lánsfé, er bannað að gera nokkuð. Það er auðséð, að með slíku móti, þegar hverjum einstaklingi á Íslandi er bannað að gera nokkuð, og þegar ríkið sker niður þá möguleika, sem bæjarfélögin hafa, þá er það auðséð, að slík stjórn þurfi að veita fé til lögreglu, til konungs og til meira sveitarframfæris.

Við höfum hér, þm. Sósialistafl., lagt fram till., sem snerta fjárlögin mjög lítið og eru um það, að þegar sé athugað að lækka laun hálaunamanna. Ég býst við, að öll blöð stjórnarflokk-

anna séu sammála um þetta, a. m. k. skrifa þau öll um það, og allir þm. stjórnarflokkanna virðast í orði kveðnu vera þessu samþykkir, en þeir láta venjulega sitja við orðin tóm. Það kemur aldrei neitt fram, sem sýni, að það eigi að hreyfa við þessu. Einu sinni var það, að ekki þótti annað sýnt fyrir kosningar en að fara að skipa launamálanefnd, og lagði hún fram till. sínar eftir kosningarnar 1934. En stjórnin fann ekki hvöt hjá sér til þess að fara eftir till. þessarar n., sem voru um það, að skera niður bitlingana um 700 þús. kr. Þær voru kæfðar og hafa aldrei sézt síðan. Ég ætla að minna á þessar 700 þús. kr., ef þm. skyldi virðast oftar en við kosningar, að eitthvað mætti skera niður.

Ég held því hér fram, að það, sem ríkið og þær stofnanir, sem ríkið beint og óbeint stjórnar, borgi árlega af launum, muni nema 10 millj. króna. Öll laun, sem greidd eru á Íslandi, munu nema um 40 millj. króna; að vísu eru hagskýrslur svo ónákvæmar, að ekki er hægt að sjá þetta með fullri vissu. Ríkið ræður þá yfir ¼ af öllum þeim launum, sem greidd eru á landinu. Ég þarf ekki að fara út í, hve hættulegt það er, þegar ríkið ræður yfir svona miklum hluta af launagreiðslunum, þegar ¼ launþeganna á allt sitt undir ríkisvaldinu, og þegar ofan á það bætist, að pólitískar skoðanir manna hér á landi eru eins og opin bók, þannig að í sambandi við fátækraframfærið hér í Reykjavík hefir verið gefin út bók um það, hvernig styrkþegarnir kjósi og hve mikill hluti þeirra kjósi Sjálfstfl. Þá geta menn skilið, hvaða þýðingu það hefir að geta notað eða misnotað þær 10 millj. króna, sem veittar eru í laun. Nú veit ég, að fjvn. vinnur að því að rannsaka, hve mikið það sé, sem greitt er í laun á Íslandi. Ég hefi heyrt, að ríkið greiði, skv. upplýsingum, sem n. hefir fengið, yfir 14 millj. króna af því kaupi, sem greitt er á Íslandi. Ég vildi leyfa mér að mega óska eftir því, að fjvn. gefi upplýsingar um það, hve mikið ríkið greiði af launum, og mælast til þess, að það upplýsist á einn eða annan hátt, hverjum þessi laun eru greidd, og að *þingmenn og þjóðin hafi aðgang að nákvæmu* yfirliti yfir það. Það er fyrst þegar slík skýrsla liggur fyrir, sem mögulegt er að gera ýtarlegar till. um breyt. á fjárl. viðvíkjandi þessum lið.

Ég vil svo að svo komnu máli láta þetta nægja fyrir þeim till., sem við flytjum, þm. Sósialistafl., um leið og við setjum fram álit okkar á þeim till., sem fjvn. lagði fram.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það er ekki af því, að ég hafi neina brtt. að bera fram, að ég tek til máls, heldur út af ummælum hæstv. viðskmrh. viðvíkjandi till. fjvn. í sambandi við hafnargerð í Hafnarfirði. Mér fannst kenna þar ókunnugleika hæstv. ráðh., bæði á því, til hvers væri ætlazt við þessa hafnargerð, og einnig því, hvernig staðhættir væru í Hafnarfirði til annara framkvæmda.

Eins og allir hv. alþm. vita, hefir Hafnarfjörður þá sérstöðu, að hann verður eingöngu að byggja á fiskframleiðslu, sem þar er. Hann hefir enga verzlun fram yfir það, sem er í bænum sjálfum. Hann hefir ekkert land til ræktunar að neinu leyti. Að vísu hefir hann fengið fyrir nokkrum árum heimild til að kaupa Krísuvíkurland, og var það ætlað til ræktunar, en svo var um hnútana búið af löggjafanum, að það er ekki ennþá komið neitt samkomulag um það, hvað hver fær í sinn hlut, og ekki líkur til, að það verði á næstu tímum. Þess vegna er það svo, að það, sem er lífsspursmál fyrir bæinn, er það, að hann hafi trygga og örugga höfn. Hæstv. viðskmrh. efaðist ekki heldur um það, að þörfin væri brýn þarna, en vildi ekki byrja strax á þessu verki vegna þess, að til þess mundi þurfa svo mikið útlent efni, og það væri ekki rétt að ráðast í slíkar framkvæmdir sem þessa meðan stríðið væri.

Við þessu er því að svara, að það, sem Hafnarfjörður ætlar sér, er að byggja brimbrjót eða hafnargarð í norðanverðum firðinum, til þess að verjast því brimi, sem inn fjörðinn kemur í vestanroki og er mjög títt á vertíðinni, þegar mest er um skipin og þörf á að flýta afgreiðslu þeirra sem unnt er.

Það hefir verið gerð, af hr. Finnboga Rúti Þorvaldssyni hafnarverkfræðingi, áætlun um, hvað slíkur garður mundi kosta, og gerir hann ráð fyrir, að slíkur garður kostaði 650 þús. kr. fullgerður, og er búizt við, að aðkeypt efni og verkfæri ýmiskonar muni verða um 140 þús. kr. M. ö. o., að 140 þús. kr. fara í erlent efni, en 500 þús. kr. færu eingöngu til atvinnu fyrir bæjarbúa. Þar við má bæta því, að bærinn þarf ætíð á hverju ári að verja miklu fé til atvinnubóta innan bæjarins, og hafa það oft verið 80—90 þús. kr., sem veittar hafa verið í því skyni. Nú hagar því þannig til, að þær atvinnubætur sem helzt hefir verið um að gera innanbæjar, hafa verið í því fólgnar að laga götur bæjarins, sérstaklega Strandgötuna, og er það viðhald meira en fyrir Hafnarfjörð einan, því um hana fara allir þeir flutningar, sem á landi fara til Reykjanesskagans. En eins og nú horfir við, álítum við Hafnfirðingar ekki leggjandi í slíkt, þar sem ennþá meira útlit er fyrir þörf á afvinnubótavinnu en nokkurn tíma áður, og *einmitt vegna þess, að brimið er að brjóta niður* malarkambinn, búumst við ekki við að geta komið þessu í framkvæmd, og þá er ekki nema um þetta eina að ræða fyrir okkur, bæði af því, hve mikil nauðsyn það er fyrir okkur að koma þessu í verk, og eins af hinu, að ekkert verk er heppilegra til þess að vinna á þessum stríðstíma heldur en að leggja út í þetta mannvirki.

Hæstv. viðskmrh. minntist á það, og það réttilega, að það mætti búast við því í kaupstöðunum, sérstaklega Reykjavík og nágrenni, — og þar efast ég ekki um, að hann hefir meint Hafnarfjörð —, að þar væri yfirvofandi atvinnuleysi, og honum fannst ekki nema réttmætt, að það væri meira hugsað fyrir því heldur en var gert nú í fjárl. og till. fjvn. En það er einmitt þetta, sem vakir fyrir okkur Hafnfirðingum, að í slíku árferði eins og þessu og á þeim tímum, sem búast má við, að saltfisksveiðar leggist niður á togurunum, verða bæjarstjórnin og ríkisstj. að leggja fram meira eða minna fé til atvinnubóta einmitt á slíkum stöðum.

Í hafnarlögum Hafnarfjarðar er það ákveðið, að ef Hafnarfjarðarbær leggur í slíkar framkvæmdir sem þessar, er ríkissjóði skylt að leggja fram ⅓ hluta fjárins á móti ⅔ frá Hafnarfjarðarbæ eða hafnarsjóði, og hefðum við raunverulega getað haft það þannig, ef við hefðum samþ. það í bæjarstj. að byrja á verkinu, að koma þá til ríkissjóðs og krefja hann um framlag á móti, en okkur fannst það í alla staði réttlátara að ákveða ekki um það fyrr en víst væri um þann styrk, sem Alþingi vildi veita til þessarar framkvæmdar, ef úr yrði, og þess vegna er það, að fjvn. hefir tekið þetta upp í fjárl. í 22. gr.

Loks vil ég geta þess í sambandi við þetta, að þó svo að í sambandi við áætlun verkfræðingsins sé gert ráð fyrir þessu fjárframlagi fyrir útlent efni og til áhaldakaupa, er það þannig að í fyrstu er það harla lítið, sem þarf til áhaldakaupa, heldur eingöngu til sementskaupa, og er það til þess að búa til pláss við land, til að hægt sé að flytja garðinn fram. Þegar þessu er lokið, er hafnargarðurinn eingöngu vinna, þar til honum er lokið og byrjað er að gera fyrir byggingu hafnarinnar, sem náttúrlega verður að töluverðu leyti líka útlent efni, en það er ætlunin að gera þetta smátt og smátt, dreifa því yfir á fleiri ár, til þess að hafa þarna atvinnu fyrir bæjarbúa og dreifa þeim atvinnuvandræðum, sem hljóta að koma í sambandi við stríðið. Ég býst við, að þegar hæstv. viðskmrh. lítur á þetta og hefir fengið nægilegar upplýsingar — og er ég fús til, ef eitthvað vantar í þessar upplýsingar, að gefa honum þær —, þá muni hann sjá, að Hafnarfjörður hefir algera sérstöðu í þessu efni og þetta er hin eina réttlætanlega atvinnubótavinna, sem hægt er að framkvæma í bænum á þeim tíma, sem nú er framundan.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta meira, en ég vonast til þess, að allir hv. alþm. taki þetta til athugunar og verði því meðmæltir, að þessi grein fái að standa óhögguð í till. fjvn.

*Viðskmrh. **(Eysteinn Jónsson):** Það hefir orðið að samkomulagi með mér og frsm. fjvn., að ég segi nokkur orð um lið 33 í brtt. fjvn. Þetta er um að ábyrgjast gagnvart Landsbanka Íslands fyrir Útvegsbanka Íslands h/f kr. 4792092,25, sem er skuld Útvegsbankans.

Það eru tildrög þessa máls, að árið 1928, er gert ráð fyrir, að Íslandsbanki, sem þá var, dragi inn seðla sína. Það er ákveðið með reglugerð, hvernig skuli miðað við gildi gulls. Nú var það, að þegar lögin um Útvegsbankann voru sett 1930, var ákveðið, hvernig seðlaútgáfa skyldi fara fram eftir fyrirmælum ráðherra. Þessu fylgdi sú kvöð, að Útvegsbankinn átti að draga inn seðla sína og afhenda um leið gullforða sinn til Landsbankans með ákveðnu verði. Nú hefir það verið svo, að um mörg ár hafa menn ekki treyst sér að setja endanleg fyrirmæli um inndrátt þennan, og ef Landsbankinn hefði fengið seðlana með því verði, sem ákveðið var 1928, hefði Útvegsbankinn orðið fyrir verulegu tjóni, af því að verðið var svo miklu lægra síðustu árin. En það var ákaflega hvumleitt að láta málið standa þannig, að þessi seðlainndráttur skyldi ekki fara fram og að Útvegsbankinn skyldi hafa seðlaútgáfu með höndum með annari starfsemi sinni. Þess vegna kom ríkisstj. því í framkvæmd, sem lögin ætluðust til, að seðlar Útvegsbankans og Íslandsbanka yrðu dregnir inn og Landsbankinn tæki við gullforðanum. Þetta þótti óhugsandi, nema með því móti, að Landsbankinn félli frá því, að fá gullið með því verði, sem ákveðið var 1928, heldur með því verði, sem var á gulli þegar þessi framkvæmd var gerð. Eftir allmikla samninga um þetta fram og aftur tókst samkomulag á þeim grundvelli, að Landsbankinn félli frá þeim rétti, sem hann átti samkv. l. frá 1928, og kæmi þar í móti, að ríkissjóður tæki ábyrgð á þeirri skuld, sem Útvegsbankinn var í við Landsbankann um áramótin 1938—1939. **(JJós:** Er ekki ríkið í ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum Útvegsbankans?). Nei, það eru nokkrar, sem ríkið er ekki í ábyrgð fyrir, og þessi er ein af þeim. Ég held, að ég muni það rétt, að það yfirverð, sem Útvegsbankinn fékk fyrir gullið og Landsbankinn raunverulega afsalaði sér, hafi verið 1½ millj. króna. Má í þessu sambandi einnig geta þess, að gullforðinn hrökk ekki alveg til þess að mæta inndregnu seðlunum, og varð þá samkomulag um, að Landsbankinn keypti víxla af Útvegsbankanum, sem nam þeim mismun. Ennfremur varð að samkomulagi, að Landsbankinn lækkaði vexti af þessum víxlum og eldri skuld Útvegsbankans um 1%. Gegn þessu tók ríkisstj. að sér að leggja til við Alþ., að það samþ. þessa ábyrgð, eins og áður var fram tekið.

Ég vænti þess, að þetta sé nægilegt til að skýra þetta mál, og vænti þess, að Alþ. geti fallizt á að samþ. þessa ábyrgð. **(JJós:** Þýðir vaxtalækkunin í framkvæmd ekki það, að Útvegsbankinn þurfi ekki framvegis að taka hærri vexti en Landsbankinn?). Þetta myndi ekki hafa nein áhrif á það, því að Útvegsbankinn varð fyrir skaða af inndrætti seðlanna; og er þessi vaxtalækkun gerð til þess að vega upp þann halla, þannig að Útvegsbankinn stendur svo að segja eins og áður.

Ég vil svo að lokum bara segja örfá orð út af till. fjvn. um það, að leggja 45 þús. kr. til byggingar geymslu yfir þjóðminjasafnið. Mér finnst ekki ná nokkurri átt að samþ. þessa till. Ég veit, að það muni vera full þörf á að byggja yfir þjóðminjasafnið, en ég get ekki skilið, að það mætti ekki bíða þar til um hægir. Það vita allir, að það þarf talsvert útlent efni til þessa, og mér finnst erfitt að ganga langt í því að stemma stigu fyrir byggingum í sveitum á sama tíma sem veitt er fjárveiting til slíks sem þessa. Auk þess vil ég vara við, að Alþ. gangi aftur inn á þá braut, sem áður var almennt, að veita svona heimildir. Ef það er vilji Alþ., að þetta verði framkvæmt, þá á að setja þetta beint inn í fjárl. sjálf. Þetta er stórháskaleg braut að fara inn á, og ég vara við því að taka þetta form upp.

*Frsm. **(Bjarni Bjarnason):** Mér finnst rétt, að ég segi aðeins örfá orð um þær brtt. fjvn., sem útbýtt hefir verið nú á þessum fundi. Um þær brtt., sem snerta tekjuliðina, get ég verið

mjög stuttorður. Hv. þm. gera ef til vill einhverjar aths. við þessar till., og er þá tími til að rökræða þær nánar, en ég vil geta þess, að þær eru allar bornar fram í samráði við hæstv. fjmrh. og viðskmrh. Og ég hygg, að það sé óhætt að segja, að svo framarlega sem sæmilegt ástand verður í verzlunarmálum, þá muni þessi áætlun vera nokkuð varleg. Ég skal þá snúa mér að einstökum till.

14. till. er um vaxtagreiðslur vegna læknisbústaða og skýrir sig raunverulega sjálf. — 15.—19. till. eru um nokkrar hækkanir á framlögum til vega, sem að nokkru leyti voru ekki nægilega vel athugaðar hjá fjvn. og koma þess vegna ekki fram fyrr en nú. — 20. till. er um kennarabústaði, og hefi ég gert grein fyrir þeirri till. í fyrri ræðu minni í kvöld. — 21. till. er um lækkun tillagsins til sundlaugar á Eiðum um 5000 kr. — 22. till. er um fjárveitingu til Snorragarðs, bæði til vinnu við að gera garðinn og eins í sambandi við væntanlegt minnismerki Snorra. — 23. till. er um 5000 kr. fjárveitingu til rafveitu á Hallormsstað. Verkið er þegar unnið, en á því hvílir nokkur skuld. — 24. till. er um styrk til dýralækninga. Í fjárl. fyrir 1939 var styrkur til nokkurra manna í þessu skyni, en nú leggur n. til, að þetta sé veitt í einu lagi, en hefir samþ., að þessi upphæð skuli skiptast þannig:

Hólmgeir Jensson	400 kr.
Guðmundur Andrésson	400 —
Ágúst Jónsson, Hofi	300 —
Halldór Jónsson	300 —
Eggert Magnússon	200 —
Brandur Einarsson	150 —
Ólafur Guðmundsson	150 —
Valdimar Stefánsson	150 —
Til dýralækninga í Vestmannaeyjum	500 —
Samtals	2250 kr.

25. till. þarf ekki skýringa við. N. telur rétt, að þetta verk verði eftirleiðis framkvæmt af vegamálastjóra. — Þá er 26. till. Það lá að vísu fyrir n. till. um að borga í þessu skyni 180000 kr., en við nánari athugun taldi n. að 160000 kr. myndu nægja. — 27. till. er um eftirlaun Þórðar Sveinssonar yfirlæknis, sem lætur nú af störfum. — 28. till. þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að brtt. á þskj. 587,117 er jafnframt tekin aftur. — 29.—30. till. þurfa ekki skýringa við. — 31.—32. till. eru vegna afborgana af lánum. Hækkunin stafar af gengisbreytingunni. — 33. till. hefir hæstv. viðskmrh. skýrt, og hleyp ég því yfir hana. — 34. till. er um að heimila síldarverksmiðjum ríkisins að kaupa síldarverksmiðjuna á Húsavík. Síldarverksmiðjan á Húsavík hefir starfað í tvö sumur og í bæði skiptin verið leigð stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Fyrra árið varð dálitið tap á rekstrinum, sem stafaði aðallega af því, að bilun kom fram í vélunum, sem verktaki bar ábyrgð á og mun bæta að mestu eftir dómi. Nú í sumar varð mikill gróði á verksmiðjunni. Það má telja beggja hag, að ríkið eigi þessa verksmiðju. Síldin liggur mjög á Skjálfandaflóa, og hinum minni skipum, sem veiða þar og á Axarfirði, þykir hentugt að geta affermt á svo nálægum stað. Húsavík verður í framkvæmd nokkurskonar viðbót við Raufarhöfn og mikil hjálp fyrir vélbátaflotann. Á hinn bóginn er erfitt að starfrækja litla sjálfstæða verksmiðju á Húsavík, mitt á milli hinna stóru ríkisfyrirtækja á Siglufirði og Raufarhöfn. Í framkvæmdinni mun þessi verksmiðja jafnan verða falin umsjá ríkisverksmiðjanna um allan rekstur, þar til hún verður keypt. Meiri hluti verksmiðjustj. er hlynntur kaupunum, af þeim ástæðum, sem nú hafa verið færðar fram; auk þess er það vitað, að hús og vélar verksmiðjunnar á Húsavík er mjög vandað og reksturinn í sumar hefir gefizt ríkisverksmiðjunum alveg sérstaklega vel. — 35. till. er heimild til ríkisstj. um að lækka útgjöld ríkissjóðs um allt að 20% eftir jöfnum hlutföllum milli einstakra fjárveitinga. Þetta er vitanlega gert með það fyrir augum, að tekjur ríkissjóðs kunni að lækka af völdum styrjaldarinnar. — 36. till. er um heimild fyrir ríkisstj. til að láta fullgera þjóðleikhúsið, þannig að hægt verði að nota það fyrir geymslu undir þjóðminjasafnið. Hæstv. viðskmrh. hefir mælt kröftuglega gegn þessari till., og það vissulega með rökum að því leyti, að það er vitanlega nauðsynlegt að spara sem mest kaup á erlendu efni, og get ég að því leyti verið honum samdóma, en við verðum þó að hafa það hugfast, að geymslan á fornminjasafninu, sem nú er, er alveg óforsvaranleg. Þetta merkilega safn er geymt í timburhúsi á efsta lofti og myndi því geta eyðilagzt af völdum elds á einum eða *tveimur klukkutímum, og ef svo óheppilega* vildi til, þá myndi enginn landsmanna, og sízt nokkur alþm., hafa viljað standa á móti því, að safninu væri komið fyrir á þeim stað, sem það væri öruggt. Þetta verða hv. þm. að gera upp við sig um leið og þeir greiða atkv. um þessa till. — 37. till. er um það, að veita stjórn *síldarverksmiðja ríkisins* heimild til að lána af handbæru fé verksmiðjanna 200000 kr. til að gera veg yfir Siglufjarðarskarð eða tengja Siglufjörð við Skagafjörð, og hinsvegar að tengja Raufarhöfn við framleiðslusvæðin þar í kring. Ég geri ráð fyrir, að það verði skiptar skoðanir um þessa till., en það er vissulega talsvert viðurhlutamikið að inniloka alveg slíka staði og þessa, sérstaklega Siglufjörð, þar sem vinna um 12000 manns yfir sumartímann. Það myndi vissulega verða allt annað viðhorf fyrir Siglufjörð, ef hann kæmist í samband við jafnblómlegt hérað og Skagafjörð. Annars er allýtarleg grein gerð fyrir þessari till. í framhaldsnál. fjvn., og skal ég því ekki hafa um hana fleiri orð.

***Finnur Jónsson:** Ég er einn af þeim þm., sem þarf víst að nokkru leyti að biðja fjvn. nokkurrar afsökunar af þeim ástæðum, að ég tók fyrri hluta nál. hennar afskaplega alvarlega. Ég bjóst við, að n. myndi flytja ýmiskonar sparnaðartillögur og hafa í frammi niðurskurð á fjárlögum. Og ég tók þetta heitorð n. í fyrri hluta nál. svo alvarlega, að ég skirrðist við að flytja till. á Alþ. um útgjöld, sem ég hefði viljað fá handa mínu kjördæmi. Nú sé ég, að ég þarf að biðja enn afsökunar á, að ég skyldi taka sparnað-

artal hennar svona alvarlega, af því að í seinni hluta nál. er þessu raunverulega snúið við. Í staðinn fyrir að standa við þau loforð, sem n. gaf í fyrri hluta nál., kemur hún nú með ýmiskonar útgjaldatillögur, sem ekki er sýnilegt, að beinlínis sé þörf á að framkvæma einmitt á þessu ári. Þetta gerir n. jafnhliða því, sem hún flytur till. um verulegan niðurskurð á ýmsu. sem til atvinnuaukningar myndi horfa. Nú skal ég ekki fara mikið út í þetta, en ég vildi sérstaklega ræða tvo liði í hinum nýju brtt. n., sem hér liggja fyrir á þskj. 636. Fyrri liðurinn er nr. 34 og er við 22. gr. fjárl., um heimild fyrir stjórn síldarverksmiðja ríkisins til að kaupa síldarverksmiðjuna á Húsavík eins og hún var um áramótin 1938—1939, ef viðunandi samningar takast um verð og greiðsluskilmála. Ég verð að segja það, að ég skil ekki almennilega þessa till. að því leyti, að það er sagt, að heimildin nái til að kaupa verksmiðjuna eins og hún var um áramótin 1938—1939. Á að setja verksmiðjuna í sama ástand eins og hún var í um áramótin 1938—1939, eða hver er meiningin? Mér er kunnugt um, að verksmiðjan var um þau áramót í hraklegu ástandi. Það væri ákaflega gott, ef hv. frsm. fjvn. vildi gera svo vel og gefa upplýsingar um, hver meiningin er með þessu hjá fjvn. Í öðru lagi vildi ég koma að því, sem hv. frsm. las hér upp af sérstöku blaði, þar sem talið er, að það sé mjög hagkvæmt fyrir ríkisverksmiðjurnar að eignast þessa verksmiðju. Nú vildi ég vitna í þessu sambandi, ekki til frsm. fjvn., heldur til framkvæmdarstjóra síldarverksmiðja ríkisins um það, hversu hagkvæm vinnslan muni vera í þessari verksmiðju. Ég hefi hér fyrir framan mig skýrslu um síldarverksmiðjur ríkisins árið 1939 eftir Jón Gunnarsson. Þar segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

[Skýrsluna vantar í hndr. þingskrifarans.]

Raufarhafnarverksmiðjan yrði 5000 mála, og er ekki ástæða til að ætla, að vinnslukostnaður yrði þar meiri en á Siglufirði, en þar nemur hann 47 aurum á mál, þar sem vinnslukostnaður á Húsavík myndi á hinn bóginn verða hátt á aðra krónu.

Út af þessari till. verð ég að öðru leyti að segja það, að ég tel það mjög óviðkunnanlegt, er hv. frsm. fjvn. segir, að meiri hl. verksmiðjunefndar sé þessu samþykkur, því að þetta hefir aldrei verið undir hana borið. Ég hefi verið spurður að því, hvort ég vildi mæla með þessu, og ég svaraði, eftir að hafa talað við framkvæmdarstjóra verksmiðjanna, að ég treysti mér ekki til þess. Hann kvaðst í viðtali við mig og Svein Benediktsson vera því mótfallinn, að Húsavíkurverksmiðjan yrði keypt, þar sem hún yrði ekki annað en dragbítur á ríkisverksmiðjunum, til þess að halda síldarverðinu niðri.

Hv. frsm. fjvn. sagði, að það hefði verið gróði á Húsavíkurverksmiðjunni í sumar. Ég veit ekki, hvaðan hann hefir það. (BjB: Ég hefi það frá góðum heimildum). Hann getur ekki haft það frá neinum heimildum. Ég hefi það frá framkvæmdarstjóra verksmiðjunnar, að tap hafi orðið á henni miðað við það, að flytja síldina til Siglufjarðar og vinna hana þar. Auk þess má geta þess, að um sama leyti og ríkisverksmiðjurnar voru að flytja síld til Húsavíkur til vinnslu voru tómar þrærnar á Siglufirði og menn þar á kaupi, sem höfðu ekkert að gera, en á Húsavík var unnið, þar sem verksmiðjurekstrinn var allur dýrari og óhentugri. Það er auðvitað hægt að koma hér fram fyrir þingið og segja, að fjvn. vilji gera þetta til þægðar Húsvíkingum og formanni fjvn., að binda ríkisverksmiðjunum þennan bagga, en hitt er ekki annað en blekking, að sjómenn og útgerðarmenn græði á því, að þessi verksmiðja sé keypt. Um það hefði hv. fjvn. getað sannfærzt með því að tala við forstjóra ríkisverksmiðjanna.

Það hefir verið lögð fram áætlun um að auka verksmiðjurnar á Siglufirði um 2500 mála afköst á sólarhring. Ef gert er ráð fyrir 60 daga vinnslu eða 150 þús. mála yfir sumarið, yrði stofnkostnaður 50 þús. kr., eða um kr. 3.30 á mál yfir sumarið, en 500 mála verksmiðja á Húsavík gæti á sama tíma unnið úr 30 þús. málum, en stofnkostnaður yrði þar 300 þús. kr., eða 10 kr. á síldarmál á ári. Svona verksmiðja yrði því ekki samkeppnisfær við stærri verksmiðjur. Ég vona, ef umr. verður ekki lokið í kvöld, að hv. frsm. fjvn. leiti sér nánari upplýsinga um þetta hjá framkvæmdarstjóra síldarverksmiðjanna, sem mun staðfesta, að þessar tölur séu réttar. Ég læt svo útrætt um þetta mál, en vil aðeins bæta því við, að þegar ríkisverksmiðjurnar ákveða síldarverðið, þá gildir það ekki aðeins um þá síld, sem lögð er upp til þeirra sjálfra, heldur líka til verksmiðja einstakra manna. Yfirleitt þýddi það ekki annað en að lækka síldarverðið til sjómanna og útgerðarmanna að binda ríkisverksmiðjunum þennan bagga.

Þá er síðari till. hv. fjvn. Hún er um að stj. síldarverksmiðja ríkisins sé heimilt að lána ríkissjóði 200 þús. kr. vaxtalaust til 10 ára til þess að fullgera veg yfir Siglufjarðarskarð og Raufarhafnarveg. Að þessari vinnu við veginn yfir Siglufjarðarskarð skulu sitja Siglfirðingar að hálfu leyti móti öðrum, þar með taldir reglusamir og duglegir atvinnulausir námsmenn. Niðurlag þessarar gr. ber mikinn keim af þeirri stefnubreyt., sem orðið hefir í fjvn. síðustu daga. Fyrstu daga og vikur þingsins sáu hv. þm. ekki annan árangur af starfsemi n. en tilraunir til að loka skólum landsins fyrir námsmönnum. En nú koma hv. n. og formaður hennar og leggja til, að varið sé verulegu fé frá ríkisverksmiðjunum til vegabóta á Siglufjarðarskarði og láta námsmenn hafa sérstök forréttindi við þá vinnu, til þess að ýta undir menn að sækja skóla, og auk þess hefir hv. form. fjvn. komið því inn í frv. um síldarverksmiðju á Raufarhöfn, að helmingur þeirra manna, sem þar eiga að bætast við, skuli vera skólamenn. Þetta stingur nokkuð í stúf við þá stefnu, sem virtist vera ráðandi hjá hv. n. framan af þingtímanum, að loka skólunum. Það er fjarri mér að hafa á móti því, að námsmenn fái vinnu, og ég hefi oft sjálfur greitt fyrir slíkum mönnum um að fá atvinnu. En ég kann illa við það, að á slíkum atvinnuleysistímum sem þessum sé gengið svo mjög á rétt verkamanna í landinu að láta skóla-

menn hafa forréttindi að verulegu leyti, þegar úthlutað er vinnu, er ríkið hefir yfir að ráða.

Annars ætlaði ég ekki að fjölyrða um þetta, heldur taka það fram, að mér er ekki kunnugt um, að ríkisverksmiðjurnar hafi fé aflögu. Ég hafði einmitt haldið, að þær vantaði rúmlega einnar milljónar króna erlent lán til þess að koma upp verksmiðjunni á Raufarhöfn. Fyrir nokkrum dögum urðu þær að setja 24 þús. kr. „remburs“ fyrir rafmagnsáhaldi, sem vantaði og ekki var hægt að fá. En nú upplýsir hv. form. fjvn., að ekki sé vandi að taka 200 þús. kr. af handbæru fé verksmiðjanna og leggja í vegagerð. Annaðhvort er, að minn óvitaskapur á sér engin takmörk, eða þá að óvitaskapur hv. fjvn. er takmarkalus.

Til þess að koma upp verksmiðju á Raufarhöfn og viðbót á Siglufirði hefir fengizt loforð um 360 þús. kr. lán í Noregi. Einnig hafði fengizt ádráttur um lán í Danmörku og Svíþjóð, en í Englandi var málaleitun um lán neitað, og enginn veit, hvort til þess muni koma, að lánin fáist í Danmörku og Svíþjóð. Hv. fjvn. mun eflaust svara því til, að þessi till. komi ekki til framkvæmda nema verksmiðjurnar hafi handbært fé, en í till. fjvn. stendur, að heimilt skuli að taka til láns 200 þús. kr. **af handbæru fé** verksmiðjanna, alveg eins og verksmiðjurnar vaði í peningum. Hv. fjvn. hefir mjög brotið heilann um fjárhag ríkisfyrirtækja og ætti að vita um fjárhag ríkisverksmiðjanna. Vil ég því gera nokkra tilraun um það, hvort hv. n. telji í raun og veru, að verksmiðjurnar vaði í peningum, með því að leggja fram ásamt öðrum hv. þm. brtt. við þessa till. hv. n. Ég tek það fram, að ég er því hlynntur, að vegur komist yfir Siglufjarðarskarð. Ég hefi lengi dvalið á Siglufirði, og ég get sagt fyrir mig, að mér þætti vænt um að geta skroppið á sunnudögum í bíl yfir skarðið. Ég ber auk þess hlýjan hug til Presthólahrepps, sem er minn fæðingarstaður. En eftir hvorugum þeim vegi, sem um getur í till. hv. fjvn., myndi fara fram nokkur þungavöruflutningur til síldarverksmiðjanna. Siglufjörður er sá bær hér á landi, sem beztar hefir samgöngur á sjó að sumrinu, en yfir skarðið myndi aldrei verða fluttur neinn þungavarningur til bæjarins. (**BSt**: Allténd þó til þeirra, sem vinna við verksmiðjurnar). Það gæti verið, að til þeirra yrðu fluttir nokkrir pottar af mjólk úr Skagafirði, en bæði er, að það getur ekki talizt nein þungavara, og svo skil ég ekki, að slíkir flutningar geti talizt svo nauðsynlegir, að ástæða sé til fyrir Alþingi að taka það fé, sem safnazt hefir fyrir hjá verksmiðjunum, til þess að leggja í vegagerð sem þessa. Og því síður get ég séð nokkurt réttlæti í því að taka þetta vaxtalaust, þegar ríkissjóður á eftir að taka einnar milljónar króna lán til ríkisverksmiðjanna til þess að þær geti gert það, sem þær þurfa að gera fyrir næstu vertíð. Þó vil ég freista með till., hvað mikið er á bak við þá sannfæringu hv. fjvn., að verksmiðjurnar vaði í peningum. Ég tel a. m. k. ekki rétt að taka fé verksmiðjanna í alveg óskyld fyrirtæki, eins og vegalagningar. En það er kunnugt, að á síðasta sumri varð mjög slæm útkoma hjá mörgum skipum, sem lögðu upp hjá verksmiðjunum, og sjómönnum á þeim. Ef verksmiðjurnar hafa svona mikið fé handbært, þá tel ég réttara, að því sé varið í hlutaruppbót til sjómanna og útgerðarmanna, sem lögðu upp hjá verksmiðjunum á síðasta sumri fyrir kr. 1.50 á mál. Ef allt er með líkum, munu verksmiðjurnar hafa grætt á síðasta sumri kr. 4,50 til 5.00 á mál. Því tel ég ekki ósanngjarnt, ef hér er um svona mikið handbært fé að ræða, að það væri notað til að inna þessa litlu hlutaruppbót af hendi. Ég hafði reyndar álitið, áður en ég sá þessa till. hv. fjvn., að ríkisverksmiðjurnar ættu að nota ágóðann af sumrinu til þess að bæta hag sinn, svo að þær gætu gefið meira fyrir síldina á næstu vertíð eða staðizt betur skellina, ef afurðaverð skyldi lækka aftur. En fyrst nú á að fara að ráðstafa þessum gróða á annað borð, verður honum ekki betur varið á annan hátt en þann, að sjómenn og útgerðarmenn njóti hans eins og ráð er fyrir gert í brtt. minni, þó að ég myndi ekki hafa gert till. um að ráðstafa þessum gróða, ef þessi umrædda till. hefði ekki áður komið frá hv. fjvn.

*__Thor Thors__: Ég þarf ekki að vera langorður um nokkrar brtt. við fjárl., sem ég ber fram á þskj., sem er því miður ekki enn komið hér inn í hv. d. Allar eru þær, að einni undantekinni, fremur smávægilegar og miða að verklegum framkvæmdum í kjördæmi mínu. Sú fyrsta er um framlag til Hellissandsvegar, að það hækki úr 4000 kr. upp í 6000 kr. Nú sé ég, að í brtt. hv. fjvn. er lagt til, að þetta framlag hækki upp í 5000 kr. Ég get því tekið aftur þessa brtt. mína, þar sem ég geri ráð fyrir, að eftir að hv. fjvn. hefir komið með slíka till. og ákveðið þessa upphæð, sé þýðingarlaust að deila við dómarann.

2. brtt. mín á þessu sama þskj. (637, V. h.) er um 6000 kr. framlag til bryggjugerðar á Hellissandi. Í þessa bryggjugerð hefir verið lagt stórfé á undanförnum árum, en það hefir ekki enn komið að fullum notum vegna ákveðinna mistaka, sem á þessu verki hafa orðið allt frá því fyrsta. Engin áætlun er til um það, hvernig þessari hafnargerð skuli hagað í framtíðinni, en það kemur ekki að sök, ef ríkið vill leggja fram þetta fé, svo að hægt sé að hefjast handa á næsta sumri. Hér er um að ræða fjölmennt kauptún, sem lifir á sjávarútvegi, og allur almenningur þar á allt sitt undir þeim atvinnuvegi.

3. brtt. er um 3000 kr. framlag til bryggjugerðar í Grafarnesi. Hefir áður verið veitt til þessa 1500 króna framlag á fjárl., en íbúarnir hafa ekki getað hagnýtt sér það. Ég skal geta þess, að jörð sú, þar sem þetta hafnarvirki hefir verið gert að nokkru, er ríkiseign, og er því sanngjarnt, að ríkið leggi nokkuð af mörkum til verksins.

Í brtt. minni er farið fram á 2000 kr. til sundlaugar á Hellissandi. Ég sé, að hv. fjvn. leggur til, að veitt sé fé til sundlaugagerðar á nokkrum stöðum landsins, og er þar eflaust um mikla nauðsyn að ræða, en svo er einnig á þessum stað, þar sem flestir unglingar alast upp til þess að stunda sjó.

Þá er smábrtt., sem ég á með hv. 1. þm. Skagf. á sama þskj., að Lárusi Pálssyni leikara verði veittur 1500 kr. styrkur til framhaldsnáms í leiklist og leikstjórn. Hann hefir í nokkur ár stundað leiknám í Kaupmannahöfn og hefir hvarvetna hlotið glæsilegan vitnisburð. Þessi styrkur yrði honum mikill léttir um það, að fullkomna sig í leiklist erlendis, áður en hann kemur heim. Væri það líka mjög gagnlegt, ef hann gæti kynnt sér betur leikstjórn, eins og þörf er á, ef leiklíf á að geta þróazt hér í bæ.

Þá er þýðingarmesta till. mín við 22. gr. fjárl., sem ég ber fram ásamt tveim öðrum hv. þm., um að ríkisstj. megi verja 50 þús. kr. til þátttöku Íslendinga í heimssýningunni í New York 1940. Eins og kunnugt er, tókum við þátt í heimssýningu í Bandaríkjunum síðastl. ár í fyrsta sinni, en þetta þótti takast þann veg, að Ísland hefir hvarvetna hlotið lof fyrir. Er enginn vafi á því, að þessi sýning hefir mjög orðið til að auka skilning Ameríkumanna á Íslandi og Íslendingum. Hafi verið nauðsyn á því í fyrra að leggja í þetta dýra fyrirtæki, hygg ég, að hún sé enn meiri nú. Eftir að Evrópustyrjöldin brauzt út, hefir komið enn betur í ljós, hver nauðsyn okkur er á því að flytja viðskipti okkar vestur um haf, enda höfum við nú orðið að taka upp siglingar þangað vestur, eins og í síðustu heimsstyrjöld. Þessi till., sem flutt er af hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Ísaf. ásamt mér, er aðeins heimildartill., bundin því skilyrði, að jafnhátt framlag komi frá öðrum. Ég tel, að ekki muni verða tregða á því, að ýms verzlunarfyrirtæki leggi fram fé í þessu skyni, eins og þau hafa áður gert. Mér hefir nýlega borizt bréf frá verzlunarfulltrúa Íslands í New York, Vilhjálmi Þór, sem eins og kunnugt er, var einnig framkvæmdarstjóri Íslandssýningarinnar á síðastl. sumri. Það má gera ráð fyrir — a. m. k. tel ég það næsta líklegt —, að hann verði búsettur þar næsta ár, og má þá telja víst, að starfskrafta hans gæti notið við áframhald sýningarinnar. Hann telur í þessu bréfi, að kostnaðurinn við sýninguna næsta ár muni verða sem næst 10—12 þús. dollarar, þar af sökum mannahalds 4 þús. dollarar, til rafmagns og vatns 2 þús. dollarar, til prentunar á ýmsum ritum með upplýsingum um Ísland og íslenzku þjóðina 1 þús. dollarar, til Íslendingadagsins 600 dollarar, og til ýmislegs 400 dollarar. Þetta verða samtals 8 þús. dollarar, og auk þess má gera ráð fyrir, að 2—4 þús. dollarar eyðist til þess að mála sýningarskálann og setja hann á laggirnar. Vilhjálmur Þór, framkvæmdarstjóri Íslandssýningarinnar, er eins og að líkum lætur mjög hvetjandi þess, að hún verði opnuð á ný á komanda sumri. Mér hefir ennfremur nýlega borizt bréf frá Vilhjálmi Stefánssyni, þar sem hann einnig leggur áherzlu á, að Íslendingar haldi áfram þátttöku í heimssýningunni í New York árið 1940. Í þessu bréfi segir hann m. a.: „Ef ég hefði verið spurður að því, áður en við á síðastl. sumri hófum þátttöku í heimssýningunni, hvort ég ráðlegði Íslendingum að gera það, þá myndi ég hafa neitað því, en nú eftir að ég hefi séð Íslandssýninguna og kynnzt árangri hennar, er ég eindregið hvetjandi þess, að haldið verði áfram á næsta ári.“ Ég hefi heyrt, að Íslandssýningin í New York hafi kostað 70—80 þús. dollara á síðastl. sumri. En nú eigum við kost á fyrir 10% af þeirri upphæð að ná, að ég hygg, enn meiri árangri heldur en á síðastliðnu sumri. Ég skal játa, að 50 þús. kr. eru talsvert miklir peningar, ekki sízt nú á tímum, en þegar það er aðgætt, að verzlun vor Íslendinga er stöðugt að flytjast meir og meir vestur um haf, og að hún verður að gera það, þá er þetta nauðalítið gjald af þeirri verzlunarveltu, sem hlýtur að verða á næstunni við Ameríku. Ég veit, að það er óþarft að fjölyrða sérstaklega um það, hvaða gagn við höfum haft af sýningunni, og við komum til með að hafa, ef við höldum áfram þátttöku í henni, því að það er öllum ljóst, að við verðum að auka viðskipti okkar við Vesturheim. Það er öllum þeim ljóst, sem þekkja til, að búast má við, að þau aukist stórlega, einkum ef okkur tekst að vinna samúð Ameríkumanna og fá þá til að opna hug sinn fyrir því, hve mikil nauðsyn okkur er að auka viðskiptin við þá. Ég hygg, að nú þegar hafi einmitt mjög mikið áunnizt í þá átt að opna skilning manna þar vestra fyrir því, hve mikil þörf Íslendingum er á viðskiptum vestur um haf. Ég dreg það ekki í efa, að þær 50 þús. kr., sem munu þurfa að koma á móti framlagi ríkissjóðs frá einstökum félögum og fyrirtækjum, munu greiðlega verða látnar af höndum. Ég geri ráð fyrir, að einstaka stór verzlunarfyrirtæki, sem lögðu mikið fé til sýningarinnar á síðastl. sumri, muni þegar í stað gera það; fyrirtæki eins og t. d. Eimskipafélag Íslands, Samband íslenzkra samvinnufélaga, Sölusamband íslenzkra fiskframleiðenda, fiskimálanefnd, síldarútvegsnefnd og síldarverksmiðjur ríkisins, sem öll hafa stórra hagsmuna að gæta í þessum viðskiptum; það væri óhyggilegt af þeim að leggja ekkert fé fram til þessarar sýningar, enda munu þau láta skerf til auglýsinga vestra. Ég leyfi mér því að vænta þess, að hv. Alþ. hafi fullan skilning á nauðsyn þessa máls og taki þessari till. því vel.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég vildi ekki tefja mjög fyrir þeim, sem eru á mælendaskrá, og bið afsökunar á því að gera það. En út af 37. brtt. á þskj. 636, sem er um það, að veita heimild handa stjórn síldarverksmiðja ríkisins, ætla ég að tala um nokkuð, sem ég gleymdi í fyrri ræðu minni, en vil nú taka fram, áður en lengra er farið.

Ég hefi ástæðu til að halda, að þetta mál liggi ekki eins einfalt fyrir og það er tekið. Ég vil beina nokkrum orðum til þeirra, sem hafa áhuga á málum Siglufjarðar, eins og hv. þm. Ísaf. (FJ). Rétt er, að það sé tekið fram, að ekki eru líkur til, að síldarverksmiðjurnar hafi á næstunni handbært fé upp í þær skuldir, sem á verksmiðjunum hvíla, þó maður telji aðeins lausaskuldir. Eins og hv. þm. Ísaf. tók fram, þá vantar þær peninga til að greiða þær nýju verksmiðjur, sem hafa verið settar á stofn á Raufarhöfn, og stækkun verksmiðjunnar á Siglufirði; þó að þær gætu aflað sér fjár, þá verða þær að fá allt rekstrarfé sitt að láni hjá Landsbankanum, og fyrst um sinn mun aldrei koma sú

stund, að þær skuldi ekki fé hjá bönkunum hér í Reykjavík. Ef þessi till. yrði samþ. hér á Alþ., ætti stjórn síldarverksmiðjanna að labba ofan í Landsbankann og fá lán til að leggja veg yfir Siglufjarðarskarð. Ég tel, að það sé eingöngu viðskiptalegur misskilningur, að ætlast til lántöku upp á þær spýtur.

Ég vil benda á það, að ef þessi till. á að miðast við það, að síldarverksmiðjurnar hafi handbært fé, þá eru engar líkur til þess, að vegurinn yfir Siglufjarðarskarð verði lagður á næstunni, og er það bjarnargreiði fyrir málið að samþ. þessa till., þar sem tilgangur hennar næst ekki, því að ekki er hægt að ætlast til þess, að bankarnir láni verksmiðjunum fé í þessu skyni. Ég vil benda þeim hv. þm. á, sem ég veit, að hafa margir áhuga á þessu máli, að breyta till. þannig, að ríkisstj. sé heimilað að taka ákveðna upphæð að láni til að leggja þennan veg, eða bera fram brtt. við fjárl. um, að ákveðin upphæð verði veitt af ríkisins hálfu. Þá kemur til greina, að Siglufjarðarbær, eða þeir þar heima fyrir, reyni að fá sér lán út af loforðum um vinnu til þess að vegurinn yrði lagður. Ég hefi heyrt það hjá mörgum, að þeim finnst mjög óheppilegt, að síldarverksmiðjum ríkisins sé blandað inn í þetta mál, þar sem þær hafa ekki fé til reiðu. Það er ákaflega hætt við, að það yrði talin hrein aukagreiðsla, sem óverjandi væri að íþyngja rekstri verksmiðjanna með. Ég vil leggja áherzlu á, að við atkvgr. um þessa brtt. um lántöku verksmiðjanna fæst alls ekki úr því skorið, hverjir þm. vilja, að vegurinn sé lagður. Ég vil beina því til hv. nm. og þeirra hv. þm., sem hafa áhuga á, að vegurinn verði lagður, að reyna að finna einhverja slíka leið. Ég mun fyrir mitt leyti ekki greiða atkv. með brtt. um lántökuna, því að ég er á móti því, að sú regla verði tekin upp, að láta éta upp vegaféð fyrirfram með slíku móti. Ég mun greiða atkv. með till. frá fjvn., að í fjárl. verði ákveðin fyrsta fjárveiting af allmörgum, og þeir, sem hafa áhuga á þessu, geta borið fram varatill. til að fá úr því skorið, hvað samþ. verður. En það er óeðlilegt, að verksmiðjurnar leggi fram lánsfé í því skyni, úr því að þær hafa ekki annað fé, og ég vil taka fram, að ég er því andvígur. Ég býst ekki við, að umr. um fjárl. verði lokið í nótt, og verður þá tækifæri til að athuga þetta á morgun, og geta hv. þm. þá flutt till. um það.

Hv. þm. Snæf. (TT) flytur till. um, að hæstv. ríkisstj. leggi fram fé til New York sýningarinnar. Ég segi, hvers vegna þarf endilega að flytja það sem heimild? Hvers vegna getum við ekki ákveðið það í fjárl., eins og við gerðum á sínum tíma, þegar við ákváðum hér á hv. Alþ. að taka þátt í heimssýningunni í New York? Ég vil vara menn við því að byrja aftur á því að samþ. stórar upphæðir í fjárl. sem heimildargreiðslur fyrir ríkisstj., en þora ekki að horfast í augu við, hvað sé greitt úr ríkissjóði. Ég vil mælast til, að hv. þm. Snæf. breyti till. sinni á þann hátt, að ákveðin upphæð verði veitt úr ríkissjóði til þátttöku Íslendinga í heimssýningunni í New York, og komi þá fram, hvort þingvilji er fyrir því, og ef ekki fæst þingfylgi fyrir þessari fjárveitingu, væri ekki heldur rétt, að ríkisstj. notaði slíka heimild, þótt til væri. Það á ekki að byrja aftur á því að taka upp langa runu af heimildum aftan við fjárl. fyrir ríkisstj., sem búast má við, að verði notaðar að meira eða minna leyti, og láta svo koma fram miklar umframgreiðslur þegar landsreikningurinn kemur.

Pálmi Hannesson: Herra forseti! Ég flyt hér eina brtt. á þskj. 619, og felur hún í sér heimild fyrir hæstv. ríkisstj. til að greiða Páli Sveinssyni yfirkennara við menntaskólann í Reykjavík full laun, ef hann lætur af embætti á árinu 1940. En jafnframt verði það skilyrði sett, að hann vinni að því að fullgera frakknesk-íslenzka orðabók, sem hann hefir í smíðum. Mér þykir rétt að fylgja þessari till. með nokkrum orðum, enda þótt ég geri ráð fyrir, að hér muni menn una öðru betur en löngum ræðum. Eins og mörgum er kunnugt, sæti eiga hér á hinu háa Alþ., hefir Páll Sveinsson verið starfsmaður ríkisins og unnið að kennslu um mjög langan tíma, samtals yfir 30 ár. Hann er nú nokkuð tekinn að reskjast, því að hann er kominn yfir sextugt, og hefir hin síðari ár gengið allt annað en heill til skógar, og margoft verið sárlasinn. Það er óhætt að segja það, að Páll Sveinsson er einn af mætustu mönnum, ekki aðeins í hópi þeirra, sem nú starfa að kennslu, heldur líka þeirra, sem hafa starfað að kennslu við menntaskólann um mjög langan tíma. Ég veit það, að enginn maður er jafnfullkomlega öruggur hvað snertir skyldurækni og stundvísi sem Páll Sveinsson. Ég veit það ákaflega vel, að mjög oft hefir hann átt drjúgum erfitt, því að hann ver öllum stundum til þess að rækja eitthvert starf. Í almanaki Páls Sveinssonar eru hvíldardagar ekki til, því að auk erfiðra kennslustarfa hefir hann unnið í mörg ár að undirbúningi frakknesk-íslenzkrar orðabókar. Það er mikið verk, og miklu meira verk heldur en öllum þorra manna er títt að trúa. Ég vil í því sambandi minna hv. þm. á starf, sem er mjög viðurkennt, og að verðleikum, sem sé starf dr. Jóns Ófeigssonar, er hann lagði í sína þýzk-íslenzku orðabók, og þá miklu vinnu, sem hann lagði í sitt starf. Okkur hefir lengi vantað frakknesk-íslenzka orðabók. Ég hygg, að á síðari árum hafi allmikið færzt í það horf, að Íslendingar leiti eftir kynnum við franska tungu og menningu meira en áður, og ég hygg líka, að í þá átt muni stefna allhraðfara á næstu árum, og ber margt til þess. Ég vil ennfremur geta þess, að fyrir utan þessi störf, sem ekki er mjög mikið á lofti haldið, vegna þess hve Páll Sveinsson er hlédrægur maður, hefir hann unnið manna mest að því að efla kynningu, samúð og samband milli hinnar frönsku menningarþjóðar og okkar Íslendinga. Ég gæti lagt fram mörg vottorð og umsagnir um það, hve hann nýtur óvenju mikils álits og vinsælda meðal allra þeirra manna, sem starfa að því að styrkja menningarlegt samband milli þessara tveggja þjóða. Síðastl. vor kom Páll Sveinsson að máli við mig og færði það í tal, að sig fýsti að láta af störfum

við skólann. Hann sagðist finna, að árin liðu fyrr en varði, og heilsa sín væri alls ekki eins sterk og hún hefði verið. Hann sæi fram á, að mikið verk væri óunnið við frakknesk-íslenzku orðabókina, og vafasamt hvort hann gæti lokið því á þeim tíma, sem hann ætti eftir af sinni starfsæfi. Ég sagði, að ég gæti ekki sett mig á móti því, að hann hyrfi frá skólanum, enda þótt mér væri ákaflega örðugt að sjá af honum frá skólanum, vegna þess hve verk hans væri mikils virði, ekki aðeins við kennsluna, heldur einnig fordæmið, traustið og öryggið, sem verk hans og persónuleg framkoma sköpuðu um stofnunina. Það er öllum ljóst, hve skarð hans er vandfyllt. Þess vil ég einnig geta hér, að mér er það ekki nauðungarlaust að sjá á bak slíkum kennara og starfskrafti, en þó skil ég mæta vel hina aðkallandi þörf Páls Sveinssonar að fá lausn frá embætti. Ég tel mér undandráttarlaust skylt að fylgja því fram með þeim ráðum, sem ég ræð yfir. Ég ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta og vona, að hv. þm. skilji það. Það virðist vera eins og ástatt er nauðsynlegt að leysa hann frá embætti og leyfa honum að binda enda á orðabókarstarf sitt, ef á annað borð á að hverfa inn á þá braut, að meta nokkurs vel unnin verk og gjalda trúrra þjóna störf og verðlauna þau, þó að seint verði það gert að maklegleikum.

Á þskj. 637 eigum við, ég og hv. 2. þm. Skagf. (StgrSt), eina brtt., sem fer í þá átt, að hækkaður verði styrkur til flóabáta og sú hækkun gangi til Skagafjarðarbátsins, eða þess báts, sem heldur uppi ferðum milli Sauðárkróks og Siglufjarðar. Það mun öllum hv. þm. vera kunnugt, að Skagafjörður er einkennilega einangrað hérað. Hann nýtur ekki þeirra samgangna á sjó, sem Eyjafjörður verður aðnjótandi, og ekki þeirra samgangna á landi, sem Húnavatnssýsla hefir. Það er að vísu búið að koma þar upp álitlegri höfn, en hinsvegar ber á það að líta, að millilandaskip hafa ekki hingað til fengizt til þess að sigla þangað, og er sú höfn því ekki neitt verulegt ráð til þess að uppfylla eins og nauðsynlegt er samgönguþörfina né bæta úr samgöngunum. Því miður hafa um lengri tíma verið mjög erfiðar samgöngur frá Sauðárkróki og Hofsósi út til Siglufjarðar, og eins og flestir hv. þm. vita, eru nú starfandi kaupfélög bæði á Sauðárkróki og Hofsósi, og eiga þau allmikinn markað á Siglufirði yfir síldveiðitímann, og það hefir verið svo um nokkur undanfarin ár. Báðum félögunum er því nauðsynlegt að hafa öruggar samgöngur við Siglufjörð; auk þess er þar svo háttað mestan hluta ársins, að menn, sem þurfa að ferðast á sjó til Skagafjarðar, verða fyrst að fara til Siglufjarðar og þaðan til Sauðárkróks eða Hofsóss. Þess vegna verður að reyna að halda uppi ferðum, er geta sameinað þetta hvorttveggja, vera vel fallnar til fólksflutninga, en gætu líka flutt vörur, þótt það væri ekki mikið. Fyrir nokkrum árum leit út fyrir, að það gæti orðið að verulegu gagni, að báturinn annaðist heyflutninga frá Skagafirði til Siglufjarðar, en því miður atvikaðist það svo, að hinn grimmi vágestur, mæðiveikin, kom til Skagafjarðar og lagði undir sig næstum helming héraðsins. Þá var sett bann á heyflutninga úr þeim hluta héraðsins til Sauðárkróks, og það hefir valdið mjög miklu og tilfinnanlegu tjóni fyrir þá, sem haldið hafa úti báti í förum milli Sauðárkróks og Siglufjarðar. Nú er svo háttað, að það er alveg á mörkum, hvort þessi bátur getur haldið áfram ferðum, og sjálfsagt ekki nema þær verði færri en áður. Ég vona, að hv. þm. skilji það, að slíkt hlyti að verða til mikils tjóns fyrir héraðsbúa, og þess vegna er þörf á að styðja að því, að þeim verði hjálpað. Þess vegna leggjum við þm. Skagf. til að reyna að lagfæra þetta með þeirri litlu fjárhæð, sem farið er fram á á þskj. 637 til viðbótar við flóabátastyrkinn. (GSv: Sá styrkur hefir verið hækkaður). En hann ætti að hækka hlutfallslega nokkru meira þarna en annarstaðar. Ég vil benda hv. þm á, að þessi bátur er til mikils gagns, og það yrði mikill munur með heyflutningana, ef þær ferðir yrðu lagðar niður. Jafnframt eykst nú ár frá ári þörfin á samgöngum milli Skagafjarðarhafnanna og Siglufjarðar. Allt fram á síðustu ár hefir þeim ferðum verið haldið uppi af bát, sem gekk frá Akureyri, en þær ferðir eru mjög erfiðar og óhagfelldar fyrir Skagfirðinga, þótt að því ráði yrði horfið, og þess vegna þótti rétt að breyta svo til, að hinn nýi bátur gangi frá Siglufirði til Skagafjarðar. Tillagið, sem Skagafjarðarbáturinn fær, er ekki nema ⅓ af því, sem sá bátur fær, sem heldur uppi samgöngum á Eyjafirði. Það hefir verið litið þannig á, að það væri réttmætt, að sá bátur fengi meira en helmingi hærra tillag en hinn, sem heldur uppi samgöngum milli Siglufjarðar og Skagafjarðarhafnanna, en hvort svo er, skal ég ekki dæma um. Ég geri ekki ráð fyrir því, að það verði lækkaður styrkur til flóabátsins á Eyjafirði, svo að meiri jöfnuður komist á. En til þess að bæta úr brýnni nauðsyn, er sú till. borin fram, sem ég hefi nú rætt um.

Þá eigum við þm. Skagf. loks örlítla brtt. á þskj. 619, sem er um að veita 600 kr. styrk til sjúkrasamlagsins á Sauðárkróki. Þetta sjúkrasamlag er með elztu sjúkrasamlögum hér á landi. Það hefir starfað af miklum dugnaði og hlotið miklar vinsældir. Á síðari árum hefir kreppt mikið að hag þess, því að það hefir engan ríkisstyrk fengið með nýju tryggingarlöggjöfinni. Þess ber að geta, að samlagið hefir gert tilraunir til að komast undir tryggingarlögin, en það hefir orðið árangurslaust. Forgöngumenn hreppsins hafa staðið á móti því, vegna þess, að þeir treystu sér ekki til að leggja í þann kostnað, er leiddi af því að greiða styrk fyrir þá, sem eru á vegum hreppsins. Nú ber sérstaklega á það að líta, að þarna er um sjálfstæða stofnun að ræða, sem hefir komið og kemur enn að miklum notum fyrir almenning á þessum stað. Í öðru lagi hefir það ekki tekizt hingað til að koma þessu sjúkrasamlagi undir l. um alþýðutryggingar, og það er meira en vafasamur hagnaður fyrir ríkissjóð, ef það legðist niður. Það virðist því ekki vera ósanngjarnt, að þetta sjúkrasamlag haldi sama styrk sem áður, a. m. k. meðan verið er að koma því í kring, að það komist undir tryggingarlöggjöf-

ina, því að þess er að vænta, að ekki líði á löngu áður en unnt verður að jafna þann ágreining, sem hefir valdið því, að það hefir ekki enn komizt undir tryggingarlöggjöfina, en vonandi getur það orðið.

Þetta voru nú þær aðaltill., sem ég hefi ástæðu til að kæmu fram, að svo komnu a. m. k.

Ég skal aðeins bæta við nokkrum orðum út af síðustu till. á þskj. 636, sem er um að veita stjórn síldarverksmiðja ríkisins heimild til að lána ríkissjóði fé til þess að leggja veg yfir Siglufjarðarskarð og út til Raufarhafnar. Að vísu hafa verið leidd sterk rök að því, að nauðsyn beri til að koma þessum vegi upp yfir skarðið, og enginn ágreiningur er hér á Alþ. um það, þó að menn greini nokkuð á um leiðina að markinu. Það er alveg tvímælalaust ábyrgðarhluti fyrir Alþ. að halda þeirri skipun, sem er nú og hefir verið um Siglufjörð, að fólkinu er þar hrúgað saman, án þess að því sé séð fyrir samgöngum og verzlun til landsins, enda þótt atvinnurekstur á Siglufirði hafi verið styrktur mjög mikið að tilhlutun stjórnarvaldanna. Menn eru oft nokkuð undrandi yfir því, að á Siglufirði sé siðferðið miður en vera skyldi. Ég held, að það sé engu verra en gera mætti ráð fyrir, eftir þeim aðbúnaði, sem stjórnarvöld landsins veita þessum stað. Mér er það vel ljóst, að eina leiðin til þess að draga úr miður hollum áhrifum þessa staðar sé sú, að opna fólkinu leið út í sveitina. Þetta mætti takast með því að gera leiðina færa milli Siglufjarðar og Skagafjarðar. Þetta er sú stóra menningarhlið málsins. Önnur hlið þess er svo hitt, hversu geysilegt gagn væri fyrir sveitirnar, sem að liggja, ef gerður væri bílfær vegur þessa leið. Ég hygg, að ef hv. þm. skildu þá hlið málsins, myndi hún reynast miklu betri en hinar, sem oft hefir verið talað um, en það er að koma upp drykkjumannahæli og styrkja bindindisstarfsemi á Siglufirði. Ég er sannfærður um, að það er menningarauki að opna leiðina inn til landsins. Þess vegna er ég því fullkomlega fylgjandi, að vegur komist á; þó mun ég ekki að svo komnu blanda mér í, hvaða leið verður farin að því marki. Meðan ekki er borin fram önnur till. mun ég greiða atkv. með þeirri till., sem ég hefi nú rætt um.

Jón Pálmason: Hv. þm. munu hafa veitt því athygli, að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, mest vegna þess, að ég vildi gera grein fyrir afstöðu minni til þeirrar afgreiðslu fjvn., sem hér er gerð. Ég þarf ekki að svara því, sem hv. frsm. n. hefir hér sagt. Hann talaði af sanngirni og lýsti afstöðu n. til þeirra till., sem hún var sammála um, eins og rétt var. Það er í sambandi við till. n., sem ég vildi segja hér nokkur orð í viðbót við það, sem hann sagði. Þær till., sem n. flytur, eru aðallega þrennskonar. Í fyrsta lagi till., sem eru sprottnar af dýrtíðinni og gengisfallinu síðastl. vor. Þetta er stærsti flokkurinn. Það þýðir ekkert annað fyrir Alþ., og þá fyrst og fremst þessa n., en að horfast í augu við sannleikann, þar sem hann blasir við. Annar flokkur í till. n. er næststærstur. Þetta eru hækkunartill., sem eru sprottnar af samningum og loforðum fyrrv. stjórnar og venjum, sem skapazt hafa hér í þinginu. Sumar till. eru sprottnar af ákvörðunum, sem ríkisstj. hefir gert, eða af ráðstöfunum, sem hún er að gera. Það hefir valdið nokkrum misskilningi hjá einstaka þm. og hjá sumum mönnum utan þings, hvernig till. n. er hagað, sérstaklega hvað snertir fé til byggingar hafna og lendingarbóta. Hluturinn er sá, eins og hv. frsm. gat um, að allar þessar till. eru bundnar við verk, sem annaðhvort er búið að gera og skuld er fyrir, eða þá verk, sem eru í framkvæmd og þurfa fjárframlag. Mest af þessum verkum eru hafnar- og lendingarbætur, ýmist fullgerðar eða í byggingu, og má gera ráð fyrir, að þessi liður verði áfram í okkar fjárl. Það eru sérstaklega 2 hafnar- og lendingarbætur, sem eru ný fyrirtæki. Það er í Þorlákshöfn og Keflavík. N. er sammála um, að nauðsynlegt sé að gera lendingarbætur á þessum stöðum. Í þessum flokki eru till. um framlag til Akureyrarkirkju o. s. frv. Þetta er flest lofað og bundið að nokkru leyti af stj. og nokkru leyti af Alþ. Slíkar till. eru ekkert annað en afleiðingar af ráðstöfunum, sem er verið að gera eða hafa verið gerðar.

Þá kemur 3. flokkur till. n. Þetta eru beinar hækkunartill., og er aðallega um að ræða 290 þús. kr. hækkun til vegaframlaga. Lækkun á þessari sömu gr., þ. e. a. s. 13. gr., er 117 þús. kr. Þannig er hækkunin hér í raun og veru 173 þús. kr., og þetta eru hinar raunverulegu hækkunartill. n. Ég verð að segja, að eftir þá meðferð, sem ýmsar till. n. í sambandi við fjármálin hafa fengið í þinginu, og eftir ástandinu, sem nú er, þá held ég, að hæpið sé að telja það athugavert, þó að þessar till. komi fram, þegar þess er gætt, að í þeim felst heimild fyrir ríkisstj. til að draga 20% úr öllum ólögbundnum framlögum, ef tekjur lækka verulega. Það er ekki vegna þessara vegatill., sem ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, heldur vegna ýmissa smátill., sem n. leggur til, og þó aðallega vegna þess, að fjvn. hefir látið undan síga þeim straumum, sem hafa komið fram á þinginu gegn allri sparnaðarviðleitni. Það má geta þess, að eins og hv. þm. muna, var tilgangurinn með frestun þingsins í vor, eftir að samið hafði verið um myndun þjóðstjórnar, að sá frestur yrði til þess notaður að undirbúa ýmsar breyt., sem gera þyrfti á starfsemi ríkisins, og færa niður gjöldin til mikilla muna með skipulagsbreytingum og niðurfellingu ónauðsynlegra stofnana. Því miður hefir reynslan orðið sú, að þessi undirbúningur hefir ekki farið fram og við stöðum í sömu sporum og í vor, þegar þingið kom saman nú. Það er augljóst, að eins og ástatt var í byrjun þessa þings, vantaði þann raunverulega undirbúning til þess að færa saman ríkisrekstrinn og fylgja þeirri venju, sem hér hefir skapazt á þessu sviði. Það er augljóst mál, að eftir því sem gjöld okkar hækka, eftir því þarf að binda fleira í lög, og þess meiri verða erfiðleikarnir. N. hefir rekið sig á í viðleitni sinni til að færa niður gjöldin, að þau eru ýmist loforð, lagaákvæði eða samningar, og sumar þessar greiðslur ná langt fram í tímann. Þær tilraunir, sem fjvn. hefir gert í brtt. til þess að breyta

loforðum, sem gilt hafa í þessu sambandi, hafa fengið þá meðferð og viðtökur hjá hv. þm., að ekki er fært fyrir n. að halda lengra á þeirri braut, þar sem ekkert útlit er fyrir, að þær brtt. nái samþykki. Nú er ljóst, að ekki er hægt að færa niður í stórum stíl gjöld ríkisins, án þess að það komi út yfir þær stéttir, sem taka laun hjá ríkinu. Sú viðleitni, sem kom fram í till. n. hvað snerti vinnutíma starfsmanna, aukavinnukaup og allskonar aukagreiðslur, var spor í rétta átt. Það hefir sýnt sig, að þingið hefir ekki tekið þetta mál þeim tökum, sem vera þarf. Ég skal geta þess að því er snertir gjöld í hlutfalli við dýrtíðina, að það hefir verið gengið inn á, að gjöld við sjúkrahús hækkuðu í samræmi við dýrtíðina. Ég er alls ekki ánægður með afgreiðslu n. á þessu máli. Ég tel, að breyta þurfi fullkomlega fyrirkomulagi á yfirstjórn þessara fyrirtækja. Ég skal geta þess, að n. skrifaði ríkisstj. og skoraði á hana að segja upp samningum, sem gerðir hafa verið hér í bænum af hálfu stjórnarn. ríkisspítalanna. Mig langar til að fá upplýsingar um, hvort stjórnin er búin að segja upp þessum samningum. En þar sem hæstv. félmrh. sést hér ekki, þá verð ég að leita þeirra upplýsinga á annan veg.

Viðvíkjandi skólunum er það að segja, að menn hafa tekið eftir því, að fjvn. hefir ekki gert till. um að hækka útgjöld skólanna, í sambandi við það, sem ætla má að verði, miðað við dýrtíðina. Hér er um að ræða mjög stóra upphæð, sem myndi sparast, ef skólatíminn væri styttur, og nefndin ætlast til þess. Mun koma til kasta hæstv. ríkisstj. að skera úr um það efni.

Þá ætla ég næst að tala um heimildartill., og ég vil taka það fram, að ég er á móti ýmsum þessum till., sérstaklega 3. Í fyrsta lagi er ég mótfallinn því, að ríkið ábyrgist fyrir Búnaðarfél. Ísl. 25 þús. kr. til að kaupa og starfrækja rafmagnsverkstæði. Ég tel vafasamt að stofna til slíkra fyrirtækja og erfitt að fá mann, sem gæti veitt því forstöðu á viðunandi hátt. Í öðru lagi er ég á móti till., sem fer fram á, að 45 þús. kr. verði veittar til þess að gera við þjóðleikhúsið og færa þangað forngripasafnið. Í þriðja lagi er ég á móti því að heimila stjórn síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði að kaupa síldarbræðslu á Húsavík, enda sést, þegar þessi fyrirtæki trénast upp, að þau lenda oftast á ríkinu.

Ég vil ekki grípa fram fyrir hendurnar á hv. frsm. fjvn. að því er snertir till. um lán til að reisa síldarbræðsluverksmiðju á Raufarhöfn. Ég ætla aðeins að mótmæla þeirri yfirlýsingu frá hv. þm. Ísaf., að þessi till. sé ákveðin stefnubreyting fjvn. Þetta er fullkominn misskilningur. N. er ekki að neinu leyti að breyta stefnu sinni. Á skólunum er fjöldi af ungum mönnum og full þörf á því, að þeir hafi atvinnu yfir sumarið, til að geta goldið sína skólagöngu. Verkamenn eru að vísu ekki margir atvinnulausir, en samt hefir n. tekið tillit til atvinnuleysis verkamanna.

Þá skal ég víkja að því, hvernig tekjuáætlunin er á fjárl. og geta þess, að ég er mjög ósamþykkur sumum till., sem n. hefir gert á þessu sviði. Í frv. eins og það er lagt fyrir voru tekjurnar áætlaðar 14,3 millj. kr., en eftir þeim upplýsingum, sem við fengum um tekjurnar í byrjun þings, var þessi áætlun 10,8 millj. kr. Að fengnum þessum upplýsingum er því ekki óeðlilegt, þó að n. reyndi á ýmsa vegu að færa niður gjöldin. Ég og hv. 2. þm. Rang. fórum í gegnum þessa tekjuáætlun í samráði við þá menn, sem þar koma helzt til greina sem stjórnendur stofnana og starfsgreina ríkisins. Það varð að samkomulagi, að áætlunin yrði 12,6 millj. kr., en nú hefir n., í samráði við hæstv. fjmrh., fært hana upp í 14,7. Ég tel, að sú áætlun sé mjög óvarlega gerð, þar sem við verðum að minnka mjög viðskipti okkar vegna styrjaldarinnar. Í tekjur samkv. 3. gr. fjárl. er gert ráð fyrir meira fé en nokkur trygging er fyrir, að muni fást, og er ég einnig ósamþykkur sumu í þeirri áætlun. Nú horfir ekki svo vel, að við getum haft nokkra ákveðna von, hvað þá vissu um, að óhætt sé að áætla, að á þessum hlutum verði breyt. til batnaðar.

Ég skal ekki tefja tímann með lengri ræðu að sinni, en ég vænti, að hv. þm. hafi séð af því, sem ég hefi þegar sagt, að það er ekki að neinu leyti undarlegt, þótt ég hafi ekki getað fallizt á þá afgreiðslu, sem hér blasir við, og gefst mér e. t. v. tækifæri til þess síðar að gera nánari grein fyrir sumum þeim atriðum, sem ég hefi hér aðeins drepið lauslega á. Reynslan mun sýna, að afgreiðsla þessara fjárlaga stenzt ekki vel, frekar en verið hefir, og þó eru til viðbótar horfur á allverulegum gjöldum samkv. þeim lögum, sem út lítur fyrir, að nái fram að ganga.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. á þskj. 636 og 637, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

*Jóhann Jósefsson: Herra forseti! Það er með mig eins og með marga aðra, að ég á lítils háttar brtt. við þetta frv. Ég verð að segja það, að ég hefði e. t. v. ekki flutt sumar þeirra, þótt ekki séu þær stórvægilegar, ef ég hefði séð verulega alvöru í því hjá Alþingi, að gæta hins ýtrasta sparnaðar í fjármálum, eins og ég satt að segja bjóst við, að lagt yrði kapp á. En þegar ég hinsvegar sé, að þeirri stefnu er eigi haldið, þá get ég ekki stillt mig um að bera fram þær brtt., er varða áhugamál mín og míns kjördæmis.

Það er í fæstum orðum að segja, að mitt kjördæmi, Vestmannaeyjar, hefir átt örðugast allra um fjárframlög úr ríkissjóði, miðað við þær tekjur, sem þjóðarbúinu hafa borizt frá Vestmannaeyjum. Hafnargerð í Vestmannaeyjum er mjög örðug — líklega örðugri en nokkurstaðar annarstaðar á landinu, — en þó höfum við orðið að láta okkur nægja nú um mörg undanfarin ár einar 30 þús. kr. til þeirra hafnarmannvirkja, sem ríkið hefir stutt.

Ég er að vísu þakklátur hv. n. fyrir það, að hún hefir eftir beiðni minni gert ráð fyrir 30 þús. kr. tillagi til hafnarinnar, en þó hefir hún látið fylgja þessu fé einkennilegt skilyrði, sem sé það, að Vestmannaeyjakaupstaður gefi

ríkissjóði kost á að leigja dýpkunarskipið. Ég veit naumast, hvernig ber að skilja þetta, en vil þó leggja í það þann skilning, að ef Vestmannaeyjakaupstaður vill ekki leigja skipið vegna þess að þörf sé fyrir það í Vestmannaeyjum, þá sé fjárveitingin þar með úr gildi felld. Ég vil ekki leggja annan skilning í þetta skilyrði en ósk ríkisstj. um að fá skipið leigt. Það getur verið Vestmanneyjum alveg ómögulegt að leigja skipið á hvaða tíma sem er.

Ég fór fram á dálitinn aukastyrk til dýpkunar á sjálfri innsiglingunni, en fjvn. sá sér ekki fært að taka upp á sína arma neina till. í þá átt. Hefi ég því leyft mér að flytja um þetta brtt. á þskj. 619. Er farið fram á 20 þús. kr. fjárveitingu, en til vara 15 þús.

Mér er sagt, að bæði þessi till. og aðrar, sem ég flyt hér, eigi litlu fylgi að fagna hjá fjvn., og verður hún vitaskuld að ráða sinni afstöðu. Ég mun bera mínar till. fram allt að einu.

Þá hefi ég borið fram till. um, að 500 kr. verði veittar til sjómannalesstofu í Vestmannaeyjum. Slík lesstofa er starfrækt í Reykjavík og á Ísafirði, og um Ísafjörð þori ég að fullyrða, að þar er miklu minna af sjómönnum heldur en safnast saman í Vestmannaeyjum úr ýmsum héruðum landsins. — Þá hefi ég farið fram á, að heimild sú, sem er í núgildandi fjárl. um að ríkisstj. megi gera ráðstafanir til hindrunar landbroti í Vestmannaeyjum, fái að haldast óbreytt næsta ár. Ég vona, að fjvn. leggist ekki á móti þessu, þar sem lítils háttar er nú byrjað á þessu verki, og sá undirbúningur er þess eðlis, að ef ekki verður haldið áfram, má segja, að verr sé farið en heima setið. Varnargarðsbygging hefir verið undirbúin, en eðlilegast er, að þetta verk sé unnið smátt og smátt á mörgum árum, en ekki allt í einu. Þarf nauðsynlega að vera hægt að halda þessu verki áfram.

Ásamt mörgum öðrum þm. flyt ég till. um það, að Grænlandsritgerðir dr. Jóns Dúasonar verði gefnar út á prent. Það er vitanlegt, að þingið hefir stutt þennan mann til rannsókna að því er snertir Grænlandsmálin og þann sögulega rétt, er Íslendingar hafa til Grænlands. Þegar það spor var stigið, tel ég víst, að ætlunin hefir verið að gera honum mögulegt að koma ritunum á prent smátt og smátt. Ég vil ekki orðlengja meira um þetta mál. Það er óþarfi, því að þm. er það vel kunnugt.

Hefi ég þá gert grein fyrir mínum brtt., en langar til að biðja fjvn. um upplýsingar í sambandi við eina af hennar till. Þar er ekki um stórmál að ræða, en snertir dálítið mitt kjördæmi. Stj. hafði lagt til, að til dýralækninga víðsvegar á landinu skyldi varið 4500 kr. Áður voru þessir styrkir bundnir við ákveðin nöfn á ákveðnum stöðum. Nú hefir n. borið fram brtt. um að lækka þetta niður í 2550 kr. Hafa margir spurt, hvort ætlunin sé að fella styrkinn alveg niður til einhverra staða, eða skera þetta hlutfallslega jafnt niður alstaðar. Ég veit ekki, hvort tilgátan er rétt, en mér finnst hvorttveggja fráleitt, bæði vegna þess, hve litlir þessir styrkir voru, og hins, að full þörf er fyrir þessar læknisingar.

Það hefir verið rætt nokkuð um þessa síðustu, nýstárlegu till. fjvn., um kaup á síldarbræðslunni á Húsavík og vegalagningu fyrir handbært fé síldarverksmiðja ríkisins. Ég vil ekki fjölyrða um þessar till., en þær eru fram komnar á allra síðustu stundu og bera eiginlega glöggan vott um það, hve nefndarstarfið hefir farið út um þúfur, ef menn hafa gert sér vonir um heilbrigðari fjármálastefnu en áður var.

Þá vil ég loks minnast á eina brtt., sem líka er mjög seint fram komin. Það er svo undarlegt, að það skeður þing eftir þing, þrátt fyrir það, að fjvn. og þm. séu sammála um nauðsyn þess að fella niður bráðnauðsynlega útgjaldaliði, þá skýtur sífellt upp tiltölulega háum og nauðsynlegum till. undir lok umr. um fjárlögin. Þetta endurtekur sig þing eftir þing, svo að þeir, sem af alvöru hafa trúað á sparnaðarvilja Alþingis, verða ákaflega efagjarnir um það, að niðurskurður nauðsynlegra útgjalda sé í raun og veru framkvæmdur af heilbrigðum sparnaðarvilja. Hér er t. d. till. um, að gífurlegri fjárhæð sé varið til íslenzku sýningarinnar í New York á næsta ári, eða um 50 þús. af ríkisfé, en sjálfsagt má tvöfalda þá fjárhæð, ef heildargreiðslur landsins í þessu skyni á að telja.

Ég var víst einn um þá skoðun á sínum tíma — og get gjarnan kannast við það enn í dag —, að því fé, sem varið er til sýningarinnar í New York, væri illa varið, og ég leyfði mér að draga í efa, hvort slík geysileg auglýsingarstarfsemi kæmi okkur að notum. Síðan eru liðin ár og dagur, og ég veit, að það stendur mikill auglýsingarljómi í kringum þátttöku okkar Íslendinga í sýningunni vestan hafs. Og mér þykir vænt um, að landið okkar hefir haft sóma af því að taka þátt í þessari sýningu. En það er nú svo, að sóminn er góður og dýrðin er glæsileg, en stundum eru menn að velta því fyrir sér, hvort þeir eigi að kaupa sig inn á skemmtun, þótt hún í alla staði sé prýðileg og mikill mannfagnaður, vegna þess, að inngangseyririnn hefir verið hafður of hár. En þrátt fyrir þann mikla sóma og þá eftirtekt, sem Íslendingar hafa vakið á sér við þetta tækifæri, þá er ég jafnefasamur um, að frá hagsmunalegu sjónarmiði hafi þessi fjárútlát komið okkur að fullum notum. Og þegar nú er verið að ræða um það að eyða þarna ennþá tugum þús. kr., um leið og dýrtíðin og atvinnuleysið kreppir að í landinu, þá verður mér ennþá á að líta á þetta sem nokkuð dýran aðgangseyri að þeim mikla sóma, sem fullyrt er, að við öflum okkur á þennan hátt.

Það er nú einu sinni svo, að atvinnulíf landsmanna lifir ekki á blaðaskrifum og veizluræðum, heldur á því, að það borgi sig, sem verið er að fást við.

Ég skal ekki alveg fullyrða, að ég hafi rétt fyrir mér, en ég held, að ég hafi séð það í blöðum eða tilkynningum, að það muni ekki standa til, a. m. k. ekki hjá öllum Norðurlandaþjóðunum, að halda áfram þátttöku sinni í New York sýningunni næsta ár. Það getur vel verið, að við höfum ekki ráð á að verja nema litlu fé til atvinnubóta og verðum að neita ýmsum fjárframlögum til ýmissa umbóta í landinu. En

áður en heimssýningin var haldin, voru íslenzkar afurðir þegar komnar inn á Ameríkumarkað meira og minna, t. d. hér um bil allt lýsi landsmanna var þegar selt til Ameríku áður en heimssýningin heyrðist nefnd. Íslenzk ull hafði líka verið keypt í Ameríku án heimssýningar, og sömuleiðis íslenzk síld án þess að Íslendingar þyrftu að eyða tugum þúsunda í þannig lagaðan auglýsingarkostnað.

Það er sagt, að við þurfum að beina viðskiptum okkar meir og meir vestur um haf. Það er náttúrlega alveg rétt eins og sakir standa, vegna ófriðarins í álfunni, að við erum neyddir til þess, alveg eins og við vorum 1914, þegar ófriðurinn hófst þá. En mér er nú sagt, að við fáum alveg að fullborga þær vörur, sem koma að vestan, því áhrif ófriðarins ná þangað.

Ég skal ekki neita því, eins og nú er ástatt, að nauðsynlegt sé að nálgast þessar nauðsynjar okkar að vestan; það er alveg það sama og við urðum að gera 1914, að beina viðskiptum okkar til Ameríku á ný. En ég hefi mjög takmarkaða trú á því, að Íslendingar geti með góðum árangri beint öllum viðskiptum sínum vestur um haf. Reynslan 1914 benti í þá átt, að um leið og stríðið hætti 1918, hurfu viðskiptin í sinn forna farveg aftur.

Það er ekki svo þægilegt fyrir hvaða þjóð sem er að kippa aldagömlum viðskiptum upp úr fornum farvegi og koma þeim í nýja farvegi; slíkt tekur óhjákvæmilega langan tíma.

Ég er samþykkur þeim mönnum, sem telja rétt að beina þeim viðskiptum okkar vestur um haf, sem Íslendingum er hagur af að beina þangað. Og ég er samþykkur þeirri neyðarráðstöfun, sem átti sér stað 1914 og á sér stað enn þann dag í dag, að sækja vestur um haf vörur, sem við getum ekki annars fengið. En ég er jafnsannfærður um það, að þegar ró og friður kemst á í álfunni, þá breytast þessar leiðir aftur eins og þær áður voru. Okkur hefir tekizt að vinna markaði fyrir allskonar afurðir í Miðevrópu og á Norðurlöndum án þess að verja hundruðum þúsunda kr. í sýningarkostnað. Og okkur ætti að geta tekizt að vinna markaði í Ameríku fyrir þær íslenzku afurðir, sem Ameríkumenn vilja og geta notað, án framhaldandi auglýsinga á okkur sjálfum í Ameríku. Ég tel þann sóma, sem okkar löndum hefir hlotnazt vegna New York sýningarinnar, vera keyptan fyrir mikla fórn til þess að vegsama þeirra dýrð í Ameríku. Ég tel, að við gætum vel unað við þau afskipti og þann mikla sóma, sem við hingað til höfum haft af því að taka þátt í þessari sýningu, án þess að leggja enn á ný út í stórkostlegan kostnað í þessu skyni. En ef á að fara að kosta til þess að leita markaða í Ameríku, þá vona ég, að farnar verði aðrar leiðir heldur en auglýsingaleiðin, og peningum verði þá frekar varið til þess að hafa hæfa menn til þess að bjóða vörurnar og reka verzlunarstarfsemi á verzlunarlegum grundvelli. Þó segi ég þetta með þeim fyrirvara, að þess gerist þörf og af því geti hagur hlotizt fyrir land og þjóð.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessar brtt., sem hér liggja fyrir; það gæti orðið of langt mál að láta alla hluti til sín taka. Þegar upphaflega var lagt inn á þessa sýningarbraut, benti ég á, að aðrir leiðir væru til kostnaðarminni til þess að vekja eftirtekt á íslenzkum afurðum í Ameríku, og ég vildi láta þær aths. fylgja þessari till., sem þessir 3 hv. þm. hafa flutt hér á síðasta þskj., sem útbýtt var, um þessi afskipti af væntanlegri sýningu í New York 1940.

*__Páll Hermannsson:__ Ég skal lítið fara út í almennar hugleiðingar um fjárlfrv. eða þær breyt., sem liggja fyrir við það. Ég ímynda mér, að jafnvel þó að alvitrir menn og réttlátir væru valdir í þá n., sem sjaldan er í raun og veru kostur á, þá þætti mönnum samt eitthvað að störfum hennar. Ég þykist alveg viss um það, að störf fjvn. hafi verið unnin vel, þó að ég hefði eins og aðrir þm. í einstökum atriðum kosið þau öðruvísi.

Ég kvaddi mér hljóðs af því, að við samþm. eigum eina brtt. á þskj. 619, xxxv. Þessi brtt. er um það, að á 22. gr. fjárl., sem er heimildargr., komi heimild til þess að greiða Magnúsi Þorsteinssyni, Húsavík í Borgarfirði eystra, 1500 kr. styrk vegna fokskaða. — Það er annaðhvort ritvilla eða prentvilla í brtt., því að þar stendur „vegna fokskaða 5. marz 1937“, en á að vera: 5. marz 1938. Ég vænti þess, að prentvillan hafi ekki nein áhrif, þó að brtt. verði samþ. Ég býst ekki við, að við berum fram skriflega brtt. um þetta, því að það er öllum kunnugt, við hvaða fokskaða er átt.

Það er til fordæmi fyrir því, að hæstv. Alþ. hafi stundum hlaupið undir bagga með þeim, sem hafa orðið fyrir tilfinnanlegu tjóni vegna t. d. jarðskjálfta eða ofviðris. Má í því sambandi nefna jarðskjálftatjónið, sem átti sér stað við Eyjafjörð 1933, sömuleiðis tjón af flóði, sem orsakaðist af ofviðri litlu síðar einnig við Eyjafjörð. Í marz 1938 gekk ógurlegt ofviðri sérstaklega yfir Norðausturlandið, og þá einkum yfir norðanverða Austfirði. Reyndar gekk þetta veður yfir allt landið, en ég held, að fokskaði hafi ekki orðið af þessu veðri annarstaðar en á þessu svæði. Þetta ofviðri olli miklu tjóni hjá fjölda manna á þessum slóðum, og sumarið 1938 var hlutazt til um það, að virðingarmenn í hreppnum virtu tjón þeirra, sem einkum urðu fyrir þessu tjóni, og hér fylgir frá þeim bókfært skjal um þessa virðingu.

Við höfðum þm. N.-M. óskað eftir því við hv. fjvn., að hún tæki inn í sínar till. einhverja fjárupphæð til bóta fyrir þá menn, sem þarna hafa orðið fyrir langmestu tjóni. Upphaflega höfðum við hugsað okkur að fara fram á, að allmörgum, sem urðu fyrir mestu tjóni, yrði að einhverju leyti bættur þessi skaði. En við hurfum frá því, þegar vitað var um það vandræðaástand, sem almennt ríkir nú af afleiðingum stríðsins. Það stendur svo á, að þessi bóndi, Magnús Þorsteinsson, hefir orðið fyrir langmestu tjóni. Það var metið tjón hjá sex eða sjö mönnum. Tjón eins þeirra var metið 2500 kr., annars var metið 3070 kr., og þess þriðja 3380 kr. En langmest er þó tjón þess manns, sem við óskum eftir, að hæstv. Alþ. rétti hjálparhönd. Þykir mér rétt að lesa lýsingu á þessu

tjóni, sem hann hefir orðið fyrir, með leyfi hæstv. forseta.

„Samkvæmt beiðni hreppsn. Borgarfjarðarhrepps, að tilhlutun sýslumanns N.-M., höfum við undirritaðir virðingarmenn metið skemmdir sem urðu af ofviðrinu 5. marz s. l. hjá eftirtöldum mönnum:

1. Magnúsi Þorsteinssyni, Húsavík.

Tvö íbúðarhús úr timbri með járnþaki 15 × 6 áln. og 12 × 6 áln., tvær hæðir, þrjár skúrbyggingar, áfastar íbúðarhúsum, þak úr timbri og járni (hesthús 6 × 6 áln., fjárhús 21 × 6 áln. og fjós og geymsla 12 × 5 áln.).

Þessi fimm hús fuku öll með fólki og allri búslóð og munum, íveru- og rúmfatnaði og matvælum. Fólkið meiddist þó ekki svo, að það væri frá verkum til muna, nema húsráðandinn, Magnús Þorsteinsson, sem lá nokkrar vikur í meiðslum og er enn ekki jafngóður.

Auk þess fuku frá sama eiganda tvær hlöður, 12 × 8 áln. og 13 × 8 áln., járnþak af 120 kinda fjárhúsi, 50 hestar taða, 10 hestar úthey og 20 hestar svörður.

Af þessu náðist aftur nokkuð af ytri íverufatnaði, sængur, nema þrjár, svo og kjöt og súrmatur.

Skaðinn er metinn samtals 10100 kr."

Hv. alþm. geta nú séð eftir lýsingunni á þessu foki og eyðileggingu, að varla mun vera um of hátt mat að ræða. Þarna í Húsavík í Borgarfirði eystra býr fátækur bóndi; reyndar vinna þar með honum bræður hans, yngri menn en hann. En efnahagurinn er ekki betri en það, að eftir skattaframtali við áramótin 1937—1938 er skuldlaus eign bóndans ekki eins mikil og skaðinn, sem hann hefir orðið fyrir, þannig, að hann hefir beðið meira tjón af ofviðrinu heldur en nemur eignum hans nú. Þó hafa þessir menn haldið áfram að vera þarna, þótt þeir hefðu getað flutzt til kaupstaðanna engu síður en aðrir, sem þangað hafa flutt í seinni tíð.

Ég vildi, að hv. þm. sæju það, að það, sem hér er farið fram á, er í raun og veru lág upphæð, samanborið við það tjón, sem þarna hefir orðið. Ég skal játa, að það orkar tvímælis, hvort hv. Alþ. á að blanda sér inn í það, þegar einstakir menn verða fyrir tjóni slíku sem þessu. En þetta hefir Alþ. gert, og ég ætla, að það hafi gert það, þegar minni ástæða hefir verið til að gera það heldur en um er að ræða í þessu tilfelli. Vil ég vænta þess, að hv. alþm. ljái þessari mjög svo hóflegu till. atkv. sín, og geri það eins og til þess að hlaupa lítilsháttar undir bagga með þeim, sem verða fyrir svipuðu tjóni. Og mætti jafnvel líta á þessa fjárveitingu, ef samþ. verður, eins og litla viðurkenningu til þeirra manna, sem heldur mæta erfiðleikunum úti um sveitir landsins og brjótast þar áfram en að flytja í fjölmennið, eins og nú þykir fullmikið bera á.

Ég vil að lokum geta þess, að þó að við tillm. höfum borið þessa till. fram við 22. gr. fjárl., heimildargr., þá gerðum við það aðeins vegna þess, að við fundum ekki hentugri stað fyrir till. í þeim reikningslegu gr. fjárl., en ekki vegna þess, að við ætluðumst til, að þessi útgjaldaheimild verði réttlægri heldur en aðrir útgjaldaliðir fjárl., þótt hún standi á heimildargr. fjárl.

Ég hefði viljað ná til eyrna fleiri hv. þm. með þær upplýsingar, sem ég hefi gefið viðvíkjandi þessari brtt., jafnvel þótt það sé kannske varla von, að hv. þm. sitji hér fleiri en þeir eru, þegar tillit er tekið til þess, á hvaða tíma sólarhringsins við nú erum hér.

Skúli Guðmundsson: Ég á hér tvær brtt. á þskj. 619. Sú fyrri snertir ekki mitt kjördæmi frekar en mörg önnur. Hún er um styrk til Eimskipafélags Íslands, þ. e. a. s. að gera lítilsháttar breyt. á þeim skilyrðum, sem þar fylgja.

Þessi viðbót mín er við það skilyrði, sem fylgir styrknum til félagsins, og um það, að Eimskipafél. skuli á næsta ári greiða allan aukakostnað, sem af því leiðir, að vörur, sem skip þess flytja frá útlöndum, þurfa að affermast til umhleðslu á öðrum höfnum heldur en ákvörðunarstaðnum, ef Eimskipafélagið hefir haldið uppi beinum ferðum til þessara ákvörðunarstaða. Þessi brtt. mín er eingöngu borin fram vegna stríðsástandsins, sem nú er, og gera má ráð fyrir, að verzlun landsmanna fari nokkuð í nýja farvegi af völdum stríðsins.

Það hefir verið mikið rætt um að taka upp viðskipti við Ameríku, og er það þegar byrjað. Eimskipafélagið er þegar búið að senda skip þangað með vörur, sem hafa tekið aftur nauðsynjavörur hingað til lands. Og það hefir verið svo með nokkuð af þessum vörum a. m. k., að þótt þær hafi átt að fara til ýmissa hafna á landinu, þar sem Eimskipafélagsskipin hafa viðkomustaði, þá hefir þeim verið skipað upp í Reykjavík og þær síðan fluttar á öðrum skipum til ákvörðunarstaðanna. Jafnvel þó að Eimskipafélagið flytji þær vörur á ákvörðunarstaðinn án aukaflutningsgjalds, þá lendir umhleðslukostnaðurinn, sem fellur á þær vörur, á þeim mönnum, sem kaupa þær. Ég álít ekki sanngjarnt, að þessi aukakostnaður, sem stafar af breyttum ástæðum vegna stríðsins, komi niður á þeim, sem búa við óhentugustu hafnarskilyrðin. Ég tel eðlilegast, að Eimskipafélagið borgi þennan aukakostnað við umhleðsluna.

Hinsvegar getur svo farið, að Eimskipafélagið geti ekki gert þetta, nema með því að hækka eitthvað lítilsháttar farmgjöld á þeim vörum, sem það flytur til landsins. En þá tel ég réttara, að sá kostnaður komi niður á alla landsmenn, sem flytja vörur með skipum félagsins, heldur en að þessi kostnaður lendi eingöngu á þeim, sem fá vörur til smáhafnanna. Þegar þetta er athugað, að búast má við þessum breyt. á aðflutningum til landsins, tel ég, að geti verið vafasamt, hvort hægt er að draga að verulegu leyti úr strandferðum, eins og hv. fjvn. hefir gert ráð fyrir í nál. sínu. Það er ekki hægt nema með því, að Eimskipafélag Íslands sjái um, að þessar vörur, sem það tekur að sér að flytja, t. d. frá Ameríku, komist viðstöðulaust á hafnir úti um land, þangað sem þær eiga að fara. Má benda á, að þeir, sem búa við smærri hafnirnar, verða fyrir óþægindum af þessari umhleðslu á útlendum vörum, þrátt fyrir það, að þeir yrðu ekki að borga beinlínis hærra flutn-

ingsgjald eða umhleðslukostnað, vegna þess að það kemur oft fyrir, að vörur rýrna og skemmast við umhleðslu. Þennan kostnað yrði viðtakandi að bera, þó að hann slyppi við að borga tvöfalt flutningsgjald eða umhleðslugjald. Ég vænti þess, að við athugun málsins geti hv. þm. á það fallizt að samþ. þessa brtt. mína, þar sem með henni er ekki ætlazt til þess, eins og ég hefi skýrt frá, að Eimskipafélagið taki á sig aukakostnað umfram það, sem það getur með góðu móti, heldur aðeins að það dreifi þessum kostnaði, sem af umhleðslunni leiðir, á alla, sem flytja vörur með skipum þess frá útlöndum, en láti það ekki lenda eingöngu á þeim, sem búa við lökustu hafnarskilyrðin.

Önnur brtt., sem ég flyt, er einnig á þskj. 619 og er við 17. gr., að þar verði tekinn upp styrkur til sjúkrasjóðs verkamannafélagsins Ægis í Þverárhreppi, 150 kr. Á þessari gr. eru nokkrir slíkir styrkir til sjúkrasjóða víðsvegar um land. Og þar sem hér er aðeins um smáupphæð að ræða, sem er mjög lítil samanborið við þau miklu útgjöld, sem ríkissjóður hefir vegna sjúkrasamlaga í kaupstöðum, tel ég sanngjarnt að samþ. þessa brtt. mína.

Þá vildi ég minnast á eina brtt., sem fjvn. hefir flutt á þskj. 587 við 13. gr. fjárl. Þessi till. er um bryggjugerð á Hvammstanga, lækkun á því framlagi, sem gert er ráð fyrir í fjárlfrv., um tæplega 6000 kr. Saga þessa máls er þannig, að á fjárl. 1939 var í fyrsta sinn tekið upp framlag til bryggjugerðar á Hvammstanga, fyrsta greiðsla af fjórum, 9200 kr. Þarna hefir engin bryggja verið nema mjög lítilfjörleg timburbryggja, sem er algerlega ófullnægjandi. Nú á þessu ári var byrjað á þessari bryggjugerð og gerður nokkur hluti bryggjunnar. Þessi upphæð, sem fjvn. leggur til, að verði látin standa á í fjárl., 3500 kr., er sá hluti af þeim kostnaði, sem þegar er búið að leggja í og ríkinu er skylt að l. að greiða. Einn af fjvnm. átti tal um þetta við mig fyrir nokkru. Þá skildist mér á honum, að fjvn. mundi taka af frv. alla slíka liði, fyrst og fremst vegna þess, að hún sæi nauðsyn á að draga úr innflutningi á erlendu efni til slíkra framkvæmda, og þá gat ég fyrir mitt leyti fallizt á, að þetta væri lækkað og ekki gert ráð fyrir viðbótarframkvæmdum við þessa bryggju nú á komanda ári. Nú sé ég, að n. gerir ekki till. um að lækka neina af þessum liðum, nema þennan eina, og flytur auk þess brtt. um ný framlög til bryggjugerða og lendingarbóta víða annarstaðar á landinu. Þess vegna sætti ég mig mjög illa við, að þessi eini liður sé tekinn út úr og lækkaður. Ég vil því mjög mælast til þess, að fjvn. taki þessa till. aftur og láti upphæðina standa eins og hún er í frv. Ég skal taka fram, að verið getur, að ekki þurfi að nota þessa upphæð í ár, en vel gæti verið, að þyrfti að gera það, ef nauðsyn bæri til að leggja í viðbótarkostnað til þess að koma í veg fyrir skemmdir og eyðileggingu á þeim hluta bryggjunnar, sem er búið að gera. Ég er hinsvegar á því, að rétt sé, meðan á stríðinu stendur, að fresta framkvæmdum, eftir því sem hægt er, af því tagi, sem kostar erlendan gjaldeyri.

Ég hafði fengið tilmæli um það úr minu kjördæmi, að reyna að fá framlag til sundlaugar í Miðfirði. Ég hefi látið niður falla að eiga tal um það við fjvn., af því að ég gerði ráð fyrir, að slíkar framkvæmdir mundu stöðvast af völdum stríðsins, því að þótt það sé mikil nauðsynjaframkvæmd, þá tel ég fulla ástæðu til að kippa að sér hendinni, meðan stríðið stendur, um þær framkvæmdir, sem kosta erlent efni, sem hlýtur að hækka mjög í verði. Ég hefi því ekki borið fram till. um þetta, þó að margar slíkar till. séu fram komnar, bæði frá fjvn. og einstökum hv. þm.

Ég vil þá minnast nokkuð á brtt. frá 3 hv. þm., á þskj. 637, hv. þm. Snæf., hv. 2. þm. Eyf. og hv. þm. Ísaf. Er hún um framlag til áframhalds heimssýningar í New York. Það er rétt, sem hv. þm. Vestm. tók fram, að enn er ekki séð, hvern fjárhagslegan ávinning við höfum af þátttöku í þessari sýningu, þótt af öllum sé talið, að hún hafi orðið þjóðinni til sóma Ég tel því mikið vafamál, að rétt sé að gera ráð fyrir stórfelldum framlögum til viðbótar í þessa sýningu, á þeim erfiðleikatímum, sem nú eru, þar sem hér er eingöngu um útlendan gjaldeyri að ræða. En ég vil þó taka undir það, sem hæstv. viðskmrh. benti á, að þetta á alls ekki heima á 22. gr. Ættu hv. flm. till. að setja þetta á aðra gr. fjárl., en alls ekki á heimildagr. Sama máli gegnir um fleiri till., sem bornar eru fram við 22. gr., eins og um það að gera geymslu fyrir þjóðminjasafnið. Slíkt á alls ekki heima í 22. gr., því að það verður að teljast mjög óviðeigandi að fara að fela útgjöldin á þann hátt að setja þau á heimildagr., þar sem gera má ráð fyrir og reynsla er fengin fyrir því, að yfirleitt eru notaðar allar heimildir, sem þannig eru veittar. Þetta verður til þess, að fjárl. sýna ekki þá réttu útkomu, þegar þau eru afgr. frá þinginu.

Þá hefir fjvn. flutt hér till. um það á þskj. 636, að heimila stj. síldarverksmiðja ríkisins að lána ríkissjóði stórar fjárhæðir til vegagerða, aðallega yfir Siglufjarðarskarð. Ég er á sama máli og margir aðrir þm. um það, að mikil nauðsyn sé að leggja þennan veg sem allra fyrst, þó að ég telji mjög vafasamt, að leggja beri svo mikla áherzlu á að fullgera hann á næsta sumri, þar sem þetta er mjög stór framkvæmd, og allt kemst af, þó að hún sé tekin á 2—3 árum. Ég tel, að ekki sé hægt að fara þessa leið, sem hér er stungið upp á, því að ég er á þeirri skoðun, og byggi þar á talsverðum kunnugleika að því er síldarverksmiðjurnar snertir, að hagur þeirra er ekki þannig, þrátt fyrir góða veiði á þessu ári, að þær megi við að missa fé til þessara hluta. Það er nú þegar ákveðið, að þær ráðist í allmikla stækkun, sem kostar mikið fé, og mun því ekki af veita, þó að þær verji góða sínum til þess. Það hefir ekki verið afskrifað mikið undanfarin ár af stofnkostnaði verksmiðjanna, og er því ástæða til, þegar sérstök höpp koma fyrir eins og nú, að nota þann ágóða til þess að færa niður bókfært verð verksmiðjanna og koma þeim á tryggari grundvöll fjárhagslega. Hv. þm. Ísaf. ræddi allmikið um þessa till. n. og mælti á móti henni. og einmitt vegna þess er ég mjög hissa á þeirri brtt., sem hann hefir borið fram á þskj. 639,

um heimild fyrir stjórn verksmiðjanna að greiða útgerðarmönnum, sem seldu verksmiðjunum síld með föstu verði á síðasta sumri, uppbót á þetta verð, sem nemur kr. 1.50 á mál. Ég álít rétt hjá hv. þm., að verksmiðjurnar þurfi á þessu fé að halda til annara hluta, og þá tel ég alls ekki viðeigandi af honum, fyrst hann heldur slíku fram, að leggja fram slíka till. sem þessa. Eins og kunnugt er, hafa allir viðskiptamenn verksmiðjanna átt þess kost að undanförnu, og eiga þess kost, að leggja síldina inn í verksmiðjurnar til vinnslu og fá þar greitt, þegar reikningarnir eru gerðir upp, það, sem raunverulega fæst fyrir síldina. Minni hluti þeirra hefir farið þessa leið. Þeir, sem gerðu það á síðasta sumri, fá mikla uppbót, en þeir, sem vildu selja föstu verði, eiga enga uppbót að fá. Það er engin ástæða til að gefa þeim þarna stórfé, því að þegar verksmiðjurnar verða fyrir tapi af síldarkaupum vegna þess, að verðið hefir verið ákveðið hærra en hægt hefir verið að greiða, þegar upp hefir verið gert, hafa þeir aldrei verið krafðir um endurgreiðslu, og mundu aldrei verða krafðir, enda ekki hægt. Þessi till. er því mjög fráleit í alla staði. Það samrýmist alls ekki þeirri umhyggju, sem hv. þm. Ísaf. virðist bera fyrir hag verksmiðjanna, að leggja slíkt til.

Hv. þm. Ísaf. gerði einnig aðra till. fjvn. að umtalsefni, þar sem lagt er til að veita heimild til að kaupa síldarverksmiðjuna á Húsavík. Ég ætla ekki að þessu sinni að gera sérstaklega að umræðuefni þá till. fjvn., en út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði um það, vil ég taka fram, að það er rétt hjá honum, að vinnslukostnaður á síldinni er vitanlega hærri hjá litlum verksmiðjum heldur en stórum. En ég vil aðeins benda á í sambandi við þetta, að framkoma hans áður í öðrum málum, sem stjórn verksmiðjanna hafði til meðferðar, er mjög í ósamræmi við þessa ræðu, sem hann hélt hér um Húsavíkurverksmiðjuna. Á ég þar við verksmiðjuna á Sólbakka við Önundarfjörð og þær umr., sem urðu um þá verksmiðju í stjórn síldarverksmiðjanna í fyrra. Meiri hluti síldarverksmiðjustj. lagði til þá, að vélar verksmiðjunnar á Sólbakka yrðu fluttar þaðan og settar niður á Raufarhöfn, þar sem sýnilegt þótti, að ekki væri hægt að reka Sólbakkaverksmiðjuna nema með stórtapi fyrir verksmiðjurnar. Á undanförnum árum hafa verksmiðjurnar haft mikið tap á Sólbakkaverksmiðjunni. Það hefir ekki verið unnt að fá umráðamenn veiðiskipa til að leggja þar upp síld, nema að greiða þeim miklu hærra verð fyrir hvert mál síldar en fyrir þá síld, sem lögð er í verksmiðjurnar á Siglufirði. Þannig var tap á þessum rekstri í fyrra, og nú á árinu 1939 er mér ekki kunnugt um, að verksmiðjan hafi fengið eitt einasta mál til vinnslu. Hún er því stór baggi á verksmiðjunum, og eru það tugir þúsunda á ári, sem ríkið tapar á þessari verksmiðju, og eru litlar líkur til, að úr rætist með rekstur hennar. En þegar um þetta var rætt í stjórn verksmiðjanna, beitti hv. þm. Ísaf. sér mjög hart gegn því, að þessi ráðstöfun yrði gerð með Sólbakkaverksmiðjuna, og aðrir flokksbræður hans fylgdu honum í því. Það hefir því ekkert orðið af þessari sjálfsögðu framkvæmd ennþá. Nú virðist mér af ræðu hv. þm. um Húsavíkurverksmiðjuna, að hann muni ef til vill vera horfinn frá fyrri villu í þessu efni, og ber þá að fagna því, ef svo er. Vildi ég vænta þess, að hann snerist á sveif með öðrum þeim mönnum í stjórn verksmiðjanna, sem vilja reyna að afstýra, eftir því sem hægt er, áframhaldandi tapi á Sólbakkaverksmiðjunni og reyna að koma í veg fyrir, að hún verði dragbítur á verksmiðjurnar, svo að ég noti orð hv. þm. Ísaf., með því að taka það, sem nothæft er af vélum og áhöldum, og setja niður á Siglufirði eða Raufarhöfn, eða einhverjum öðrum stað, þar sem meiri líkur eru til, að það geti gefið arð, því að það sér hver maður, að ekkert vit er í því, að eignin sé arðlaus á Sólbakka ár eftir ár og vélarnar látnar ganga úr sér, auk þess sem það kostar marga tugi þúsunda árlega fyrir verksmiðjurnar að greiða vexti af því fé, sem í verksmiðjunni liggur, og ýmsan annan kostnað, sem því er samfara. Vitanlega verður alltaf mikið tap á verksmiðjunni, en það mundi verða minna, ef sem fyrst yrði farin sú leið, að taka það, sem nothæft er úr henni, og reyna að gera það arðberandi á hentugum stað. Slíkt álít ég vera í fullkomnu samræmi við þá skoðun, sem kom fram hjá hv. þm. Ísaf. um það, að verksmiðjurnar ættu að vera á sem hentugustum stöðum, til þess að rekstur þeirra yrði sem hagkvæmastur og þær gætu greitt sem mest fyrir síldina.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Um þetta fjárlfrv. fyrir árið 1940, sem hér liggur fyrir, skal ég ekkert segja, því að fæst orð hafa þar minnsta ábyrgð. Hinsvegar liggja fyrir ýmsar brtt., sem ég vildi minnast á, sumpart af því, að ég vildi fá frekari upplýsingar um þær, og sumpart af því, að ég get ekki látið hjá líða að segja afstöðu mína til þeirra, og líka að nokkru leyti gefa upplýsingar, sem mér virðast ekki hafa ennþá komið fyllilega fram.

Það er þá fyrst 41. brtt. á þskj. 587, sem gerir ráð fyrir 2 þús. kr. sparnaði við ríkisskattanefnd með því að greiða nm. þannig, að þeir fái 10 kr. fyrir hvern fund. Þarna mundu engar 2 þús. kr. sparast, þó að þessi brtt. yrði samþ. Fundir eru um 160—170 í n., og þó eru málin ekki afgr. á fundum nema að nokkru leyti, heldur fer mikið af vinnunni fram utan funda. T. d. höfum við nú verið lengi að semja reglugerð um fyrningu, og langmest af þeirri vinnu fer fram utan funda. Svo þegar við erum þannig búnir að velta málunum fyrir okkur, þá höldum við fund um þau. Ég er ekki viss um, ef á að fara að borga okkur þannig 10 kr. fyrir hvern fund, nema við færum þá að halda fundi um þessi mál, sem annars yrðu ekki haldnir fundir um. Hér yrði því ekki um 2 þús. kr. sparnað að ræða, heldur kannske 1000 kr. eða ekki það.

Á sama þskj. 53,a.2 og 53,b.3 er framlag til sama vegar bæði af vegafé og benzinfé. Á þessi vegur að vera á þessum liðum báðum, eða er það af misgáningi, að hann er þarna á tveimur stöðum? Mér þykir ekki lík-

legt, að hann eigi að vera þannig á tveimur stöðum og vil gjarnan fá upplýsingar um það.

Þá er það 54. liðurinn og raunar fleiri liðir, sem mér finnst bera vott um, að mörgum liðum sé slengt saman í eitt. 54. liðurinn slengir saman styrkjunum til ferjuhalds. Að vísu var lesið upp, hvert fjvn. ætlaðist til, að þetta fé færi, og sama er að segja um styrkinn til dýralækna. Mér líkar þetta heldur illa. Mér líkar heldur illa, þegar verið er að koma af manni sjálfum þeirri ábyrgð, sem maður á að bera, og eins og sé verið að skella því yfir á aðra menn. Við erum kosnir á þing til að ákveða fjárveitingar og greiða atkv. um fjárveitingar. Og að fleygja svo upphæðum þannig í vissa aðila eða stofnanir og segja: „Þetta fáið þið, og ég skipti mér ekki af, hvert það fer", líkar mér illa. Mér finnst líka eins og verið sé að fela meira og minna fyrir almenningi, hvað er gert við þetta fé. Hver veit um það utan þings, sérstaklega ef umr. eru ekki prentaðar? Hvernig á þá að verja það að láta þennan og ekki hinn fá styrkinn? Ég vildi biðja hv. fjvn. að athuga, hvort þetta mundi ekki vera bæði hættuleg og röng breyting. Ég held, að þessi stefna yfirleitt sé varhugaverð, og því lakari, sem oftar og meir er í þá átt gengið.

Þá er það 73. brtt. á sama þskj. (587), um að hækka styrk til unglingafræðslu utan kaupstaða úr 22 í 30 þús. Það hefir verið upplýst, að þessi kostnaður hafi farið ört vaxandi og að ógreiddar væru 5 þús. kr. af kostnaði síðasta árs. Nú skilst mér, að 5 þús. við 22 þús. geri 27 þús. og að minni muni kostnaðurinn ekki verða, auk hins ógreidda, fyrst hann hefir stöðugt vaxið. Ég vildi bara benda n. á þetta og að ég er þá hræddur um, að 30 þús. reynist alls ekki nóg.

Á þskj. 619 langar mig til að benda á 23. brtt., frá hæstv. landbrh., um hækkun á framlagi til jarðakaupasjóðs úr 20 í 85 þús. kr. Ég geri ráð fyrir, að ég geti ekki alveg látið þessa till. líða hjá mér, og vona að geta komið brtt. frá mér að á morgun, a. m. k. skriflegri. Lögin um óðalsrétt og lög um jarðakaupasjóð ríkisins ætlast greinilega til þess, að menn, sem taka jarðir sínar á erfðafestu, greiði afgjaldið í peningum. Því er ekki fylgt í framkvæmd. Ég vil fá þarna inn í fjárl. klásúlu um, að það sé gert. Ég tel ástæðulaust að svipta jarðakaupasjóð tekjum og framfylgja ekki lögunum. Ef sjóðurinn fær þessi afgjöld, yrði allt hægara um vik í þessum efnum, og þyrfti þá ekki eins mikil framlög til hans og ella.

Hv. samþm. minn (PHerm) er búinn að tala fyrir 35. brtt. á sama þskj., og þarf ég þar engu við að bæta, skal aðeins segja það, að foreldrar þessa unga bónda hafa átt 11 börn og verið bláfátækir, en hann hefir nú tekið þau til sín með yngri systkinin, það yngsta á 4. ári, og sér fyrir þeim öllum. Þarna hefir hann sýnt óvenjulegan áhuga, og ég held, að líka megi líta á það, þegar að því kemur að greiða atkv. um þessa tillögu.

Á þskj. 636, frá fjvn., er lagt til í 14. lið, að 3900 kr. skuli veittar til greiðslu á skuldavöxtum fjögurra tiltekinna læknisbústaða. Þegar þeir voru reistir, fengu þeir allir samskonar tillög og aðrir læknisbústaðir. Nú vil ég spyrja: Að hverju leyti eru þær sérástæður þarna til staðar, að greiða eigi vexti þessa, en ekki fyrir aðra læknisbústaði, sem ýmist eru verr settir hvað fjölmenni læknishéraðanna snertir eða skuldugri, eða þá hvorttveggja? Hvaða ástæður eru þarna, sem ekki eru annarstaðar? Það langar mig til að fá upplýsingar um, áður en ég greiði atkv. um þennan lið.

Þá langar mig til að segja, að mér er ekki alveg sársaukalaust að sjá, að núna hafa fallið burt framlög til eins þess vegar í mínu kjördæmi, sem lengi hefir staðið í fjárl. og nuddazt fyrir það áfram um nokkra km. á ári. Það er Vopnafjarðarvegur. Ég hefi þó sætt mig við það vegna þess, að úr þessum sama hreppi er verið að leggja veg inn á aðalveginn milli Múlasýslna og Norðurlands, og vantar ekki nema ríflega þá upphæð, sem nú er veitt til hans í fjárl., til þess að honum verði lokið. Um það hefir verið talað við ríkisstj. og farið fram á það, ef ekki skyldi vanta nema 1—2 þús. kr. í viðbót við þær 22 þús. kr. af benzinfé, sem veittar eru til þess að ljúka honum, að þá verði það gert.

Mér er ekki heldur sársaukalaust, að felld er niður fjárveiting til að fullgera bryggju þar norður frá, fjárveiting, sem staðið hefir tvö ár í fjárl. án þess að vera notuð, vegna þess að vantað hefir framlög á móti. En nú er búið að safna til bryggjunnar nokkru fé og fá sýsluábyrgð fyrir láni til hennar. Ég treysti því, þótt upphæðin falli hér niður nú, að endurveiting fáist, þegar um hægist, og að ekki þurfi að líða mörg ár, þangað til hægt er að hrinda þessu í framkvæmd.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég benda á tvær brtt., sem eru ósköp meinlausar að sjá, 36. brtt. á þskj. 619 og 3. brtt. á þskj. 639, frá hv. þm. Vestm. (JJós) og hv. þm. A.-Sk. (JÍv), um að verja tekjum af lóðum og löndum í Vestmannaeyjum og Hafnarkauptúni til varnar gegn uppblæstri og landbroti á þessum stöðum, í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Það er nú svo, að þegar maður er búinn að fá lendur á erfðafestu gegn lágu afgjaldi, eins og er t. d. í Vestmannaeyjum, þá eru það dálitið undarleg viðskipti, borin saman við annað, ef ríkið á síðan að verja afgjaldinu til umbóta og eignasköpunar fyrir erfðafestuhafann. Svo þegar land er tekið af honum í lóðir undir hús við stækkun kaupstaðarins, fær hann borgun eins og um eign hans væri að ræða. Ég álít, að í þessu máli eigi ekki að brjóta hinar eðlilegu meginreglur. Þessar lendur eiga að byggjast á erfðafestu með góðum kjörum, og svo eiga menninirnir, sem taka þær, að gæta þeirra við landspjöllum, þarna eins og annarstaðar.

Þá vildi ég spyrja hv. fjvn., hvort ekki sé óumflýjanlegt að taka inn í fjárl. hækkanir á sumum launagreiðslum. Eitt af þeim verkum, sem Alþingi á eftir, áður en því er slitið, er lausn gengismálsins og þess, sem því fylgir. Ég gæti minnt á barnakennara og fleiri láglaunamenn. Er ekki sjálfsagt að horfast í augu við þann virkileika og taka óumflýjanlegustu

hækkanirnar inn í fjárl., áður en þau eru samþ.? Hv. fjvn. hefir vafalaust athugað þetta eitthvað. En ég hefði viljað heyra, hvort hún telur ekki rétt, að þetta sé gert.

Þá á ég með hv. þm. Mýr. (BÁ) 14. brtt. á þskj. 637, um að greiða ræktunarsjóði vangoldið framlag til vaxtalækkunar árin 1938 og 1939. Þegar ræktunarsjóðslögunum var breytt og hann var skyldaður til að lækka vexti niður í 5%, var öllum ljóst, að sjóður, sem hefir fengið meginið af starfsfé sínu með verðbréfum, sem 6% vextir eru greiddir af, hlýtur við það að verða fyrir miklum skakkaföllum. Þess vegna var ákveðið, með fullu samkomulagi allra, að heimila ríkissjóði að greiða þennan vaxtamismun. Seinna, þegar mönnum þótti horfa illa með hag ríkissjóðs, var ákveðið að láta falla niður ríkissjóðsgreiðslur til lækkunar á skuldavöxtum mjólkurbúa, rjómabúa og frystihúsa. Það var ekki ætlunin að láta þessa breyting ná til vaxta af bréfum ræktunarsjóðs. En eins og hún var orðuð, má túlka hana þannig, að hún nái einnig til ræktunarsjóðsins, og það hefir orðið svo í framkvæmd. Tjón sjóðsins af þessu árin 1938 og 1939 er orðið 51424 kr.; halli af vaxtamismun bréfanna og lánanna nemur þeirri upphæð. Þegar á allan hátt er þrengt að ræktunarsjóði, eins og nú, og hann er ekki enn búinn að fá það milljón kr. framlag, sem hann á að fá að lögum, en á sama tíma gerðar ýmsar ráðstafanir, sem hljóta beint og óbeint að draga úr starfsemi hans og framkvæmdum, sem hann lánar fé til, þá finnst mér ekki mega minna vera en staðið sé við það, sem einu sinni hefir verið samþ. Við leggjum til, að heimilað sé að greiða á næsta ári hinn vangoldna vaxtamismun ræktunarsjóðs fyrir þessi tvö ár. Og er þá gengið eins skammt og hægt er til þess, að ræktunarsjóður geti skaðlaus haldið sinni starfsemi áfram. Það er ekki hægt að samrýma það, að á sama tíma, sem við viljum með öllum ráðum efla atvinnu í landinu, búum við svo að ræktunarsjóði, að hann getur sama sem ekkert lánað þeim, sem vinna að umbótum til aukinnar atvinnu og framleiðslu. Í því er sú mótsögn, að ég vona, að Alþingi sjái sér ekki annað fært en samþ. þetta.

Loks vildi ég gera þá fyrirspurn um 5. brtt. á þskj. 19, þar sem lagt er til að veita fé til brúargerða, — 20 þús. til brúar yfir Jökulsá á Brú —, hvort það sé tilætlun flm., að það verði brú við Hjarðarhaga eða hjá Brú. Heima í hreppnum er áhugi fyrir báðum þessum brúm, en hvor þeirra sem er kostar svolitið meira en þetta. Mig langar til að vita, við hvora þeirra er átt.

***Jónas Jónsson:** Ég vildi fyrst víkja fáeinum orðum að ræðu hæstv. fjmrh. (JakM) og get þakkað honum þau góðu ummæli og undirtektir, sem hann hafði um starf nefndarinnar, sem eins og önnur mannanna verk hefir orðið fyrir misjöfnum dómum. Það er ekki ástæða til, að ég fari út í það, hvort skoðanir manna hafa breytzt eða ekki, síðan þing kom saman. Ég held, að álit fjvn. hafi ekki breytzt síðan. Hún var þegar í byrjun ráðin í því að gera breyt. á mörgum stöðum, þar sem henni virtist mega koma sparnaði við, og þeirri viðleitni mun hún verða seinþreytt á. Rétt til dæmis um þá möguleika, sem n. þótti ekki rétt að vanrækja og til hagnýtari rekstrar horfa, vil ég nefna þá breyt. á siglingum með ströndum fram, að nota sér, að *nýja Esja er hraðskreiðari en gamla Esja*, og gefur það möguleika til að leysa að einhverju leyti Súðina og Skaftfelling af hólmi og nota þau í þjónustu framleiðslunnar. Á öðrum sviðum hefir orðið að skera niður fjárveitingar til verklegra framkvæmda og stuðnings við ýmsar umbætur víða um land, og það má segja um margt af því, að það sé hörmulegt að þurfa að gera þetta og vita um þörfina fyrir að vinna þetta og mikinn fjölda af fólki atvinnulausan í landinu. Nefndinni voru þessar þarfir ljósar og að hér í Rvík, þar sem fjöldi manns hefir jafnan haft atvinnu við að reisa sífellt nýja og nýja bæjarhluta, hvað sem leið annars afkomumöguleikum bæjarbúa til lands og sjávar, mundu nú byggingar stöðvast alveg að kalla og vaxa atvinnuleysi af þeim sökum í viðbót við atvinnuleysið, sem skapazt hefir við lömun framleiðslunnar. Vegna þessa alls var n. sammála um það, að reyna að gera ráð fyrir talsverðri vegagerð í sumar, sem kemur. Skipting vegafjárins hefir fjvn. reynt að áætla þannig, að það næði sem næst til allra landshluta, og hefi ég ekki heyrt aðfinnslur um það. Nú hefir n., eins og hæstv. ráðh. tók fram, ákveðið að gera það að till. sinni, að ef aðstaðan með útflutningsverzlunina versnaði að mun, væri stj. heimilt að draga úr allt að 20% af þeim framkvæmdum, sem ekki eru bundnar með l., ef þess gerist þörf vegna tekjumissis, sem leiðir af stríðinu. Ef meira þrengir að, þannig að allt fjármálaástand gerbreytist vegna þess að útflutningur minnkaði stórlega, myndi stj. verða að kalla þingið saman til þess að taka afstöðu til þessa breytta viðhorfs. Enda þótt sá grundvöllur, sem n. hefir byggt sinar till. á, geri það að verkum, að allir geti ekki verið ánægðir með sinn hlut, telur n., að þetta sé sú afstaða, sem hægt var að taka. Hæstv. ráðh. fannst, að n. hefði getað skorið meira niður, en ég vil aðeins benda á það, að þegar útflutningsverzlunin fór að lagast á miðjum þessum þingtíma, brá svo við, að fjárbænum bókstaflega talað rigndi yfir n. — Man ég t. d., að frá einum þm. bárust 10—12 fjárbænir vegna hans kjördæmis til þingsins og fjvn., og var nokkuð jafnt á komið úr öllum kjördæmum, en þessar fjárbænir skiptu milljónum. Fjvn. áleit, að á meðan ekki væri komið hallæri í landinu væri ekki heldur hægt að gera fjárl. fyrir hallærisástand. — Fari svo, sem við skulum vona að verði ekki, að hér skapist hallærisástand, gerum við ráð fyrir því, að hver sú stjórn, sem þá er við völd í landinu, muni gera þær ráðstafanir, sem með þarf, ásamt því þingi, sem hún kallar þá saman.

Hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) gerði nokkrar aths. við tekjuhlið fjárl. Ég vil benda hv. þm. á, að frá hans kjördæmi hafa líka borizt kröfur um fjárframlög, og að hann og hans nánustu berast með straumnum eins og aðrir í

þessu efni, en ég býst við, að þegar hann athugar nánar, að hér er ekkert hallæri ennþá, þá sé ekki hægt að gera ráð fyrir hallæristekjum. T. d. má geta þess, að aðalliðurinn í tekjum landsins, sem mþn. í skatta- og tollamálum gerði ráð fyrir að myndi á venjulegum tíma nema um 4 millj. kr., myndi með sama innflutningi og núv. verðlagi nema um 7 millj. króna. Þenna lið hefir n. áætlað 4 millj. kr., í samráði við hæstv. fjmrh. Það væri gleðilegt, ef þessi liður kæmist upp í 7 millj. kr., því okkur er það fyllilega ljóst í fjvn., að á svona tímum hljóta að koma margskonar útgjöld, sem stjórnin veit ekki um, en nauðsynlegt er að gera ráð fyrir. Það er eins líklegt, að ýmsir tollar og skattar gefi meiri tekjur en við höfum áætlað, og segi ég þetta þó ekki til þess að hvetja menn til að bera fram meiri útgjaldatill., heldur vil ég aðeins benda á, að útlitið er ekki geigvænlegt nú sem stendur.

Nægir þetta viðvíkjandi hinum almenna ramma, að fjvn. gerir ráð fyrir, að stj. geti dregið úr allt að ⅙ af þeim framkvæmdum, sem ekki eru lögbundnar. Er þetta tilraun til þess að búa svo í hendur stj., að viðunanlegt sé, ef aðstaðan er sæmileg í landinu.

Þá vil ég með fáum orðum minnast á nokkrar einstakar till. Mun ég þá fyrst minnast á þá gagnrýni, sem kom frá hv. þm. Ísaf. (FJ) á þeirri till., að ríkisstj. megi, með samþykki stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, kaupa síldarbræðsluverksmiðjuna á Húsavík.

Það er ekki gætilegt af þessum hv. þm. að fjölyrða svo mjög um það, hve verksmiðjan á Húsavík sé ónýt, því að hann og hans menn voru potturinn og pannan í því, að keypt var alónýt verksmiðja, Sólbakkaverksmiðjan, fyrir okurverð. (FJ: Hvar stóð Framsfl. í þeim kaupum?). Hann gerði það, sem hann gat, til þess að standa gegn kaupunum, en var ofurliði borinn; þetta skal ég sanna þm. annarstaðar. (FJ: Þetta er ekki satt, hér eru Alþingistíðindin.) Það var hv. þm. og hans liðar, sem komu Sólbakkaverksmiðjunni á, og það eru þeir, sem bera ábyrgðina á því, að þessi verksmiðja, sem er handónýt á þessum stað, var ekki flutt til Raufarhafnar. Þetta var vísvitandi gert, og af eintómu kjósendadekri. Og stjórn þessarar verksmiðju og ráðsmennska hv. þm., allt er það á sömu bókina lært. Við Sólbakkaverksmiðjuna eru t. d. tveir framkvæmdarstjórar, þessa verksmiðju, sem ekkert hefir verið unnið í ár eftir ár, en þó er verksmiðjan látin hanga þarna, aðeins til þess að halda fáeinum atkv.

Þegar þessi maður leyfir sér að tilefnislausu að koma með staðlausar ásakanir, má hann ekki furða sig á því, þótt hann verði flæktur í sínu eigin neti.

Vegna þeirra, sem ekki eru málinu kunnugir, vil ég aðeins geta þessa: Verksmiðjan á Húsavík er lítil en góð, vandað hús og vélar, og er ekki nema tveggja ára. Svo framarlega sem vit er í því að hafa síldarverksmiðjur á Siglufirði, er það einnig á Húsavík, því að sama aðstaða er á báðum stöðunum. Það er ekkert annað en blekking, sem kom fram í ræðu hv. þm. Ísaf., að öll sú síld, sem kemur til Húsavíkur, gæti eins vel komið til Siglufjarðar. Hvers vegna er þá verið að hafa verksmiðju á Raufarhöfn? Það er vegna vélbátanna af Öxarfirði og þar fyrir austan, sem ekki vilja fara með veiðina til Siglufjarðar. Eða heldur hv. þm., að það hafi enga þýðingu, að bátarnir geti tvíhlaðið og farið tvær ferðir til Húsavíkur á meðan þeir færu eina ferð til Siglufjarðar? Þetta skilja allir sæmilega vitibornir menn, sem eru ekki haldnir af sömu pólitískri blindu og hv. þm.

Ég veit, að verksmiðjan á Húsavík er lítil, en hún er góð og á góðum stað, og mér er kunnugt um það frá manni, sem hefir lengur fengizt við síld og síldarbræðslu en hv. þm. Ísaf., að það mun ekki mikið á mununum, að gróðinn á verksmiðjunni á Húsavík í sumar myndi nægja til þess að kaupa verksmiðjuna. Hitt er rétt, að fyrsta árið var verksmiðjan rekin með nokkru tapi, sem stafaði af því, að vélarnar voru nýjar og ekki fyllilega komnar í lag; en nú í sumar var útkoman þessi. Hv. þm. hefði orðið að fá síldina á Húsavík inn í sínar lélegu fyrirframsölur til þess að fá tap á Húsavíkurverksmiðjunni í sumar, og það hefði verið hæfilegt áframhald á starfi þm. að því er Sólbakkaverksmiðjuna snerti. Ég vil segja hv. þm. það, að meiri hluti stjórnar síldarverksmiðja ríkisins, sem hefir bjargað verksmiðjunum við á síðasta missiri, en ekki þessi maður, er ekkert hrædd við að kaupa verksmiðjuna á Húsavík. Það er líka töluvert öðruvísi aðstaða þeirra Húsvíkinga, sem bjóðast til að afhenda verksmiðjuna áður en þeir byrja að græða á henni, en þessa hv. þm., sem á manna mestan þátt í að afvegaleiða sjómenn og útgerðarmenn á undanförnum árum, svo að þeir þora ekki lengur að leggja síld sína inn í síldarverksmiðjurnar og fá fyrir hana sanngjarnt verð.

Ég áleit rétt, úr því komið var út í svo ósanngjarnar umr., að skýra málið nokkru nánar, en ríkinu hafa aldrei boðizt slík kaup eins og á þessari verksmiðju, sem gæti greitt kaupverð sitt upp með fengnum gróða eins árs. Þess mun áreiðanlega ekki langt að bíða, að verksmiðjan verði keypt, því að meiri hluti stjórnar síldarverksmiðja ríkisins er því samþykkur að kaupa verksmiðjuna.

Þá vildi ég næst víkja að till. n. um vegagerð yfir Siglufjarðarskarð og að Raufarhöfn, sem hæstv. viðskmrh. og þó einkum hv. þm. Ísaf. víku að í ræðum sínum. Þó hæstv. ráðh. sé ekki viðstaddur, vil ég víkja nokkrum orðum að ræðu hans, en það, sem okkur ber á milli um þessa till., er það, að hann álítur, að þessar vegagerðir séu óviðkomandi verksmiðjunum. Ég álít, að ómögulegt sé að hugsa sér verksmiðju á Raufarhöfn, nema unnt sé að draga að henni sæmilegar vistir. Ef tekst að stækka verksmiðjuna, kemur þangað fjöldi báta um síldveiðitímann og fjöldi fólks sækir þangað atvinnu. Á Melrakkasléttu eru sárafáir bæir, og raunverulega ekkert nema eyðimörkin næst Raufarhöfn. Nú mun vanta um 20 þús. kr. til þess að gera akfæran 15 km. langan vegarkafla til Raufarhafnar. Hver sá, sem lítur stórt á þetta, hlýtur að viðurkenna, að það er vafasamt fyrir ríkið að byggja þarna verksmiðju og leggja milljónir króna í það fyrirtæki, ef það hefir svo ekki efni á því

að viðurkenna, að vegurinn heim að þessari miklu vinnustöð er einn hluti af því, sem hér er um að ræða. Hvers vegna er verið að byggja bryggjur, löndunartæki, þrær o. s. frv., og segja að það skipti máli, ef ekki er mögulegt að komast heim að verksmiðjunni? Að þessu leyti er ég algerlega ósammála hæstv. ráðh., enda veit ég hvergi dæmi til þess nema hér á Íslandi, að byggðar séu stórar verksmiðjur án þess að hægt sé að komast að þeim á landi. Þætti mér gaman, ef einhver þeirra, sem eru þeirrar skoðunar, vildi nefna mér dæmi annarstaðar frá.

Þetta mun ég segja hæstv. viðskmrh. í fullu bróðerni. Ég held, að ég muni þora að leggja þessa uppástungu mína — sem studd er af meiri hluta n. og af allmörgum utan n. —, að kostnaður við þessar vegagerðir verði talinn með kostnaði við verksmiðjurnar, á borð við það, þegar hæstv. viðskmrh. gekk inn á það, að síldarþróin var byggð, sem þeir báru ábyrgð á hv. þm. Ísaf. og undirmaður hans, Gísli Halldórsson. Ég veit, að stjórnin hafði trú á því, að vit væri í þessu, vegna þess að hún treysti verkfræðingnum. En hver varð reynslan? Hann lét byggja þarna þró fyrir 270 þús. kr., sem að vitra manna sögn er eitthvert það vitlausasta mannvirki, er gert hefir verið á Íslandi, og með þeim endemum, að þar átti að gera frystitilraunir á síld með vélum, sem hvergi höfðu sézt áður! Það komst þó aldrei svo langt; það eina, sem þeir félagar gerðu, var að byggja fyrir þessa ægilegu upphæð handónýtt hús, sem ekki er hægt að nota til neins annars en geyma í því lélegt lýsi. Í þetta dásamlega fyrirtæki eyddi hv. þm. Ísaf. 100 tonnum af járni fyrir utan allt annað efni.

Ég býst við því, að þegar við hv. þm. Ísaf. förum að tala betur saman um þetta í blöðunum, fari mesti rostinn af þm. við samanburðinn á því, hve fráleitt sé að gera þarna akfæra vegi, og á þessum þróar-business hans. — Hvað viðvíkur löndunartækjunum á Siglufirði, sem hv. þm. vill kaupa, má segja, að það er ekki spurt um það, þótt 100—140 þús. kr. fari í svona framkvæmdir, sem fara vel hjá duglegum manni, eins og þeim, sem nú er forstjóri fyrir síldarverksmiðjunum, en myndu fara illa hjá manni eins og Gísla Halldórssyni, sem flæmdist í burtu frá Siglufirði eftir að hafa hangið þar í 2 ár sjálfum sér til skammar og öllum til leiðinda. (FJ: Er nú ekki bráðum nóg komið?). Nei, þetta er ekki nærri nóg, og það er hægt að bæta meiru við; það er af nógum syndum að taka. (FJ: Og ljúga svo því, sem á þantar!). Þess þarf ekki, það er nógur forði af ávirðingum.

Ég skal ekki um það segja, hvað þeim mönnum finnst, sem hafa fjárhagslega mest um vegagerðina yfir Siglufjarðarskarð að segja, fyrir utan Siglfirðinga sjálfa; það kann að vera, að hv. þm. Eyf. og Skagf. taki bendingu hæstv. viðskmrh., að hafa varatill. í þessu efni, en ég álít, að það eigi að koma skýrt í ljós, hvort meiri hl. þingsins skilur, að það er skilyrðislaus nauðsyn, fjárhagslega og menningarlega, að koma vegi heim að þessum stöðum. Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á því að endurtaka það, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði um hina menningarlegu hlið þessa máls, en hér er ekki bara um skemmtun að ræða, heldur er það sjálft lífið fyrir þær 12 þús. manna, sem eru á Siglufirði á sumrin. að komast ferða sinna beint frá Reykjavík ódýrt, landleiðina og án þess að þurfa að bíða eftir skipaferðum, og síðan heim aftur að haustinu. Það eru ekki margar beinar ferðir milli Siglufjarðar og Reykjavíkur á sumrin. Þessar 12 þús. manna, sem eru á Siglufirði um síldveiðitímann, þurfa vöruaðdrætti af landbúnaðarvörum, og þær hljóta að koma úr Skagafirði; þaðan á að vera látlaus straumur af landbúnaðarafurðum í þennan mikla markaðsbæ. Hvaða áhrif haldið þið að það hafi á heilsu þessa fólks að vera í svelti hvað landbúnaðarafurðir snertir?

Það gleður mig, að sú hreyfing, sem komizt hefir á mál þetta hjá fjvn., verður til þess, að aldrei verður sami svefninn um mál þetta sem hingað til. Ég er þess fullviss, að þessi umleitun fjvn. muni verða til þess, að svo framarlega sem hér verður nokkurt vinnufært fólk á næstu missirum, verði lokið við þennan veg með þeim árangri, sem formælendur málsins hafa lýst.

Þeir, sem gagnrýnt hafa þessa till. fjvn., hafa farið um það mörgum orðum, hve verksmiðjurnar séu illa staðar og skuldir þeirra miklar. — En hvernig stendur á því? Það er vegna þess, að hv. þm. Ísaf. og fleiri honum andlega skyldir hafa látið brjóta stofnlög verksmiðjanna á hverju ári. Þegar verksmiðjurnar voru stofnaðar á Siglufirði, var það gert til þess að bjarga sjómönnunum og útgerðarmönnunum undan kúgun útlendinga, sem þeir höfðu orðið að þola um fjölda ára. Nauðsyn þessa skyldi hinn reyndi og duglegi maður, Magnús heitinn Kristjánsson. Hann gat ekki hugsað sér, að verksmiðjurnar væru reknar sem spekulationsfyrirtæki. Þær áttu að vera reknar þannig, að útgerðarmenn og sjómenn kæmu með sínar vörur, verksmiðjurnar væru reknar á þeirra ábyrgð, og þeim greiddur meiri hluti verðsins fyrir vöruna. En hvað gerist? Það gerist sá hlutur, að leiðtogar sjómanna og útgerðarmanna gera verksmiðjurnar að spekulationsfyrirtæki, og aldrei meira en þegar hv. þm. Ísaf. var þar ráðandi, þegar góðæri snerist í harðæri fyrir atbeina hans og Gísla Halldórssonar. Af þessum orsökum eru verksmiðjurnar fátækar og þurfa alltaf að biðja ríkissjóðinn að ganga í ábyrgð fyrir nýjum og nýjum lánum. En þegar verið er að biðja um að ganga í ábyrgðirnar, er ekki verið að grafa djúpt eftir því, hverjir beri ábyrgðina á því, að verksmiðjurnar eru ekki betur staddar en raun ber vitni. Þá er hér ekki heldur sagt, að það komi engum við nema þeim, sem þarna búa, hvernig ástandið sé. Þá er óhætt að láta alla landsmenn bera ábyrgðina. Ef það er rétt að láta 10 þús. menn á Suðurlandi ganga í ábyrgð fyrir síldarverksmiðjurnar á Siglufirði, þá er engin goðgá að fara fram á, að þeir, sem að síldarverksmiðjunum standa, sýni lit á að þakka það með því að viðurkenna, að einnig þeir kunni að hafa einhverjar þjóðfélagsskyldur. Og þó að ekki væri nefnt þakklæti eða viðurkenning á skyldum, mætti ætlast til, að þeir legðu án allt of mikils mótbróa nokkurt fé í veg, sem er gerður til þess, að þeir geti sjálfir haft eitthvað í matinn. Það er kannske hægt að kalla það broslegt að treysta

á getu og vilja þess fyrirtækis til framlaga, sem hefir verið borið uppi af Landsbankanum frá fyrstu tíð með rekstrarfé og stjórnað eins og því hefir verið stjórnað, broslegt að ríkið komi og biðji þetta skulduga fyrirtæki að lána sér nokkuð af því fé, — sem sumir vilja eyða öðruvísi, — til varanlegra vegabóta. En það kemur ekkert slíkt fram í mótmælum hv. þm. Ísaf., bara skilningsleysið á því, að fyrirtækið eigi nokkrar skyldur við þjóðarheildina, sem áfram fær að bera vaxtabyrðina fyrir það. Þetta er því spursmál um það fyrst og fremst, hvað þeim mönnum er siðferðislega skylt, sem hafa þarna há laun og vilja njóta þeirra, og það er spursmál um það, hvort þeir eiga aldrei að muna eftir því, að þeir eru í þjóðfélaginu. nema þegar þeir eru að biðja um lánsfé í síldarþró Gísla Halldórssonar eða annað, sem getur jafngilt henni.

Ég held ég hafi þá reifað þetta mál svo, að ég sé útbúinn í hverskonar orðaskipti, sem hv. þm. (FJ) kann að óska eftir. Og þá skal verða úr því skorið, ef ekki hér, þá meðal lesenda í landinu, hvor okkar hafi réttara fyrir sér. Hitt er annað mál, hvað þeir þm. gera í þessu, sem þykjast hafa þar sérhagsmuna að gæta fyrir einhverja aðila í kjördæmum sínum. Ég hefi aðeins verið að leita að þeim grundvelli í málinu, sem á megi byggja holla lausn fyrir heildina.

Þá vil ég víkja að brtt., sem ég veit ekki, hvort búið er að útbýta, en ákveðið mun vera að reyna að smeygja inn í frv. við þessa umr. til að ónýta það, sem ákveðið var hér við 2. umr., og fá þar með þingið til að lýsa algeru vantrausti sínu á mönnum, sem fráleitt hafa allir til þess unnið, þeim dr. Guðmundi Finnbogasyni, Árna Pálssyni, Barða Guðmundssyni, Pálma Hannessyni og mér. Við þessir 5 menn, sem erum í menntamálaráði, höfum nú starfað nokkur ár að vissum verkefnum og án þess að sérstaklega hafi verið að fundið með rökum, þótt þessi verk okkar séu vitanlega mannlegum takmörkunum háð. Ég býst við, að menn á eftir okkur geti gert það eins vel, en varla ástæða til að halda, að þeir geri það miklu betur. Þarna hafa nú 3 þm. — ég man bezt eftir hv. landlækni, þm. N.—Ísf. (VJ), með hv. borgarstjóra, 4. þm. Reykv. (PHalld) að baki, og framan við sig einhvern hv. þm., sem ég man nú ekki, — mér er sagt það sé skrifstofustjóri í stjórnarráðinu; það er yfirleitt mjög fínn félagsskapur fyrir landlækninn að vera í —, þeir hafa nú borið fram þessa till., og það er auðséð, að það er hann, sem hefir mest til matarins unnið í þessu hernaðarbraski. Hann hefir hreiðrað sig þarna með hjálparkokk fyrir aftan og framan. Það er eins og í lögréttu hinni fornu, þegar þeir goðarnir sátu miðbekk og hver þeirra hafði mann fyrir framan sig og aftan til að spyrja ráða. ef vanda bar að höndum. En sá hernaður, sem þessir þremenningar hafa í frammi, er ekki annað en það, að þeir lýsa yfir því með „penum“ orðum, að menntamálaráð sé óhæft til starfa, sem því hafa verið falin, að það hafi m. a. verið óhæf ráðstöfun fjmrh. (EystJ) á síðasta þingi að vísa til þess framkomnum beiðnum um styrkveitingar og láta það ganga frá till. um þær, sem svo voru samþ. af Alþingi við 2. umr. fjárl. Þeir segja, að ekki sé vit í að trúa þessum 5 mönnum fyrir því verki oftar. En enginn þessara manna hefir óskað eftir þessu starfi eða beðið þingið að kjósa sig í menntamálaráð. Þegar að því ráði var horfið að taka þessi mál út úr argi þingsins, þótti rétt að snúa sér til þessarar 5 manna nefndar. Nú er ýmislegt skemmtilegt í sambandi við þetta. Það, sem vakti fyrir núv. viðskmrh., var að koma þessu fyrir á kyrrlátari stað, hjá nefnd, sem starfaði ár frá ári, og það ætti engum að vera kærkomnara en sjálfum höfundunum og listamönnunum, sem styrks njóta. Nú get ég sagt frá því til fróðleiks, að það hefir eitthvað borizt um þennan hernað út á landsbyggðina. Ég hefi fengið bréf frá langsamlega frægasta höfundi landsins, Gunnari Gunnarssyni, þar sem hann biður í almáttugs bænum um, að ekki verði farið að berjast um sig í þinginu. „Ég hefi ekki beðið um neitt og vil ekkert síður,“ segir hann, „en að farið sé að leggja mig á það kvikskurðarborð.“ — Þetta segir frægasta skáld okkar, og það þvert upp í geðið á Alþingi. Ef einhverjir af þeim góðu þm., sem héldu því fram síðast, að það væri svo yndislegt að láta berjast um sig í þinginu, vildu hugsa betur út í þetta, hljóta þeir að finna, hve óskemmtilegt það er að vera að rífast hér um það, hvort þessi höfundurinn sé guðlaus eða kristilegur, skáld eða ekki skáld, ósiðlegur eða ekki o. s. frv., eða hvort málarinn máli eins og þessi og þessi vill hafa það eða allt öðruvísi. Það má líka nefna t. d., að á síðustu 20 árum, sem Alþingi hefir haft skiptingu þessa fjár með höndum, hefir Jóhannes Kjarval ekki fengið nema fáein hundruð króna. Minnið á slíka menn er þá ekki betra en þetta hjá þeim 49 mönnum, sem sitja hér saman yfir úthlutuninni. Og ef litið er aftur í tímann, er það Alþingi til skammar, hvernig það fór með Jón Trausta, Einar Kvaran og Þorstein Erlingsson.

Þetta segi ég ekki af því, að ég telji forsjá okkar í menntamálaráði svo góða, að því geti ekki skeikað. En á það og verk þess hefir ekki verið deilt. Ég ætla ekki að tala um sjálfan mig, því að margir menn geta haldið, að ég hafi þar rangt fyrir mér. En ég veit ekki betur en Sjálfstfl. hafi hvað eftir annað kosið þá Guðmund Finnbogason og Árna Pálsson í ráðið og talið þá með sínum mestu andans mönnum. Ég veit ekki til þess, að Alþfl. hafi látið í ljós neina óánægju með Barða Guðmundsson, og ég veit, að Framsfl. er mjög ánægður með Pálma Hannesson. Nú er stungið upp á sérstakri 7 manna nefnd til þessa verks, án þess að neitt liggi fyrir um það, hvers vegna betra sé að taka það af 5 manna nefnd og setja það í 7 manna nefnd, þegar báðar n. eru kosnar af Alþingi á einn og sama hátt. Og hvernig stendur svo á þeirri skyndilegu uppgötvun, að bezt sé að búa til nýja nefnd, úr því að þessir hv. þm. fá því ekki ráðið að hafa enga nefnd og allt í gamla þvarginu? Jú, ástæðan er eingöngu sú, að þegar ráðh. (EystJ) hafði einu sinni tekið það upp að leita til nefndar, varð að viðurkenna, að það var það eina rétta. Svo koma þessir þrír vitringar úr Austur-

vegi og segja við menntamálaráð: Þið eruð ekki færir um þetta. — Og Alþingi, sem búið er að fela menntamálaráði verkið, á að sjá sig um hönd og segja: Eftir viku höfum við séð, að þið eruð ekki færir um þetta verk, sem okkar fyrirrennarar hafa gert svo yndislega. — En það er þá alveg nýtilkomið þetta vantraust sjálfstæðismanna á dr. Guðmundi Finnbogasyni og Árna Pálssyni, ef þeir eiga að fylgja þessari brtt.: þótt þeir vantreystu okkur, sem ekki erum flokksmenn þeirra, treysta þeir sínum mönnum. Alþfl. mun ekki heldur lýsa neinu vantrausti á Barða Guðmundssyni né Framsfl. á Pálma Hannessyni.

Menntamálaráð hefir ekki efazt um, að því væri treyst og að því væri ætlað að taka hlutverk sitt ákveðnum tökum. Það hefir tekið að búa sig undir framkvæmdir og undirbýr nú allumfangsmikla útgáfu hlutlausra, góðra bóka, bæði skáldsagna og fræðibóka, og hefir ekki farið dult með, að þannig er hafin barátta við kommúnistana í landinu, sem hafa rússneskan stuðning til að gefa hér út bækur. Það eru, eins og Valtýr Stefánsson lýsti í sumar, hlutlausar bækur sumt, en með fylgir áróðursritið Rauðir pennar, sem á að dreifa hinum magnaðasta áróðri fyrir Rússum og öllu, sem þeirra hugsunarhætti fylgir, út um byggðir og bæi landsins. Þessi starfsemi náði hámarki í vor, þegar merkilegur maður við háskólann, Sigurður Nordal, lofaði ásamt fleiri kunnum mönnum að hjálpa kommúnistum við útgáfu þeirra. En þá risu upp öndverð öll blöð lýðræðisflokkanna, og sá mæti maður, Sigurður Nordal, varð fyrir mjög hörðum dómum fyrir það að fara að hjálpa til við þetta fyrirtæki tiltölulega duglegra og frá sjónarmiði sannra Íslendinga talsvert hættulegra manna, sem virðast hafa ótæmandi fjáruppsprettur, eftir því sem hér er um að ræða. Það átti ekki að fara að lögbanna Kommfl. og útgáfustarfsemi hans, heldur gefa út góðar og ódýrar bækur, til þess að almenningur léti Rauða penna róa og tæki heldur bækur menningarsjóðs í staðinn. Maður skyldi halda, þegar annarsvegar voru hinir sönnu Íslendingar, Sjálfstfl., og hinsvegar Alþfl., að mönnum úr þeim flokkum þætti ekki nein nauðsyn að berjast fyrir kommúnistana í þessari baráttu. En þegar líða tók á þingið, fóru að sjást ýmsir skrýtnir hlutir. Landlæknirinn, Vilmundur Jónsson, virtist þá vera orðinn einn af soldátunum í fremstu skotgrafalínu Rússanna. Hann fylkir liði þeirra, þegar barizt var um kosningu á forseta Þjóðvinafélagsins, barizt um að koma þar á styrkri stjórn í samvinnu við menningarsjóð, og kommúnistar vissu vel, að félagið mundi þá verða að liði í baráttunni gegn þeim. Hann sendir mann til kommúnista til að segja þeim, hvaða mann þeir geti kosið til þess að fella mig, þennan hættulega mann, — það var annars mætur maður í sjálfu sér. Ég var svo dæmalaust áhugalaus um þessa kosningu sem mest mátti verða, kaus mig ekki sjálfur og gerði ekkert til að tryggja, að hún færi frekar á einn veg en annan. Nú tókst þetta ekki hjá landlæknum, herlína hans bilaði; ég vil segja allt gott um kommúnistana, þeir standa sig eins vel og húsbændur þeirra standa sig illa núna á Finnlandi, en það dugði ekki. Næsti áfanginn var, að lærðir prófessorar gengu með stór bænarskjöl, og átti að fá alla stærstu heila landsins til að skrifa undir áskorun til þingsins um að breyta hinni vikugömlu samþykkt um menntamálaráð í þá átt, sem Austurvegsvitringarnir leggja nú til. Þó að ágætlega væri til þessa stofnað, er nú kunnur ég held gervallur áranguri nn. Þegar þessir lærðu prófessorar voru búnir að fá sjö á skjalið, ráku þeir sig á múr, sem reyndist óvinnandi; það var þeim Mannerheimlína. Þeir mættu bara einum prófessor, sem sagði: „Ég vil ekki sjá þetta," — og Rússaher varð að láta undan síga. Þá var snúizt að Petsamo og sendir menn til sjálfra meðlima menntamálaráðs, svo sem Barða Guðmundssonar og Guðmundar Finnbogasonar. En Guðmundur Finnbogason svaraði á þá leið, að hvað sem sjálfstæðismenn, umbjóðendur sínir, álitu um það, hvort hann væri nógu góður til að vera í menntamálaráði eða ekki, þætti sér ekki viðeigandi að skrifa undir vantraust á sjálfan sig. Þá var leitað fyrir sér á Kyrjálavígstöðvunum, hvar sem líklegast þótti, þó að við minni háttar menn væri að eiga. Niðurstaðan var sú, þegar ég síðast frétti, að sá, sem mest hefir gengið fram í þessu undanfarið, var búinn að fá fimm og liggur nú líka óvígur heima, en ef skjalið er ekki týnt, er það líklega komið hingað í Alþingi til geymslu. (ÍslH: Það er komið og týnist ekki). Nú, það er gott. — Þó að þessi hergagnaútvegun kommúnista hafi ekki verið sem auðveldust, þarf alls ekki að tvíla þeirra dugnað, og ég held varla þeirra féráð.

Ég held það megi teljast afsakanlegt, þó að ég segi hér örfá orð viðvíkjandi bókmenntum við þá, sem vilja láta berjast um þær á þessum stað, og þá einkum bókmenntum þeirra kommúnista, sem eru á föstum fjárlagastyrk hjá ríkinu. Það er alveg rétt hjá þeim að berjast fyrir að halda þeim styrk. Þeir vilja annaðhvort fá að vera í 18. gr. eða undir vernd okkar ágæta landlæknis, sem þeim er svo andlega skyldur. Ég ætla bara að taka þrjú skáld.

Einn af þessum þremur skáldum, sem kannske er þeirra minnstur fyrir sér, hefir ort níðkvæði um föður sinn. Þetta getur vel verið, að karlinn hafi verið lélegur, a. m. k. gæti þessi sonareign hans bent til þess. En mér finnst það sé ekki ríkisrekstur af réttu tagi að styrkja mann til að koma út leirugu níði um föður sinn.

Þá kem ég að öðru skáldi, sem nú er farinn að láta þýða bækur sínar á erlend mál. Hann lýsir samvistarmönnum sínum, þar sem þeir standa með ræðuhöldum uppi á síldartunnum og í flestum þeim ósmekklegustu kringumstæðum, sem úthugsaðar verða. Engum nema kommúnistum gæti komið til hugar, að samning og útgáfa svona ritsmíða eigi að vera ríkisrekstur. Þetta eru bókmenntir eftir mann, sem hefir mikla hæfileika og menn gera sér miklar vonir um. En hann hefir öll einkenni kommúnistanna, það er þeirra orðbragð og þeirra hugsunarháttur, sem kemur í þessari bók. Maður getur lesið margar blaðsíður, sem eru skemmtilegar aflestrar, en svo kemur leirburður. Ég get tekið til dæmis

eina vísu úr þessari bók, sem er snúin úr „Kátir voru karlar". Þetta er létt og skemmtilegt, en þar er öllu snúið við, það er kalt háð og spott og annað eftir því. Það er nóg að lesa þessa litlu vísu til þess að sjá, hvaða andleg verðmæti hér er um að ræða. Þegar ég hafði lesið þá bók, sem ég vil víkja dálítið að, — ég get ekki komizt hjá að nefna hana, en hún kom út fyrir ári síðan, þar er tekinn einn þekktur maður í landinu, einn af leiðandi mönnum í landinu, og það eru sögð um hann ósannindi, óhróður, sem hægt er að segja um hvern einasta mann, án þess að hann geti varið sig. Ég held, að ég geti komizt hjá því að nefna annað dæmi. Það má kannske segja, að ég hefði ekki þurft að láta mig þetta neinu skipta, að þetta hafi ekki komið mér við, ég heyrði þetta vestur til Ameríku, svona var þetta útbreitt, þessi óhróður um pólitískan andstæðing. Þetta skipti mig sem borgara í þessu landi, hvaða maður, sem átti í hlut.

Það kom einu sinni í Alþbl. mynd af manni, sem hafði verið settur í gæzluvarðhald, og hann var þar stimplaður sem stórglæpamaður, enda þó að ekki væri búið að dæma í málinu. Mér fannst þetta ekki viðeigandi aðferð og settist niður klukkan eitt og skrifaði grein um málið. Þetta voru engir mannasiðir, sem fram kom hjá Alþbl., að ganga út frá því að maðurinn hlyti að vera sekur, af því að hann hafði verið settur í gæzluvarðhald, enda fór þetta mál þannig, að maðurinn var sýknaður fyrir öllum réttum og engum datt í hug, að nokkur skuggi hefði fallið á manninn, þó að hann hefði verið yfirheyrður í þessu máli. Það má segja, að mér kom þetta mál ekki meira við heldur en einhverjum öðrum af þessum 38 þús., sem byggja Reykjavík. En mér fannst, að ég sem Íslendingur gæti ekki þolað þessa aðferð, sem beitt var við manninn. Það var eins og bærinn andaði léttara eftir að ég hafði skrifað greinina um málið, af því að menn fundu, að rétt og drengilega hafði verið tekið á málinu. Ég tek þetta til að sýna hina ágætu blaðamennsku, sem kom fram í Alþbl., og sem líkist svo mjög aðferðum kommúnista. Ég hefi ekki komizt hjá því að deila á Alþbl., ég ætla mér að sigra í þessu máli, — hvorki landlækni né öðrum er sómi að þessari aðferð í bókmenntum. Það verður látið fara fram nafnakall, þegar greidd verða atkv. um þessa till., og þá fær Sjálfstfl. tækifæri til að gera grein fyrir, hvernig hans sómatilfinning er í þessum efnum. Ég mun ekki hætta fyrr en öll þjóðin veit, hvað hér er um að vera, að kommúnistar eru að koma hér fyrir laglegri áróðursútgáfu gegn andlegri heilbrigði í landinu. Móti þessari útgáfu hefir menntamálaráð ráðizt, og hefir þar til stuðning fjölda manna utan og innan þingsins, úr öllum lýðræðisflokkunum. Það eru ekki nema fáir dagar síðan svo að segja hver einasti þm. lýsti því yfir, að þeir teldu virðingu þingsins misboðið með setu kommúnista innan þess; það hefir ekki verið hlustað á þá, þegar þeir hafa talað. Þetta gerðist fyrst og fremst vegna þess, að kommúnistar hafa svívirt okkar frændþjóð, í ræðu og riti, sem á nú í harðri baráttu við innrásarher Rússa.

Hér heima á Íslandi hefir nú risið upp sterkari samúðaralda en nokkurntíma hefir þekkzt í slíku tilfelli. Úti um landið hafa verið gefnar stórar gjafir til þessarar þjóðar, sem kommúnistar hafa ráðizt á; fátækur vitavörður gefur sitt litla mánaðarkaup, fátæk kona gefur silfurskeið til að hjálpa, en landlæknirinn reynir að hjálpa kommúnistunum. Ég er farinn að hlakka til að sjá og heyra nafnakallið og hvað margir þeir eru, sem ætla að meta silfurskeiðina á þann veg, sem hér um ræðir.

*Sigurður Kristjánsson: Herra forseti! Ég mun brjóta þá venjulegu reglu, sem hér hefir verið höfð við umr. fjárl. Það mun vera venjulegt, að till. manna séu um hækkun á fjárl. og að þær séu aðallega miðaðar við kjördæmi þm.; hvorugt þetta kemur fram í minum till. Ég á hér nokkrar brtt., þar af eru tvær um lækkun, og vil ég leyfa mér að minnast á þær fyrst. Ég hefi borið hér fram brtt. við 11. gr. fjárl., og er hún um tollgæzlu. Þar er eins og allir hv. þm. vita, að tollgæzla hér á landi á síðari tímum hefir verið miðuð við miklar siglingar til landsins. Nú er það vitað, að siglingar til landsins munu minnka mikið; þess vegna er ekki mikil þörf á tollgæzlu utan Reykjavíkur, og mun óhætt að fullyrða það, að þeir, sem sáu fyrir tollgæzlu áður hér á landi (bæjarfógetar og hreppstjórar), munu hafa rækt starf sitt sómasamlega. Ég vil þess vegna, að á þessum tímum, þegar verið er að skera niður útgjöld, sem þó gætu verið og eru að mörgu leyti nauðsynleg, sé ekki verið að halda uppi útgjöldum, sem ekki eru nauðsyn. Þess vegna hefi ég lagt til, að kostnaður við tollgæzlu utan Reykjavíkur verði færður niður um 40 þús. kr., með tilliti til þess, að tollgæzlan verði nú, meðan það ástand helzt, sem nú er, falin, eins og áður var, bæjarfógetum og hreppstjórum. Ég hefi ekki fleiri orð um þetta, en vænti þess, að hæstv. Alþ., sem er að skera niður ýmis mjög nauðsynleg útgjöld, muni fallast á það, að fella niður þau útgjöld, sem sýnilega eru óþörf, þó ekki hafi verið tekið eftir því.

Önnur till. um lækkun á útgjöldum er á sama þskj. (619). Hún er um svokallaða skömmtunarnefnd. Það er kunnugt, að þegar stríðið hófst milli Þjóðverja og Bandamanna, þá var óttazt um það, að vöruskortur yrði í landinu, og einnig að einstakir menn, sem til þess hefðu efni, myndu sölsa til sín þær litlu vörubirgðir, sem voru í landinu, og á þann hátt í skjóli síns efnahags taka brauðið frá munni annara landsins barna. Þessi ráðstöfun var sjálfsögð og réttlát, en nú er það í ljós komið, að enginn vöruskortur er í landinu, vörur eru að sönnu dýrar, en enginn skortur á þeim. Þess vegna eru þessar skömmtunarnefndir ekkert annað en afleiðing af þeim ótta, sem var um það, að vöruskortur yrði í landinu, og að efnamenn sölsuðu undir sig þær vörubirgðir, sem til væru. Ég held, að það sæmi illa, að af sama þinginu, sem dregur úr framlagi til nauðsynlegra framkvæmda, skuli vera haldið uppi líkum útgjöldum eins og þessum. — Þetta eru mínar till. til lækkunar á fjárl. Það er ekki mikið undir 100 þús. kr.

Till. mínar til hækkunar eru miklu lægri. Ég vil leyfa mér að minnast á þær í þeirri röð, sem þær eru á þskj. Ég hefi farið fram á það með hv. þm. N.-Ísf., að gerð verði aths. við liðinn um fjárveitingu til unglingaskóla á þann hátt, að af 20 þús. kr., sem þar er heimilað, gangi 15 þús. kr. til Reykjanesskóla. Ég vil þá gera grein fyrir, á hverju þessi till. byggist; hún byggist á því, að ekki er hægt að leggja neitt að ráði í byggingar meðan ófriðurinn stendur. Nú er svo ástatt með flesta unglingaskóla, að þeir hafa fengið sæmileg húsakynni, en tveir skólar eru þar þó undanskildir, Reykjanesskólinn og skólinn í Reykjahlíð í Skagaf. Svo stendur á með Reykjanesskólann, að það hefir verið ákveðið, að skólinn fái rétt til þess að nema rekavið, og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að viðurinn verði unninn í sjálfboðaliðsvinnu. Á þennan hátt hefir stjórn skólans hugsað sér að koma upp nokkurri viðbyggingu við skólann, án mikils framlags frá ríkissjóði. Samkv. þessu ástandi lítum við svo á, hv. þm. N.-Ísf. og ég, að það muni vera heppilegra, að þessu fé verði varið til skólans á Reykjanesi heldur en að það sé höggvið niður og látið ganga til smávægilegra endurbóta á öðrum skólum, sem kosta innflutning á erlendu efni.

Hin till., sem snertir óbeinlínis þennan skóla, er 2 þús. kr. framlag til að fullgera bryggju við Reykjanes. Ég hefi áður talað um það hér á þinginu, að til Reykjaness er geysimikil umferð, þar er skóli bæði fyrir börn og unglinga, og eru þangað því tíðar heimsóknir. Það er orðinn daglegur viðkomustaður flóabátsins, sem gengur um Ísafjarðardjúp, og er það mjög bagalegt að geta ekki lent við land, því þangað þarf að senda mikinn flutning. Það er líka mjög hættulegt, þegar börn og unglingar eru að koma þangað, að þurfa að flytja þetta fólk á smákænum til lands. Mikinn dugnað hafa sveitamenn lagt fram til að koma upp byggingunni. Alþingi hefir veitt tvisvar sinnum, að mig minnir, 1 þús. kr. til þessarar bryggjugerðar, og var ætlunin, að henni yrði lokið á þessu ári. Nú var ég á þessum stað síðastl. haust, og þegar ég kom þangað, lá flóabáturinn við landfestar við þessa bryggju, og verður að játa, að það er mikil lendingarbót fyrir ekki meira fé en ríkið hefir lagt til. Þegar ég skyldi fara þaðan, kom flóabáturinn þangað, en hann þorði ekki að leggjast að bryggjunni, því þar er ekki nógu traust til þess að liggja við landfestar, ef veður er illt. Báturinn lá þess vegna langt fram á firði. En ef kominn væri haus á bryggjuna, þá myndi flóabáturinn liggja þar í hvaða veðri sem væri við landfestar.

Það er áætlað, að þessar umbætur kosti 6 þús. kr. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að ná í efnivið í þennan bryggjuhaus og leggja þar fram vinnu endurgjaldslaust. Mér finnst þess vegna og hv. meðflm. mínum, að það sé mjög eðlilegt, að ríkið leggi fram þessa lokagreiðslu, 2 þús. kr., til þess að gera þessa lendingarbót örugga og áhættulausa fyrir þann mikla mannfjölda, sem þarna býr.

Ég vænti hins bezta af hv. þm. um undirtektir undir þetta mál. Ég veit, að fjvn. viðurkennir, að það sé skynsamlega til þessa stofnað, þó hún hafi ekki viljað bindast fyrir því að mæla með þessu, sem kannske stafar af því, að till. um þetta kom ekki til n. fyrr en í fundarhléinu í dag.

Næsta till. mín á sama þskj. er um fiskveiðasjóð Íslands. Hv. þm. er kunnugt um, að ríkissjóður stendur í nærfellt 1 millj. kr. skuld við fiskveiðasjóðinn. Hann hefir brotið þær reglur, sem settar voru um greiðslu þessarar 1 millj. kr. og ekki greitt neitt af henni fyrr en á yfirstandandi ári, að hann hefir greitt 60 þús. kr., en upphæðin öll á að vera greidd árið 1941. Nú hefir mér sýnzt og mörgum fleiri, að skynsamlegra hefði verið fyrir ríkissjóðinn að greiða þetta smám saman, en árið 1941 hlýtur ríkissjóður að greiða þessa 1 millj. kr. að fullu. Á síðastl. ári var horfið að því, að ríkissjóður skyldi greiða í afborgun af þessari skuld 60 þús. kr. Fjmrh. setti sömu upphæð á fjárlfrv., þegar það kom fram á öndverðu ári.

Nú sé ég, að fjvn., sem hefir þó lagt til, að veitt verði mjög mikið fé til ýmiskonar ófriðarhluta, hefir lagt til að lækka þessa afborgun úr 60 þús. kr. niður í 30 þús. kr. Mér þykir þetta næsta undarleg ákvörðun, eftir að þetta sama þing hefir samþ. l. um það, að hámarkslán úr þessum sjóði skuli hækka um 10 þús. kr., sem óhjákvæmilega skapar fiskveiðasjóði hærri útgjöld á næsta ári heldur en þau, sem honum var skylt að greiða eftir þeim l., sem hann starfaði eftir áður en þessi nýju l. voru samþ.

Mér er kunnugt um, að fiskveiðasjóður hefir gert ráðstafanir til lánveitinga um 20 þús. kr. fram yfir það, sem hann hefir til umráða, að undanskildum vaxtatekjum hans á næsta ári. En með þeim l., sem samþ. hafa verið frá þinginu um aukin hámarkslán, þá hlýtur þörf sjóðsins fyrir útlán að hækka nokkuð. Það er þess vegna ákaflega merkilegur hlutur, að fjvn. skuli hafa leyft sér að lækka framlagið um helming frá því, sem það var í stjfrv. Ég hefi nú ekki farið lengra í minni leiðréttingu en það, að framlag ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs sé aukið upp í 75 þús. kr., úr 60 þús. kr., sem það var í stjfrv. Þessar 15 þús. kr., sem ég leggi til, að framlagið hækki um, eiga þá að mæta þeirri hækkun á hámarkslánum, sem sjálft Alþ. hefir samþ.

Ég er meðflm. að einni lítilli brtt. við fjárl., þar sem farið er fram á, að ríkissjóður leggi fram litla upphæð til sjóminjasafns fyrir Ísland. Það er kunnugt, að haldin var sýning á sjóminjum hér í Rvík á þessu ári, og hlaut sú sýning mikið lof og var þá jafnframt af svo að segja öllum blöðum landsins lögð áherzla á það, að ríkið yrði að gera ráðstafanir til að varðveita minjar um sjófarir Íslendinga. Nú hafa forgöngumenn þessarar sýningar snúið sér til ríkisstj. og beðið um, að hún gengist fyrir því, að fé verði veitt til að safna þessum sjóminjum saman í framtíðinni á sérstakt safn, þar sem daglega væri hægt að skoða þessar sjóminjar. Forgöngumennirnir fóru fram á, að ríkið veitti 8 þús. kr. í þessu skyni og væri þar í kostnaður við húsnæði og að halda mann, en fjvn., sem fékk þetta sent frá ríkisstj., hefir ekki séð sér fært að gera

till. um þetta. Ég hefi því leyft mér ásamt 2 hv. þm. öðrum, hv. 2. landsk. og hv. þm. Barð., að bera fram þá brtt., að veittar verði 5 þús. kr., og til vara 3500 kr. Við höfum því lækkað upphæðina frá því, sem forgöngumenn sýningarinnar fóru fram á, og ætlumst við til, að húsnæði og umsjón komi þar ekki til útgjalda, heldur muni ríkið á þessu fyrsta ári sjá fyrir því.

Að lokum vil ég minnast á eina till., sem þykja mun dálítið nýstárleg, því það mun mega líta svo á, að Alþ. hafi fyrirfram afsalað sér nokkurri hlutdeild í því, að ákveðnir menn í þjóðfélaginu skyldu metnir þess verðir að fá nokkurn styrk fyrir bókmenntaafrek. Ég er mótfallinn þessari ráðstöfun, að Alþ. afsali sér þessum rétti, þó að ég að sjálfsögðu hafi margt að setja út á dóma þingsins á þessum hlutum á undanförnum árum.

Það er sérstaklega einn maður, sem mér finnst ósæmilegt að sparka út af fjárl., en það er skáldið Guðmundur Friðjónsson á Sandi. Hann er það skáld, sem næst Einari Benediktssyni er tvímælalaust höfuðskáld Íslands, og þarf ekki að fara um það mörgum orðum. Það er í sjálfu sér merkilegt, að maður, sem barizt hefir í bændastétt allt sitt líf og háð þá baráttu með sæmd, skuli hafa hafið sig upp í það að verða höfuðskáld Íslands.

Það væru merkileg tímamót hjá Alþ. Íslendinga, ef það færðist þau undur í fang að sparka þessum manni burt af fjárl. Ég vil þess vegna, ekki aðeins vegna verðleika skáldsins, heldur líka sem prófstein á sómatilfinningu Alþ., fara fram á, að hann fái að vera áfram í 18. gr. fjárl., þó ekki með hærri upphæð en 2400 kr., og er sú upphæð mjög í samræmi við nægjusemi og hógværð íslenzkra bænda. Ég myndi heldur ekki hafa boðið þessu höfuðskáldi okkar slíka upphæð nema vegna þess, að ég veit, að það er í samræmi við hans skoðun um það, hversu mikils hófs skuli gæta í fjárútlátum á Alþ.

Forseti (BÁ): Nú eru 10 hv. þm. á mælendaskrá, en ég hygg, að enginn þeirra sé viðstaddur, svo ég leyfi mér því að taka málið af dagskrá og fresta umr. um það.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 29. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 418, n. 584 og 613, 587, 619, 636, 637, 639).

***Magnús Jónsson:** Ég bar ásamt tveimur öðrum fram brtt., sem eru á þskj. 637. Það þarf ekki að fara um þær mörgum orðum, þær eru ekki stærri en það, að þær myndu kosta ríkissjóð til samans 700—800 kr. á ári. Önnur brtt. er flutt af mér einum, 17. brtt. á þskj. 637, og er um það, að veita Þorkeli Þorlákssyni 1000 kr. Fjvn. hafði flutt í sínum brtt. till. um, að honum yrðu veittar 600 kr., svo hér er aðeins um 400 kr. hækkun að ræða í minni brtt. Þessi starfsmaður er flestum þm. það kunnur, að engin ástæða er til að lýsa honum eða starfi hans, sem hefir aflað honum ágæts orðstírs, þó goldið hafi verið með mjög lágum launum. Eftir langa þjónustu fær hann úr lífeyrissjóði aðeins 1100—1200 kr. Það er lítið til þess að lifa af, og ekki meira en svo, að hann geti komizt af með það, en hann væri dálítlu nær, ef mín brtt. yrði samþ., þannig að hann hefði 100 kr. á mánuði með dýrtíðaruppbótinni. — Ég þykist viss um, að þessi till. hljóti samþ. hv. þm.

Hin till., sem ég flyt ásamt hv. 2. landsk. og hv. 1. þm. Árn., er um að veita Samúel Eggertssyni kennara ofurlítinn styrk í notum þess, hversu hann hefir lengi unnið að starfi sínu, er hann nú lætur af fyrir aldurssakir, án þess að fá nokkurn lífeyri eða nokkurn styrk af opinberu fé á nokkurn hátt. Ég skal ekki fara langt út í það að lýsa þessum manni, — hann er sjálfsagt flestöllum þm. kunnur. Hann hefir stundað kennslu víða, hingað og þangað um Vesturland og síðan um mörg ár í Reykjavík, bæði einkakennslu og í skólum. Liggur hér fyrir frá honum skýrsla um þessa kennslu. Það er nú einu sinni einn þátturinn í eðli þessa manns, hve frábærilega sýnt honum er um að halda öllum sínum skjölum í röð og reglu, setja ýms atriði í töfluform og gera þau ljós. Hann gerir hér skrá um það, hversu víða hann hefir kennt, hve margar stundir, hve marga nemendur hann hefir haft o. s. frv. Ef þessi maður hefði stundað kennslu við einhvern opinberan skóla að staðaldri, þá hefði hann nú haft eitthvað fyrir sig að leggja, þegar aldurinn færist yfir. En þar sem kennsla hans hefir mest öll verið einkakennsla, þá er ekki því að heilsa, og því getur eigi talizt ósanngjarnt, að hann njóti nokkurs opinbers styrks nú. Risið á þessari till. er nú ekki hærra en 250 kr. á ári, sem með dýrtíðaruppbót myndi verða rétt yfir 300 kr. — Samúel er ágætur skrautritari og hefir gert ýmsa uppdrætti og myndir. Hann hefir safnað miklum fróðleik, sem hann á í fórum sínum, en sérstaklega er honum sýnt um að setja ýms hagfræðileg atriði ljóslega fram í táknmyndum og línuritum. Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en fel þessa litlu till. velvilja hv. þm.

Hvorug þessara brtt. minna er þannig, að hún hafi nokkur áhrif á fjárhag ríkisins eða geti til stórmála talizt. Þm. geta því tekið afstöðu til þeirra beggja rétt eftir sinni persónulegu skoðun á því, hvort þetta sé í raun og veru rétt eða rangt, án þess að tengja afgreiðslu till. meðferð annara mála þingsins.

Ég skal ekki fara að blanda mér inn í hin stærri mál, og það þótt ýmsar till. séu fram komnar, sem ég gjarnan vildi leggja orð í belg um, en umr. verða sennilega nógu langar, þótt ég sleppi því að mestu. En þó eru 1—2 atriði, sem ég kemst ekki hjá að minnast á. Það kemur í huga minn sem gamals yfirskoðunarmanns landsreikningsins, þegar ég sé, að aftur á nú að ganga inn á þá braut að veita greiðsluheimildir fyrir ríkisstj., án þess að upphæð sé tekin inn í sjálfa útgjaldaliði fjárl., hve óheppilegt slíkt fyrirkomulag er. Þessu var að mestu leyti hætt um tíma, og er því að mínum dómi mjög skökk stefna að taka þetta nú upp að nýju. Einnig er það, að þingið rennir eiginlega alltaf blint í sjóinn, þegar slíkar till. eru samþ. Mönnum finnst ábyrgðin ekki hvíla eins þungt á sér

sjálfum, þegar fyrirkomulag útgjaldanna er þannig, að þetta er falið ríkisstj. Þetta fyrirkomulag hvetur því miklu meira til ógætni í meðferð fjármála heldur en að ákveða beinar fjárhæðir til eins og annars. Þessu má líkja við það, hve menn eru stundum ákafir í að kaupa á uppboðum, af því að ekki þarf að borga strax. Alþ. á ekki að víkjast undan þeirri ábyrgð að segja sjálft til um þær fjárhæðir, sem það ætlast til, að greiddar séu. Slíkar heimildir eru alltaf þannig, að alþm. vita í raun og veru ekki hvað það er, sem þeir eru að samþ. Ég get að vísu viðurkennt, að réttmætt sé að veita heimildir fyrir ríkisstj. til að greiða eitt og annað, en þá helzt eingöngu í þeim tilfellum, að alveg ákveðnum skilyrðum beri að fullnægja áður en greiðsla getur farið fram; en vitanlega mætti alveg eins setja aths. í slíkum tilfellum við fjárveitinguna sjálfa. Góð fjármálastjórn ætti að stefna að því, að fjárlög og landsreikningur yrðu í sem mestu samræmi. Alþ. er með svona heimildum beinlínis að gefa undir fótinn með, að það sé ekki nauðsynlegt. Það er erfitt fyrir mig að taka afstöðu til till., sem bornar eru fram í þessu formi, því að í sjálfu sér þarf maður ekki að vera á móti till. efnislega, ef fé væri aðeins veitt í öðru formi.

Sú till., sem ég m. a. ætlaði að minnast á, þegar ég kvaddi mér hljóðs, hefir verið mikið rædd síðan, og get ég því sparað mér ýmislegt af því, sem ég annars vildi sagt hafa. — En þessi till. er um það, að síldarverksmiðjur ríkisins veiti nokkurt fé til að létta undir með ríkissjóði með vegagerðir á tveimur stöðum á landinu. Ég er yfirleitt á móti þessum till., þar sem ekki hefir verið hægt að benda á, að verksmiðjurnar hefðu þetta fé handbært, en algerð fjarstæða að láta síldarverksmiðjurnar fara að taka lán til að leggja í vegagerðir. Verksmiðjurnar þyrftu síðan að standa straum af vöxtum þessa láns, en ættu aftur að láta ríkissjóði það vaxtalaust í té. Ég vil bara vekja athygli á því, hvernig litið myndi verða á slíka ráðsmennsku hjá lánardrottnum landsins erlendis, — þótt hinir íslenzku kippi sér ekki upp við allt. Þeir þekkja Alþ. og vita, að það á skilið fullt traust. En í augum útlendra manna, sem ekkert þekkja til, horfir þetta eðlilega öðruvísi við. Nú skulum við segja, að fyrirtækið, sem hér er um að ræða, þurfi ekki á styrk erlendra lánardrottna að halda, — en hvernig verður litið á það almennt hjá mönnum, sem lána fé til íslenzkra fyrirtækja, að Alþ. leggi einstökum fyrirtækjum alveg sérstakar byrðar á herðar, sem eru rekstri þeirra alveg óviðkomandi? Ég held, að þetta geti verið mjög varhugavert, og álít, að við ættum ekki að gera neitt viljandi, sem varpar skugga á lánstraust okkar erlendis. Ég skal ekki fara langt út í það, hvort þessir vegir til Raufarhafnar og Siglufjarðar heyra eiginlega verksmiðjunum til á nokkurn hátt, en ég vil bara geta þess, að ég hefi ekki orðið var við, að slíkir vegir væru teknir með í kostnaðaráætlun verksmiðjanna, en það væri þá sannarlega ekki gætileg áætlun, þar sem gleymzt hefði að gera ráð fyrir nokkurra kílómetra vegum, sem í raun og veru tilheyrðu þessum stofnunum. Ég held, að það hafi komið fram hjá 2 hv. þm., að hér bæri aðallega að líta á siðferðislegu hlið málsins, — láta allan fjárhag „fokka". Það ætti nú vegna stöðu minnar að koma sérstaklega sárt við mig, ef brotin væri einhver siðferðisskylda af hálfu Alþ. með því að samþ. ekki þessa vegagerð. Ja, öðruvísi mér áður brá. Ég man ekki betur en að fyrir nokkrum árum ætlaði allt vitlaust að verða út af því, að allir vildu fá að reisa þessar síldarverksmiðjur hjá sér, — allir firðir frá Látrabjargi að Eystra-Horni, allir vildu fá að hafa síldarbræðslurnar. Húnaflói, Vestfirðir, Norðurland og Austfirðir, allir rifust um að fá síldarverksmiðjurnar til sín. Og nú á Alþ. að vera siðferðislega skuldbundið til að leggja veg frá Siglufirði upp í sveit til þess að reyna að bæta eitthvað úr því sköleysisböli, sem ríkið hafi stofnað til á þessum stað! Nei, ég verð að segja það, að svona rök duga ekki. Siglufjörður sótti vitanlega fast eins og aðrir að fá þessar verksmiðjur, vegna þeirra miklu framkvæmda og athafnalífs, sem um þær skapaðist, og ríkið hefir enga yfirbót að gera í því sambandi. Þá kemur annað siðferðisatriði, og það er blessað fólkið, sem vinnur þarna, — það fer svo illa um það í landi, — þessi ólykt og reykur — allt afarskaðlegt fyrir siðferðið! Það þarf að koma fólkinu burt við og við, koma því upp í sveit. Ef ég verð sannfærður um þetta atriði, þá fer ég að hugsa mig tvisvar um réttmæti þess, að láta skólapilta fá sérstakan forgangsrétt að þessum spillingarstöðum, eins og nýlega hefir verið samþ. hér. Það ætti þó að vera sérstaklega hættulegt að setja þá menn til vinnu á svona stað, sem eiga eftir að komast í vegleg embætti í þjóðfélaginu og verða þar að einhverju leyti leiðandi menn. Ég greiddi atkv. með því, að skólapiltar fengju þarna forréttindi til vinnu, satt að segja af því, að mér er ekki ljós þessi siðspillingarvoði í sambandi við síldarverksmiðjurnar. — Ég er að sjálfsögðu með þessum samgöngubótum út af fyrir sig, — mikil ósköp, — ef við bara getum risið undir þeim. Reyndar er þegar hafin vegagerð á Siglufjarðarskarði. Það er vitanlega æskilegt að tengja hérað eins og Skagafjörð við Siglufjarðarkaupstað með akvegi. Ég mótmæli því alls ekki. En ég hefi enga trú á því, að bílferðir frá Siglufirði til Skagafjarðar myndu bæta **siðferðið**. Sumir eru nú þannig gerðir, þótt þeir séu kallaðir mestu reglumenn, að ef þeir ætla í bílferð, þá má áfengi alls ekki vanta. — Mér finnst satt að segja afarvarhugavert að leggja byrðar á einstök fyrirtæki til að standast kostnað við svona verk. Slíkt eru einungis sjúkdómseinkenni, — einkenni þess, að búið er að hlaða of miklum útgjöldum á ríkissjóðinn og farið er að leita allra bragða til að geta haldið áfram.

Svo er það ein till. hér, sem ég vildi leggja lið, þótt hún sé í óaðgengilegu formi, þ. e. a. s. heimild í 22. gr. Till. er um það, að setja þjóðleikhúskjallarann þannig í lag, að unnt sé að flytja þangað muni þjóðminjasafnsins. Það er illt, að þjóðleikhúsið skuli standa í því ástandi, sem það nú er, þótt ég auðvitað fallist á, að ekki sé um slíkt að fást meðan menn geta ekki einu sinni byggt yfir sig nauðsynleg íbúðarhús

eða hús til atvinnurekstrar, en það er einungis vegna þjóðminjasafnsins, sem ég vildi styðja þessa till. Ef hún fæst ekki samþ., finnst mér eiginlega réttast að skora á stj. að láta pakka þjóðminjagripunum inn og geyma þá einhverstaðar á alveg öruggum stað. Það er alveg hræðilegt til þess að vita, að aðrir eins dýrgripir og þar eru saman komnir skuli, ef illa fer, geta gereyðilagzt á svipstundu. Það er ekkert annað en hundaheppni og slympilukka, að núverandi ástand í þessum efnum veldur ekki tjóni. Hér er alls ekki um þau verðmæti að ræða, sem unnt er að afla á ný. Útlendingar, sem hingað koma, sjá margt betur en við sjálfir, t. d. áleit Haakon Schetelig, að í okkar þjóðminjasafni væru meiri dýrgripir en nokkurn mann hefði grunað. Mönnum, sem skoðað hafa mörg söfn erlendis, finnst þetta, sem þarna er hrúgað saman, vera nægilegt til að fylla stóra byggingu. Nú liggur þetta uppi á lofti undir timburþaki, rétt hjá talsvert mikilli húsaþyrpingu, nógu mikilli til þess, að ef eldur kæmi upp á þessum slóðum, þá er ekkert líklegra en að safnið eyðilegðist. Því að þótt einhverjum munum mætti nú bjarga, þá eru þeir ekki í því ástandi, að þeir þoli að sæta harkalegri meðferð. Ég álít sjálfsagt að flytja safnið burtu, en af því að þessi till. kemur fram sem heimild fyrir ríkisstjórnina, þá verður mikið stríð hjá mér milli holdsins og andans um hana.

***Eiríkur Einarsson:** Ég á brtt. á þskj. 637 um að veitt verði nokkurt fé til lendingarbóta á Stokkseyri og Eyrarbakka, 2500 kr. til hvors staðar. Það er alveg lágmarksupphæð, miðað við þörfina. En ég þarf ekki að skýra frá ástæðum til þess, að ég ber ekki fram hærri till. Ég álít, að öllum fjárkröfum þurfi nú að stilla í hóf eins og kostur er á. — Það hefir lengi verið hlaupið undir bagga með Stokkseyringum með því að brjóta mola úr brimgarðinum, og hefir það bætt mikið, þótt betur megi, ef duga skal. Frá þessum stöðum ganga töluvert margir bátar til veiða árlega og með furðanlegri heppni, til mikils bjargræðis fyrir kauptúnið, enda á það aðalafkomu sína undir því, að aflist úr sjó. Það þarf vitanlega ekki að skýra frá því, að mikið vantar á, að fullnægt sé nauðsynlegum fjárþörfum til lendingarbóta á þessum slóðum.

Sama máli gegnir um Eyrarbakka. Þar hafa verið gerðar mælingar, sem leiða í ljós, að til þess að bæta innsiglinguna — en þarna er mikil brimsigling — þarf mikið fé til umbóta, og ærin ástæða til að hlaupa undir bagga. Ég vil geta þess, að athuganir þessar hafa farið fram undir umsjá vitamálastjóra, og sýna útreikningarnir, að allt aðrar og meiri fjárhæðir þarf í þessu skyni en hér er farið fram á. En ég ber þetta fram til þess að sýna, að Alþ. hafi vilja til að ráða bót á þessu máli, og þótt ekki sé mikið lagt af mörkum í hvert sinn, þá holar dropinn steininn um síðir. Ég tel ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, en mun að þessu sinni létta þeim umsvifum af Alþ. að þurfa að greiða atkv. um málið og tek till. aftur. Geri ég það vegna þess, að ég hefi ástæðu til að ætla, að á næsta Alþ. muni verða gengið í það af fleiri þm. en mér að koma fram verulegum fjárhæðum til þessara nauðsynjamála.

Þá vil ég minnast hér á brtt., sem ég á ásamt hv. þm. Mýr., um að heimila ríkisstj. (ég heyri, að það er ekki vinsælt orðalag nú) að greiða nokkurt fé til að styrkja búendur til að kaupa útlendan áburð, þar sem fyrirsjáanlegt er, að verðlag muni verða allhátt. Það var eins og hv. þingdm. muna frv. hér á ferðinni um breyt. á jarðræktarlögunum. Ekki er að efa, að hv. þingdm. muni skilja nauðsyn þessarar breytingar. Það er líka vitanlegt, að með komandi vori munu margir bændur standa eins og þvörur víðsvegar um land vegna þeirrar miklu verðhækkunar, sem orðið hefir á erlendum áburði. Miklu fé hefir á síðari árum verið varið til túnræktar, og ég tel það ekki eftir, þótt slíkar umbætur kosti ríkissjóð töluverð útlát. En þessi miklu fjárútlát, sem lögð hafa verið í aukna túnrækt, koma alls ekki að fullum notum nema því aðeins, að tryggður sé nægilegur tilbúinn áburður. Það er þess vegna, að ég og hv. meðflm. minn, þm. Mýr., höfum borið fram till. við 22. gr. V., að greiða áburðarsölu ríkisins allt að 100000 kr. styrk til þess að létta undir með bændum til áburðarkaupa; til vara höfum við lagt til, að 70000 kr. verði veittar.

Ég hefi heyrt því fleygt, að þegar rætt er um fjárl., sé tími til að þegja og tala, og ég mun því velja hentugra hlutskiptið og teygja ekki lopann. Þó vil ég vekja athygli á því, að mér þykir það mjög viðsjárvert, þegar till. kemur um að veita ríkisstj. heimild til lántöku til að fullgera veginn yfir Siglufjarðarskarð. Það er auðvitað, að akfær braut frá Siglufirði inn í Fljót myndi bæta samgöngur milli sjávar og sveita, en mér þykir viðsjárvert, ef beitt er slíkum aðferðum til fjárveitingarinnar, í stað þess að veita fé í fjárl. til þessa vegar eins og siður er til annara vega.

***Finnur Jónsson:** Í næturumr. vék hv. þm. V.-Húnv. nokkrum orðum að heimssýningunni í New York. Taldi hann réttara að verja fé landsins til annars þarfara en heimssýningarinnar. Till. um framlagið til heimssýningarinnar hefir komið fram fyrir eindregin tilmæli fulltrúa ríkisstj. í Vesturheimi, Vilhjálms Þórs, og maður skyldi þó gera ráð fyrir, að hv. þm. V.-Húnv. myndi meta tillögur hans í þessum efnum einhvers. En það hafa verið eindregin tilmæli þessa manns, að Ísland héldi áfram þátttöku sinni í heimssýningunni. Viðskipti okkar við Evrópu eru mjög erfið, þau geta farið versnandi áður en lýkur, og okkur er því hin mesta nauðsyn að knýta ný viðskiptabönd við hinn mikla markað Vesturheims. Þátttaka okkar í heimssýningunni gerir okkur hægara um vik að taka upp þessi viðskipti og kynna land okkar þar vestra, og þess vegna tel ég ekki rétt að taka ekki til greina ráðleggingar og tilmæli manns, sem hefir allra manna bezt vit á þessum málum.

Hv. þm. V.-Húnv. vék að aths. minum við till. meiri hl. fjvn. um kaup á Húsavíkurverksmiðjunni og 200 þús. kr. lán til vegalagningar um Siglufjarðarskarð og Melrakkasléttuveginn. Ég hefi þegar gert grein fyrir afstöðu minni í

þessu máli og tel þarflaust að endurtaka ummæli mín.

Hv. þm. S.-Þ. hélt hér eina af sínum stóru ræðum, sem virtist vera boðskapur um, að stórbreytinga væri að vænta hjá háttv. þm. Hann lýsti því átakanlega, að hann hefði í hvívetna barizt fyrir því, að útrýma rógi og lygum, einkum er þær birtust sem árásir í bókmenntum og blaðaskrifum. Mér þykir vænt um, ef um er að ræða alvarlega stefnubreyt. hjá hv. þm. í þessum efnum. Blaðalesendur munu án efa taka því fegins hendi, er hann vill leggja lið sitt til að útrýma því, sem oft hefir einkennt blaðaskrif hv. þm. S.-Þ. frá fyrri árum.

Hv. þm. S.-Þ. eyddi helming ræðu sinnar í að tala um afstöðu mína til verksmiðjumálsins. Ég var því meðmæltur, að verksmiðjan á Önundarfirði væri keypt. En það er ekki rétt, að ég hafi ráðið því, að hún yrði keypt. Ég vil benda þeim, sem hafa gleymt þessu, á að líta í Þingtíðindin frá 1933, þskj. 168. Meiri hl. sjútvn. flutti þá þáltill. um heimild til handa ríkisstj. til að kaupa síldarverksmiðjuna á Sólbakka. Í meiri hl. sjútvn. voru núv. viðskmrh., þm. Barð., þm. Vestm. og undirritaður. 4 af 5 nm. voru flm. till., og þar af voru 2 framsóknarmenn. Það er því minnisleysi hjá hv. þm. S.-Þ., þegar hann heldur því fram, að ég einn hafi sérstaklega staðið að till. Einn af nm., þm. G.-K., var till. mótfallinn. Þegar bornir eru saman möguleikarnir, sem voru fyrir hendi við kaup á Sólbakkaverksmiðjunni, við kaup á Húsavíkurverksmiðjunni, þá verður að minnast þess, að um það leyti og Sólbakkaverksmiðjan var keypt, var von um að geta rekið þar karfaveiðar sem atvinnugrein, og fyrstu árin voru þær veiðar stundaðar. Það er því alrangt að bera þetta tvennt saman án tillits til aðstæðnanna og halda því fram, að ég og Alþfl. hafi svo að segja einir staðið að kaupum á verksmiðjunni.

Hv. þm. S.-Þ. hélt því einnig fram, að ég hefði farið með staðlausa stafi í ummælum minum um Húsavíkurverksmiðjuna. Samanburður minn á kostnaðinum á Húsavíkurverksmiðjunni og öðrum verksmiðjum var tekinn úr skýrslu Jóns Gunnarssonar, og verður hv. þm. S.-Þ. að eiga við hann um þessar upplýsingar. Þótt ég beri mikla virðingu fyrir sannleiksást og tölvísi hv. þm. S.-Þ., þá sé ég þó ekki betur en að Jón Gunnarsson hafi rétt fyrir sér. Ég benti á kostnaðarmuninn á vinnulaunum í Húsavíkur- og Sólbakkaverksmiðjunni, sem hvorki nemur meira né minna en 1.40 kr. á smálest, og munar þá um minna, þegar síldin er í 3 kr. til sjómanna og útgerðarmanna.

Hv. þm. S.-Þ. talaði þannig um vinnslu á síld, að efasamt er, hvort hægt er að bera mikla virðingu fyrir viti hans á þessum atvinnuvegi. Hann sagði, að ef vit væri í að kaupa verksmiðju á Sólbakka, þá væri svo líka á Húsavík. Það er rétt að því leyti, að ef um sambærilegar verksmiðjur væri að ræða, þá væri auðvitað ekki hægt að gera upp á milli stöðvanna. En þegar um er að ræða verksmiðju, sem vinnur úr 5000 málum síldar, þar sem vinnulaunin eru 0.40 kr. á smálest, og aðra verksmiðju, er vinnur úr 4000 málum og vinnulaunin eru 1.80 kr. á smálest, þá nær samanburðurinn auðvitað ekki nokkurri átt. —

Hv. þm. S.-Þ. talaði um eyjar úti í reginhafi, en svo nefndi hann Siglufjörð og Raufarhöfn. Hann finnur svo til með fólkinu, sem þarna býr, að hann býr til eyjar í landafræði okkar Íslendinga. Nú er það svo um Raufarhöfn, að þangað er veglaust á landi, en það má segja, að þangað sé líka veglaust á sjónum. Á ég þar við, að inn á Raufarhöfn geta ekki komizt nema minnstu skip; stórir línuveiðarar, togarar og flutningaskip komast ekki inn á höfnina. Það er því erfitt um flutninga á síld til Raufarhafnar nema á minnstu skipum og erfitt um vöruflutninga nema á mjög grunnskreiðum skipum. Það er mjög undarlegt, að hv. þm. S.-Þ. skuli ekki hafa komið auga á þessa vegleysu til Raufarhafnar. En stj. síldarverksmiðja ríkisins hefir löngu verið það ljóst, að sú vegleysa, sem fyrst og fremst þarf að bæta úr á leiðinni til Raufarhafnar, er höfnin sjálf. Það þarf að dýpka hana til þess að þar verði öruggt um alla lendingu. Og það hefir verið gerð áætlun um þetta, að slíkt myndi kosta 150000 kr., en efalaust fer þetta verk fram úr áætlun vegna striðsins, þar sem þessi áætlun var gerð áður en það hófst.

Það er þessi vegleysa, sem hv. þm. S.-Þ. virðist ekki koma auga á, að þurfi að bæta fyrst og fremst úr á Raufarhöfn. Nú er Presthólahreppur, sem á þessa höfn, fáækur og hefir ekki ráð á að leggja neitt fé af mörkum í þetta. Það eru þess vegna allar líkur til, að ein af þessum síldarverksmiðjum verði að leggja fram fé í það verk, eða að lána hafnarsjóði Raufarhafnar það fé, sem þarf til þess að dýpka höfnina. Þar kemur enn upphæð í viðbót við það, sem ég var að lýsa hér í gær, að væru hjá síldarverksmiðjum ríkisins til framkvæmda fyrir verksmiðjurnar. Nú hefir hv. þm. S.-Þ. sagt það, að mér færist ekki að tala um, hvernig ætti að verja fé síldarverksmiðjanna; því fé hefði verið varið í ýmsu öðru skyni en til hagsbóta fyrir síldarverksmiðjurnar, þar sem ég hefði staðið fyrir byggingu síldarþróarinnar á Siglufirði, sem hefði kostað 270000 kr.

Eftir því, sem ég man bezt og mínar skýrslur herma, kostaði þróin kr. 232000.00. En fyrir hinn mikla fjármálamann, hv. þm. S.-Þ., munar náttúrlega ekkert um 38 þús. kr., hvorki til né frá. Auk þess er það að segja um þessa þró, að að henni stóð ekki ég einn, heldur stj. síldarverksmiðja ríkisins. Þar á meðal áttu sæti í stj. síldarverksmiðjanna einn af ágætustu stofnendum Framsfl., Þorsteinn M. Jónsson, sem nú á sæti í stj. síldarverksmiðjanna, og Þórarinn Egilson í Hafnarfirði. Og hafa um allar framkvæmdir, sem gerðar voru við síldarverksmiðjurnar, ekki aðeins atvmrh. þáverandi, heldur og viðskmrh. fylgzt með öllum ráðagerðum í þessu efni. Hv. þm. S.-Þ. sagði svo, að þetta væri það vitlausasta mannvirki, sem byggt hefði verið á Íslandi. Ég hefi nú aldrei heyrt það, að mannvirki út af fyrir sig hefðu vit, og það er kannske ein af þeim nýju uppfyndingum hv. þm. S.-Þ. En hitt er það, að mannvirki má nota á vitlegan eða vitlausan hátt, og vil ég þá segja það hér, af því að það er sífellt verið að tala um

þetta mannvirki hér á þingi, að ef einhver þykist hafa högg í minn garð, þá kemur hann með þetta mannvirki, sem hefir verið notað á mjög vitlausan hátt af stj. síldarverksmiðjanna. Hv. þm. S.-Þ. hélt því fram, að þessi aðferð hefði verið fyrsta tilraun með verkunarform, sem hvergi hefði þekkzt annarstaðar í heiminum. Þessi sami hv. þm. sagði reyndar seinna, að þessi tilraun hefði aldrei verið gerð. Ég veit ekki, hvernig á að samræma þetta. Þá vil ég ennfremur upplýsa það, að á Ísafirði var gerð tilraun með slíkt, og mun hún vera sú elzta, sem gerð hefir verið hér á landi, og mun vera eldri en stjórnmálaferill hv. þm. S.-Þ. Og þó að hv. þm. S.-Þ. segi, að þessi tilraun hefði aldrei verið gerð, þá liggur fyrir vottorð um það frá efnafræðingum síldarverksmiðjanna, að tilraunin hafi verið gerð, og þetta vottorð sýnir ennfremur, að tilraunin tókst eftir atvikum ágætlega. Vottorðið segir, að þann 18. ágúst hafi síld verið lögð í fremsta hólf hinnar nýju þróar. Síldin var blönduð salti og snjó þannig, að í 1148 mál síldar fóru 8,5 tonn fínt salt og 24 tonn ís, eða 5,5 kg. salt og 15,5 kg. ís í hver 100 kg. síldar að jafnaði. Snjórinn var malaður í sérstakri vél, er síðan blés snjónum í drifu yfir síldina, og var hún þannig í mánaðartíma, og var hitinn mældur annanhvern dag niðri í síldinni. Byggingu hólfsins var mjög ábótavant, því að ekki var að fullu gengið frá þrónni. Þann 18. sept. var þessi kælda síld tekin í vinnslu; efnafræðingar verksmiðjanna sögðu, að hún hefði verið í mjög góðu ásigkomulagi, heil og stinn. Hvergi sáust merki til skemmda og enga lykt var að finna úr henni við dálkinn. Um mjölið og lýsið, sem unnið var úr þessari síld, sem var mánaðargömul, er það að segja, að búizt var við, að það yrði nokkuð dekkra en úr nýrri síld, eftir þeim tilraunum, sem áður hafa verið gerðar með frysta síld, en hér virtist ekki nokkur munur. Lýsið var tært og blæfallegt, ljóst á lit, og sama gegnir með mjölið. Virtist það ekki dekkra en venjulegt mjöl úr tiltölulega ferskri síld. Í vottorðinu, sem efnafr. síldarverksm. sendu, segir, að vegna þess, að tíminn hafi verið svo stuttur, hafi því miður ekki verið kostur á að vinna þessa síld sér, og verði þess vegna að taka tölur, sem þar eru gefnar, með varúð, en það gefur góða hugmynd um, að góðum árangri mætti ná með þessari aðferð. Þessi vottorð eru undirskrifuð 2½ 1937 af efnafræðingum verksmiðjanna, Gunnari Björnssyni og Vésteini Guðmundssyni. Og þótt ég beri mikla virðingu fyrir sannleiksást hv. þm. S.-Þ., þá verð ég þó að taka vottorð þessara efnafræðinga fram yfir hans fullyrðingar, sem hv. þm. lét sér um munn fara hér í hv. d.

Ég vil í sambandi við þetta þróarmál segja það, að þróin var byggð með það fyrir augum að reyna að spara landinu nokkurskonar erlendan gjaldeyri og einnig að lengja vinnslutíma verksmiðjanna. Það leikur því ekki á tveim tungum, ef hægt er að geyma síldina um mánaðartíma í kæli, eins og hér var sýnt, að hægt er að gera, og geymslan væri ekki mjög dýr, hvort það hafi ekki verið óþarfi að kaupa allar þær vélar, sem settar hafa verið upp, og byggja allar þær síldarverksmiðjur, sem byggðar hafa verið í landinu, hvort hefði ekki miklu fremur átt að byggja kæliþró fyrir síldina. Því að eins og nú stendur, eru þrær síldarverksmiðjanna það litlar, að það kemur æðioft fyrir, að þeir, sem vinna í verksmiðjunum, og verksmiðjurnar sjálfar hafa ekkert að gera svo og svo langan tíma. Það er því ljóst, að þetta er sú merkilegasta tilraun, sem gerð hefir verið hér á landi í þessum iðnaði. Og það er stórkostleg yfirsjón — að ég segi ekki meira — af stj. síldarverksmiðjanna að hætta við forgöngu í þessu máli með því að halda áfram þessum kælitilraunum, sem gerðar voru á Siglufirði 1937 og tókust eins vel og raun ber vitni samkv. vottorðum efnafræðinga síldarverksmiðja ríkisins. Það má vel vera, að hv. þm., sem hér eru, og öðrum áheyrendum finnist nokkuð undarlegt, að ekki skyldi vera haldið áfram þessum tilraunum, ef þær hafa tekizt eins vel og ég hefi lýst. En mér kemur þetta ekkert á óvart, því að á þeim tíma, sem skipt var um framkvæmdastjóra síldarverksmiðjanna, þá var svo mikil pólitísk úlfúð á milli framkvæmdarstjórans, sem kom, og hins, sem var að fara, að það hefir bókstaflega ekkert verið látið standa óhreyft, sem búið var að gera í síldarverksmiðjunum í tíð Gísla Halldórssonar. Ég get t. d. bent á, að eitthvað það fyrsta, sem gert var eftir forstjóraskiptin, var að rífa niður girðinguna kringum verksmiðjulóðina. Nú vita allir, að á lóð verksmiðjanna er svo og svo mikið af kolum o. fl., og mikils virði, að Pétur og Páll geti ekki vaðið um lóðina og hirt þar allt lauslegt. Þá var líka búið að setja upp tímaklukku til þess að hafa gát á því, að verkamenn mættu stundvíslega til sinnar vinnu. Það hafa verið ráðnir menn til þess í stofnunum ríkisins að líta eftir, að þeir, sem þar störfuðu, mættu stundvíslega til sinnar vinnu. Og svo að segja í öllum fyrirtækjum, þar sem margir menn vinna, mun slíkt þykja nauðsynlegt. En svo mikill áhugi var hjá þessum manni fyrir því, að ekkert fengi að vera óhreyft af því, sem Gísli Halldórsson hafði látið gera, að ekki svo mikið sem þessar klukkur fengu að vera í friði; þær voru allar rifnar niður og seldar, sumar í aðrar verksmiðjur og sumar hafa verið settar upp í fyrirtæki ríkisins hér í Reykjavík.

Ég taldi rétt að skýra þetta mál fyrir hv. þdm. Ég vil vona, að hv. fjvn. sýni sinn mikla áhuga fyrir því, að unnið sé vel og dyggilega í síldarverksmiðjum ríkisins, og það verði litið eftir, hvenær menn koma til vinnu og fara, og séu til þess settar upp á ný stundaklukkur í síldarverksmiðjur ríkisins. Það er langt frá því, að ég sé að gefa til kynna með þessu, að verkamenn slæpist sérstaklega við vinnu sína í síldarverksmiðjum ríkisins, en slíkt þykir alstaðar nauðsynlegt, þar sem margir menn vinna, að hafa svona klukku.

Hv. þm. S.-Þ. sagði ýmislegt furðulegt um starf mitt við ríkisverksmiðjurnar, m. a., að ég hefði stöðugt verið að brjóta stofnlög síldarverksmiðjanna. Nú má það undarlegt heita, ef ráðh. hefði látið það óátalið, að verksmiðjustj. væri alltaf að brjóta stofnl. síldarverksmiðj-

anna. Hv. þm. S.-Þ. vildi halda því fram, að það væri brot á stofnl. verksmiðjanna, að þær keyptu síld með föstu verði. Þó að ég beri mikla virðingu fyrir sannleiksást þessa hv. þm., þá vil ég þó draga í efa, að hann fari þar óafvitandi með rangt mál. Því að hv. þm. S.-Þ. hlýtur að vera kunnugt um það, ekki síður en öðrum hv. þm., að í l. síldarverksmiðjanna er heimild til þess að kaupa síld föstu verði með leyfi atvmrh. Og ég fullyrði, að aldrei, hvorki í minni tíð né annara í stj. síldarverksmiðjanna, hafi nokkurntíma það ákvæði verið brotið, að fá samþykki þess atvmrh., sem verið hefir í ríkisstj. í það og það skiptið, um að kaupa síld föstu verði. Það, sem hv. þm. S.-Þ. sagði um þetta, er þess vegna alveg rakalaust og tilhæfulaust. Það má geta þess, að öll þau ár, sem ég sá um síldarverksmiðjurnar, hefir það ekki komið fyrir nema í 2 eða 3 skipti, að fulltrúi Framsfl. legði til, að síldin yrði tekin til vinnslu, en ekki keypt föstu verði.

Þá vildi hv. þm. S.-Þ. halda því fram, að ég og hinir tveir aðrir í stj. síldarverksmiðjanna, Þorsteinn M. Jónsson og Þórarinn Egilson, hefðum gert okkur seka um að velja verðlag á síldina, og hann sagði, að þetta hefði orðið til þess, að landbúnaðurinn hafi borið uppi síldarverksmiðjurnar og líka vexti af sumum lánum þeirra. Þó að ég, eins og ég hefi margsagt, beri mikla virðingu fyrir sannleiksást þessa hv. þm., þá dreg ég þó í efa, að hann fari ekki með vísvitandi rangt mál hér. Hv. þm. S.- Þ. ætti að vera það kunnugt, eins og öðrum hv. þm., að síldarverksmiðjurnar hafa frá fyrstu tíð sjálfar staðið straum af sínum afborgunum og vöxtum. Það eru þess vegna tilhæfulausar blekkingar, þegar hv. þm. S.-Þ. heldur því fram, að landbúnaðurinn verði að bera uppi síldarverksmiðjurnar og vexti af lánum þeirra. Vextir af lánum síldarverksmiðjanna eru á ári hverju taldir til rekstrarkostnaðar verksmiðjanna. Nú virðist hv. þm. S.-Þ. sérstaklega halda fram, að stj. síldarverksmiðjanna, sem hefði setið 1936 til 1937, hefði gert sig seka um glæfralega verðlagningu á síld, og þess vegna hefði landbúnaðurinn orðið að hlaupa undir bagga með verksmiðjunum og borga fyrir þær vexti af þeirra lánum. Ég vil leiða Þorstein M. Jónsson sem vitni í þessu máli. Og hans vitnisburður er ekki úr lakari stað fenginn heldur en úr blaði Framsfl., Nýja dagblaðinu, er prentað var 19. febr. 1938. Ég hefi þessi ummæli Þ. M. J. hér með höndum, að vísu upprentuð úr því blaði, prentuð í Alþýðublaðinu sama dag, en nákvæmlega orðrétt prentuð. Þorsteinn M. Jónsson segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagsafkoma verksmiðjanna eftir hin tvö síðustu ár, 1936 og 1937, er þá þannig:

1. Halli greiddur á árinu 1935	kr.	58595.45
2. Lagt í fyrningarsjóð	—	124215.99
3. Lagt í varasjóð	—	349291.84
4. Afborganir	—	276041.66
5. Tekjuafgangur	—	113164.62
Samtals	kr.	921309.56

Níu hundruð tuttugu og eitt þúsund þrjú hundruð og níu krónur og 56 aurar er það, sem verksmiðjurnar hafa borgað af skuldum og lagt í sjóði hin tvö seinustu ár. Er þetta 22½% af öllu því fé, sem í þær hefir verið lagt.

Skuldlaus eign verksmiðjanna er nú 1444437.74 kr. að meðtöldum fyrningarsjóði. Ef rekstur verksmiðjanna skilar ekki minni tekjum næstu 6 ár en hann hefir gert 2 síðastl. ár, þá verða þær búnar að borga allt það fé, sem nú er búið að leggja í þær.“

Þetta eru nú ummæli Þorsteins M. Jónssonar, fulltrúa Framsfl. og eins af stofnendum Framsfl., þessa trúverðuga manns, sem hv. þm. S.-Þ. hefir nú alveg nýlega verið að skrifa lofgreinar um, og það ekki að ómaklegu, í blöðum Framsfl. hér í bænum. Og beri menn þetta saman við það, að á þessum 2 árum hafi síldarverksmiðjum ríkisins verið glæfralega stjórnað og landbúnaðurinn hafi orðið að borga upp vextina af síldarverksmiðjunum, þá kemur fram svo ótrúlega mikið ósamræmi, að hv. þm. verða að virða mér það til vorkunnar, þótt ég dragi það nokkuð í efa, að hv. þm. S.-Þ. hafi ekki vitandi vits hallað hér stórkostlegar réttu máli heldur en jafnvel dæmi eru til um þennan hv. þm.

Ég get svo farið að stytta mitt mál, m. a. vegna þess, að forseti mun vera búinn að ákveða að fresta fundi eða slita kl. 7. En ég vildi í eitt skipti reka af höndum mér þann ósóma, sem hvað eftir annað hefir komið upp, bæði hér á þingi af hálfu Framsfl., þrátt fyrir álit fulltrúa þeirra í stj. síldarverksmiðjanna, og ennfremur utan þings af hálfu þeirra sömu manna. Það er eins og sumir þessara manna haldi, að það sé ekki neitt annað en að endurtaka sömu ósannindin nógu oft til þess að almenningur fari að trúa þeim, og mér er ekki grunlaust um, að hv. 1. þm. Eyf., sem hér er að taka fram í fyrir mér, sé einn af þessum trúgjörnu mönnum, sem trúi, ef hann hefir lesið ósannindin nógu oft í sínu flokksblaði eða hefir heyrt þau af vörum formanns flokks síns. (**BSt**: En hvað um hv. þm. N.-Ísf.?). Ég hefi ekki borið fram nein rök í þessu máli frá sjálfum mér. Ég hefi leitt fram sem vitni, í öðru tilfellinu Jón Gunnarsson, og í hinu tilfellinu Þorstein M. Jónsson, og formaður Framsfl., hv. þm. S.-Þ., hefir staðið berskjaldaður fyrir þeim samanburði, sem ég hefi hér lesið upp eftir Þorsteini M. Jónssyni, sem var í stj. síldarverksmiðjanna á árunum 1936 og 1937.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, gladdi það mig mikið að heyra hv. þm. S.-Þ. lýsa því yfir hér á þingfundi síðastl. nótt, að hann ætlaði að taka stefnubreytingu og fara að verja kröftum sínum og lífi, að mér skildist, til þess að berjast móti lygi í bókmenntum og blaðaskrifum. Þessi hv. þm. lýsti þessum sinnaskiptum átakanlega fyrir okkur þm., sem hlustuðum á mál hans. Hann sagði, að bærinn hefði andað léttara eftir að hann hafði sýnt þennan drengskap á sinnaskiptastund. Það má vel vera, að hv. þm. S.-Þ. eigi oft eftir að bæta andrúmsloftið í bænum og bærinn eigi oft eftir að anda léttara fyrir hans sinnaskipti. Ég fyrir mitt leyti vildi óska honum þess í þeim málum, sem

hann telur sig berjast fyrir, að þetta verði sem allra skjótast og allra oftast, en það hefir því miður ekki komið fram ennþá.

*Pétur Halldórsson: Herra forseti! Ég er ásamt 2 öðrum hv. þm. flm. að till. á þskj. 619. Till. er nr. 13, og er þar farið fram á, að við 14. gr. fjárl., þar sem talin eru útgjöld til háskólans, komi nýr stafl., til kennaraíbúða 20 þús. kr.

Það leikur ekki á tveim tungum, að eitt af því, sem má telja til mestrar vanvirðu í þessu þjóðfélagi, eru laun prófessoranna við háskólann. Ég held, að enginn hv. þm. myndi vilja standa upp til að mótmæla þessu. Það hefir verið hin mesta smám að því, hvernig þessum starfsmönnum þjóðfélagsins hefir verið launað, og hefir það í raun og veru bæði verið til skammar fyrir þann, sem launin geldur, og til vanvirðu fyrir þá, sem þessi laun taka. Ég veit ekki, hvort öllum hv. þm. er kunnugt um það, að árslaunin eru 4500 kr. Þar frá dregst svo lífeyrissjóðsgjald, sem er 350 kr. á ári. Byrjunarlaunin eru því 340 kr. á mánuði á mann. Það er því gersamlega óhugsandi fyrir þingið og þá stofnun, sem þessir menn vinna við, að það megi dragast stundinni lengur að gera á þessu einhverja bót. Eftir 9 ára þjónustu eru laun þessara manna þó komin upp í 470 kr. á mánuði. Laun prófessoranna eru því svipuð og laun röskra afgreiðslumanna í verzlunum í Rvík.

Ég ætla ekki að eyða tíma þingsins í að lýsa því frekar, hvað mikil smán þetta er og hversu nauðsynlegt er að kippa þessu í lag, og það nú þegar. Þetta gildir ekki suma af prófessorunum, því prófessorarnir í læknadeild hafa með höndum önnur störf fyrir hið opinbera, svo sem yfirlæknisstöður við landsspítalann og einn við rannsóknarstofu háskólans, sem þeir fá sérstök laun fyrir úr ríkissjóði. Þetta, sem ég hefi sagt, á því sérstaklega við prófessorana í hinum 3 deildum háskólans. Það eru 10 menn, sem þetta gildir um, að laun þeirra eru svo smánarlega lítil, að það er óhugsandi annað en hv. Alþ. fallist á að bæta þetta strax á einhvern hátt.

Nú er það í ráði, að háskólinn styðji að því, að komið verði upp kennaraíbúðum á háskólalóðinni, en sennilega verður að fresta því fyrst um sinn vegna þess, að útlit er fyrir, að ekki verði fært að ráðast í að byggja þær á næstunni vegna kostnaðar. Það mun þess vegna dragast um sinn, að þessar íbúðir verði reistar. En verði það, þá er létt dálítið undir með þessum starfsmönnum hvað húsaleiguna snertir. Þar sem nú verður að fresta þessu um sinn, þá þykir mér rétt og eins þeim, sem flytja till. með mér, að ætlast til, að þessum 10 háskólaprófessorum verði bætt upp laun þeirra með 2000 kr. framlagi á mann, sem kalla mætti húsaleigustyrk. Í þessu skyni er þessi brtt. við fjárl., um 20 þús. kr. til kennaraíbúða.

Ég skal svo ekki tefja umr. með lengra máli um þetta, en ég treysti því, að hv. þm. fallist á þetta og greiði till. atkv.

Svo vil ég leyfa mér að auki að koma með eina litla brtt. við fjárl., þar sem farið er fram á, að til elliheimilisins Grund í Rvík verði veittur styrkur að upphæð 5 þús. kr. Við flytjum þessa brtt., ég og 2 aðrir þm. Reykv., vegna þess að það hefir verið svo um sinn, að nokkuð hærra gjald hefir verið tekið af þeim vistmönnum á Elliheimilinu, sem eiga heima utan Rvíkur. Nú ætlumst við til, að það verði gert að skilyrði fyrir þessari styrkveitingu, að sama daggjald verði fyrir vistmenn, hvort sem þeir eru frá Rvík eða öðrum stöðum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég treysti því, að þessi till. fái fylgi þingsins.

Forseti (HG): Á fundinum hefir verið útbýtt þskj. 641, 649 og 654. Það er of skammt liðið frá útbýtingu þessara þskj. og þarf því afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

*Jörundur Brynjólfsson: Ég hefi leyft mér að flytja brtt. við fjárl., sem er á þskj. 637, rómv. 7. Till. er um að reisa í skólagarðinum á Hvanneyri brjóstlíkan af Hirti Snorrasyni, fyrrv. skólastjóra.

Eins og kunnugt er, var þessi maður skólastjóri á Hvanneyri langa stund. Hann kom að skólanum þremur árum eftir að hann byrjaði, og var hann skólastjóri allan tímann, þar til Halldór Vilhjálmsson tók við skólastjórn, eða til 1907. Hjörtur Snorrason reisti þennan stað úr rústum. Hann var í senn ágætur kennari, mikill skólastjóri og sérstaklega atorkusamur og duglegur maður. Við, sem höfðum kynni af honum og nutum tilsagnar hans, getum bezt um það borið, hvílíkur kennari hann var og hve atorkusamur og ósérplæginn hann var um það að reisa staðinn úr rústum.

Þegar Hjörtur kom að Hvanneyri, mátti heita, að þar stæði ekki steinn yfir steini. Eins og víðast hvar á þeirri tíð hér á landi, þá hafði lítið verið gert þar að jarðabótum, og enn minna að húsabótum. Þó þetta sé dregið hér fram, þá er það á engan hátt sagt þeim til lasts, sem áður veittu skólanum forstöðu. Hinn fyrsti skólastjóri var þar aðeins rúmt ár, að ég ætla, en sá næsti var þar ekki nema 2 ár, svo það var ekki von, að þeir hefðu tækifæri til að gera þar nokkuð verulegt. Hjörtur var aftur á móti skólastjóri milli 10 og 20 ár, og eftir þeirri aðstöðu, sem hann hafði þar, þá hygg ég, að það leiki ekki á tveim tungum, að hann hafi þar skilið eftir sig mikið dagsverk.

Launin fyrir það starf, sem hann rækti þar, voru mjög lág. Svo að segja allar þær umbætur og það mikla kapp, sem hann lagði á þessar umbætur, var gert í þágu staðarins og aðeins til þess að koma þar á þeim myndarbrag, sem bæði hans skaplyndi stóð til og hann taldi að hæfði slíkum stað. Svo ósleitilega barðist hann fyrir þessum umbótum, að eftir fá ár hafði hann slitið kröftum sínum svo, að hann var bilaður að heilsu alla stund síðan.

Mér þykir vel við eiga, að einmitt þessum stað sé sómi sýndur. Hann stóð strax til þess að verða höfuðvígi bændamenntunar í landinu. Það gerðu staðhættir þessa skóla og aðstaða öll.

Sá maður, sem tók við af Hirti Snorrasyni, hélt uppi því merki, sem Hjörtur Snorrason hafði reist, og gerði það af dugnaði og myndarskap. Nemendur hans, sem voru margir, hafa og sýnt, að þeir kunna að meta starf hans, því þeir hafa reist minnismerki af Halldóri Vilhjálmssyni í skólagarðinum á Hvanneyri.

Nemendur Hjartar Snorrasonar eru nú á lífi mjög fáir, og sakir fyrirkomulags skólans, sem þá var, voru þeir alltaf heldur fáir. Ég get því ekki búizt við því, að þeir fáu nemendur hans, sem eru á lífi, séu þess megnugir að reisa honum það minnismerki, sem vera ætti og ætti að koma á þessum stað. En þar sem hann starfaði fyrir lítil laun í þágu alþjóðar á þessum stað, þá finnst mér, að það eigi mjög vel við, að það opinbera sýni minningu hans þann virðingarvott, að leggja fjármuni fram til þess að reisa þetta minnismerki. Ég get búizt við, að það kosti töluvert meira fé að koma þessu í framkvæmd en till. mín hljóðar upp á, en ég ætla, að mér sé óhætt að fullyrða, að nemendur hans, sem á lífi eru, muni sjá um, að það standi ekki á því fé, sem þarf að leggja fram þessu til viðbótar, svo þetta komist í kring.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um þessa till. Ég vil vona, að hv. þm. hafi haft þau kynni af vinnubrögðum Hjartar Snorrasonar, að þeir telji vel hlýða að sýna minningu hans þá rausn og þann myndarskap, að þetta komist í framkvæmd. Ég hefi líka í fullu trausti þess, að hv. þm. hafi haft þau kynni af Hirti Snorrasyni, borið þessa till. fram, því mér þætti það meira en leiðinlegt, ef framburður minn á þessari till. yrði til þess að kasta rýrð á minningu hans og valda sársauka þeim, sem höfðu kynni af honum og vissu, hver ágætismaður hann var í störfum sínum fyrir þennan stað og í öllu hátterni sínu og allri breytni sinni sem skólastjóri á þessum stað, meðan hans naut við. — Ég vona svo, að hv. þm. bregðist vel og myndarlega við þessari málaleitan minni.

Ég hefi gerzt meðflm. að smátill., sem er um ofurlítil eftirlaun handa manni, sem starfað hefir áratugum saman að uppfræðslu æskulýðsins í þessu landi, en nýtur ekki neins stuðnings á efri árum af hálfu hins opinbera, sakir þess, að hann hefir kennt mest við privatskóla. Hv. 1. þm. Reykv. hefir mælt vel og skörulega fyrir þessari till., svo ég hefi þar engu við að bæta. Ég vona aðeins, að hv. þm. láti þennan mann njóta þess, hvað vel og giftusamlega honum hefir farið í starfi sínu við uppfræðslu æskunnar í þessu landi.

Um till. þær, sem fyrir liggja að öðru leyti, ætla ég ekki að fjölyrða. Ég býst við, að um þær verði alllangar umr., en þar sem tími þingsins er naumur og margir eiga eftir að taka til máls, þá ætla ég ekki að fjölyrða frekar um þetta en orðið er.

Forseti (HG): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 4., 1. og 6. þm. Reykv., sem hv. 1. flm. hefir lýst. — Þessi till. er of seint fram komin og þar að auki skrifleg, svo það þarf tvöföld afbrigði frá þingsköpum til þess að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 652,I) leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Það væri að sjálfsögðu nokkur ástæða til, a. m. k. fyrir þann mann, sem er atvmrh. og á að taka við þeim niðurskurði á fjárl., sem ætlazt er til, að atvmrh. geri, að hann gerði nokkra grein fyrir afstöðu sinni til fjárl. En ég þarf síður að gera það, bæði vegna þess, að hæstv. fjmrh. hefir sagt margt af því, sem ég annars hefði talið ástæðu til að segja, og eins af hinu, að aðstaða og álit ríkisstj. í þessu máli er flestum hv. þm. kunnugt. Ég kann þó betur við að láta nokkur orð falla við þessa umr. fjárl., þó ég geri ekki ráð fyrir, að það verði til að upplýsa málið sérstaklega eða breyti neinu um það, sem ætlunin er, að fram muni ganga.

Ég held, að það sé ekki nema eðlilegt, að atvmrh. á hverjum tíma hafi tilhneigingu til að láta ekki draga úr því framlagi, sem ríkið á hverjum tíma innir af hendi til þess að halda uppi verklegum framkvæmdum. Ég hefi samt átt minn þátt í, að ríkisstj. hefir lagt til og gert um það till. til fjvn., að veruleg niðurfærsla verði á útgjöldum fjárl. til verklegra framkvæmda. Þetta hefir víða komið niður á þörfum framkvæmdum, eins og bryggjugerðum, hafnargerðum, vitabyggingum og ýmsu öðru, sem ég í raun og veru tel nauðsynlegt, að framkvæmt verði. En ástæðan til þess, að ég sætti mig við þetta, er sú, sem hv. Alþ. er kunnugt um, hversu mikil óvissa ríkir um afkomu ríkissjóðs á næsta ári.

Ég vil almennt láta falla þau orð, að ég tel að að því er hafnargerðir snertir, sem ég af eðlilegum ástæðum vil stuðla að, að verði framkvæmdar svo sem geta ríkissjóðs framast leyfir, hafi of mikið handahóf ríkt á undanförnum árum og þar hafi meiru ráðið, hve mikið kapp einstakir þm. hafi lagt á að koma fram jafnvel stórfelldum hafnargerðum, heldur en forsjá. Ég tel óhugsandi í framtíðinni, að þessu fari svo fram sem farið hefir. Það verður að vera þannig í þessum efnum, að þeir, sem fara með yfirstjórn þessara mála, og þá fyrst og fremst vitamálastjórinn, verða að gera um þetta rökstuddar till., sem hníga að því að leiðbeina þinginu um það, hvar mest er þörf á þessum verkum fyrir þjóðarheildina og hvernig þjóðin verji sínum fjármunum bezt á þessu sviði. Ég gæti bent á hundruð þúsunda og jafnvel millj. kr., sem lagðar hafa verið fram á þessu sviði, sem ég tel, að hefði mátt verja öðruvísi og á hagkvæmari hátt fyrir heildina en gert hefir verið. Að ég fyrir mitt leyti hefi ekki gert gangskör að því, að rökstuddar till. um þetta efni komi frá vitamálastjóra, stafar af því, að ég eins og aðrir, sem sæti eiga í ríkisstj., hefi orðið að sinna meir öðrum störfum en ég ætlaði að gera þegar stj. tók við völdum. Það hefir þess vegna orðið minna úr framkvæmdum í þessu efni en ég hefði viljað.

Mér er þó kunnugt um, að fjvn. hefir snúið sér til vitamálastjórans um þetta, en ég hefði viljað eiga hlut að því, að þetta kæmist þannig í framkvæmd, að þingið gæti á hverjum tíma

fengið leiðbeiningar, sem ég hefi tilhneigingu til að styðja að, að gætu orðið miklu ráðandi um það, hvaða stefna væri tekin á þinginu á hverjum tíma um framkvæmdir í þessu efni. — Ég skal láta þetta nægja um hafnarmálin.

Ég vil í sambandi við vitamálin og vegna þess, að ég álít sjálfsagt að samþ. till. fjmrh., sem hann gerði til fjvn. um niðurfellingu vitabygginga, skýra Alþ. frá því, sem ég hefi í raun og veru drepið á undir umr. um annað mál, að ég ætlaði áður en ófriðurinn brauzt út að gera það að till. minni, að Alþ. samþ. um það l., að allar tekjur af vitunum rynnu til þarfa vitanna, en það skortir á 2. millj., að þeir hafi fengið þær að fullu frá því að vital. voru sett.

Nú hefi ég horfið frá þessari stefnu í bili og í stað þess gengið inn á till. fjmrh. um að fella niður framlag þeirra vitabygginga, sem kalla á aðkeypt efni. Ég hefi gert þetta í raun og veru með samvizkunnar mótmælum og í fullu trausti þess, að þingið virði þá sparnaðarviðleitni, sem þarna kemur fram, með því að sýna í verki, að það verði reiðubúið á næstunni til þess að samþ. l. þess efnis, sem ég gat um, þó þau komi ekki til framkvæmda fyrr en breyttar kringumstæður leyfa þær fjárveitingar úr ríkissjóði.

Ég vil svo að öðru leyti segja það, að mín afsökun fyrir þessari afstöðu til verklegra framkvæmda er hin óvissa fjárhagsafkoma ríkissjóðs. Ég get tekið undir með þeim mönnum, sem gera ráð fyrir, að fyrir geti komið, að tekjur ríkissjóðs verði allmiklar vegna breyttrar aðstöðu og breyttrar löggjafar, og það er langur vegur frá því, að ég staðhæfi, að yfir þurfi að skella nokkurt hrun, en hitt er víst, að það er óðs manns æði að treysta því, að tekjurnar verði mjög miklar. Það má með sama rétti gera ráð fyrir því, að einstakir tekjuliðir geti hækkað um hundruð þúsunda og jafnvel milljónir, og að tekjuliðirnir geti lækkað jafnmikið. Vegna þeirrar óvissu, sem er ríkjandi í þessum efnum, getur enginn fullyrt, að annað sé líklegra en hitt.

Ég hefi því talið, að Alþingi bæri skylda til þess að sýna hina ýtrustu varfærni við samningu fjárl. Hitt er rétt, sem hv. fjvn. segir í nál. sínu, að það er ekki hægt að ætlast til þess, að Alþingi samþ. hallærisfjárlög áður en hallærið er dunið yfir. Annarsvegar vofir yfir, að allmikið geti þrengzt um atvinnuhorfur landsmanna; það er öllum ljóst, en hinsvegar er ekki hægt að staðhæfa, að tekjur ríkissjóðs hljóti að minnka. Þetta hefir haft þær afleiðingar, að einstakir þm. kalla á útgjöld úr ríkissjóði til þess að fullnægja kröfum kjósenda að framkvæma ýms nauðsynjaverk. Þetta er vel skiljanlegt, en ég álít, að hafa beri alla varfærni um afgreiðslu fjárl., þó án öfga, og virðist mér, að fresta mætti sumu af því, sem fjvn. flytur, en ýmsar till. hv. þingmanna eru þess eðlis, að ég álít, að ekki nái nokkurri átt að samþ. þær.

Ég vil leyfa mér að orða mína hugsun í þessu efni á þann hátt, að ég tel ekki óskynsamlegt að gera sér vonir um, að tekjur ríkissjóðs verði meiri 1940 en í ár, en ég vil leiða athygli að því, að það er alveg áreiðanlegt, að útgjöldin verða miklu hærri. Þannig er þegar komið í ljós, að útgjöld til ríkisspítalanna einna munu verða 280 þús. kr. hærri en á árinu 1939, og svona mun verða víðar. Ég hefi í höndum bréf frá stjórn skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, sem leiðir athygli að því, að 160 þús. kr. fjárveiting, sem ætluð er sjóðnum, muni ekki nægja til greiðslu ófrávíkjanlegra gjalda, heldur þurfi um 8000 kr. viðbót vegna gengisbreytingarinnar. Slíkar kröfur berast ríkissjóði hvaðanæva, og þó að ekki sé óskynsamlegt að gera sér vonir um, að tekjur ríkissjóðs verði meiri en 1939, fara útgjöldin langt fram úr útgjöldum yfirstandandi árs, og sennilega einnig fram úr því, sem gert er ráð fyrir í fjárl.

Læt ég svo þessi fáu orð nægja til að skýra afstöðu mína til afgreiðslu fjárl., og mun ég ekki tefja umr. með því að fara inn á einstakar brtt., sem fluttar hafa verið. En ég tel nauðsynlegt, að þeir flokkar, sem styðja ríkisstj., taki til alvarlegrar athugunar, hvort sleppa eigi beizlinu fram af sér, eða hafa eitthvert taumhald á útgjöldum ríkissjóðs, að svo miklu leyti sem hægt er. — Mér fyrir mitt leyti finnst óverjandi að samþ. allan þorra brtt. frá einstökum þm., og enda nokkurn hluta af brtt. fjvn., og legg því til, að þær verði felldar. Öðruvísi finnst mér ekki vera hægt að afgreiða fjárl.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 652,II) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

*Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti! Ég á fáeinar brtt., sem ég vildi leyfa mér að lýsa. Sú fyrsta er á þskj. 619,IX, og er þar farið fram á fjárveitingu til hafskipabryggju í Borgarnesi. Bryggjan var byggð 1930, en þá var ekki nema nokkur hluti verksins framkvæmdur. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, hefir hafnarsjóður safnað fé, sem gert er ráð fyrir, að lagt verði fram móti tillagi ríkissjóðs, en kostnaður við bryggjugerðina er greiddur að hálfu leyti úr ríkissjóði, en að hálfu leyti úr héraði. Eins og bryggjan er nú, er mjög erfitt að afgreiða stór skip við hana; sérstaklega er erfitt að láta Laxfoss liggja við bryggjuna í stórviðri, eins og oft vill verða á vetrum, og er því hin mesta þörf á því, að bryggjan verði lengd. Er þegar hafinn nokkur undirbúningur um framkvæmd verksins, og hefir verið gerð áætlun hjá vitamálastjóra. Er gert ráð fyrir, að kostnaður við að lengja bryggjuna verði um 32 þús. kr.; hefi ég því lagt til, að ríkissjóður leggi fram 16 þús. kr. að sínum hluta.

Ég vil geta þess, að ég hafði ekki í upphafi hugsað mér að bera fram þessa till. nú, en þar sem ég sá, að fram voru komnar fleiri svipaðar till., gat ég ekki staðið á móti kröfum kjósenda minna að bera fram þessa till., ef það mætti verða til þess að hrinda þessu nauðsynjamáli í framkvæmd.

Þá á ég aðra brtt. á sama þskj., undir XXI. lið, 1000 kr. byggingarstyrk til Magnúsar Ásgeirssonar skálds. Hann hefir nú fyrir einu ári síðan reist íbúðarhús að Síðumúla í Mýrasýslu og starfar þar að sínni þjóðkunnu ljóðagerð. — Magnúsi þarf ég ekki að lýsa, hann er einn

bezti ljóðaþýðandi, sem við höfum átt, og mjög mikilvirkur, er honum gefst tóm til starfa. Það er svo um Magnús Ásgeirsson, eins og um marga aðra listamenn, að ef honum er búinn rólegur og góður samastaður, njóta hæfileikar hans sín miklu betur en ef hann þarf að flækjast úr einum stað í annan. Hefir þegar sézt mikill og góður árangur af því, að Magnús hefir búið sér þarna hentug starfsskilyrði, því að afköst hans á sviði bókmenntanna hafa verið margfalt meiri en áður. En Magnús er mjög fátækur maður og á erfitt með að standa straum af kostnaði við bygginguna.

Ég er sannfærður um, að menningarlífi landsins er betur borgið með því að verja þessum 1000 kr. til þess, að Magnús Ásgeirsson geti haldið bústað sínum, en þó þeim væri varið á margan annan hátt til bókmennta. Vænti ég, að hv. þm. hafi þann skilning á málinu, að þeir samþ. að veita þennan styrk.

Þá á ég brtt. á sama þskj., undir tölulið XXX, að hækka eftirlaun Jóns Jónssonar pósts í Galtarholti úr 300 kr. í 600 kr., en til vara í 500 kr. Jón var sem kunnugt er póstur í 20—30 ár á póstleiðinni frá Borgarnesi að Stað í Hrútafirði, og var það á þeim árum, þegar mikill hluti norðanpósts var fluttur þessa leið. Komst Jón þá oft í krappan dans, er hann lenti í hörðum veðrum að vetrarlagi, en þó held ég, að aldrei hafi orðið að verulegu slysi. Þurfti Jón að leggja mikið fé í þessa póstflutninga, t. d. var pósturinn einu sinni fluttur í 90 koffortum, og þurfti þá ærinn hestakost og útbúnað. Þegar svo var breytt um póstflutningana og Jón var sviptur þessu starfi, sat hann uppi með alla hestana og klyfsöðlana, en fekk engar skaðabætur. En þegar Sigurjón Sumarliðason póstur hætti póstferðum, fekk hann 3000 kr. í skaðabætur af ríkisfé.

Jón í Galtarholti er nú orðinn 60 ára gamall, og hann er maður félítill. Tel ég því ekki nema sanngjarnt, að hann verði tekinn í tölu þeirra pósta, sem hafa 500—600 kr. eftirlaun. Hefi ég lagt til, að eftirlaun hans verið 600 kr., en til vara 500 kr. Vænti ég, að hv. d. samþ. þessa till. mína.

Þá er nýr liður, eftirlaun til ekkju Jóns Straumfjörðs, sem var eftirlitsmaður við pósthúsið í Reykjavík í 20 ár. Hann hafði látið af störfum áður en hann dó og hlaut 600 kr. í eftirlaun. Í hálft ár eftir fráfall hans naut ekkjan þessara eftirlauna, en síðan hafa þau fallið niður. Tel ég fordæmi fyrir því, að ekkjur starfsmanna hljóti eftirlaun, enda má og segja, að frú Ragnheiður hafi að sínu leyti staðið í starfi manns síns um eftirlit með pósthúsinu. Ég hefi farið fram á 400 kr. eftirlaun henni til handa, en til vara 300 kr., og vænti ég, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. a. m. k. þá till.

Þá er brtt. á sama þskj., tölul. XXXIV, sem ég flyt ásamt hv. 8. landsk. Hann hefir þegar lýst þessari till. okkar, og vil ég aðeins árétta það að litlu leyti. Ég viðurkenni fyllilega þau rök, sem fram hafa komið, að það sé ekki heppilegt fordæmi að bera fram brtt. við fjárl. í heimildarformi. En vegna þess að upphæðin er allhá, og þar sem ástæða er til að óttast, að það ástand muni haldast, sem gerir nauðsynlegt að skera niður fjárframlög til ýmsra framkvæmda, álitum við, að hægara væri að draga úr þessu framlagi, ef það væri sett í heimildarformi, en ef það væri bundið með lögum. Af þessum ástæðum bárum við fram till. í heimildarformi, enda þótt það sé óvefengjanlegt, að áburðarsalan þurfi þessa stuðnings með, og af þeim ástæðum, sem nú skal greina. Á síðastl. vori, þegar gengislækkunin varð, var áburðarsalan búin að kaupa mikið af áburði, en ekki búin að greiða hann. Þetta orsakaði stórkostlega verðhækkun á áburðinum, en þar sem ekki mátti hækka verð á landbúnaðarafurðum á innlendum markaði samkv. gengisskráningarl., þótti ekki réttlátt að láta alla þessa hækkun koma fram á vörunni á þessu ári, og tók þá verzlunin á sig nokkuð af hallanum. Hallinn, sem af þessu leiddi fyrir áburðarsöluna, var það mikill, að í stað þess, að hún hafði 50 þús. kr. í varasjóði við síðustu áramót, er nú svo komið, að hún er komin í 90 þús. kr. skuld.

Nú er það sýnilegt, að ef það á að vera mögulegt að flytja áburð til landsins á þessu ári, er óhugsanlegt að velta þessari skuld ofan á verðhækkun á vörunni. Hinsvegar er áríðandi, að unnt verði að halda uppi garðrækt, og þá sérstaklega kartöflurækt í fullum krafti, bæði til þess að tryggja landsmönnum þessar afurðir, og eins til þess að auka atvinnu manna við þessar framkvæmdir, þegar aðrar greinar atvinnulífsins dragast saman. Ef þannig ekki væri hægt að flytja inn tilbúinn áburð, hefði það í för með sér stórkostlegan atvinnuhnekki fyrir þá, sem stunda garðrækt, og þá sérstaklega kartöflurækt, og auk þess myndi þá þurfa að flytja inn mikið af kartöflum til þess að fullnægja þörf landsmanna.

Ég myndi vera fús til þess til samkomulags að breyta þessari heimild í ákveðið framlag, ef hv. fjvn. kysi heldur, en ef þess er ekki óskað, geri ég ráð fyrir, að ég láti þessa heimildartill. standa.

Þá á ég brtt. á þskj. 637 ásamt hv. 1. þm. N.-M., um að greiða til ræktunarsjóðs vangoldið framlag fyrir árin 1938 og 1939, 51424 kr. Þarf ég ekki að gera grein fyrir því, hvernig á þessari till. stendur, því það hefir hv. 1. þm. N.-M. þegar gert. Ástæðurnar eru í fáum orðum þessar, að ákvæði í l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra laga um að fresta ákvæðum l. um greiðslu vaxtatillags til bænda, voru af ríkisstj. skilin á þann veg, að þau næðu einnig til Búnaðarbankans, þannig að ekki væri lengur skylt að greiða honum vaxtamismun á þeim vaxtabréfum, sem eru í umferð, og lánum, sem bankinn veitir. En nú eru af jarðræktarbréfunum goldnir 6% vextir, en bankanum er hinsvegar bannað að taka nema 5% vexti af þeim ræktunarsjóðslánum, er hann veitir, og verður bankinn því sjálfur að greiða þann vaxtahalla, sem af þessu leiðir.

Nú mun ekki hafa verið meiningin með bráðabirgðalögunum að svipta bankann þessum tekjum, og hefir þeim skilningi verið slegið föstum með breyt. á bráðabirgðaákvæðum og með brtt. fjvn., að þessi upphæð skuli haldast til Búnaðarbankans, og er þar með viðurkennt, að

upphæðina hefði átt að greiða til bankans fyrir 1938 og 1939.

Mér hefir skilizt á hæstv. fjmrh., að hann telji sig ekki geta greitt þetta, nema skýlaus heimild komi til í fjárl. Vænti ég, að hv. þm. séu sjálfum sér samkvæmir og samþ. þessa till.

Á sama þskj. flyt ég brtt. ásamt hv. 8. landsk. vegna tilbúins áburðar; er það varatill., sem við bárum fram á eftir, að í stað 100 þús. kr. komi 70 þús. kr., ef fyrri upphæðin þætti of há.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á eina till. fjvn. á þskj. 587, 99, til loðdýraræktar. Í fjárlfrv. eins og það var lagt fyrir Alþ. voru ætlaðar 20 þús. kr. á þessum lið, en fjvn. leggur til, að liðurinn lækki í 14 þús. kr. Þetta hlýtur að vera gert af vangá, því að ef þessi till. væri samþ., myndi það verða til þess að leggja niður alla eftirlits- og fræðslustarfsemi, sem ráðunautur hefir haft með höndum. (BjB: Þetta er ekki rétt, ég gerði nána grein fyrir þessu í framsöguræðu minni.) Ef þessi till. verður samþ., þá verða aðeins 4 þús. kr. eftir til allrar starfseminnar, — launa ráðunaut, halda uppi skrifstofu og annast ferðakostnað hans. Það segir sig sjálft, að ekki er unnt að gera þetta fyrir 4 þús. kr., og er þetta þá sama og að leggja starfsemina niður. Það minnsta, sem þarf, er 10 þús. kr. Verð ég því, ef hv. fjvn. fæst ekki til að taka þessa till aftur, að leggja eindregið til við alla þá, sem vilja ekki leggja þessa starfsemi niður, að fella þessa brtt. fjvn. Sé það ekki gert, sé ég ekki annað ráð en að fresta framkvæmd l. um lánadeildina, því að eins og þetta liggur fyrir frá n. er óhugsandi, að þetta geti komið að notum.

Ég held, að ég þurfi svo ekki fleira um þetta að segja.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 653, I—II) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Forseti (HG): Ég skal geta þess, að til er ætlazt, að umr. um brtt. við fjárl. verði lokið í nótt. Er gert ráð fyrir, að veitt verði fundarhlé um kl. 2, svo að hægt verði að fá sér kaffi, sem hv. þm. verður séð fyrir.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég ætla aðallega að gera stutta grein fyrir brtt. 619, XXIII, sem er um að hækka framlagið til jarðakaupasjóðs úr 20 þús. kr. upp í 85 þús. Ástæðan til þessarar brtt. er hv. þm. kunn, en till. frá fjvn. hafði ekki komið um þetta atriði, þegar ég lagði till. fram, en daginn eftir var þetta mál tekið fyrir, og þá mun hafa verið í ráði, að fjvn. bæri fram samskonar eða svipaða till., svo að n. hefir tekið þessa till. að sér, en ég hafði óttazt, að þetta hefði gleymzt.

Þá flyt ég aðra till. á þessu sama þskj. Það er XXXVII. till. Er þar farið fram á heimild til að kaupa, ef um semst, Kaldaðarnestorfuna í Árnessýslu. Ég vil upplýsa, að þessi heimild var áður samþ. hér á þingi, en ekki notuð. Ég geri tæplega ráð fyrir, að ríkið geti fengið nokkurt hentugra landsvæði en þessar jarðir. Þær eru nærri jörðum, sem ríkið á á Eyrarbakka, og landspildu, sem einnig er þar stutt frá, og hefir þar verið mikið unnið. Er það land almennt kallað Síbería. Er mikill ávinningur fyrir ríkið, ef framkvæmdir verða í þessu efni, að landsvæðin séu samliggjandi. Á það er nú komin örugg reynsla, að einna arðsamast land, sem við höfum til búrekstrar fyrir nautgriparækt, er flæðiengi. Þar er enginn tilkostnaður við útlendan áburð, sem er annars þungur baggi, víða allt of þungur. Fjvn. í heild hefir ekki tekið afstöðu til þessa máls og hefir því óbundin atkv. um till.

Ég ætla ekki sérstaklega að minnast á brtt. almennt, — þær eru orðnar æðimargar — en vil þó minnast aðeins á brtt. 637, XIV, frá hv. 1. þm. N.-M. og hv. þm. Mýr., um framlag til ræktunarsjóðs Íslands, vangoldið framlag fyrir árin 1938 og 1939. Eins og tekið var fram af hv. þm. Mýr., þá er brtt. raunverulega leiðrétting á misrétti, sem Búnaðarbankinn hefir orðið fyrir eða ræktunarsjóður, en um þetta hefir staðið ágreiningur milli bankans og fjmrn., því að ákvæðin um þetta eru ekki nægilega skýr, en ég tel upplýst, að aldrei hefir verið ætlazt til þess, að ákvæðin yrðu skilin á þann veg, sem gert hefir verið gagnvart bankanum. Um þessa brtt. ætla ég svo ekki fleira að tala.

Um fjárl. vildi ég segja fyrst og fremst, að sem landbrh. get ég fallizt á og hefi fallizt á, að fært verði niður margt af þeim framlögum, sem landbúnaðurinn hefir fengið. Ég tel þetta rétt vegna þess, að ég álít ekki heppilegt, eins og tímarnir eru nú, að örva bændur til að leggja fjármuni í framkvæmdir, sem kosta erlent efni. Líklegt er, að þeim væri lítill greiði ger og þær framkvæmdir, sem þannig væri stofnað til, yrðu landbúnaðinum þung byrði, þegar verðlag breytist aftur og á að standa undir þeim böggum, sem menn tækju á sig á dýrari tíma, og borga með vörum, sem yrðu með allt öðru verðlagi en því, sem hefir ríkt nú um skeið. Ég tel rétt að fylgja nú þeirri höfuðreglu, að leggja sem minnst í þær framkvæmdir, sem erlent efni þarf til, bæði í sveitum og eins við sjávarsíðuna. Þessari reglu er fylgt í aðalatriðunum í þessu frv. Þó er vikið frá því í einstöku atriðum, og til þess mun ég að sjálfsögðu taka afstöðu við atkvgr.

Um frv. í heild vil ég annars segja það, að ég tel, að ekki hafi verið auðvelt að ganga í höfuðatriðunum frá því mikið á annan veg en fjvn. hefir gert. Það er rétt, sem oft hefir verið tekið fram undir umr., að það er ekki hægt að semja fjárlfrv., sem miðað er við hallærisástand, meðan við höfum a. m. k. nokkra von um, að hallæri sé ekki framundan. Það er ekki annað hægt að segja en að útlitið er ákaflega óvíst og við vitum ákaflega lítið, hvað framtíðin ber í skauti sínu. Ég tel í raun og veru, að útlitið síðustu 3 mánuðina hafi lítið eða ekkert breytzt, en hinsvegar álít ég rétt að miða fjárlfrv. við þær vonir, sem við viljum í lengstu lög gera okkur.

Um einstakar brtt. ætla ég ekki að tala, en ekki er hægt að ganga framhjá því, að hér kemur fram mikið af brtt., auk till. fjvn., og eru nú stöðugt að koma, eins og við höfum hvað eftir annað orðið varir við í sambandi við

þau afbrigði, sem við höfum margsinnis greitt atkv. um nú á þessum fundi, og um þær því nær allar má segja það sama, að þær eru um hækkun á útgjöldum. Ég tel þess vegna, að ekki verði komizt hjá því, eins og líka hefir verið tekið fram af öðrum ráðh. á undan mér, og er í samræmi við það, sem við höfum talað um, að stj. og flokkarnir taki þessar till. til athugunar, áður en gengið er til atkv. um þær. Ég tel, að tæplega geti komið til mála að láta skeika að sköpuðu um það, hverja afgreiðslu allar þessar till. fá, því að við höfum talið skyldu okkar að semja um hvert einstakt mál, sem eru vissulega mörg minni en þetta atriði, enda hygg ég, að ég tali þar í samræmi við það, sem er skoðun allrar stj., eftir því sem við höfum talað saman.

Jón Ívarsson: Ég á hér 2 brtt. á þskj. 639, sem ég skal fara örfáum orðum um. Sú fyrri er um það, að hækka lið í 13. gr., styrk til ferjuhalds, um 250 kr. Samkv. till. fjvn. verður þessi liður 2850 kr. Eru þar dregnir saman í eitt margir liðir, sem áður voru á fjárlfrv., og ætlazt til, að vegamálastjóri úthluti þessu fé. Ég hefi leyft mér að leggja til, að þessi liður hækki um 250 kr., og gangi sú hækkun til að kosta bifreiðaferju á Hornafjörð. Svo er mál með vexti, að nú á síðasta ári hefir verið farið inn á þá leið, að breyta veginum, sem farinn er úr Suðursveit í Austur-Skaftafellssýslu til Hafnarkauptúns. Er þá farin leið, þar sem er að nokkru leyti sjálfgerður vegur eftir sléttum söndum. Styttist leiðin við þetta um 10—12 km. Er þá ekki farið yfir Hornafjarðarfljót, heldur yfir Hornafjörð, og hefir verið til þess notuð ferja, sem hefir verið til þess gerð og er sæmilega stór til þess að flytja bifreiðar yfir fjörðinn. Það er allkostnaðarsamt að halda uppi slíkri ferju, sem von er til, og fer ég því fram á þessar 250 kr., svo að hægt sé að standa straum af þeim kostnaði. — Fyrir nokkrum árum var ráðgert í brúarlögum að koma brú á nokkurn hluta Hornafjarðarfljóts, yfir svokallaðan Prestsfitarál, en þessi brú mun falla niður, af því að aðalsamgöngur Suðursveitar fara þessa leið, sem er 10—12 km styttri, og verður sennilega fljótlega horfið að því að taka þessa leið í þjóðvegatölu.

Þá á ég aðra brtt. á sama þskj., sem er um að heimila stj. að verja eftirgjaldi af lóðum og löndum í Hafnarkauptúni til varnar skemmdum á ræktuðu landi kauptúnsins. Um þetta er það að segja, að fyrir 10 árum fengu íbúar Hafnarkauptúns allmikið land til ræktunar, sem er í grennd við kauptúnið. Um 50—60 hektarar hafa komizt í rækt á þessu tímabili. Er þetta land til mikilla nytja fyrir alla, sem í kauptúninu búa, og byggist afkoma þeirra mjög á því. Af landi þessu fæst svo mikill afrakstur, að kauptúnsbúar, sem eru 230, geta haft þar 800 sauðfjár og um 70 mjólkurkýr. Auk þess fást af þessu landi um 1000 tunnur af garðmeti árlega. Þetta er því alldýrmæt eign, sem skiptir miklu máli, að ekki þurfi að ganga úr sér. En svo er máli háttað, að þetta land liggur meðfram Hornafirði, og um mjög langt skeið hefir það brotnað af völdum sjávar. Landið er því í nokkurri hættu, sem er mjög æskilegt að geta unnið bug á. Fyrir rúmu ári síðan var hv. 2. þm. Skagf., búnaðarmálastjóri, á ferð þar austur frá og skoðaði þetta land og þau spjöll, sem það verður fyrir. Áttum við þá nokkurt tal um þetta. Fannst okkur, að varna þyrfti landbroti með fyrirhleðslu á nokkrum stöðum. Þess vegna leyfi ég mér að fara fram á, að eftirgjald af öllu Hafnarkauptúni gangi til þess að greiða fyrir, að þetta yrði gert. Einn hv. þm. — ég held, að það hafi verið hv. 1. þm. N.-M. — minntist á þessa till. mína ásamt till. frá hv. þm. Vestm. og sagði, að hér væri verið að fara inn á braut, sem liti sakleysislega út, en væri ekki eins saklaus. Ég vil fullvissa Alþingi um það, að frá minni hálfu er eingöngu farið fram á, að eftirgjaldinu megi verja til að vernda þetta land fyrir sjávargangi og landbroti, sem þarna á sér stað. Þetta er í sjálfu sér ekkert nýtt, þó að það hafi ekki verið gert í Hornafirði, því að í fjárl. fyrir árið 1939 er samskonar heimild fyrir Vestmannaeyjar. Sannleikurinn er sá, að þegar náttúruöflin eru að verki, þá er mjög erfitt fyrir einstaka menn að standast þá raun að vernda landið, og er ekki nema eðlilegt, að ríkið hlaupi þar undir bagga.

Hv. þm. N.-M. hafa flutt hér till. um að bæta manni einum tjón, sem hann hefir orðið fyrir af völdum ofviðris. Það, sem hér er farið fram á, er í raun og veru sama eðlis, og mér er óhætt að fullyrða, að Alþingi hefir hvað eftir annað gengið inn á að gera slíkt, þegar þannig hefir staðið á. Það er miklu meira vert um það fyrir ríkið að vernda dýrt ræktað land en að brjóta óræktað land, sem ekki er fyrirfram vitað um, hversu mikils virði er. Ég skal geta þess, að allt þetta land er ríkiseign og var fyrir 10 árum síðan selt á leigu íbúum kauptúnsins á 12 kr. ha. Þá var það gersamlega óræktað, en kauptúnsbúar hafa ræktað það að fullu og greitt hið umsamda eftirgjald árlega. Með því, sem hér er farið fram á, er ríkið eingöngu að vernda sína eign, sitt eigið land og gera það verðmætara og að meira gagni en annars væri.

Um þessar tvær till. skal ég svo ekki segja meira, en ég get ekki stillt mig um að minnast á eina till., sem hv. fjvn. hefir borið fram. Það er till. um að veita fé til að gera flugskýli í Hornafirði. Síðasta sumar voru gerðar mjög ánægjulegar tilraunir um flug meðfram suðurströndinni og alla leið til Austurlands. Heppnaðist það ágætlega; voru farnar allmargar ferðir þessa leið, og varð aldrei neitt að. Það hefir sýnt sig, að á þessari leið eru einhverjir allra beztu flugvellir, sjálfgerðir svo að kalla, sem fáanlegir eru hér á landi. En til þess að flugferðir komi að fullum notum á þessari leið, er nauðsynlegt, að flugvélin geti haft skýli, ef veður breytist skjótlega, t. d. ef hvassviðri kemur, svo að ekki þurfi að leggja flugvélina í þá hættu. að hafa hana úti í vondum veðrum. Og þegar þess er gætt, að á þessari leið til Hornafjarðar er um hafnlausa strönd að ræða, sem skip geta ekki haft viðkomu á, og einnig að nokkru leyti um veglaust land, sem aldrei verður vegur lagður um, þá er það fullkomlega réttmætt og skyn-

samlegt að hlynna að því eftir föngum, að flugsamgöngur komist á á slíkri leið, og þá er þetta, sem hér er um að ræða, nauðsynlegur liður í þeim umbótum. Ég skal geta þess, að flugskýli það, sem ætlazt er til, að reist verði þarna, er fyrst og fremst miðað við þá flugvél, sem notuð hefir verið í þessar ferðir, en það er jafnframt ráðgert svo stórt, að það fullnægi flugvél, sem rúmaði 2—4 farþega. Það mark, sem kunnugir menn álíta, að við eigum að keppa að, er að eignast landflugvél, sem geti flutt 2—4 menn, og ef um flugsamgöngur er að ræða, kemur þessi leið fyrst til greina. Það er oft og tíðum svo, að yfir stórvötn þau, sem á leið þessari eru, verður ekki komizt nema í flugvél. Það er eins og kunnugt er mjög erfitt um póstflutninga á þessum slóðum, og gætu flugferðir mjög bætt úr þessu, eins og öllum má ljóst vera. Jafnhliða flugsamgöngum þangað austur þarf vitanlega að laga nokkuð flugvelli. Það hefir þegar að nokkru leyti verið gert. Þannig er í Vík í Mýrdal búið að laga flugvöll og einnig á Kirkjubæjarklaustri. En svo þarf að gera eða laga lendingarstaði fyrir flugvélar á leiðinni austur á Hérað frá Hornafirði.

Ég vona, að hv. Alþingi sjái sér fært að veita dálitinn styrk til þessara framkvæmda og samþ. till. þá, sem hér liggur fyrir.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Ég á hér eina brtt. á þskj. 619, sem ég flyt ásamt hv. þm. V.-Sk. Till. er um það, að veita 3 þús. kr. styrk til Einars Sverrissonar í Kaldrananesi, til vélaverkstæðis. Maður þessi er fátækur bóndi austur í Mýrdal, sem hefir sýnt mikið hugvit og hagleik með smíði ýmissa verkfæra. Hann hefir fundið upp nýja gerð rakstrartækja við sláttuvélar, sem er orðin mjög útbreidd þar eystra, og er talið, að það séu hin beztu tæki, sem notuð hafa verið þar til þessa. Það er orðin það mikil eftirspurn eftir þessum tækjum hans, að hann getur ekki fullnægt öllum eftirspurnum, sem hafa komið til hans um þessi tæki, m. a. vegna þess, hve ófullkomin verkfæri hann hefir. Ég held, að það væri mjög æskilegt, að slíkur iðnaður, sem þessi maður annast á verkstæði sínu, komist á sem víðast í sveitunum. Ég vildi því eindregið mælast til þess, að Alþingi sæi sér fært að veita þennan lítilfjörlega styrk þessum fátæka bónda, svo að hann geti fullkomnað verkfæri sín og haldið uppi viðgerðum á vélum, sem notaðar eru til landbúnaðarins.

Ég skal svo ekki tefja tímann lengur, en vona að það verði litið á þetta mál með fullri sanngirni.

*__Magnús Gíslason:__ Herra forseti! Ég hefi borið fram eina brtt., sem engu skiptir um fjárhagsafkomu ríkissjóðs. En af því að þessi till. var s.l. nótt gerð að nokkru umtalsefni, ætlaði ég að fara um hana nokkrum orðum, en sá maður, sem mest ræddi um hana, er ekki viðstaddur, og ætla ég því að láta bíða að ræða um hana. Ég ætla í stað þess að tala um fjárl. í heild sinni.

Þegar þingi var frestað í vor, var gefin upp sú ástæða fyrir því, að vegna þeirrar óvissu, sem ríkti um atvinnuvegi landsins, þætti ekki fært að afgr. fjárl. að svo stöddu. Ég var þá þeirrar skoðunar, að rétt væri að bíða fram á haustið og sjá hvernig úr rættist. Ég heyrði um það talað á Alþingi þá, að þau fjárl., sem lágu fyrir þinginu, væru ein hin útgjaldahæstu, sem nokkurn tíma hefðu verið lögð fyrir Alþingi. Ég heyrði um það talað, að það bæri að draga úr þessum útgjöldum, — atvinnuvegir landsmanna væru ekki því vaxnir, að standa undir þeim útgjöldum, sem á undanförnum árum hefði verið velt yfir á þá af því opinbera. Mér virtist, að svo að segja allir alþm. væru þeirrar skoðunar, að það væri komið nokkuð langt á þessari braut, og bæri að stefna að því að fara að snúa við og takmarka útgjöld hins opinbera. Svo líður fram á haust, og frá því þingi var frestað og þangað til það kemur saman aftur skeður það, að út brýzt styrjöld, sem enginn veit nú enn þann dag í dag, hvenær muni taka enda. Við þetta breyttist náttúrlega viðhorf þm. til þess, hvernig eigi að snúast við örðugleikunum, sem af þessu rísa, og hvernig afkoma ríkissjóðs muni verða í sambandi við þetta. Ég held, að það sé enginn maður svo, að hann haldi, að afkoma ríkissjóðs geti orðið glæsileg við það, að í millitíðinni brýzt út styrjöld. Flestir eru þeirrar skoðunar, að heldur hafi versnað aðstaða ríkissjóðs til þess að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegt er til þess að halda uppi nauðsynlegum útgjöldum, hvað þá ef talað er um ónauðsynleg útgjöld. Svo þegar þingið kemur saman í haust, þá virðist þessi skilningur vera óbreyttur hjá þm. Sérstaklega varð ég var við það, að margir menn, sem ég talaði við, voru sannfærðir um, að hér væri meiri voði fyrir dyrum en menn hefðu almennt gert sér grein fyrir. Ég er fullviss um það, að fjvnm. voru þá reiðubúnir að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess, að skorin yrðu niður útgjöld og að ríkið yrði gert fært um að standast þau áföll, sem nú lægju fyrir. Nú líður og líður, þar til við 2. umr. fjárl., að fjvn. lagði fram brtt., sem mér virtust tiltölulega mjög lítilfjörlegar. Auðvitað lagði hún fram sömu dagana frv. um ýmiskonar ráðstafanir, sem hefir verið hér til meðferðar á þinginu í nokkurn tíma, og sem ekki hefir fengizt full afgreiðsla á, enda þó að það sé nokkurn veginn víst, að það verði ekki í neinni líkingu við það, sem þeir höfðu hugsað sér. Ég bjóst nú við, að hv. fjvn. mundi við 3. umr. skila einhverjum þeim niðurstöðum, sem væru í samræmi við það ástand, sem ég held, að ríki bæði utanlands og innan. En svo fer það þannig, þegar till. n. koma seint og síðar meir — ég verð að segja það, því að nokkrum till. var ekki skilað fyrr en í nótt —, að það virðist svo sem sparnaður sé þar enginn, þvert á móti, útgjöldin hafa vaxið verulega. Af því að þessar till. komu seint, hafði ég ekki tækifæri né tíma til þess að gera mér grein fyrir því, hvernig heildarniðurstaðan myndi verða, ef till. fjvn. yrðu samþ. Ég byggi aðallega á því, sem hv. frsm. fjvn. sagði; mér skildist hann gera ráð fyrir því, að tekjur og útgjöld stæðust nokkurnveginn á, en að greiðsluhalli verði um ½ millj. kr. Ég spyr hv. frsm., hvort þetta sé ekki rétt haft eftir honum.

Í frv. því, sem stj. lagði fyrir þingið, var gert ráð fyrir, að hagur á rekstrarreikningi nemi tæplega 1 millj. kr., en að greiðslujöfnuður verði 130 þús. kr. M. ö. o., ef þetta er rétt, þá hefir hallazt ekki svo lítið áætlunin frá því, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert, þegar hún lagði frv. fyrir í vetur. Þetta hefir því farið dálítið öðruvísi en þm. bjuggust við í vor, og öðruvísi en ég bjóst við, og að ég held meiri hluti hv. fjvnm.

Ég skal játa það, að n. hefir gert tilraun til þess að lækka útgjöldin á ýmsum sviðum. En það, sem mér þykir einkennilegt við starf fjvn., er það, að hún hefir leyft sér að bera fram aukatill. á svo að segja öllum gr. fjárl., aukatill., sem a. m. k. mun orka tvímælis, að væru nauðsynlegar í verulegu góðæri, hvað þá heldur á þeim tímum, þegar þröngt er um að afla ríkissjóði tekna. Sérstaklega er þetta áberandi í 13. gr., þar sem hækkanir til nýrra vegagerða eru um 188 þús. kr. frá því, sem frv. það, sem núv. viðskmrh. lagði fyrir þingið í vetur, gerði ráð fyrir. Að vísu er till. um það frá hv. fjvn. að fella niður malbikun á Elliðaárvegi og Hafnarfjarðarvegi; það nemur 100 þús. kr. Svo kemur annar liður í 13. gr., til vitamála; þar er fremur hækkun á framlagi, sem er að vísu ekki nema sjálfsagt, og svo koma margir liðir til lendingarbóta og hafnargerða. En mér telst svo til, að þessar fjárhæðir, sem ætlazt er til, að verði bætt við útgjöldin, nemi um 90 þús. kr. Á 14. gr. er líka stórhækkun, — mig minnir, að það sé álíka fjárhæð, eða um 90 þús. kr.

Það er gert ráð fyrir, að því er mér skilst, í sjálfu frv., að tekjur og gjöld standist á, en greiðsluhalli verði um ½ millj. kr. Nú væri ekki svo mikið við þessu að segja, ef þær tekjur, sem gert er ráð fyrir, að renni í ríkissjóðinn, væru vissar og öruggar. En mér skilst á þeim brtt., sem hér liggja fyrir frá fjvn., að það sé fremur ógætilega áætlað um þetta, hvað muni vera hægt að fá inn af tekjum á árinu. Tekjuskatturinn er áætlaður af n. 1600 þús. kr. og hátekjuskattur 200 þús. — eða samtals 1800 þús. kr., en í fjárlfrv. stj. eru þessir skattar áætlaðir 1940000 kr., — lækkunin er því 140 þús. kr. Nú hefi ég látið n. í té skýrslu um það, hvað tekjuskatturinn að viðbættu lífeyrissjóðsgjaldi hafi orðið mikill, og hefir talizt til, að árið 1939 hafi hann orðið 1 millj. og 900000 kr., eftir þeirri skýrslu, sem ríkisskattan. hefir gefið. Nú eru ekki nokkur líkindi til þess, eftir því hvernig atvinnuvegirnir voru í ár, að tekjurnar næsta ár verði meiri en þær urðu í ár. Þannig er mjög ógætilegt að búast við því, að tekjuskatturinn næsta ár verði hærri heldur en hann var í ár. Nú vitum við allir, að það, sem áætlað er á næsta ári, kemur vitanlega ekki inn á því ári; mikið af því kemur aldrei inn, og ein aðalástæðan fyrir því er vitanlega sú, að það eru margir, sem aldrei borga, — þetta fé næst ekki inn.

Því er það, að þó gert sé ráð fyrir því, að tekjuskatturinn verði um 1800 þús. kr. næsta ár, þá vitum við, að það kemur alls ekki inn árið 1940. Nú er það mjög sennilegt, að afkoma næsta árs verði bágari en í ár.

Aukatekjur hefir n. áætlað 600000 kr., og er það 65 þús. kr. lægra heldur en gert var ráð fyrir í fjárlfrv. í vor. Nú vildi ég jafnframt geta þess, að vitagjald er áætlað af n. 390 þús. kr., í staðinn fyrir 490 þús. Ástæðan fyrir því er sú, sem ekki er almennt ljóst, að vitagjaldið og aukatekjurnar eru liðir, sem fylgjast að, þannig að aukatekjurnar eru afgreiðslugjöld skipa, sem er kr. 1.40 af hverju tonni, svo að það, sem vitagjaldið nemur á hverjum tíma, er viss hluti af aukatekjum. Árið 1938 var vitagjaldið áætlað 490 þús. kr., en varð ekki nema 460 þús. kr. Það veit enginn, hvað mikið það verður 1939, en það eru engin líkindi til þess, að það verði hærra en 1938. Samt sem áður var gert ráð fyrir því í frv., að vitagjaldið gæti orðið eins og það var 1938. Nú hefir fjvn. lækkað þetta um 100 þús. kr. og gerir ráð fyrir, að það geti orðið 390 þús. kr., og yrði það þá 70 þús. kr. lægra heldur en það var 1938. Það, sem gerir mig alveg vissan um, að vitagjaldið verði ekki eins mikið næsta ár eins og undanfarin ár, er það, að útlend fiskiskip, sem greitt hafa mikið af þessu gjaldi, koma ekki til landsins, ef styrjöldin heldur áfram. Þetta hefir verið nokkuð stór liður, sem hverfur, en auk þess getum við búizt við því, að reynslan verði lík og í síðasta stríði, að siglingar minnki mikið til landsins. Við skulum hugsa okkur, að það færi svo næsta ár, að siglingaleiðir til meginlandsins tepptust og að við Íslendingar gætum ekki fengið okkar vörur þaðan, en yrðum að sækja þær til Ameríku, en það tekur helmingi lengri tíma að sigla þangað heldur en til meginlands Evrópu, en það þýðir helmingi minna vitagjald. Af þessari ástæðu er þessi fjárhæð áætluð of hátt af fjvn.

Ég skal ekki tala mikið um tollana, því það er náttúrlega erfitt að gera ráð fyrir því, hvernig verzlunarviðskiptin við útlönd verða.

Það má þó gera ráð fyrir því, að tekjuáætlunin, sem fjvn. hefir gert, muni standast að nokkru leyti; þó vil ég draga í efa, að verðtollurinn, sem fjvn. áætlar 4 millj. kr., geti orðið svo hár, nema með mjög glæsilegri verzlun við útlönd. 4 millj. kr. er miklu hærri upphæð en venjulega hefir fengizt út úr verðtollinum og viðskiptagjaldinu; þetta hefir venjulega numið 3 millj. kr.

Af tekjum ríkisstofnana ætla ég að gera að umtalsefni tekjur þær, sem áætlað er, að áfengisverzlunin fái. N. hefir gert þær till., að tekjur áfengisverzlunarinnar nemi 2 millj. og 16 þús. kr. Það ár, sem hún hefir gefið mestar tekjur, var 1938, er þær voru 1 millj. og 900 þús. kr., og er það rúml. 100 þús. kr. minna en hér er gert ráð fyrir. Nú má gera ráð fyrir, að tekjur þær, sem áfengisverzlunin hefir haft, geti brugðizt, og koma þar einkum tvær ástæður til greina. Annarsvegar er hætt við því, að innflutningur á þeim vínum, sem áfengisverzlunin hefir á boðstólum, bregðist. Hinsvegar er hætt við því, að möguleikar einstaklinga til að kaupa vínið verði minni en verið hefir. Mér finnst því þessi fjárhæð vera mjög ógætilega áætluð. Það má deila um hvað tekjurnar muni verða, en ég vil aðeins taka það fram, að ef ég hefði átt að áætla þær, þá hefði ég gert það öðruvísi. Ég vil láta þess getið, að frá mínu sjónarmiði er ekki gætilegt að áætla þær eins og hv. fjvn. hefir gert, en

hitt er annað mál, að tekjurnar verða hvorki meiri né minni, hvernig sem við förum að hugsa okkur, að þær verði. Tíminn einn leiðir það í ljós, hvað þær verða. Það má ekki eingöngu byggja á tekjuáætlunum, heldur verður að hafa í huga, hvað við megum leyfa okkur að borga út. Það virðist nú vera nokkurn veginn öruggt, að við verðum að fá þær tekjur, sem n. hefir áætlað, til þess að geta staðið í skilum.

Mér virðist þó, að ekki séu öll kurl komin til grafar enn, því eins og getið hefir verið um áður þá eru nú í uppsiglingu l. og þegar búið að afgr iða sum l., sem hljóta að hafa ný útgjöld í för með sér, sem ekki hafa verið tekin enn inn í fjárl., en það eru gjöld, sem menn verða að reikna með, þegar teknar eru heildarniðurstöður fjárl. Ég vil aðeins nefna framfærslul., þar sem lagt er á ríkissjóð, að hann eigi að bera ábyrgð á viðskiptum hreppanna í landinu sín á milli, þannig, að ef eitt hreppsfélag getur ekki náð fátækrastyrk á skikkanlegan máta hjá öðru, þá getur það hreppsfélag gengið í ríkissjóðinn og fengið greiðslu úr honum, en það er alveg undir hælinn lagt, hvort ríkissjóður fær það endurgreitt eða ekki. Ég veit ekki, hvað mikið þetta verður, en það er ekki ólíklegt, að það verði undir ½ millj. kr. á ári. Íþróttal. hafa einhvern kostnað í för með sér og héraðsskólarnir hljóta í framtíðinni að hafa töluverð aukin útgjöld í för með sér. Ég átti tal um þetta við frsm. fjvn. í gær, og hann sagði, að eftir því, sem hann vissi bezt, þá myndi ekki nein nauðsyn á, að héraðsskólarnir gerðu kröfu til ríkissjóðs á næsta ári um verulega aukin útgjöld. En þó við þurfum ekki að reikna með þessu nú, þá kemur það síðar.

Svo er það eitt atriði, sem mig langar til að spyrja hv. frsm. fjvn. um, en það er viðvíkjandi brtt., sem ég bjóst við, að kæmi frá n., varðandi kennaraskólann í Rvík. Fjmrn. sendi fjvn. fyrir nokkru erindi, þar sem skýrt var frá því, að nauðsynlegt hafi verið að framkvæma viðgerð á kennaraskólanum, m. a. að setja nýja miðstöð, og voru þessi útgjöld áætluð 12 þús. kr. Nú hefir það komið í ljós, að kostnaðurinn varð nokkuð meiri, 15—16 þús. kr., en það vantar heimild í l. til þess að greiða þetta. Fyrir hálfum mánuði óskaði fjmrn. eftir því, að þessi upphæð væri tekin inn í fjárl. fyrir árið 1940, en það er alveg óhjákvæmilegt, að þessi fjárveiting verði tekin upp. Nú hefir ekki komið brtt. frá n. um þetta, og vildi ég því óska eftir, að fjvn. taki þetta til athugunar, því það er nauðsynlegt, að heimild fáist til þess að greiða þetta.

Til viðbótar við þann greiðsluhalla, sem ég gat um áðan, um ½ millj. kr., og til viðbótar við þau útgjöld, sem hljóta að koma samkv. sérstökum l., þá vil ég minna á eitt mál, sem mér finnst óhjákvæmilegt, að þingið taki afstöðu til við þessa umr. fjárl., því það hefir áhrif á fjárhag ríkisins, en það er launamálið. Allir vita, að þegar ófriðurinn brauzt út, þá hækkaði verðlag á vörum í landinu, og má heita, að þá 3 mán., sem stríðið hefir staðið yfir, hafi dýrtíðin farið vaxandi dag frá degi. Maður hefir því miður ekki leyfi til að ætla, að nokkur lækkun á verðlagi sé í vændum. Það má þvert á móti gera ráð fyrir verulegri hækkun enn. En það er svo um fjölda af mönnum, sem taka laun sín úr ríkissjóði, að þeir eru svo lágt launaðir, að ef ófriðnum heldur áfram, þá geta þeir ekki lifað af þeim launum, sem ríkið greiðir þeim.

Það koma svo að segja daglega kröfur til fjmrn. um að fá launahækkanir, en við getum enga úrlausn gefið þessum mönnum, því þetta er ekki á valdi stj. Það er eitt stórmál óafgreitt enn í þinginu, en það er kaupgjaldsmálið eða það, hvernig eigi gagnvart hinum vinnandi lýð að mæta þeirri verðhækkun, sem orðið hefir á vörum í landinu. Ég vona, að Alþ. ljúki ekki svo störfum, að það finni ekki einhverja úrlausn í því máli. En þá get ég ekki búizt við öðru en hinir lágt launuðu starfsmenn ríkisins geri líka kröfu til að fylgjast með í hinni almennu kauphækkun í landinu. Ég hygg, að það verði erfitt að neita því, að skylt sé að verða við þeirri kröfu á einhvern hátt. Hvað miklu þetta nemur, get ég ekki sagt um, en það er ógætilegt að áætla það minna en ½ millj. kr. En þá fer að halla fjárhag ríkissjóðs og þá má búast við, að þau fjárl., sem við erum nú að afgreiða, verði afgr. með stærri tekjuhalla en menn gera nú ráð fyrir. [Fundarhlé.]

Þegar ég lauk máli mínu hér áðan, hafði ég talað almennt um fjárl. og þær brtt., sem við frv. höfðu verið fluttar, en átti eftir að minnast á þá einu brtt., sem ég hefi flutt við frv. Hún er á þskj. 637 og fer í þá átt, að aths. um úthlutun styrkja til skálda og listamanna samkv. 15. gr. verði orðuð á þann veg, að í stað orðanna „eftir ákvörðun menntamálaráðs“ komi: sem verði úthlutað af 7 manna nefnd, kosinni hlutfallskosningu af Sþ. — Þetta er smávægileg breyt. og hefir engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs, en af því að hv. þm. S.-Þ. gerði þetta atriði að aðalumræðuefni í sinni ræðu í gær, en hann er sem kunnugt er form. fjvn., þá þykir mér ástæða til að svara nokkru af hans ummælum. Mér þykir leitt, að hv. þm. er ekki hér viðstaddur, og vil biðja flokksmenn hans að bera honum ummæli mín hér, eins og þeir bezt geta. (**BJ**: Er ekki bezt að biðja fjvn. um það? — **PO**: Ef flokksmennirnir sverja hann af sér. — **EOl**: Það væri óskandi!). Við 2. umr. bar ég o. fl. hv. þm. fram till. í sambandi við það, að sú nýbreytni hafði verið tekin upp í fjárlagafrv., sem lagt var fyrir þingið, að í stað þess, að Alþ. úthlutaði skálda- og listamannastyrkjum, skyldi menntamálaráði falin úthlutun fjárins. Um till. okkar varð meiri þytur en ég hafði gert mér hugmyndir um, af því að í raun og veru var till. okkar ekki annað en fyrirspurn til hv. þm. um það, hvort þeir hefðu ráðið það við sig, að heppilegt væri að gera þessa breyt. á gamalli venju. Í sannleika sagt lá ekkert annað í till. okkar, en hv. þm. S.-Þ. stökk upp á nef sér, taldi till. óþarfa og sjálfsagt að hið nýja skipulag væri látið gilda eftirleiðis. Þessi till. okkar var borin undir atkv. og felld með tveggja atkv. mun, og er hún þar með úr sögunni. Er því vitað, að Alþ. getur ekki haft sömu meðferð á þessum málum og verið hefir. Ég er ekki viss um, að sú atkvgr., sem fór fram um þessa till., sýni réttan vilja Alþ. Fyrst

og fremst af því, að ekki voru allir þm. viðstaddir, og er mér ekki grunlaust um, að ef þeir hefðu allir verið hér við atkvgr., þá hefði hún orðið á annan veg. En til þess að skiljast ekki svo við þetta mál, að ekki sé á það minnzt, þá hefi ég ásamt tveimur öðrum hv. þm. flutt hér till., er nú liggur fyrir. Hún gerir að vísu ekki stóra breyt. í þessu efni, því að valdinu til úthlutunar þessu fé hefir Alþ. þegar afsalað sér, en mér finnst viðfelldnara, og gæti jafnvel verið einskonar málamiðlun í þeim ágreiningi, sem risinn er um þetta atriði, að Alþ. geti á hverjum tíma ráðið því, hverjir úthluta þessu fé í þess umboði. (SkG: Kýs ekki Alþ. menntamálaráð?) Jú, að vísu, en ekki árlega. — Ég vil taka það fram út af þeim ummælum hv. þm. S.-Þ. í gær, að með þessu væri verið að lýsa vantrausti á menntamálaráði, að því má svara bæði játandi og neitandi. Ef þessa till. ber að skilja svo, að ég treysti Alþ. betur en menntamálaráði í þessu efni, þá er þetta vantraust á menntamálaráði, því að ég treysti Alþ. miklu betur. Ef þetta er hinsvegar skilið þannig, að ég treysti ekki einstökum meðlimum menntamálaráðs til þess í félagi við aðra að úthluta fénu, þá er langt frá því, að um vantraust á því sé að ræða. Ég tel þá menn, sem nú skipa menntamálaráð, feikilega vel dómbæra um þessa hluti, en menntamálaráð sem stofnun hefir ekki það traust landsmanna, að hægt sé að fela því þetta starf í stað Alþ. Það má segja, að Alþ. hafi ekki alltaf tekizt vel úthlutun þessara styrkja og að margt hefði í því efni mátt betur fara, en ég hygg, að engri stofnun í landinu myndi hafa tekizt betur. Ég hygg, að Alþ. hafi aðallega fengið ákúrur fyrir að veita ýmsum ungum mönnum styrki, sem þjóðin hafði ekki viðurkennt sem listamenn, en hitt hefi ég ekki orðið var við, að nokkur maður, sem þjóðin hefir viðurkennt, hafi ekki um síðir einnig hlotið viðurkenningu hjá Alþ. og nokkurn styrk. Og hvers vegna hefir Alþ. tekizt þetta svona vel? Af því að umr. um þetta hafa alltaf farið fram fyrir opnum tjöldum, og hver og einn alþm. hefir orðið að bera ábyrgð á sínu atkv. gagnvart sjálfum sér og þjóðinni og orðið að sannfæra sig um, að þeir gerðu rétt. Og ég hygg, að hv. þm., sem yfirleitt eru með beztu mönnum þjóðarinnar, hafi gert sér þetta ljóst undanfarið og yfirleitt beygt sig fyrir þjóðarviljanum. Þegar þessi úthlutun er tekin frá Alþ. og falin sérstakri n., þá er ekki lengur sama „kontroll" með því, hvernig úthlutuninni er háttað. Ég hygg, að þá verði frekar farið um bakdyrnar með ýmislegt heldur en tíðkazt hefir á undanförnum árum. — Þetta var um vantraustið. — Næsta ástæðan, sem hv. þm. S.-Þ. bar fram í gær fyrir því, að það væri ekki rétt leið, sem við hefðum valið í þessu máli, var sú, að Gunnar Gunnarsson skáld hefði skrifað sér og sagt, að hann vildi ekki verða neitt bitbein á Alþ. Ég get vel skilið, að hann skrifi á þessa leið, en það varð nú samt sem áður ekki komið í veg fyrir það, að hann kæmi til umr. hér í gærkvöldi, hvort sem hann hefir óskað eftir því eða ekki. En ég tel, að þótt Gunnar Gunnarsson hafi gefið þessa yfirlýsingu, þá sanni það ekkert í þessu tilfelli, því að málið hefir ekki verið lagt þannig fyrir hann, að hann hafi átt að segja til um það, hvort hann vildi heldur, að Alþ. eða menntamálaráð úthlutaði þessu fé. Gegn þessu „argumenti" Gunnars Gunnarssonar stendur svo skjal, undirritað af 14 menntamönnum, er lesið var hér upp í gær, þar sem eindregið er lagt á móti því að afhenda menntamálaráði þetta vald. Undir þetta hafa skrifað 14 af okkar beztu menntamönnum, og vil ég þar til nefna Sigurð Nordal, Jakob Kristinsson, Friðrik Ásmundsson Brekkan, Sigurð Thorlacius, Ágúst H. Bjarnason, Vilhjálm Þ. Gíslason o. fl. o. fl. Þetta eru þekkt nöfn. Og ég þori hiklaust að taka þeirra rök fullgild á móti því „referati" af bréfi, sem hv. þm. S.-Þ. skilar hér til Alþ. frá Gunnari Gunnarssyni.

Næsta ástæða, sem hv. þm. S.-Þ. ber fram til varnar sínu máli, er, að við séum hér að ganga erinda kommúnista. Hann hafði þau orð, ef ég man rétt, að ég hefði gerzt ginningarfífl kommúnista í þessu máli. Hann talaði skemmtilega um þetta atriði, eins og hans var von, og sagði, að kommúnistar hefðu unnið eins mikið á hér á landi eins og þeir hefðu tapað í Finnlandi. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að kommúnistar séu sterkari hér á landi heldur en í Rússlandi, sem getur ekki átt sér stað, eða þá hitt, að vörnin, sem kommúnistar mæti hér á landi, sé lélegri heldur en í Finnlandi. Mér flaug í hug, að þetta gæti þá ekki verið mjög til lofs hv. þm. S.-Þ., því að hann hefir nú í seinni tíð haft það mest á oddinum til þess að láta á sér bera, að stilla sér að nafninu til í fylkingarbrjóst þeirrar andstöðu, sem kommúnisminn mætir hér á landi. Ég get sagt ykkur það alveg eins og það er frá hálfu okkar sjálfstæðismanna, þá er okkur hreint ekki mikill akkur í því að hafa hann (þm. S.-Þ.) í slíkri aðstöðu. Við teljum, eða a. m. k. telja kommúnistar það sjálfir, að aðalandstæðurnar í íslenzkri pólitík sé íhaldið, sem kommúnistar kalla, og þeir sjálfir. En ef rakinn væri til baka ferill hv. þm. S.-Þ. og afstaða hans til kommúnistanna, þá gæti margt skringilegt komið á daginn. Því að maður veit ekki betur en að hann sé núna á einkennilegan hátt að reyna að slökkva þann eld, sem sagt hefir verið, að hann hafi verið með til að tendra forðum. Og það eru mörg dásamleg dæmi, jafnvel hér í hv. d., af því, hvernig hv. þm. S.-Þ., þáv. dómsmrh., gerði sitt til að auka veg hinna ungu uppvaxandi kommúnista í þessu landi. Einn af þessum hv. mönnum, sem var skjólstæðingur hv. þm. S.-Þ., situr nú hér beint á móti mér, eitt af verkum Jónasar, sem talar, og talar stundum rösklega.

Nei, allt frá því að hann fer að skipta sér af pólitík í þessu landi, hv. þm. S.-Þ., og a. m. k. nú fram til þess síðasta — fram yfir síðustu kosningar — gengur varla hnífurinn á milli kommúnista og framsóknarmanna. Í mínu kjördæmi, og ég held mjög mörgum kjördæmum öðrum í þessu landi við síðustu kosningar, lýstu kommúnistar yfir því án þess að vera feimnir við, að íhaldið væri þeirra aðalandstæðingur. Og hvar sem svo stóð á, að sósíalistar og framsóknarmenn voru í hættu staddir í kosningunum, skoruðu kommúnistar á sína menn að aðstoða

annaðhvort Alþfl. eða Framsfl. Bara ekki íhaldið. Þess vegna er það ákaflega skringilegt, þegar svo hv. þm. S.-Þ. kemur hér í gær og heldur því fram, að það séu kommúnistar, sem séu að vinna þennan stóra sigur hér í Alþ., þessir 4 menn, sem hinir flokkarnir hafa lýst yfir, að þeim þætti virðingu Alþ. misboðið með þingsetu þeirra. En það eru bara 21 hv. þm., sem greiddu atkv. með till. um daginn. Eru það þá allt kommúnistar? Ég spyr. Spyr sá, sem ekki veit.

Næsta ástæðan, sem hv. þm. S.-Þ. ber fram, er það, — og að mér skildist það veigamesta — að hann áleit, að það væri ekkert gaman fyrir þingið að vera að styrkja listamenn og skáld, sem gerðu sér það að leik að taka þekkta menn í þjóðfélaginu og gera þá að persónum og jafnvel aðalpersónum í sínum skáldritum, allavega afskræmda að mér virtist, en samt sem áður þekkjanlega, og að þess vegna væri það, að Alþ. hefði ekki farið rétt að á undanförnum árum með því að veita þessum mönnum styrk, að mér skildist, og mér virtist hv. þm. álíta, að í þessu efni væri betur fyrir séð með því að láta menntamálaráð hafa úthlutun styrksins með höndum, því að það mundi ekki fara eins að og Alþ. hefði í þessu efni gert. Ég skal játa, að slíkt og þvílíkt er ekki til sóma, ef það er þá ekki gert á þann hátt, að einhver list sé í því. En hitt vil ég segja hv. þm., að þetta er ekkert nýnæmi, þó að skáld eða listamenn taki samtíðarmenn sína og geri að umtalsefni í sínum skáldritum. Hv. þm. S.-Þ. þekkir svo vel til bókmennta hér á landi og erlendis, að hann veit, að þetta kemur ákaflega oft fyrir. Við þekkjum allir Benedikt Gröndal. Hann skrifaði, þegar hann var ekki gamall maður, leikrit, sem heitir Gandreiðin, sem er nú í fárra manna höndum og prentað var í Kaupmannahöfn, þar sem hann tekur og gerir að persónum í þessu leikriti samtíðarmenn sína, hvorki minni eða smærri menn en Grím Thomsen, Gísla Brynjólfsson skáld, Eirík Jónsson garðprófast o. fl. Þetta leikrit Gröndals varð frægt á sinni tíð og er merkilegt fyrir það, að það er fyrsta revýan, sem skrifuð er á íslenzka tungu. Ég vil biðja þá, sem hér eru staddir, að skila því til hv. þm. S.-Þ., af því að það stendur til, að hann fari að gefa út bækur á íslenzku, að mér fyndist vel til fallið, að hann tæki nú Gandreiðina, og það yrði eitthvert fyrsta verk menntamálaráðs að gefa Gandreiðina út í nýrri útgáfu, með þeim skýringum, sem nauðsynlegar væru, því að það er margt í bókinni, sem er torskilið, af því að það er farið að fyrnast, og getur orðið óskiljanlegt, ef ekki er undinn bráður bugur að því að gera því betri skil.

Í Heljarslóðarorustu úir og grúir af samtíðarmönnum Gröndals, sem eru nafngreindir, eins og t. d. Kristján í Stóradal, kammerráðið á Skarði, að ég nú ekki segi Hjörleifur. Veit ég ekki til, að slys hafi orðið að því, nema að því er snertir kemmerráðið á Skarði. Þetta er ekkert merkilegt í sjálfu sér. Það er mismunandi, hvernig þetta er gert. Það má fara þannig að því, að úr því verði ekki annað en skammir, og þannig fara illa að því. Líka má gera það þannig, að það verði list, en enginn taki til þess.

Þá sagði hv. þm. S.-Þ., að þetta lifði í bókmenntunum. Já, auðvitað gerir það það, til ánægju þeim, sem lesa það síðar. En það er fleira, sem lifir í bókmenntunum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. S.-Þ. kallar sín skrif bókmenntir. En að vissu leyti eru það vafalaust bókmenntir. Hv. þm. S.-Þ. er ákaflega vel ritfær maður, líklega einn af hinum beztu blaðamönnum í landinu að því leyti, þó að penninn sé nokkuð skarpur stundum og það komi fyrir, að drjúpi eitur úr broddinum. En ógætilegar hygg ég, að enginn hafi talað um sína samtíðarmenn, af þeim mönnum, sem nú eru uppi, en hann í sínum blaðagreinum. Þar eru orðatiltæki og uppnefni, sem eru þannig vaxin, að ég tel, að ekki sé sæmandi að hafa þau eftir hér í sölum Alþ., sem þessi hv. þm., ritstjóri og blaðamaður hefir látið birta í sínum blöðum. Mér virðist því það vera nokkuð ógætilega talað af honum að ætla sér að kasta steinum að þeim mönnum, sem taka þekktar persónur og samtíðarmenn og gera að persónum í skáldritum sínum, eða að gera það að aðalástæðu fyrir því að halda því fram, að taka þurfi af Alþ. valdið til að úthluta styrknum til skálda og listamanna.

Hvað mundi svo vinnast við þetta, að taka þetta vald af Alþ. og fá það menntamálaráði? Og hver er meiningin með því? Varla getur verið önnur meining með þessu en sú, að fá þessa menn, sem hv. þm. S.-Þ. telur, að ekki megi styrkja, til þess að hætta að skrifa eins og þeir skrifa, eða þá hitt, að refsa þeim með því að taka af þeim styrkinn. Um þetta vil ég aðeins segja það, að ef hægt er með hótunum að fá eitthvert skáld, sem kallað er, til þess að breyta um stefnu og hætta að skrifa eins og andinn ingefur því, þá er sá maður ekkert skáld og þá er engin eftirsjón í honum. En það get ég fullvissað hv. þm. S.-Þ. og aðra um, að reglulegt skáld eða listamaður er ekki uppnæmur fyrir öðrum eins smámunum og því, að honum sé hótað, að tekin séu af honum nokkur hundruð kr. eða jafnvel þús. kr. á ári. Við slíkt breytir hann ekki um stefnu. Það verður honum aðeins nýtt yrkisefni.

Ég hefi aðeins viljað drepa á þetta af því, að ég fann ekki annað út úr rökfærslum hv. þm. S.-Þ. eða annara hv. þm. í gær um þetta efni en þetta, sem ég hér hefi drepið á og mér virðast tiltölulega fátækleg rök og auðvelt að svara. Mergurinn málsins í þessu er eingöngu sá, hvort það verður samþ. að fela í framtíðinni menntamálaráði það, sem hér er gert ráð fyrir að fela því, eða það verður ekki gert. Hitt, þessi till., sem ég er hér með, er aðeins nokkurskonar málamiðlun, þar sem hv. þm. S.-Þ. benti á við 2. umr. og beinlínis tók það fram, að það væri ekkert keppikefli fyrir sig að hafa þann vanda með höndum að úthluta þessum styrkjum og að hann gæti vel fellt sig við, að það gerði þingkosin n. Og vegna þess að hann sagði þetta, gekk ég á lagið og tók þessa till. hans upp. Ég geng út frá því, að e. t. v. fái þessi till. líka afgreiðslu og fyrri till., og skal ég láta mér það í léttu rúmi liggja. Hitt vil ég taka fram hér, að þó að þessi skipun verði tekin upp hér nú, sem í ráði er, þá þykist ég nokkurn veginn

sannfærður um það, að hv. þingmenn munu ekki verða ánægðir með hana, þegar til lengdar lætur.

*Frsm. (Bjarni Bjarnason): Það er nú kominn einhver friður og ró hér yfir hv. þm., og er það í nokkru samræmi við þetta mas, sem hv. síðasti ræðumaður var með hér.

Það er annars dálítið einkennilegt, að þessi hv. þm. skuli leyfa sér að vera að atyrða hv. þm. S.-Þ., mann, sem er þjóðkunnur fyrir afrek sín á ýmsum sviðum, og þá sérstaklega á sviði þjóðmálanna. En þessi hv. þm. hefir verið yfirvald þeirra Sunnmýlinga í allmörg ár og aldrei náð þeirri hylli hjá þeim, að hann hafi haft annað upp úr því að bjóða sig fram til þingmennsku fyrir þá en að dumpa. En þegar hann svo kemst á þing fyrir það sorglega slys, að Guðrún Lárusdóttir drukknaði í Tungufljóti, þá er þessi hv. þm. samstundis kominn í launastöðu.

Þessi hv. þm. skildi ekki, að neitt væri athugavert við það, þó að skáld í sögum sínum tækju þekkta menn og hefðu fyrir aðalpersónur í þeim á þann hátt, að þeir hinir sömu menn gætu ekkert á því haft beinlínis, en þó væri með dylgjum svo mikið sagt, að hver maður skildi, við hverja væri átt. Hv. þm. gat ekki skilið, að neitt athugavert væri við þetta, enda þótt menn gætu ekki varið sig fyrir því, sem þannig væri niðrandi um menn sagt. En um þetta efni var kjarni ræðu hv. þm. S.-Þ. í gær. Þó að þessi hv. þm. skilji þetta ekki, þá veit ég, að aðrir hv. þm. skilja það.

En viðkomandi afgreiðslu fjárlfrv. vil ég segja það, að það er dálítið einkennilegt að heyra ræðu þessa hv. þm., sem er skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, og bera hana saman við ræðu hæstv. fjármálaráðherra. Eg man eftir því, þegar fjvn. byrjaði að vinna hér í vetur, þá hafði fjmrh. orð á því, að aðstoð skrifstofustjóra síns væri til staðar fyrir fjvn., eftir því sem hún óskaði, og mundi hann hafa bæði vilja og möguleika til þess að leggja fyrir fjvn. ýmsar till., sem gætu komið að gagni. Þá er næst að geta þess, að þessi maður, skrifstofustjóri fjmrn., sást aðeins tvisvar hjá fjvn. Í fyrra skiptið mun hann hafa haft með sér nokkrar till. til lækkunar, sem flestar munu þó hafa verið um lækkanir á gjöldum ríkissjóðs, sem voru lögboðin, þannig, að ekki var hægt við þeim að hreyfa. Í hitt skiptið var það, að hann sýndi sig til þess að afhenda okkur fjárlagafrv., þar sem hann hafði strikað þá menn út af 18. gr., sem dánir voru, en síðar kom í ljós, að ekki var gengið frá þessari útstrikun til neinnar hlítar. Nú vissi hann þó, þessi hv. þm., að það var ekki aðeins eðlilegt, heldur líka embættisskylda hans, að leggja eitthvað til málanna í þessum efnum. Aftur á móti var það svo um hæstv. fjmrh., sem hefir meiri störfum að gegna en skrifstofustjórinn, að hann kom og ræddi margoft við fjvn. ýms þau mál, sem fjvn. hafði með höndum, og till. fjvn. eru í höfuðatriðum í samræmi við álit fjmrh. Kann ég sem frsm. fjvn. hæstv. fjmrh. beztu þakkir fyrir prýðilega samvinnu. Og þessa góðu samvinnu endaði hann í raun og veru í gær í ræðu, þar sem hann fór hlýlegum orðum um störf fjvn., þar sem hann einnig taldi till. fjvn. eftir atvikum góðar. Svo kemur skrifstofustjóri fjmrn., hv. 11. landsk. þm., með órökstudd ummæli um það, hversu fjvn. hafi tekizt óhönduglega störf sín. Skal ég nú rökstyðja þessi orð mín.

Í fyrsta lagi hefir þessi hv. þm. hugsað sér það, að fjárl. mundu verða afgr. lægri fyrir árið 1940 heldur en fjárl. yfirstandandi árs. Ég skil ekki í því, að nokkrum einasta manni, sem nokkurn kunnugleika hefir á þessu starfi og hefir um leið athugað ástandið eins og það er nú, hafi getað komið þetta í hug. Þær björtustu vonir, sem menn yfirleitt hafa gert sér um afgreiðslu fjárl. nú, hafa verið þær, að fjárl. fyrir árið 1940 gætu orðið svipuð að gjöldum til og fjárl. fyrir yfirstandandi ár. Og ef það gæti tekizt, yrði það gífurlegur sparnaður með hliðsjón af því ástandi, sem nú ríkir.

Hv. 11. landsk. þm. sagði, að lækkunartill. fjvn. við 2. umr. hefðu verið lítilfjörlegar. Í því sambandi vil ég benda á, að fjvn. kom þá fram með till., sem námu um 1 millj. kr., sem verkuðu lækkandi á útgjaldahlið fjárl. En þar af hvarf aftur nálega ½ millj. kr. í vexti aðeins vegna gengislækkunarinnar og aukins kostnaðar við utanríkismálin. Og það er hart að sæta ámælum fyrir að taka upp þessa liði, sem til eru orðnir aðeins vegna aðgerða Alþ.

Þegar þetta tvennt er tekið til greina, lækkun krónunnar og stríðsástandið, — hvaða manni með heilbrigðri skynsemi dettur þá í hug, að hægt sé að lækka fjárl. í slíkum kringumstæðum, nema þá að um neyðarástand sé að ræða og allar fjárveitingar séu miðaðar við það? En fjvn. hefir tekið það fram í nál. sínu sem sína skoðun og margir hafa tekið undir það, og þar á meðal hæstv. ráðherrarnir allir, að það sé rétt, að ókleift sé að afgr. fjárl., sem miðuð séu við neyðarástand, án þess að það sé fyrir hendi. En hv. 11. landsk. vill ekki ganga inn á, að þetta sé rétt sjónarmið. Hans afstöðu í þessu efni er held ég skýrast svarað með því, sem ég hefi tekið fram, að ég hygg, að hv. þingmenn megi vel við una, ef fjárl., sem afgr. eru nú, eru svipuð fjárl. yfirstandandi árs. Ég býst ekki við, að það komi fram nokkur rödd um það, að það sé á nokkurn hátt ógætilegt, óeðlilegt eða óskynsamlegt að hugsa svo. Nú má vera, að ekki takist að fylgja fjárl. En fjvn. hefir plögg á borðinu, sem gefa líkur til þess, að þetta takist mikið til, komi ekki eitthvað alveg óvænt og grípi inn í þjóðlíf okkar.

Greiðslujöfnuður á fjárlagafrv. er svipaður nú og hann var, þegar frv. kom frá hendi ríkisstj., en að vísu 150 þús. kr. verri eftir 2. umr. heldur en hann var í frv. frá hendi ríkisstj. En miðað við fjárl. síðasta árs hefir greiðslujöfnuður fjárl. versnað um h. u. b. 480 þús. kr., en það má heita nákvæmlega sama upphæð eins og hækkanirnar hafa orðið á afborgunum skulda erlendis vegna gengisbreyt. ísl. krónunnar.

En úr því að fjvn. verður fyrir ámælum fyrir ógætilega afgreiðslu fjárl., þá vil ég spyrja um það, hvernig hv. þm. líti sjálfir á það mál. Ég fullyrði, að nú munu vera fram komnar brtt., sem nema samtals um 600 þús. kr., þrátt fyrir

það, þó að ég og aðrir samnm. minir höfum gengið vel fram í því að leita eftir vilja hv. þingmanna um það, hvaða fjárveitingum þeir óskuðu eftir til handa sínum kjördæmum.

Að vísu skal ég viðurkenna það, að sumar af þessum brtt. voru ekki viðurkenndar af fjvn., en þó verulegur hluti þeirra. En þrátt fyrir það, þótt búið sé að vinna mikið að því að leita samkomulags um þetta atriði, rignir brtt. yfir fundinn, og munu nema nú eins og er um 600 þús. kr., og má mikið vera, ef mikið af þessum brtt. verður ekki samþ., ef flokkarnir gera ekki einhverjar gagngerðar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir það. Á undanförnum þingum hefir það verið þannig, að það eru aðeins fáar þúsundir, sem hafa verið samþ. við lokaafgreiðslu fjárl. umfram það, sem fjvn. hefir lagt til. Ef allar þessar till. verða samþ., mætti segja mér, að það yrðu álika mörg hundruð þúsund núna eins og áður þúsund, og ég mótmæli því, að fjvn. beri ábyrgð á því.

Til áréttingar á því, sem fjvn. hefir gert til þess að lækka ýmsa liði fjárlagafrv., hefir hún einnig gert ráð fyrir því, að það verði veitt heimild fyrir ríkisstj. til þess að lækka heimildir, sem ekki eru í lögum, um allt að 20%. Ég stakk upp á því, hvort ekki væri hægt að veita stj. heimild til þess að innheimta ýms gjöld með álagi. Þetta fékk ekki hljómgrunn í n., þar sem margir álíta skatta of háa. Að þessu athuguðu finnst mér hart, að hér skuli rísa upp þm., sem vilja auka þessa erfiðleika í fjármálum.

Fjárlfrv. liggur hér fyrir, og það er, eins og ég sagði, um 150 þús. kr. verri útkoma en þegar það var lagt fyrir þingið, og það er hér um bil nákvæmlega hækkunin á afborgununum, eins og ég sagði áðan.

Ég ætla þá að víkja að tekjuliðunum. Ég gerði það í fyrstu ræðu minni og gat þess þá, að flestir tekjuliðirnir væru ákveðnir að fjmrh. viðstöddum og viðskmrh. einnig, og ég vil taka það fram, að ýmsir af tekjuliðunum eru ákveðnir eftir tillögum fjmrh., og mér fannst hann bæði vita vel um þau rök, sem var að finna í nál., sem fylgdi tollskránni, um það, hvað skynsamlegt væri að áætla tekjurnar, og vil fullyrða, að n. tók fullt tillit til þess, sem fjmrh. lagði til. Það er vitanlegt með hans till. eins og annara, að hann á ekki auðvelt með að sjá fram í tímann og vita, hvað reynist vel. Verðtollsupphæðin er tekin beint eftir till. ráðh., og svo er um fleiri tillögur. Ég vil svara hv. þm., sem gerði fyrirspurn, að till. viðvíkjandi áfengisverzlun ríkisins er gerðar beinlínis eftir tillögum forstjóra hennar. Það yrði of langt mál að fara að telja upp þau rök, sem liggja fyrir ákvörðunum nefndarinnar.

Eins og hv. þm. gat um, getur verið komið allt annað ástand, þegar þetta kemur til framkvæmda. Ef það kemur til, þá er hér komið annað ár, og þá sjáum við, hvað við getum gert. Ég hefi ekki heyrt neinn alþm. halda því fram fyrr en hann, að það sé eðlilegt, að Alþingi gangi frá hallafjárlögum. Ég mun svo láta þetta nægja, því ég sé, að ég hefi skrifað ýmislegt hjá mér og ég veit ekki vel, á hverju ég á að byrja.

Ég hygg, að það muni verða erfiður róðurinn hjá þessum hv. þm., ef hann ætlar að fá aðra þm. til þess að fallast á, að framlögin til vega séu lægri en áður. Það er nefnilega sá póstur, sem þingmenn óska ekki, að sé skorinn við neglur sér. Það er líka nauðsynlegt, bæði með tilliti til samgangnanna og vegna þess, að hér er næstum því eingöngu um vinnu að ræða. Um lendingarbæturnar er það að segja, að langflestar af þessum lendingarbótum eru þegar unnin verk. Ég man eftir einum lið um 20 þús. kr., sem var greiddur í sumar með víxli, sem stj. skrifaði upp á, svo ég nefni dæmi um það, sem búið er að vinna, og hvort sem búið er að vinna verkin eða ekki, þá stefnir allt að því að létta undir með framleiðslunni. Það er næsta einkennilegt að taka þetta tvennt, vegina og lendingarbæturnar, sem eru lífæðar þjóðfélagsins. Það er talað um að auka framleiðsluna og koma fólkinu í hana og láta það vinna, en það þýðir lítið að veina og kalla og gera svo ekki neitt.

Að því leyti, sem fyrirspurn hans um kennaraskólann viðkemur, skal ég geta þess, að það lá fyrir nefndinni, og var, að mig minnir, um 20 þús. kr., *og n. taldi rétt, að stj. sæi um að reyna að greiða það á þessu ári*, og það kæmi þá á fjáraukalög síðar.

Ég ætla að bæta hér dálitlu við. Það er viðvíkjandi nokkrum fyrirspurnum, sem komu fram. Í fyrsta lagi viðvíkjandi þeirri fyrirspurn frá hv. þm. Vestm., hvað liði dýpkunarskipinu. Ég álít, að það hafi verið einskonar skilyrði, að dýpkunarskipið væri lánað stj., ef hún þyrfti með, og hefi sannfrétt, að stj. styrkti skipið á sínum tíma með því skilyrði, að hún fengi það að láni.

Þá var gerð fyrirspurn um Hafnarfjallsveg. Hann er í tvennu lagi, sem rétt er, því þetta eru tveir vegir. Annar að norðan, þ. e. a. s. meðfram Hafnarfjalli um Hafnarskóg, en hin þjóðleiðin er fyrir Hvalfjörð, vestur með Hvalfirði, framhjá Saurbæ og út til kauptúnsins, og eru þetta tveir vegir, þótt þeir séu báðir undir sama nafni.

Einnig var gerð fyrirspurn um læknabústaði, hvort ekki væru fleiri bústaðir, sem þyrftu sömu aðstoðar Alþingis og þessir. 3 af þessum 4 læknabústöðum hafa verið í fjárlögum lengi, og fullyrði ég ekkert um, að það kunni ekki að vera fleiri, sem þyrftu hins sama.

Ég vil nú víkja örfáum orðum að umræðum, sem fram hafa farið út af síldarverksmiðjunni á Húsavík og veginum yfir Siglufjarðarskarð. Sé ég ekki ástæðu til þess að lengja þær umr. að mun, úr því þær hættu, enda ekki svo kunnugur þessu máli, að ég vilji fara að lenda í deilum í sambandi við það. En mér fannst hv. þm. Ísaf. gleyma því, að það mun einmitt vera stefnt að því fyrir mörgum bátum, að þurfa ekki að keyra langa leið til þess að landa síldina, og hélt ég, að það væri höfuðatriði, að bátar þyrftu ekki að keyra nema sem allra stytzta leið. Ég kannast ekki við það, sem hann segir, að það hafi litla þýðingu að hafa góðar samgöngur að og frá. Ég hefi talað við kaupfélagsstjórann á Kópaskeri. Sagði hann það vera mikinn galla, hve samgöngur á landi væru vondar. Þess vegna er lögð áherzla á, að vegurinn verði lagður, til

þess að hægara sé að flytja vöruna. Sama máli gegnir um Siglufjarðarbæ, og er einkennilegt að gera litið úr þessu. Hann sagði, að það væru ágætar samgöngur við Siglufjörð. Það er að vísu rétt, en ég verð að segja, að ég tel það algerlega misráðið, að verksmiðjurnar, svona gífurleg fyrirtæki, skuli ekki vera skyldugar til að sjá um sæmilegar samgöngur að og frá. Það er rétt, sem einn þm. — ég held, að það hafi verið hv. 1. þm. Reykv. — sagði, að verksmiðjurnar ættu að taka upp í sinn stofnkostnað að gera vegi að og frá verksmiðjunum. Það er ekki til svo lélegur sveitabær, að hann hugsi ekki um að hafa veg að býlinu. Það er óforsvaranlegt, hvort sem það er verksmiðjustjórn, ríkisstjórn eða Alþingi, að reisa svona gífurleg framleiðslutæki eins og á Siglufirði án þess að tryggja það, að þar, sem um tíma eru 12 þús. manns, sé þetta fólk ekki innilokað. Það er um ⅓ hluti íbúanna hér í Reykjavík, og ætli það þætti ekki hart, þótt ekki fleiri séu, ef ekki væru góðar samgöngur úr öllum áttum? Nú þarf ekki að tala um þetta í neinum rifrildistón. Þetta ættu að að vera samtök allra. Þing eftir þing hafa komið áskoranir um að leggja sem allra mest framlög í þessa vegi. Á hverju ári síðan ég kom á þing, 1934, hafa verið mjög háværar kröfur um að fá þennan veg. Ástæðan er sú, að ekki þykir gott að geta ekki komizt að staðnum nema á sjó. Frá Siglufirði hafa komið fram háværar kröfur um að reisa heimili fyrir sjómenn, og hefir verið borið fram sem ástæða, að þarna sé svo mikil kös af fólki, sem ekkert geti komizt. (FJ: Það er búið). Ég veit, að það er búið, en það hefir verið sagt, að þegar ekki sé vinna, séu böll nætur og daga, og hygg ég, að góð leið út í sveitina gæti mikið bætt úr þessu. Þótt sumir haldi því fram, að það verði aðeins til þess, að það verði drykkjuskapur í bílunum, segist hv. þm. Ísaf. gjarnan vilja keyra til Skagafjarðar, og hann vill geta ekið um Prestholahreppinn. Einnig verkamennirnir vilja það. Þetta þarf ekki að vera deilumál.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði kaldranalega um þetta mál og sagði, að það væri einkennilegt að koma með till. um að loka skólunum og hinsvegar um að veita skólafólki atvinnu. Þetta sagði hann að væri ósamræmi. Þarf það að vera ósanngjarnt að ætla að takmarka aðsókn að skólunum og veita svo skólafólki atvinnu? Það hefir aldrei verið gert ráð fyrir að loka skólunum. Ennfremur sagði hann, að ef Siglufjörður væri eins slæmur og af er látið, væri vafasamt að fara þangað með skólafólk. Það munu nú víða vera vafasamir staðir utan Siglufjarðar, og held ég, að við ættum að snúa okkur að því að lækna meinsemdirnar, en ekki afneita því, að á þessum stöðum sé atvinnu að hafa fyrir námsmenn okkar.

Það mun vera komin fram brtt. við till. fjvn. um þetta efni. Ég tók það fram, að það væri vel sennilegt, að það yrði að fara einhverja aðra leið, en skal játa, að mér þótti dálítið einkennilegt að heyra hjá hv. þm. Ísaf., þegar hann fordæmdi það að veita fé til vega af handbæru fé verksmiðjanna, en heldur því fram, að það eigi að veita uppbót á síldarverðið af handbæru fé verksmiðjanna. Ef rétt er í öðru tilfellinu að tala um handbært fé, þá er það í báðum. Hvort rétt er að taka fé og leggja það í vegi, er annað mál. Ef gróðinn var 4—4.50 kr. á mál, getum við fagnað því, en sjómenn vildu annan taxta. Þeir vildu ekki ganga að þessu. Það er líka skoðun fyrir sig. Ég ætla ekki að mótmæla því. þótt við framsóknarmenn viljum yfirleitt, að sá rétti hlutur komi fram, hvorki meira eða minna. Væri nokkur goðgá, þótt þeir sjómenn, sem vilja fá ákveðið verð, fái það, en ágóðanum verði varið til þess að bæta skilyrðin á þessum stað? Hitt finnst mér ekki réttlátt, að ef vel gengur, þá skuli þeir fá það, sem umfram er, en enga áhættu hafa, ef illa gengur. Það geta þeir ekki heldur. Það hefir því skýrzt fyrir mér, að till. fjvn. eru alveg réttar einmitt með tilliti til þess að bæta aðstöðu þeirra, sem þarna vinna. Hitt er annað mál, að ekki er víst, að peningarnir liggi á lausu.

Ég skal ekki lengja þetta öllu meira, en vil geta um það, að þær heimildir, sem fjvn. leggur til, að stjórninni séu veittar í 22. gr. og kosta fjárútlát, eru bundnar því skilyrði, að ríkisbúskapurinn gangi svo vel, að fé verði aflögu til þeirra framkvæmda, en vitanlega koma þær síðast til greina, og auðvitað yrðu þær ekki framkvæmdar, ef þyrfti að grípa til þess að lækka útgjaldaliði, sem ákveðnir eru í öðrum gr. fjárl. Ef hægt er að framkvæma fjárl. án þess að nota lækkunarheimildina, og samt er fé til afgangs hjá ríkisbúinu, þá fyrst kemur til greina að framkvæma þessar heimildir. Þetta vil ég leggja áherzlu á og undirstrika.

Þá voru nokkrar fyrirspurnir viðvíkjandi bjargráðanefndinni. Hvers vegna fjvn. hefði ekki tekið upp fjárveitingu til þess að launa bjargráðanefnd. En n. leit svo á, að gegnum þær fjárreiður, sem nefndin á að hafa, sé auðvelt fyrir stjórnina að greiða henni. Mér finnst óviðkunnanlegt að taka slíkt upp í fjárlög fyrirfram, ekki sízt þegar viðurkennt er, að ekki sé hægt að gera sér grein fyrir, hver slík framlög ættu að vera.

Viðvíkjandi héraðsskólunum finnst mér eðlilegt, að það fari fram rannsókn á fjárreiðum þeirra og að ekki sé tekin upp fjárveiting til þeirra fyrr en slík rannsókn hefir farið fram. Fjárstyrkurinn er 1250 kr. á hverja fyrstu 40 nemendurna, og eru ætlaðar 120 þús. kr. í rekstrarstyrk til skólanna, og hvort það er nokkrum þúsundum meira eða minna, finnst mér ekki gera mikið til. Íþróttafulltrúinn er ófenginn enn, og verður ekki fyrr en kemur fram á árið, en stjórnin mun ekki verða í vandræðum með það, ef hann verður skipaður á árinu.

Viðvíkjandi brtt. er n. á þeirri skoðun, að yfirleitt eigi að fella þær. Nú eru fáir þm. hér inni í salnum, og sé ég ekki ástæðu til að fara að telja upp brtt. og segja, hverjar eigi ef til vill að samþykkja, þar sem fáir eru, sem heyra, og n. hefir ekki haft tóm til þess að kynna sér þær.

*Ísleifur Högnason: Enda þótt hv. 5. þm. Reykv. hafi mælt með því, að brtt., sem þingmenn Sósíalistafl. hafa borið fram á þskj. 619, verði samþ., vildi ég ekki láta hjá líða að árétta

að nokkru það, sem sagt var í annari ræðu. Ein af till. okkar er sú, að tillagið til landvarna verði hækkað frá því, sem gert er ráð fyrir í brtt., úr 400000 kr. up í 600000 kr. Enda þótt dómsmrh. hafi lýst því yfir, að ekki verði dregið úr landvörnunum við suðurströndina, er það sýnt, að með því að lækka þennan lið niður í 400 þús. og sektarfé verður sama sem ekkert, muni verða að draga úr landvörnunum frá því, sem var þetta ár, sjálfsagt um ⅓. Það er alveg augljóst, að það hljóta einhverjir landshlutar að verða afskiptir við þennan niðurskurð fjvn., sérstaklega ef tekið er tillit til þess, að dýrtíðin hefir aukizt mjög mikið, svo að það, sem gilti 400 krónur framan af þessu ári, er ekki orðið meira en 300 króna virði nú. Þá vil ég geta þess, að við verðum að víta þá tilhögun, að Einar Einarsson skipherra hefir í 2 ár verið látinn ganga iðjulaus í landi á 11—12 þús. kr. launum. Fyrrv. ríkisstj. hefir ekki á neinn hátt reynt að afsaka þessa ráðstöfun. Það er vitað, að Einar Einarsson er sá duglegasti varðskipstjóri, sem hér hefir starfað. Með því að skerða landhelgisgæzluna er áreiðanlega stór háski á ferðum.

Þá er 2. brtt. okkar um það, að atvinnubótafé verði hækkað úr 500 þús. kr. upp í 750 þús. kr. og þau skilyrði verði látin fylgja, eins og undanfarið, að bæjarfélögin leggi fram ⅔ á móti framlagi ríkissjóðs. Í umr. um fjárl. hefir það komið fram, að menn óttast, að atvinna verkamanna muni minnka á komandi ári. Hvaða meining er þá í að minnka atvinnubótafé um ⅓ og auk þess skera niður tillag til fiskimálasjóðs auk margra annara stórra niðurskurða?

Þá vil ég geta þess, að þar sem komin er fram till. frá fjvn., sem fer fram á hækkun styrkja til námsmanna erlendis, þá munum við taka aftur okkar brtt. um þetta efni á þskj. 619.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um till. fjvn. á þskj. 637,37. Það er um heimild fyrir ríkisstj. til að taka 200 þús. kr. að láni hjá síldarverksmiðjum ríkisins, og brtt. við þá brtt., um að greidd verði kr. 1.50 á síldarmál til uppbótar. Við munum styðja þessa brtt. hv. þm. Ísaf. Við höfum áður skorað á ríkisstj. að veita uppbót á síldarverðið. [Frh.].

Forseti (HG): Ég verð að biðja hv. þm. að fresta ræðu sinni um stund, meðan leitað er afbrigða fyrir brtt.

Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. 10. landsk. og hv. 3. landsk., við brtt. 639,IV. Þessi till. er of seint fram komin og skrifleg, og þarf því að veita afbrigði til þess að hún verði tekin til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 656) leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Ísleifur Högnason: [frh.]: Þar sem upplýst er, að ágóði síldarverksmiðjanna muni nema kr. 4.50 á hvert mál, þá virðist ekki úr vegi, að sjómenn njóti þessarar miklu hækkunar.

Viðvíkjandi kaupum á Húsavíkurverksmiðjunni er það að segja, að ég er ekki svo kunnugur þeim málum, að ég geti um það dæmt, hvort rétt muni vera fyrir ríkissjóð að kaupa hana. Frsm. fjvn. hélt því fram, að þetta væru hin beztu kaup, Húsavíkurverksmiðjan væri stórkostlegt gróðafyrirtæki, en hv. þm. Ísaf. heldur því aftur á móti fram, að fyrirtækið sé rekið með tapi. Þarna stendur hvor staðhæfingin gegn annari, en einkennilegt má það heita, ef Húsvíkingar hafa svo mikla ást á ríkissjóði, að þeir endilega vilja missa þessa tekjulind, svo ég geri ráð fyrir, að upplýsingar form. fjvn. séu ekki sem áreiðanlegastar, frekar en sumt annað, sem hann hefir hér sagt.

Af því ég hlustaði á bókmenntafyrirlestur hv. þm. S.-Þ. hér áðan, þá vildi ég leyfa mér að fara um hann nokkrum orðum. Eins og getið hefir verið um, fjallaði ræða hans aðallega um ákveðinn rithöfund, sem hann ekki nefndi með nafni, en allir hv. þm. hafa skilið, að var Halldór Kiljan Laxness. Hv. þm. S.-Þ. réðst að Halldóri K. Laxness með ofstækisfullum skömmum, — en fyrir hvaða sakir? Fyrir þær sakir einar, að mér virtist, að í bókum Halldórs K. Laxness kæmu fram ákveðnar persónur, sem hallað væri á, en þær geti ekki borið hönd fyrir höfuð sér, vegna þess að þær væru ekki nefndar með nöfnum. Nú er það mála sannast, að þessi rithöfundur er það mikið skáld, að menn mæta ekki í sögum hans einni persónu, heldur mæta menn á hverjum degi persónum, sem skáldið dregur upp. Ég minnist þess, að eftir að bókin „Sjálfstætt fólk“ kom út, þá skrifaði einn af flokksmönnum þm. S.-Þ. um aðalpersónuna í bókinni. Fyrst var talað um þessa persónu sem skáldskap höfundar bókarinnar, en þegar fram í greinina kom, tók greinarhöfundur að verja þessa persónu eins og hún væri lifandi. Þetta opnaði sérstaklega augu mín fyrir því, hversu mikið skáld Halldór K. Laxness er. Ég sannfærðist ennfremur um mat mitt á skáldinu í gær, þegar ég hlustaði hér á klukkustundarræðu eins af aðalsöguhetjum skáldsins í síðustu bók, Péturs Þríhross. Það leyndi sér ekki, það voru svo sláandi ummæli hv. þm., að þetta er lýsing á hans innra manni.

Að lokum vildi ég svo aðeins minnast á það, að mér fannst svar hv. frsm. fjvn. við fyrirspurn frá hv. þm. Vestm. um dýpkun Vestmannaeyjahafnar ekki vera tæmandi. Mér fannst það ekki koma skýrt fram, hvernig fjvn. skilur þetta atriði, hvort hún ætlast til, að Vestmannaeyjabær verði að lána dýpkunarskipið, hvort sem það þarf að nota það þar eða ekki. (**BjB:** Það er mjög ósennilegt). Ég vildi bara árétta þetta. Ég álít, að þetta yrði að vera komið undir samkomulagi. Ég tek þetta aðeins fram af því, að ég geri ráð fyrir, að hv. þm. Vestm. vilji gjarnan fá þennan skilning fram í umr.

***Steingrímur Steinþórsson:** Ég er viðriðinn nokkrar brtt. við frv. til fjárl. fyrir 1940. Þó er ég ekki 1. flm. að nema fáum þeirra.

Ég vil þá fyrst minnast á brtt. á þskj. 637, við 16. gr., um hækkun á framlagi til búfjárræktar um 6000 krónur. Í frv. er gert ráð fyrir 62000 kr. í þessu skyni, en mín till. fer fram á hækkun upp í 68000 kr. Þetta er borið fram

af því, að sýnt er, að það er ómögulegt að halda uppi starfsemi þeirra félaga, sem nú eru til og vinna að þessum málum, sem þarna er um að ræða, nema hækkun fáist á fjárframlögum til starfseminnar. Það hefir verið undanfarið í l. um bráðabirgðabreyting nokkurra l. ákvæði um, að ekki mætti veita hærri upphæð til búfjárræktar en 62000 kr. Ég hefði þess vegna borið þetta fram sem brtt. við það frv., sem enn er til meðferðar í Nd., ef ekki hefði litið út fyrir, að fyrr myndu verða greidd atkv. um fjárlögin en þetta frv., og ég vænti þess því, að Alþ. samþ. þessa brtt. Ég álít, að það nái ekki nokkurri átt að sníða þessum félagsskap svo þröngan stakk, að ekki sé hægt að starfrækja hann eins og l. standa til. Það er almennt viðurkennt, að það sé einhver mesta hætta fyrir landbúnaðinn, ef verulega harður vetur kæmi og fóðurskortur knýi á íslenzka bændur. Með stofnun fóðurbirgðafélaganna var stefnt að því, að hægt væri að tryggja bændur gegn fóðurskortinum. En ef Alþ. veitir ekki nægilegt fé til þessara hluta, þá er ekki til neins fyrir okkur að vera að efla þennan félagsskap. Þetta var lagt fyrir fjvn., en hún sá sér ekki fært að leggja til, að þessi hækkun væri gerð. En ég vil skora á Alþ. að samþ. þessa hækkun.

Það er mjög misskipt um það, hvaða styrkir eru veittir til búfjárræktar og til jarðræktar. Til búfjárræktar er aðeins veittur um 1/10 hluti af því, sem veitt var til jarðræktar, en nú er það víst, að sá félagsskapur, sem starfar í landinu varðandi búfjárræktina, hann er einhver allra merkasti félagsskapur, sem starfandi er viðvíkjandi okkar búnaði. Síðan þessi félagsskapur hóf starfsemi sína, hefir hann komið stórkostlegum umbótum til leiðar á þessu sviði, og það væri illa farið, ef Alþ. vildi ekki reyna að mæta þeirri viðleitni, sem höfð hefir verið um útbreiðslu þessa félagsskapar, þannig að af honum mætti verða sem mest gagn. Ég vænti því fastlega, að þessi till. verði samþ., og þá jafnframt, að þegar frv. um bráðabirgðabreyting nokkura laga kemur til afgreiðslu, þá verði þetta hækkað þar að sama skapi. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þessa brtt. Ég tel það ástæðulaust.

Hv. samþm. minn, 1. þm. Skagf., hefir mælt með brtt. á þskj. 637, um að hækka framlagið til flóabáta, og er hækkunin ætlað til viðbótar styrk til Skagafjarðarbáts. Það hefir sýnt sig, að framlag það, sem hv. samgmn. gerir ráð fyrir, er of lágt, vegna aukins rekstrarkostnaðar, og leggjum við til, að hann verði hækkaður upp í 7500 kr. Mæli ég einnig með því, að þessi till. verði samþ.

Ég ætla ekki að fara að ræða einstakar brtt. hv. fjvn. eða einstakra þm., en þó kemst ég ekki hjá því að nefna eina till., sem er frá fjvn. í fyrstu, en hefir síðan verið flutt af þm., till. um framlag til vega yfir Siglufjarðarskarð og til Raufarhafnar. Hv. fjvn. hefir lagt til, að stj. síldarverksmiðja ríkisins sé heimilað að lána ríkissjóði allt að 200 þús. kr. til þessa. Ég er hv. n. þakklátur fyrir þessa till., en ég lít svo á, að hér sé um brýnt nauðsynjamál að ræða, og hv. fjvn. hefir sýnt fullan skilning á því. Nú virðist, eftir umr., sem hér hafa farið fram, sem í þinginu sé allmikil mótstaða gegn því, að þessi leið verði farin. Virðist sem margir hv. þm. telji varhugavert, að verksmiðjurnar láni fé til þessarar starfsemi. Því höfum við nokkrir þm. borið fram varabrtt. við þessa till. fjvn., og er hún á þskj. 652. Ef till. fjvn. verður felld, þá viljum við, að ríkisstj. sé heimilað að taka allt að 200 þús. kr. lán til þess að fullgera veginn yfir Siglufjarðarskarð. Þetta eru einhverjar þær nauðsynlegustu framkvæmdir, sem nú standa fyrir dyrum. Og í þessu sambandi verð ég að segja það, að mér hefir ekki komið til hugar, að til mála geti komið að skera niður framkvæmdir í landinu, sem hægt er að koma á án erlends fjár. Ætti það frekar að vera stefna þingsins að auka þær að nokkuð miklu leyti. Ég tel, að þessi till. fjvn. og svo till. okkar á þskj. 652 fari í rétta átt að þessu leyti. Hér er um það að ræða að koma mestu vinnustöð okkar að sumrinu í samband við eitt glæsilegasta héraðið hér á landi, sem sé Skagafjörð. Það virðist ljóst, að okkur beri að einbeita okkur að þeim framkvæmdum, sem hægt er að gera án erlends fjár eða gjaldeyris, og því vænti ég, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþ. þessa brtt. okkar, ef ekki till. hv. fjvn.

Ég get ekki stillt mig um að minnast á eina brtt. enn, sem sé brtt. XXXIV. á þskj. 619, um að greiða áburðarsölu ríkisins allt að 100 þús. kr. styrk úr ríkissjóði vegna verðhækkunar á tilbúnum áburði árin 1939 og 1940. Það hefir nú verið skorið talsvert niður af fjárveitingum til landbúnaðarins á þessu þingi, t. d. til byggingar- og landnámssjóðs og verkfærakaupasjóðs. Ég gat sætt mig við það, því að þær framkvæmdir, sem þar var um að ræða, var ekki hægt að gera án kaupa á erlendu efni. En ef við getum ekki fengið erlendan áburð, er sýnt, að mikið af þeirri garðrækt hlýtur að leggjast í rústir, sem unnið hefir verið að á undanförnum árum að koma hér upp. Árið, er styrjöldin skall á, var fyrsta árið, sem segja má um, að við höfum á því framleitt nóg af kartöflum fyrir sjálfa okkur. Uppskeran var á því ári 120—130 þús. tunnur, eða helmingi meiri en áður. Ef ekki fæst erlendur áburður, leggst þessi framleiðsla í rústir. Það er því eitt af því skynsamlegasta, sem hægt er að gera, að tryggja það, að við getum fengið erlendan áburð og haldið þannig við garðræktinni, og þess vegna mæli ég mjög með þessari till., þó að ég játi hinsvegar, að hér er um talsvert háa upphæð að ræða. En ég er sannfærður um, að þetta fé kemur aftur margfalt. Því tel ég fáar till. hafa verið bornar hér fram af einstökum þm., sem eigi jafnmikinn rétt á sér og þessi.

Ég vil að lokum segja það, að ég er fremur ánægður með það, hvernig hv. fjvn. hefir afgr. fjárl. Ég hafði aldrei trú á því, að hægt væri að skera niður verklegar framkvæmdir í stórum stíl, og það verður ekki gert fyrr en komið er algert neyðarástand. Mér virðast till. hv. n. stefna að því að halda við þeirri atvinnu, sem hægt er að framkvæma í landinu án þess að nota erlendan gjaldeyri. Því er ég yfirleitt ánægður með stefnubreyt. þá, sem orðið hefir í n. frá því á fyrri hluta þessa þings.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Í ræðu hv. frsm. n. féllu orð, sem mér finnst ég ekki komast hjá að svara að nokkru, þar sem hann veik að hv. 11. landsk., sem hann sagði, að hefði slysazt inn á þingið eftir að hafa dumpað oft í sínu kjördæmi og fljótt hlotið launað starf í Reykjavík. Þó að þetta hafi fyrst og fremst átt að vera hnútur til hv. þm., skilst mér, að þær hitti mig samt líka, sem mér virtist hann þó að öðru leyti vilja bera vel söguna. En ég vil í þessu sambandi vekja athygli á, að hv. 11. landsk. hefir lengi verið í fremstu röð embættismanna landsins og meðal bezt metnu embættismana ríkisins. Sú virðing og traust, sem hann nýtur í kjördæmi sínu, er ekki í neinu eðlilegu hlutfalli við tölu þeirra kjósenda, sem gáfu honum atkv. sitt, því að auk þess, sem hann hefir notið fyllsta trausts yfirboðara sinna, nýtur hann og almenns trausts héraðsbúa sem embættismaður og maður. Það gladdi mig því, er ég tók við ráðherrastöðu, að eiga kost á að fá þennan ágæta embættismann fyrir skrifstofustjóra, og vonir mínar um hann hafa ekki brugðizt. Og þótt svo virðist sem nokkur meiningarmunur hafi komið fram milli mín og hans um afgreiðslu fjárl., þá mun hann ekki svo mikill sem virzt gæti fljótt á litið, og sama má segja um meiningarmun þann, sem fram hefir komið milli hans og hv. frsm. n. Ég tel, að vel færi á því, að fjmrh. héldi slíka áminningarræðu til þingsins sem skrifstofustjóri fjármálaráðuneytisins hélt hér áðan, og því skyldi fjmrh. vara þingið við ógætni um afgreiðslu fjárl. Að þessu leyti segi ég, að eins og ég hefði heldur kosið hann fyrir fjmrh. en mig, eins er mér ljóst, að finna megi að því, að ég sé ef til vill bjartsýnni á ástandið en heimilt er. Ég vek þó athygli á því, að mér er ljóst, að tekjuhlið fjárl. er, eins og ég sagði áðan, þannig úr garði gerð, að treyst er nokkuð á fremsta hlunn. T. d. tel ég tekju- og eignarskatt fullhátt áætlaðan, og eins benzínskattinn. En þegar mér og hv. fjvn. er álasað fyrir að fara of langt í þessum áætlunum, er þess að gæta, að bæði mér og hv. n. er ljóst, að svo kynni að fara, að þessar áætlanir reyndust of háar, og því hefir n. borið fram till. um heimild til ríkisstj. til að lækka þessar greiðslur, ef þörf skyldi þykja. Ástæðan til þess er, að þær gætu verið of hátt áætlaðar, og það geta komið fram ýmsar aukagreiðslur, sem ekki er hér gert ráð fyrir. Þá er líka gert ráð fyrir því, ef með þarf, að ríkisstj. geti reynt að afla láns til afborgana á skuldum. Slíkt verður að teljast heimilt, ef nauðsyn ber til, og er ekkert við því að segja, þótt afborganir séu undir slíkum kringumstæðum greiddar með lánum.

Í þessu sambandi vil ég eins og hv. frsm. n. vekja athygli á því, að enda þótt ekki sé hægt að telja þá afgreiðslu fjárl., sem n. leggur til að viðhöfð verði, óforsvaranlega, þá munar þó miklu á henni og hinu, að samþ. allar þær till., sem fram eru komnar og nema um 600 þús. kr. útgjöldum, auk fjölda annara till., t. d. um launauppbætur og kauphækkanir, sem fyrirsjáanlegt er, að fram muni koma. Og ég vil í því sambandi eindregið mælast til þess, að hv. þm. gæti allrar varúðar um að bæta við það, sem n. hefir lagt til, og vona, að flokkarnir komi sér saman um að bæta sem minnstu við, svo sem ástandið er nú. Þess sjónarmiðs gætir nokkuð að vonum, að þegar erfitt er í ári, þá sé því meiri þörf á að halda uppi verklegum framkvæmdum, og virðist sem sumum mönnum þyki sem öllu sé borgið, ef þær kosta ekki mikinn erlendan gjaldeyri. En allar verklegar framkvæmdir kosta erlendan gjaldeyri, og þær kosta a. m. k. kaup, er ríkissjóður verður að borga, og er þá hætta á því, ef áætlanir reynast óvarlegar, að ríkissjóð skorti tekjur í innlendum gjaldeyri til þeirrar greiðslu. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli hv. þm. á því, að nú eru lausaskuldir ríkissjóðs við Landsbankann hærri en á síðasta ári, ekki af því, að afkoman sé svo miklu verri, heldur af því, að þá var tekið lán, svo að ekki þurfti svo mjög að treysta á lánstraust bankans. En nú er hætta á, að taka þurfi lán til að standa straum af afborgunum, og eru því ekki líkur til, að mikið yrði afgangs til að halda uppi verklegum framkvæmdum. En ég er svo bjartsýnn, að ég tel ekki ástæðu til að gera ráð fyrir, að allt lendi í þrotum, og tel því till. fjvn. ekki óforsvaranlegar.

Ég sé ekki ástæðu til að gera till. einstakra þm. að umtalsefni, en læt nægja það, sem ég hefi sagt og hv. fjvn. lýst yfir, að leitazt hafi verið við að mæta sanngjörnum kröfum þeirra fyrir sín kjördæmi, og sýnist mér þeir geta sætt sig við þessa úrlausn n., enda hefir hún fyrir eftirleitan sumra hv. þm. teygt sig lengra en ætlað var. Því tel ég hv. þm. sæma að sýna hóflæti og draga sínar útgjaldatill. sem mest til baka.

Ég mun svo láta staðar numið, þar sem líka flestir hv. þm. eru horfnir úr salnum. Ég vil aðeins minna á brtt., er ég ber fram við brtt. hv. 11. landsk. og tveggja annara hv. þm., till., sem ég held, að valdi nokkru um það, hve umr. manna hafa hér orðið hvatskeytslegar. Brtt. þeirra 11. landsk. er um það, að í stað þess, að menntamálaráði sé falin úthlutun styrkja til skálda og listamanna sé hún falin sjö manna n., en ekki er það tekið fram, hvernig hún skuli kosin. Ég hefi áður látið í ljós þá skoðun mína, að þingið ætti ekki að sleppa úr hendi sér úthlutun þessara styrkja, ekki fyrst og fremst af því, að menntamálaráð á hér í hlut og ég sé því mótfallinn, að það úthluti styrkjunum, heldur af hinu, að ég tel það rangt, að þingið afsali sér þessum rétti. Og ég sé ekki mikinn mun á þessari sjö manna n. og menntamálaráði, ef n. á að vera skipuð utanþm., eins og menntamálaráð er að mestu leyti. Því vil ég bæta því við þessa till., að þessi sjö manna n. skuli kosin úr hópi þm. Þá hverfur líka sá broddur, sem mér skilst, að mörgum hv. þm. þyki felast í till. um, að menntamálaráði verði falin úthlutun þessara styrkja. Og ég geri mér satt að segja í hugarlund, að fyrir flm. brtt. hafi einmitt vakað þetta, þótt láðst hafi að taka það fram, að n. skyldi valin úr hópi þingmanna. Ég vonast til þess, að hv. flm. geti fallizt á brtt. mína og þeir aðrir hv. þm., sem brtt. þeirra eru fylgjandi.

*Magnús Gíslason: Herra forseti! Ég hafði aðallega kvatt mér hljóðs til að bera af mér sakir,

sem hv. frsm. fjvn. lét sér um munn fara í minn garð, þegar hann var að svara því, sem ég sagði um afgreiðslu fjárl. í heild sinni og stjórn fjvn. í þeim efnum. Nú get ég sleppt því. Hæstv. *fjmrh. tók af mér fyrirhöfnina og svaraði þessu* miklu betur en ég hefði gert það sjálfur. Ég vil aðeins taka fram, að óþarfi var fyrir hv. frsm. fjvn. að undrast, hvernig ég, sem væri undirmaður fjmrh., talaði, því að vitanlega talaði ég út frá sannfæringu minni sem kjörinn þm. þessa hv. Alþingis. Ég held hann hafi verið að finna að því, að ég hafi sjaldan komið á fundi í n. Það var ekki mitt að koma þangað óboðinn, en hún hefir gert lítið að því að óska eftir nærveru minni. Ég kom þar einu sinni til að skýra henni frá yfirliti, sem gert hafði verið um tekjur ríkissjóðs um tvo mánuði, eftir að styrjöldin hófst, okt. og nóv. Ég vil geta þessa hérna, því að það getur gefið upplýsingar um þau áhrif, sem ófriðurinn getur haft á tekjur ríkissjóðs, þótt ekki megi draga allt of ákveðnar ályktanir af þeim vísbendingum. Með því að bera mánuðina okt.—nóv. á þessu ári saman við sömu mánuði í fyrra sést, að tekjur hafa alls orðið um 700 þús. kr. lægri nú en þá. Þó að lækkunin sé að vísu mest á manntalsþingsgjöldunum, tekju- og fasteignasköttum og *lestagjaldi, sem ekki geta* lækkað vegna stríðsins beinlínis, heldur af því, að minna innheimtist, er það alvarlegt tákn, að vörutollur varð ⅓, eða um 100 þús. kr., lægri en á sama tíma í fyrra, og stafar það sýnilega af minnkandi innflutningi, en verðtollur varð aðeins um 10 þús. kr. hærri en í fyrra, þrátt fyrir bæði gengisbreyting og mikla verðhækkun af öðrum ástæðum. Ég skýrði því n. frá, að tekjur mundu líklega verða talsvert rýrari en gert hafði verið ráð fyrir.

Ég skal ekki orðlengja um afgreiðslu frv. Þm. verða að athuga, að það er ekki ríkisstj., sem *ber ábyrgð á henni, og ekki heldur fjvn.*, þótt hún ráði þar kannske einna mestu, hverjar niðurstöður verða. Það eru þm. allir, sem bera ábyrgðina, og ég vil beina því til allra að athuga vel, áður en atkvgr. fer fram, þá ábyrgð, sem á þeim hvílir í þessu efni.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Nokkur atriði vildi ég taka fram til viðbótar því, sem ég tók fram í fyrri ræðu minni. Þá kom ég með fyrirspurn um kostnað af verzlunarfulltrúa okkar í New York og óskaði eftir upplýsingum um þau efni frá hv. fjvn. Til fulltrúans eru ætlaðar 75 þús. kr. Ég vildi nú spyrja, hvort ætlazt er til þess, að auk þess hafi hann „prósentur“ eða „provision“ af þeim vörum, sem að einhverju leyti ganga um hendur hans, — eða þá hverskonar samningar liggi fyrir viðvíkjandi þeirri verzlun, sem hann hefir með að gera. Mér finnst, að ef hann á að taka samskonar laun fyrir starfa sinn og aðrir verzlunar-agentar, sé miklu réttara af ríkinu að greiða honum enga beina fjárupphæð, heldur láta það eingöngu vera kaupsýsluatriði og á valdi þeirra einstöku aðila, sem þar eiga hagsmuna að gæta. Það er orðið öllum kunnugt, hve útflutningur og innflutningur til landsins er að verða „koncentreraður“ á fáar hendur, og það er alveg gefið, að þessir einstöku aðilar gætu haft samvinnu um málið. Ennfremur er kunnugt, að allmikill gróði muni eiga sér stað í útflutningsverzluninni og að ýmsir þeirra, sem með hana fara, þurfa ekki að borga neina skatta, *a. m. k. ekki til ríkisins, svo að eðlilegt væri*, að þessir aðilar legðu þó nokkuð af mörkum til tryggingar hagsmunum sínum vestra. Auk þessara 75 þús. kr. liggur nú fyrir brtt. frá nokkrum hv. þm. um 50 þús. kr. framlag til þátttöku í heimssýningu í New York, og yrðu þetta þá alls 125 þús. kr., sem verja ætti til að auglýsa okkur í Vesturheimi. Mér finnst, eins mikið og talað er um sparnað, sérstaklega á erlendum gjaldeyri, að Alþingi ætti að láta kaupsýslumennina sjá um þetta eina, nema að því leyti sem ríkisstj. gæti með þeim sterku tökum, sem hún hefir á utanríkisverzluninni, beint viðleitninni í heilbrigða átt.

Um þá brtt. hv. fjvn. að hækka framlög til ísl. námsmanna erlendis úr 19200 kr. í 24 þús., nálega eins og við hv. 1. landsk. og hv. 4. landsk. lögðum til á þskj. 619, er gott eitt að segja. Við getum þá tekið okkar brtt. aftur, og ég vona, að hv. fjvn. verði ekki hrædd, þó að einhver segi, að þetta hafi hún tekið upp eftir „kommúnistunum“, sem hafi flutt till. eftir fyrirskipunum frá Moskva, svo að n. sé farin að berjast í þjónustu erlendra valda, eins og búast má við, að fram komi, eftir þeim undarlegu hugmyndum, sem búa nú í kolli sumra manna.

Hv. 4. þm. Reykv. ræddi mjög ýtarlega launakjör háskólakennara. Ég vildi minna á, að við sósialistar flytjum brtt. um aukna fjárhæð til launa við háskólann, bæði til þess að opna möguleika til að bæta kjörin og til þess, að kennsla geti hafizt í fleiri deildum en nú og orðið fleiri námsmönnum að sem drýgstum notum.

Þá vildi ég benda á, að í brtt. fjvn. er gert ráð fyrir, að verðtollur og aðrir tollar af innfluttum *nauðsynjavörum, sem í frv. voru tæpar* 3 millj. kr., skuli nú hækka upp í 4 millj. kr., og er þá miðað við tollana eins og þeir verða eftir hinni nýju tollskrá. Að vísu veldur þar gengisbreyting allmiklu, en móti því vegur sú minnkun á innflutningi, sem fjvn. reiknar með. Hinsvegar var því haldið fram í sambandi við tollskrána um daginn, þrátt fyrir mótmæli okkar sósialista, að breytingin á henni mundi ekki hafa í för með sér hækkun á tolltekjum, svo að neinu munaði. Meiri hl. milliþn. neitaði því, sem einn nm. hélt fram, að tollarnir væru hækkaðir. Það, sem nú kemur í ljós með brtt. fjvn., þar sem búið er að vísu að taka tillit til gengisfalls og innflutningsrýrnunar, er, að með tollskránni hefir verið stýrt að því að hækka stórum tolla á almenningi í landinu, þvert ofan í yfirlýsingarnar hjá hv. forvígismönnum hennar hér á Alþingi.

Þá er stóra málið, kaupgreiðslur hins opinbera yfirleitt, sem ekkert er farið að gera í, sem vitað er, en hlýtur að hafa stórfelld áhrif á allar *fjárhagsáætlanir ríkisins.* í

Á þskj. 649 eigum við sósialistar brtt., sem í rauninni er aðeins leiðrétting á brtt. okkar á þskj. 619, þar sem það vantar að taka fram, að brúarstæðið á Jökulsá er fyrirhugað við Hjarðarhaga, en í brtt. stóð aðeins: „Jökulsá á

Brú", eins og áin er oft kölluð. Ég vil minna á, að brúin þarna er ákveðin í brúalögunum frá 1932, svo að brtt. okkar fer aðeins fram á, að þau séu framkvæmd í þessu atriði.

Ég vil svo að síðustu minnast á ummæli þeirra hæstv. atvmrh., hæstv. forsrh. og hv. form. fjvn. og Framsfl. í sambandi við afgreiðslu fjárl. í dag og nótt, sem leið, og að það er vafamál, hvort þm. eiga að fá að vera sjálfráðir gerða sinna við atkvgr., sem nú fer á eftir. Þeir tóku beinlínis fram, að það mættu þm. ekki vera, það dygði ekki, að þeir færu einungis eftir eigin sannfæringu, heldur yrði að kalla saman fundi í stjórnarflokkunum áður, þar sem ríkisstj. gæti gefið sínar fyrirskipanir. Við vitum það vel, að fyrst eftir að Alþfl. og Framsfl. tóku völdin með veikum þingmeirihluta, urðu þeir að beita hörðum flokksaga til þess að koma í veg fyrir, að aðrar brtt. næðu samþykki en þær, sem þeirra flokksmenn stóðu að. Hver þm. í flokkunum var skuldbundinn til að greiða ekki atkv. eftir sannfæringu, heldur eftir vilja flokksins. Nú er komið eins og við vitum, að 10 menn af 19 í Framsfl. geta ákveðið, hvernig flokkurinn greiði atkv., í Sjálfstfl. eru það 9 menn af 17, sem geta það, og í Alþfl. 4 af 7. Það eru þá 23 þm., sem geta ákveðið, hvernig a. m. k. 43 af þm. skuli greiða atkv. Minni hluti getur skipað meiri hl. þingsins fyrir um smátt og stórt. Þetta eru handjárnin, sem nú eru líka komin í notkun í Sjálfstfl. og þm. verða að bera orðalaust. Við vitum, hvað gerðist síðustu dagana áður en þingi var frestað í vor, þegar það sást, að einstöku þm. vildu fara sínu fram, vitum, hvernig m. a. form. fjvn. gekk þá fram. Þarna er verið að gera ráðstafanir til þess að svipta þingmeirihlutann því valdi, sem hann áður hafði. Ástæðan er sú óánægja, sem grípur um sig meir og meir í öllum flokkum, sérstaklega Alþfl. og Sjálfstfl., svo að ríkisstj. fengi ekki við ráðið með öðru móti en grípa til kúgunarinnar og knýja þm. til að breyta út af fyrirmælum stjórnarskrárinnar um að greiða atkv. eftir eigin sannfæringu. Þetta er atriði, sem allir þm. verða að gera sér ljóst, og um leið hve mikið er í húfi, ef þeir láta stöðugt undan kúguninni. Það er í húfi, að Alþingi hætti þá að vera sú samkunda, sem stjórnar þjóðinni, en í staðinn taki ríkisstj. til að „diktera" meiri hluta þm. þá skoðun, sem þeir eigi að hafa. Nú væri það kannske ekki svo hættulegt, ef ekki stæði svo á sem menn vita á Íslandi, að líf og afkoma ekki aðeins fjölda landsmanna, heldur mjög margra þm., er meira og minna komið undir geðþótta stj. Við vitum, að það hefir verið beitt hótunum í sambandi við undirskriftir á skjölum, sem senda átti til Alþingis, að starfsmenn opinberra stofnana hafa ekki fengið að framfylgja sannfæringu sinni í starfinu, heldur hafa fengið ákveðnar vísbendingar um það, að þeir gætu misst atvinnuna, ef þeir létu ekki undan. Þeir, sem voru viðstaddir síðustu ræðu Jónasar Jónssonar, hv. þm. S.-Þ., í nótt, sem leið, og bera hana saman við ræður ráðherranna, hljóta að taka eftir hinu sameiginlega markmiði þeirra. Það minnir á það, sem gerðist í öðru landi fyrir sex árum. Það var þegar fara átti að hreyfa við skuldavaldi júnkaranna þýzku, og þeir gerðu út mann, sem kallaði sig leiðtoga allra þeirra þjóðlegu. Honum tókst að ná bandalagi við ríkiskanzlara íhaldsins, Hindenburg gamla, og öfl, sem stóðu næst honum, til þess að skapa einræði afturhaldsins og júnkaravaldsins í landinu. Við vitum, hvað gerðist hér heima, þegar fara átti að hreyfa við skuldavaldi Kveldúlfs og gera það upp eftir landslögum. Þá varð það á stuttum tíma sterkasta valdið í ríkisstj., og sá maður, sem harðast og stórorðast hafði barizt á móti því, samdi við það og talar nú sem leiðtogi þeirra þjóðlegu á þann hátt, sem kæmi sér bezt fyrir Kveldúlf, ef hann væri beinlínis gerður út af honum; hann beitti nú nákvæmlega sama áróðrinum og hinn þýzki erindreki júnkaranna notaði til að eyðileggja frelsi þjóðarinnar, — að allir menn, sem væru móti honum og Kveldúlfsvaldinu, væru kommúnistar, og það þyrfti ekki að lýsa því, hvaða ógnarlýður það væri. Þess vegna bæri að fylkja liði gegn þeim og fela sér forystuna, og hann líkti baráttu kommúnista gegn sér við árás stórveldis á smáþjóð, þar sem höfuðorustur stríðsins voru eins og atkvgr. hér í þinginu um daginn, þegar 21 þm. lýsti sig andvígan því að fela þessum hv. flokksforingja dálítil völd, sem hann heimtaði. Hann lýsir því með skelfingu, hvernig háskólinn sé að mestu leyti fallinn í hendur hinnar erlendu háskastefnu, og rétt fyrir náð og kraftaverk hafi sér, J. J., tekizt að bjarga einhverjum hluta af háskólanum undan hinni ægilegu öldu bolsévismans. Orðum, sem áður voru fyrir neðan það að vera talin rök, þeim beitir hann nú sem rökum fyrir aðalatriðum stefnu sinnar, og þm. eiga að hlusta og trúa því, að þjóðin sé glötuð, nema hann ráði, og að vera móti honum í einhverju sé nokkurskonar glæpur gegn þjóðinni. Að vísu er meiri hluti þingmanna móti honum, en þeir þora ekki að sýna það berlega með atkv. sínu. Af þessum sama hv. þm. er nú stofnað til þess að reyna að hindra íslenzka rithöfunda í því að vinna þau verk, sem þeim finnst listin og skyldan heimta af sér. Það eru jafnvel gerðar ráðstafanir til að hindra, að þessir menn geti komið ritum sínum á prent hér á landi. Nú vita það allir í okkar þjóðfélagi, að til þess að ná samskonar árangri og nazistarnir í Þýzkalandi, þarf ekki að beita harðstjórn hér, ekki gera menn útlæga eða taka þá til fanga; það er nóg að beita því valdi, sem hér er beitt í stórum stíl, og það er atvinnukúgunin. Við vitum, hvaða vopn eru notuð af hálfu valdhafanna og eru enn notuð í Þýzkalandi, svo ég fer ekki frekar út í það. En ég ætla að draga hér upp litla mynd af afstöðu valdhafanna til vinnulýðsins. Ef einn maður hefir ekkert annað til þess að lifa af en það, sem hann getur unnið sér inn með höndum sínum, hvaða möguleika hefir hann þá til þess að lifa? Ef hann aðhyllist stefnu kommúnista, er hann útilokaður frá öllum atvinnurekstri og sérstaklega útilokaður frá allri atvinnu, sem ríkið eða hið opinbera hefir með að gera, svo framarlega sem hann fær ekki að hanga þar af venju eða lætur sem minnst á sannfæringu sinni bera. Ef hann getur nú ekki fengið atvinnu hjá öðrum, hvaða möguleika hefir hann þá til þess að skapa sér sjálfur atvinnu? Ef einhverjir vilja koma á fót atvinnu-

fyrirtæki og í því sambandi þurfa auðvitað að flytja inn vörur, þarf að fá innflutningsleyfi hjá gjaldeyris- og innflutningsnefnd. Það hefir hvað eftir annað sýnt sig, að manni í slíkri aðstöðu er hér um bil alltaf neitað um innflutningsleyfi. Slíkum manni yrði einnig neitað um útflutning á framleiðslu sinni, enda er nú einokun á öllum útflutningsleyfum hjá yfirvöldunum. Það er því svo komið, að þeir menn, sem ekkert hafa nema hendur sínar eða heila að vinna fyrir sér með, hafa ekkert annað að leita til en sveitarinnar. Þannig er nú ástand þeirra manna, sem kjósa helzt að fylgja sannfæringu sinni. Með fjárl. hefir verið stefnt að því að láta pólitískar skoðanir manna og flokka ráða fjárstyrk til þeirra. Ég benti á það í sambandi við ríkisreikningana, hvernig hið opinbera ráðstafaði auglýsingum sínum, og hve það er partískt á því sviði. Það hefir sem sé verið fylgt þeirri reglu síðustu mánuðina, að allir starfsmenn hins opinbera hafa auglýst í blöðum stjórnarflokkanna, án tillits til þess, hvort fólkið almennt, sem þurfti að vita, hvað í blöðunum stóð, yrði þeirrar þekkingar aðnjótandi. Nú hefir hæstv. ráðh. upp á síðkastið fyrirskipað ýmsum embættismönnum úti á landi að auglýsa ekki í þeim blöðum, sem eru í andstöðu við ríkisstjórnina. Þetta er hlutdrægni, sem hvergi viðgengst á Norðurlöndum nema hér, og á sér yfirleitt hvergi stað í siðuðu þjóðfélagi. Þetta er einn liður í einræðispólitík núv. stjórnar, sem hún gerir sig seka um. Þetta er tilraun til að þagga niður alla gagnrýni í garð ríkisstj. og beita fjárhagslegri kúgun, til þess að koma málum sínum fram. Þetta gerir það beinlínis að verkum, að allir menn verða ekki jafnir fyrir lögunum, og um leið verið að misnota fé hins opinbera, sem allir, bæði einstaklingar og flokkar, eiga jafnan rétt til. Það er jafnvel svo langt gengið, að blöð Framsfl. eru styrkt með 12 þús. kr. á ári, sem þau fá frá ríkinu í auglýsingar, og þegar ríkið hefir ekkert að auglýsa og einstakar stofnanir þess, eru samt settar auglýsingar um ýmsar vörutegundir. Oft er þetta aðeins gert til þess að blöð stjórnarflokkanna fái peninga fyrir auglýsingarnar, en ekki til að selja þessar vörur. Þetta er einn liður í þeirri herferð, sem löggjöfin framkvæmir móti skoðanafrelsi og lýðræði í landinu. Réttindi landsmanna til að mega framfylgja sínum skoðunum eru hér fótum troðin.

Það mun nú koma í ljós við afgreiðslu fjárl. og hvernig hinum ýmsu till. reiðir af, hver aðstaða flokkanna er til þeirra, ef áður hefir þá ekki verið gerð tilraun til þess að beygja vilja meiri hl. þm. undir vald minni hlutans. Ég vil lýsa því yfir, að ég álít, að full hætta sé á, að í þessu sambandi verði beitt samskonar aðferð og beitt var gegn stjórnarandstæðingum og gegn óánægju innan stjórnarflokkanna af valdhöfunum sjálfum. Það verður beitt því valdi, sem ríkið hefir með sínum mikla launagreiðslum, til þess að beygja sannfæringu þingmanna undir vilja löggjafarvaldsins. Þannig hefir ríkisvaldið íslenzka einskonar tæki til að hræða þjóðina. Hún fær engu að ráða, og löggjafarnir, sem hún kýs á þing, ráða sínum ráðum, og eru einráðir.

Ég vildi láta þetta koma fram við þessa umr. fjárl., áður en gengið er til atkv. Það er nú svo, að meiri hl. þm. fær ekki að koma vilja sínum fram fyrir ofríki ríkisstj., sem hikar ekki við að beita aðferð, sem hingað til hefir verið fordæmd. Ríkisstj. hefir með löggjöf, sem búið er að pína í gegn í þinginu, girt alveg fyrir möguleika manna til að geta bjargað sér. Mikill hluti þjóðarinnar er orðinn algerlega upp á ríkisvaldið kominn og leiðin til að leita sér bjargar alveg dæmalaus. Ég álít, að þetta sé einnig skoðun annara þm., a. m. k. meiri hl. þeirra, þó að þeir vilji ekki viðurkenna skoðun sína. En það er alveg óhætt fyrir okkur þm. Sósialistafl. að segja sannfæringu okkar; við töpum ekkert á því. Það hafa nú verið teknir af okkur allir möguleikar til þess að koma fram okkar málum að sinni, og okkur er líka varnað þess að geta barizt fyrir sannfæringu okkar á þeim grundvelli, sem við helzt kjósum, en við látum ekki hræða okkur á neinn hátt. Með ofríki sínu hefir einræðið rifið í burtu þann grundvöll undan fjármálum landsins, sem ætti að vera. Það kann að vera, að einræðið sigri í svipinn og því takist að beygja menn undir sinn vilja, en eitt er víst, að hversu sem stjórnarandstæðingar eru ofsóttir, þá mun baráttan halda áfram, og henni mun ekki lokið fyrr en sigri er náð. Það hafa áður verið löggjafar hér á landi, sem hafa gert tilraunir til þess að beygja þá, sem barizt hafa fyrir frelsi þjóðarinnar. Það tókst ekki að kúga þá, og þó að þjóðin liði undir einræði erlends kúgunarvalds, tókst henni að sigra að lokum.

Ég vil að síðustu skora á hv. þm., þrátt fyrir allt það makk, sem á sér stað bak við tjöldin, þar sem þeir sjá, hvernig málefnum þjóðarinnar er komið, að láta ekki undan því óréttlæti, sem beitt er hvarvetna í sambandi við fjárlögin.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason)**: Það er aðeins í tilefni af því, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, að ég vildi geta þess, að það liggur ekki neitt fyrir um álit mitt á embætti og störfum hv. 11. landsk. þm. Það finnast ekki í ræðu minni nein andmæli gegn hv. 11. landsk. sem embættismanni, og ekki heldur um ráðstafanir með skipun hans sem skrifstofustjóra.

Þó að hæstv. ráðh. héldi flokksfundi á morgun til þess að tryggja það sem verða má, að fjárlagaafgreiðslan verði í sæmilegu lagi, breytti það ekki miklu frá því, sem nú er. Til þess að svo megi verða, þarf að fella fyrst og fremst þær brtt., sem eru komnar í Ed., eða sem því nemur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 30. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 636,1—6 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 587,1 tekin aftur.
— 636,7—11 samþ. með 40:2 atkv.
— 587,2—6 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 587,7—11 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 636,12 samþ. með 34:2 atkv.
— 587,12 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 636,13 samþ. með 43 shlj. atkv.

Brtt. 587,13—17 samþ. með 43:2 atkv.
— 619,I, aðaltill., felld með 35:3 atkv.
— 619,I, varatill., felld með 36:5 atkv.
— 587,18—19 samþ. með 43:4 atkv.
— 587,20—25 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 587,26—30 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 619,II.1—2 teknar aftur.
— 587,31 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 587,32 samþ. með 43:4 atkv.
— 619,III felld með 39:4 atkv.
— 587,33 samþ. með 41:2 atkv.
— 587,34—42 samþ. með 41:2 atkv.
— 587,43—52 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 636,14 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 587,53.a.1—5 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 637,I tekin aftur.
— 636,15 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 587,53.a.6.a. tekin aftur.
— 587,53.a.6.b. til 53.a.21 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 637,II.b, aðaltill., felld með 31:5 atkv.
— 637,II.b, varatill., felld með 29:6 atkv.
— 637,II.b, þrautavaratill., felld með 27:10 atkv.
— 587,53.a.23—24 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 636,16 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 587,53.a.25—26 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 636,17 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 587,53.a.27—29 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 636,18 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 587,53.a.30 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 636,19 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 587,53.a.31—34 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 587,53.b.1—2 samþ. með 33:5 atkv.
— 587,53.b.3—6 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 619,IV samþ. með 29:10 atkv.
— 649 samþ. án atkvgr.
— 619,V, svo breytt, felld með 26:4 atkv.
— 639,I samþ. með 25:13 atkv.
— 587,54, svo breytt, samþ. með 44:2 atkv
— 587,55 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 619,VI felld með 25:10 atkv.
— 587,56 samþ. með 27:15 atkv.
— 637,III felld með 27:15 atkv.
— 619,VII samþ. með 38 shlj. atkv.
— 619,VIII.1—2 felld með 36:4 atkv.
— 587,57 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 619,VIII.3 felld með 34:4 atkv.
— 587,58—59 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 637,IV samþ. með 32 shlj. atkv.
— 587,60 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 619,IX felld með 31:7 atkv.
— 587,61 tekin aftur.
— 619,X felld með 25:11 atkv.
— 587,62 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 637,V,h-liður, felld með 27:8 atkv.
— 637,V,i-liður, samþ. með 26:12 atkv.
— 587,63.a samþ. með 29:6 atkv.
— 587,63.b samþ. með 33:3 atkv.
— 587,63.c samþ. með 31:2 atkv.
— 587,63.d—g samþ. með 32:3 atkv.
— 587,64.a—b samþ. með 31:3 atkv.
— 637,VI tekin aftur.
— 587,64.c samþ. með 28:6 atkv.
— 619,XI, aðaltill., felld með 29:7 atkv.
— 619,XI, varatill., felld með 27:12 atkv.
— 587,65 samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 587,66 samþ. með 32:2 atkv.
— 587,67 samþ. með 25:2 atkv.
— 587,68 samþ. með 25:15 atkv.
— 619,XII felld með 26:4 atkv.
— 587,69 samþ. með 28:3 atkv.
— 619,XIII tekin aftur af 1. flm., en tekin upp af þm. N.-Ísf. og Ísaf., felld með 20:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, EOl, ErlÞ, FJ, HV, ÍslH, VJ, ÁÁ, HG.

nei: BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EystJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PZ, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, ÞÞ.

BSn, EE, EmJ, GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, JakM, JJós, MG, MJ, ÓTh, PHalld, SEH, SK, SÁÓ, TT, ÁJ, BJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (GG) fjarstaddur.

Fimm þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Gísli Sveinsson: Ég er samþykkur efni till., þó að ég telji að vísu, að orðalagið sé öðruvísi en vera bæri. En þegar ég heyri, að efni till. verði fullnægt með fjárl. án þess að till. verði samþ., þá mun ég, til þess að greiða ekki atkv. á móti þessu, sem ég er með, ekki greiða atkv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég er mótfallinn því að veita þessum kennurum aukin fríðindi í því formi, sem hér liggur fyrir. Hinsvegar er ég meðmæltur því, að þeir fái uppbót á laun sín, og það mun verða séð fyrir því á einhvern annan hátt. Ég mun því láta hjá líða að greiða atkv. með þessari till. (SvbH: Hvar er sú fjárveiting?).

Pálmi Hannesson: Með tilvísun til þeirra upplýsinga, sem hv. 4. þm. Reykv. gaf um leið og hann dró till. aftur, segi ég nei.

Pétur Halldórsson: Með tilvísun til þess, sem ég sagði áðan, greiði ég ekki atkv.

Sigurður Kristjánsson: Með sömu grg. og hv. þm. V.-Sk. greiði ég ekki atkv.

Sveinbjörn Högnason: Mér þætti æskilegt að fá að vita um það, hvar fjárveiting verði heimiluð annarstaðar í staðinn fyrir efni till., áður en greidd eru atkv. um þessa till. Mér virðist eðlilegt, að sá, sem tók till. til baka, geti upplýst það, hvar hún er.

Forseti (HG): Umr. um þetta mál er lokið.

Brtt. 693,XIV tekin aftur.
— 641,I samþ. með 37 shlj. atkv.
— 619,XV felld með 25:5 atkv.
— 636,20 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 587,70 tekin aftur.
— 637,VII samþ. með 29:3 atkv.
— 587,71—72 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 636,21 samþ. með 38:1 atkv.
— 619,XVI, aðaltill., felld með 27:6 atkv.
— 619,XVI, varatill., felld með 27:7 atkv.
— 636,22 samþ. með 25:6 atkv.
— 587,73—74 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 636,23 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 637,VIII felld með 25:16 atkv.

Brtt. 637,IX felld með 24:7 atkv.
— 587,75 samþ. með 28:7 atkv.
— 587,76 samþ. með 29:7 atkv.
— 587,77 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 619,XVII samþ. með 26:17 atkv.
— 587,78 tekin aftur.
— 587,79—81 samþ. með 28:1 atkv.
— 619,XVIII samþ. með 25:13 atkv.
— 587,82—85 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 637,X samþ. með 26:20 atkv.
— 587,86—87 samþ. með 29:8 atkv.
— 619,XIX felld með 28:5 atkv.
— 619,XX samþ. með 26:12 atkv.
— 654 samþ. með 28:5 atkv.
— 637,XI, svo breytt, felld með 22:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁJ, ÁÁ, BSn, BrB, EOl, ErlÞ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, HV, ÍslH, JakM, MG, MJ, PZ, PHalld, SEH, SÁÓ, VJ, HG.
nei: BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EmJ, EystJ, HermJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PHann, PO, SkG, StSt, TT, ÞBr, ÞÞ.
EE, JJós, SK[1]), StgrSt, SvbH greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 619,XXI samþ. með 29 shlj. atkv.
— 637,XII, aðaltill., felld með 38:10 atkv.
— 637,XII, varatill., samþ. með 27:4 atkv.
— 587,88 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 619,XXII felld með 42:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, EOl, HV, ÍslH.
nei: ÁJ, ÁÁ, BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, EÁrna, EE, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, JJós, JÍv, JPálm, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHann, PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÞÞ.
SÁÓ, HG greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 587,89 (fjárhæðin) samþ. með 41 shlj. atkv.
— 587,89 (aths.) samþ. með 26:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HelgJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ[2]), PHann, PO, SEH, SK[3]), SÁÓ, SkG, StgrSt, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BJ, BSt, BjB, BSn, EÁrna, EmJ, EystJ.
nei: HV, ÍslH, JakM[4]), JJós, MG, PHalld, TT, VJ, ÁJ, BrB, EOl, EE[5]), ErlÞ, FJ, GÞ, HG.
GSv, HermJ, MJ, StSt, ÞBr, BÁ greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.

Brtt. 587,90 samþ. með 28:9 atkv.
— 637,XIII samþ. með 25:15 atkv.
— 587,91 samþ. með 26:8 atkv.
— 637,XIV felld með 25:9 atkv.
— 641,II felld með 24:10 atkv.
— 619,XXIII samþ. með 27:3 atkv.
— 587,92 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 637,XV samþ. með 25:20 atkv.
— 587,93—94 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 587,95 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 636,24 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 587,96 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 587,97 felld með 24:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, SEH, SÁÓ, SkG, StgrSt, VJ, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BjB, BSn, EmJ, ErlÞ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, HermJ, IngP, HG.
nei: JJós, JÍv, JPálm, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PHalld, PO, SK, StSt, TT, ÞBr, ÁJ, BJ, BÁ, BrB, EÁrna, EOl, EE, HV, ÍslH, JakM, PHann, SvbH, GÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 587,98 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 587,99 felld með 24:12 atkv.
— 636,25 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 587,100 tekin aftur.
— 619,XXIV tekin aftur.
— 587,101 samþ. með 25:3 atkv.
— 619,XXV, aðaltill., felld með 28:2 atkv.
— 619,XXV, varatill., felld með 24:7 atkv.
— 587,102—104 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 619,XXVI tekin aftur.
— 587,105 samþ. með 27:3 atkv.
— 636,26 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 587,106 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 587,107 samþ. með 28:7 atkv.
— 619,XXVII felld með 27:9 atkv.
— 653,I samþ. með 25:16 atkv.
— 619,XXVIII felld með 24:16 atkv.
— 619,XXIX samþ. með 25:19 atkv.
— 652,I samþ. með 26:9 atkv.
— 587,108—109 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 587,110—113 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 636,27 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 587,114—116 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 636,28 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 587,117 tekin aftur.
— 587,118—120 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 636,29 samþ. án atkvgr.
— 636,30 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 587,121 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 637,XVI samþ. með 25:7 atkv.
— 587,122—124 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 619,XXX, aðaltill., felld með 34:5 atkv.
— 619,XXX, varatill., felld með 24:14 atkv.
— 639,II samþ. með 29:13 atkv.
— 587,125—126 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 619,XXXI, aðaltill., felld með 24:4 atkv.
— 619,XXXI, varatill., samþ. með 25:16 atkv.
— 587,127—128 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 619,XXXII felld með 24:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

---

1) **SK:** Ég hefi áður lýst því yfir, að ég er því mótfallinn, sem hér er um að ræða, að þetta sé tekið úr höndum þingsins, en læt mér þó í léttu rúmi liggja, hver fer með úthlutun þessa fjár, og greiði því ekki atkv.

2) **PZ:** Enda þótt mér þyki fullmikið að binda 100 þús. kr. af þessu fé í kringum Reykjavík og Hafnarfjörð, segi ég samt já.

3) **SK:** Ég er að vísu mótfallinn þessari aths. En þar sem hún er breyting til batnaðar á miklu vitlausari aths., segi ég já.

4) **Fjmrh.:** Af því að ég vil ekki binda á þennan hátt þann hluta af upphæðinni, sem í aths. greinir, þá segi ég nei.

5) **EE:** Þótt ég telji fénu á engan hátt betur varið en til vegabóta hér syðra, þeirra sem nauðsynlegastar eru, tel ég þessa vegagerð ekki framkvæmda þannig, að til bóta sé, og segi ég því nei.

já: SK, SÁÓ, StgrSt, TT, VJ, ÁÁ, BSn, BrB, EOl, ErlÞ, FJ, GÞ, GSv, HV, ÍslH, JakM, JJós, MG, MJ, PHalld, HG.
nei: PO, SEH, SkG, StSt, SvbH, ÞBr, ÞÞ, BJ, BSt, BÁ, BjB, EÁrna, EE, EmJ, EystJ, HermJ, IngP, JÍv, JPálm, JJ, JörB, ÓTh, PHerm, PZ.
ÁJ, HelgJ, PHann greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
10 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Steingrímur Steinþórsson: Þar sem ég geri ráð fyrir, að ef Alþingi fellir Guðmund á Sandi nú, geti menntamálaráð alls ekki úthlutað honum styrk, þá segi ég já.

Einar Olgeirsson: Þar sem ég er með því að endurreisa þennan lið til skálda og listamanna á fjárl. og treysti því, að ef þetta er samþ., muni fleiri koma á eftir, segi ég já.

Gísli Sveinsson: Mér þykir sem í nokkurt óefni sé komið og illt til þess að vita, ef svo fer, að styrkur til Guðmundar Friðjónssonar verður felldur, úr því að þessi tillaga kom einu sinni fram, og segi ég því já.

Magnús Jónsson: Af því að þegar er búið að brjóta regluna og setja einn mann aftur inn í þessa gr. frv., tel ég, að þessi breyting komi ekki að sök, og segi já.

Skúli Guðmundsson: Þar sem ég geri ráð fyrir, að Guðmundur Friðjónsson fái styrk af því fé, sem menntamálaráð úthlutar, segi ég nei.

Þorsteinn Briem: Með sama rökstuðningi og hv. þm. V.-Húnv. segi ég nei.

Bernharð Stefánsson: Með sama fyrirvara og hv. þm. V.-Húnv. segi ég nei.

Bjarni Ásgeirsson: Með sama fyrirvara og hv. þm. V.-Húnv. segi ég nei.

Eiríkur Einarsson: Með sömu rökum og hv. þm. V.-Húnv. segi ég nei.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég er mjög meðmæltur því, að þetta virðulega skáld hljóti þau laun, sem í till. felast. En vegna þess að ég er einn af þeim, sem greitt hafa atkv. með því að fela menntamálaráði úthlutun þessa fjár, og ætla að hafa veitinguna til þessa manns sem prófstein á það, þá segi ég nei.

Brtt. 587,129—138 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 587,139—146 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 641,III felld með 25:26 atkv.
— 587,147—152 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 637,XVII samþ. með 35 shlj. atkv.
— 587,153 tekin aftur.
— 587,154—155 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 636,31—32 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 587,156 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 619,XXXIII samþ. með 36 shlj. atkv.
— 587,157 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 619,XXXIV felld með 29:10 atkv.
Brtt. 637,XVIII felld með 24:19 atkv.
— 619,XXXV tekin aftur.
— 619,XXXVI felld með 25:18 atkv.
— 639,III felld með 24:12 atkv.
— 636,33 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 587,158 samþ. með 27:8 atkv.
— 619,XXXVII samþ. með 28:6 atkv.
— 636,34 samþ. með 28:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BJ, BSt, BÁ, BjB, BSn, BrB, EOl, EE, EystJ, GSv, HelgJ, HermJ, HV, JakM, JJ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT.
nei: EmJ, ErlÞ, FJ, ÍslH, JJós, JPálm, PHalld, SK, SÁÓ, VJ, HG.
ÁJ, ÁÁ, EÁrna, GÞ, IngP, JÍv, PZ, ÞBr, ÞÞ greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Brtt. 587,159 samþ. með 29:2 atkv.
— 587,160 samþ. með 27:6 atkv.
— 637,XIX tekin aftur.
— 636,35 samþ. með 35:5 atkv.
— 636,36 samþ. með 25:17 atkv.
— 587,161.a samþ. án atkvgr.
— 587,161.b tekin aftur.
— 656 felld með 26:11 atkv.
— 636,37 tekin aftur, en tekin upp af 5. þm. Reykv.
Fundarhlé kl. 10,10—11,45.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort þessi brtt., sem hér liggur fyrir, geti komið til atkv. Ég bendi á það, að það er ein af fyrstu og algildustu reglum um lagasetningu, að ekki sé breytt grundvallarreglum almennra l. með fjárlögum. Það er ekki hægt, en með þessu ákvæði, ef samþ. yrði, væri breytt grundvallarreglum almennra laga um síldarverksmiðjur ríkisins. Ég tel þess vegna, að samkv. þessum almennu reglum geti þessi till. ekki komið til atkv., og ég hygg, að það hafi verið vegna þessa, að fjvn. dró till. til baka. Ég vil þess vegna óska eftir úrskurði hæstv. forseta um þetta atriði.

Forseti (HG): Í tilefni af fyrirspurn hæstv. forsrh. og ósk hans um úrskurð minn um þetta atriði, þá vil ég tilkynna þingheimi eftirfarandi:
Með till. fjhn. á þskj. 636,37 er lagt til að breyta frá grundvallarreglum laga nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, með því að verja fé verksmiðjanna í öðrum tilgangi en lögin gera ráð fyrir eða heimila, og þar eigi er heimilt að breyta almennum lögum með fjárlagaákvæði, getur nefnd till. eigi komið til atkv. né brtt. við hana.

Brtt. 636,37 þar með úr sögunni.
— 639,IV kom því eigi til atkv.
— 653,II samþ. með 27:14 atkv.
— 652,II, svo breytt, felld með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BjB, BrB, EÁrna, EOl, ErlÞ, EystJ, GÞ, HelgJ, HV, IngP, ÍslH, JÍv, JJ, PHann, SkG, StSt, StgrSt, SvbH.
nei: ÁJ, ÁÁ, BSn, EE, EmJ, GSv, JakM, JPálm,

JörB, MG, MJ, ÓTh, PHerm, PHalld, PO, SEH, SK, SÁÓ, TT, VJ, ÞBr, ÞÞ, HG.
BJ, BÁ, FJ, HermJ, JJós, PZ greiddu ekki atkv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu á þessa leið:

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég er yfirleitt mótfallinn því, að lán séu tekin til vegagerða, en þar sem ég hinsvegar álít nauðsynlegt, að fjárveiting fáist til Siglufjarðarvegar og Raufarhafnarvegar umfram það, sem þegar er í frv., greiði ég atkv. með þessari heimild, en þó í því trausti, að ekki verði lagt í vegi þessa eftir henni yfir 50000 kr. samtals á næsta ári og komi þannig í stað samsvarandi fjárveitingar. Ég segi því já.

Jörundur Brynjólfsson: Þar sem aðaltill. hefir verið úrskurðuð frá með þeim forsendum, að hún geti ekki komið til atkv., þar sem hún brjóti í bág við almenn lög, þá skilst mér sem þessi till. geti ekki heldur staðizt, eða jafnvel síður, þær ástæður, og segi því nei.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Með því að ég er sömu skoðunar og hæstv. forseti Nd., að till. geti tæplega staðizt, og ég mun ekki sem atvmrh. nota heimildina, þó samþ. verði, segi ég nei.

Pétur Ottesen: Samkvæmt framkomnum yfirlýsingum segi ég nei.

Brtt. 637,II.a., aðaltill., samþ. með 25:20 atkv.
— 637,II.a, varatill., kom ekki til atkv.
— 587,53.a.22 tekin aftur.

Forseti (HG): Þá er atkvgr. um brtt. við fjárlagafrv. og einstakar gr. þess lokið, en samkv. yfirlýsingu forseta er gert ráð fyrir því, að nú hefjist almennar umr. um frv., ef menn óska.

***Brynjólfur Bjarnason:** Það er svo, að eldhúsumr. hafa því aðeins þýðingu, að einhverjir hlusti. (BSt: Það hlustar enginn). Þingsköp gera ráð fyrir, að þessar umr. fari fram í heyranda hljóði fyrir öllum landslýð, þ. e. a. s. að þeim sé útvarpað. Hvernig myndi nú fara (**Atvmrh.:** ef allir færu?!) ef við tækjum upp eldhúsumr. hér að þessu sinni? Það yrði þannig, að stjórnarfl., sem vilja engar eldhúsumr., myndu fara út, en þm. andstöðufl. stj., Sósialistafl., myndu tala fyrir galtómum stólunum. Það væri því bara skrípaleikur að hefja nú eldhúsumr. Stjórnarflokkarnir hafa með gerræði sínu hindrað eldhúsumr. að þessu sinni og eigi skirrzt við að brjóta þingsköp til þess að koma þeim vilja sínum fram. Þess vegna skora ég hér með, fyrir hönd Sósialistafl., á stjórnarflokkana að mæta okkur í útvarpsumr. utan þings til þess að rökræða landsmálin. Ég skora ennfremur á formenn stjórnarfl. að svara þessari áskorun nú þegar. Til vara, ef þessari áskorun yrði synjað, skora ég á þá flokka, sem að stj. standa, að mæta okkur a. m. k. á almennum fundi hér í Reykjavík um þessi mál. Ef þessu verður einnig neitað, þá mun verða litið á það þannig, að málstaður ríkisstj. og stuðningsflokka hennar sé svo aumur, að þeir þori ekki að mæta okkur í almennum umræðum, þótt þeir hefðu þar fjórtil fimmfaldan ræðutíma á við okkur. — Engin slagorð munu geta komið í veg fyrir, að þessi dómur verði felldur, ef áskoruninni verður synjað.

ATKVGR.
Frv., með áorðnum breytingum samkv. atkvgr., samþ. með 37:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 658).

40. Bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Á 1. fundi í Nd., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyting nokkurra laga (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., 17. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Á síðasta Alþingi var samþ. frv. um að fresta framkvæmd nokkurra l. Mönnum eru ákvæði frv. kunn, og sé ég því eigi ástæðu til að rökræða það nánar að þessu sinni. Frv. er shlj. l., sem samþ. voru á síðasta Aþingi um sama efni.
Ég óska, að frv. verði vísað til fjhn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 33, 35).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 35. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Fjhn. hefir yfirfarið þetta frv., sem lagt er fram af ríkisstj. og er nákvæmlega eins og bráðabirgðalögin, sem gilda um þessi efni fyrir yfirstandandi ár. Ákvæðin á samkv. frv. að framlengja yfir árið 1940, eins og síður hefir verið undanfarið að framlengja þau stöðugt til árs í senn. N. hefir orðið ásátt um að mæla með að samþ. frv. óbreytt. Aðeins einn nm. hefir skrifað undir með fyrirvara, og mun hann sjálfur gera grein fyrir ástæðum sínum til þess.

***Stefán Stefánsson:** Ég skrifaði undir nál. á þskj. 33 með fyrirvara. Þegar þessi bráðabirgðalög lágu fyrir á síðasta þingi, bar ég fram brtt. um, að 17. liður 1. frvgr. félli niður, en þá mundi ríkið greiða svo sem því ber samkv. öðrum lögum vaxtastyrk til bænda, frystihúsa, mjólkurbúa o. fl. Till. fékk því miður ekki byr í þessari deild, og ég býst við, að þm. séu enn sama sinnis. Ég taldi þýðingarlaust að bera hana aftur fram nú, þótt ég skrifaði undir með þeim fyrirvara, að ég væri 17. lið mótfallinn. Ég tel það ákaflega óviðeigandi að upphefja þannig

löggjöf, sem verða átti til skuldaléttis og viðreisnar framleiðslunni í sveitum, þegar allir þm. þykjast nú vera á einu máli um það, að allt þurfi að gera til að rétta við framleiðsluna til lands og sjávar.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég hefi ásamt hv. 4. landsk. (ÍslH) borið fram brtt. á þskj. 35, um að 3. lið 1. gr. falli burt. Verði það samþ., mundi það þýða, að tekjur af tóbakseinkasölu rynnu samkv. l. frá 1931 til verkamannabústaða og til bygginga í sveitum, sinn helmingur í hvorn stað. Verði till. ekki samþ., þyrftu hv. þm. að hugleiða, hvaða afleiðingar það hefir.

Löggjöfin um byggingarsjóði í bæjum og sveitum er tvímælalaust ein sú róttækasta, sem hér hefir verið samþ. Stjórn, sem einu sinni kallaði sig stjórn verkamanna og bænda, ætti síðust að vilja eyðileggja hana, a. m. k. meðan ekki er búið að uppfylla brýnustu nauðsynjar þessara stétta í húsnæðismálum. En engum dettur í hug að bera móti því, að verkamenn hafi fulla þörf fyrir, að þessi styrkur héldist óskertur, svo að hægt væri að reisa meira af verkamannabústöðum.

Það er borið í vænginn, og nú í þriðja skipti í röð, að þetta létti ekki á atvinnuleysinu í ár — og sé því óþarft þeirra hluta vegna. Ég býst við, að flestir, sem héldu þessu fram á undanförnum þingum, muni viðurkenna, að atvinnuþörfin hafi ekki minnkað, og hún kunni að verða til árið 1940 líka. Þetta er engin afsökun fyrir að brjóta hér lögin frá 1931.

Þessi lög voru samþ. um líkt leyti og hafizt var handa að útrýma kjallaraíbúðum. Allir vita, að lagaákvæðin um þær hafa verið svo margbrotin, að þær hafa þrefaldazt síðan átti að útrýma þeim.

En um sveitirnar er það flestum kunnugt — og ætti þó að vera kunnugast þingmönnum Framsfl. —, hvort þeim veitir af sínum hluta þessa fjár. Ég veit ekki betur en búnaðarþing, sem nú situr, hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að af öllu, sem brýnt er í sveitum, væru húsabætur víða það brýnasta, til að bjarga heilbrigði fólks úr voða. Í sumum hreppum er talið, að ¾ bæjanna séu alls ekki mannabústaðir og allt komið að hruni.

Tekjur af tóbakseinkasölu síðastl. ár voru áætlaðar 600 þús. kr., en urðu yfir 770 þús. Þetta er því orðinn drjúgur skildingur, sem stolið er undan af fénu, sem átti að fara til að skapa alþýðu þolanleg húsakynni. Það hefði bætt mikið úr þörfinni, ef lögin hefðu verið haldin.

Ég vil líka undirstrika það, að það er mikið lýðréttindamál, að þau lög, sem samþ. eru fyrir þessa stéttir, fái að haldast í gildi. Þegar þessi lög gengu fram, voru þau einn liðurinn í samkomulagi Frams- og Alþfl., og traustið á heilbrigði þess bandalags og nothæfi byggðist á trausti á þessari gagnkvæmu hjálp alþýðunnar í sveit og við sjó. Þetta var svikið, og hvar er þá traustið? Og hvar er þá traustið á því, að nokkur umbótalöggjöf yfirleitt verði haldin af þessum flokkum, sem hafa snúið samkomulaginu upp í það að traðka niður sína eigin löggjöf?

Og hvað hefir gerzt með það, sem eftir stendur af lögum um verkamannabústaði og Alþingi hvorki upphafið né frestað? Það er gengið á sama lagið og farið að brjóta það líka, án þess að stjórnin treysti sér til að grípa fram í. Síðastl. 2 ár hefir Reykjavíkurbær ekki greitt til byggingar verkamannabústaða þær 2 kr. á íbúa, sem honum ber, og skuldar nú um 140 þús. kr. Auðvitað er það lagabrot. Og stundum, þegar einhver kemur upp með það, að verkamenn muni vera vísir til að fremja lagabrot, er hrópað á ríkislögreglu og herskip til að yfirstíga þá. En ef lög eru brotin hérna í næsta húsi við hæstv. forsrh., þá er það látið viðgangast ár eftir ár. Ég vildi skora á þá, sem þess eiga að gæta, að hvað sem nú verður samþ., reyni þeir að sjá um, að það, sem eftir er af lögunum um verkamannabústaði, sé ekki brotið.

En þess vil ég biðja alla þingmenn, að athuga, hvort þeir geti ekki samþ. þessa brtt., svo að réttur laganna frá 1931 haldist óskertur.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Áður en gengið er til atkv. vildi ég segja nokkur orð um brtt. á þskj. 35. Yrði hún samþ., þýddi það, að um 780 þús. kr. rynnu til byggingarsjóðanna, en tilsvarandi halli myndaðist á fjárl. eins og nú er frá þeim gengið. Þá yrði annaðhvort að færa niður liði á fjárl. eða afla nýrra tekna sem þessu svarar. Það er ekkert nýtt mál, sem hér er deilt um. Síðan lögin 1931 voru sett, hefir það verið uppi á hverju þingi, því að nauðsyn hefir þótt til að fresta framkvæmd þessa ákvæðis. En í staðinn hefir verið útvegað allmikið fé til byggingar verkamannabústaða. Nú er það um 80 þús. kr., en alls munu um 180 þús. kr. hafa verið veittar sem ríkisstyrkur til verkamannabústaða. Sveitirnar hafa fengið nokkru meira, og engin ástæða til, að sérstök óánægja komi fram yfir því, hversu þær séu leiknar í þessu efni. Það mun ekki þykja fært að auka framlögin til bygginga nærri því, sem hér er stefnt að. En þó kann að vera, að við afgreiðslu fjárl. megi auka þau eitthvað.

*Einar Olgeirsson: Hæstv. fjmrh. lætur svo sem illa líti út með fjárlögin. Ég vil spyrja, hvort ekki felist dálítil hækkun á tollum í tollskrá þeirri, sem nú hefir verið lögð fram í hv. Ed. til samþykktar, jafnvel um svo sem 700 þús. kr. Ég vil spyrja, — meðan lækkunartillögur okkar sósíalista við hana eru enn ekki samþ. —, hvort sú hækkun mundi ekki svona nokkurn veginn standast á við tekjur tóbakseinkasölunnar. Síðasta ár varð líka tekjuafgangur á ríkisreikningi um liðug 1700 þús. kr., svo að mér finnst ekki neinn voði að bera fram brtt. okkar. Ég hygg, að fjárhagur ríkissjóðs sé ekki svo sérstaklega slæmur, að ríkissjóður gæti ekki séð af þessum 700 þús. kr. til bygginga. Ég held, að aðalatriðið, sem liggur fyrir okkur nú, sé að gera ráðstafanir til þess, að afkoma fólksins og atvinnuveganna verði eitthvað betri en hún hefir verið. Og því takmarki mætti ná m. a. með því að byggja betri íbúðarhús í landinu og sjá til

þess, að fullnægt sé atvinnuþörf landsmanna. Ég sé því ekki vegna fjárhags ríkissjóðs ástæðu til að taka til greina mótmæli hæstv. fjmrh., því að ég hygg fjárhag ríkissjóðs ekki í neina hættu stefnt með því að samþ. brtt. mína. Hitt er vitað, að fjárhagur verkamanna og bænda í landinu er það slæmur, að ekki veitir af að hjálpa þeim mönnum eins og í þessari brtt. er farið fram á.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er ekki meining mín að fara að ræða tollagafrv. það, sem fram er komið í Ed. En það frv. er miðað við, að ríkissjóður hafi svipaðar tekjur eins og hann hefir haft. Ennfremur vil ég taka það fram, að flokksbræður hv. 5. þm. Reykv. hafa lofað að beita sér fyrir því, að tollarnir yrðu lækkaðir, svo að ég álít ekki ástæðu fyrir þennan hv. þm. að beita sér fyrir því, sem stendur í svo nánu sambandi við hækkun tolla.

Einar Olgeirsson: Ég vil beina því til hæstv. fjmrh., hvort hann vill taka undir það með okkur sósialistum að fá tollana lækkaða. Ef svo er, vildi ég, að hann og flokksbræður hans hér í hv. d. reyndu með honum að gera það og að fá aðrar tekjuöflunarleiðir í staðinn.

ATKVGR.
Brtt. 35 felld með 17:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EOl, ÍslH, JakM, JGM, SK.
nei: ÁÁ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GG. HelgJ, JPálm, ÓTh, SEH, SkG, StSt, SvbH, ÞBr.
GSv greiddi ekki atkv.
10 þm. (JörB, BJ, HG, HV, PHann, PO, StgrSt, TT, VJ, ÞorbÞ) fjarstaddir.
1. gr. samþ. með 17:2 atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 13. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 12. fundi í Ed., 7. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. og 84. fundi í Ed., 13. og 14. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 85. fundi í Ed., 15. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 4, 402, n. 419, 431, 438).

*Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Ég get skýrt hv. d. frá því, að fjhn. hefir haft frv. þetta til athugunar og samþ. að mæla með því, þar sem hún sér ekki, að fært sé að svipta ríkissjóð þeim tekjuaukum, sem þar er gert ráð fyrir. Eins og hv. dm. er kunnugt, er frv. aðallega um að fresta framkvæmd nokkurra l., sem draga mikil útgjöld með sér fyrir ríkissjóð, og um ýms gjöld, sem eiga að renna til annara sjóða en ríkissjóðs.
Ég skal taka það fram, að n. hefir enn ekki tekið til athugunar þær brtt., sem komið hafa fram frá hv. þm. S.-Þ. Ég sé, að sá hv. þm. er ekki viðstaddur, en ég vildi leyfa mér að óska fyrir hönd n., að hann taki brtt. aftur til 3. umr., sérstaklega þó síðasta lið brtt., viðvíkjandi útflutningsgjöldunum, því eins og hv. d. er kunnugt, hefir komið fram brtt. við fjárl. um, að þetta útflutningsgjald renni ekki allt í ríkissjóð, heldur gangi 100 þús. kr. af því áfram til fiskimálanefndar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þar sem nú vantar hv. 2. flm. að till. á þskj. 402 og hv. 3. flm. hennar hefir ekki enn tekið til máls, mun ég að þessu sinni leiða þá till. hjá mér, að mestu leyti, en gera aftur á móti grein fyrir mínum brtt.
Ég vil fyrst deila á það ósamræmi, sem fram hefir komið í því, að nú, þegar uppi eru tiltölulega háværar raddir um, að nauðsynlegt sé að gera sérstakar ráðstafanir til þess, að fólkið, sem nú safnast í þorpin og bæina í þessu landi og hefir ekki atvinnu þar, og sumir segja, að þetta fólk þurfi að flytjast aftur út í dreifbýlið og fá atvinnu þar, að þá sé á sama tíma og þetta er sagt verið að skerða möguleikana til þess, að fólkið í dreifbýlinu geti tekið á móti þessum mönnum, en það er einmitt það, sem gert er með ákvæðum í þessum till. Brtt. mínar miða að því, eins og þær bera með sér, að reyna að styðja að því, að sem minnst verði gert í þessa átt.
Ég hefi flutt brtt. um, að 8. tölul. frv. falli niður. Ræktunarsjóður á eftir l. að fá 1 millj. króna framlag frá ríkissjóði alls. Hann er nú búinn að fá 864155 kr., og á því enn eftir að fá liðlega 100 þús. kr. Hag ræktunarsjóðs er nú svo komið, vegna ýmsra skerðinga, sem hann hefir orðið fyrir af hálfu hins opinbera, að hann er ekki fær um að veita lán af sjálfsdáðum, en verður að fá lán hjá öðrum deildum bankans. Á lánum ræktunarsjóðs hafa einmitt flestar framkvæmdir í sveitum landsins verið byggðar á undanförnum árum, svo það er mjög óheppilegt að skerða möguleika hans til að lána landbúnaðinum, á sama tíma og talað er um, að fólkið, sem gengur atvinnulaust í þorpum og bæjum landsins, þurfi að fá atvinnu í sveitunum, hjá þeim einstaklingum, sem þurfa að fá þessi umræddu lán, til að geta gert framkvæmdirnar, sem fólkinu er ætlað að vinna við.
Ég legg því til, að þessi liður verði felldur niður, til þess að ræktunarsjóður fái það, sem honum ber, á árinu 1940.
Önnur brtt. mín er við 11. lið og fjallar um það, að fjárveitingin á árinu 1940 til búfjár-

ræktar skuli hækkuð upp í 70 þús. krónur. Fjárframlag það, sem þar um ræðir, er veitt eftir búfjárræktarl. Það leiðir af sjálfu sér, að því fleiri bændur, sem eru í búfjárræktarfélögunum og taka þátt í því starfi, sem undir þau heyra, því meira vaxa útgjöld vegna búfjárræktarfélaganna. Styrkurinn til félaganna er mismunandi; í sumum þeirra er miðað við fjölda þeirra manna, sem í félaginu eru, í öðrum félögum er aftur á móti miðað við fjölda búpeningsins, sem þeir eiga, eða þá að miðað er við verklegar framkvæmdir, svo sem girðingar o. s. frv. Því meiri þátttaka, sem er í félagsskapnum, því meiri þörf er fyrir tillag ríkissjóðs. Á síðasta þingi, eða fyrri hluta þessa þings, var styrkur til nautgriparæktarfélaga hækkaður í kr. 2.50 pr. kú, og hlýtur af því að leiða hækkun á styrknum, en þessu virðast þingmenn hafa gleymt. Ef ekki á að veita nema 62 þús. kr. til búfjárræktarfélaganna á næsta ári, þá verður að taka það fram í lögunum, hvernig á að framkvæma þann sparnað, því það nægir ekki að segja, að búnaðarfélögin eigi að ákveða það, því mennirnir, sem eru í félögunum, eiga heimtingu á sínum vissa styrk samkv. l., nema búið verði að ákveða með öðrum l., að hann skuli lækka. Það er ekki nóg að lækka heildarframlagið. Ég álít, að minnsta upphæðin, sem hægt sé að komast af með, sé 70 þús. kr. Enn er ekki séð fyrir, hve mörg ný nautgriparæktarfélög kunna að bætast við og hve mörg fóðurbirgðafélög, sem þá fá um leið rétt til styrks. Að vísu eru búfjárræktarfélög fyrir nautgripi nú þegar í annarihverri sveit landsins, en það eru ekki nema milli 30 og 40 fóðurbirgðafélög starfandi, svo tala þeirra getur vaxið mikið á næsta ári.

Á þessu ári hafa bætzt við eitthvað um 20 félög, og útgjöld til þeirra munu hafa verið um 5 þús. kr. Ég veit auðvitað ekki, hve mörg félög verða stofnuð á næsta ári, en á námskeiði, sem var haldið fyrir menn, sem ætla að starfa hjá þessum félögum, voru 20 menn frá nýjum félögum, sem eiga að fá styrk í fyrsta sinn á næsta ári, svo það er alveg víst, að þessi 62 þús. hrökkva ekki fyrir næsta ár.

Hvað sem því líður nú, að menn vilji reyna að lama ræktunarsjóð eins og gert er með 8. tölul. þessa frv., þá vona ég, að menn vilji ekki reyna að lama tilraunir hans frekar en gert er þar, en það verður gert, ef menn ekki samþ. 3. brtt. mína á þskj. 431, sem er við 17. tölul. frv. og er um að fella niður vaxtatillagið, sem á sínum tíma var ákveðið, að þeir bændur skyldu njóta, sem hefðu vaxtahærri lán en 5%. Árið 1938 voru í þessu skyni greiddar 28 þús. kr. og árið 1937 40 þús. kr. Ég álít, að allir séu sammála um, að ástæðan til þess, að Búnaðarbankanum var breytt og vextir gerðir 5%, var, að menn töldu, að landbúnaðurinn þyldi ekki hærri vexti af fasteignaveðslánum. Því legg ég til, að 17. tölul. verði felldur niður og aftur verði tekið upp að greiða vaxatillagið. En þar sem mér hefir heyrzt á ýmsum mönnum, að það væri vafamál, að þessi till. mín næði fram að ganga, þá kom ég með till. til vara um, að aftan við liðinn bættist ákvæði um, að Búnaðarbankinn þurfi ekki að greiða vaxtatillag af ræktunarsjóðsbréfum þeim, sem eru í umferð. Ræktunarsjóður á um 2600000 kr. úti í bréfum, sem hann borgar 6% af. Hann hefir gefið út þessi bréf, sem veita honum hans aðaltekjur, og af þeim eru í umferð yfir 2,6 millj. kr. Með þessum bréfum, sem eru í eign einstakra manna, hefir bankinn orðið að greiða 1% vexti, og eru það um 26 þús. kr., sem hann hefir orðið að borga í þennan vaxtamismun síðastl. ár, þar sem hann fær ekki nema 5% af útlánum sínum. Það er almennt talið, að þetta vaxtatillag hafi upprunalega komizt inn í liðinn af óaðgæzlu. Þegar svo l. um Búnaðarbankann var síðast breytt, var þetta talið sjálfsagt og réttlátt ákvæði, og því l. breytt í það horf, að bankinn gæti haldið áfram að veita bændum fasteignaveðslán gegn 5% vöxtum, en beint til þess ætlað, að hann fengi vaxtamuninn endurgreiddan af ríkinu.

Eftir atvikum gæti ég unað við þann milliveg, sem er milli mín annarsvegar og þeirra hinsvegar, sem mest vilja spara, að b-liður minnar till. yrði samþ. og varatill. mín. Með því næst dálítið í áttina að því, sem ég vil ná, en ekki heldur nema dálítið í áttina. Ég er því viðbúinn, að hitt verði drepið hvorttveggja. En mér kæmi það mjög illa fyrir sjónir, ef þessir tveir liðir verða drepnir.

Um brtt. á þskj. 402 hefir ekki verið höfð nein framsaga ennþá. Þess vegna er kannske ekki rétt að minnast á þær. Ég get þó ekki látið hjá líða að benda á, að 1. liður a. í þeirri brtt. er ákaflega viðsjárverður til að framkvæma hann á þessu ári. Það er nú svo, að byggingar- og landnámssjóður skuldar öðrum deildum bankans mikið fé, svo mikið, að það, sem hann fær inn í vöxtum af sínum lánum, er ekki nema nokkrum þús. kr. meira en það, sem hann þarf að borga í vexti af sínum skuldum. Ef hann því er sviptur framlagi ríkissjóðs eða það er skorið mjög við nögl, verður lítill möguleiki fyrir byggingar- og landnámssjóð að lána á næsta ári. Ég geri ráð fyrir, að þegar þetta kom fram frá þeim þremur fjvnm., þá hafi þeir gert ráð fyrir, að á næsta ári verði sama sem ekkert byggt; og það hygg ég, að sé í sjálfu sér alveg rétt. Ég tel það mjög óhyggilegt að byggja fyrir þessi lán á næsta ári, ekki fyrst og fremst frá sjónarmiði lánsstofnananna, heldur vegna þess, að það sé ekki eðlilegt að lána á því ári, vegna þess að ég álít það hengingaról, sem sá bóndi legði um háls sér, sem byggði á svo dýrum tíma, að þegar venjulegir tímar koma á eftir með verðfall, þá verði lánið honum svo mikil byrði, að hann varla rísi undir því. Þess vegna vil ég ekki styðja að því, að neitt verulegt verði byggt á árinu, sem í hönd fer. En það, sem ég hygg, að hv. flm. brtt. á þskj. 402 gleymi, er, að það er nú þegar búið að byggja mesta fjölda af húsum, sem eftir er að veita lán út á. Undanfarin 2 ár hefir verið byggt upp í sveitum hér á landi það ört, að með sama áframhaldi yrði búið að byggja upp á hverju býli, sem nú er byggt á landinu, á 20—23 árum og skuldir bænda þá líka auknar úr 22 millj. í 35. Ég hefi oft sagt, að ég teldi þennan vöxt of öran, en ég áliti, að það væri góður gangur á endurbygg-

ingunum, er við gætum byggt upp í sveitunum fyrir afborganir af þeim 22 millj., sem bændur skulda nú vegna þessara lána, þannig að þegar búið væri að byggja upp, sem þá gerðist á ca. 38 árum, þá væru þær skuldir svipaðar og nú. En þessi öri vöxtur hefir orðið þess valdandi, að ekki hefir komizt að nema partur af þeim hópi manna, sem hafa byggt upp hjá sér, og þess vegna bíður nú fjöldi bænda með að fá lán. Byggingar- og landnámssjóður mun vera búinn að lofa lánum, sem eru hærri að upphæð en það fé, sem hann hefir til umráða á næsta ári, ef það verður skorið niður að þeirri tölu, sem brtt. 402 gerir ráð fyrir. Og þó mun vera búið að byggja hús á þessu ári, sem ekki hefir komið til umsóknar um lán til, af því að það hefir verið talið vafalaust, að þau fengjust, þó ekki væri búið að sækja um þau, enda eru vanalega ekki teknar ákvarðanir um slíkt fyrr en í febrúar eða marz. Ég tel óforsvaranlegt að stöðva lánastarfsemi sjóðsins með því að gefa ekki kost á lánum til þessara þegar byggðu húsa. Fyrir þær byggingar munu menn nú skulda verzlunum, prívat mönnum og í víxlum, og liggja þau lán þannig þangað til þau komast í byggingar- og landnámssjóð.

Ég vil biðja menn að athuga mjög gaumgæfilega, hvort þeim finnst ekki alveg sjálfsagt að láta þetta árið, 1940, byggingar- og landnámssjóð halda sínu framlagi úr ríkissjóði. En á árinu 1940 verður sjálfsagt sama sem ekkert byggt, og þá getur komið til mála, hvað miklu á að kippa af þessum sjóði af framlagi ríkissjóðs, og það þá kannske meiru en hér er farið fram á, fyrir árið 1941.

Það er dálítið einkennilegt samræmi, sem kemur fram í hugsun þeirra manna, sem eru með þeim till. annarsvegar að vilja láta fólkið fara út í sveitirnar úr kaupstöðunum og kauptúnunum til að rækta landið, en vilja svo hinsvegar kippa að sér hendinni með lán úr ræktunarsjóði, þannig að það virðist, að þeir geti ekkert gert við þetta fólk, þegar það kemur út í sveitina, annað en að láta það á einhverjar ónýtar engjaberjur. Þetta finnst mér ekki hugsað til þrautar hjá þeim, sem með þessum till. eru.

Ég vænti þess, að ég hafi gert þá grein fyrir þessu, að menn sjái veilurnar og öfugstreymið, sem í þessu er. Ég vona, að menn geti verið sammála um, að rétt sé að samþ. b-lið till. minnar á þskj. 431 og varatill. mín við c-lið og að drepa a-lið undir 1. till. á þskj. 402.

*__Erlendur Þorsteinsson__: Við hv. 1. þm. N.-M. getum verið sammála um það, að það sé margt hér í þessu frv., sem ætti að hverfa burtu. T. d. mundi ég og minir flokksmenn vilja, að 3. liður frv. falli niður, þannig að verkamannabústaðirnir gætu fengið þær tekjur, sem þeim eru ætlaðar með þeim l., sem þar er verið að fresta framkvæmd á. Hinsvegar verðum við að horfast í augu við þá erfiðleika, sem við höfum nú við að etja, og því er ekki undarlegt, þó það lendi einnig á þeirri stétt, sem Alþfl.þm. telja sig umboðsmenn fyrir á þingi.

Ég tel ekki nauðsyn á að rökræða nú um brtt., sem fyrir liggja, þar sem ég hefi farið þess á leit, að þær verði teknar aftur til 3. umr., svo að n. geti fengið tækifæri til að athuga þær áður en þær koma til atkvæða.

Vil ég ítreka þá ósk til flm. brtt. á þskj. 431 og 438, að hann taki þær aftur til 3. umr., og einnig til flm. að brtt. 402, að þeir taki þær brtt. aftur til 3. umr.

*__Þorsteinn Þorsteinsson__: Ég skal játa, að það eru ekki eiginlega „agitations"-till., þessar brtt., sem ég hefi gerzt meðflm. að á þskj. 402, því að ég veit, að það mælist illa fyrir að lækka þau tillög, sem þær eru um og mjög eru vinsæl úti um landið og menn hafa notið góðs af. En ef á að spara eitthvað á annað borð fyrir ríkissjóð á þessum tímum, þá verður einhverstaðar að bera niður. En það er segin saga, að viðkvæðið er hjá mönnum, þegar um sparnað er að ræða: Takið ekki af þarna, heldur annarstaðar, — það er hægt að lækka þar. Svona gengur það koll af kolli.

En hv. 1. þm. N.-M. minntist aðallega á eina brtt. okkar fjvnm. á þskj. 402, um lækkun á tillagi til byggingar- og landnámssjóðs. Ég játa, að það er óþægilegt fyrir menn, sem búnir eru að byggja upp hjá sér og vonast eftir að fá lán úr sjóðnum, að þurfa að bíða með það. En við álítum, að hægt væri að lækka þetta tillag töluvert úr 200 þús. kr. En við lögðum ekki til, að lækkað yrði tillag til bygginga í sveitum. Ég lít svo á, að það verði að vera, en hinsvegar, að ekki muni verða byggt á næstu árum í sveitum til muna, svo framarlega að stríðið hætti ekki bráðum, og þá tel ég, að vel sé hægt að komast af með þennan styrk, sem ætlaður er til þess samkv. brtt. á þskj. 402. Bankastjóri Búnaðarbankans hefir getið þess, að hann væri búinn að gefa vilyrði fyrir 150 þús. kr. lánum til þessara hluta, og alls ekki meiru. Það eru vitanlega fyrir hendi beiðnir um lán, sem nema töluvert meiri upphæð. En ég tel, ef hægt væri að liðka eitthvað til um tillag til ræktunarsjóðs, þá væri hægt fyrir Búnaðarbankann að standa við sín loforð og hjálpa mönnum um víxla, svo að það kæmist í lag að miklu leyti; svo að ég sé ekki nauðsyn á að hafa tillagið meira en 125 þús. kr., eins og gert er ráð fyrir þarna í brtt. á þskj. 402. Þess vegna verð ég að andmæla skoðun hv. 1. þm. N.-M., að það eigi að fella þessar till. okkar.

Ég játa líka, að það er ekki þægilegt að fella niður þetta litla tillag viðkomandi tilbúnum áburði. Og sama er að segja um verkfærakaupasjóð. En við væntum þess þá líka, að það séu lækkuð hliðstæð tillög til handa mönnum við sjávarsíðuna. Það verður að vera jöfnuður á öllu slíku, hvort sem menn eru við sjó eða í sveit. Hvorirtveggja verða að reyna að sýna sanngirni um að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, eftir því sem hægt er. En við megum ekki rísa upp á móti því hver fyrir sig, þótt eitthvað sé dregið úr þeim minnst nauðsynlegu gjöldum eins og sakir standa.

Ég tel víst, að ég geti sagt það fyrir hönd minna samnm. eins og ég get sagt það fyrir mína hönd, að óhætt muni vera að taka brtt. á þskj. 402 aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 402, 431, 438 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 88. fundi í Ed., 19. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 4, 402, 431, 438).

*Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. hefir nú litið yfir þetta frv., sem reyndar er hér nokkuð kunnugt, og leggur n. til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir. Að vísu er í 12. lið frv. dálítið einkennilegt ákvæði, sem fjhn. hefir litið svo á, að myndi vera prentvilla, en þá hefir frv. farið þannig gegnum hv. Nd. eins og það er prentað nú. Þar stendur svo: „Á árinu 1940 má ekkja verja úr ríkissjóði meira en 4 þús. kr. til kaupa á tilbúnum áburði."

Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti leiðrétta þetta í prentun án þess að gefa út brtt. um það. Slíkar prentvillur geta verið óviðkunnanlegar, og ef ætti að fara alveg eftir bókstafnum, geta þær gefið beinlínis aðra merkingu heldur en annars var ætlazt til. Sérstaklega getur það skipt miklu máli, ef prentvillur eru í ártölum, t. d. ef stæði til ársloka 1941 í staðinn fyrir til ársloka 1940.

En annars liggja hér fyrir brtt. á þrem þskj. við þetta frv., og tel ég réttast að heyra fyrir þeim mælt áður en ég tala um þær frekar. Brtt. á þskj. 402 getur þó verið eðlileg, en þó tel ég réttara, úr því að ekki var hægt að ná tali af flm. þeirrar brtt. áður en málið var afgr. í n., að bíða eftir því, að fyrir þeirri brtt. verði mælt, og sama máli gegnir einnig um brtt. á þskj. 431 og þskj. 438.

*Bernharð Stefánsson: Fjvn. hefir athugað þetta frv., og þar að auki höfum við þrír nm. flutt brtt. við það á þskj. 402. Það er hið sama um þær brtt. að segja eins og þær, sem sömu menn fluttu við frv., sem hér var á ferðinni í gær, til þess að þær brtt., sem fjvn. hyggst að flytja, komi ekki í bága við gildandi lagaákvæði.

Fyrst er brtt. um, að á eftir 8. lið 1. gr. bætist 2 nýir liðir; a-liður er um það, að á árinu 1940 lækki framlag ríkissjóðs til byggingar- og landnámssjóðs um 75 þús. kr., og þurfi þess vegna ekki að vera nema 125 þús. kr., í stað 200 þús. kr., sem ákveðið var í l. um þann sjóð. Ástæðan til þess, að sú brtt. er borin fram, er í fyrsta lagi sú, að fjvn. leitaði fyrir sér þar, sem hún eygði nokkra möguleika til að spara útgjöld ríkissjóðs, og að þarna var borið niður, stafar m. a. af því, að gert er ráð fyrir, vegna gjaldeyrisörðugleika og þess, hve byggingarefni hlýtur að verða dýrt á næsta ári, að mjög lítið verði um byggingar bæði í sveitum landsins og kaupstöðum á næsta ári. Enda gat fjvn. ekki gengið eins langt og fyrst hafði komið til orða, að lækka framlag ríkissjóðs til byggingar- og landnámssjóðs niður í 50 þús. kr. á árinu 1940, og var það vegna þess, að síðastl. sumar voru byggð mörg hús, sem fengu loforð um lán úr byggingarsjóði, þó að þau lán hafi ekki verið útborguð ennþá. Fjvn. þótti því alveg óhjákvæmilegt að halda 125 þús. kr. framlaginu til byggingar- og landnámssjóðs í fjárl. næsta árs, þrátt fyrir það, að ekki verður gert ráð fyrir nýbyggingum á því ári, og eru þessar brtt. við „bandorminn" því miðaðar við þetta.

Um b-lið í þessari fyrstu brtt. okkar þriggja, sem sæti eigum í fjvn., er það að segja, að hann er að vísu borinn fram af sömu ástæðu sem hinn fyrri. Hún er á þá leið, að framlag ríkissjóðs til fiskveiðasjóðs Íslands verði ekki nema 30 þús. kr. á árinu 1940. En þó að slíkt ákvæði verði sett í fjárl., kemur það ekki í bága við nein gildandi l. Þar er að vísu um skuldbinding að ræða, sem ríkið á að hafa fullnægt á árinu 1941 samkv. l. um fiskveiðasjóð Íslands, en það er ekkert um það í þeim l., að ríkissjóður eigi að leggja fram 60 þús. kr. til sjóðsins endilega á næsta ári. Ég býst því við, að við flm. þessarar brtt. tökum b-lið hennar aftur, því að hann er í sjálfu sér óþarfur.

Þá er ein brtt. við 12. lið (tilbúinn áburður), að hann falli niður, m. ö. o., að ekki verði veitt fé úr ríkissjóði til kaupa á tilbúnum áburði á árinu 1940. Fjvn. hugsar sér, að spara megi það fé, sem þar er um að ræða, og ef þessi brtt. verður samþ., lagast af sjálfu sér ákvæðið um ekkjuna, sem hv. frsm., 1. þm. Reykv., minntist á.

Hin þriðja brtt. á þskj. 402 er alveg sama eðlis. Hún er á þá leið, að á árinu 1940 þurfi ekki að verja úr ríkissjóði til verkfærakaupasjóðs nema 25 þús. kr., í stað 60 þús. kr. Að vísu munu allir dm. vera sammála um, að þarflegt er að verja sem mestu fé í þessu skyni, en sparnaðarástæður valda því, að fjvn. ber fram þessa till.

Þá kemur fjórða brtt. á þskj. 402, sem er alveg sama eðlis, borin fram í sparnaðarskyni. Hún er á þá leið, að heimild sú til greiðslu úr ríkissjóði á 400 þús. kr. til fiskimálasjóðs af útflutningsgjaldi sjávarafurða, sem veitt er samkv. 13. gr. l. nr. 75 31. des. 1937, falli niður á árinu 1940.

Fjvn. hugsar sér að bera fram brtt. við fjárl. fyrir árið 1940 í samræmi við þær brtt., sem einstakir þm. báru fram við fjárl. við 2. umr., en hafa nú verið teknar aftur til 3. umr. Þess má geta, að önnur uppástunga hefir komið fram um þetta efni, að fara nokkru vægara í sakirnar heldur en gert er ráð fyrir í þeirri brtt., sem ég hefi nú síðast minnzt á, en ég hefi ekki umboð til að breyta þeirri till., er hér liggur fyrir, í samræmi við þá uppástungu, því að jafnvel þó að það yrði ofan á, að verja skyldi nokkrum hluta af útflutningsgjaldi til fiskimálasjóðs, tel ég, að það myndi verða óhætt og líka hentugt að samþ. þessa brtt. hér í hv. Ed., þar sem 2 þm. báru slíka till. fram við 2. umr. fjárl., og eiga þeir báðir sæti í hv. Nd., og þegar þetta frv. kemur þangað, þá myndi þetta ákvæði verða fært til samræmis við það, sem líklegast má telja, að þingvilji sé fyrir. Ég held því, að það

sé réttast, þrátt fyrir þann ágreining, sem nú hefir komið í ljós um þetta atriði, að þessi till. verði borin undir atkv. hér í hv. Ed.

Einnig liggur hér fyrir brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 438, en af því að ég er ekki frsm. fjhn., ber mér ekki skylda til að tala um aðrar brtt. en þær, sem ég flyt sjálfur. En ég vil taka það fram, úr því að ég stóð hér upp, að ég fyrir mitt leyti er alveg samþykkur brtt. á þskj. 438. Hún er á þá leið, að aftan við 17. tölul. bætist: „Þó skal ríkissjóður greiða til ræktunarsjóðs 1% af jarðræktarbréfum þeim, sem eru í eigu annara en Búnaðarbanka Íslands.“ Vitaskuld er alveg ómögulegt að ætlast til þess, að það ástand haldi áfram, sem verið hefir undanfarin ár, að ræktunarsjóður verði að greiða hærri vexti af jarðræktarbréfum heldur en þá, sem hann fær af lánum, sem hann lánar út. En á hinn bóginn vil ég taka það fram út af þessu, að ég lít svo á, að 17. tölul. þessa frv. samsvari eldri l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. Ég álít, að hann felli ekki niður heimild til að greiða 1% í vexti. Ég tel, að þar sé í raun og veru um hið sama að ræða, sem brtt. hv. 1. þm. N.-M. fer fram á, þrátt fyrir l. Þau banna það ekki, því að það er ekki hægt að kalla, að þetta séu vextir af fasteignaveðslánum bænda, en það gilda sérstök lagaákvæði um þetta atriði. En eins og kunnugt er, þá hefir það verið framkvæmt þannig, og sennilegt, að þetta lagaákvæði verði notað á þann hátt, að þetta framlag úr ríkissjóði til vaxtagreiðslu verði fellt niður, eins og undanfarin ár. Til þess að taka af öll tvímæli um þetta efni tel ég fyrir mitt leyti rétt að samþ. þessa brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. á þskj. 438. Ég vildi þó aðeins geta þess um þetta, að *ég vil*, að *þetta sé tekið skýrt fram*. Að sjálfsögðu tala ég ekki fyrir hönd fjvn., enda er ég ekki frsm. hennar í þessu máli, heldur segi ég aðeins mína skoðun á þessu atriði.

***Erlendur Þorsteinsson:** Þegar þetta mál var til 2. umr., tók ég eftir því, að brtt. þær, sem þá lágu fyrir, voru teknar aftur til 3. umr., og liggja þær því hér fyrir enn. Ég gerði ráð fyrir því, að fjhn. tæki þær til athugunar áður en þessi umr. færi fram, en þetta hefir ekki orðið, — af hvaða ástæðu það er, veit ég ekki. Ég vil vekja athygli á fjórðu brtt. á þskj. 402, sem er um það, að 400 þús. kr. útflutningsgjald af sjávarafurðum, sem áður hefir gengið til fiskimálasjóðs, verði af honum tekið. Þessi brtt. mun vera borin fram með tilliti til þess, að ekki er gert ráð fyrir, að neinu verði varið af þeim styrk til byggingar nýrra skipa, enda er það ólíklegt vegna þess ástands, sem nú er. Það má vel vera, að unnt sé að segja með nokkrum rökum, að ekki sé þörf á að veita fé til slíks nú.

En ekki mun af veita að halda áfram byggingu hraðfrystihúsa, einkum í mörgum hinna smærri veiðiþorpa, því að það eru einmitt smáveiðiþorp og smáútgerðarþorp, sem geta alveg lifað á því, ef þau hafa möguleika til þess að notfæra sér markaði fyrir hraðfrystan fisk. En nú á seinni tímum, a. m. k. áður en stríðið byrjaði, hafði tekizt að auka markað fyrir hraðfrystan fisk erlendis, og nú á stríðstímunum, ef á annað borð er unnt að halda uppi siglingum, er einkar hentugt að flytja út þann fisk, því að hann er bæði verðmætari og ekki eins plássfrekur eins og ísaður fiskur, þar eð hér er um flattan eða beinlausan fisk að ræða.

Tveir hv. þm. í Nd. báru fram brtt. við fjárl. um, að varið yrði úr ríkissjóði til fiskimálasjóðs 100 þús. kr. á næsta ári, og yrði þeim peningum varið til þess að halda áfram að koma upp hraðfrystihúsum. En ef frv. yrði samþ. eins og það liggur hér fyrir, þá er ekki hægt að gera þetta með brtt. við fjárl.

Ég tel eðlilegt, að hv. tillögumaður taki aftur þessa till., þar sem sá hluti hv. fjvn., sem sæti á í Nd., ætti að vera einfær um að koma með brtt., ef með þarf, um það, að þetta 100 þús. kr. tillag renni til fiskimálasjóðs, en ekki verði tekin nein afstaða til þess hér í þessari hv. d. að taka alla þessa upphæð af fiskimálasjóði.

Hv. 2. þm. S.-M. tjáði mér, að hann myndi bera fram skrifl. brtt., ef hv. flm. taka ekki till. *sína* aftur, og er sú brtt. um, að í stað 400 þús. kr. komi 300 þús. kr., eða í fullu samræmi við það, sem komið hefir fram í hv. Nd. Ég vænti, að hv. dm. greiði atkv. með þessari brtt. með fullum skilningi á nauðsyn þess, að framkvæmdir þessar geti haldið áfram.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég held, að það væri rétt fyrir hv. d. að samþ. það frv., sem hér liggur fyrir, óbreytt, að viðbættum till. á þskj. 402. Satt að segja held ég, að þær brtt. aðrar, sem hér eru bornar fram, séu meira og minna af handahófi gerðar og út í loftið, án þess að hv. flm. hafi gert sér grein fyrir, hvort þeirra væri þörf. Sem dæmi vil ég benda á það, að *einn hv. þdm., sessunautur minn*, hefir lagt á móti till. á þskj. 402 um það, að lækkað væri framlag til byggingar- og landnámssjóðs, og fullyrðir, að það sé of mikið að lækka það um 75 þús. krónur, eða úr 200 þús. krónum í 125 þús., og fullyrðir, að ekki megi lækka það um meira en 50 þús. Nú upplýsir hv. fjvn., að hún hafi átt tal um þetta við bankastjóra Búnaðarbankans, og hafði náðst samkomulag við hann um það, að þetta tillag yrði lækkað um 75 þús. kr., og ætla ég, að bankastjóra Búnaðarbankans sé fullt eins vel treystandi og hv. 1. þm. N.-M. til að segja, hvað fært er að gera í því máli, og hygg ég, að sama sé að segja um fleiri þær till. og mótmæli, sem komið hafa *fram gegn frv. T. d. mun svo vera um till.* á þskj. 402, sem hv. 10. landsk. var að mótmæla og till. er fram komin um í sambandi við fjárlfrv., um að ætla fiskimálasjóði 100 þús. kr. meira af þessum tekjum en gert var ráð fyrir. Ég hygg, að þeir menn, sem eru með þessa till. um, að nauðsynlegt sé að ætla fiskimálasjóði þetta meira fé, hafi ekki gert sér grein fyrir því annarsvegar, hvaða tekjum fiskimálasjóður getur átt von á næsta ár umfram það, sem verið hefir undanfarið, og hinsvegar held ég, að það sé mjög hæpið að ætla sér að halda áfram þeim framkvæmdum, sem fiskimálasjóður hefir með höndum, svipað og verið hefir. Það hefir verið talað um frystihúsin í þessu sambandi. *Ég álít*, að varlega sé farandi í að

auka þau mjög hér á landi fyrst um sinn. Við vitum ekki, hvaða markað við kunnum að hafa í næstu framtíð fyrir frystan fisk, og meira að segja hæpið, hvaða markað við höfum fyrir þann frysta fisk, sem frystihúsin, sem þegar eru komin, geta fryst, hvað þá ef bæta á við þau. Hitt vitum við nokkurn veginn með vissu, að þegar stríðinu lýkur, þá eru engar líkur til, að markaður verði fyrir það fiskmagn, sem frystihúsin, sem nú eru til, taka, hvað þá ef á að stórauka þau. Ég verð því að mæla eindregið á móti því, að hróflað verði við till. á þskj. 402, en mælast til, að þær verði samþ. eins og þær liggja fyrir.

Ég veit að vísu ekki, hvernig hv. fjvn. hefir gengið að koma jöfnuði á fjárl., en það mun áreiðanlega reynast svo erfitt, að ekki mun veita af að neyta allra ráða, og það frekar en hér er farið fram á, svo það megi takast.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar. Frv. á eftir að fara til hv. Nd., og þar verður sjálfsagt tækifæri til að athuga nánar þær aths., sem hér hafa komið fram, og ef rök koma fram, er leiða í ljós, að þær till. séu til bóta á frv., þá er líka enn tími til að kippa því í lag, þegar það hefir verið athugað til hlítar.

Ef svo væri, eins og haldið hefir verið fram, t. d. um 17. lið frv., sem er um vaxtastyrk af fasteignaveðslánum bænda, að með öllu væri ófært annað en að verða eitthvað frekar við þeirra kröfum en gert er ráð fyrir í frv., og fullvíst verður, að ekki verður hjá því komizt, þá má sjálfsagt treysta því, að það verði leiðrétt í hv. Nd., sem ekki fæst leiðrétt hér við 3. umr. Tel ég sjálfsagt, að því megi treysta, að frv. verði rannsakað til hlítar í hv. Nd. og breytt, ef nauðsyn krefur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil fyrst benda á það, sem mér þykja heldur skrítin vinnubrögð, bæði hjá hv. fjhn. og hæstv. fjmrh., að þær till., sem nú eru hér til 3. umr. og allar voru komnar fram við 2. umr., hafi enginn tími verið til að athuga. Ég hafði við 2. umr. framsögu fyrir mínum till., en það virðist hvorki hv. 1. þm. Reykv. né hæstv. fjmrh. hafa heyrt. Síðan eru liðnir nokkrir dagar, en nú rís hæstv. fjmrh. og frsm. fjhn. upp og segja, að frv. sé ekki nóg athugað, því það hafi enginn tími verið til að athuga brtt. og kynna sér þær, þrátt fyrir það, að till. eru búnar að liggja fyrir þessari hv. d. í marga daga. Þetta finnst mér bera vott um miður mikinn áhuga fyrir málinu.

Hvað snertir það, sem hæstv. fjmrh. sagði um mínar till. og það, að um þær hafi náðst fullt samkomulag við bankastjórann hvað snertir framlagið til byggingar- og landnámssjóðs, þá skal ég segja, að mér er ekki kunnugt um það. Hitt er mér kunnugt um, að bankastjórinn gaf landbn. þær upplýsingar, að nú lægju fyrir loforð um 150 þús. kr. lánveitingar. Ég geri ráð fyrir, að hv. fjhn. hafi byggt áætlanir sínar á þessu atriði, þegar hún leggur til, að lækka skuli framlag til sjóðsins niður í 125 þús. kr. Þær tekjur, sem byggingar- og landnámssjóður hefir fram yfir ríkissjóðstillagið, sem nú á að lækka úr 200000 í 125000 kr., eru um 25000 kr., og mun bankastjóri þegar hafa lofað sem því svarar til lána til húsa, sem byggð voru í sumar. En jafnframt því, að búið er að lofa þessum lánum, þá veit t. d. hv. 1. þm. Eyf. um tvo menn í Eyjafirði, sem þurfa að fá lán, en ekki eru búnir að koma með sínar umsóknir, og við, sem kunnugir erum úti um land, vitum um hús hvarvetna á landinu, sem byggð voru í fyrra og þarf að fá lán handa eigendum þeirra, en þeir eru ekki búnir að senda umsóknir sínar vegna þess, að það er vani hjá bankanum að taka ekki ákvarðanir um, hverjir eigi að fá lánin, fyrr en í janúar eða febrúar. Þótt ekki sé búið að dragast á meiri lán en 150 þús. kr., þá þarf að lána meira út á þau hús, sem voru byggð í fyrra, svo allt í allt þarf a. m. k. 175—200 þús. kr., og síðastl. ár voru til 103 húsa lánaðar 370 þús. kr. Aftur á móti álít ég, að árið 1941 þurfi svo gott sem ekkert að lána, og þá má skera tillagið enn meira niður. Einn fjvnm. hefir haldið því fram við mig, að menn geti þá fengið víxla eða haldið áfram að skulda einstökum mönnum og verzlunum það, sem þeir hafa fengið lánað, þar til fé komi í sjóðinn 1941. Það er að vísu hægt, en mundi valda mönnum ýmiskonar óþægindum, þar sem þeir geta þá ekki staðið við það, sem þeir hafa lofað í trausti þess, að þeir fengju þessi lán.

Því vil ég nú eindregið biðja hv. fjhn., þótt hún hafi ekki athugað till. neitt eða einu sinni haldið fund til að ræða þær þá daga, sem þær eru búnar að liggja frammi, að athuga málið nú, og vil ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann fresti málinu, svo hv. n. gefist tækifæri á að athuga það rækilega.

Þótt ég sé áður búinn að mæla fyrir brtt. mínum, þá vil ég nú segja um þær nokkur orð, þar sem út lítur fyrir, að hv. 1. þm. Reykv. og hæstv. fjmrh. hafi ekki heyrt það, sem ég þá sagði.

Hæstv. fjmrh. er nú að lesa bréf frá bankastjóra Búnaðarbankans um ræktunarsjóð, og mun hann þá sjá, hvernig hag hans er komið. Ríkið hefir skyldað hann með lögum til að veita bændum fasteignaveðslán gegn 5% vöxtum, en jafnframt voru sett ákvæði um, að ríkið skuli greiða þann vaxtamismun, er yrði af þeim bréfum, sem eru í umferð. Þetta hefir ríkið ekki gert, því 17. liður í þessu frv. ákveður, að fresta skuli þessari greiðslu, en varatill. mín beinist að því, að ræktunarsjóður fái a. m. k. þennan vaxtamismun greiddan þar til útlánsvöxtum hans er breytt. Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram, að þetta tillag hefði alltaf átt að greiða. Það hefir e. t. v. verið tilætlun hans og annara hv. þm., sem samþ. þessi l., að svo yrði, en ríkisstj. hefir ekki litið svo á það, því hún hefir síðan 17. liður þessa frumv. var samþ. á síðasta þingi ekki greitt bankanum vaxtamismuninn. En þar sem hv. 1. þm. Reykv. var í n., sem um málið fjallaði, og hefir lagt þann skilning í 17. lið, að það bæri að greiða ræktunarsjóði vaxtatillag á bréfin, þá má vænta þess, að skýring hans hafi hér þýðingu og geti leitt til, að þetta verði leiðrétt.

Ég legg til, að 17. liður verði felldur niður, fyrst og fremst vegna þess, að þeir menn, sem þurfa

að skipta við útibú bankans, sérstaklega austan lands, þurfa margir hverjir að greiða 6½ upp í 7% vexti, og finnst mér ekki nema sanngjarnt, — *og það munu víst allir vera mér sammála* um, — að fasteignaveðslán megi ekki vera dýrari en 5%, en til þess verður þetta ákvæði að haldast.

Hvað snertir brtt. mina við 11. lið, þá er ég áður búinn að benda á það, en skal samt endurtaka það nú, að samkv. jarðræktarl. frá 1931 er ákveðinn viss styrkur til ákveðinna hluta, svo það fer eftir því, hve margir bændur eru í þessum samtökum, hve mikið eyðist. Það er eins með búfjárræktarlögin og jarðræktarl., þar er ákveðið, hve mikill styrkur fáist út á hverja kú, hverja hryssu og hvern búanda, sem er í fóðurbirgðafélagi, og útgjöld verða eftir því meiri, sem þátttakan er meiri í félagsskapnum, og eftir því sem félögunum fjölgar, verða fjárframlögin að vaxa. Þótt ekki sé hægt að segja um það með vissu, hve mikið þessi félagsskapur muni vaxa á árinu 1940, þá er ég viss um, að eins miklu þarf a. m. k. að eyða til hans og ég hefi áætlað, en ég veit um 9 nautgriparæktarfélög, sem á að stofna, og hv. n. getur fengið upplýsingar um það hjá Halldóri Pálssyni, hve mörg fóðurbirgðafélög og sauðfjárkynbótafélög er verið að stofna, en ég þori að fullyrða, að fóðurbirgðafélögin verða ein 30 eða 40 og fjárræktarkynbótafélög eru nú þegar 2 til, en koma ekki á styrk samkv. núgildandi l. fyrr en á árinu 1940. Mér virðist óhjákvæmilegt að hækka þessa upphæð. Aftur á móti má deila um það, hve mikið megi fella niður af 8. lið. Það er ætlazt til, að ræktunarsjóður geti lánað. En ekki er mikið samræmi í því, að þegar verið er að tala um að flytja fólkið úr þéttbýlinu aftur út í sveitirnar, þá á að loka fyrir, að ræktunarsjóður geti veitt bændunum lán til ræktunar og annara framkvæmda í sveitunum, svo þeir geti látið fólkið fá vinnuna. Þetta er líkt og með framlagið til fiskimálasjóðs, sem hv. 10. landsk. var að tala um, að jafnframt því, sem við óskum eftir, að sem flestir fái atvinnu við bátaútgerðina, þá er kippt að sér hendinni með allan styrk til bátasmíða. Ekki einungis er minnkað framlagið til fiskimálanefndar, heldur líka til fiskveiðasjóðsins í Útvegsbankanum. Þessari stefnu er ég á móti. Annaðhvort er að veita svo mikið fé til atvinnuveganna, að menn geti fengið lán til atvinnurekstrar, eða það þýðir ekkert að vera að tala um að setja menn hingað og þangað til vinnu, hvorki á landi eða sjó. Ekki einasta er allur fjárstyrkur tekinn af ræktunarsjóði með þessu frv., heldur er hann einnig skyldaður til að borga 26 þús. kr. með þeim lánum, sem hann er búinn að veita.

Þótt hv. dm. kunni að vera mér ósammála um sumt af því, sem ég hefi sagt, þá hljóta samt þeir af þeim, sem talað hafa um að auka þurfi atvinnuna, að vera mér sammála, því annars eru þeir ekki lengur samkvæmir sjálfum sér.

*Ingvar Pálmason: Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Hv. 10. landsk. mótmælti 4. brtt. á þskj. 402, og vil ég taka í sama streng. Ég hafði hugsað mér að bera fram skrifl. brtt. við þennan lið, en býst við, að ég hætti við það, því ég tel, að það verði heldur verra, að sú brtt. verði felld.

*Hæstv. fjmrh. svaraði hv. 10. landsk. út af ummælum hans um þennan lið á þá leið, að við, sem bærum fyrir brjósti, að fiskimálasjóður yrði ekki sviptur öllum tekjum, værum ókunnugir um tekjuvonir hans. Það má vel vera, en ég vil leyfa mér að æskja, að okkur verði bent á þær tekjuvonir. Það má vel vera, að þær séu svo miklar, að þær vegi upp á móti þessu fjárframlagi, en þar til ég fæ vissu fyrir því, að fiskimálasjóður fái eins miklar tekjur og þessar 100 þús. kr., sem við förum fram á, þá verð ég að halda því fram, að óvarlegt sé að svipta fiskimálasjóð öllum möguleikum til að hjálpa útgerðinni.

Hæstv. fjmrh. sagði, að ekki væri hyggilegt að reisa fleiri frystihús, og væri starfsemi fiskimálanefndar því lokið á því sviði. Þetta tel ég, að sé misskilningur. Okkur hefir enn tekizt að fullnægja eftirspurninni eftir hraðfrystum fiski með þeim frystihúsum, sem til eru, en það er ekki heldur meira en svo. Það kann m. a. að hafa stafað af því, að flutningar á þessari vöru til útlanda hafa verið ógreiðir, og það kann að vera, að með bættum flutningaskilyrðum mætti auka svo söluna, að frystihúsin, sem til eru, geti ekki fullnægt eftirspurninni. Ég tel þetta óvarlegt, eins og nú er ástatt um sölu á saltfiski og eins og útlitið er með hana næsta ár, því það virðist vera svo slæmt, að ómögulegt verði að stunda þorskveiðar við Ísland. Hitt er annað mál, að ekki er útséð um, hve mikinn markað tekst að fá fyrir hraðfrystan fisk. Sem stendur er meginland Evrópu alveg lokað fyrir þennan markað, svo við höfum ekki annað að snúa okkur en til Englands, en á síðasta ári hefir salan þangað líka tvöfaldazt, og má áætla, að hún hefði getað orðið meiri. Svo eru líka möguleikar fyrir því, að nýir markaðir opnist, þegar stríðinu lýkur. Ég álít, að einmitt á þeirri von verði að byggja framtíð þorskveiðanna, því *útilokað er, að hægt verði að byggja hana á saltfisksmarkaðinum, fyrst og fremst af því, að* sem neyzluvara er saltfiskur ekki fyrsta flokks vara, en hraðfrysti fiskurinn er það. En auðvitað tekur nokkurn tíma að vinna honum markað.

Ég tel það ógerlegt að hafa ekki tiltækilegt fé til að styrkja viðleitni manna til að auka hraðfrystingu á fiski. Það þarf ekki að vera svo stór upphæð. Húsin og geymslur eru víða til, en það vantar vélarnar til hraðfrystingar, og get ég hugsað mér, að þær kosti um 30 þús. kr. í hvert hús, og til þess að húsin geti starfað mestan hluta ársins, ætti ekki að þurfa nema 10 þús. kr. styrk á hvert, og mætti t. d. styrkja svo sem 5 hús á ári. Þetta gæti gert það að verkum, að ekki þyrfti fjöldi verkamanna að standa uppi ráðalaus og atvinnulaus á miðju ári.

Ég tel engan vafa á því, að ef við getum hraðfryst allan þennan fisk, þá höfum við meiri möguleika til að selja hann. Sérstaklega tel ég, að við eigum að nota tímann nú til að búa okkur undir að verka meira af okkar fiski á þennan hátt.

Viðvíkjandi því, að ekki sé útlit fyrir, að um

mikla aukningu flotans verði að ræða, þá skal ég fullkomlega játa, að það er ekki útlit fyrir, að byggðir verði margir stórir bátar, og því ekki þörf á að ætla fiskveiðasjóði mikið fé til styrktar byggingu slíkra báta. En það er jafnvíst, að eins og nú standa sakir, mun tæplega vera nokkur leið heppilegri til þess að halda við sjávarútveginum — ég er ekki að tala um að auka hann — heldur en smábátaútgerðin, trillubátarnir. Og nú vitum við, að til þess að geta komið þeim upp svo nokkru nemi, þá verða að vera möguleikar til þess að styrkja þann atvinnuveg, bæði með lánum og jafnvel með styrkjum. Og ég álít, að það megi ekki undir nokkrum kringumstæðum verða látið undir höfuð leggjast, að fiskimálan. geti rækt þetta hlutverk sitt á næsta ári. Ef það skyldi koma fyrir, að enn meiri tregða yrði með aðflutninga, þannig, að við ættum í erfiðleikum með að ná í vörur til þess að halda sjávarútveginum áfram, þá er ekki nein grein útgerðarinnar, sem er líklegri til þess að þola jafnþröngan skó eins og smábátaútgerðin. Með smábátaútveginum úti um landið er nú farið að stunda mest handfæraveiðar. Og við þær er sá mikli kostur, að ekki þarf nema 1—2 handfæri fyrir hvern mann, og bátana yrði kannske hægt að smíða hér. Og ef við svo hefðum möguleika til að hraðfrysta fiskinn, þá hverfur burtu sá stóri liður, saltið, sem við verðum að sækja til annara landa. Ég verð því að telja það mjög varhugavert að svipta fiskimálan. þeim möguleika að halda í horfinu og styrkja sjávarútveginn á einn eða annan hátt með lánum og styrkjum.

Ég held, að varla hefði verið hægt að fara vægilegar í sakirnar í þessu efni en gert hefir verið með því að fara fram á, að fiskveiðasjóður fái að halda svo sem 100000 kr. af útflutningsgjaldi af fiskinum.

Ég held, að það sé mjög tvísýnn sparnaður að halda því til streitu að svipta fiskimálan. þessum tekjumöguleika. Hinsvegar skal ég taka aftur till., ef hæstv. fjmrh. getur bent mér á, að það sé engin hætta fyrir tekjur fiskimálan., þótt hún sé svipt þessum tekjum, af því henni sé séð fyrir nægilegu fé á annan hátt til þess að standa við það hlutverk, sem henni er ætlað. Og er þá ekki nema gott eitt um það að segja.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég vildi skjóta því til hæstv. forseta, hvort það myndi ekki vera hentugust vinnubrögð, að þetta mál yrði tekið af dagskrá nú og sett á dagskrá á morgun, og n. fengi þá tækifæri til þess að athuga brtt.

Hv. 1. þm. N.-M. sagði, að ég hefði heyrt illa við fyrri umr. þessa máls. En sú var nú ástæðan, að ég lá heima í rúminu. Málið var af þeim ástæðum afgr. og brtt. teknar aftur. Fyrir 2. umr. höfðum við ekki tækifæri til að taka afstöðu til þeirra. En nú vænti ég, að það verði til þess að greiða fyrir málinu, að n. taki það til meðferðar í dag og umr. verði frestað og fundi slitið, því þetta mun vera síðasta málið á dagskránni. Mundi þá n. fá tækifæri til að athuga brtt., og væri þá ef til vill hægt að greiða úr þessu.

Umr. frestað,

Á 89. fundi í Ed., 20. des., var fram haldið 3. umr. frv. (A. 4, 402, 431, 438, 520).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég fór fram á það á fundi í gær, að umr. væri frestað þangað til n. gæti verið búin að athuga brtt. þær, sem fyrir lágu, og segja álit sitt um þær, áður en gengið væri til atkv.

Ég skal í fáum orðum skýra frá áliti n. Ég nefni fyrst brtt. á þskj. 431, frá hv. 1. þm. N.-M. N. hefir ekki getað fallizt á neina af þeim brtt. Að vísu hefir n. getað fallizt á, að ástæða væri til að breyta bæði a- og b-lið, ef fullnægja ætti allri eftirspurn, sem verður eftir fé á þeim liðum. En það er nú svo með þessi l., „bandorminn", að þau höggva inn í eftirspurnina, svo að segja alltaf, og það mætti í raun og veru ganga í gegnum alla liði þessara bráðabirgðabreyt. og sjá, að hver einasti liður hefir skorið niður ákveðnar þarfir og eftirspurn, sem var fyrir hendi fyrst þegar liðirnir voru settir.

Ef maður tekur t. d. liðinn um byggingar- og landnámssjóð, þá er það auðvitað, að ekki verður hægt að fullnægja allri þeirri eftirspurn, sem kann að verða á árinu. Upphæðin nær ekki lengra en það, að sumir þeir, sem þar eiga hlut að máli, verða að eiga skuldir sínar hjá kónginum, ef svo má segja; þeir verða að bíða til næsta árs, og maður vonar, að það þurfi ekki að skera niður allt framlagið þá.

Ég held einmitt, að það sé heppileg leið, að draga úr þessu smátt og smátt, fyrst lítið eitt, svo dálítið meira og loks, ef svo hörmulega fer, að halda verður þessari löggjöf áfram, að taka alveg fyrir þessar fjárveitingar.

Ég býst nú ekki við, að það þyki fært á þessum liðum, en það má tilfæra liði í þessum l., þar sem mjög er skert fjárveitingin, en þó ekki alveg tekið fyrir hana.

N. hefir aftur á móti fallizt á brtt. frá sama þm. við síðustu brtt. á þskj. 431, að aftan við 17. liðinn komi það skilyrði, sem þar er tekið fram, og það er vegna þess, að það er ekki heilbrigt á neinn hátt, að lánsstofnun, sem gefur út skuldabréf, þurfi að greiða áframhaldandi meira af þeim bréfum en vextina, sem hún fær. Það er ekki annað en peningadæla út úr þeirri stofnun, sem hefir bréfin í umferð, enda er með því búið að víkja frá þeim grundvelli, sem slík verðbréfaverzlun upphaflega byggðist á. N. hefir því fallizt á þessa brtt. hv. þm., en getur ekki lagt með hinum.

Ég held, að það þýði ekki, þar sem öllum hv. þdm. er ljóst, hvað um er að ræða, að hafa mjög langar umr. um þetta, og það sé rétt að láta atkv. skera úr um það.

Brtt. á þskj. 402 hefir n. fallizt á, að undanskilinni 4. brtt., um að fella niður heimildina fyrir ríkisstj. til þess að veita 400 þús. kr. til fiskimálasjóðs, samkv. l. tölul. 13. gr. l. nr. 75 frá 31. des. 1937. Um þá brtt. get ég sagt það, að n. fellst á þá hugsun, sem er þar á bak við, að það beri að leitast við að spara þessa upphæð fyrir ríkissjóðinn, þannig að það megi reikna honum þessa upphæð til tekna. En hinsvegar þótti meiri hl. n. rétt að koma þannig á

móti óskum þeirra, sem ekki vilja eiga á hættu, að það þurfi að stöðva alveg þá starfsemi, sem þarna er um að ræða, að styðja mótorbátaútveginn og koma upp frystihúsum, heldur væri þó til heimild, svo framarlega sem tekjur fiskimálasjóðs hrökkva ekki til þeirrar starfsemi, að veita allt að 100 þús. kr. í þessu skyni. Það er mitt álit, að það sé rétt að afgr. fjárl. þannig, að það sé eins og þessi upphæð verði ekki veitt, enda tel ég mjög ósennilegt, að hún verði veitt. Ég álít rétt, að ráðh. veiti ekkert af þessari upphæð, svo framarlega sem aðrar tekjur sjóðsins hrökkva til. Mér hefir skilizt, að menn vilji, að trygging sé fyrir því, að hægt sé að veita úrlausn í þessu efni, ef tekjur sjóðsins reyndust ekki það miklar, sem útlit er nú fyrir. Þess vegna hefir n. mælt með þessu.

Ég held ég þurfi svo ekki að segja fleiri orð fyrir mína og n. hönd að svo komnu.

***Jónas Jónsson:** Ég ætla að segja fáein orð út af einum af þessum gömlu liðum í frv., sem staðið hefir síðan 1932. Ég ætla ekki að tala um aðalatriðið, að þjóðleikhúsið var svipt öllum sínum tekjum, eða koma með brtt. í því efni. Ég ætla aðeins að láta hv. þd. vita, að það getur skeð, þó að þetta verði samþ., að það komi fram brtt. við fjárl. um að verja 45 þús. kr. til þess að laga neðstu hæðina í þjóðleikhúsinu fyrir þjóðminjasafnið. Ég ætla ekki að þreyta hv. þd. með umr. um þetta nú. Ég vil aðeins benda á, að fjölda manna stendur stuggur af því að hafa þjóðminjasafnið uppi á lofti undir timburþaki, þar sem það gæti brunnið á 10 mín.

Ég hefi fengið húsameistara ríkisins til þess að athuga, hvernig á þessu mætti taka. Hann álítur, að það mætti fá á neðstu hæð þjóðleikhússins sal fyrir þjóðminjasafnið, sem yrði nokkuð miklu stærri en það húsrúm, sem það hefir nú. Þar að auki ætti það að vera óhugsandi, að það brynni þar.

Þessi viðgerð, sem hann álítur, að megi framkvæma þarna fyrir 45 þús. kr., inniheldur líka hitaleiðslur fyrir væntanlega hitaveitu.

Ég vil svo að lokum segja, að það er alveg óforsvaranlegt að hafa þessa dýru hluti þar, sem þeir nú eru. Það hefir stundum verið talið, að það mætti selja Valþjóðsstaðarhurðina fyrir ½ millj. kr., þó ekki sé fleira talið.

***Bernharð Stefánsson:** Eins og hv. dm. munu sjálfsagt hafa tekið eftir, þá er brtt. á þskj. 520 frá meiri hl. fjhn., en ekki n. allri. Ég sá ekki ástæðu til að vera með flutningi þessarar brtt., því ég álít, að þessi till. sé óþörf, þó að síðasta brtt. á þskj. 402 verði samþ., um það að fella niður heimild ríkisstj. til að greiða af úflutningsgjaldi 400 þús. kr. til fiskimálasjóðs, því ég hefi haldið, að þó þessi sérstaka heimild verði felld úr gildi, þá sé ekki hægt að binda hendur þingsins, ef það vill með fjárl.ákvæði verja upphæð í þessu skyni. Ég álít því, að það eina, sem gert er með þessu, ef þessi till. verður samþ., eða brtt. á þskj. 402, að þá sé það einungis undir ákvæðum fjárl. komið, hvort nokkru fé verður varið í þessu skyni, eða hvað hárri upphæð verður varið.

Hinsvegar má segja, að brtt. frá meðnm. mínum sé skaðlaus, svo ekki er beinlínis hægt að leggja á móti henni, því hún er þannig orðuð, að þetta verður undir ákvæðum fjárl. komið hvort sem er, að öðru leyti en því, að ekki megi verja hærri upphæð en 100 þús. kr. í þessu skyni. Að vísu mætti segja, að ef till. meðnm. minna verður samþ., þá fái stj. heimild til þess að verja af útflutningsgjaldinu allt að 100 þús. kr. til fiskimálasjóðs, án þess að heimild fjárl. komi til. En í fjárl. er útflutningsgjaldið fært sem tekjur og þar frá er dregið það, sem fiskimálasjóður á að fá, og svo er afgangurinn færður út í tekjudálkinn. Útflutningsgjaldið er, ef ég man rétt, áætlað 450 þús. kr., og ef sú afgreiðsla verður á fjárl., að allt útflutningsgjaldið, sem er áætlað 450 þús. kr., er fært út sem tekjur ríkissjóðs og þar er ekkert ætlað til fiskimálasjóðs, þá tel ég heimild ríkisstj. mjög hæpna til þess að taka af útflutningsgjaldinu samt sem áður 100 þús. kr., jafnvel þó brtt. á þskj. 520 verði samþ.

Það er þá þannig, að ég tel fremur litlu máli skipta, hvort heldur verður, en ég álít þó réttara að samþ. till. á þskj. 402, því þá hefir eftir mínum skilningi þingið óbundnar hendur í afgreiðslu fjárl. um það, hvernig það vill haga þessu. Þingviljinn kemur þá alveg í ljós um þetta í Sþ. Ég tel það réttari afgreiðslu heldur en að þessi d. fari að láta í ljós sitt sérstaka álit um það, hvað mikil þessi upphæð eigi að vera. Það gæti síðar rekizt á þingviljann í Sþ.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Hv. 1. þm. Eyf. taldi þessa till. meiri hl. n. í raun og veru alveg óþarfa og sagði um leið, að hún væri meinlaus. Ef hún breytir í raun og veru engu, þá gerir hún náttúrlega ekki mikið. Mér skildist, að honum þætti eðlilegra það, sem stungið er upp á í hinni upphaflegu till., að fella heimildina niður, en áætla í fjárl. útflutningsgjaldið eins og nú er gert, og setja svo ákvæði þar um það, að heimilt sé að veita af því 100 þús. kr. til fiskimálasjóðs. Mér er ómögulegt að koma auga á, að það sé eðlilegri aðferð að byrja fyrst á að gera l. um að afnema heimildina. Ég álít, að það sé þá eðlilegri afgreiðsla að láta l. standa óbreytt, en setja í fjárl. ákvæði um, að það megi veita 100 þús. kr. Það væri í sjálfu sér ekki óeðlileg afgreiðsla.

Mér finnst, að það sé eðlilegri afgreiðsla, sem meiri hl. n. fer inn á, að segja sem svo, að ef í nauðir rekur og fiskimálasjóður fær ekki þær tekjur, sem hann þarf að fá, þá megi hlaupa þarna inn á smáupphæð. Ég álít, að þetta væri réttari aðferð, því útflutningsgjaldið er hvort sem er, eins og allar aðrar tekjuupphæðir fjárl., ekkert annað en áætlunarupphæð. Ef það er tvímælalaus heimild í l. fyrir því, að það megi veita þetta, þá er hún þannig, að hver ríkisstj. er vítalaus af að nota hana, hvort sem hún stendur í fjárl. eða ekki. Menn vita, að þó gleymzt hafi á fjárl. að áætla einhvern tekjulið ríkissjóðs, þá kemur hann inn eftir skattal. Sannleikurinn er því sá, að fjárl.ákvæði

eru í mörgum atriðum miklu réttlægri að því leyti en ákvæði almennra l. Ég álít því óeðlilegt að afnema heimildina, en veita hana svo að nokkru leyti í fjárl.

Hv. þm. færði líka þá ástæðu fram, að það kæmi þá fram vilji í Sþ. um þetta. En vitanlega er það eins með þetta og önnur l., að þau verða að ganga undir samþykki beggja d. Fjárl. sæta að því leyti minni meðferð en önnur l., að þau ganga í gegnum 3. umr., þar sem önnur gang. í gegn 6 umr. Ég hefi því ekki getað sannfærzt af rökum hv. þm., að það væri eðlilegri afgreiðsla, sem hann stingur upp á.

*Erlendur Þorsteinsson: Herra forseti! Ég get verið stuttorður um þetta, því hv. 1. þm. Reykv. hefir tekið fram þau rök, sem þurfti, til þess að andmæla skoðun hv. 1. þm. Eyf.

Ég vil þó segja, að það, sem fyrir okkur vakir, er að tryggja það, að úr ríkissjóði sé hægt að verja allt að 100 þús. kr. til að styðja mótorbátaútveginn og viðhalda og byggja frystihús. Ef fiskimálasjóður fær nægilegar tekjur annarstaðar frá, þá þarf ekki til þess að grípa, að fé sé veitt úr ríkissjóði.

Ég vil endurtaka það, sem hv. 1. þm. Reykv. drap á, að ef skilningur hv. 1. þm. Eyf. er réttari, þá er eðlilegt, að 4. brtt. á þskj. 402 sé tekin aftur og ákveðið sé í fjárl. um þessar 100 þús. kr.

Þegar verið var að ræða um þetta í gær í fjhn., þá taldi hv. 1. þm. Eyf. varasamt að slíta þetta í sundur, því í l. stæði, að greiða skyldi árlega 400 þús. kr., en ekki allt að 400 þús. kr. Það væri því vafasamt, hvort ekki bæri að líta á þetta sem fyrirskipun til ríkisstj. um að greiða 400 þús. kr. í fiskimálasjóð, en við, sem að till. stöndum, höfum fallizt á, að nægilegt væri að veita 100 þús. kr. í þessu skyni.

Mér hefir því skilizt á því, sem fram kom áðan, að hv. 1. þm. Eyf. hafi skipt um skoðun, og það sé því hin eðlilegasta afgreiðsla, að báðar þessar till. séu teknar aftur.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Ég hefi ekki marg að segja í þessu máli, en það er aðeins um brtt. á þskj. 520, sem ég vildi fara örfáum orðum.

Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Eyf., að mér er frekar ógeðfellt, að þessi till. verði samþ., án þess þó að ég telji, að hún breyti nokkru til hins verra, ef hún er í góðra manna höndum. En ég sé ekki, að hægt sé að taka þetta upp í fjárlög, því að hér er ekki um að ræða neina áætlunarfjárhæð til greiðslu, heldur er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að verja þessari takmörkuðu upphæð til fiskimálasjóðs. Ég mun því leggja til í fjvn., að þessar 450 þús. kr., sem talað var um áður og ætlaðar fiskimálasjóði, verði felldar niður jafnt fyrir þessu. Ég vænti, að ekki komi til þess, að þetta verði greitt, og þar af leiðandi er ég ekki að setja mig neitt ákaflega á móti brtt. — En út af því, sem hv. þm. S.-Þ. minntist á, að varið væri af skemmtanaskatti einhverri fjárhæð til þess að breyta þjóðleikhúsinu þannig, að hægt væri að flytja þjóðminjasafnið þangað, þá er ég honum samdóma um það, að eitthvað þurfi að gera til þess að koma gripum safnsins á alveg öruggan stað fyrir eldhættu. Seinasta búnaðarþing beindi þeirri áskorun til Alþ., að gera ráðstafanir til að koma þessum hlutum á óhultan stað, því að hér er um óbætanlegt tjón að ræða, ef illa fer. Hinsvegar er ég ekki viss um, að endilega sé rétt að flytja þessa muni í kjallara þjóðleikhússins.

Ég sé enga ástæðu til þess, að þessi brtt., sem ég gat um á þskj. 520, sem er mjög meinlaus, komi til framkvæmda nema alveg sérstaklega standi á. Mun ég því ekki leggja á móti henni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég vil þakka hv. fjhn., að hún skyldi þó gefa sér tíma til að athuga einn lið af mínum till. og með því komast að raun um, að hann var réttmætur, og mælir n. með honum. Hinsvegar er ég óánægður yfir, að n. skuli ekki ennþá hafa haft tíma til þess að fá búnaðarmálastjóra á sinn fund og ræða við hann um b-liðinn í mínum brtt. Til eru tvenn l. hjá okkur, sem gera ráð fyrir styrk til landbúnaðarins, — þar sem styrkurinn fer eftir því, hve miklar framkvæmdir eru gerðar. Þessi tvenn l. eru jarðræktarl. annarsvegar og búfjárræktarl. hinsvegar. Menn vita aldrei fyrirfram, hve mikið fé þarf til að standast greiðslur samkv. þessum l. Engum hefir því dottið í hug að setja hámark á jarðræktarstyrkinn og hugsa sér, að aldrei yrði eytt samkv. l. nema einhverri tiltekinni upphæð, enda er slíkt ekki hægt, þar sem allir eiga rétt á styrk eftir l. Aftur á móti hefir mönnum dottið slíkt í hug í sambandi við búfjárræktina, og eitt árið var ákveðið að fella niður styrkinn til vissra atriða samkv. þeim l. En þetta varð svo óvinsælt, að menn þorðu ekki að samþ. slíkt aftur. Nú er hinsvegar ekki gert ráð fyrir nema 62 þús. kr., þótt vitað sé, að greiðslurnar muni nema upp undir 70 þús. kr. Vil ég því spyrja hv. fjhn., hvernig hún hugsar sér að láta framkvæma þennan lið. Það er sagt, að búnaðarfélagsstjórnin eigi að ráða því, en hún hefir ekki heimild til að breyta landslögum. Ég veit ekki til þess, að hún geti sagt við bændur, að þótt þeir eigi samkv. l. að fá ákveðinn styrk, þá ráði hún því, að þeir skuli ekki fá nema að vissu marki í þetta sinn. Ef þetta er ætlunin hjá hv. d. — en þetta er síðasta umr. um málið hér — og ef menn samþ. ekki mína till., en hún verður áreiðanlega tekin upp í Nd., þá verður ekki hjá því komizt, að málið þurfi að fara í Sþ. Þingið þarf að segja til um, hvernig á að ná þessum sparnaði. Á að framkvæma hann með sama hætti og síðast, með því að ákveða, að einhver viss liður, sem styrkhæfur er samkv. l., eigi ekki að njóta styrks? — Það voru sýningarnar, sem felldar voru niður síðast. — Eða á að ná honum með því að segja við þau félög, sem eru að byrja starfsemi núna um áramótin: Þið fáið engan styrk. Við látum ekki félagsskapinn aukast þetta ár. Þið eruð að vísu búnir að kosta menn til náms til þess að takast á hendur eftirlit með félögunum, en þið fáið engan styrk. — Á að ná honum með því að

segja við heildina: Við höfum ekki svo mikið fé til umráða, að við getum veitt fullan styrk, — sennilega verður styrkurinn um ½ minni en vant er, og við munum lækka styrkinn hjá öllum aðilum „prósentvís". — Ef Alþ. ekki veitir nægilegt fé til þess að greiða styrkinn, þá verður það jafnframt að ákveða, hvaða liðir, sem styrkja ber samkv. l., skuli falla niður. En Alþ. getur ekki sagt eins og stendur í gr., að búnaðarfélagsstjórnin skuli ákveða það, að hve miklu leyti l. skuli ekki framfylgt.

Mér þykir mjög leitt, að fjhn. skyldi hafa átt svo annríkt í gær, að hún gat ekki talað við búnaðarmálastjóra, úr því að hún fékk málinu frestað til að leita upplýsinga. Búnaðarmálastjóri kom tvívegis inn til n., en hún mátti ekki vera að því að tala við hann, og afgr. svo málið án þess. Mér líka ekki þessi vinnubrögð.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég ætla aðeins að svara fyrirspurn till.manns. Hann spurðist fyrir um, hvernig ætti að framkvæma þetta ákvæði frv. Það stendur þar skýrt, að landbrh. ákveði í samráði við Búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði skuli náð. Ég hefi engu öðru að svara en þessu, og finnst satt að segja, að það lægi næst hæstv. landbrh. að koma hér og mótmæla þessu ákvæði frv., ef það er að hans dómi óframkvæmanlegt. Þetta tel ég fullnægjandi svar.

***Bernharð Stefánsson:** Það er ekki rétt hjá hv. 1. þm. N.-M., að fjhn. hafi ekki gefið sér tíma til að athuga allar till., sem fyrir lágu. Það gerði hún, enda tók hún afstöðu til þeirra allra, þótt hitt sé rétt, að það fórst fyrir, að búnaðarmálastjóri ætti tal við n. Hann hafði þó verið boðaður á fundinn, sem n. hélt um þetta mál, en það stóð svo á þegar hann kom, að hæstv. fjmrh. var þá til viðtals hjá n., og búnaðarmálastjóri kom ekki aftur. En ég geri ráð fyrir, að hv. 1. þm. N.-M. sé þessu máli eins kunnugur og hann. Ég býst við, að rök búnaðarmálastjóra séu svipuð og við höfum nú heyrt færð fram í þessu máli. Það er alrangt, að við höfum ekki gefið okkur tíma til að athuga þær till., sem fyrir lágu. Að öðru leyti ætla ég ekki að tala fyrir hönd n., því að það gerir hv. frsm.

Það er misskilningur hjá hv. 10. landsk., að ég hafi skipt um skoðun síðan í gær. Ég játa, að í fyrstu virtist mér, að 4. till. á þskj. 402 mætti falla niður, þar sem aðeins sé um heimild að ræða í l. um fiskimálasjóð. En ég vona, að hv. 10. landsk. muni það, að þegar við lásum þau l. og veittum því athygli, að þar er einungis talað um 400 þús. kr., en ekki „allt að" 400 þús. kr., þá virtist mér, að það gæti orðið árekstur úr því, ef þetta ákvæði stæði í l. um fiskimálasjóð, en svo væri felld niður úr fjárl. þessi heimild. Þess vegna var það, að við nánari athugun á fundi í fjhn., sem haldinn var í gær, sýndist mér ekki ráðlegt að taka till. aftur. Allt öðru máli er að gegna um þá till., sem meðnm. mínir bera fram, þar sem þeir segja „allt að" 100 þús. kr. Vitanlega er alveg frjálst, hvort greidd er 1 kr. eða 100 þús. kr., ef þeirra till. verður samþ. Þess vegna álít ég, að það sé svipuð afgreiðsla á málinu í sjálfu sér, hvor till. er samþ., því að í raun og veru er öll skylda til þess að verja af útflutningsgjaldi til fiskimálasjóðs burtu fallin, hvor till. sem verður samþ.

Þetta er nú mitt 19. þing, svo að hv. 1. þm. Reykv. þarf ekki að fræða mig á því, að þegar mál, sem kemur frá Nd., tekur breyt. hér í d., þá þarf það að fara aftur til Nd., en það er aðeins hitt, að það er tafsamara, ef ágreiningur yrði milli deilda um þetta atriði, og gæti farið svo, að málið þyrfti að fara í Sþ. En mér þykir nú líklegt, að bráðum sé komið að þinglokum. Það var einu sinni talið sjálfsagt mál, að þingi yrði lokið fyrir jól. Nú eru víst orðnar litlar vonir um það. En mér þætti trúlegt, að því yrði a. m. k. lokið fyrir áramót. En ef menn fyrir smávægileg atriði og eiginlega þýðingarlaus vilja stofna til þess að þvæla málum milli d., þá gæti svo farið, að brygði til beggja vona um, að þingi lyki á þessu ári.

ATKVGR.

Brtt. 431,A felld með 8:3 atkv.
— 402,1.a samþ. með 10:2 atkv.
— 402,1.b tekin aftur.
— 431,B felld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB, IngP, PHerm, PZ.
nei: ErlÞ, JJ, MG, MJ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, EÁrna.

2 þm. (HermJ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 402,2 samþ. með 9:2 atkv.
— 402,3 samþ. með 10:1 atkv.
— 520 samþ. með 11:1 atkv.
— 402,4 þar með ákveðin.
— 431,C felld með 9:2 atkv.
— 438 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., 21. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 533).

Á sama fundi, 90., 91., 94., 95. og 96. fundi í Nd., 22., 23., 27., 28. og 29. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 2. jan., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 533, 541, 547, 620, 623, 635).

***Steingrímur Steinþórsson:** Fjhn. hefir borið hér fram nokkrar brtt. við þetta frv., og skal ég lýsa þeim stuttlega. Það er þá fyrst brtt. á þskj. 620, en þar ber fjhn. fram tvær brtt. um það, að tvær gr. úr frv. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir, á þskj. 595, verði fluttar þaðan og inn í þetta frv. Hv. 1. þm. Rang. (SvbH) hefir mælt fyrir þeim við meðferð þess máls hér í d. á síðasta fundi og getið þess, hvers vegna fjhn. tók þessa afstöðu, og þarf ég ekki að endurtaka það hér. Ég get aðeins tekið það fram, að þessi ákvæði voru um það, að fresta framkvæmd l. um ferðaskrifstofu ríkisins og að fresta prentun á umræðuparti Alþt. fyrir árið 1940. Talið var, að þessar gr. ættu samkv. eðli sínu heima í þessu frv. og væri því sjálfsagt,

ef þessar till. yrðu samþ., að þær yrðu fluttar þangað inn. En þó skal ég nefna það, að ekki voru allir nm. sammála um, að flytja bæri þessi ákvæði inn í þetta frv., ef Nd. vildi samþ. þau, og í öðru lagi voru nm. mjög ósammála um það, hvort ætti að samþ. þau eða ekki.

Hv. 6. þm. Reykv. (SK) hefir borið fram brtt. á þskj. 623, um það, að fella niður síðari hluta fyrri brtt., sem er um það, að heimila ríkisstj. að verja svipaðri fjárhæð eins og sparast með því að fresta framkvæmd l. um ferðaskifstofu ríkisins til þess að bæta aðbúnað á gistihúsum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum. Ég mun ekki ræða þessa brtt. fyrr en hv. flm. hefir mælt fyrir henni.

En sumir þeirra, sem sæti eiga í fjhn., eru því mótfallnir að fresta prentun á umræðuparti Alþt. fyrir árið 1940, og skal ég geta þess, að ég er einn af þeim. Ég er andvígur því, vegna þess að allt frá þeim tíma, er Alþ. var endurreist, hefir verið talið sjálfsagt að prenta umr., og ég er svo fastheldinn, að mér finnst það færi illa á því að fella þetta niður. Ég álít ekki, að þar sé um svo stórt fjárhagsspursmál að ræða, að það geti orkað nokkru um afkomu ríkissjóðs né þjóðarhaginn almennt, og þess vegna sé engin ástæða til að grípa til slíkrar samþykktar. Ég tel, að fjárhagshliðin skipti minnstu máli. En ýmsir halda því fram, að umræðupartur Alþt. sé nú orðinn mjög léleg heimild, því að svo að segja engir af hv. þm. leiðrétti ræður sínar. En mér finnst það heldur leiðinlegt að þurfa að viðurkenna þetta, og ef það er rétt, held ég, að þm. ættu heldur að taka upp hinn forna sið, að leiðrétta ræður sínar, svo að það yrði ekki til hindrunar því, að leyfa mætti þeim að birtast á prenti. Alþ. á að vera opinber stofnun fyrir alla þjóðina, en því aðeins getur það verið það, að Alþt. séu birt almenningi á þennan hátt. Ef Alþ. því er sérstaklega annt um að viðhalda því áliti, að þingið sé fyrir almenning í landinu, verður það ekki gert með því, að almenningi gefist ekki kostur á að fylgjast með þeim umr., sem fara fram á Alþ. Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta að svo stöddu, því að ég geri ráð fyrir, að einhver úr meiri hl. fjhn. geri grein fyrir þessu, því að eins og ég hefi tekið fram, er það meiri hl. þeirrar n., sem er með því að flytja þetta ákvæði inn í frv. Þá ætlast fjhn. til þess, að þessar brtt. verði 19. og 20. liður í 1. gr. frv. til l. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l.

Þá flytur fjhn. brtt. á þskj. 547, sem verður 16. liður 1. gr. og fer í þá átt, að fresta framkvæmd 5. gr. laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Því hefir verið haldið fram, og fjhn. fært rök fyrir því, að aldrei myndi nema eitt læknishérað verða læknislaust í einu. Nefndin féllst á að fella þetta ákvæði niður um leið og heimilað væri, að í prestakallasjóði mætti renna 3 þús. kr. Ég sé ekki ástæðu til þess að tala meira að svo stöddu um þessa brtt.

Það eru nú ekki fleiri till., sem fjhn. hefir borið fram við frv. En svo hefi ég borið fram brtt. við 12. tölul. 1. gr. á þskj. 541, sem í raun og veru þarf ekki að eyða orðum að, en þar er farið fram á að greiða 68 þús. kr. í stað 62 þús. til búfjárræktar. Ég vænti þess því, að hv. d. samþ. þessa brtt.

Ég skal svo geta þess, að eins og hv. þm. vita, er nú kominn 2. jan. 1940, en í 2. gr. frv. stendur: Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1940. — Ég vil því fyrir hönd n. bera fram skrifl. brtt. við 2. gr., svo hljóðandi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ég sé ekki ástæðu til að tala meira um þetta, á. m. k. ekki að svo komnu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 667) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Á þskj. 620 flytur fjhn. brtt. um að fella niður að prenta umræðupart Alþt. fyrir árið 1940. Það er nú ekki í fyrsta sinn, sem till. kemur fram um þetta á Alþ., annaðhvort að fresta að prenta Alþt. eða um það, að hætta að láta skrifa niður ræður manna og birta þær. En slíkar till. hafa ávallt verið felldar. Síðast var þetta til umr. árið 1935; þá bar fjvn. fram slíka till., sem var felld af Sþ., og þar sem mikill meiri hl. þeirra manna, sem þá greiddu atkv. gegn till., eiga nú sæti á Alþ., vildi ég vænta þess, að þau yrðu afdrif þessarar till., að hún yrði felld. Eins og hv. 2. þm. Skagf. tók fram og vitað er, þá hafa þingtíðindi verið prentuð allt frá því Alþ. var endurreist, nærri því um 100 ára skeið. Þrátt fyrir það, þó að ekki birtust orðréttar ræður manna, þá eru þær samt mikilsverðar heimildir fyrir nútímamenn, sem fylgjast vilja með störfum þingsins, og eigi síður mun það þegar frá líður verða talin söguleg heimild, þrátt fyrir það, þó að ekki birtist orðréttar ræður manna. Ég er því í engum vafa um, að það myndi fordæmt af ýmsum seinni tíma mönnum, ef hætt yrði að prenta þingtíðindin. Það má einnig benda á, að sem betur fer er ekki það hallæri hér á landi nú, að ástæða sé til þess að láta hætta að prenta þingtíðindin. Það má benda á, að á hinu mikla hallæristímabili, sem gekk yfir landið 1880 til 1890, var þessu haldið áfram, enda þótt þau útgjöld, sem af þessu stöfuðu, væru þá miklu stærri hluti af útgjöldum ríkisins heldur en nú er. Þessi útgjöld eru nú hlutfallslega miklu minni en þau hafa nokkru sinni áður verið. Ég tel það mjög illa ráðið, ef farið verður á þennan hátt að loka þinginu að verulegu leyti fyrir mörgum landsmönnum. Ég vil benda á það ennfremur, að einmitt með því að gera þessar ráðstafanir, sem hér er lagt til, þá er þeim mönnum, sem eru á móti þingræðinu, gert léttara fyrir en áður að bera fram við landslýðinn ýmiskonar blekkingar um það, hvað gerist á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Það er ekki rétt af okkur að draga á þennan hátt úr þeim upplýsingum, sem almenningur getur fengið af störfum þingsins. Ég vil að síðustu benda á í sambandi við þessa till. um að fresta prentun Alþt. árið 1940, að þingið fyrir það ár er ekki byrjað, en ef útlitið verður svo óskyggilegt, þegar þingið hefst, að þessi ráðstöfun þyki nauðsynleg, þá er nógur tími til að bera slíka till. fram þá; það er

engin þörf á því að lögfesta slíkt nú. Ég vil vænta þess, að hv. þd. felli þennan lið till., og vil jafnframt vænta þess, að forseti beri hann upp sérstaklega.

*Jón Pálmason: Ég geri ráð fyrir, að hv. þd. hafi veitt því athygli, að ég hefi flutt brtt. við frv. ásamt hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Rang. Brtt. er á þskj. 635 og fer fram á það að fresta á þessu ári framkvæmd l. um eftirlit með opinberum rekstri, svokölluðum rekstrarráðum. Eins og menn muna, var þessi löggjöf sett 1935 á þeim grundvelli, að þetta ætti að vera áhrifaríkt vald, sem ætti að koma í veg fyrir, að það fé yrði misnotað, sem Alþ. veitti, og að það færi ekki fram úr áætlun. Nú hefir reynslan orðið sú, að þessi löggjöf hefir haft litla þýðingu. Þess vegna er það, að fjvn. hefir lagt til, að framkvæmd þessara l. falli niður næsta ár. Ég skal geta þess strax, að till. er miðuð við það, að þessi l. væru til umr. og afgreiðslu fyrir áramót. Þess vegna stendur, að umboð þeirra, sem um ræðir í þessum l., falli niður frá 1. jan. 1940. Af því nú er komið fram yfir áramót, er rétt að flytja skrifl. brtt. við þessa grein, að í staðinn fyrir „1. jan." komi: nú þegar. — Ég skal svo ekki fara um tillöguna fleiri orðum.

Út af því, sem hv. þm. V.-Húnv. og hv. 2. þm. Skagf. sögðu um brtt. þá, sem komið hefir fram um að fresta prentun Alþt. fyrir árið 1940, vildi ég segja nokkur orð. — Till. þessi er, eins og menn vita, runnin frá hv. fjvn., eins og margar till. hér. Þessi till. er um það, að draga saman þann kostnað, sem hjá ríkinu hefir verið undanfarin ár; hún er einn liður í því kerfi, sem n. hefir hugsað sér til þess að færa niður gjöld, sem á ríkinu hvíla. Það eru þó fáar till. í þessu kerfi, sem miða að því að færa niður gjöldin.

Ég verð að segja það hvað mig snertir, að ég mundi aldrei hafa gengið inn á það, að færa niður gjöld á fjárl. til nýbýlasjóðs, hefði ég ekki búizt við, að það ætti að ganga miklu lengra í því að færa niður þau gjöld, sem ekki eru nauðsynleg, t. d. eins og það, að fresta prentun Alþt. Ég skal þó játa, að það er minni ástæða til þess að samþ. hana en ella myndi, af því að þingið hefir ekki lagt rækt við að lækka útgjöldin á öðrum sviðum. Eigi að síður verður að taka það til athugunar, hve miklu sé sleppt við að samþ. þessa till. Ég skal ekki halda um það langa ræðu, en aðeins geta þess, að aðstaðan er breytt frá því, sem áður hefir verið, þar sem landsfólkið fær nú útvarpsfréttir af því, sem gerist á þinginu. Menn hafa einnig tækifæri til þess að fylgjast með blöðum landsins. Þar að auki er til þess ætlazt, ef þessi till. verður samþ., að ræður manna séu skrifaðar á þinginu eftir sem áður og handritin geymd. Út í þetta skal ekki farið lengra, því það er sjálfsagt nokkurn veginn ljóst fyrir öllum þm., hvað hér vakir fyrir, því hér er um að ræða 40 þús. kr. útgjöld, og um það hvort þessi gjöld eigi að spara eða ekki. Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en leyfa mér að afhenta hæstv. forseta skrifl. brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 666) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil aðeins lýsa yfir því f. h. þm. Alþfl., að þeir munu greiða atkv. á móti því að fella niður prentun Alþt. Þessi till. á ekki þann rétt á sér nú eins og fyrst þegar hún kom fram. Í síðasta ófriði, 1914—18, var aldrei gripið til þess að fella niður prentun Alþt., og það þarf vissulega meira hallæri en nú er til þess, að gripið verði til slíkra ráðstafana, og við vonum allir, að til þess komi ekki. Þó að það megi nefna þá breyt., sem orðið hefir síðasta áratug með útvarpinu, þá kemur útvarpið aldrei í staðinn fyrir Alþt. Það hefir reynzt svo á okkar þingi, að það hefir heldur dregið úr notkun útvarps fyrir þingið. Það sama má segja, að orðið hafi á öllum Norðurlöndum, að mjög hefir dregið úr notkun útvarps í sambandi við þinghald. Það gilda sumstaðar, t. d. í Englandi, bönn við því að útvarpa ákveðnum málum frá þinginu. Alþt. eru örugg-asta sönnunin, sem samtíðin getur fengið um það, hvað gerist á þinginu. Prentun Alþt. stendur í lífandi sambandi við okkar stjórnskipulag, og það mundi verða því skipulagi hættulegt, að slík prentun félli niður.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta, en vildi, að það kæmi í Alþt., sem ég vona, að verði prentuð. Alþfl. stendur á móti því, að þau séu felld niður. Það þarf neyðarástand til þess að grípa til slíkra ráðstafana, og þó að gripið yrði til þess, mundi það vafalaust verða prentað upp síðar, sem niður hefði fallið.

*Pétur Ottesen: Það fara nú að ganga nokkuð víða umr. um þessi mál. Þær byrjuðu í sambandi við annað frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil þó segja það út af því, sem fram hefir komið hér, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, er einn liður í því samkomulagi, sem orðið hefir innan stj., eftir því sem ég bezt veit, um að greiða götu ýmissa till., sem eru fólgnar í frv. um að fresta framkvæmd ýmissa ráðstafana í sambandi við ófriðarástandið. Þess vegna þykir mér það einkennilegt, ef ég á að skilja það svo, að þetta sé samkomulag, þegar einn af þm. jafnaðarmanna stendur hér upp og lýsir því yfir, að jafnaðarmannafl. sé á móti þessu ákvæði.

Það hefir þá eitthvað skolazt til á leiðinni til mín um afstöðu ríkisstj. til þessa frv., ef þetta er tilfellið. Ég þykist hafa góðar heimildir fyrir því, að stj. öll hafi sameiginlega afstöðu til þess að greiða götu þessara ákvæða um að fella niður prentun umræðuparts Alþt. fyrir árið 1940. Það hafa ýmsir hér verið að reka hníflana í þessar till., sem hér liggja fyrir, og er það náttúrlega ekki í áframhaldi af því, sem til var ætlazt, þegar till. voru bornar fram. Þó eru numdir í burtu þeir agnúar, sem ýmsir hafa vitnað í.

Að því er snertir niðurfellingu Alþt., þá er það að segja, að þetta er ekkert nýtt mál hér á þingi; það hafa oft komið fram till. um að fella þetta niður. Það er um gerbreyttar ástæður að ræða að því er það snertir að láta lands-

fólkið fylgjast með því, sem gerist í meðferð mála á þinginu. Áður fyrr var náttúrlega ekki um aðra leið að velja heldur en þá, að lesa Alþt., til þess að kynna sér mál þingsins. Nú er sem kunnugt er þetta breytt, bæði að því er blaðakost snertir og nú er einnig útvarpið komið til sögunnar og flytur daglega fregnir af öllu, sem á þinginu gerist. Niðurstaða mála er lesin upp í útvarpinu og einnig grg., sem fylgja frv. Þannig er það, að þessi mál koma fyrir eyru alþjóðar, þeirra, sem vilja hlusta á útvarpið, og einnig kemur það í blöðum. Einnig geta menn gert sér ljósa grein fyrir afstöðu einstakra þm. með því að fylgjast með atkvgr. Þannig eru ótal leiðir til þess að koma þessu á framfæri við landslýðinn. Þetta er því breytt aðstaða, og ekki nema eðlilegt, þó að þær framfarir, sem orðið hafa, komi hér til greina og verði til þess að breyta þessu. Það er vitanlega sjálfsagt að varðveita umr. og geyma handritin. Ég tel, að það væri rétt að láta vélrita ræðupartinn og eiga hann eins og í 4 eintökum til frekara öryggis fyrir seinni tímann.

Ég tel þess vegna, að þessi breyt. sé ekki annað en afleiðing af breyttum aðstæðum í þessu landi, sem engum dettur í hug að rísa upp á móti, þar sem allt verður að breytast og laga sig eftir hinum breyttu aðstæðum í þessum efnum.

Ég veit ekki annað en um þessa liði hafi orðið samkomulag innan ríkisstj. um að koma þeim fram. Ég læt mig þess vegna ekki miklu skipta, þó einstaka þm. sé að reka hníflana í eitt og annað, því ríkisstj. er ábyrg um að koma þessu áfram, þar sem hún er búin að taka þetta að sér.

Þessu máli öllu var skotið til ríkisstj., og það, sem hún gat fengið samkomulag um, átti fram að ganga. Við sjáum svo, hvernig ríkisstj. tekst að koma þessu áfram. Það er nokkurskonar prófsteinn á styrkleika hennar og samstarfið í hinum einstöku flokkum.

Það á ekki við að ræða aðrar gr. í frv., t. d. 5. gr., um útvarpið, nú. Ég mun þess vegna láta bíða að gera mínar aths. við þær umr., sem fram fóru um það hér áður.

*Sigurður Kristjánsson: Ég á brtt. á þskj. 623 við fyrri liðinn, sem fjhn. hefir lagt til, að færður verði af frv. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir yfir á þetta frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. — Ég skal taka það fram, að ég vissi ekki annað, þegar þessar brtt. voru að fara í prentun, en þar væri miðað við tölul., en nú sé ég, að þær koma fram í stafl. 1. brtt. er við þá gr. í frv. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir, þar sem lagt er til, að fresta skuli framkvæmd l. um ferðaskrifstofu ríkisins. Við lítum svo á allir nm., að ef þetta væri samþ., þá ætti það heima í frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l., og lögðum við þess vegna til, að það væri fært þangað. En ég var ósammþykkur síðari málsgr. gr., að heimila ríkisstj. að verja svipaðri upphæð til þess að bæta aðbúnað á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum, því það er meiningin að innheimta þetta gjald, sem átti að vera til að halda uppi ferðaskrifstofu, en því er bætt við, að það eigi ekki að fara beint í ríkissjóð, heldur megi það fara til að auka hreinlæti á gististöðum úti um landið og bæta skilyrði til gistingar. Ég er sannfærður um, að þó mjög sé ábótavant skilyrðum til gistingar víða á landinu, þá er það órannsakað mál, hvort þetta fé hefir mikla þýðingu í þessu sambandi. Það verður fyrst að liggja fyrir athugun um það, hvað gera eigi með þessu fé. Það er þess vegna rétt, að ríkissjóður taki við þessum tekjum í almennar þarfir, þangað til búið er að gera einhverja athugun á því, hvað nauðsynlegt er að gera til þess að bæta skilyrði til gistingar, og hvað slíkt myndi kosta.

Ég held þess vegna, að það væri rétt fyrir hv. d. að fallast á, að síðari málsgr. falli niður, enda væri þá síðar hægt að taka upp greiðslu úr ríkissjóði, ef hann er þess megnugur, til þess að bæta gististaði í landinu, ef það sýnist vera hægt að gera það fyrir smáupphæð, því hér er vitanlega ekki nema um smáupphæð að ræða. Mér þykir ólíklegt, að stj. kæri sig um að taka við þessu á þennan hátt, því það er vandaverk að ákveða, hvar eigi að nota þetta fé, þar sem svo mikil þörf er fyrir hendi.

Um hinn liðinn, prentun þingtíðindanna, ætla ég að segja örfá orð. Ég ætla í fyrsta lagi að lýsa því yfir, að ég er því mótfallinn, að hætt sé að prenta þingtíðindin, en ef sú till. verður samþ., þá álít ég eins og meðnm. mínir, að hún eigi heima í frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l.

Rök mín fyrir því, að ekki beri að hætta að prenta þingtíðindin, eru að miklu leyti hin sömu og þeirra, sem hér hafa talað. Ég tel ekki hæfa að loka þessari heimild fyrir almenningi, hvort sem hún er meira eða minna notuð. Ég vil segja það um kostnaðinn, að ég held, að hann myndi ekki minnka mikið, þó hætt væri að prenta þingtíðindin. Ég er sannfærður um, að skjalaparturinn myndi bólgna geysilega mikið. Þegar menn vissu, að ræður þeirra kæmust ekki til almennings, þá myndu menn taka upp það ráð að skrifa heilar ritgerðir í skjalapartinn sem grg. fyrir máli sínu, og ég er óviss um, að það yrði miklu ódýrara en prentun þingtíðindanna.

Sú mótbára gegn því að prenta umræðupartinn, að hann sé ekki rétt mynd af því, sem sagt er í þinginu, hefir við nokkuð að styðjast. Þegar menn leiðrétta ekki ræður sínar, þá er ekki við öðru að búast en þar standi mikið af ónákvæmni og að málfarið sé oðruvísi en það var hjá manninum, þegar hann flutti ræðuna. Þó ræðurnar séu leiðréttar, þá er heldur engin trygging fyrir því, að þær komi réttar fyrir almenningssjónir, því þm. geta breytt því, sem þeir hafa þó vissulega sagt.

En það er einfalt ráð til þess að ræðurnar verði eins og maður talar þær, og það er að láta menn tala í hljóðnema. Mér er sagt, að sá útbúnaður kosti ekki geysimikið. Þá yrði hver ræða að vera eins og hún er töluð, því þá fengju menn ekki að breyta neinu, og gæti það orðið til þess, að ekki yrði eins mikið málskraf á þessari samkundu og verið hefir, ef menn vissu, að hvert orð kæmi fyrir almenningssjónir eins

og þeir hafa talað það. Ég tel það ótækt að gefa fólki ekki kost á að sjá, hvað menn hafa sagt og hvernig menn hafa greitt atkv. við nafnaköll um þingmál.

Það er ein brtt. á þskj. 635, sem minnzt hefir verið á, en hún er um það, að fresta framkvæmd l. um svokölluð ráð. Mér þykir ástæða til að minnast á þetta, þar sem mér er þetta mál dálítið kunnugt. Þegar þessi ráð voru samþ., þá var ég mótfallinn því, að það væri gert, en síðan hefi ég átt sæti í einu af þessum ráðum, móti vilja minum. Ég hefi aldrei haft trú á þeirri leið til þess að hafa eftirlit með opinberum rekstri. Ég hefi lagt til, að í þeirra stað hefðu endurskoðendur ríkisreikninganna, a. m. k. einn þeirra, daglega slíka gagnrýni á hendi. Af þessu geta hv. þm. skilið, að mér er ekki mjög annt um þessi ráð. En mér þykir það hlægilegt að koma með till. um að fresta framkvæmd þessara l., en koma ekki með till. um að afnema þau. Þetta á víst að vera sparnaðartill. En vita menn, hvað þessi ráð kosta? Ég hefi nokkra vissu fyrir því, að það ráð, sem ég starfa í, hefir starfað mest af þessum ráðum, en fyrir starf í því ráði voru greiddar á síðastl. ári 900 kr. Það er því ekkert fjárhagslegt gagn að því að fresta framkvæmd l. um þessi ráð. Mér þykir líklegt, að hin ráðin hafi ekki nema ⅓ af þessari upphæð.

Þar sem um þetta hefir verið rætt nokkuð, þá vil ég geta þess, að það ráð, sem ég starfa í, skrifar mánaðarlega skýrslu um tekjur og gjöld þeirra stofnana, sem það er sett yfir. Það reiknar út þessi gjöld og ber þau saman við fjárveitingarnar, og ef einhver liður fer fram úr áætlun, þá sendir ráðið ráðh. það til athugunar. Ég get getið um það, að ráðið hefir eftir beiðni ráðh. rannsakað eina stofnun og gert till., sem þegar eru komnar til framkvæmda, um útgjaldasparnað, sem nemur um 60 þús. kr., og það er þó stofnun, sem ekki hefir rekstur upp á 1 millj. kr. Ég hefi getið þessa til þess að skýrt sé rétt frá um þetta, svo menn hafi ekki rangar hugmyndir um þessi ráð.

Ég mun að sjálfsögðu ekkert hafa á móti því, að framkvæmd l. um þessi ráð sé frestað. Mér finnst það þó hlægilegt, þegar ætlunin er að koma með eitthvað til sparnaðar fyrir ríkið, að það skuli þá ekki vera komið með frv. um að fella þessi l. úr gildi. Það er það eina, sem vit væri í til sparnaðar í þessum efnum, því það gæti orðið til þess, þegar þessi ráð væru úr sögunni, að þingið setti eitthvert öryggi í staðinn, en það er hlutur, sem ég þykist hafa sýnt fram á áður, að það vantar gagnrýni á eyðslu ríkissjóðsins, sem framkvæmd er á sama tíma og greiðslurnar fara fram. Það þýðir lítið að vera að endurskoða ríkisreikningana löngu síðar, eða 2 árum eftir að greiðslurnar hafa farið fram.

Ég vil því alvarlega beina því til hv. þm., að ef þeir vilja halda við og auka gagnrýnina á greiðslum úr ríkissjóði, þá verður það ekki gert með þessum ráðum, heldur með því að hafa daglega gagnrýnandi endurskoðanda hjá ríkinu, en hitt vil ég einnig, að þessi ráð séu látin njóta sannmælis, því eftir því, sem ég þekki til, þá hafa þessi ráð reynt að rækja sitt starf og þau kosta ríkissjóðinn sáralítið.

*Steingrímur Steinþórsson: Ég mun ekki hafa langt mál um þetta. Ég ætla fyrst aðeins að minnast á brtt. á þskj. 635, frá hv. þm. A.-Húnv. og fleirum, um að fresta framkvæmd l. um eftirlit með opinberum rekstri. Fjhn. hefir ekki tekið afstöðu til þessarar till., svo ég veit ekki, hvernig einstakir nm. líta á hana. En einn nm., hv. 6. þm. Reykv., sem á sæti í einu ráðinu, talaði um hana út frá sínu sjónarmiði. Mér skildist á honum, að hann hefði upphaflega verið á móti þessum ráðum og hann teldi rétt að afnema þau. Hann taldi þó, að þessi ráð hefðu gert eitthvert gagn. Hann hélt því jafnframt fram, að þessi ráð kostuðu ríkið lítið, þar sem dýrasta ráðið og það ráð, sem hann á sæti í, kostaði ekki nema 900 kr. á ári. Ég hygg, að ef þau gera eitthvert gagn, sem mér skildist á hv. þm., að þau gerðu, þá sé það ekki ofborgað með þessum kr. Ég verð að segja, að eftir ræðu hv. þm. fóru að renna á mig tvær grímur með það, hvort ég ætti að fylgja þessari brtt.

Þá er brtt. á þskj. 623, frá hv. 6. þm. Reykv., um að fella niður síðari hluta a-liðs á þskj. 620, um að heimila ríkisstj. að nota þá upphæð, sem þarna sparast, til þess að bæta útbúnað á gististöðum og fleira í því sambandi. Mér virðist, að ekki sé mjög langt bil milli hv. þm. og annara í fjhn., sem ekki vilja ganga inn á að samþ. þessa brtt., sem hv. þm. bar fyrst fram í fjhn. Hv. þm. viðurkennir, að það muni vera brýn þörf á, að eitthvað sé gert í þessum efnum, að bæta aðbúnað á gistihúsum og athuga betur um hreinlæti á ferðamannaleiðum. Hv. þm. taldi það helzt mæla á móti því að samþ. þetta nú, að ekki hefði farið fram nauðsynleg rannsókn á þessu ennþá, og taldi hann, að ríkisstj. ætti að láta þá rannsókn fara fram og síðan heimila fé úr ríkissjóði til þessara aðgerða. Ég ber nú það mikið traust til ríkisstj., að þar sem þarna er aðeins um heimild að ræða, þá vil ég fela henni þetta í því trausti, að hún láti athuga, hvað nauðsynlegt er að gera, og leggi ekki í aðrar framkvæmdir en þær, sem hún telur nauðsynlegt að gera eftir því ástandi, sem fyrir hendi verður á hinu nýbyrjaða ári. Með það fyrir augum hefir sá hluti n., sem ég fylgi í þessu, ekki viljað fella niður síðari hluta gr.

Það kann vel að vera, að ástandið á hinu nýbyrjaða ári verði þannig, að engin ástæða sé til að hefja framkvæmdir í þessum efnum, því ef til vill koma engir ferðamenn til landsins. Ég sé ekki annað en það sé óhætt, ef þörf er á að gera eitthvað í þessum efnum, að heimila ríkisstj. að gera það, og það er ekkert annað, sem farið er fram á með þessu ákvæði í a-lið brtt. á þskj. 620.

Ég ætla ekki að ræða frekar um prentun þingtíðindanna, því ég hefi sagt álit mitt um það efni áður, en ég vil taka það fram út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, þar sem hann áleit, að við, sem værum á móti þessu ákvæði og ef til vill einhverjum öðrum ákvæðum, sem fram hafa komið frá fjvn., værum bundnir við að fylgja till. í öllum atriðum, að ég get ekki verið þessu samþykkur. Fyrst og fremst er það af þeirri ástæðu, að ríkisstj. hefir aldrei komið á fund fjhn. til þess að ýta undir það, að n. fylgdi

þessu, og í öðru lagi hefir ríkisstj. ekki þannig beitt sér fyrir þessu máli í umr. hér í hv. d., að það líti út fyrir, að hún hafi þessa aðstöðu til málsins. Ég hefi litið þannig á, þó sjálfsagt væri, að höfuðatriðin næðu fram að ganga, eins og ég álít líka, að gert hafi verið, þá væri langt frá því, að einstakir þm., sem annars styðja ríkisstj., væru bundnir við að fylgja þessum till. í einstökum atriðum. Það, að fella niður prentun þingtíðindanna, er gamalt deilumál í þinginu, svo það er ekki að vænta þess, að þeir þm., sem áður hafa verið andvígir því að fella niður prentun þingtíðindanna, muni fylgja því frekar nú, nema þeir þá sjái, að viðtækar ástæður séu fyrir hendi til þess að gera það. En ég hefi ekki getað sannfærzt um það af rökum þeirra hv. þm., sem mælt hafa fyrir því að fella prentunina niður.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða frekar um þetta.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég held, að þær brtt., sem hér liggja fyrir við frv., séu ekki svo mikils varðandi um hag ríkissjóðs, að ríkisstj. hafi neina ástæðu til þess að leggja sérstaklega á móti neinni þeirra.

Brtt. á þskj. 541, frá hv. 2. þm. Skagf., sem fer fram á það, að ríkissjóður greiði 6 þús. kr. meira til búfjárræktar en gert er ráð fyrir í frv., sé ég ekki að geri neitt til eða frá fyrir fjárhag ríkissjóðs.

Brtt. á þskj. 547, um læknishéraða- og prestakallasjóði, sem fer fram á 3000 kr. greiðslu í prestakallasjóði, getur heldur ekki varðað neinu fyrir ríkissjóðinn.

Þá eru loks brtt. um að færa inn í frv. ný ákvæði, sem áður hafa verið í öðru frv., og mér finnst satt að segja, að þær till. séu heldur ekki svo mikils varðandi, að ríkisstj. hafi neina sérstaka ástæðu til að hafa nokkur sérstök afskipti af því, hvort þær verða samþ. eða ekki.

Veigamesta till. er á þskj. 620, um að fresta prentun á umræðuparti þingtíðindanna fyrir árið 1940. Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. sagði, að þessi till. er borin fram í samráði við ríkisstj., ásamt ýmsu öðru, sem fjvn. hefir tekið til greina að meira eða minna leyti. Ég get staðfest það, að það var samkomulag um það innan ríkisstj., að þessum till. skyldi verða hreyft. Ég fyrir mína parta hefi haft þá skoðun, að þetta væri minna fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð en margir vilja vera láta. Sannleikurinn er sá, eins og hv. 6. þm. Reykv. benti sérstaklega á, að önnur prentun þingtíðindanna myndi vaxa nokkuð við þetta, vegna þess, að það kæmi fram í skjalapartinum ýmislegt, sem annars er í umræðupartinum. Það er líka ýmiskonar kostnaður við umræðupartinn, þó hann sé ekki prentaður, sem helzt eftir sem áður, og verður kannske nokkru meiri en áður. Ég get fært nokkur rök að því, að kostnaðurinn myndi sennilega verða engu minni, ef umræðuparturinn verður ekki prentaður, heldur en þó hann væri prentaður, þegar líka er eins ástatt eins og nú, að það er fyrirtæki ríkisins, sem vinnur þetta verk, en af því leiðir, að ef prentunin er felld niður, þá verður afkoma þessa ríkisfyrirtækis nokkru lakari heldur en ef það hefði áfram þetta verk. Það má gera ráð fyrir, að þetta verði að taka úr einum vasanum og láta í hinn, ef fella á niður prentunina.

Það er á gangi vísa hér í þingsölunum um, að ríkisstj. ætli að fara að fara að verða góð stjórn. Eftir málvenjunni er venjulega átt við, þegar drengur á að vera góður drengur og stúlka góð stúlka, að þá eigi að sýna þeim eftirlæti, sem svo hefir mælt. Ég hygg, að svo muni og verða um ríkisstj., hún muni verða þinginu eftirlát um það, hvernig farið verður með þessa till., og ekki gera það að neinu deilumáli, hver úrslit till. fær.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég hefi áður talað um þetta mál, þegar það var hér til 1. umr., og lýst afstöðu minni til þess, hvað ég ætla ekki að endurtaka. Það er auðséð, að svo slæmt sem þetta frv. var í upphafi, þá hefir það þó versnað í meðferðinni og niðurskurðurinn á ýmsum gömlum l. orðinn enn meiri en áður, en ég ætla ekki að sinni að fara frekar út í það. Hinsvegar ætla ég að víkja að þeim brtt., sem nú liggja fyrir, og skal ég þá sérstaklega víkja að fyrstu brtt., um að fresta prentun þingtíðindanna.

Ég hefi áður komið inn á þetta mál; það var þegar sú till. lá hér fyrir í sínu gamla höggormslíki. Ég lýsti þá andstöðu okkar flokks við till., og get ég ekki sagt, að ég sé hrifnari af henni, þótt hún hafi nú verið sett inn í bandorminn. Út af ummælum hv. þm. Borgf. um till. vil ég minnast frekar á það, sem hann sagði, að vegna þess blaðakosts, sem flokkarnir nú hefðu til umráða, væri frekar hægt að sleppa prentun umr.parts Alþt. Blöðin birta yfirleitt lítið um þingið. Þau minnast ekki einu sinni á öll mál, sem fyrir það koma, og þau birta yfirleitt alls ekki þingræður, ekki einu sinni ræður sinna eigin flokksmanna, og það, sem þau skýra frá af þessu, er yfirleitt mjög litað, eftir því hvaða flokkur hefir átt í hlut í hvert skipti og hvaða flokks blöð það eru, sem skýra frá, svo blaðakosturinn hjá okkur er, hvað snertir upplýsingar um ræður frá Alþingi, einskis virði, og stundum verri en það, ef nota ætti hann til þess að fá þaðan sögulegar heimildir. Við þekkjum það, að þótt aðeins sé skýrt frá almennum fundi úti á landi, þá eru ummæli blaðanna oft svo mismunandi, að erfitt er að finna, að það sé sami fundurinn, sem skýrt er frá. Það nær ekki nokkurri átt að ætla að vísa mönnum í þessar heimildir. Viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði, að menn fengju að heyra í útvarpinu af þingtíðindunum, þá er þar aldrei sagt frá neinum ræðum, þannig að landslýðurinn fær ekkert að vita um þær ræður, sem fluttar eru í Alþingi. með þingtíðindum útvarpsins. Það er langt frá því, að nokkrar þær framfarir, sem orðið hafa viðvíkjandi blaðakostinum og útvarpinu, geti að öllu leyti komið í stað prentunar Alþt. Þegar svo það bætist ofan á, að skera á niður útvarpsumr. þær, sem fram fara hér, eins og stjórnarflokkarnir hafa nú ákveðið, þá hefir þörfin fyrir prentun umr.partsins sannarlega ekki minnkað.

Það var skemmtilegt að heyra yfirlýsingu hv. þm. Borgf. og bera hana saman við ræðu hæstv. forsrh. í hv. Ed. fyrir skömmu, þegar rætt var um lögregluna þar. Hv. þm. Borgf. lýsti því yfir, að ríkisstj. væri ábyrg fyrir því, að þetta frv. kæmist í gegnum þingið, rétt eins og framkvæmdarvaldið ætti að fara að skipa löggjafarvaldinu fyrir um, hvað það ætti að gera, en hæstv. fjmrh. lýsti því yfir, að þetta myndi ekki verða gert að kappsmáli, heldur yrði þingviljinn látinn ráða, og virtist hæstv. fjmrh. vilja undirstrika, að hann liti öðruvísi á þetta en hæstv. forsrh. gerði, þegar hann gaf sýnar yfirlýsingar í sambandi við ríkislögregluna. Virtist hann vera farinn að óttast, að nú væri að skapast hér ný stjórnarkreppa, og þar sem ekki eru liðnir nema eitthvað 2 eða 3 dagar síðan við lá, að ríkisstj. væri felld, þá er eðlilegt, að hún fari nú varlega í sakirnar.

Annars gleður það mig, hvað þetta frv. fær slæmar undirtektir, þar sem hver hv. þm. hefir staðið upp á fætur öðrum til að mótmæla því. Ég vil undirstrika það, sem hv. þm. V.-Húnv. tók fram, að frá lýðræðislegu sjónarmiði væri hættulegt að hætta að prenta þingtíðindin. Það er sannarlega ekki svo mikið eftirlit, sem alþýða manna getur haft með þinginu, og svo léleg sem þau tök eru, sem kjósendurnir hafa á þm. almennt nú orðið, þá er ekki þar á bætiandi.

Að síðustu vil ég minnast á brtt. um ráðin. Ég verð að segja, að þegar ég sá þessa brtt. fyrst, og þegar hv. 6. þm. Reykv. byrjaði að tala, þá virtist mér hann færa ákveðin rök fyrir því, að þessi ráð væru aðeins slæmur og gagnslaus bitlingur, sem ekki mundi gera neitt gagn. En ef á það er litið frá því sjónarmiði, hvort eigi að spara með því að koma þessari till. í gegn, þá virtist nú með því dæmi, sem hann nefndi, þar vera kastað frá sér möguleika til að spara 60 þús. kr. með því að borga 900 kr. Ég verð því að segja, að þótt ég hafi litla tiltrú á þessum ráðum, þá finnst mér, að þau mættu fá að sýna sig heldur lengur en þau hafa gert.

Þá kem ég að því, sem ég vildi segja almennt viðvíkjandi þessu frv.

Það sækir áfram í sama horfið í öllum þeim liðum, sem bætzt hafa inn í „bandorminn". Niðurskurðurinn er alltaf á verklegum framkvæmdum og þörfum styrkjum, en aldrei á því, sem raunverulega mætti spara í þjóðfélaginu; það er aldrei hreyft við háu laununum eða yfirleitt neitt tekið af þeim, sem einhverju hafa að tapa. Ég verð að segja, að það er nokkuð sláandi dæmi um, á hvern hátt sparnaðurinn er, þegar helzti sparnaðarpostuli þingsins — ég á við hv. þm. A.-Húnv. — lýsti því áðan yfir, að hann mundi ekki hafa gengið svo vægt fram í fjvn. með niðurskurð fjárl., ef hann hefði haldið, að tekið yrði svo linum tökum sem gert hefir verið á því að skera niður aðra liði.

Ég hefi oft áður bent á hin hálaunuðu embætti, og ég ætla ekki að endurtaka það, en það er von, að þjóðinni blöskri, þegar hún sér, að sífellt er verið að bæta í „bandorminn" niðurskurði verklegra framkvæmda, en ekki hreyft við hálaunamönnunum.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég vil taka það fram, að brtt. á þskj. 620 er orðuð þannig: „Fresta skal að prenta umræðupart þingtíðindanna fyrir árið 1940", og vil ég geta þessa, svo hún verði ekki misskilin. Hygg ég, að hún sé rétt skilin þannig, og mun það hafa verið tilætlun flm., að átt sé við þá prentun, sem fram á að fara á árinu 1940, en ef ekki er gerð sérstök grein fyrir þessu, má skilja það svo, að fresturinn eigi aðeins að ná til prentunar þingtíðinda frá þingi, sem haldið verður á árinu 1940, en prentun fer fram á 1941. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti álítur, að bera þurfi fram brtt. við tillgr., til þess að réttur skilningur náist. Ég sé ekki ástæðu til að gera brtt. að umræðuefni, en skýt því til hæstv. forseta, hvernig hana beri að skilja, og mun úrskurður hans verða óvefengjanlegur, eins og aðrir úrskurðir hans.

Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, að ríkisstj. hefði tekið það að sér að tryggja, að frv. um bráðabirgðabreyt. nokkurra l. kæmist í framkvæmd, þá skal ég geta þess, að hann mun hafa það eftir mér. Ég skal játa, að ég skildi málið þannig, að ríkisstj. stæði saman um þau frv., sem hún hefir sjálf gengið frá og talað um sín á milli. Hinsvegar verð ég að segja, að sumt af því, sem síðar hefir gerzt með samþykkt fjárl., gæti gefið ríkisstj. ástæðu til að óska eftir að breyta þeirri afstöðu, en það breytir ekki því, að ég mun greiða atkv. með frestun á prentun þingtíðindanna. Ég verð að líta svo á, að þessi prentun sé nauða ómerkileg, og ekki hefir henni farið fram við það, að hv. þm. hafa yfirleitt hætt að lesa ræður sínar yfir. En ég verð að segja, að ég tel þau rök fremur léttvæg, að ekki verði mikill sparnaður að þessu vegna þess, að kostnaðurinn við prentun skjalapartsins muni aukast svo mjög. E. t. v. fer svo, en einnig það tel ég til bóta. Ég vil leyfa mér að telja það heppilegra að stækka skjalapartinn, svo að hv. þm. fengju tækifæri til að gera skriflega grein fyrir skoðunum sínum, en fella aftur niður ræðupartinn. Með því fá menn rétta grein gerða fyrir skoðunum sínum, en það fá þeir ekki í umr.partinum. Þm. myndu vanda sig meira með ræður sínar, ef þeir vissu, að þær kæmu almenningi fyrir sjónir eins og þær eru fluttar á Alþ.

Þá vildi ég segja það út af brtt. hv. 6. þm. Reykv. um, að síðari liður a-liðs brtt. á þskj. 620 verði felldur niður, að ég hefi frétt, að hv. 2. þm. Skagf. hafi fellt þetta ákvæði inn í brtt. n. Hér er ekki um annað að ræða en að veita ríkisstj. heimild til að verja nokkurri upphæð til að bæta gististaði, og ég held, að vel megi fella saman framkvæmd þessarar heimildar og skoðun þá, sem lýsti sér í ræðu hv. 6. þm. Reykv. Ég held, að ríkisstj. sé fær um, ef hún fær þessa heimild, að framkvæma hana eins og hv. þm. óskar. Hún mun áreiðanlega gera sér grein fyrir, hvar þörfin er brýnust, og verja svo fénu til að bæta nokkra gististaði, en ég hygg, að allir hv. þm. séu sammála um, að þess sé þörf. Mér þætti betra, ef hv. 6. þm. Reykv. vildi annaðhvort falla frá brtt. sinni, eða þá að hún yrði ekki samþ., út frá þeim rökum, sem ég hefi nú í fáum orðum skýrt frá.

Forseti (JörB): Út af ummælum hæstv. atvmrh. vil ég taka það fram, að ég skil brtt. um, að prentun umræðupartsins verði frestað fyrir árið 1940, svo, að þar sé átt við umr.part fyrir það þing, sem haldið verður á þessu ári. Ég heyrði á hæstv. ráðh., að hann skildi brtt. ekki þannig, en þetta hefir komið glöggt fram í umr., og hv. n. hefir nú lokið störfum án þess að bera fram nokkra brtt. Mér virðist brtt. svo skýrt orðuð, að ekki sé hægt að leggja annan skilning í hana en að hún eigi að taka til umræðupartsins fyrir aðalþingið, sem haldið verður á þessu ári.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vil beina því til hv. fjvn. að athuga þetta, þótt úrskurður hæstv. forseta sé óvefengjanlegur, eins og allir hans úrskurðir. En ég álít, að hv. fjvn. hafi ætlazt til, að sá skilningur, sem ég nefndi, væri lagður í brtt., enda kemur það saman við fjárl., þar sem ekki er áætluð nein upphæð til þess að standast kostnað af prentun ræðuparts á þessu ári.

Forseti (JörB): Ég vil beina þeirri ósk til þeirra ræðumanna, sem eiga eftir að taka til máls, að stytta mjög mál sitt, svo hægt verði að ljúka umr.

***Jón Pálmason:** Ég vil byrja á því að segja nokkur orð í sambandi við brtt. á þskj. 635, viðvíkjandi rekstrarráðunum. Það kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að það væri óviðfelldið að fara fram á að fresta þessu með l., en afnema það ekki. Ég vil geta þess, að hugmynd okkar flm. þessarar brtt. var, að þessu yrði frestað með l. þetta ár, en svo var auðvitað meiningin, að ráðin yrðu aldrei látin ganga aftur. Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um kostnaðinn, sem af þessu leiðir, þá skal ég segja það, að það hefir komið í ljós hér eins og víðar í okkar fjármálakerfi, að ekki hefir verið farið sem nákvæmast eftir l., þegar verið er að borga þeim, sem þarna eiga hlut að máli. Í nokkrum tilfellum hefir a. m. k. verið borgað hærra en tilskilið er í l., og ef ég man rétt, hefir öðru því ráði, sem enginn veit til, að hafi starfað neitt verulega, verið borgað hærra en því ráði, sem hv. 6. þm. Reykv. á sæti í og er eina ráðið, sem nokkuð hefir starfað. Sumarið 1938 voru útgjöldin við þessi ráð 4 þús. kr. Það er auðvitað lítil upphæð í augum þeirra manna, sem hugsa í hundruðum þúsunda og milljónum og sjá ekki ástæðu til að binda sig við smáupphæðir. En ég er svo smásmugulegur, að ef þetta er óþörf upphæð, þá vil ég láta fella hana niður. Ég get fallizt á það, að heppilegra muni vera að hafa eftirlit með starfsemi ríkisstofnana á annan hátt; sérstaklega held ég, að haga þurfi aðalendurskoðun ríkisins á annan hátt.

Snertandi það, sem sagt hefir verið um niðurfellingu þingtíðindanna, þá var það að skilja á hæstv. ráðh., að litlu skipti hvað kostnaðinn snerti. Það hefir verið reiknað út, að það muni nema um 40 þús. kr., og svo verða menn að gera sér grein fyrir því, að nú hefir pappír hækkað mjög mikið í verði, svo þetta verður dýrara en það mundi áður hafa orðið. Ég ætla, að fjvn. hafi með þessu ákvæði ætlazt til, að það næði til prentunar, sem fram ætti að fara á árinu 1940. Ef það er réttur skilningur, sem hér hefir komið fram, þá mun það ekki ná til prentunar, sem fram fer á árinu, heldur til þingt. fyrir það þing, sem haldið verður á árinu, svo nauðsyn ber til að koma með brtt. um það. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál.

Ég vil vekja athygli á því, sem einnig kom fram í ræðu hæstv. atvmrh., að ef þessi till. verður felld, þá eru þau fjárl., sem búið er að ganga frá, orðin skökk sem þessari upphæð nemur, því við afgreiðslu fjárl. var gengið út frá því, að þessi till. yrði samþ.

Forseti (JörB): Út af ummælum hv. þm. A.-Húnv. vil ég benda á, að þegar er byrjað á prentun umr.partsins fyrir fyrri hluta þessa þings, og er varla gerlegt að fresta prentun nokkurs hluta ræðnanna, en prenta nokkuð af þeim. Enda er brtt. þannig orðuð, að tvímælalaust er átt við það þing, sem haldið verður á árinu 1940.

***Sigurður Kristjánsson:** Það er eiginlega út af ræðu hv. 2. þm. Skagf., sem ég kvaddi mér hljóðs, því ég ætlaði að taka fram, að brtt. mín á þskj. 623 er alls ekkert kappsmál frá minni hendi, og það er rétt hjá honum, að í n. varð enginn ágreiningur um þetta. Ástæðan fyrir því, að ég bar hana fram, er, eins og ég tók áður fram, að ég tel, að til þess að hægt sé að bæta gististaðina, þá þyrfti að liggja fyrir skilgreining á einhverjum vissum þætti, sem þingið reyndi svo að bæta úr, en þessi undirbúningur er ekki fyrir hendi. Svo er það í öðru lagi, sem ég tók ekki fram áðan, að ég lít svo á, að ef sá liður, sem hér ræðir um, væri gerður að l., þá yrði sú framkvæmd til hagsbóta fyrir ríkissjóð, en ég tel, að ef leggja á niður ferðaskrifstofuna, þá eigi að taka þetta fé til annara hluta, en ekki koma ríkissjóði til tekna. (**JPálm:** Ríkið hefir nú líka borgað nokkuð til þessarar skrifstofu). Það er satt, og þetta er ekkert stórt atriði. Þar að auki er mér þetta ekki meira kappsmál en svo, að ég mun taka till. aftur.

Ég vildi geta um það, sem hv. þm. V.-Húnv. sagði í sambandi við prentun þingtíðindanna. Hann komst svo að orði, að fjvn. hefði flutt þetta mál, og ég hefi orðið var við þann skilning hjá fleirum. Það er ekki rétt. Fjvn. hefir ekki gert annað en að leggja til, að þetta kæmi til úrslita í öðru frv., er það var upphaflega flutt í, en nm. hafa algerlega óbundnar hendur um atkvgr. í þessu máli, og mun ég greiða atkv. á móti því.

Mér er ekki kunnugt um það, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að nokkrum þessum ráðum hafi verið greitt meira en l. heimila, og er óþarft fyrir stjórnina að gera slíkt. En ég veit, að rétt er frá skýrt um það ráð, sem ég er í. Það hefir haldið marga fundi og starfað margt, en reikningur formanns okkar fyrir sumarið var 900 kr., og hygg ég, að það hafi fullkomlega unnizt við

það aðhald, sem forstöðumenn stofnananna höfðu af því að vita, að um hver mánaðamót væri athugað af ráðinu, hvort greiðslur hefðu farið fram úr heimildum, og ríkisstj. tilkynnt jafnóðum, ef svo var. Þetta hefir ráðið gert.

*Pétur Ottesen: Það hefir nú komið fram hér frá þeim tveimur hæstv. ráðh., sem talað hafa, að ríkisstj. stendur óskipt að þeim till., sem hér liggja fyrir ásamt yfirleitt öllum þeim till., sem teknar voru út úr frv. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands, og fluttar sem sérstök frv. hver fyrir sig. Það var á ekki færri en 5 þskj., sem slíkar till. voru fluttar af fjhn. Ed., að tilhlutun og eftir sameiginlegri ósk ríkisstj. allrar, auk þess, sem eftir stóð þá í því upphaflega frv. um nokkrar bráðabirgðaráðstafanir. Af þessu má því marka það, að í þessu upphaflega frv. var ekkert smáræði af till., hvorki að fyrirferð eða efni til. Hefði það komið enn betur í ljós, ef öll atriði upphaflega frv. hefðu verið flutt áframhaldandi, sem mikið skortir á, að gert hafi verið. Því að þegar þessar till. komu fram, sem fjhn. Ed. flutti að ósk ríkisstj., kom í ljós, að ríkisstj. hafði látið niður falla nokkrar mjög veigamiklar og þýðingarmiklar till., sem með þeim hætti hefir verið stjakað frá og geta þess vegna ekki komið til úrslita Alþ. Það er komin fram yfirlýsing frá þessum tveimur ráðh. um það, að ríkisstj. standi að þessu. Það er því undarlegt, að samtímis skuli koma fram yfirlýsing um, að heill stjórnmálafl. ætli að taka afstöðu á móti einu af þessum atriðum, sem ríkisstj. hefir lagt til við hæstv. Alþ., að skuli ná fram að ganga. Skal ég svo ekki fara lengra út í það.

En út af því, sem hæstv. fjmrh. var að tala hér um og leiða inn í þessar umr. einhvern húsgang — vísupart, sem gengi hér á milli þm. —, þá eru það náttúrlega ýmsir, sem vega og meta gæði ríkisstj. eftir því, hve skelegg hún er um að leggja til við þingið að samþ. ráðstafanir, sem gera þarf. Því að eftir því fer gildi og þýðing ríkisstj., að hún dragi ekki af sér í því efni og standi við ákvarðanir, sem hún hefir tekið.

Út af því, sem hæstv. fjmrh. talaði um í sambandi við niðurfellingu prentunar á umræðuparti þingtíðindanna, vil ég segja það, að mér virðast þær röksemdir, sem hann þar greip til, léttvægar, því að mér virtist hann halda því fram, að prentun umræðupartsins þyrfti að vera eins og nokkurskonar atvinnubótavinna handa prenturunum í Gutenberg. Mér virðist prentsmiðjan muni geta dregið saman seglin og þannig dregið úr tilkostnaði með þessari ráðstöfun í samræði við það, sem þessar tekjur stofnunarinnar minnka. Þess vegna held ég, að þetta séu ákaflega léttvæg rök, sem hæstv. ráðh. kom með. Auk þess hefir prentsmiðjan orðið að neita allmikilli prentun, sökum þess að hún hefir á hendi svo mikla prentun vegna þess opinbera. Þyrfti hún þá máske ekki að draga saman seglin, heldur gæti tekið að sér það, sem hún annars verður að neita um.

Út af því, sem líka kom fram hjá hæstv. fjmrh. og einhverjum fleirum, að það yrði eins mikill kostnaður við vélritun og annað, sem leiddi af niðurfellingu prentunarinnar, eins og af prentuninni sjálfri, vil ég segja, að þetta er ekki rétt. Því að við í fjvn. höfum leitað upplýsinga um þetta í skrifstofu hæstv. Alþ., sem hafa staðfest það fyrir okkur, að þrátt fyrir það, þó að umræðuparturinn væri vélritaður í 3—4 eintökum, mundi það og annað, sem leiddi af niðurfellingunni á prentuninni, ekki verða meira en svo, að mikill sparnaður yrði við þessa ráðstöfun, samanborið við að láta prenta umræðupartinn.

ATKVGR.
Brtt. 547 samþ. með 16:7 atkv.
— 541 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 666 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 635, svo breytt, samþ. með 16:10 atkv.
— 623 tekin aftur.
— 620,a samþ. með 24 shlj. atkv.
— 620,b felld með 17:10 atkv.
— 667 samþ. með 25 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27:3 atkv. og endursent Ed.

Á 100. fundi í Ed., 3. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 668).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem lög frá *Alþingi* (A. 687).

---

41. Gengisskráning og ráðstafanir í því sambandi (stjfrv.).

Á 53. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 4. apríl 1939, um gengisskráning og ráðstafanir í því sambandi (stjfrv., A. 261).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Eins og menn rekur minni til, varð það að samkomulagi á þessu þingi, áður en því var frestað, að ákveða gengi íslenzkrar krónu, þannig að 27 krónur jafngiltu hverju sterlingspundi. Þegar þetta var ákveðið, jafngilti eitt sterlingspund 4,67 dollurum. Fyrst um sinn eftir breytinguna í vor hélzt þetta hlutfall óbreytt, en eftir 25. ágúst fór það að breytast, og ég hygg, að lægst hafi pundið komizt niður í 3.67 $, en það var 15. september. Hér var því úr vöndu að ráða fyrir ríkisstj., og ræddi hún um þetta hvað eftir annað á fundum sínum. Niðurstaðan af þessum bollaleggingum varð bráðabirgðalögin, sem út voru gefin 18.

september og nú liggja fyrir hv. d. Að vísu var það haft fyrir augum, þegar gengisbreytingin var gerð í vor, að hlutfallið milli sterlingspunds og dollars væri 4,67 og dollarinn fylgdi pundinu. En nú breyttist gengi annara mynta á þessum tíma. Til dæmis var 15. september — miðað við pundið á 27 kr. — dollarinn kominn upp í kr. 7,35, d. kr. upp í 143,03, n. kr. upp í 167,67, sv. kr. upp í 175,76 og ríkismörk upp í 277,78.

Hér var orðin mikil lækkun, miðað við allar aðrar myntir en sterlingspund. Nú var það vitanlegt, að þegar þingið ákvað, að íslenzka kr. skyldi fylgja pundinu, þá var miðað við það gengi, sem pundið hafði þá. Það var ekki þar með sagt, að við vildum láta krónuna fylgja pundinu, hversu mikið sem það lækkaði í hlutfalli við aðrar myntir. En hér var ýmislegt fleira, sem kom til athugunar, ekki sízt það, að búið var að selja talsvert af íslenzkum afurðum í sterlingspundum. Stjórnin hafði því mikla tilhneigingu til að forða framleiðendum frá tjóni vegna lækkunar sterlingspundsins. Eftir mikla athugun á þessu máli og eftir að hafa beðið nokkurn tíma og séð, hverju fram yndi, ákvað ríkisstj., í samráði við stuðningsflokka sína, að setja það í l., að íslenzka krónan skyldi fylgja pundinu svo lengi sem pundið jafngilti 4,5 dollurum, en þá fylgja dollar úr því. Þetta þýðir sama og að við fylgjum pundinu lækkuðu um 10—11% frá því, sem ákveðið hafði verið. Eftir þessa nýju skráningu er pundið 26,06, dollar 6,51, d. kr. 125,78, n. kr. 148,29, sv. kr. 155,40 og ríkismark 260,76. Við tökum eftir því, að danska krónan hefir mjög lítið hækkað frá því, sem var eftir fyrri gengisbreytinguna. Þetta stafar af því, að Danir hafa fylgt pundinu niður um 8%. Mismunurinn er aðeins það, sem þeir fylgdu pundinu skemmra en við. Hinsvegar hefir norska og svenska krónan hækkað í nokkurn veginn sama hlutfalli og við höfum ákveðið að fylgja pundinu niður, af því að þessar þjóðir hafa ekki lækkað sínar myntir með pundinu.

Það hefði e. t. v. mátt segja af hálfu framleiðenda, sem hér áttu hlut að máli, að þeir hafði orðið fyrir vonbrigðum, þar sem þeir hafi reiknað með gengi pundsins á kr. 27,00, en við því verður ekki séð, og það mun hafa verið álit flestra, að það hafi ekki verið hægt að ætlast til, að pundinu væri fylgt. Lækkunin hefði orðið allt of mikil. Það hefði aukið dýrtíðina of mikið að fara þessa leið. Af þeim ástæðum, sem ég nú hefi nefnt, var sú aðferð valin, að fara bil beggja.

Nú verður þetta mál að sjálfsögðu athugað í n. og rannsakað, hvort ástæða mundi vera til að breyta nokkuð um frá þeirri ákvörðun, sem stjórnin tók. Ég get raunar ekki séð, að nú í augnablikinu liggi slíkar ástæður fyrir, en það mun vitanlega, eins og ég sagði, verða rætt nánar í n. og þegar málið kemur aftur til umr.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa ræðu lengri og vil óska þess að lokum, að málinu verði vísað til fjhn.

Finnur Jónsson: Ég vil í sambandi við þetta mál taka fram f. h. Alþfl., að þar sem ófriðurinn hefir ruglað allar áætlanir manna í þessu máli, og þar sem vegna ófriðarástandsins hefir skapazt dýrtíð langt umfram það, sem líkur voru til, að skapast myndi vegna l. um gengisskráningarbreytinguna, þá mun Alþfl., annaðhvort í n. eða við síðari umr., leggja fram till. til leiðréttingar á kjörum verkamanna og annara lægri launþega.

***Héðinn Valdimarsson:** Aðalatriðið í þeim l. um breyt. á gengisskráningu, sem samþ. voru 4. apríl 1939, var fyrst og fremst lækkun krónunnar, í öðru lagi ákveðið fast hlutfall gagnvart sterlingspundi og í þriðja lagi raunveruleg lækkun kaupgjalds, með því að leyfa verkalýðsfélögunum ekki að semja um kaupið. Því var spáð þá, að þessu myndi verða tjaldað til einnar nætur. Það vissu flestir þá, að það var eins vel hægt að búast við stríði eins og ekki. Það er líka kunnugt mörgum þeim, sem stóðu að samþykkt l., að þau voru sett ekki sízt vegna þess, að stríðið var yfirvofandi. Þess vegna er yfirlýsing hv. þm. Ísaf. alleinkennileg. Hvers vegna voru ekki sett ákvæði í l., sem væru varnagli við því, ef stríð skylli á? En hvað hefir ríkisstj. svo gert eftir að stríðið skall á? Hún hefir lækkað krónuna enn um 11%. Í öðru lagi hefir hún haldið áfram föstu hlutfalli milli krónunnar og erlends gjaldeyris, aðeins farið frá pundinu yfir í dollar, sem að sjálfsögðu getur verið jafnvarasamt eins og að binda hana við pundið. Í þriðja lagi hefir að vísu verið raskað við kaupgjaldsákvæðinu, þar sem hafa verið teknir undan áhættupeningar sjómanna og stríðstryggingar, en að öðru leyti hefir ekki verið átt neitt við meginþráð l., sem heldur kaupgjaldinu niðri. Hinsvegar er það auðsjáanlegt, að með þeim miklu verðbreytingum, sem daglega verða, er ekki hægt að halda þessu ákvæði lengur.

Sósialistafl. hefir þess vegna ákveðið að bera fram annað frv. um þetta mál, þar sem þessu er breytt. Mun ég á sínum tíma reifa það mál, þegar frv. kemur fram. Ég skal geta þess, að við teljum ljósara að bera fram um þetta sérstakt frv. heldur en að koma með brtt. við þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr. Vænti ég þess, að því frv. verði á sínum tíma vísað til sömu n. og þessu.

Ég vil að lokum taka það fram, að við álítum, að það sé verið að níðast á einni stærstu stétt þjóðfélagsins, ef ekki verður gerð breyting á þeim ákvæðum l., sem um hennar kjör fjalla.

Finnur Jónsson: Það er ekki ástæða til að fara að vekja upp verulegar umr. um gengisbreytingarlögin. Það má þó segja, að með þeim hafi verið farið inn á nýja braut, þar sem reynt var að binda saman hagsmuni útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna um að halda niðri dýrtíðinni í landinu, en að það sé reynt að halda niðri dýrtíðinni, getur komið verkamönnum að sama gagni og kauphækkun. Nú get ég vel skilið það, þar sem hv. 3. þm. Reykv. hefir sérstakra hagsmuna að gæta sem heildsali, að hann hafi engan áhuga fyrir því, að

gerðar séu sérstakar ráðstafanir til að reyna að halda niðri verðlagi á innfluttum vörum. Það brýtur í bága við alla hans lífsstefnu, að tekin sé upp sú leið að reyna að hnýta saman hagsmuni útgerðarmanna, sjómanna og verkamanna í þessum efnum.

Hv. þm. sagði, að það hefðu allir vitað, að þessum l. skyldi ekki tjaldað nema til einnar nætur, þar sem stríðið hafi verið fyrirsjáanlegt. Ég ímynda mér, að það hafi fáir um það vitað, hvenær stríðið myndi brjótast út, nema ef þessi hv. þm. kynni að hafa fengið fréttir um það. að stríðið ætti að byrja á þessum tíma. Það getur verið, að hann standi svo nálægt félaga Stalín, að hann geti fengið sérstakar fréttir um það, að hann ætlaði í lok ágúst að gera samning við Hitler. Aðrir en hann hafa a. m. k. ekkert um þetta fengið að vita fyrirfram. En hitt er mönnum nú ljóst, að þessi hv. þm. hafi farið með fleipur í vor, þegar hann sagði í þingræðu, að það að lækka gengið um 20%, eins og ákveðið var í l., væri sama sem að stela 20% af launum verkamanna og sjómanna, því að dýrtíðin af völdum gengislaganna nam ekki fyrstu 3 mánuðina nema 2—3%, en ekki 20% eins og hann bjóst við í þingræðu, en það er nú orðið ljóst, að hann hefir rangt fyrir sér. Að flm. og aðrir hér í þinginu hafi vitað, að þetta myndi breytast vegna yfirvofandi ófriðar, er ekkert annað en ósannindi. Allir hv. þm. vita, að það, sem hleypti stríðinu af stað, voru óvæntir samningar, sem gerðir voru milli stórveldanna og hann og hans flokksmenn hafa tekið að sér að verja.

Ég geri ráð fyrir, að ef hv. 3. þm. Reykv. hefði vitað, að ófriður vofði yfir, hefði hann látið það í ljós og þá komið með brtt., er málið var hér til umr., um að fella niður lögfestingu á kaupi verkamanna, vegna væntanlegrar dýrtíðar. Það er ekki von, að hv. þm. upplýsi það hér á Alþingi, þó hann hafi þagað yfir svo mikilsverðu atriði. — Það væri ekki nema eftir annari framkomu hans hér á landi gegn verkalýðnum og allri þjóðinni þessi síðustu ár.

*__Einar Olgeirsson__: Herra forseti! Það hefði verið óþarfi fyrir ríkisstj. að gefa út þessi lög, í beinni andstöðu við vilja meiri hluta þjóðarinnar, ef hún hefði viljað taka til greina athugasemdir hv. 3. þm. Reykv. um það, hve hættulegt það væri að binda gengi íslenzku krónunnar við sterlingspundið, sérstaklega vegna þess, hve það rýrði gildi Íslands sem sjálfstæðs ríkis að binda mynt þess við mynt annarar þjóðar. Til þessa fékkst ekki tekið tillit af vissum ástæðum, þrátt fyrir allar yfirlýsingar ríkisstj. um, að Englendingar réðu hér engu, og þrátt fyrir aðvaranir um, að Englandsbanki og brezka heimsveldið væri e. t. v. ekki eins öruggt og óhagganlegt og Landsbankavaldið hér vildi vera láta. Á aðvaranir okkar í þessa átt vildi hæstv. ríkisstj. ekki hlusta. En ég man ekki betur en að þegar gengið var frá þessum lögum, rétt áður en þingið var sent heim yfir sumartímann, að hæstv. forsrh. lýsti því yfir, að jafnskjótt og styrjöld brytist út, þá yrði þingið kallað saman aftur, enda hefir verið gert svo í hverju einasta lýðræðisríki í nánd við okkur, að þingin hafa verið látin sitja áfram eða kölluð saman. Aðeins hér á Íslandi hafa menn ekki séð ástæðu til að kalla þingið saman, fyrr en ríkisstj. var nauðbeygð til þess, ef hún átti ekki að brjóta lögin, sem búið var að setja um frestun þingsins.

Á þessum tíma hefir þó það gerzt, að eftir að búið var að setja gengislögin í gegnum þingið, í óþökk meiri hluta þjóðarinnar og þvert ofan í yfirlýsingar flokkanna fyrir kosningar, og búið er þannig að lækka krónuna um 22%, þá lækkar ríkisstj. hana upp á sitt eindæmi um 10% til viðbótar. Það þótti ekki ástæða til að kalla þingið fyrr saman og heyra álit þingmanna um þessar aðfarir.

Ég ætla ekki sérstaklega að blanda mér inn í stríðstal hv. þm. Ísaf., en ég vil minna á, að ein yfirlýsingin, sem gefin var, þegar verið var að klambra saman þessari samsteypustjórn, var um nauðsyn þess, að allir þessir flokkar stæðu saman um ráðstafanir vegna yfirvofandi styrjaldar. Hinsvegar er nú vitað, að þessi stjórn mundi ekki hafa lafað til þessa, ef hún hefði ekki verið svo heppin, að stríðið brauzt út. Hún lafir aðeins í skjóli þeirra atburða, sem nú eru að gerast.

Hv. þm. Ísaf. þarf ekki að líta nema 25 ár aftur í tímann til þess að sjá, að það eru árekstrar vegna auðvaldsskipulagsins í Evrópu, sem orsaka stríðið.

Eitt af verkefnum ríkisstj., sem nú situr, var að koma á meira réttlæti í landinu, bæta kjör verkalýðsins og lægri launþega yfirleitt. Það var gert með gengislögunum. Aðeins í einu tilfelli neyddist ríkisstj. til að ganga að kröfum verkalýðsins. Það voru kröfur sjómanna, sem bornar voru fram af stéttarsamtökum þeirra. Ríkisstj. vissi, að ef ekki var gengið að kröfum sjómanna, myndu siglingar stöðvast til landsins, því enn eru engin lög til, sem neytt geta sjómenn til þess að vinna gegn vilja þeirra eins og þræla. Að öðru leyti hefir ríkisstj. enga viðleitni sýnt til að hjálpa þeim fátæku í landinu.

Hv. þm. Ísaf. lýsti því yfir fyrir hönd Alþfl., að hann myndi á þessu þingi flytja brtt. við gengislögin, sem bættu kjör verkalýðsins. Má nærri geta, hvernig þær tillögur verða frá þeim flokki, sem á ráðh. í ríkisstjórn, sem hefir sett á brbl. til að hindra, að verkamenn kæmu fram kjarabótum sér til handa. Á ég þar við Byggingarfélag alþýðu, — byggingu verkamannabústaðanna. Hlutverk þessa flokks í ríkisstj. hefir verið að kúga verkalýðssamtökin, svo að þau verði ekki fær um að fylgja fram kröfum sínum um bætta aðstöðu.

Eins og hv. 3. þm. Reykv. gat um, berum við fulltrúar Sósialistafl. fram frv., þar sem farið er fram á algerar bætur fyrir þá dýrtíð, sem verkamenn hafa orðið fyrir, og munum við ræða það frv., þegar það verður lagt fram í þinginu.

En það þarf ekki að efast um, hvað ríkisstj. og hennar flokkum gengur til með flutningi þessa frv. Þar ráða hagsmunir útflytjendanna, en ekki hagsmunir verkalýðsins.

Þar sem frv. þetta mun aftur koma til umr., verður tími til að athuga það betur.

***Héðinn Valdimarsson:** Hv. þm. Ísaf. kom með þá nýstárlegu skoðun, að sú stjórnmálastefna, sem nú væri rekin, beindist að þeim sameiginlegu hagsmunum verkalýðsins og útgerðarinnar að lækka gengið. Það er gaman að lesa ræður um gengismálið, sem þessi hv. þm. hélt fyrir nokkrum árum. Þá kvað við annan tón. Enda er nú aðstaða hans allt önnur; hann hugsar nú fyrst og fremst sem útgerðarmaður og aðalatvinna hans er við síldarverksmiðjur ríkisins.

Þá vill hv. þm. reyna að snúa sig út úr þessu með því, að kaup verkamanna hafi ekki hækkað nákvæmlega um það, sem gengisbreytingin nam. Eins og ég sagði á síðasta þingi, þá verða verkamenn að bera mikinn hluta þeirrar 22% gengislækkunar, sem þingið gerði. En það var reynt að halda vöruverðinu niðri fram yfir 1. júlí, með því að selja gamlar birgðir, svo að kaupið hækkaði ekki fram til þess tíma. Svo þegar styrjöldin hófst, var svo að segja ekkert til af vörum í landinu, og nú á að bæta vöruhækkunina upp með því að halda niðri kaupinu. Þetta eru þeir sameiginlegu hagsmunir verkamanna og útgerðarinnar. Svo til viðbótar við þetta er gengið lækkað enn á ný, án þess að kaupgjaldið hækki. Hvernig þetta eru sameiginlegir hagsmunir verkamanna og útgerðarinnar, skilur víst enginn nema hv. þm. Ísaf. Þær brtt., sem Alþfl. ætlar að bera fram við gengislögin, verða víst varla til þess að bæta kjör verkalýðsins, séu þær af líkum toga spunnar og till. Alþýðublaðsins, sem sé að kaupið eigi að hækka um nokkurn hluta af dýrtíðarauknigunni. Nei, hv. þm. verður að koma með nýja skýringu á því, hvernig slíkt séu sameiginlegir hagsmunir verkalýðsins og útgerðarinnar.

Finnur Jónsson: Ég þarf ekki miklu að svara hv. 3. þm. Reykv. En það má benda á þann árangur gengislaganna, að dýrtíðin jókst ekki nema 2—3% jafnframt því, sem gengið lækkaði um 20%, og það var aðeins vegna þeirra ráðstafana, sem gerðar voru til þess að halda dýrtíðinni niðri. Þá er það rangt hjá hv. þm., að neytendurnir í landinu beri allan kostnaðinn, þar sem bannað var að hækka húsaleigu, vexti o. fl. Það væri æskilegt, ef hv. þm. vildi í þessu sambandi skýra frá þeirri baráttu, sem hann hefir undanfarna daga átt við verðlagsnefnd út af olíuverðinu, þeirri baráttu, sem hann hefir háð til að auka dýrtíðina í landinu. Hv. 5. þm. Reykv. ferst ekki að tala um brezk áhrif hér á landi. Það var enginn annar en hann, sem á síðasta þingi bar fram fyrirspurn til forsrh. um það, hvort beðið hefði verið um vernd brezka flotans, ef til styrjaldar kæmi, og er hann eini þm., sem óskað hefir eftir brezkri vernd.

Hv. þm. sagði, að það væri nú hlutverk Alþfl. að kúga verkalýðssamtökin. Hlutverk Alþfl. hefir verið og er að berjast fyrir rétti verkamanna. Að þeim, sem berjast gegn frelsi verkalýðsins og rétti hans til að berjast fyrir bættum kjörum, ætti hv. þm. fyrst og fremst að leita í sínum eigin flokki. Hvernig hefir hann rækt sína stefnu? Ég veit ekki betur en að Kommfl., bæði hér og í Rússlandi, sé búinn að svíkja öll loforð, sem hann hefir gefið, og blað hans, Þjóðviljinn, hefir síðustu vikur verið notað til að verja árásir kommúnista á hlutlaus smáríki. Hv. þm. ætti ekki að kasta hnútum að öðrum flokkum, þar sem ekki er til sá liður á stefnuskrá hans eigin flokks, sem hann ekki er búinn að svíkja.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hv. þm. Ísaf., hvaðan honum komi fregn um það, að ég hafi átt í baráttu við verðlagsnefnd. Í fyrsta lagi er allt leynilegt, sem í þessari nefnd gerist, og nefndarmenn allir bundnir þagnarheiti, og í öðru lagi kannast ég alls ekki við að hafa átt þar í neinni baráttu.

***Einar Olgeirsson:** Það væri auðvelt fyrir hv. þm. Ísaf. og hans flokk að halda áliti sínu hjá verkalýðnum, ef hann þyrfti ekki annað að gera en að tala eins og hann nú gerir. En þar er ekki dæmt eftir fallegum orðum, heldur eftir verkunum. Og hver eru verk Alþfl. hér á Alþingi? Verkalýðurinn er búinn að mynda sín stéttasamtök og berjast fyrir þeim í 20 ár. Berjast fyrir frelsi til að selja sína vinnu fyrir verð, sem hann sjálfur ákveður. Þennan rétt er nú búið að taka af honum, og hann hefir verið sviptur honum með aðstoð Alþfl. Í sambandi við kosningarnar 1937 lýsti Alþfl. því sérstaklega yfir, að hann myndi aldrei ganga inn á lækkun krónunnar og aldrei skerða nein réttindi verkalýðsins. Það þarf ekki annað en að rifja upp umræðurnar, sem þá urðu um gengismálið, til þess að sjá, hve rækilega Alþfl. hefir svikið þá stefnuskrá, sem hann gekk með til kosninga 1937, og ætla ég að þetta nægi til þess að reka ofan í hv. þm. Ísaf. það, sem hann sagði um kommúnista. Sósíalistafl. hefir ekkert svikið, enda kom hv. þm. ekki með eitt einasta dæmi, því það er ekki hægt. Sósíalistafl. hefir alltaf barizt fyrir öllum þeim góðu málefnum, sem Alþfl. barðist áður fyrir, svo sem byggingu verkamannabústaða o. fl., en öllum þessum málum hefir ráðh. Alþfl. sýnt slíkan fjandskap, að hv. þm. ætti sem minnst um þau að tala.

Hv. þm. Ísaf. þarf ekki að gera sig heimskari en hann er, þegar hann talar um áhrif brezka auðvaldsins hér á Íslandi. En svo ætti hann að snúa sér til ríkisstj. og spyrja hana, hvernig það sé með þýzku nazistaáhrifin hér á landi, þar sem þýzki ræðismaðurinn virðist skipa ríkisstj. fyrir verkum. Væri e. t. v. enn nauðsynlegt að leita verndar Breta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Nd., 3. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 261, n. 279, 288, 294, 673, 678, 684).

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Fjhn. hafði lagt fram nál. um þetta frv. áður en nokkrar brtt. voru komnar við það, og liggur það fyrir á þskj. 279, og bar n. þar fram eina brtt. við

frv., sem er um það, að aftan við 2. gr. bætist ný gr., svo hljóðandi: „Síðasta mgr. 4. gr. l. nr. 10 4. apríl 1939 falli niður.“ Er sú gr. um aflaverðlaun sjómanna á togurum. Er þessi brtt. flutt samkv. ósk frá ríkisstj., vegna þess, að samningar voru gerðir um þetta atriði þegar togaraflotinn fór á veiðar.

Þá hafa komið fram brtt. við frv., sem n. hefir ekki getað dæmt um. Eru þær á þskj. 673, og flytur fjhn. þær eftir ósk ríkisstj. Þær fjalla um það samkomulag, sem náðst hefir innan ríkisstj. um þau kaupgjaldsmál, sem í þeim felast. Ég mun ekki ræða þessar brtt. fyrir hönd n. að svo komnu. Ríkisstj. mun sjálf gera grein fyrir brtt. þeim, sem eru á þskj. 673.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefir orðið að samkomulagi í ríkisstj., að ég segði nokkur orð til að skýra efni brtt. á þskj. 673. Það er ekki vegna þess, að það komi meira við mínu ráðuneyti en hinum, heldur vegna þess, að þær eru gerðar í sambandi við mál, sem flutt er af mínu ráðuneyti, þ. e. a. s. breyt. á l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi. Um leið og ég geri í stuttu máli grein fyrir aðalbreytingunum, sem felast í þessum till. frá gildandi lagaákvæðum, mun ég segja nokkur orð um afstöðu Framsfl. til málsins. Síðar munu svo aðrir ráðh. skýra sín sjónarmið og sinna flokka.

Samkv. l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi er ákveðið, að til 1. apríl n. á. skuli kaupgjald breytast eftir ákveðnum reglum, þannig, að ef framfærslukostnaðurinn hækkar um 10%, þá hækki kaupgjald sem nemur ½ af hækkuninni, en ef hækkunin verður meiri, þá um ⅔ af því, sem fram yfir er. Þessi ákvæði voru að sjálfsögðu miðuð við þá dýrtíðarauknингu, sem menn bjuggust við, þegar gengisl. voru samþ., og það ástand, sem líklegt þótti, að af þeim gæti leitt. Síðan gengisl. voru sett hefir svo skipazt, að ófriður brauzt út og verðhækkun mun því skella á þetta land eins og önnur. Þá heyrðust strax raddir um, að gengisl. ættu ekki lengur við um kaupgjald, þar sem dýrtíðin myndi verða miklu stórfenglegri en hægt var að búast við af völdum gengislækkunarinnar. Þessu varð ekki í móti mælt; það var komið allt annað ástand, og það var, að ég hygg, samróma álit allra, að þessi ákvæði yrðu að breytast.

Það, sem fyrst kom til greina í sambandi við endurskoðunina, var það, að í gömlu gengisl. er gert ráð fyrir að taka meðaltal af vísitölu framfærslukostnaðarins eins og hann var mánuðina júlí—desember 1939 og bera saman við vísitöluna í desember árið áður. Hinsvegar er talið, að dýrtíðin af völdum styrjaldarinnar myndi fara að koma fram í nóvember og úr því. Varð því fyrsta krafan það, að í stað þess, að áður átti að miða við vísitöluna júlí—desember, yrði miðað við vísitöluna nóv.—des. Að nánar athuguðu máli held ég, að allir hafi talið þetta sanngjarnt. Lá því næst fyrir, að vegna þessa nýja ástands yrði að breyta ákvæðum gengisl. um kaupgjald að verulegu leyti, og varð ekki hjá því komizt, að þetta þing gerði það. Það hefði verið æskilegt, ef hægt hefði verið að koma á samningum milli atvinnurekenda og verkamanna svo fljótt, að Alþingi hefði ekki þurft að mynda sér um það neina skoðun. En til þess hefðu samningar þurft að komast á fyrir áramót, og ég hygg, að það hafi verið álit þeirra manna, sem kunnugastir eru þessum málum, að það væri algerlega ókleift. Það varð því ekki hjá því komizt, að Alþingi setti þarna um ný ákvæði. Þá var spurningin um það, hvort þau ákvæði ættu að gilda aðeins til 1. apríl þessa árs eða lengur. Að mjög vel athuguðu máli varð það ofan á, að fyrst Alþingi komst ekki hjá því að breyta ákvæðum gengisl., eða segja skoðun sína á því, hvernig uppbótunum skyldi háttað, sem menn hlytu að taka til hliðsjónar við samninga, þá þótti skynsamlegast að láta ákvæðin gilda til næsta árs, með það fyrir augum að tryggja mönnum hér fullan vinnufrið á þessu fyrsta styrjaldarári, sem kalla má, þótt ófriðurinn hafi nú staðið 3 mánuði af síðastl. ári.

Það er skoðun Framsfl., að einmitt meðan menn eru að átta sig á ástandinu, þá sé hættast við árekstrum, en eftir því sem reynslan kennir mönnum meira um ástandið eins og það raunverulega er, þá verði meiri líkur til, að menn geti með frjálsum samningum komizt að niðurstöðu, sem er í samræmi við það ástand, sem kann að skapast.

Ég vil segja það, að þótt Framsfl. hafi fallizt á að fara þessa leið, að framlengja ákvæði gengisl. til 1. janúar 1941, þá er hann mótfallinn þeirri stefnu, að kaupgjald sé sett fast með l., og hann hefði miklu fremur óskað, að samningar hefðu getað komizt á milli verkamanna og atvinnurekenda, sem tækju við af l., enda er það eðlilega áhugamál okkar að koma málinu á þann grundvöll að nýju. Þótt þetta hafi orðið ofan á að þessu sinni, af því að styrjöld hefir brotizt út og enginn veit, hver framtíðin verður, þá ríður okkur á því, fremur öllu öðru, að fá ekki neinar verulegar deilur, og þess vegna höfum við fallizt á þetta. Ég ætla að taka það fram og vil að það komi skýrt fram nú þegar, að Framsfl. er þessarar skoðunar. Ég þykist vita, að einhverjir muni það verða, sem væna okkur um að þetta, sem ég nú hefi sagt, hafi ekki verið mælt af fullum heilindum, af því að það ráð var upp tekið að láta þessi ákvæði gilda fyrir allt árið, en þótt við verðum vændir um slíkt, þá getum við ekki annað en lýst vilja okkar um fyrirkomulag þessa máls. Reynslan verður svo að skera úr um það, hvort við höfum ekki sagt þar hug okkar allan.

Þegar átti að meta, hvað sanngjarnt væri að bæta upp kaupgjaldið miðað við dýrtíðina, kom ýmislegt til greina, svo erfitt var að finna það fullkomna réttlæti í þeim efnum. Fljótt á litið mun sumum hverjum finnast sanngjarnt, að dýrtíðin sé undir öllum kringumstæðum bætt upp að fullu, en ég hygg, að við nánari athugun á málinu hljóti menn að sjá, að þetta er mjög einhliða sjónarmið. Ég vænti, að menn skilji, að þótt engum detti í hug, að laun verkamanna séu of há, þá verður það að viðurkennast, að það er lítt hugsanlegt, að hægt sé að tryggja eina ákveðna, allstóra stétt í þjóðfélaginu fyrir

því, að hún verði ekki fyrir barðinu á þeim örðugleikum, sem dýrtíðin af völdum stríðsins hlýtur að orsaka. Það er varla hægt að halda því fram, að eðlilegt sé, að á þetta verði fallizt. Ef á þetta væri fallizt, þá væri ekkert tillit tekið til þess, hvað fært er og hvernig þeim mundi þá farnast, sem eiga afkomu sína undir framleiðslunni og sölu afurðanna. Ég vil benda á niðurstöðu þessa máls í síðasta ófriði. Þá kom í ljós, að verðlag á íslenzkum vörum, sem fluttar voru til útlanda, var snöggt um minna en verð á erlendum vörum, sem fluttar voru til landsins. Það er ekki vafi á því, að ef þá hefði t. d. gilt ákvæði um, að allt kaupgjald í landinu skyldi hækka í beinu hlutfalli við framfærslukostnaðinn, þá hefði það orðið óbærilegt fyrir framleiðsluna.

Síðan ófriðurinn brauzt út hefir verðlag á þeim vörum, sem við flytjum til útlanda, hækkað meira en verðlag á þeim vörum, er við flytjum inn til landsins. Framsfl. álítur líka eðlilegt, að í kaupgreiðslu sé tekið tillit til þess, hvernig framleiðslunni vegnar með tilliti til verðlags og greiðsluskuldbindinga. Í því sambandi hefir Framsfl. tjáð fylgi sitt þessum lagabreyt. og bent á, að æskilegt væri að fá fastan mælikvarða í kaupgreiðslumálum í framtíðinni í þetta horf. Í sambandi við samningana um þetta mál var vakið máls á þessu, en þótt þetta væri æskilegt, var samt ekki hægt að taka það til greina nú; þess vegna stendur ekkert um það í till., en nokkrir flokksmenn fluttu till. í Sþ. um að gera vísitöluna að reikningslegum grundvelli kaupgjaldsins og færa kaupgreiðslumálið í það horf. Við í Framsfl. höfum getað gengið inn á að velta dýrtíðinni yfir á kaupgreiðendur með kauphækkun að því tilskildu, að vísitala verðlagsins sýndi, að atvinnuvegirnir gætu þolað það.

Um efni breyt. er þetta að segja í stuttu máli: Gengislækkunin er miðuð við júlí—nóv. Bæta skal upp 80% af hækkuðum framfærslukostnaði, en þó skal heildaruppbótin aldrei nema meiru en 75% af kaupgjaldinu. Helmingsuppbót á kaupgjaldinu er látin standa sem almenn regla, og undir hana má ekki fara. Lögin afnema almennt bann gegn kauphækkun, en í stað þess eru sett ákvæði um, að ekki megi hækka kaupgjald til verkalýðs- og stéttarfélaga umfram það, sem ákveðið er í lögunum. Vegna þessarar breyt. fellur burt 5. gr. gömlu gengislaganna, um verð á ísl. framleiðsluvörum, og kaupgjaldið sett inn í gengislögin til að slá því föstu í sambandi við gengislögin, að eitt verði látið yfir báða ganga, verkamenn og bændur. Það er ástæða til að gera þetta, þar sem búast má við meiri verðbreyt. nú en áður, og í raun og veru eiga ekki að gilda sömu ákvæði um verðbreytingar á kaupgjaldi og framleiðsluvörum. En í tíð gömlu gengislaganna var ekki búizt við stórum sveiflum. En þegar búast má við sveiflum, þá eiga ekki að gilda sömu reglur um kaupgjald og afurðir. Ég efast ekki heldur um, að nefnd sú, sem stofnuð er til að verðleggja afurðirnar, muni reyna fyrir sér um það, hvað hæfilegast verði og bezt henti bæði framleiðendum og neytendum, og taki sjónarmið beggja til greina. — Ég held, að ég hafi lýst nægilega höfuðatriðum þessara breyt. og fjölyrði ekki frekar um þau.

Framsfl. hefir sem aðili að þessu máli verið ljós sú áhætta, sem framleiðendum og atvinnuvegunum í landinu getur stafað af þessum kaupgjaldsbreytingum. Menn munu varla hafa búizt við, að kauphækkunin yrði svo mikil, sem raun er á — 80% fyrir alla venjulega vinnu. Framleiðendur eiga hér allt á hættu, og enginn veit fyrirfram, hvort þeir geta risið undir henni. En Framsfl. gengur að þessu í þeirri trú, að ekki sé fært að velta dýrtíðinni allri yfir á bök hinna lægst launuðu. Þess vegna gengur flokkurinn inn á þessar kaupgjaldsbreyt., þrátt fyrir alla þá óvissu, er framtíðin ber í skauti sér. Framsfl. hefir kosið ákveðna tryggingu fyrir því, að kaupuppbótin yrði í hlutfalli við verðlag á ísl. framleiðsluafurðum og að skilyrði væri til, að atvinnuvegirnir myndu bera sig.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Þegar í upphafi þingsins var það vitað, að mál þetta myndi verða eitt af vandasömustu málum þingsins. Nú er komið að þinglausnum, og það er fyrst nú, að þingið getur tekið þetta mál fyrir. Ekki svo að skilja, að málið hafi ekki verið hugsað og rætt. Um það hafa verið haldnir fjöldamargir fundir í fjhn. Og að lokum, er málið hafði verið rætt ýtarlega innan flokka þeirra, er standa að ríkisstj., og innan miðstjórna flokkanna, tókst að ná því samkomulagi um þetta mál, sem nú birtist hér í brtt. fjhn.

Ég vil taka það fram fyrir hönd Alþfl., og ég þarf varla að segja það, að sama mun gilda um hina flokkana, að ef hver flokkurinn um sig hefði verið einráður um lausn þessa máls, þá hefði hún verið á nokkuð aðra lund en raun ber vitni um í þessum brtt. En ég vil taka það fram um Alþfl., eins og heldur er ekkert undarlegt, að flokkurinn hefir ekki komið fram ýtrustu sjónarmiðum sínum. Ef frv. út af gengislögunum hefði eingöngu verið markað okkar sjónarmiðum, þá hefðu lögin orðið öðruvísi, náð yfir stærra svið og orðið öll á annan veg en í brtt. þeim, sem hér liggja fyrir.

Ég vil leyfa mér að gera hér að umræðuefni 2 eða 3 aðalatriði: 1. Lögbinding kaupgjaldsmálsins, 2. upphæð kaupuppbótarinnar, og 3. sviðið, er bæturnar ná út yfir. Þetta eru þau 3 atriði, er ég tel þýðingarmest í brtt. þeim, er hér liggja fyrir.

Ég vil þá fyrst lýsa því yfir, að það er siður en svo vilji Alþfl., að lögfest verði kaup og kjör í landinu. Það er og hefir verið yfirlýstur vilji Alþfl., að aðilar eigi sjálfir að finna úrlausn á málum sínum og deilum með samningum og samkomulagi sín á milli. Afstaða Alþfl. er óbreytt í þessu máli þrátt fyrir það, að frv. framlengi lögbindingu kaupgjaldsins um 9 mánuði, og ég hefi vitneskju um það, að þótt ráðh. Sjálfstfl. hafi ekki enn lýst afstöðu sinni til þessa máls, þá er þó innan þess flokks ríkjandi sú skoðun, að í framtíðinni eigi sem áður að vera frjálst samkomulag milli verkamanna og atvinnurekenda um kaup og kjör. Það er því gengið út frá því, að sú tilhögun, sem frv.

ætlar að koma á, verði ekki til frambúðar. En þá hlýtur sú spurning að vakna hjá mörgum: Hvers vegna er vikið frá þessari reglu nú? Og því er til að svara: Alþfl. og fulltrúar hans líta svo á, að tímarnir, sem vér lifum á, séu óvenjulegir. Ég þarf varla að taka það fram, að í kjölfar hinnar miklu atvinnukreppu, sem geisað hefir, kom stríðið, og það velti úr skorðum þeim aðstæðum, er verið hafa undanfarið. Stríðið skapaði takmarkalausa óvissu um framtíð einstaklinganna og þjóðfélagsins í heild. Við liggjum að vísu langt frá vígvöllum stríðsins, en áhrif þess ganga mjög nærri okkur, og við getum fyrst og fremst ekkert um það sagt, hver muni verða afkoma ísl. þjóðarinnar af völdum stríðsins. Það verkar með sömu óvissu hér á landi sem annarstaðar. Þetta ástand og þessar óvissu horfur hafa gert Alþfl. það kleift að ganga að þessu. Þegar þjóðin lifir í þrotlausri óvissu styrjaldarinnar, verður hún að kosta kapps um að halda uppi friði innan sinna eigin vébanda. Þess vegna hefir Alþfl. heldur viljað þvingun en samkomulag til að ákveða kaup og kjör í landinu á hinu nýja ári. Þess vegna hefir Alþfl. gengið inn á lögbundið kaupgjald. En flokkurinn endurtekur það enn einu sinni, að afstaða hans er óbreytt, að í framtíðinni eigi að verða og verði frjálsir samningar um kaup og kjör, frjáls leikur milli verkamanna og atvinnurekenda.

Þá kem ég í annan stað að sjálfri kaupuppbótinni. Í sambandi við gengisbreytinguna í apríl 1939 voru settar vissar reglur, sem auðvitað gátu ekki orðið til frambúðar. Alþfl. skýrði afstöðu sína til þessa máls þá. En öllum varð ljóst, að verðlags- og gengisbreyt. gerðu það að verkum, að ekki var hægt að viðhafa hin sömu sjónarmið og áður, sérstaklega eftir að styrjöldin hafði skollið á og dýrtíðin vaxið að miklum mun. Því var fyrst hreyft í Alþbl., að ekki dygði að miða uppbótina við síðari helming ársins 1939, heldur yrði að miða hana við þann tíma, er dýrtíðin hafði byrjað á. Ekki varð þó samkomulag um þetta, eins og brtt. bera ljóslega vitni um. Um sjálfa uppbótina óskaði Alþfl. þess, að fullar bætur yrðu greiddar fyrir vissa launaflokka, sérstaklega með tilliti til hinna lægst launuðu. Þetta fekkst þó ekki fram, en hinsvegar varð það að samkomulagi, að kaupuppbótin mætti aldrei nema minnu en 75% af dýrtíðarhækkuninni. Þetta atriði er mjög þýðingarmikið fyrir okkur meðan dýrtíðin hefir ekki keyrt úr hófi fram. Þegar við berum okkur saman við samskonar ráðstafanir frændþjóða vorra á Norðurlöndum, þá kemur í ljós, að Danir greiða fulla uppbót fyrir vissa launaflokka, og eftir því eru bæturnar hjá okkur ekki alveg eins miklar. Hjá Svíum og Norðmönnum er kaupgjaldsuppbótin ¾ af dýrtíðarhækkuninni og getur aldrei farið hærra en 75%. Af þessu er svo að sjá, sem tilhögun okkar fari ekki með öllu eins langt og hjá Dönum, en er áþekk, eða getur orðið lítið eitt hærri en hjá Norðmönnum og Svíum. Það getur verið álitamál, hvort leggja hefði átt mikla áherzlu á meiri og fyllri uppbót. Það er líka álitamál, hvort frjálst samkomulag milli verkamanna og atvinnurekenda hefði komið á betri kaup- og kjarabótum en brtt. þessar gera ráð fyrir. Það eru allt saman spádómar, sem lítið er leggjandi upp úr. En það er persónuleg skoðun mín, að samkomulagsleiðin hefði ekki fært launþegunum meira í aðra hönd en hér er gert ráð fyrir. Við verðum að minnast þess, að verkalýðsfélögin eru ekki sterkbyggð hjá okkur, og þau myndu því leggja út í töluverða tvísýnu, ef þau færu út í kaupdeilur. En það er annað atriði, sem mjög er mikilsvert í sambandi við þá tilhögun, sem hér liggur fyrir til samþykktar, og það er öryggið um þessa kaup og kjarabót. Og þetta öryggi, þessi vissa er ekki alllítils virði, þegar miðað er við þær vonir um uppbót, sem fengist fyrir frjálst samkomulag verkamanna og atvinnurekenda.

Ef uppbótin er reiknuð út í tölum, þá myndi niðurstaðan verða hér í Reykjavík, að með 12% hækkun á framfærslukostnaði mán. nóv.—des. myndi hækkun kaups verða 13 aurar á klst. Kaup verkakvenna myndi hækka um 8 aura, ef taxti verkakvennafél. „Framsóknar“ er lagður til grundvallar. Þetta er alls ekki svo lítið, og ef borið er saman við Danmörku, þá nam hækkun kaupsins þar hjá almennum verkamönnum ekki eins miklu, en dýrtíðin hefir kannske ekki orðið þar eins mikil og hér á landi. En þetta eru tölur, sem tala. Og það, sem mest er um vert, menn hafa vissu fyrir því að fá þessa kauphækkun jafnskjótt og lögin ganga í gildi. Áþreifanleg vissa og tryggt öryggi verður ekki ofmetið í þessum efnum, og þótt margir hefðu kosið meiri og fyllri uppbót, þá skerðist gildi laganna ekkert við það.

Ég kem þá að lokum að 3. atriðinu, því síðasta, er kaupgjaldsbreyt. nær yfir. Samkv. gömlu kaupgjaldslögunum náði uppbótin aðeins til þeirra, sem tóku tímakaup, ófaglærðra verkamanna og sjómanna og til þeirra, sem vinna í fastri vinnu og höfðu 300 kr. og þar fyrir neðan um mánuðinn. Nú er þessum skorðum öllum rutt úr vegi, sem ég fyrir mitt leyti er ánægður yfir. Uppbótin nær nú til allra verkalýðsfélaga, hvort sem um er að ræða útlærða verkamenn innan sérstakra iðngreina eða ófaglærða verkamenn, félög, sem hafa frjálsan félagsskap til að bæta kaup og kjör með samningum, og er því ekki lengur sá greinarmunur, sem áður var í þessum efnum. Ekki er heldur gerður greinarmunur á fjölskyldumönnum og einhleypingum, því að búast mátti við því, þegar til kauphækkunar kæmi, að atvinnurekendur freistuðust til að hafa frekar í þjónustu sinni þá, sem höfðu lægra kaup, þ. e. a. s. einhleypinga, en fjölskyldumenn yrðu útundan. En það er öfugt við það, sem flestir vildu. Og ef þeir hafa lítið upp úr sér, þá kemur það meira og minna niður á heimilum, þar sem þeir dvelja. Ég tel því, að þetta sé til mikilla og verulegra bóta. Að vísu er það svo eins og brtt. greinir, að þar skiptist í flokka með uppbótina. Þeir menn njóta hæstu uppbótar, sem hafa kr. 1,50 á klst. eða minna. En næsthæstu uppbót hafa þeir, sem eru í 2. fl. og hafa kr. 1,51 á klst. og upp í 2,00 kr. Og í þriðja fl. eru þeir, sem hafa 2,01 kr. eða meira á klst.

Ef litið er á 1. fl., sem hefir 1,50 á klst., þá nær það til allra ófaglærðra manna í landinu. Hæsta verkamannakaup til ófaglærðs manns er 1,45 kr. í Reykjavík og Hafnarfirði. En þó að þekkist hærra annarstaðar á landinu, þá nær það ákvæði jafnt til þess kaups og sérstaks sumarkaups, sem er sumstaðar hærra kaup en aðra tíma ársins, eða kr. 1,50. En um breyt. fastakaups, þegar er að ræða um uppbætur handa mönnum á föstum launum, þá leiðir það af sjálfu sér, að eftir því sem 1. fl. nær lengra upp, þá koma fleiri menn, hvort sem þeir hafa viku-, mánaðar- eða árskaup, undir ákvæði 1. fl. Ég tel, að á þetta megi líta, þegar dæmdar eru þær brtt., sem hér liggja fyrir.

Út af þeirri breyt., að tekið er út úr ákvæðum gengisl. ákvæði um það, að verð á kjöti og mjólk skuli hlíta sömu reglum eins og kaupgjald, þá verð ég að lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég tel, að það geti ekki komið til nokkurra mála að hækka verð á þessum vörum meira eða jafnmikið og nemur kauphækkuninni yfirleitt. Fyrir því mætti færa frekari rök, sem ég sé ekki ástæðu til að taka fram hér. En í trausti þess, að þær vörur verði ekki hækkaðar eins og kaupgjaldið, þá hefi ég fyrir mitt leyti einnig getað gengið inn á þetta.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál eins og það horfir við. Ég hefi gert grein fyrir afstöðu Alþfl. á þeim samkomulagsgrundvelli, sem samþ. var. Það er kannske enginn fullkomlega ánægður með hann. En ég hefi nú gert grein fyrir, hvað unnizt hefir með þessu, og að vissu leyti, hvað þessi löggjöf skapar þó öryggi á þeim tímum, er allt er á hverfanda hveli um afkomu atvinnurekstrarins bæði hér á landi og annarstaðar. Upp úr þessu legg ég talsvert mikið.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Hæstv. viðskmrh. skýrði þetta mál fyrir hönd ríkisstj., en ríkisstj. stendur óskipt um málið. Það mætti þess vegna segja, að það væri óþarfi að gefa frekari skýringar en þær, sem fram hafa komið. Þó þykir mér rétt og viðeigandi að gera það hér við þessa umr.

Þessi löggjöf mun vera einhver sú merkasta og óvenjulegasta, sem fram hefir komið á hinum síðari þingum. Vildi ég láta fylgja henni nokkur orð líka frá Sjálfstfl.

Ég dreg í efa, að á seinni árum hafi verið flutt inn á Alþ. jafnstórfelld og róttæk löggjöf, sem fyrirfram má gera ráð fyrir, að valdi jafnlitlum ágreiningi eins og þau l., sem hér liggja fyrir. Og er þó um mál að ræða, sem einmitt venjulega veldur ágreiningi fremur en flest önnur. Eins og viðskmrh. tók fram í upphafi máls síns, var það þegar á öndverðu þessu þingi öllum ljóst, að nauður ræki til að breyta í verulegum atriðum þeim gengisl., sem sett voru fyrri hluta þingsins, nr. 10 frá 4. apríl síðastl. En það atriðið, sem kallaði hiklaust á breytingu, var ákvörðun sú í þeim l., sem hné að því atriði, sem miðað var við 1. jan. næstkomandi. En svo var atriði í þeim l., að taka skyldi meðaltal vísitölu 6 undanfarinna mánaða og reikna vísitölu 1. jan. 1940 eftir útkomu þess meðaltals, og leggja þá vísitölu til grundvallar undir kauphækkun 1. jan. 1940. Nú næði engri átt að hafa þetta ákvæði óhreyft. Þessi ákvæði voru sett til þess að tryggja atvinnurekendum það, að þeir skyldu ekki strax missa þau fríðindi, sem gengisl. gáfu þeim í sambandi við hækkun vinnukaups í landinu. Þetta var réttlátt ákvæði þegar það var sett. En það er líka fjarstæða að ætla sér að binda hendur verkalýðsins í landinu um allar ráðstafanir sér til framdráttar í kaupgjaldsmálum við þetta ákvæði, sem eingöngu var sett sem tryggingarráðstöfun gegn þeirri dýrtíðarbreytingu, sem orsakast af gengisröskun íslenzku krónunnar um 22% vegna gengisbreyt. þann 4. apríl síðastl., og síðan hefir orðið ný gengisfelling um 11% á síðastl. hausti. Og af þessu hlýtur að leiða nýja dýrtíð í landinu. Auk þess hefir orðið verzlunarröskun hér sem annarstaðar af völdum ófriðarins. Og eins og ég sagði, náði engri átt að binda hendur verkalýðsins eins og þær voru bundnar 4. apríl síðastl., til varnar dýrtíð, þar sem þær voru settar út frá allt öðrum forsendum en nú liggja fyrir. Af þessum ástæðum þótti öllum, sem um þetta mál fjölluðu, sjálfsagt, að þessari löggjöf yrði breytt. Um þetta voru bornar fram till. á öndverðu þessu þingi, sem eru í samræmi við vilja margra hv. þm. Ég hygg, að sú till. orki minnst tvímælis, að breyta ætti á þann hátt vísitölu, sem reiknuð yrði út 1. jan. 1940. Þessi brtt. er fram borin með þeim brtt., sem fluttar eru fyrir hönd ríkisstj., og leggur sú brtt. til, að þessi dýrtíðarvísitala útreiknist af meðaltali í okt. og nóv. síðastl. Það liggur í hlutarins eðli, að einmitt þetta er réttlátt vegna þess, að það er einmitt þessi dýrtíð, sem þar kemur fram, hún kemur af orsök, sem löggjafinn gerði ekki ráð fyrir að myndi koma, þegar samþ. voru l. 4. apríl síðastl.

Til þess að rekja orsakirnar til þeirrar öldu, sem risið hefir á Alþingi, sný ég máli mínu að þeirri brtt., sem flutt er fyrir hönd ríkisstj. um breyt. á gengisl. frá 4. apríl síðastl.

Það liggur í hlutarins eðli, að umr. um þetta mál hafa vakið menn til umhugsunar um það, hvort ekki ætti að gera einnig aðrar breyt., og þá hverjar. Og það, sem þá fyrst liggur fyrir og drepið hefir verið á af báðum ráðh., sem hér hafa talað, var það, hve lengi þetta ætti að gilda annarsvegar, og hinsvegar í hvað ríkum mæli l. ættu að tilskilja kaupgjaldshækkun, sem fylgdi dýrtíðinni.

Ég get tekið það fram, eins og báðir hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, hvor fyrir sinn flokk, að Sjálfstfl. er í grundvallaratriðum andvígur því, að löggjafinn taki af þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, bæði atvinnurekendum og verkamönnum, þann rétt, að þeir semji einir um sín mál. Sjálfstfl. telur, að það eigi ekki að víkja frá þessari meginreglu nema í alvarlegum undantekningartilfellum. En það er vegna þess, að það er skoðun Sjálfstfl., að hér sé um gersamlega einstæðar kringumstæður að ræða, að hann hefir fyrir sitt leyti aðhyllzt, að þessi l. væru látin ná út það ár, sem nú er nýbyrjað. Ástæðurnar fyrir því, að flokkurinn hefir gengið inn á þetta, eru þær, að í fyrsta lagi varð að viðurkenna það, að sjaldan hefði ríkt annað eins öryggisleysi í at-

vinnumálum eins og einmitt nú. Af því leiðir það, að allar vinnustöðvanir, sem oftast fylgja kaupdeilum, gætu einnig orðið það örlagarikari en venjulega, og hafa þær þó alltaf verið þjóðartap. Það má segja, að þetta hafi verið önnur meginástæðan fyrir því, að Sjálfstfl. gekk inn á, að þessi l. væru í gildi allt árið. Þá er það og ástæða, að flokkurinn taldi, að þeir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, myndu nú venju fremur vilja sætta sig við, að þessi ákvæði, sem að eðlilegum hætti eiga einungis að vera samningsatriði á milli viðkomandi aðila, yrðu lögfest. Það eru út af fyrir sig mjög sterk meðmæli með löggjöfinni, ef hægt er að treysta því, að aðilar muni una henni vel. En hinsvegar var óttazt, að ef ekki yrðu sett um þetta l., gæti það haft hinar örlagarikustu afleiðingar fyrir þjóðfélagið. Það er ekki mótsögn í því að halda fram annarsvegar, að miklar líkur bendi til þess, að aðilar uni löggjöfinni, og hinsvegar, að það stafi hætta frá því að hafa þetta lögbundið. Það er nokkuð sitt hvað, hvort hægt er að vekja deilur um þetta af þeim, sem gera það að sérstöku hlutverki sínu í þjóðfélaginu að halda uppi slíkum deilum, eða hvort löggjafinn vill una við þetta fyrirkomulag eftir ástæðum. Af þessum ástæðum var það vilji Sjálfstfl., að þessi ákvæði yrðu látin gilda fyrir allt árið. Hitt ákvæðið, um það, í hve ríkum mæli mætti fylgja dýrtíðinni eftir um kaupgjaldshækkunina, var það eðlilegt, að það ylli nokkrum ágreiningi á milli flokka, sem styðja ríkisstj., og einnig innan flokkanna sjálfra. Ég geri ráð fyrir, að það megi segja, að almenn tilhneiging hafi verið innan Sjálfstfl. til að fara varlega í þessum efnum, út frá því sjónarmiði, að atvinnurekendur standi höllum fæti vegna dýrtíðarinnar. En út frá því sjónarmiði, að verkamenn stæðu ennþá hallara fæti til þess að taka á sig þann þunga, sem af dýrtíðinni leiðir, gat hann fallizt á þessar ráðstafanir. Innan Sjálfstfl. var mesta ástæða til þess, að mestur ágreiningur yrði, því að Sjálfstfl. og þm. hans telja sig umboðsmenn fyrir fleiri og mismunandi hagsmuni heldur en hinir flokkarnir telja sig umboðsmenn fyrir. Innan Sjálfstfl. komu fram nokkuð mismunandi skoðanir, þar sem annarsvegar voru þeir, sem mest vilja líta á þær örðugu kringumstæður atvinnurekenda, en hinsvegar voru þeir, sem einnig litu á hinar bágu kringumstæður verkalýðsins. En ég held, að nokkuð hafi verið farið meðalhófið í till. ríkisstj. á þskj. 673. Ég fyrir mitt leyti vil gera nokkuð nánar grein fyrir því, hvað hefir ráðið minni afstöðu í þessu efni, og eru aðrir flokksmenn óbundnir af því. Það er eðlilegt, að ég hafi skýrt frá, að aðstaðan sé nokkuð misjöfn innan flokks míns í þessu efni. Í vor, þegar ég stóð í fararbroddi fyrir lækkuðu verðgildi íslenzku kr., og þar með stóð að vissu leyti fyrir lækkun kaupgjalds verkalýðsins, því að lækkun kr. er bein kaupgjaldslækkun, þá leiddi ég rök að því, að það væri komið svo fyrir atvinnurekendum í landinu, að ekki væri um að ræða annað en að gerðar væru með beinu lagaákvæði ráðstafanir þeim til framdráttar, eða að öðrum kosti að horfa upp á það, að þeir hnigu að velli örmagna eftir margra ára örðugt stríð við margvíslegar þrengingar, sem þá þegar hefðu dregið svo úr mætti þeirra, að þeir væru almennt talað ekki færir um að standa undir þunganum að óbreyttum kringumstæðum. Ég get því með sanni sagt, að það var ekki um annað að gera en að sýna atvinnurekendum meira réttlæti, vil ég segja, heldur en áður hefir verið gert. Ég gat þá kallað á fórnfýsi fólksins í landinu og sagt: ykkur ber að gera þetta fyrir atvinnurekendur og fyrir ykkur sjálf. Og ég gat sagt ennfremur við verkalýðinn: það er ekki hægt annað betra að gera ykkur til framdráttar en að samþ. gengislækkunina, vegna þess, að án hennar eru ekki líkur til, að atvinnurekendur geti haldið áfram sem slíkir, og án atvinnurekenda hafið þið ekki lífsframfæri.

Nú er nokkuð önnur afstaða í þessu efni. Nú er ekki hægt að segja, a. m. k. um suma atvinnurekendur, að þeir séu dauðadæmdir. Allt er í meiri óvissu með afkomu atvinnurekenda nú heldur en var þá. En aðstöðumunur í vor og nú er þá þann veg, að það mátti með sanni segja í vor, að atvinnurekendur gætu ekki risið undir þessum bagga, en nú er aftur á móti ekki hægt að staðhæfa það. Hitt er aftur á móti hægt að staðhæfa, að verkalýðurinn í landinu er ekki fær um að standa undir hinni vaxandi dýrtíð án þess að fá kauphækkun. Það má deila um, hvort þessi kaupgjaldsbreyting verður verkalýðnum til svo mikillar blessunar eins og ætlazt er til. Það er spurning, hvort er betra fyrir verkalýðinn að hafa hærra kaup eða stilla því í hóf í von um að fá meiri vinnu. Þetta er sjónarmið, sem aldrei verður hægt að gera upp með neinni öruggri vissu. Hitt er hægt að gera upp með öruggri vissu, að verkalýðurinn stendur ekki uppi bótalaus eftir því útliti að dæma, sem framundan er.

Þess vegna hefi ég gengið svo langt sem gengið er í sambandi við kauphækkunina í samræmi við dýrtíðina. Ég geri ráð fyrir, að menn hafi veitt því athygli, að ég mælti þetta ekki fyrir hönd alls Sjálfstfl., því þar eru til varfærnari sjónarmið en mitt eigið. En ég vil aðeins segja það, svo mönnum sé það ljóst, að ég geng ekki með lokuð augun fyrir þeirri hættu, sem hvílir hér á atvinnurekendum í þessu efni, og ég vil minna á það, sem gerðist í síðasta stríði. 1914 var vísitala innfluttra vara 100, en á því ári komst verð útfluttrar vöru upp í 104. Útfluttar vörur hækkuðu þó meira 1915. Þá var vísitala innfluttra vara 141, en útfluttra 175. 1917 er svo vísitala innfluttra vara 286, en útflutta varan þá allmikið lækkuð niður úr innfluttu vörunni og komst í 217. En mestur verður munurinn 1918, því að þá er verðvísitala innfluttra vara 373, en verðvísitala útfluttra vara 247. Þetta bendir til þess, að sá, sem samþ. þessar till., sem hér liggja fyrir, megi eiga það á hættu, að hann leiði hættu yfir framleiðslu landsmanna. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir þeirri hættu. Ég samþ. samt þetta með góðri samvizku og í þeirri von, að betur takist til með hlutfallið milli innfluttra og útfluttra vara annarsvegar, en hinsvegar vegna þess, að verkalýðurinn getur ekki staðið undir þessari dýrtíð.

Ég skal svo fylgja því, ef það kemur á daginn, að atvinnurekendur standa hallara fæti held-

ur en nú, að segja verkalýðnum, að hann geti ekki fengið fram sínar kröfur. En fyrr en það liggur fyrir vil ég ekki ganga lengra heldur en ég hefi gert.

Ég skal svo að lokum aðeins segja það, að ef þessi ákvæði verða lögfest, sem þau verða, þá munu þau vekja deilur og ágreining. En ég geri mér samt von um, að hann verði frekar lítill. Og ég hefi örugga sannfæringu fyrir því, að ekkert, sem þetta þing hefir gert, verði til meiri farsældar heldur en að samþ. þessi ákvæði. Því að með því er tryggður vinnufriður í landinu, og ég er sannfærður um, að atvinnurekendur vilja hlíta þessu, og verkalýðurinn álítur ekki, að þetta sé kaldráðið í hans garð.

Ég tel, að afleiðingin af þessu frv. verði sú, að ríkið verði að bæta eitthvað sínum starfsmönnum upp kaup, sem lægst eru launaðir, og geri ég ráð fyrir, að um það muni koma fram brtt. áður en málið fer úr þessari hv. d., sem flutt verði af ríkisstj.

*Héðinn Valdimarsson: Það fór sem vænta mátti á síðasta vori, þegar gengislögin með ákvæðum um kaupgjald voru keyrð í gegn hér á þingi með mesta offorsi, að nokkuð drægi niður í sumum þeim, sem þá voru ánægðastir. Það fór líka svo, að það þurfti að breyta þessum l. tvisvar, og nú í þriðja sinn, áður en ár er liðið frá því að þessi l. voru samþ. Hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, hafa allir talið óhjákvæmilegt að breyta kaupgjaldsákvæðunum, og um eitt atriði, stríðsáhættuþóknun íslenzkra sjómanna, hefir þegar verið samþ. breyt. um það.

Ég var á sínum tíma á móti þeirri ráðstöfun, sem gerð var með gengislækkunarlögunum, og það var vitað, að mikill hluti kjósenda var þeim mótfallinn, en ekki mátti leita til fólksins um það frekar en annað nú á þessum þjóðstjórnartímum. Það var samþ. á þingi á þann veg, að fáir menn kæmu sér saman um það, aðallega þeir, sem í stj. voru, og svo var hóað saman flokksfundum og samþ. þar það, sem þeir vildu vera láta. Við höfum séð það á árinu sem leið, að verkamenn hafa orðið að búa að þessu í marga mánuði, þó að verð á vörum hafa hækkað, án þess að þeir hafi fengið nokkra uppbót.

Þegar stríðið skall á, þótti strax þurfa að gera sérstakar ráðstafanir til að láta sjómenn fá áhættuþóknun, vegna þess að annars þótti varla hægt við því að búast, að þeir fengjust til að sigla hinar hættulegu leiðir til Englands og víðar, en ekki þótti þurfa að gera neinar breyt. til bóta á hag verkamanna. Það var dregið eins lengi og unnt var að koma með till. í þá átt. Þó fór svo, að brtt. komu fram um það, en þó ekki fyrr en tveir þm. Sósíalistafl. fluttu till. þess efnis, sem liggur nú hér fyrir.

Höfuðatriðið í þeim till., sem hér liggja nú fyrir, er að setja lagaákvæði, sem girða fyrir, að verkafólk geti gert samninga sína við atvinnurekendur og að þessi félagsskapur fái að halda frelsi sínu eins og verið hefir. Það er kunnugt, að þetta er langfjölmennasta stétt landsins, sem á undir þessu að búa, 16—17 þús. manns. Ég verð að segja, að mér finnst það ganga ósvífni næst, að svona flokkar skuli kalla sig lýðræðisflokka, sem vilja ekki hafa svo lítið við að spyrja þessa fjölmennu og félagsbundnu stétt, hvernig skyldi haga þessum málum. Þegar aftur á móti hefir verið komið fram með mál samvinnufélaganna, hefir verið bókstaflega ákveðið af einum aðalflokki þingsins, að ekki mætti ráða þeim málum til lykta, fyrr en þau hefðu fengið að segja álit sitt þar um, og er þó samvinnufélagsskapurinn miklu fámennari en verkalýðsfélagsskapurinn. Það er ekki hægt að segja, að ekki hafi verið tími til að leita álits verkalýðsins, því að þeir, sem komu þessu í gegn, höfðu lengi haft þetta í undirbúningi, og hefði því verið nægur tími til að fá um það álit alþýðunnar. Vilji þessa fólks hefir líka á margan hátt komið fram í margvíslegum till., sem gerðar hafa verið og samþ. alstaðar á landinu. Mér er ekki kunnugt um, að nokkurstaðar hafi komið till. um, að samningarétturinn yrði tekinn af verkalýðsfélögunum og fenginn ríkinu í hendur, heldur alstaðar haldið fram, að verkamenn ættu að hafa sinn fulla rétt. Það er ekki heldur ástæða til að ætla, að ekki hefðu getað tekizt samningar á venjulegan hátt milli verkalýðsins og atvinnurekenda, en það hefir ekki fengizt reynt. Nú er það meira að segja sýnt, þegar á að fara að samþ. þetta mál, að það hefir verið farið kannske til forseta eða stjórnar eins sambands í landinu, Alþýðusambandsins, sem öllum er kunnugt, að er þannig samsett, að hún hefir ekki á bak við sig nema nokkurn hluta verkalýðsins og er í minni hluta. En þar fyrir utan eru önnur sambönd, sem hefir ekki verið leitað til, svo sem Landssambands stéttarfélaga, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eða annara. Þó hefir þetta mál verið lengi í smíðum hjá stj., eins og lýst hefir verið. Hvað er það, sem veldur því, að þetta mál hefir ekki fengizt inn í verkalýðsfélögin, en Alþingi hefir tekið að sér að samþ. einhverja hluti, hversu ógeðfellt sem verkalýðsfélagsskapnum kann að virðast það? Í þeim brtt. eða frv., sem hér liggur fyrir, er þessu svarað í aðalatriðunum, sem sé þannig, að verkamenn séu ekki frjálsir að semja við atvinnurekendur, heldur skuli þar farið eftir reglum, sem Alþingi setur og eru á þá leið, að þótt dýrtíð aukist og verð hækki á öllum vörum, þá fái verkamenn það ekki bætt upp til fulls. Allt þetta getur ekki verið gert í öðrum tilgangi en þeim, að gera lakari en áður lífskjör þessarar stærstu stéttar landsins. Mér er spurn: Hvar er hægt að benda á aðra stétt í þjóðfélaginu, sem hefir þurft að lækka sin lífskjör frá því, sem verið hefir? Útgerðarmenn og útflytjendur hafa fengið fyrir vörur sínar miklu hærra verð en áður. Það er að vísu rétt, að sumir þeirra höfðu við ill kjör að búa með verðlag á vörum sínum, en það hefir breytzt svo mikið á þessu hausti, að óhætt er að segja, að allmikill hagnaður hefir orðið af. Nokkur hluti verzlunarstéttarinnar hefir tapað allmiklu á gengisbreyt., og eins getur maður sagt, að hún beri nokkra áhættu vegna vörubirgða, þegar stríðið fer að falla aftur niður, með því verðlagi, sem nú er í landinu, en það er ekki hægt að segja, að álagning verzlunarstéttarinnar hafi lækkað neitt að ráði frá því, sem verið hefir, enda eru reglur, sem um það eru settar af

stj. hálfu, á þá leið, að álagning skuli haldast óbreytt. Það verður því að gera ráð fyrir, að það séu eingöngu vinnandi stéttirnar, sérstaklega þó verkamenn, sem þetta gengur út yfir. Það væri hægt að afsaka þetta að einhverju leyti, ef hægt væri að finna vilja hjá þinginu til að bæta kjör þeirra lægst launuðu og auka atvinnu, en því er ekki að heilsa, því að það eru samþ. hver l. á fætur öðrum um að rýra kjör þessa fólks og réttindi þess, jafnvel þar sem menn sjá framundan hættu um aukið atvinnuleysi vegna þess að þingið vill ekkert gera, eða a. m. k. gerir það ekki. Ég vil benda á þá miklu hættu, sem við höfum nú framundan okkur, að lítið verði gert á saltfisksvertíð, og að ekki er útlit fyrir annað en að stöðvist allar framkvæmdir við byggingar hér í Reykjavík, sem mun hafa veitt um þúsund mönnum atvinnu. Og þó að sagt sé, að hitaveitan ráði nokkra bót hér á, þá mun hún ekki gera meira en að bæta upp það, sem fyrir var. Það verður því ekki annað sagt en að útlitið sé mjög alvarlegt. Nú er ég ekki að segja, að till. stj. færi þetta allt til verri vegar, því að því er ekki að neita, að á ýmsan hátt eru þessar brtt. til bóta frá því, sem verið hefir, en þær breyta þó á engan hátt frá þeim grundvelli, sem hefir verið settur, að haldið skuli áfram þeirri stefnu, að kaup verkamanna skuli halda áfram að lækka samanborið við það, sem þeir geta keypt sér. Hæstv. félmrh. talaði sérstaklega um þá brtt., að kaupið skyldi hækka um 13 aura. En hann gat ekki um það, að á sama tíma lækkaði það um 13 aura, svo að það hefði þá orðið að vera 18 aurar til þess að menn hefðu getað keypt fyrir það það sama og áður. En það er ekki nóg með, að kaupið lækki þannig. Nú blasir við verkamönnum meira atvinnuleysi en undanfarin ár. Nú þegar þessi l. eru sett, þá fá verkamenn raunverulega ekki nema 75% af því kaupi, sem þeir hafa fengið, og eftir því sem dýrtíðin eykst, fá þeir minna og minna, og sjá þá allir, hvernig ástandið verður, ef stríðið stendur lengi og dýrtíð vex áfram og áfram, kannske um 3—400%, eins og var í síðasta stríði.

Það er verið að tala um, að við eigum að bera okkur saman við það, sem gerist hjá öðrum Norðurlandaþjóðum. Þar hafa verið samþ. l. um þetta, en það hefir verið gert í samráði við verkalýðsfélögin. Þeir hafa ekki fengið fulla kaupuppbót, en þó meiri en hér, a. m. k. í Danmörku. Það er því ólíkt annað í þessum löndum. Þar eru stjórnir, sem hafa lagt sig sérstaklega fram til að bæta laun þeirra, sem lægst hafa verið launaðir, og auka atvinnu í landinu, en um það er ekki hér að ræða, eins og ég hefi lýst. Svo er annað. Í öllum þessum löndum búast menn við því, að þá og þegar skelli á þá stríð. Það er því við því að búast, að þeir séu enn varfærnari en við, sem erum fjarlægari því öllu. Það er því ekki hægt að koma með þennan samanburð hér. Verkamenn í þessum löndum hafa haft við miklu betri kjör að búa en verkamenn hér.

Það er enginn minnsti vafi á því, að þótt þetta sé bót frá þeim l., sem nú gilda, sem allir voru sammála um, að ómögulegt var að halda óbreyttum, vegna þess hver kúgun þau voru á allan verkalýð, þá lætur verkalýðurinn sér það ekki lynda, en heimtar að fá aftur sitt frelsi til að semja eins og áður, og það er engin ástæða til að neita þessum fjölmenna félagsskap og stærstu stétt landsins um að fá að ráða sínum málum eins og að undanförnu. Ég mun þó ekki koma með brtt., aðrar en þær, sem ég hefi komið með, nema eina, og er hún við brtt. fjhn. Það er sem sé lagt til í till. n., að þessi ákvæði skuli gilda til 1. jan. 1941. Nú er það öllum kunnugt, að allir verkamenn eru því mjög andstæðir að hafa samningatímann 1. jan., en óska eftir öðrum tíma um það. Um þetta hefir staðið áralangt stríð. Haustið og fyrri hluti vetrar er einna helzti atvinnuleysistíminn, og hafa flestir verkamenn helzt viljað fá 1. apríl eða 1. júní. Þetta hafa atvinnurekendur ekki viljað, heldur fá þann tímann, sem er hentugastur fyrir þá. Ég er ekki mótfallinn þessu aðeins af þessum ástæðum, heldur líka af því, að ég er sannfærður um, að ef stríðið stendur lengi, þá verða þessi l. ónýtt pappírsgagn, því að þetta er allt of langur tími. Ég mun því flytja skrifl. brtt., að í staðinn fyrir „1. jan. 1941“ komi: 1. júní 1940, — því að innan þess tíma væri hægt fyrir þingið, ef það óskaði þess, að leita álits verkamannafélaganna nánar um þessi mál, eða, eins og ég tel rétt, láta þau alveg sjálfráð um þessi mál. Það er ekki hætta á öðru, eins og þjóðstjórnin er skipuð, en að hún hefði einhver ráð með að setja út bráðabirgðalög til að taka í taumana, ef henni þætti hætta á, að svo miklar deilur risu, að líklegt væri, að gengið yrði um of á hagsmuni atvinnurekenda.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. Þarf tvöföld afbrigði til þess að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 690) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Við höfum, þm. Sósíalistafl. og hv. 3. þm. Reykv., flutt brtt. á þskj. 288 við frv. þetta, og þótt þær væru nokkurn veginn sjálfstætt frv. og bornar fram snemma þings, hafa þær ekki fengizt ræddar fyrr. Aðalatriðið, sem í þeim brtt. fólst, var, að verkalýðsfélögin skyldu aftur fá þann rétt, sem af þeim var tekinn með gengislögunum frá 4. apríl í vor, réttinn til að mega semja á frjálsum grundvelli við atvinnurekendur, að svo miklu leyti sem hægt er að tala um frjálsan grundvöll, þegar annarsvegar eru ríkir atvinnurekendur, eða a. m. k. menn, sem hafa ráð yfir miklu lánsfé og ítökum á hærri stöðum, en hinsvegar fátækir verkamenn, sem ekkert hafa að lifa af nema það, sem þeir fá fyrir að selja vinnuafl sitt. Þessi frjálsi grundvöllur er því ekkert sérlega glæsilegur fyrir verkamenn. Aðeins með því að beita til hins ýtrasta samtökum sínum og samheldni, samúð og hjálpsemi innbyrðis, geta þeir knúið rétt sinn fram og bætt kjörin til muna. Þessi frjálsi grundvöllur var hinsvegar numinn úr gildi um stundarsakir með l. frá 4. apríl 1939 og verkamönnum bannað að beita

samtökum sínum til að semja um kaup og kjör; ríkisvaldið gerði ákvörðun um þetta. En út frá hverju? Af því að ein sterkasta atvinnurekendastéttin í landinu, togaraeigendur, sem auk ýmissa fríðinda og umráða yfir lánsfé landsmanna hafði hlotið fullt skattfrelsi sér til handa, þurfti ofan á allt annað að fá gengið lækkað og fá sér þannig gefnar milljónir króna á kostnað alþýðunnar í landinu, til þess að tryggja sér nógan gróða. Þessar milljónir voru þó kannske ekki það mesta, sem af verkalýðnum var tekið með þeim l. og gefið skuldakóngunum, því að hann hefði getað sótt þær aftur í hendur þeirra með sama krafti sem hann hafði beitt til að sækja þær í skaut Ægis eða jarðarinnar. Frelsið til að beita krafti samtaka sinna var meira virði en milljónirnar. En það var einmitt það, sem skuldakóngarnir vildu koma í veg fyrir, og úrræði þeirra var að svipta verkalýðinn frelsinu. Við fulltrúar Sósialistafl. vildum lofa sjómannastéttinni að nota þann grundvöll, sem hún hafði haft til þess að vernda rétt sinn, en frá nokkrum hluta atvinnurekenda kom krafan um að eyðileggja samtök hans. Því hefir ekki verið mótmælt, að sá væri tilgangurinn, enda ekki hægt. Við sýndum fram á, að ef undan væri látið í þetta sinn, mundu erindrekar atvinnurekenda aðeins færa sig upp á skaftið; þegar 1. apríl 1940 færi að nálgast, mundi yfirstéttin á Íslandi gera þær tillögur til þjóna sinna, að ákvæðin um kauphækkunarbannið yrðu framlengd. Veigamestu atriðin í brtt. fjhn. eru nú einmitt framlenging þessa ófrelsis. Hinsvegar eru aðalatriðin í brtt. okkar að afnema *þetta ófrelsi og gefa verklýðsfélögunum* rétt sinn á ný til þess að ákveða, hvort þau vildu berjast fyrir varðveizlu og umbótum kjara sinna með þeim kröftum, sem þau eiga á að skipa, eða ef hvorki þau né vinnuveitendur á einhverjum stað kærðu sig um baráttu, þá kæmu til framkvæmda ákvæði um, að kaupið hækkaði mánaðarlega í sama hlutfalli og vísitala framfærslukostnaðar hækkar, þannig að reiknað yrði mánaðarlega, hvað dýrtíðin hefði hækkað, og þá strax um næstu mánaðamót hækkað kaup sem því svarar.

Fyrsta og mesta atriðið í brtt. okkar var að gefa verkamönnum og sjómönnum aftur réttinn, sem af þeim var tekinn. En annað meginatriði var að tryggja kauphækkun í samræmi við dýrtíðina á þeim stöðum, þar sem aðilum þætti *æskilegast að leggja ekki í baráttu, heldur láta* haldast það samræmi, sem verið hefir milli kaupgjalds og verðlags. Verkalýðssamtökin, sem menn vita, að sköpuð hafa verið á grundvelli frjálsrar baráttu fyrir hagsmunum sínum og staðið á honum í 20—30—40 ár hér á landi, þola ekki, að eggjar þeirra séu deyfðar á þann hátt að neyða þau til þess að hætta öllum tilraunum til að bæta kjör sín innan ramma hins íslenzka þjóðfélags.

En það er fleira, sem þarf að gæta að í þessu sambandi. Við tókum fram í brtt., að slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur yrðu að hækka að sama skapi og launagreiðslur, eða í samræmi við hækkun framfærslukostnaðar. Þetta er ákaflega nauðsynlegt löggjafaratriði, sérstaklega þar sem flestir, er slíkra bóta eða ellilauna njóta, styðjast ekki við nein samtök, sem gætu knúið á um úrlausn, og því meira mannúðarmál er hér um að ræða. Sama gildir um hækkun barnsmeðlaga (meðalmeðlög) af hálfu barnsfeðra. Því hefir ekki verið mótmælt með rökum, að allt, sem svo stendur á um, verði að hækka með framfærslukostnaðinum.

Í brtt. fjhn. er ekkert um slíkt. Valdhöfunum fannst ekki ástæða til hækkunar nema hjá þeim aðilum, sem þeir óttast vegna samtakamáttarins; mannúðin kemur ekki sérstaklega fram í því sambandi. Um þær brtt. er ekki ástæða til að orðlengja. En hjá því verður ekki komizt að minna á kröfurnar, sem allur landslýður hefir gert um breytingar á gengislögunum, og athuga, að hve miklu leyti brtt. fjhn. fullnægja þeim kröfum.

Ég býst við, að ekkert mál, sem fyrir þetta þing hefir komið, þótt mörg séu þau stór, láti almenningur í landinu sig eins miklu varða og kaupgjaldsmálin. Flestöll samtök launþega, bæði verkalýðs og annara stétta, hafa rætt þau og gert sínar kröfur í því sambandi. Ég vil leyfa mér að minna þingið á sumt af þessum kröfum. Þó að nokkuð af þeim hafi verið lesið hér upp áður, býst ég við, að hv. þm. þeirra flokka, sem kenna sig við lýðræði, sé kærkomið að heyra raddir almennings í málinu, standa þar í sem nánastri snertingu við hann og breyta að einhverju leyti eftir óskum hans. Um ýmis önnur mál, sem almenning varða miklu, hefir það verið haft þannig, að þau hafa verið knúin fram í skyndi, án þess að hann fengi nokkurt tækifæri *til að átta sig á þeim. Mönnum er sérstaklega* kunnugt, hvernig farið var að við samþykkt gengisl. frá 4. apríl síðastl.; sama dag og frv. var flutt og um nóttina er það knúið. gegnum allar 6 umr. í báðum deildum með afbrigðum frá þingsköpum, án þess að almenningur fengi að vita, hvað um var að vera. Ég býst við, þótt seint sé, að þm. lýðræðisflokkanna hafi gaman af að heyra álit almennings einmitt um lög, sem þannig voru sett, og skal nú telja upp nokkrar samþykktir og áskoranir frá samtökum ýmissa launþega í landinu, en þeir eru eins og sjá má af hagskýrslum heldur meira en 50% af þjóðinni.

Stjórnir Félags ísl símamanna, Sambands ísl. barnakennara, Póstmannafélags Íslands, Tollvarðafélags Íslands og Starfsmannafélags ríkisstofnana hafa sent Alþingi sameiginlegt álit um *breytingar á gengisskráningarl., þar sem þeir* fara fram á fyrir hönd allra þessara starfsmanna ríkisins, að kaupgjald sé hækkað, að þessi óviðunandi lög séu afnumin, og sérstaklega óskað eftir, að framfærslukostnaður sé reiknaður mánaðarlega og kaupuppbót ákveðin og framkvæmd mánaðarlega.

Frá *prentarafélaginu, sem er, eins og kunnugt* er, elzta stéttarfélag í Reykjavík, hefir Alþingi borizt yfirlýsing um misrétti það, er gengislögin valda, og rökstudd mótmæli gegn þeim.

Frá verkamannafélaginu Dagsbrún hefir borizt áskorun um að nema úr gildi 2. og 3. gr. gengisskráningarlaganna, en það eru þau ákvæði l., sem svipta verkamenn réttinum til að semja við atvinnurekendur. Frá prentarafélaginu barst síðan ný áskorun í sömu átt.

Bakarasveinafélag Íslands skorar á Alþingi að breyta l. og veita verklýðsfélögunum sjálfsákvörðunarrétt til kaupgjaldssamninga.

Sveinafélag húsgagnasmiða skorar á Alþingi að breyta ákvæðum l. svo, að kaupgjald geti hækkað í samræmi við verð nauðsynja og að verkalýðsfélögum sé gefið fullt samningafrelsi.

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur skorar ar á Alþingi að nema úr gildi bann við kauphækkunum, og við ítrekun þeirrar áskorunar mánuði síðar að hlutast m. a. til um, að sjómönnum verði greidd uppbót í samræmi við hækkað verð síldarafurða, og að samþ. brtt. Sósíalistafl. við l. um gengisskráningu.

Verklýðs- og sjómannafélag Keflavíkur skorar á Alþingi að breyta l. svo, að kaupgjald hækki í samræmi við aukna dýrtíð.

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur skorar á Alþingi að fella úr gildi 2. og 3. gr. l. og ráðstafanir í því sambandi.

Sjómannafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að breyta l. þannig, að kaupgjald hækki ársfjórðungslega miðað við dýrtíðaraukningu, og hlutast til um, að sjómenn fái uppbót á síldarverðið í réttu hlutfalli við þá verðhækkun, sem orðið hefir á síldarafurðum.

Verklýðsfélag Akureyrar skorar á Alþingi að lögleiða kaupuppbót, er svari til dýrtíðarinnar, eða þá nema úr gildi þau ákvæði l., er óheimila verklýðsfélögunum að setja sér kauptaxta í samræmi við dýrtíðina.

Félag bifvélavirkja í Rvík skorar á Alþingi að breyta l. á þá leið, að kaupgjald hækki í samræmi við breytingar á verði nauðsynja, og að gefa verklýðsfélögunum fullt samningafrelsi.

Víða hafa almennir fundir tekið málið til umr. og sent Alþingi áskoranir. Ein slík áskorun hefir borizt frá almennum umræðufundi, er haldinn var í samkomuhúsi Akureyrar 8. nóv. s. l. að tilhlutun Sósíalistafélags Akureyrar, um að afnema þau ákvæði, er hefta samningafrelsi og réttindi verkalýðsfélaga og banna kauphækkun.

Verklýðsfélag Akraness skorar á Alþingi að breyta ákvæðum l. á þá leið, að miða útreikning kaupgjalds við hækkaðan framfærslukostnað, eða veita ella verklýðsfélögunum sjálfákvörðunarrétt til kaupgjaldssamninga.

Stjórn Bílstjórafélags Akureyrar skorar á Alþingi að nema úr gildi 2. og 3. gr. l.og ráðstafanir í því sambandi, en breyta að öðrum kosti ákvæðum 2. gr. þannig, að framfærslukostnaður verði reiknaður út ársfjórðungslega og kaupgjald hækki samkvæmt honum.

Sjómannafélag Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að breyta ákvæðum l. á þá leið, að kaup sjómanna og verkafólks hækki í fullu samræmi við aukna dýrtíð, og samþ. brtt. 6. landsk. (EmJ) í þessu máli.

Rafvirkjafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að fella úr gildi 2. og 3. gr. l. eða breyta þeim á þá leið, að kaupgjald hækki í hlutfalli við dýrtíðina.

Almennur fundur haldinn í Vestmannaeyjum 26. okt. síðastl. að tilhlutun verkamannafélagsins Drífanda skorar á Alþingi að nema l. úr gildi og ráðstafanir í því sambandi.

Verkamannafélagið Fram á Sauðárkróki skorar á Alþingi að breyta l. á þá leið, að kaup hækki ársfjórðungslega í hlutfalli við verð lífsnauðsynja.

Verklýðsfélag Norðfjarðar skorar á Alþingi að afnema bann l. við kauphækkunum og taka upp í vinnulöggjöf skýrt ákvæði um það, að einungis eitt stéttarfélag í atvinnugrein skuli viðurkennt á hverjum stað.

Klæðskerasveinafélagið Skjaldborg í Reykjavík skorar á Alþingi að breyta l. þannig, að kaupgjald hækki í samræmi við hækkandi verðlag og verklýðsfélög fái fullt samningafrelsi.

Stofnþing Landssambands ísl. stéttarfélaga mótmælir vinnulöggjöfinni og skorar á Alþingi að breyta henni og sömuleiðis að nema úr gildi allar hömlur á því, að verklýðsfélög geti nú þegar hækkað kaup meðlima sinna vegna dýrtíðarinnar.

Verkamannafélag Hafnarfjarðar mótmælir breytingum á vinnulöggjöfinni og tekur upp áskorun Sjómannafélags Hafnarfjarðar um kauphækkun í fullu samræmi við aukna dýrtíð.

Verklýðsfélag Borgarness skorar á Alþingi að breyta vinnulöggjöfinni í grundvallaratriðum og veita verklýðsfélögunum óskert frelsi til að bæta kjör meðlima sinna. Áskorun sína ítrekaði félagið mánuði síðar, rétt fyrir jólin, í sambandi við ríkislögreglufrv.

Verklýðsfélagið Baldur á Ísafirði sendir Alþingi ályktun sína, þar sem það lýsir yfir því, að það muni sætta sig við lögbundnar kaupgjaldsbreytingar, meðan stríðið stendur, ef þær eru reiknaðar eftir þeirri reglu, að kaupið hækki í sama hlutfalli og dýrtíðin. — Þarna geta menn séð, hvernig eitt af þeim verklýðsfélögum, sem í lengstu lög vilja sætta sig við forsjón yfirvaldanna og Alþýðusamb., setur þó það skilyrði fyrir hlýðni sinni, að kaupið hækki ekki eins og St. Jóh. Stefánsson, hæstv. ráðh., leggur til, heldur í fullu samræmi við vaxandi dýrtíð.

Verkamannafélagið Dagsbrún skorar á Alþingi að samþ. brtt. okkar sósíalista, sem ég gat áðan, breyta vinnulöggjöfinni svo, að einungis eitt stéttarfélag sé viðurkennt á hverjum stað og allir meðlimir verklýðsfélaganna hafi þar rétt til trúnaðarstarfa, og loks mótmælir félagið ríkislögreglufrv.

Málarasveinafélag Reykjavíkur skorar á Alþingi að breyta l. á þá leið, að verklýðs- og iðnfélög hafi óskert frelsi til að bæta kjör meðlima sinna í samræmi við vaxandi dýrtíð.

Þvottakvennafélagið Freyja í Reykjavík mótmælir frv. um ríkislögregluna og skorar á Alþingi að breyta gengisskráningarlögunum svo, að verklýðsfélögin hafi óskert frelsi til að bæta kjör meðlima sinna í hlutfalli við dýrtíðina.

Sveinafélag húsgagnabólstrara mótmælir þeim ákvæðum l., sem hindra, að kaup hækki í samræmi við dýrtíðina.

Alþýðusamb. Íslands sendir Alþingi áskorun frá Verkamannafélagi Raufarhafnar um að nema úr gildi þau ákvæði l., sem banna kauphækkun, og gera allt, sem unnt er, til atvinnuaukningar á næsta ári.

Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík skorar á þing og stjórn að gera þær ráðstafanir, að daglaunamenn fái kaup í réttu hlutfalli við dýr-

tið, en láta kaupgjaldsmálin frjáls ella, — auk áskorana félagsins um mörg önnur mál.

Verklýðs- og sjómannafélag Ólafsfjarðar skorar á Alþingi að breyta þeim ákvæðum l., sem fjalla um lögfestingu kaupgjalds, og gefa þar verklýðsfélögum frjálsar hendur.

Alþýðusamb. Ísl. sendir Alþingi ályktanir verklýðsfélagsins Brynju á Þingeyri um að skora á Alþingi að breyta l. þannig, að kaupgjald hækki ársfjórðungslega samkv. vísitölu.

Sama samband sendir Alþingi ályktanir Verklýðsfélags Stykkishólms um að skora á Alþingi að breyta l. þannig, að kaup verkafólks hækki hlutfallslega við aukna dýrtíð.

Sveinafélag skipasmiða í Reykjavík skorar á Alþingi að breyta l. þannig, að kaupgjald hækki í samræmi við verðlag nauðsynjavara og að stéttarfélög hafi fullt samningafrelsi.

Verzlunarmannafélagið á Ísafirði skorar á Alþingi að breyta l. þannig, að stéttarfélögin njóti fulls samningafrelsis um kaupgjald.

Verkamannafélag Húsavíkur skorar á Alþingi að breyta gengisskráningarl. á þá leið, að verklýðsfélögin öðlist aftur rétt til að hækka kaup meðlima sinna, og hlutast til um uppbót á síldarverð fyrir síðustu vertíð.

Verkamannafélagið Hlíf í Hafnarfirði skorar á Alþingi að samþ. till. okkar sósíalista í þessu máli, en fella höggorminn o. fl.

Matsveina- og veitingaþjónafélag Íslands mótmælir ákvæðum höggormsins um fækkun matsveina og þjónustufólks á íslenzkum skipum.

Alþýðusamb. Ísl. sendir Alþingi fundarályktun Verklýðs- og sjómannafélags Gerðahrepps, þar sem skorað er á þingið að breyta l. á þá leið, að kaup verkafólks hækki í hlutfalli við vaxandi dýrtíð í landinu.

Þannig liggur fyrir Alþ. fjöldi ályktana, ekki aðeins frá verkalýðsfélögunum, heldur og öðrum, svo sem samtökum verzlunarmanna og starfsmönnum hins opinbera. Hefi ég ekki orðið var við eina einustu áskorun frá neinum stéttasamtökum, sem fari fram á, að kaupgjaldið verði lögbundið áfram. — Nei, það er svo sem auðséð, hvernig þessar brtt. hafa orðið til. Lítil klíka manna, sem stjórnar þessu landi, hefir komið sér saman um það á bak við tjöldin, *hvernig ráða skuli hag almennings*. Það er ekki verið að spyrja þjóðina eða taka tillit til óska hennar, og þó liggja fyrir kröfur frá meiri hluta hennar, samtökum alþýðunnar, en stjórnin hefir ekki tekið tillit til þeirra með einu orði. — Hinsvegar hefir þess orðið vart, að framkvæmdastjóri Vinnuveitendafélags Íslands hefir verið hér tíður gestur og staðið í miklum samningum við ríkisstj., og brtt. fjhn. er útkoman af því makki, sem farið hefir fram á bak við tjöldin allan tímann. Hverjir eru það, sem hafa samið bak við tjöldin? Hefir nokkur verkamaður eða fulltrúi frá samtökum þeirra fengið að segja álit sitt? Nei, samningarnir hafa aðeins farið fram milli ráðherranna og fulltrúa atvinnurekenda. *Enginn verkamaður hefir fengið* að koma hér nærri, og sá ráðh., sem telur sig sjálfskipaðan talsmann verkalýðssamtakanna, hæstv. félmrh., er ekki í neinu verkalýðsfélagi og virðist enda hafa annara hagsmuna að gæta en hagsmuna verkamanna. Þessar till. hafa ekki verið bornar undir eitt einasta verkalýðsfélag, enda er þess ekki að vænta, því að þær eru í skerandi mótsögn við kröfur allra þeirra félaga, er hafa látið málið til sín taka. Í öllum þeim fjölda ályktana, sem Alþ. hafa borizt, kemur það skýrt fram, að verkalýðssamtökin telja aðalatriðið, að þau hafi frelsi til þess að ráða kaupgjaldinu sjálf, en aðalatriðið í till. fjhn. er að binda kaupgjaldið áfram. — Og þó að það sé látið í veðri vaka, að það sé aðeins út þetta ár, þá vitum við, að ákvæðið um lögbundið kaupgjald verður framlengt á næsta þingi.

Þjóðstjórnarflokkarnir, sem leggja til, að verkalýðurinn verði sviptur þeim mikilsverða rétti, að ráða sjálfur kaupgjaldinu, færa það fram sem afsökun fyrir till. sínum, að nú séu svo erfiðir tímar, að þetta sé nauðsynlegt fyrir þjóðfélagið, — en auðvitað meina þeir yfirstéttina. Og hæstvirtir ráðherrar skæla framan í alþýðuna og segja, að þeir sjái enga aðra möguleika, því miður, — en þessir normaltímar, sem þessir herrar eru að tala um, koma að öllum líkindum ekki aftur fyrst um sinn, — fyrir því hafa valdhafarnir séð. Þess vegna er um að gera að *samþykkja þvingunarlög, sem hneppa almenning í þrældómsfjötra* og velta kreppunni yfir á herðar verkalýðsins.

Það er ekki til neins fyrir valdhafa að afsaka sig með ónormölum tímum; þeir eiga sök á þeim, en ef ekki verður við þá ráðið, er það fyrsta krafa almennings, að dýrtíðin verði látin skella fyrst á þeim hæstlaunuðu, en ekki á þeim, sem hafa versta aðstöðu.

Það hefir komið fram hvað eftir annað á þessu þingi, að það er ekki viðlit að fá tekið fyrir mál, sem snertir hálaunamennina. Ég skal ekki segja, hvort það stendur í sambandi við það, sem hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) upplýsti um daginn, að 30 þm. hefðu 10 þús. kr. árslaun og þar yfir, en það liggur nærri að álykta eitthvað í þá átt. Það hefir ekki fengizt tekið fyrir, að dýrtíðin væri fyrst og fremst látin bitna á hálaunamönnunum, — það er ekki við það komandi, að þeir, sem hafa 20—30 þús. kr. í árslaun, fái laun sín lækkuð. Hinsvegar er hver einasti stuðningsmaður stj. handjárnaður eftir *því sem unnt er, svo að hægt sé að kúga þá*, sem verst eru settir, til þess að taka afleiðingum dýrtíðarinnar.

Þessar till. fjhn., sem samdar eru á bak við tjöldin, á nú að keyra í gegnum þingið í kvöld og nótt með afbrigðum frá þingsköpum, án þess að þjóðin fái að segja eitt einasta orð um þær. En það vill svo til, að verkalýðssamtökin hafa þegar sagt sitt álit, eins og ég hefi þegar skýrt frá, og liggja þannig fyrir kröfur mikils hluta kjósenda um, hvað á að gera í máli þessu, og þær eru samhljóða kröfum okkar þm. Sósialistafl. Þetta vita valdhafarnir. Hæstv. ráðherrar hafa játazt undir, að æskilegast væri, að sú regla væri í gildi, að verkalýðssamtökin fengju *að semja um kaup meðlima sinna*. Hvenær er verkalýðnum mest þörf á, að þessi regla sé í gildi? Er það ekki einmitt nú í dýrtíð og atvinnuleysi? — En hvað gerir auðvaldið? — Það þurrkar út þessi mannréttindi; verkalýðurinn

má hafa þennan rétt á þeim tímum, þegar allt er tiltölulega rólegt, en þegar árásir auðvaldsins eru hvað svæsnastar og erfiðleikar alþýðu manna mestir, á að þurrka hann út. — Þetta er í samræmi við allt annað, sem þetta þing er að gera. Það er í samræmi við það, að nú á að svipta verkalýðinn þeim tökum, sem hann hafði á atvinnubótavinnu ríkissjóðs. Það er í samræmi við það, að nú á að vera hægt að flytja atvinnulausa verkamenn hvert á land sem er, láta þá vinna hvað sem er og fyrir það kaup, sem þeim er úthlutað. Þetta er í samræmi við breytingarnar á framfærslulögunum. Í stuttu máli, þetta er einn liðurinn að innleiða það þrælahald fyrir íslenzka verkamenn, sem yfirstéttin er að koma á. Það er vitanlegt, að yfirstéttin álítur þörf á að koma þessu þrælahaldi á nú, vegna þess, að óstjórn hennar hefir verið svo gífurleg, að hún treystist ekki að halda völdum að öðrum kosti.

Ofsóknarherferðirnar gegn Sósialistafl. eru líka í samræmi við þessa stefnu, því að nú er um að gera að berja niður alla mótspyrnu verkalýðsins, hindra samtök hans og svipta lagalegum rétti. Af sama toga er spunnið að hindra, að eldhúsumræðunum væri útvarpað. Skoðanir okkar máttu ekki ná út til fólksins. Þannig framkvæma hinir svokölluðu lýðræðisflokkar lýðræðið. Verkamenn mega vera frjálsir menn — mikil ósköp —, þeir mega vera í samtökum, en þeir mega bara ekki beita þeim. Mig skyldi ekki undra, þótt næsta skrefið yrði að gera ráðstafanir til þess að hindra, að blöð verkalýðsins komi út.

Þá er ennfremur rétt að vekja athygli á því, að þó aðalatriðið með framlengingu þessara kaupþrælkunarlaga sé að tryggja hagsmuni togaraeigenda — skuldakónganna — og annara slíkra, þá hefir ríkisvaldið einnig mikilla hagsmuna að gæta gagnvart verkalýðnum. Það kemur til af því, að af þeim ca. 40 millj. kr., sem greiddar eru árlega í vinnulaun á Íslandi, greiðir það opinbera um ¼ hl., eða um 10 millj. króna. Nú er ríkisvaldið eins og málum er komið orðið tæki í höndum eins stjórnmálaflokks annarsvegar og helztu skuldakónganna hinsvegar. — Embættismenn Framsfl. og skuldakóngar íhaldsins nota ríkisvaldið til þess að svipta verkalýðinn sjálfsögðum rétti sínum til ágóða fyrir stóratvinnurekendur og „ríkisvald" þeirra.

Þetta er sérstaklega athyglisvert, einkum þegar þess er gætt, að launþegar eru meira en helmingur landsmanna, og það er stórhættulegt, að Alþingi sem fulltrúi þjóðarinnar skuli svo gersamlega lúta hinni fámennu yfirstéttarklíku, að það skuli leyfa sér að skerða svo rétt meiri hluta landsmanna.

En það er ekki nóg, að Alþingi skerði á þennan hátt rétt verkalýðsins til þess að ráða sjálfur kaupi sínu, heldur skerðir það einnig rétt hans til þess að afla sér möguleika til að vinna fyrir þessu kaupi. Það hafa verið færð fram þau rök fyrir till. fjhn., að það sé ekki tilfinnanlegt fyrir verkamenn, þótt kaupið lækki, ef þeir hafi sæmilega atvinnu. Við vitum, að yfir vofir vaxandi atvinnuleysi. Hvað hefir Alþ. gert til þess að bæta úr því?

Ég vil nefna eitt sláandi dæmi, sem ríkisstjórnin fæst aldrei til að ræða.

Í bæ einum — ég á hér við Siglufjörð — stóð til að reisa síldarverksmiðju, er ynni úr 5000 málum síldar á sólarhring, og hefði þannig skapað stórfellda atvinnuaukningu. Ríkisstj. hindraði, að hægt væri að byggja verksmiðjuna. — Hér þurfti ekkert lán frá ríkinu, ekki einu sinni ríkisábyrgð á láni, aðeins leyfi til þess að flytja þau tæki til landsins, sem nauðsynlega þurfti til þess að koma upp verksmiðjunni. Þannig neitaði ríkisstj. fólkinu um aukna atvinnu. Þessi sama ríkisstjórn ber síðan fram lagaákvæði, sem skuldbinda verkalýðinn til þess að búa við lágt kaupgjald, jafnframt því sem hún stofnar til þess, að hann verði líka að búa við minnkandi atvinnu.

Aðalatriði tillagna fjhn. fyrir utan að lögfesta kaupgjaldið er það, að tryggja, að kaupgjaldið hækki aldrei í samræmi við vaxandi dýrtíð. En það er ekki nóg með það, því að ef kaupgjald 1. jan. á að haldast óbreytt í 3 mánuði, þýðir það, að kaupið lækkar raunverulega, ef dýrtíðin vex á þessum tíma. Hér er því um tvöfalt ranglæti að ræða: Í fyrsta lagi hækkar kaupið aldrei í samræmi við dýrtíðina, og í öðru lagi stendur kaupið í stað í 3 mánuði, jafnvel þótt dýrtíð aukist á þeim tíma.

Þá vil ég minnast með örfáum orðum á það, sem hæstv. viðskmrh. sagði í sambandi við ákvæðið um að fella burt 5. gr. gengisskráningarlaganna, en hún fjallar um það, að verð á kjöti og mjólk megi ekki hækka.

Burtfelling þessarar gr. gefur tilefni til þess að spyrjast fyrir um það, hvað meiningin er að gera í þessu efni. — Sala mjólkur og kjöts heyrir undir sérstakar nefndir, sem ákveða verðlag á þessum vörum. Fyrir allan almenning er hér um hagsmunamál að ræða. Svo framarlega sem það er ætlunin að hækka verð á mjólk og kjöti fram yfir það, sem kaup hækkar, álít ég, að eigi aðeins sé farið mjög óréttlátlega að, heldur einnig óviturlega, bæði frá sjónarmiði neytenda og bænda. Hækkunin myndi fyrir bændur engan veginn þýða, að þeir bæru meira úr býtum en áður, því að neyzlan minnkaði. Skynsamlegast væri og réttast að hækka verð á mjólk og kjöti ekki eins mikið og kaup hækkar, — ég veit enda, að sumir bændur hafa látið þá skoðun í ljós, að réttast væri að halda mjólkinni í sama verði, því að það þýðir aukna neyzlu og gefur meira í aðra hönd en hækkun. Mér þætti æskilegast, að það kæmi fram við umræður, hvað mjólkurverðlagsnefnd ætlaðist fyrir í þessu máli, og finnst mér, að ekki sé hægt að fella þessa gr. burt, nema þm. viti, hvað þessar stofnanir hugsa sér. Það mundu koma fram mjög skörp mótmæli gegn því að fella þessa grein burt án nokkurs í stað hennar, — breytingar gætum við fallizt á — mótmæli, ef sá er tilgangurinn að hækka verulega mjólk og kjöt frá því, sem er. Þetta er því mál, sem þarf að upplýsa, og þó að kannske sé þrotin von um, að hér verði tekið tillit til þess, sem rétt er, má vænta þess, að málið verði ekki látið ganga fram án slíkrar yfirlýsingar. Að þessu vík ég aftur við 3. umr., ef þörf gerist.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. talaði um framleiðendur og þeirra vandræði af gengisbreytingunni, vil ég minna á það, hvað hv. þm. hættir við að rugla saman hugtökum, telja þá framleiðendur, sem ekki eru það, en gleyma hinum virkilegu framleiðendum. Það gengur seint inn í kollinn á sumum, að verkamenn og sjómenn eru mestu framleiðendur þessa lands og bændur eru næststærsta framleiðendastéttin. En t. d. togaraeigendur, sem snerta ekki sjálfir á framleiðslustörfum, eru alls ekki framleiðendur í þjóðarbúinu. Þeir hafa miklu frekar verið þröskuldur í vegi framleiðslunnar í sambandi við þann barlóm, sem þeir hafa haldið uppi til þess að fá verkamenn og sjómenn til að sætta sig við ófrelsið og lækkað kaup, og halda vitanlega áfram jafnt eftir að afurðir hafa hækkað svo, að gróðinn er tvímælalaust orðinn mikill, þegar síldarverksmiðjur ríkisins hafa samkv. nýfengnum upplýsingum grætt 4.50—5.00 kr. á hverju síldarmáli, sem þær keyptu í sumar, og síldarverksmiðjur togaraeigenda græða ekki minna í skjóli þeirra. Hjá ríkisverksmiðjunum einum, sem keyptu um 300 þús. mál síldar, hlýtur gróðinn þá að hafa orðið upp undir 1½ millj. kr. Þetta er nú bara á síldinni, en vitanlegt er, að fiskur hefir einnig selzt mjög vel, einn togarafarmur fór fyrir milljónarfjórðung. Það er vitanlegt, að hér er um stórgróða að ræða. Við sósialistar höfum lagt fram frv., þar sem farið er fram á, að sjómenn og verkamenn fái hlutdeild í þeim gróða, en það mál hefir ekki fengizt tekið fyrir. Svo er hæstv. forsrh. að vitna í vandræðin og sárbæna menn um að sætta sig við þetta atvinnuástand, sem fulltrúum skuldavaldsins kemur bezt að geta viðhaldið sem lengst. Einmitt vandræðaástandið á að færa yfirstéttinni mestan gróða, svo að sem minnst beri á. Þess vegna þarf að harðneita öllum umbótum, líka þeim, sem jafnvel gætu orðið flestum atvinnurekendum hagur beint og óbeint. Það ætlaði allt að springa hérna um daginn, þegar það leit út fyrir, að til atkv. þyrfti að koma brtt. við fjárl. um 1,50 kr. uppbót á síldarmál til útvegsmanna og sjómanna. En eftir 2 klst. hörkuátök innan stjórnarfl. á lokuðum flokksfundum fannst ráðið. Það varð að stytta brtt. aldur, hvað sem þingsköpum og rétti og samvizku einstakra þm. leið, og sleppa við atkvgr. Hún var myrt.

Eigendur skuldafyrirtækjanna geta tekið stórgróða. Samtímis er alþýða svipt rétti til að ráða kaupgjaldi sínu. Þegar rætt er um, að yfirstéttin hafi orðið fyrir barðinu á dýrtíðinni, er það ekki rétt nema að litlu leyti. Þeir eru fleiri í þeirri stétt, sem græða á vandræðaástandinu, og nú búa þeir sig undir að lögbinda lækkandi kaup fyrir verkalýðinn og svipta hann öllu frelsi, sem mögulegt er. — Sem lið í hættulegustu kúgunartilraunum, sem ríkisstjórn og auðvald hefir nokkru sinni dreymt um á Íslandi, og sem óverjandi ráðstöfun í heild og flestum einstökum atriðum vil ég mótmæla þessu frv. harðlega.

Þá vil ég vekja sérstaka athygli á því í sambandi við b-lið 3. gr., þar sem ákveðið er, að á árinu 1940 skuli óheimilt að hækka kaupgjald í landinu meira en svarar til þeirrar hækkunar, sem ákveðin er í 2. gr., — en samkv. 2. gr. laganna, 5. lið, eiga eftir brtt. fjhn. á þskj. 673 þeir einir að fá hærra kaup, sem „organiseraðir" eru í stéttarfélögum verkamanna, sjómanna, verksmiðjufólks og iðnaðarmanna, — að það eru engin ákvæði sett viðvíkjandi t. d. verzlunarfólki, starfsmönnum hins opinbera o. s. frv. Líklega verður að skilja það svo, að þessar stéttir hafi óskert frelsi til að beita samtökum sínum, að svo miklu leyti sem önnur lög leyfa, til að hækka kaup sitt innan þeirra takmarka, sem bliður 3. gr. leyfir. Verzlunarfólk fær þá ekki neitt lágmark, aðeins hámark, það fær ekkert af þessum plástri Alþýðusambandsins fyrir náð St. Jóhanns, hæstv. ráðh., sem fyrirmælin um launahækkun, — að vísu „real"-launalækkun —, annara launþega eru, það fær ekkert nema það geti knúið fram hækkunina, og þó aðeins að þessu takmarki. Starfsmenn hins opinbera eru aftur á móti nær réttlausir að lögum, þar sem þeim er bannað að leggja niður störf til að knýja rétt sinn fram. Hinsvegar býst ég ekki við, að það þyki fært nú að neita þeim starfsmönnum um sanngjarna hækkun, og ég vil benda hv. Alþingi á, hvort því virðist ekki rétt að taka einnig tillit til þeirra í frv. þessu.

Eitt af því eftirtektarverðasta í frv. er, að þar er ekkert ákvæði um launahámark, eins og þar var þó upprunalega. Því hefir verið kippt burt. Nú mega sumir embættismenn hafa 10—20 þús. kr. árstekjur, bankastjórar aðalbankanna 20—30 þús. kr., og allir þessir menn mega nú hækka sín laun eins mikið og 6. liður 2. gr. leyfir. Það á sem sé að tryggja, að hálaunamenn geti fengið kaupuppbætur. Þetta er mjög eftirtektarvert og í samræmi við það, þegar rætt var um það hér á þingi nýlega að breyta l. um skattgreiðslu togarafélaga. Þá var í Nd. samþ., að þessi fyrirtæki, skattfrjáls sökum fátæktar, mættu ekki greiða yfir 10 þús. kr. laun nokkrum forstjóra sínum eða starfsmanni. En þá var kippt í múlbandið frá hærri stöðum og hv. þm. stjórnarflokkanna í hinni deildinni látnir nema þetta aftur burt, svo að „fátæku" félögin mættu greiða vissum mönnum eins mikið og þau vildu. Og nú gerir þetta frv. ráð fyrir hækkun hjá hálaunastéttinni yfirleitt. Það lá að, fyrst hér sitja a. m. k. 30 hv. þm. með yfir 10 þús. kr. árslaun, að hagsmunum hennar yrði ekki alveg gleymt, — auk þess sem séð er í gegnum fingur við hálaunamenn í framkvæmd laganna, gagnstætt framkvæmd þeirra við alla alþýðu. Eitt nýjasta dæmið er það, þegar bæjarstjórn Reykjavíkur samþ. að hækka þóknun til niðurjöfnunarnefndarmanna. Því hefir verið haldið fram af mér og fleiri, að þetta væri brot á l. um gengisskráningu, og engum hefir enn tekizt að mæla móti því. En ef eitthvert verkalýðsfélag ætlaði að hækka taxta sinn og gera verkfall til þess, stæði víst ekki lengi á því, að ríkislögregla yrði send á vettvang til að hindra það. Hér var að ræða um fastlaunaða embættismenn eða menn með 6—7 þús. kr. tekjum fyrir, með bitling upp á 2 þús. kr. í viðbót, og þess vegna þurftu þeir enn í ofanálag dálitla viðbót. Og sjálft Alþingi gerir sig sekt um það að hækka laun fæstlaunaða embættismannsins úr 60 þús. í 75 þús. kr. Þannig

er farið misjafnt að, eftir því hvort um hálaunaða embættismenn eða fátæklinga er að ræða. Það hefir auðvitað aldrei verið reiknað sem hækkun heldur, þó að nýir bitlingar væru stofnaðir í viðbót við full laun. — Þá vil ég enn benda á, að í brtt. fjhn. er hvorki gert ráð fyrir hækkun ellilauna, örorkubóta, slysatrygginga eða dánarbóta, eins og lagt er til í brtt. okkar á þskj. 288. Það liggur þó í augum uppi, að þegar það opinbera hefir með tvennum gengisfellingum haft önnur eins áhrif og nú á dýrtíðina í landinu, beri því siðferðileg skylda til að bæta úr því við hina tryggðu og fjölskyldur þeirra.

Ég ætla að láta þetta nægja í svipinn, þótt margt sé enn órætt í sambandi við frv. og brtt. fjhn. Tilgangurinn með því er að binda hendur verkalýðsins, svo að hann geti ekki rétt hluta sinn sjálfur. Það er verið að rífa sjálfan grundvöllinn undan félagsskap hans. Það er verið að gera þau réttindi, sem mesta þýðingu hafa fyrir verkalýðinn í borgaralegu þjóðfélagi, að engu, og það um ófyrirsjáanlegan tíma, eins og nú er krafizt af þeim, sem stjórna valdhöfum Alþingis. — Það er hættulegasta atriðið, það er það, sem hefir verið mótmælt í tugum þeirra mótmælaskjala, sem Alþingi hafa verið send og ég hefi talið upp, það er af þessu, sem bæði frv. og brtt. fjhn. mætir nú og ætíð mótmælum gervallrar alþýðu, sem er meiri hl. ísl. þjóðar.

Ísleifur Högnason: Bæði er það, að hv. 5. þm. Reykv. (EOl) hefir nú tekið fram nokkuð af því, sem ég vildi segja, og hv. fjhn. hefir ekki enn greint frá brtt. sínum á þskj. 684, svo að rétt sé að gagnrýna þær að svo stöddu, og í þriðja lagi eru þeir hæstv. ráðh., sem ég vildi einkum beina máli mínu til, ekki viðstaddir. Fell ég því frá orðinu að sinni og vona, að n. geri grein fyrir brtt. sínum, áður en umr. er slitið.

ATKVGR.

Brtt. á þskj. 684 of seint fram komnar. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Af hálfu fjhn. hefir enginn kvatt sér hljóðs. **(EOl:** Ætli nefndin viti ekki af því, að hún eigi að bera þessar brtt. fram?).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Fjhn. hefir verið bent á, að brtt. á þskj. 684 séu ekki rétt stílaðar við brtt. 673. Vil ég því biðja hæstv. forseta að stilla svo til, að umr. verði frestað um málið þar til brtt. koma leiðréttar úr prentsmiðjunni.

Umr. frestað um stund.

***Ísleifur Högnason:** Gengisl. frá 4. apríl í vor voru keyrð í gegn á einni nóttu. Þannig hefir verið um afgreiðslu mála, að þingfl. hafa keyrt þau í gegn án þess að þm. gæfist tækifæri til þess að athuga þau. Þessi meðferð á málunum er óafsakanleg.

Ég vil nú víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um það, að það riði á því öllu öðru fremur að fá ekki neinar deilur í landinu. Hæstv. Alþ. ætlar nú að samþ. þessa smávægilegu viðbót á kaupi til handa verkalýðnum, og það má segja, að hún sé alveg í anda vinnulöggjafarinnar.

Verkalýðurinn hefir nú orðið svo fyrir barðinu á þeirri löggjöf, að segja má, að menn hafi svelt heilu hungri.

Hæstv. viðskmrh. sagði, að Framsfl. vildi koma þeirri skipun á þessi mál, að kaupgjald yrði bundið frjálsum samningum; hið sama sögðu einnig hæstv. atvmrh. og hæstv. félmrh. Sem sagt, allir þessir ráðh. mæltu jafnvel gegn l. um það að verkalýðurinn gæti gert sínar ákvarðanir um kaup og kjör. Nú er það vitanlegt, að stríðið er ekki búið að standa lengi, en sú reynsla, sem fengin er, sýnir fyrst og fremst það, að dýrtíðin hefir vaxið geysilega. Í öðru lagi hitt, að einstök fyrirtæki hafa stórauðgazt á stríðinu. Eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði, hafa síldarverksm. grætt um ½ millj. kr. á síldarlýsinu einu saman, og það má gera ráð fyrir, að einkafyrirtæki hafi svipaðan gróða. Ennfremur má geta þess, að öll útgerðarfélög, sem hafa skip í siglingum milli landa, hafa grætt mikið fyrir styrjöldina. Að síðustu má geta þess, að togarar, sem hafa veitt ísfisk, hafa grætt stórkostlega. T. d. má geta þess, að í haust munu 3 togarar hafa selt ísfisk, samkvæmt útflutningsleyfi fiskimálan., og munu þeir hafa selt fyrir allt að 770 þús. ísl. kr., gróði á hvern togara var því 250 þús. kr.

Það sér hver maður, hvaða samræmi er í því, að á sama tíma, sem einstök fyrirtæki raka saman of fjár af völdum stríðsins, skuli meiri hl. þjóðarinnar stynja undan dýrtíðinni og ekki geta keypt brýnustu nauðsynjavörur. Ég hefi bent á þetta til þess að sýna fram á, að ef réttlæti væri viðhaft í þessum málum, ætti vitanlega að minnka dýrtíðina með því að lækka tollana á ýmsum vörum, gefa verkalýðnum frjálsar hendur um að hækka kaupið, og að afnema l. um skattfrelsi útgerðarfyrirtækja. En í stað þess að verða við réttlætiskröfu fólksins er Alþ. að samþ. enn þyngri byrðar. Það á að halda áfram að hlífa þeim, sem hlaða saman stórgróða af völdum stríðsins, og það er enginn vafi á því, að þjóðin fær að vita um þetta, þrátt fyrir það, þó að gerðar séu ráðstafanir til þess að fólkið fái ekki neitt um þetta að vita, vegna þess að útvarpið er í höndum ríkisstj., sem notar það óspart til áróðurs fyrir sig og sína stefnu. Hæstv. viðskmrh. sagði, að það væri erfitt að finna fullkomið réttlæti í þessum launamálum. Það er áreiðanlega erfitt að finna nokkurt réttlæti í þeim málum eins og högum er nú háttað í þjóðfélaginu. Kaupgjaldið er greitt á hverjum stað á landinu eftir því, hvað sterk verkalýðsfélögin eru. Á Siglufirði og í Reykjavík er kaupið hæst, vegna þess að þar er samtakamáttur verkalýðsins mestur. Aftur á móti í smærri kaupstöðum og kauptúnum er kaupgjaldið ekki nema 90 aur. til 1 kr. á klst. Í sambandi við þetta mál kemur dýrtíðin þyngst niður þar, sem kaupið er lægst. T. d. þar, sem kaupið er 90 aur. eða 1 kr., mundi hækkunin samkv. því, sem þjóðstj. hefir lagt til, verða 9 aur. á kr., eða 9%. Þegar reiknað er út frá verðvísitölu hagstofunnar, er miðað við Reykjavík, en þó ekki við þær nauðsynjavörur, sem eru notaðar meðal hinna lægst launuðu. Þess vegna er ýmislegt, sem veldur því,

að verðvísitalan verður hærri en meðaltal um land allt.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. félmrh. sagði í sinni ræðu. Hann sagði í fyrsta lagi, að ef hver flokkur hefði verið einráður um þessi mál, þá hefði afstaðan ef til vill orðið önnur. Þar með vildi hann gefa í skyn, að ef Alþfl. hefði verið einráður, þá hefði hann hagað sér samkv. vilja fólksins. — Það er enginn vafi á því, að hann mundi vilja verða einráður um þessi mál.

Þá er það mjög athugavert, sem kom fram, þar sem hann sagði, að aðrar þjóðir ákveði um kaup og kjör með þvingun. Ég hélt nú satt að segja, að verkalýðurinn í hverju landi væri meiri hl. þjóðarinnar. Það er sami hugsunargangurinn eins og kemur fram hjá ÓTh., Hermanni og öðrum burgeisum. Nei, það eru ekki þjóðirnar, sem leggja þvingun á verkalýðinn, það eru burgeisarnir, sem stjórna. Það er enginn vafi á því, að þm. Alþfl. eru ánægðir með þessa breyt. Þeir munu sjálfir fá hækkun, engu síður en hinir lægst launuðu. En að verkamenn séu eins ánægðir með þessa breytingu, það er ég ekki viss um.

Þá ætla ég að víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. atvmrh. sagði. Hann fór mörgum orðum um sínar fórnir hér á þinginu. T. d. lýsti hann því sem sinni sök, hvað niðurskurður á fjárl. væri mikill.

Ég hefi áður lýst því, hvað mikið tjón útvegsmenn, sérstaklega smáútvegsmenn, myndu bíða við þann niðurskurð, en að togaraeigendur muni bíða eins mikið tjón eins og hæstv. atvmrh. vill vera láta, tel ég alveg fráleitt. Ég efast t. d. um, að það sé svo mikil fórn fyrir hann að skera niður framlag til fiskimálan. og það framlag, sem verja átti til þess að auka mótorbátaflotann. En með aukningu hans fæst meiri fiskur, sem þýðir meiri samkeppni við togaraflotann. Svo vildi ég skjóta því hér inn í, að allar hans fórnir, sem hann talaði mest um, eru í raun og veru engar fórnir fyrir togaraútveginn, það eru beinlínis hagsmunamál hans gegn hagsmunum þjóðarinnar, gegn hagsmunum sjómanna og smáútvegsmanna.

Þá minntist hæstv. ráðh. á ágreining innan Sjálfstfl. um þessar brtt. Því miður hefir manni ekki gefizt kostur á að heyra, í hverju sá ágreiningur væri fólginn. Ég hafði búizt við, þar sem hæstv. fjmrh. var búinn að biðja um orðið, að hann hefði komið í ljós úr því horni, en nú hefir hann fallið frá orðinu. Það er víst af því, að hann hefir ekki fundið þennan ágreining ennþá, sem kann að vera innan Sjálfstfl. Það varð að vísu vart við nokkurn ágreining um það bil að verið var að mynda þjóðstjórnina, en sá ágreiningur hefir ekki komið í ljós síðan. Þegar búið var að koma 2 mönnum úr flokknum í ríkisstj., þá virðist hafa verið fullnægt öllu réttlæti.

Hæstv. atvmrh. var að fjargviðrast út af því, að útgerðarmenn hefðu um mörg undanfarin ár háð erfitt strit í baráttu sinni við að halda útveginum gangandi. Ég er nú ekki svo nákunnugur því, í hverju þetta strit hefir verið fólgið, en ég hefi sannfrétt það, að ekki hefir hæstv. atvmrh. lagt á sig mikið strit til þess að borga vexti og afborganir af þeim lánum, sem hvíla á hans fyrirtæki, en það mun vera um 10 millj kr., sem þetta fyrirtæki skuldar. Ég skal ekki draga það í efa, að skuldir hans fari að minnka, ef hann og hans nótar fá að sitja áfram í ríkisstj. Það er ekki vafi á því, að þetta stærsta útgerðarfyrirtæki mokar saman fé síðan stríðið hófst, enda eru allar ráðstafanir, sem þingið gerir, gerðar með það fyrir augum, að þessi mokstur á kostnað almennings fái að halda áfram. Það liggur ef til vill á bak við, að þessar skuldir Kveldúlfs fáist borgaðar að fullu.

Loks kem ég að brtt. á þskj. 684. Ég mælist til þess, að hv. frsm. fjhn. geri nokkra grein fyrir henni, en ég ætla samt, þar sem till. liggur hér fyrir, að fara um hana nokkrum orðum. Brtt. fer í þá átt, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana.

Það væri fróðlegt að heyra, hvers vegna ekki er fylgt sömu reglu við að bæta upp þessi laun og laun verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna. Ég álít, að það sé mjög varhugavert að fela ríkisstj. að ákveða þetta. Ég er ekki í vafa um, að þetta má misnota af vissum flokkum manna við vissar stofnanir, þannig að það getur orðið allt að 100% hækkun á launum sumra, sem kannske sízt þurfa á því að halda. Það er líka hægt að láta menn hafa sama sem enga eða jafnvel enga uppbót, og þannig er hægt fyrir ríkisstj. að hreinsa til hjá ríkisstofnununum með því að bæta ekkert upp laun þeirra, sem henni er illa við. Ég vil mjög eindregið beina því til þingsins, að það íhugi þetta vel, áður en horfið er að því ráði að samþ. þessa heimild handa ríkisstj. til þess að ákveða þetta.

Þá er ennfremur gert ráð fyrir því, að 6. gr. falli niður, en hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Útlánsvexti í bönkum og öðrum lánsstofnunum má ekki hækka til 1. jan. 1940.“ — Þessi tími er þegar liðinn, svo ég vildi fá upplýsingar um það, hvort meiningin væri sú, að leyfa bönkunum að hækka útlánsvexti til 1. jan. 1941. Það væri eðlilegt, ef slík hækkun ætti ekki að fara fram, að það kæmi brtt. við þetta á þann veg, að vextir megi ekki hækka til 1. jan. 1941. Ef einhver væri staddur hér úr fjhn., þá væri gaman að fá þetta upplýst.

Um frv. sjálft mun ég ekki fjölyrða að sinni. Ég mun greiða atkv. með þeim brtt., sem þm. Sósialistafl. hafa borið fram, en ég mun greiða atkv. á móti þeim brtt. fjhn., sem ganga á móti hagsmunum launþeganna.

ATKVGR.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 691. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

*Jón Pálmason: Ég hefði að vísu kunnað betur við, að fjhn. hefði mælt fyrir þeirri brtt., sem ég geri brtt. við, en þar sem hún hefir ekki gert það, þá þykir mér rétt að segja nokkur orð um þetta mál, og þá sérstaklega þá brtt., sem ég flyt á þskj. 691.

Það er víst, að þetta mál er eitt það þýðingarmesta mál, sem legið hefir fyrir þessu þingi,

og því miður kemur það til afgreiðslu svo seint, að það kann að vera nokkuð fljótfærnisleg afgreiðsla á því.

Það er nú svo, að þegar um það er að ræða, að þingið geri till. eða samþ. l., sem fara í þá átt að auka kjarabætur til handa einhverjum hluta þjóðarinnar, þá hefir maður mikla samúð með því, en þó því aðeins, að manni finnist þær byggðar á fullkominni sanngirni og þær stefni í rétta átt. En mér finnst mjög vafasamt, að hægt sé að segja það um ýmislegt af því, sem er í þessum brtt.

Í þeirri brtt., sem liggur hér fyrir frá fjhn. á þskj. 684 og ég hefi leyft mér að gera brtt. við, er svo fyrir mælt, að ríkisstj. skuli heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana. Ríkisstj. á að vera þetta heimilt, án þess að það sé nokkuð takmarkað, eftir hvaða reglum það skuli gert, og án þess að nokkurt hámark fylgi. Ég verð að segja, að þó ég sé fylgismaður ríkisstj., þá ber ég ekki til hennar svo ótakmarkað traust, að ég vilji láta samþ. till., sem ekki felur í sér neitt hámark á þessu sviði, ekki sízt eins og nú standa sakir í okkar þjóðfélagi.

Ég hefi þess vegna leyft mér að bera fram till. um að takmarka þessa heimild við sömu upphæð og dýrtíðaruppbótin hefir takmarkazt við á undanförnum árum til opinberra starfsmanna. Hvort þetta sé réttlátt í alla staði eða ekki, geta auðvitað verið mjög skiptar skoðanir um. En ég hygg, að það séu naumast skiptar skoðanir um það meðal almennings í þessu landi, að þeir fastlaunuðu starfsmenn hjá ríkinu eða stofnunum þess, sem hafa 5 þús. kr. árslaun eða þar yfir, sé sá hópur manna, sem hafi betri aðstöðu til að lifa heldur en mikill meiri hluti fólks í landinu og þess vegna verði, ef á að fara að bæta þeirra kjör, fyrst að gera einhverjar ráðstafanir til þess að bæta upp þeirra kjör, sem lakast eru settir í þjóðfélaginu. Ég held þess vegna, að öll sanngirni mæli með því, að sett sé eitthvert hámark fyrir því, hvað þessi verðlagsuppbót handa opinberum starfsmönnum skuli ná langt.

Á meðan ekki koma fram nein mótmæli gegn þessu, þá skal ég ekki fara um það fleiri orðum, en ég ætla að víkja ofurlítið að því máli, sem hér liggur fyrir, í heild, mjög lauslega þó.

Það hefir verið talað um þetta mál í hv. d. fyrst og fremst frá sjónarmiði verkalýðsins í landinu, og það hefir bólað á því, að sumum mönnum þyki of skammt gengið í þessum brtt. til hagbóta fyrir verkalýðinn. Aðrir eru þó nokkuð hófsamari í skoðunum, þó lítið hafi á því borið.

Ég vil vekja athygli á því, að það hefir gengið svo á undanförnum árum, og það mun fara eins að því er snertir þessar breyt., sem hér er verið að gera, að eftir því, sem kaupgjaldið er hærra í landinu, eftir því verður meiri aukning á atvinnuleysinu, eftir því er lakara hlutfallið milli framleiðslunnar og vinnunnar yfirleitt. Nú er það svo, að ég hefi fengið upplýsingar um það, að á tímabilinu frá 1914—1938, þá hefir hér í Reykjavík orðið hækkun á kaupgjaldi þannig, að ef miðað er við 100 árið 1914, þá var það 420 árið 1938. Á sama tíma hefir framfærslukostnaðurinn aukizt úr 100 árið 1914 upp í 263 árið 1938. Á sama tíma hefir arður af sauðfé, miðað við arð af 100 ám, hækkað úr 100 árið 1914 upp í 183 árið 1938. Mjólk hefir á sama tíma hækkað úr 100 árið 1914 upp í 137 árið 1938. Hækkunin á innlendum afurðum er því mörgum sinnum minni en kaupgjaldshækkunin, og framfærslukostnaðurinn hefir hækkað minna en kaupgjaldið.

Það eitt út af fyrir sig er athugandi í þessu sambandi, að mér skilst, að ef á þetta er litið frá sjónarmiði verkalýðsins í landinu, þá verði hver kaupgjaldshækkun, eins og nú standa sakir, til þess að auka óréttlætið innbyrðis innan verkalýðssamtakanna. Ég tel, að verkalýð okkar lands ríði meira á öðru en hækkuðu kaupgjaldi, honum ríði meira á því að fá aukna atvinnu.

Ég skal taka dæmi: Í fjárl. fyrir hið nýbyrjaða ár er ákveðin upphæð til vegamála. Þessi ákveðna greiðsla verður innt af hendi, en um leið og kaupgjald hækkar, þá skeður það, að annaðhvort verður að fækka þeim mönnum, sem þessa vinnu fá, ellegar, að þeir, sem vinnuna fá, verði jafnmargir, en vinnutíminn hjá hverjum verði styttri. Kaupgjaldshækkunin verður því til þess, að það verða fleiri, sem verða afstands og hafa ekki atvinnu, en ella myndi. Ég skal taka það fram, að ég sem einn af þeim, sem eiga sæti í fjvn., lagði á það nokkra áherzlu, að það yrði að auka vegavinnuféð til þess að skapa atvinnu, en gagnið, sem af því verður, verður minna eftir að kaupgjaldið hefir verið hækkað.

Út í þetta ætla ég ekki að fara nánar, en ég vænti þess, að minn skilningur, að það hafi aldrei verið og verði aldrei neitt allsherjar bjargráð að hækka kaupgjaldið, ef ekki er jafnframt séð fyrir aukinni atvinnu, sé réttur.

Ég hygg, að frá sjónarmiði okkar bændanna, sem höfum á undanförnum árum haft erfiða aðstöðu og orðið að sætta okkur við lakari lífskjör og lífnaðarhætti en almennt tíðkast meðal launafólks í landinu, verði það, að ganga lengra inn á þá braut að hækka kaupið hjá þeim, sem eru í föstum stöðum, að skoðast þannig, að með því sé verið að knýja íslenzka bændur til þess að loka sig inni meira en verið hefir og reyna að bjargast einhvern veginn á þann hátt, að taka ekkert fólk. Það verður því þannig, að það kemur niður á verkalýðnum sjálfum, ef kaupgjaldið er hækkað, og það verður til þess að auka ósamræmið milli þeirra manna, sem hafa vinnu, og hinna, sem hafa stopula eða enga vinnu. Þetta er frá mínu sjónarmiði lakasti gallinn við það að hækka kaupgjaldið til mikilla muna, eins og nú standa sakir.

Að öðru leyti skal ég ekki mikið fara inn á þetta mál í heild. Ég hygg, að menn viti það, að því er snertir sölu íslenzkra afurða, þá er það mál, sem er háð sama lögmáli og kaupgjaldsmálið, að eftir því, sem hærra verð er sett á afurðirnar, þá er meiri hætta á því, að salan minnki. Það er þess vegna vandasamt að ræða hér meðalhófið.

Ég hefði því gjarnan kosið, að farið hefði verið skemmra í þessu, eins og nú standa sakir, því það sýnist vera mjög í óvissu, hvernig verður

um hag framleiðslunnar í landinu á komanda ári. Þær björtu vonir, sem tengdar hafa verið við örfáar sölur undir árslokin, geta eftir öllum líkum ekki orðið gildandi í framtíðinni. Við skulum vona, að það verði bjartara yfir þeim málum en líkur standa til, þó mér þyki það undarlegt, eins og nú horfir í nágrannalöndunum, að það verði gróði að striðinu fyrir íslenzka framleiðslu. Við skulum vona, að svo verði, en ég er ekki bjartsýnn á það.

Ég vil þess vegna mega vænta þess, hvað sem líður annari afgreiðslu málsins, að þá séu hv. dm. samþykkir þessari brtt. um þetta takmark að því er snertir fastlaunamenn ríkisins.

*Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Fjhn. hefir fyrir tilmæli hæstv. ríkisstj. flutt 2 brtt. við brtt. á þskj. 673. Önnur brtt. er á þskj. 678, en þar eru skýrari ákvæði um það, hvernig kaupgjaldsuppbótin skuli ákveðin, þegar vísitalan fer lækkandi, og tiltekur hún nánar, hvenær lágmarkshækkunin er tekin til greina undir slíkum kringumstæðum. Brtt. er ekki annað en skýrari ákvæði um þetta.

Hin brtt. er á þskj. 684, en hún er á þá leið, að ríkisstj. sé heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana. Þetta kemur af því, að í brtt. á þskj. 673 er svo ákveðið, að kaupgjaldsákvæðin, sem þar eru í 2. gr., nái til verkamanna, sjómanna, verksmiðjufólks og iðnaðarmanna. Þau ná ekki til annara aðila en þessara, og það fasta verkafólk, sem ekki hefir fasta samninga, eins og flestir embættismenn og starfsmenn ríkisins og ríkisstofnana, fellur ekki undir þessi ákvæði um kaupgjaldsuppbót, sem felst í aðalbreyt. Nú hefir ekki þótt fært að ákveða nánar, hver þessi kaupgjaldsuppbót eða verðlagsuppbót á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana yrði, þar sem ekki hefir unnizt tími til að finna fyrir þessu þann grundvöll, sem réttur væri talinn. Það er þess vegna nauðsynlegt, að ríkisstj. sé veitt heimild til að finna grundvöll fyrir því, hvernig þessi verðlagsuppbót skuli greidd. Um þetta er heimildin á þskj. 684.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. A.-Húnv. á þskj. 691, þá er þess að gæta, að með því að samþ. hana eins og hún er, þá raskar hún mjög samræminu um kaupgreiðslur allar og lækkar suma hlutfallslega mjög á móts við aðra. Hún brýtur því í bág við ákvæði í brtt. á þskj. 673, 11. lið 1. brtt., þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Kaupgjald í hærra flokki skal þó aldrei verða lægra en það, sem greitt er í lægra flokki.“ Brtt. hv. þm. A.-Húnv. myndu því raska þessu, hvað við kemur embættismönnum og öðrum starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana.

Í öðru lagi er það að athuga, að það er ekki rétt, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það væru engin takmörk fyrir því, hvað há verðlagsuppbótin mætti vera á laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana, samkv. brtt. fjhn. Ég býst við, að hann hafi ekki tekið eftir því, að í aðalbreyt. á þskj. 673 stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Á árinu 1940 er óheimilt að hækka kaupgjald í landinu meira en svarar til þeirrar hækkunar, sem ákveðin er í 2. gr. laga þessara.“ Það er m. ö. o., að hámarkið er sett þarna, ekki aðeins fyrir þær stéttir, sem fá uppbót samkv. brtt., heldur um alla, sem laun taka í landinu, þó þeir falli ekki undir ákvæði þessara till. Þar af leiðandi var ekki talin þörf á því að setja ákvæði um þetta í þessa brtt., sem felur í sér heimild til handa ríkisstj. til að bæta upp laun embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, svo og ríkisstofnana, vegna þess, að ákvæðið er þegar fyrir í aðalbreyt. — Hv. þm. A.-Húnv. hefir ekki veitt þessu athygli, að þetta hámark felst í aðalbreyt. Ég vil benda á, að ef hans brtt. verður samþ., þar sem ákveðið er, að það megi ekki bæta upp laun, sem eru hærri en 5 þús. kr., þá er það í ósamræmi við aðaltill. Það er vitanlegt, að margir af þeim, sem þar er talað um, að fái uppbót, fara yfir 5 þús. kr. Það verður ekki séð, að neitt réttlæti sé í því, enda hygg ég, að ekki sé til þess ætlazt af hv. þm., að slíkt ósamræmi verði sett með l. Þetta yrði því að ná til allra, en þá væri raskað öllum þeim till., sem hér liggja fyrir.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða um, hversu réttlát hugsunin í þessari till. er, að setja 5 þús. kr. hámark. Það er erfitt að ákveða, hvar þetta takmark skuli sett, en það er augljóst mál, að það er ekki hægt að setja það um einstaka aðila fremur en aðra.

Annars ætla ég ekkert um það að deila, hvort þarna er fundinn réttur mælikvarði til launauppbótar í þessum brtt., en það er víst, að um þetta hefir orðið samkomulag innan ríkisstj., að þannig skuli þessu haga, og ég býst við, að það hafi tekið það langan tíma og kostað það mikla erfiðleika að fá þetta samkomulag, að það sé ekki vert að raska því, eins og komið er.

Þótt það sé alveg rétt hjá hv. þm., að það sé á mörgu meiri þörf en kauphækkunum, t. d. sé miklu þyngra böl að fá alls ekki vinnu, þá er þó rétt að geta þess, að það er ekki lítils virði fyrir framleiðsluna að fá tryggðan vinnufrið um heils árs skeið, eins og verður með samþykkt þessarar brtt., þegar fullt samkomulag ríkir milli allra stjórnarflokkanna um afgreiðslu málsins. Ég hygg, að allir aðilar græði á því marga peninga, að fá vinnufriðinn tryggðan. Eins og ástandið er nú orðið eftir verðfall peninganna og með aukinni dýrtíð, þá er það hreint réttlætismál, að kaupgjaldsmálin séu tekin til endurskoðunar.

*Einar Olgeirsson: Mér þætti ekki undarlegt, þótt einhverjir af þeim þm., sem samkv. upplýsingum hv. þm. A.-Húnv. hafa 10 þús. kr. árslaun, færu út á meðan ég flyt ræðu mína, því að ég ætla að reikna út, hvað þeir gera fyrir sjálfa sig í þessu máli og hvað fyrir verkamennina. Verkamenn, sem hafa 2 þús. kr. árslaun, t. d. Dagsbrúnartaxta, og hafa vinnu annanhvern dag allt árið, fá eftir þessari brtt. 9% hækkun, eða 180 kr. á ári. Ef verkamenn hafa nú vinnu 50% oftar og fá 3000 kr. laun, þá nemur árlega uppbótin 270 kr., — 3270 kr. verða þá laun þess verkamanns samtals eftir árið. Verkamaður, sem vinnur hvern einasta dag ársins og fær í kaup 4000 kr., getur fengið 360 kr. kauphækkun, eða

alls 4360 kr. árslaun. Þetta eru þá þau allra beztu laun, sem komið getur til mála, að nokkur verkamaður fái, ef hann vinnur hvern einasta dag ársins. Nú skulum við athuga, hvað þeir fá, sem hafa í föst laun 10—30 þús. kr. á ári. Eftir brtt. fjhn. er heimilt fyrir stofnanir, sem þessir menn vinna hjá, að hækka einnig þeirra kaup. Áður var það bundið samkv. gengislögunum frá í vor. Ef við tökum t. d. forstjóra SÍF eða bankastjórana, þá myndu þeir koma undir 1. gr. 6. lið, 3. fl. Ef vísitalan hækkar um 12 stig, þá er hækkun sú, sem þessir menn í 3. fl. mega verða aðnjótandi, þ. e. a. s. þeir, sem hafa meira en 2 kr. á tímann, 6,1%. Menn með 10 þús. kr. árslaun og 8 stunda vinnudag, sem svarar til 4 kr. á klukkustund, fengju því 600 kr. kaupuppbót á ári. Verkamenn, sem telja sig tiltölulega heppna með vinnu og vinna annanhvern dag, fá 180 kr. Mennirnir með 10 þús. kr. fá 600 kr., eða rúmlega þrefalt á við verkamanninn. Hafi viðkomandi maður 18 þús. kr. árslaun, eða 6 kr. á klukkustund, þá mega laun hans hækka úr 18 þús. í rúmlega 19 þús. kr. Hálaunamennirnir mega fá sitt kaup hækkað um 1000 kr., eða rúmlega það, en verkamenn með 2 þús. kr. árslaun geta látið sér nægja 180 kr. ársuppbót. Þetta er þá réttlætið. — Nú kunna sumir að álykta sem svo, að það sé afarólíklegt, að menn með 10 þús. kr. laun og þar yfir fari fram á að fá þau hækkuð. Já, menn kynnu nú að halda þetta eftir því, hvernig daglega er prédikað í blöðunum, og eftir þeirri reglu, sem sett var fram í haust, að eitt skyldi yfir alla ganga. En þegar við rifjum upp staðreyndir í þessum málum, þá minnumst við þess, að þegar skipaðir voru bankastjórar við Útvegsbankann fyrir nokkru, þá var álitið bráðnauðsynlegt að hækka laun þessara veslings manna um 4—5 þús. kr. á ári. Það eru ekki heldur nema 1—2 dagar síðan það var fellt í Ed. að banna togaraútgerðarfélögum að greiða starfsmönnum sínum hærri árslaun en 10 þús. kr. Og fjárlögin voru nýlega afgreidd á þann hátt, að maður, sem hefir 60 þús. kr. árslaun, var hækkaður upp í 75 þús. kr. Menn, sem hafa hér í Reykjavík um 6—7 þús. kr. föst laun, eins og þeir, sem settir eru í niðurjöfnunarnefnd, fá 2 þús. kr. aukabitling fyrir það. Þessi bitlingur var hækkaður nálega tvöfalt núna. Mennirnir, sem hafa hæst laun, eru frekastir í að láta hækka þau enn meira. Það dettur engum í hug, að mennirnir með 10 þús. kr. launin færu af tillitssemi til sinnar ástkæru þjóðar að neita sér um launahækkun. Hvað þýðir þetta? Það þýðir það, að launamennirnir á Alþ. hafa afnumið skorðurnar, sem þeim voru settar við hækkun launa. Þeir stilla svo til, að þeir fái sjálfir þetta 3- og 5-faldar uppbætur á við verkamennina. Það er vitanlegt eftir upplýsingum hv. þm. A.-Húnv., að 30 alþm. hafa 10 þús. kr. árslaun og þar yfir. Það er því skiljanlegt, að þeir standi fast með sínum stéttarbræðrum. Það hefði því verið heppilegra að öllu leyti fyrir verkalýðinn, að gengislögin frá í vor, jafnbölvuð og þau voru, hefðu fengið að haldast óbreytt, heldur en að láta nú allt verða skorið við neglur, sem verkamenn eiga að fá, en hálaunamenn gleypa sífellt hærri laun. Til þess að geta framfleytt 5 manna fjölskyldu í Reykjavík þarf 4—5 þús. kr. Það er vitanlegt, að meiri hluti verkamanna í Reykjavík lifir á hinu svokallaða hungurstigi, þ. e. hefir laun undir því lágmarki, sem þarf til að skorta ekki nauðsynjar. Þessum mönnum á til viðbótar við 2 þús. kr. árslaun að skammta 180 kr., meðan þeir, sem hafa tíu til tuttugu verkamannslaun, fá í ársuppbætur sem svarar hálfum eða heilum verkamannslaunum í Reykjavík. Þetta er það, sem þjóðstjórnin kallar að láta eitt yfir alla ganga. Þetta er framkvæmdin á hinum hjartnæmu skrifum þjóðstjórnarblaðanna, Morgunblaðsins, Alþýðublaðsins, Tímans og Vísis síðastl. haust. — Ég býst ekki við, að neinn af 10 þúsund króna mönnunum hér á þingi fari að róta við sér fyrir þessu. Þeir eru ekki vanir að hrökkva við, þótt þeim sé ljóst, að verið sé að fremja óréttlæti, og það er rétt, að verkalýðurinn og allur almenningur í landinu fái að vita, þótt ekki sé nema í gegnum þingtíðindin, hvaða afstöðu 10 þús. kr. mennirnir taka til þeirrar skömmtunar annarsvegar, sem framkvæma á gagnvart verkalýðnum, og hinsvegar hvernig þeir skammta sjálfum sér launin. Ég leyfi mér ásamt hv. 4. landsk. að bera fram brtt. við brtt. á þskj. 673, svo hljóðandi: Við 3. b. bætist á eftir 1. málsgr. svo hljóðandi málsl.: Þó má eigi hækka kaup þeirra manna, sem þegar hafa 10000 kr. eða meira í árslaun.

Hv. þm., sem flestir hafa þetta há laun, fá með þessu ágætt tækifæri til þess að sýna, hverskonar réttlæti það er, sem þeir berjast fyrir. Ég geri nú ráð fyrir, að flestir 10 þús. kr. mennirnir séu nú farnir út, og sný mér þess vegna að öðru.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að verkamönnum riði á öðru meira en hækkuðu kaupi, þeir þyrftu fyrst og fremst aukna atvinnu. Það er alveg rétt, að verkalýðnum ríður mikið á því að fá aukna atvinnu, en til þess að tryggja það, að atvinnan aukist hér á landi fyrir verkamenn, þarf fyrst og fremst að tryggja það, að valdaklíkan, sem nú stjórnar landinu, fari ekki með völd framvegis. Bankastjóraklíkan hefir hingað til staðið í vegi fyrir aukningu atvinnunnar. Má nefna, hvernig framkoma þessara manna og skuldakónganna er gagnvart verkalýðnum, — hve oft t. d. Kveldúlfur hefir stöðvað rekstur togara sinna til þess að hafa áhrif á pólitískar aðgerðir í landinu. Það er vitanlegt, að aukning atvinnunnar fæst fyrst og fremst þegar þessum mönnum er steypt af stóli. Það hefir einnig sýnt sig í sambandi við síldarbræðslurnar, hvernig einn einasti hringur er búinn að læsa þar klónum um alla hluti. Það hefir einnig sýnt sig — í sambandi við togaraútgerðina —, hve ófærir þeir menn eru til síns starfs, sem veitt hafa þeim málum forstöðu. Þjóðin hefir lagt stórfé í hendur þessara manna, en á sama tíma, sem skrautbyggingar forstjóranna hafa risið upp, ganga togararnir úr sér og fúna niður. Það hefir ekki verið um það hirt að auka atvinnuna í landinu. Það stendur ekki á verkamönnunum að vinna, og það stendur ekki á þeim bæjarfélögum, sem þeir ráða yfir eða hafa áhrif á. En það stendur á ríkisvaldinu, sem heldur öllu í þeim heljargreipum, sem Kveldúlfur hefir spennt um alla hluti á sviði framleiðslunnar.

Hv. þm. A.-Húnv. hefir flutt brtt. við 2. brtt. fjhn., þar sem farið er fram á, að þeir starfsmenn ríkisins, sem hafa 5 þús. kr. árslaun og þar yfir, skuli enga dýrtíðaruppbót fá. Ég verð að segja það, að meðan ekki eru settar neinar skorður við því, að þeir, sem hafa 10 þús. kr. laun og meira, hækki sitt kaup, þá nær ekki nokkurri átt að setja slík ákvæði gagnvart starfsmönnum ríkisins. Meinið í ríkisrekstrinum liggur ekki í því, að menn hafi í laun 5—6 þús. kr. á ári. Ég vil taka það fram, að margir starfsmenn hins opinbera, t. d. barnakennarar, ná alls ekki þessari launahæð, nema þá einstaka. Spillingin í launagreiðslum hins opinbera er ekki á þessu sviði, heldur í greiðslu hálaunanna og hinu, að gjalda stórfelldar aukagreiðslur ofan á há laun. Á því kýli þarf að stinga. Ég er því eins og sakir standa á móti þessari till., á meðan ekki er komið í veg fyrir gífurlegar uppbætur til þeirra, sem taka miklu hærri laun, t. d. forstjóra fiskhringsins, bankastjóra o. s. frv. Hinsvegar get ég verið með þessari till. hv. þm. A.-Húnv., ef eitthvert launahámark væri sett í l.

Viðvíkjandi brtt. 684, þar sem farið er fram á að gefa ríkisstj. heimild til að ákveða í reglugerð kaupuppbót embættismanna ríkisins, vil ég benda á það, að Alþ. hefir í sínum höndum fjárveitingavaldið, og það vald hefir frá upphafi verið talinn veigamesti þátturinn í valdi þess. Fjárlögin okkar eru komin upp undir 20 millj. kr. Af þeim eru beinar launagreiðslur milli 5—6 millj., en auk þess eru aðrar 5 millj., sem óbeint eru greiddar í laun við ýmiskonar starfrækslu ríkisins. Þannig er í höndum Alþ. vald yfir 10 millj. kr. launagreiðslum, eða sem nemur helmingi fjárlagaupphæðarinnar. Ef ríkisstj. er gefin heimild til að ákveða uppbót á laun embættis- og starfsmanna hins opinbera, þá nær sú heimild a. m. k. til ¼ hluta af upphæð fjárlaganna. Það er ekki ljóst af orðalaginu, hve mikið fer til verkamanna, sem vinna í þjónustu ríkisins, en að öllum líkindum myndu þeir þó koma undir sjálf almennu ákvæðin í brtt. frá fjhn., þannig að ríkisstj. myndi ekki geta ráðið við þeirra laun. En setjum svo, að allir venjulegir starfsmenn ríkisins féllu undir þetta reglugerðarákvæði, þá væri allt of mikið vald lagt í hendur ríkisstj. Það má þó gera ráð fyrir, að Alþ. taki nokkurt tillit til vilja þessara manna sjálfra, en ríkisstj. myndi hinsvegar ekki gera það. Hún er beinlínis þeirra yfirboðari og getur fyrirskipað það, sem henni þóknast, gagnvart þessu fólki. Það stendur meira að segja fyrir dyrum, að við ýmsar stofnanir verði nú um áramótin ráðið starfsfólk að nýju, og er allt of mikið vald lagt í hendur ríkisstj. með því að fela henni að ákveða kjör allra þessara starfsmanna. Hitt skal játað, að þessi till. er í samræmi við þær einræðistilhneigingar, sem fram hafa komið í blöðum ríkisstj. Morgunblaðið lét í ljós þá skoðun áður en þing kom saman, að það ætti aðeins að starfa nokkra daga, en fela ríkisstj. víðtækt vald til athafna, og þá auðvitað til að gefa út l. um hvað eina eftir geðþótta. Það átti því að fela ríkisstj. einskonar einræðisvald og afsala valdinu úr höndum Alþ. Slíkt er alveg sérstaklega hættulegt, þegar eins er ástatt um ríkisvaldið og nú er. Ég hefi áður rakið það, að íslenzka ríkisvaldið hefir meiri áhrif á launagreiðslur en nokkurt annað ríkisvald, sem mér er kunnugt um í nágrannalöndunum. Það ræður meiru um afkomu launþeganna en nokkurt ríkisvald á Norðurlöndum og Englandi. Hættan á því, að ríkisstj. misnoti þetta vald sitt, er því sérstaklega mikil, þar sem það hefir sýnt sig, að ríkisstj. leggur alveg sérstaklega mikið kapp á að ofsækja menn í ákveðnum pólitískum flokki og útiloka þá frá störfum eftir föngum. Það er því ekki ólíklegt, að ríkisstj., sem þannig beitir pólitískri kúgun, myndi notfæra sér á sama hátt réttinn til að ákveða starfsmönnum launauppbætur. Ég er alveg á móti þessari till. fjhn. og tel Alþ. á engan hátt ofvaxið að ganga svo sjálft frá launamálunum, að ekki þurfi þar nein reglugerðarákvæði um. En hv. þm. virðast vera alveg sérstaklega hræddir við að minnast á launamál. Síðan hæstv. forseti þessarar d. (JörB) sat í launamálanefnd árið 1933, að mig minnir, og lagði þar fram góðar till., hafa þm. verið svo hræddir við, að hægt væri að spara 700 þús. kr. í launagreiðslum, að ekki hefir verið á málið minnzt. Það er eins og hver einasta till. um þetta mál setji allt í uppnám hér á þingi, og liggur við, að stjórnir falli unnvörpum, ef þessu máli er hreyft. Það hefði því verið afarnauðsynlegt fyrir Alþ. að taka rögg á sig og horfast nú í augu við þennan draug. En það virðist nú eftir þessari till., að enn einu sinni eigi að stýra þeim málum sem lengst út úr þinginu og láta ríkisstj. eina um þau fjalla.

Þá vil ég að síðustu aðeins draga saman þá afstöðu valdastéttarinnar hér á Íslandi, sem kemur fram hér í þessum breyt., sem fyrir liggja. Hún er sú, að hér er sérstaklega um að ræða hækkun á launum hjá hátt launuðum mönnum; er hækkunin á þeirra launum margföld á við það, sem verkamenn geta fengið, og meiri gróði af útflutningnum heldur en fengizt hefir um langan tíma. Þessi sama valdastétt, sem skapar sér hækkuð hálaun og gróða, ætlar að skapa verkalýðnum í landinu raunverulega lækkuð láglaun, þ. e. a. s. sjá til þess, að þessi láglaun fái hvergi að hækka í hlutfalli við aukna dýrtíð í landinu, og skapa verkalýðnum áframhaldandi hungurstilveru, — kjör, þar sem skortir ýmislegt það nauðsynlegasta til þess að draga fram lífið. Og það er ekkert undarlegt, að valdastétt, sem lætur svona eitt yfir alla ganga, heimti vinnufrið í þjóðfélaginu. Það er sannarlega ekki að undra um menn, sem hafa yfir 10 þús. kr. í laun, en vilja ekki, að sjómenn fái sanngjarna uppbót á síldarverðið, en stilla svo til, að sjómenn og verkamenn fái aldrei hækkun, sem nemur dýrtíðinni, — það er sannarlega ekki undarlegt, þó slíkir menn, sem lifa örugglega við góð kjör í þjóðfélaginu á kostnað ríkis og þjóðar, heimti frið með sitt, svo að þeir geti lifað áfram í vellystingum praktuglega. En verkalýðinn á að svipta möguleikum til þess að halda a. m. k. þannig í, að ekki fari raunverulega versnandi hans afkoma. En þegar þannig l. eru sett, þar sem valdastéttin gengur svona bert fram frá sínu eigin hagsmunasjónarmiði, þá er það fullkomin hræsni, að menn tala um, að eitt eigi yfir alla að ganga, og þegar talað er um, að það þurfi

að skapa réttlæti í þjóðfélaginu. En því réttlæti lofaði þjóðstjórnin, þegar hún var sett.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt tvær skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 673. Önnur er frá hæstv. viðskmrh. (EystJ) við 3. tölul. b, og er þess efnis, að í stað orðsins „kaupgjald" komi: launagreiðslur, — og er það aðeins orðabreyt. Hin skrifl. brtt. er frá hv. 5. þm. Reykv. (EOl), sem nú hefir verið lýst, og er um það, að á eftir 1. málslið í staflið b í 3. tölul. brtt. komi svo hljóðandi málsliður: Þó má ekki hækka kaup þeirra manna, sem hafa 10 þúsund krónur eða meira í árslaun.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 692 og 693) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Jón Pálmason:** Það er í tilefni af ræðu hv. frsm., 1. þm. Rang., að ég vildi segja nokkur orð um þau atr. ræðu hans, sem sneru að minni brtt.

Hv. þm. vildi vefengja það, að það væri rétt, sem ég hélt fram í ræðu minni áðan, að það væru engin takmörk fyrir þeirri heimild, sem farið er fram á í brtt. á þskj. 684 að því er snertir launahæð. Það kann að vera, að ég hafi ekki orðað það nógu skilmerkilega, og skal ég því gera nánari grein fyrir því, að ég lít svo á, að samkv. þeirri brtt. séu engin takmörk fyrir því, hve háar þessar uppbætur á launum geta verið. Hitt var mér ljóst, og tek fullkomlega til greina, að samkv. brtt. sjálfum á þskj. 673 eru allsherjar takmörk fyrir því, hvað launahækkun í þessum og þessum flokki getur gengið langt. En það er allt annað en ég átti við með því, sem ég var að tala um áðan. Hv. frsm. var að tala um, að það væri ósamræmi milli þessarar brtt. og aðalbrtt. hvað snertir 5 þús. kr. launatakmarkið. En mér skilst, að það, sem fram er tekið í aðalbrtt., nái aðallega til verkamanna og þeirra manna annara, sem ekki eru í föstum stöðum. Og það er þó nokkur mismunur á því, hvort hlutaðeigandi menn eru í lausavinnu og hafa það ekki nema a. n. l. tryggt, hvað há árslaun þeir hafa, þó að t. d. mánaðarkaup eða dagkaup sé hátt, eða hinsvegar þegar um menn er að ræða, sem eru í föstum stöðum. Þetta gerir það að verkum, að samræmið þarna á milli er miklu minna en út mætti líta eftir skýringum þeim, sem hv. frsm. gaf um þetta atriði. Að öðru leyti veit ég, að hann skilur vel, að ég kýs miklu heldur að gera brtt. við þessa síðustu brtt., sem ekki hefir verið neitt rædd í framsögu.

Ég er hv. frsm. sammála um það, að það er mikil nauðsyn og hagur fyrir framleiðsluna í landinu að tryggja vinnufriðinn í landinu, og það ekki aðeins vegna vinnuveitenda, heldur einnig verkalýðsins og landsfólksins í heild. En það raskar engu um það ósamræmi, sem getur verið milli árslauna þeirra manna annarsvegar, sem í verkalýðsstétt hafa vinnu árið um kring, og þeirra hinsvegar, sem ekki hafa atvinnu nema stuttan tíma og komast ekki að þeim atvinnustörfum, sem arðvænlegust eru.

Ég vænti, að hv. þm. geti skilið, að mín brtt. takmarkar upphæðina, sem heimildin í brtt. 684 er tengd við.

***Frsm. (Sveinbjörn Högnason):** Vegna þess, sem hv. þm. A.-Húnv. sagði síðast, vil ég benda á, að í brtt. á þskj. 673 eru ákvæði, sem vitanlega ná til margra, sem eru á föstum launum og falla því undir ákvæði aðaltill. Stýrimenn t. d. og vélstjórar og aðrir slíkir eru menn, sem hafa fastar, hálaunaðar stöður, og þannig er þar um að ræða fjölda manna, sem hafa 10 þús. kr. laun. Það eru margir menn, sem aðaltill. nær til, sem eru í föstum stöðum, en koma samt undir þessa hækkun. Það er því ekki í aðalbrtt. skorið á milli þeirra, sem vinna lausavinnu og ekki hafa örugga atvinnu, og hinna hinsvegar, sem hafa föst laun. Þess vegna er þetta ekki rétt skilgreining hjá hv. þm. A.-Húnv., eins og hann mælti fyrir sinni brtt., sem ég veit líka, að hann sér sjálfur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 288,A.1 felld með 24:3 atkv.
— 678 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 690 felld með 21:3 atkv.
— 673,1, svo breytt (ný gr., verður 2. gr.), samþ. með 21:3 atkv.
— 288,A.2 felld með 21:3 atkv.
— 637,2 (2. gr. falli niður) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 673,3.a (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 22:2 atkv.
— 692 samþ. án atkvgr.
— 693 felld með 22:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HV, ÍslH, JPálm.

nei: EE, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, JakM, ÓTh, PHann, PHalld, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÁÁ, BÁ, BjB, JörB.

HG, ÞBr greiddu ekki atkv.

5 þm. (GÞ, GG, JÍv, SK, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 673,3.b svo breytt (ný gr., verður 4. gr.), samþ. með 22 shlj. atkv.
— 279 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 18:3 atkv.
— 673,3.c samþ. án atkvgr.
— 691 felld með 20:3 atkv.
— 684,1 samþ. með 20:4 atkv.
— 288,B felld með 21:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HV, ÍslH.

nei: SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞBr, ÁÁ, BjB, EE, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, JakM, JPálm, ÓTh, PHann, PHalld, PO, SEH, JörB.

VJ, BÁ, EmJ, HG greiddu ekki atkv.

5 þm. (BJ, GÞ, GG, JÍv, SK) fjarstaddir.

Brtt. 673,3.d (ný gr., verður 6. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 684,2 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 20:3 atkv.

3. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 23:1 atkv.

Brtt. 673,4 (ný gr., verður 9. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 294 tekin aftur.

Frv. vísað til 3. umr. með 24:3 atkv.

Á 100. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 694).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég ræddi þetta mál principielt við 2. umr., svo að ég skal ekki fara út í almennar umr. um það við þessa umr., heldur mun ég reyna að freista ennþá, hvort ekki muni vera hægt að koma fram við það breyt., sem til nokkurra bóta mættu verða. Ég sé ekki, að það þýði að koma fram með brtt. eins og þær, sem við 3 þm. bárum fram við 2. umr., því að þær eru svo umfangsmiklar, að þær myndu umturna frv. Ég mun þess vegna ekki reyna frekar til að fá 2. og 3. gr. breytt, og afstaða okkar til þessara gr. er það augljós, að ég þarf ekki að ræða þær frekar Hinsvegar vildi ég freista að bera fram nokkrar brtt. við 4. gr. a- og b-lið. Við 2. umr. bar ég fram brtt. í sambandi við a-lið um það, að þó mætti ekki hækka laun þeirra, sem hefðu 10 þús. kr. eða þar yfir.

Ég vil nú einmitt í sambandi við þetta vekja athygli hv. þm. á því, að þessu máli virðist hafa verið hroðað svo af í undirbúningi, að til vansæmdar er, og er svo komið með það inn í þingið og hespað af á fáum tímum, enda er það vitað, að mikill hluti þeirra hv. þm., sem greitt hafa frv. atkv. sitt, hafa ekki haft tækifæri til að athuga það, heldur orðið að rétta upp hendurnar eftir skipun flokkanna. Menn urðu þess t. d. varir, að í 4. gr. stóð orðið „kaupgjald“, en hæstv. viðskmrh. kom fram með þá brtt., að í staðinn fyrir það kæmi orðið „launagreiðslur“. Sem sé frágangur frv. var þannig, þegar það var lagt fyrir Alþ., að ef það hefði náð í gegn eins og það kom frá ríkisstj., þá hefði allt, sem hét launagreiðslur, verið undanskilið. Þetta stafar af því, að í l. frá í vor var ákveði um, að ekki mætti hækka laun fastra starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Nú var þessu kippt burt, og áður en hæstv. ráðh. kom með sína till., lá beinast við að skilja 4. gr. þannig, að allir hálaunamenn í landinu, sem vinna hjá einstaklingsfyrirtækjum, megi fá laun sín hækkuð.

Ég vil bara benda á þetta til þess að vara hv. þingmenn við þeirri afgreiðslu á málum, sem farin er að tíðkast mikið í þinginu, sem sé, að ríkisstj. útbúi till. á fundum hjá sér, komi með þær á vélrituðum blöðum til fjhn. deildanna, fyrirskipi þeim að flytja þær, fyrirskipi síðan sínum þm. að samþ. þær umræðulaust og orðalaust, helzt með afbrigðum frá þingsköpum, í einum grænum hvelli.

Vil ég mega ályktа, að þessi aths. okkar þm. Sósialistafl. við frv. eigi rétt á sér, ekki aðeins frá okkar sjónarmiði, heldur einnig frá sjónarmiði hv. andstæðinga okkar. Hér lá við, að hálaunamenn, sem ekki starfa hjá því opinbera, mættu hækka sín laun ótakmarkað á sama tíma og skorið er við neglur sér um launagreiðslur til almennra verkamanna og annara láglaunamanna.

Ég hefi áður borið fram brtt. þess efnis, að eigi megi hækka kaup þeirra manna, er hafa 10000 kr. í árslaun eða meira. Ég ætla nú að freista þess að flytja aðra brtt., sem ég vil leyfa mér að biðja hæstv. forseta að leita afbrigða fyrir, að þeir, sem hafi 15000 kr. í árslaun og þar yfir, megi ekki fá laun sín hækkuð. Verður gaman að vita, hvernig atkvgr. fer um þá till., en það er vitað, að ekki svo fáir menn í þjónustu bankanna og fleiri opinberra stofnana hafa þessi laun.

Þá á ég hér aðra brtt., við b-lið 4. gr. Hv. þm. A.-Húnv. var hér með till. um, að verðlagsuppbót mætti aðeins ná til þeirra starfsmanna, sem hefðu lægri laun en 5000 kr. á ári. Ég vil nú breyta hans till. þannig, að verðlagsuppbót nái aðeins til þeirra starfsmanna, er hafa lægri laun en 8000 kr. á ári. Ég viðurkenni um leið það ósamræmi, sem er milli launakjara opinberra starfsmanna og þeirra, sem starfa fyrir einkafyrirtæki. En eftir þeirri reynslu, er fyrir lá eftir 2. umr. málsins, treysti ég mér ekki til þess að fara öðruvísi í þetta. Mun nú sýna sig við atkvgr., hvort hægt verður að koma þessum till. mínum í gegn, en hér er ekki róttækt í sakirnar farið.

Loks ber ég fram þriðju brtt. Það var eitt, sem sýndi óvandvirknislegan frágang á till., sem fjhn. flutti, að lagt var til að fella niður gr., sem þegar var fallin úr gildi, því bannið við, að bankarnir mættu hækka útlánsvexti sína féll úr gildi 1. þ. m. — Ég vil hinsvegar bera fram till. um það, að útlánsvextir í bönkum og öðrum lánsstofnunum megi ekki hækka til 1. jan. 1941, enda eru þeir orðnir svo háir, að ekki er ástæða til, að þeir hækki enn meira. Ég man ekki betur en að það hafi verið krafa allra stjórnarflokkanna að lækka vextina, og hafa komið fram á hverju einasta þingi slíkar kröfur. Hér er farið hóflega í sakirnar, þar sem aðeins er ætlazt til, að útlánsvextir hækki ekki á þessu ári.

Við munum nú sjá, hvaða undirtektir þessi till. fær hjá stjórnarflokkunum, og er þess að vænta, að þeir þverbrjóti ekki alveg stefnuskrár sínar, enda þótt þær virðist ekki í miklum heiðri hafðar og sé ekki mikið flíkað nú í seinni tíð.

Ég vil að síðustu ítreka andstöðu okkar þm. Sósialistafl. gegn þessu frv., og þar sem ég hefi við 2. umr. gert grein fyrir þeirri skoðun okkar, tel ég ekki ástæðu til þess að fara um málið fleiri orðum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 695) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 695,3 felld með 20:3 atkv.
— 695,1 felld með 20:4 atkv.
— 695,2 felld með 18:3 atkv.

Frv. samþ. með 22:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 101. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar. (A. 694).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:1 atkv.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er orðið áliðið nætur og varla ástæða til þess að gera ýtarlega grein fyrir þessu frv., þegar svo stendur á, sérstaklega þar sem það hefir verið rætt rækilega í hv. Nd. — Breyt. þær, sem í þessu frv. eru fólgnar á ákvæðum l. um gengisskráningu íslenzku krónunnar og um kaupuppbætur til handa verkamönnum, eru allveigamiklar. Þær eiga rætur sínar að rekja til þess ástands, sem ófriðurinn hefir skapað. Þær eiga það sameiginlegt, að vera afleiðing af langvinnum samningaumleitunum innan ríkisstjórnarinnar og milli stuðningsflokka hennar. Þegar samkomulag varð milli flokkanna síðastl. vor um lækkun íslenzku krónunnar, var ákveðið að miða skráningu hennar við sterlingspund, þannig að 27 íslenzkar krónur jafngiltu hverju sterlingspundi. Þá var gert ráð fyrir því, að gengi sterlingspundsins myndi verða stöðugt eins og það hafði verið um allmörg ár. — Þegar ófriðurinn brauzt út, fór sterlingspundið hinsvegar að falla, og gengi þess varð mjög óstöðugt dag frá degi. Þá varð fljótlega ljóst, að ekki myndi vera hagkvæmt að binda gengi íslenzkrar krónu skilyrðislaust við sterlingspundið. Var þá það ráð upp tekið, að breyta með bráðabirgðalögum gengisskráningarlögunum frá í vor, og ákveða að 27 íslenzkar krónur skyldu jafngilda sterlingspundinu eins og áður, þangað til 4.15 Bandaríkjadollarar eða minna væri í hverju pundi. Félli sterlingspundið meira, skyldi gengi íslenzku krónunnar miðað við dollar. Þessi ákvæði bráðabirgðalaganna eru nú í 1. gr. frv. þess, er hér liggur fyrir.

Þá eru í þessu frv. ný ákvæði um uppbætur á kaupgjald verkamanna, sem ætlazt er til, að komi í stað þeirra ákvæða, er um það efni voru sett í gengisskráningarlögunum síðastl. vor.

Það hefir komið í ljós, að ófriðurinn hefir skapað ástand, sem er gerólíkt því, sem áður var, og hefir það þá jafnframt sýnt sig, að ákvæði gengislaganna og kaupuppbætur fengu varla staðizt. Gert er ráð fyrir í þessu frv., að kaup þeirra verkamanna, er lögin ná til, verði hækkað um 80% af þeirri hækkun á framfærslukostnaði, sem vísitala sú sýnir, sem lögin gera ráð fyrir. Er þetta aðalregla frv., en með nokkrum takmörkunum þó, ef vísitalan sýnir, að hækkun framfærslukostnaðar er aðeins 10% eða minni.

Þá hefi ég í örstuttu máli drepið á aðalbreytingar þær, sem frv. þetta gerir ráð fyrir frá núverandi ástandi. Þó er rétt að geta þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að ákvæði þess um kaupgjald gildi út árið 1940. Þegar séð varð, að ekki varð komizt hjá því að gera breyt. á ákvæðum gengislaganna, fannst mönnum skynsamlegast að ákveða kaupgjaldið með lögum út þetta ár til þess að tryggja vinnufrið þann tíma. Er óvíst, hversu annars færi, þar sem ófriðarástandið breytir mjög mörgu og því hætt við, að glundroði skapist, ef ekki gilda um þetta fastar reglur nú fyrst um sinn. Hinsvegar mun það vera sameiginleg skoðun allra í ríkisstjórninni, að keppa beri að því, að aftur komist á frjálsir samningar milli atvinnurekenda og verkamanna. Ég fyrir mitt leyti legg mikla áherzlu á, að búið verði að koma slíkum samningum á, þegar ákvæði þessara laga fellur úr gildi. Ég tel, að það sé mjög varhugavert að ákveða kaupgjald með lagasetningu.

Það má ýmislegt um það segja, hvað réttlátt sé að hafa kaupuppbótina háa miðað við aukna dýrtíð, en ég hefi ekki orðið var við alvarlega gagnrýni eða rökstudda á því, að kaupuppbótin, sem frv. gerir ráð fyrir, sé of lág. Miklu fremur hafa heyrzt raddir um það, að í tvísýnu væri teflt um það, að atvinnuvegirnir gætu greitt þessar uppbætur. Í Svíþjóð mun uppbótin vera ákveðin 75%, eða öllu lægri en hér. Í Danmörku er hún hinsvegar ákveðin 100%, og því meiri en hér.

Þá eru ákvæði í frv., sem hafa verið sett inn í það við meðferð þess í hv. Nd., um að heimila ríkisstjórninni að ákveða með reglugerð launauppbætur handa embættis- og starfsmönnum ríkisins. Það hefir verið álitið, að þingtíminn myndi lengjast verulega, ef ganga ætti frá þessu atriði nú. Hefir því orðið samkomulag um að veita ríkisstjórninni með lögum þessa heimild. [Niðurlag ræðunnar vantar í hndr.]

***Brynjólfur Bjarnason:** Við höldum því fram, að þessi l. miði að því að taka verkfallsréttinn alveg af verklýðssamtökunum, — að þau miði að því að banna raunverulega verkalýðsfélögin sem hagsmunasamtök, — að þau miði að því, að eftirleiðis geti ríkisvaldið skammtað verkalýðnum kaup og kjör. Það, að ríkisvaldið ákveði kaup og kjör eins og því líkar — eins og ríkisvaldinu líka er háttað hér á landi og Alþ. er skipað — þýðir hvorki meira né minna en það, að atvinnurekendur fá einræði um þessi mál, því að hér á Alþ. eru það fulltrúar atvinnurekendanna og atvinnurekendurnir sjálfir, sem eru í yfirgnæfandi meiri hluta. Slík l. sem þessi þýða það, að í stað frjálsrar verkamannavinnu er tekin upp einskonar þrælavinna, þar sem menn geta ekki samið um verð á vinnuaflinu, heldur verða að vinna fyrir það fóður, sem þeim er skammtað. Það, sem við héldum fram á fyrri hluta þingsins, þegar frv. til l. um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi var til umr., er nú komið á daginn. Það er komið á daginn, að það var ætlunin með þessum l. frá upphafi að lögfesta kaupið, — ekki til bráðab., heldur til frambúðar. Allir stjórnarflokkarnir kepptust um að lýsa yfir því, að þetta væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun, og það var í raun og veru eina afsökunin, sem flm. og aðrir aðstandendur frv. gátu borið fram fyrir sínum málstað. Þessar yfirlýsingar voru gefnar af hálfu Sjálfstfl., Framsfl. og alveg sérstaklega af hálfu Alþfl. Þetta fyrirkomulag átti aðeins að gilda meðan hið óvenjulega ástand ríkti, og vegna þeirrar nauðsynjar, sem væri á gengisbreytingu. Það var ákveðið, að þetta ákvæði skyldi gilda til 1. apríl 1940. Þeir voru margir, sem trúðu þessu þá, og það tókst að sætta allmarga við það vegna þess, að þeir tóku yfirlýsingar þessar og ummæli trúanleg, að einungis væri um bráðabirgðaástand að ræða. Menn treystu fulltrúum sinna flokka í lengstu lög. Nú er svo komið, að hver einasti maður á landinu getur sannfærzt um, að það var rétt, sem

við héldum fram. Formælendur frv. héldu því fram af eintómri hræsni, að þetta frv. væri bráðabirgðaráðstöfun. Ætlunin var sú frá upphafi, að l. yrðu framlengd. Verkamenn skyldu um alla framtíð sviptir réttinum til að verðleggja vinnuafl sitt. — Nú koma þessir sömu menn hér enn á ný og segja sem fyrr, að einungis sé um bráðabirgðaástand að ræða. Nákvæmlega eins og sagt var í vor. Viðskmrh. var að enda við að lýsa því yfir hér, að þetta fyrirkomulag ætti aðeins að gilda árið 1940, og enn er ætlazt til, að þessu sé trúað. Svo brjóstheilir eru þessir menn, að þeir tala með mestu virðingu um helgi verkfallsréttarins, eins og t. d. hv. þm. Snæf. (TT), alveg samtímis því, að þeir gerast stuðningsmenn þess, að svipta verkamenn þessum helga rétti. Það er talað um óvenjulega tíma og sérstakar ráðstafanir, sem verði að gera þeirra vegna. Skyldu *tímarnir ekki teljast* óvenjulegir meðan stríðið stendur yfir? Skyldi nokkur mótmæla því, að svo muni verða álitið? Vitanlega ekki. M. ö. o., meðan stríðið stendur yfir, þótt það verði í 10 ár, meðan hinir „óvenjulegu tímar" eru, á að láta verkamennina sætta sig við réttaraðstöðu þrælsins. Öll stríðsárin, hve mörg sem þau verða, mun verða talað um „óvenjulega tíma", og hverjum dettur í hug, að þegar stríðinu er lokið, verði talið komið „normalt" ástand? Eru yfirleitt nokkrar líkur til, að „normalt" ástand komi nokkurntíma aftur, ef við þá getum kallað, að ástandið 1924—1930 eða 1935—1936 hafi verið „normalt". Kemur nokkurntíma aftur „normalt" ástand meðan auðvaldsskipulagið ræður? Ef við eigum að bíða með að endurheimta frelsi verkalýðssamtakanna til að ráða kaupi og kjörum þangað til „normalt" ástand kemur, þá getur sú bið orðið ærið löng, — því að í sannleika sýna svona l., að auðvaldsskipulagið er ekki lengur „normalt" ástand. Þau eru merki þess, að hér er um deyjandi og rotnandi skipulag að ræða, sem ekki getur leyft lýðræði, — sem ekki getur leyft frjáls samtök þegnanna. — Ég sé, að allir hv. þm., sem þess eiga kost, fara út úr d. (ÁJ: Ég er hér!) — eða flestir hv. þm. (ÁJ: Ég er nú að fara!). Það var líka þannig í Nd., að þm. gengu flestallir út, þegar flokksbróðir minn, hv. 5. þm. Reykv. (*EOl*), *beindi orðum sínum til* þeirra þm., sem hafa yfir 10 þús. kr. árslaun. Það er ósköp eðlilegt, að þessir hv. þm. hagi sér þannig meðan rætt er um þá sjálfa. Það er líka vissara fyrir hv. þm. þessarar d. að forða sér, því að ég kann að minnast á þá í ræðu minni. (ÁJ: Lad gaa!). Nú skyldi maður a. m. k. ætla, að l. eins og þessi væru ekki samþ. án þess að þjóðin væri að spurð, og þá einkum sá mikli hluti þjóðarinnar, sem hér á beinlínis hlut að máli. Þegar um er að ræða l., sem hneppa langstærstu stétt landsins, verkalýðssamtökin, sem telja um 16—17 þús. meðlimi, í fjötra, þá skyldi maður ætla, að þau væru sjálf a. m. k. spurð um vilja sinn í þessu efni. En því er ekki að heilsa nú fremur en í vor. Menn segja, að þetta frv. sé fram borið vegna þess, að samkomulag hafi náðst milli aðila. Aðila? Hverjir eru þessir aðilar, sem hafa verið að semja og náð samkomulagi? Jú, þessir „aðilar" eru Ólafur Thors, fulltrúi atvinnurekenda, sem hefir samið við Ólaf Thors atvinnumálaráðherra, og það er Stefán Jóh. Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands, sem hefir samið við hæstv. félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson. Þannig hafa samningar gengið fyrir sig milli „aðila". Hvers vegna hefir þá ekki verið samið við fulltrúa verkamanna? Orsökin er augljós. Hún er sú, að þeir, sem að þessum „samningum" standa, vita vel um afstöðu verkalýðsfélaganna til þessa máls. Þeir vita mætavel, að næstum öll verkalýðsfélögin hafa látið álit sitt í ljós á því, og það er einróma og andstætt þessum l. Ég gæti lesið hér upp ályktanir félaganna, ef óskað væri eftir því. Þær liggja hér fyrir. Verkalýðsfélögin krefjast þess öll í fyrsta lagi, að félögin hafi frjálsar hendur um ákvörðun kaupgjalds og breyt. á því, í öðru lagi, að full kauphækkun verði *veitt með vaxandi dýrtíð*. L., *sem hér á* að setja, voru strax í vor, þegar þau voru fyrst borin fram, sett í fullum fjandskap við verkalýðinn og alla alþýðu þessa lands. Það er þetta, sem stjórnin veit, og þess vegna er ekki heldur nóg með það, að verkalýðurinn hafi ekki verið að spurður, heldur hefir blátt áfram verið farið með þetta mál eins og mannsmorð. Enginn hefir fengið að vita neitt um frv. fyrr en það er tekið á dagskrá. Enginn mátti yfirleitt vita um, að það yrði á dagskrá, fyrr en menn komu hingað niður í þinghús. Það hefir ekki verið skýrt frá því á nokkurri prentaðri dagskrá, að málið væri til umr. Enginn, ekki einu sinni þm., sem eru utan klíkunnar, hafa fengið að vita, að frv. þetta væri til, hvað þá um efni þess. Í raun og veru má enginn um þetta frv. vita fyrr en það er orðið að l. Hvílík skripamynd af lýðræði. Eldhúsumr. máttu ekki heldur fara fram. Það þurfti að brjóta þingsköp og í raun og veru landslög til þess að koma í veg fyrir, að landslýðurinn fengi að hlusta á útvarpsumr. Hvers vegna? Vegna þess, að það þurfti að koma í veg fyrir, að fólkið fengi að vita, hvað bruggað er hér á Alþ. Þetta er hið svokallaða „patent"-lýðræði þjóðstjórnarflokkanna. Hér er nefnilega ekkert lýðræði til nema aðeins að nafninu. Hér ríkir einræði lítillar yfirstéttarklíku. Þetta hefir verið mörgum dulið, enda hefir allt verið gert *til þess að halda því leyndu. En því oftar sem* þessir menn taka sér í munn orðið lýðræði, því auðvirðilegri hræsnarar verða þeir í augum þjóðarinnar. Hvað fela svo þessar till. í sér fyrir verkalýðinn í landinu? Það er sagt, að þær feli í sér hækkun á kaupi, sem nemi minnst 50—75% af verðhækkun í landinu. En það er ekki rétt að orða þetta þannig. Réttara er að segja, að hér sé um að ræða 25—50% lækkun, miðað við verðhækkunina strax í byrjun. Þótt kaupið hækki lítilsháttar að auratali, þá lækkar hið raunverulega kaup stórkostlega þegar í byrjun, en lækkunin, sem verður í upphafi, er minnstur hluti þeirrar lækkunar, sem verða mun. Á þeim þremur mánuðum, sem líða milli þess sem kaupgjald er ákveðið samkv. þessum l., verður auðvitað kauplækkunin margfalt meiri en hækkuninni nemur. Kaupgjaldið stendur í stað að auratali meðan verðlag hækkar ótakmarkað. Það táknar raunverulega, að alla þessa þrjá mánuði

er kaupið að lækka. Þess vegna er það svo mikils virði, ef kaupgjald er miðað við breytilegt verðlag, að útreikningur á verðvísitölu og kaupuppbót samkv. henni fari sem oftast fram, a. m. k. ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þetta er líka almenn krafa verkalýðsins, og hefir verið borin fram hér á þingi af þm. Sósíalistafl. Það er vitað, að um gífurlega verðhækkun verður að ræða, þegar lög þessi eru gengin í gildi og kaupið hefir verið ákveðið í fyrsta skipti. Verðlag á kjöti og mjólk hlýtur að hækka talsvert. Ef þetta frv. verður að l., þá er verðlag á þessum vörum ekki lengur bundið, sem ekki er heldur eðlilegt að verði til lengdar. Það er ekki vitað, hve mikil hækkunin á þeim vörum verður, en hún hlýtur að verða mikil. Hækkun erlendra vara hlýtur einnig að verða stórfelld. Í lok tímabilsins hlýtur hin raunverulega lækkun kaupsins að hafa numið um 30—40% eða meira. En þegar miðað er við verðvísitölu hagstofunnar og kauplagsnefndar, eins og nú er gert, þá fæst ekki rétt mynd af kauplækkuninni, sem verður, því að grundvöllurinn fyrir útreikningi verðvísitölunnar er hringlandi vitlaus. Inn í þennan útreikning eru teknar afurðir, sem verkamenn nota mjög lítið eða alls ekkert; t. d. hefir verð á tómötum og allskonar grænmeti stór áhrif á verðvísitöluna. Sama er að segja um húsnæðið. Það gerir ekki lítið strik í reikninginn, sérstaklega úti um landsbyggðina, þar sem verkamenn búa í grenjum, sem ekki er búandi í fyrir menn, og þótt þeir verði yfirleitt að greiða fyrir það hátt verð í hlutfalli við gæðin, þá er það samt lítill hluti af þeirra útgjöldum yfirleitt. Svo þegar húsaleigan er reiknuð með og miðað við sæmilega húsaleigu, þá kemur heldur en ekki strik í reikninginn. Verður þetta til að lækka stórlega vísitöluna, enda þótt hin raunverulegu útgjöld fyrir fötum og fæði séu margfalt meiri. Það er ekki enn reiknað út, hve mikil kauplækkunin verður samkv. þessum l., þar sem verðlagsgrundvöllur, sem vit er í, er ekki fyrir hendi. En svo mikið er víst, að kauplækkunin verður gífurleg. En að halda því fram, að verðhækkunin nemi ekki nema 12% — því trúir enginn maður, sem hefir heimili hér á landi. Því trúir enginn, sem veit, að sykur t. d. hefir hækkað um 77%, brauð um 16%, kol um 60%, smjörlíki um 20%, og smjör meira, hreinlætisvörur um 20%, — og svo mætti lengi telja. Sá maður, sem heimili hefir og veit, hvað það er að þurfa daglega að kaupa þessar nauðsynjar, trúir því aldrei, að verðhækkunin sé ekki meiri en ein 12%. Útreikningar hagstofunnar og kauplagsnefndar eru vitleysa. Fylgifiskar ríkisstj. segja, að það megi til að haga þessu svona, og telja það mjög vafasamt, að atvinnurekendurnir þoli meira að segja þetta kaupgjald, og yfirleitt telja þeir á því afarmikla tvísýnu, að rétt sé að hækka kaupið, þótt ekki sé nema að auratali. En hverskonar kjör hafa þá þessir þrautpíndu atvinnurekendur eins og sakir standa? Samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, hafa síldarverksmiðjurnar grætt 4.50 til 5 kr. á hverju máli síldar síðastliðið sumar, eða um 1,5 millj. kr. allar verksmiðjurnar. Þær hafa því grætt hundruð þúsunda á kostnað fiskimannanna. Gróði fiskútflytjenda er áreiðanlega engu minni, þótt þar liggi ekki fyrir tölur, sem ég get farið með. M. ö. o., atvinnurekendur hafa rakað saman of fjár, stríðsgróða. Það er staðreynd. Samt halda þeir því fram, að kaup verkamanna eigi að lækka og að um það verði að setja l. Til þess að halda atvinnurekstrinum uppi, segja atvinnurekendur, að nauðsynlegt sé að fá þessa kauplækkun. Hvernig hefði farið, ef enginn stríðsgróði hefði fengizt? Hvað myndu þeir þá hafa heimtað, fyrst þeir geta ekki komizt af nú nema fá þessa kauplækkun, og tvísýnt að hún dugi? Sannleikurinn er sá, að sjaldan hefir verið minni ástæða til þess að taka til greina umkvartanir atvinnurekenda en nú. Að heimta kauplækkun á stríðsgróðatímum er virkilega takmarkalaus ósvífni. Því hefir verið haldið fram af atvinnurekendum, að til þess að rekstrinn geti borið sig þyrfti kaupgjald að lækka jafnmikið og vöruverð hækkar, þ. e. að kaupgjaldið eiga að standa í stað, þrátt fyrir hækkun vöruverðsins almennt. En þó hefir hæstv. atvmrh. viðurkennt, að verkalýðurinn geti ekki lifað af þessu kaupi eins og það er ákveðið í frv., enda er það engin leið. Árslaun verkamanns í Reykjavík eru á milli 1—2 þús. kr. Nú hlýtur atvinnuleysi að aukast, — á því er enginn efi, þar sem byggingarvinna hættir, eins og aðrar atvinnuframkvæmdir, sem erlent efni þarf til. Þess vegna er það alveg víst, að árslaun verkamanna hljóta að lækka beinlínis að krónutali. Er hægt að lifa af 1—2 þús. kr. á ári með núverandi verðlagi? Ég veit, að öllum hv. þm. er ljóst, að það er ekki hægt, og reynslan mun sýna, að hundruð verkamannafjölskyldna munu fara á fátækraframfæri af því að þær geta ekki lifað af þessum launum. Hv. þm. vita, að þetta mun reynslan staðfesta. Það er hægt að tala fagurlega um það, að betra sé fyrir verkamenn að fá betri og stöðugri atvinnu en hækkað kaup. Og það gera hv. þm. á sama tíma og þeir minnka stórlega atvinnumöguleika manna með ýmiskonar löggjöf. Slíkt skraf er blygðunarlaust. Þegar styrjöldin hófst, setti þjóðstjórnin fram þá reglu, að eitt skyldi yfir alla ganga. Þetta kjörorð er framkvæmt þannig: Verkalýðurinn fær alla kauplækkunina og aukið atvinnuleysi, en stórútgerðarmenn og stórkaupmenn hirða gróðann. Hvað er svo um launþegana, sem ekki falla undir þessi ákvæði, t. d. verzlunarmenn og ýmsa starfsmenn? Láglaunamenn af þessum flokki verða allra harðast úti, ef frv. verður samþ. Þeir eru bundnir við hámark þessara laga, en er engin hækkun tryggð. M. ö. o., atvinnurekendurnir geta skammtað þeim kaup, en þó ekki hærra en hámark þessara l. ákveður. Starfsmönnum ríkisins getur stj. skammtað eins og hún vill samkv. reglugerð, sem henni er heimilt að gefa út. Ef stj. skilur kjörorð sitt rétt, að láta eitt yfir alla ganga, þá á ekki að hækka launin hjá öllum um sama hundraðshluta. Við skulum t. d. taka 10% hækkun hjá manni, sem hefir 2000 kr. tekjur, og öðrum, sem hefir 20 þús. kr. tekjur. Það þýðir 200 kr. hækkun hjá þeim, sem hefir 2000 kr., en 2000 kr. hjá hinum, sem hefir 20 þús. kr. í árslaun. Þannig er það réttlæti. A. m. k. eru allar leiðir opnar til

hróplegs ranglætis, þegar stjórnin hefir þetta á valdi sínu. Því hefir verið haldið fram, að það væri engin hætta á því, að stjórnin færi að hækka laun þeirra, sem hafa 8—10 þús. kr. árslaun. — En hvernig fór með atkvgr. í Nd.? Þar var felld brtt. um að hækka ekki laun þeirra manna, sem hefðu 10 þús. kr. tekjur á ári, og það var vegna þess, að tilætlunin er, að kaup þeirra verði hækkað. Ég mun nú flytja brtt. í þessari hv. deild þess efnis, að þeir, sem hafa 8000 kr. árslaun, og til vara 10 þús. kr. árslaun, fái ekki hærri laun. Sést þá á því, hvernig atkv. falla, hvort það muni ekki rétt vera, að hætta sé á, að því ranglæti verði beitt, að hækka laun þessara manna á sama tíma og láglaunamennirnir verða að sæta þeim afarkostum, sem í frv. felast.

Ég vil nú spyrja: Hvers vegna er verið að breyta gömlu l. frá í vor, þegar óskað er eftir, að kaupið sé sem allra lægst, eins og það myndi verða, ef gömlu lögin væru óbreytt? Flm. frv. hafa svarað þessari spurningu sjálfir: Það er gert til þess að tryggja vinnufriðinn í landinu, enda þótt atvinnurekendum sé nauðsynlegt, að kaupið haldist óbreytt að krónutali. Þetta þýðir það, að flm. vita, að ef þau l. hefðu verið látin gilda og þessar nýju hundsbætur væru ekki settar inn, myndu verða gerð verkföll þrátt fyrir öll lög. Því segja þeir: Við urðum að gera þessar breyt. á l. til þess að tryggja vinnufriðinn, — vegna þess að þeir vita, að nauðsyn brýtur lög. Með þessum breyt. er farið eins skammt og talið var fært að áliti flm. En þetta frv. tryggir ekki vinnufriðinn í landinu, — það get ég sagt ykkur, hv. þingmenn. Hvers vegna? Vegna þess að það tryggir almenningi ekki það kaup, sem hægt er að lifa af, og verkamenn vita, að nauðsyn brýtur lög; þegar þeir verða þess áskynja, að það kaup, sem þeim er ætlað samkv. þessu frv., nægir þeim ekki til að framfleyta lífinu, segja þeir: Þessi lög eru ekki lengur í gildi. Verkalýðurinn mun telja sig hafa fullan siðferðislegan rétt til þess að líta þannig á málið.

Við þm. Sósialistafl. höfum lagt til, að gengisskráningarlögunum yrði breytt þannig, að verkalýðurinn fái frjálsar hendur til þess að semja um kaup og kjör stéttarinnar, en að öðrum kosti hækki kaupgjald að sama skapi og verðlag hækkar. Þetta er í samræmi við kröfur næstum allra verkalýðsfélaga, þessara fjölmennu samtaka, sem telja um 16—17 þús. manns, og því eru till. okkar sósialistaþm. einu till., sem tryggja vinnufriðinn. Þeir þm., sem raunverulega vilja tryggja vinnufriðinn, greiða því till. okkar atkv., en í munni hinna, sem greiða atkv. gegn till., er orðið vinnufriður ekkert annað en hræsni.

Mun ég við 2. umr. þessa máls flytja brtt. shlj. brtt., sem flokksbræður mínir og hv. 3. þm. Reykv. fluttu í Nd., að viðbættum þeim brtt., sem síðan hefir orðið þörf fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv.

Á 102. fundi í Ed., 4. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég hafði ætlað mér að tala við 1. umr. þessa máls, en var ekki viðstaddur þegar umr. var slitið. Þar sem frv. þetta mun ekki fara til n. eins og venja er til, vildi ég leyfa mér að benda á nokkurn galla á því, sem mér virðist vera.

Forseti (EÁrna): Ég vil leyfa mér að benda hv. þm. á, að mál það, sem er á dagskrá, er ennþá ekki til umr., og gaf ég honum orðið vegna þess, að ég hélt, að hann ætlaði að tala utan dagskrár.

ATKVGR.
Of skammt var liðið frá 1. umr. frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Páll Zóphóníasson: Ég vil leyfa mér að benda á ákvæði 2. gr. frv., sem segir til um, hvernig kaupgjald hækkar, þannig að í 1. fl. er hækkunin 0,8% af kaupi, sem nemur 1.50 eða minna á klst., í 2. fl. 0,7% af kaupi, sem nemur 1.51—2.00 á klst., og í 3. fl. 0,55% af kaupi, sem er kr. 2.01 eða meira á klst. Mér skilst, að þarna sé alstaðar miðað við karlmannakaup og muni því allt kaupgjald kvenna falla undir 1. fl., sömuleiðis kaup unglinga og lærlinga. Afleiðingin verður sú, að minna bil verður milli kaupgjalds kvenna, lærlinga og þeirra, sem eru lélegir til vinnu, annarsvegar, og þeirra, sem vinna fyrir hærra kaupi, hinsvegar.

Ég vil hafa þetta bil meira en nú er, og er því á móti þessu ákvæði. Hygg ég, að réttast væri að flokka kaup kvenna og unglinga á sama hátt og kaup karla, en þar sem málið hefir ekki farið til nefndar og lítill tími hefir unnizt til athugunar á málinu milli umræðna fyrir einstaka þm. þar af leiðandi, mun ég ekki flytja um þetta brtt., þótt ég óski eftir, að þetta væri lagfært nú. Mér virðist, að taka ætti til athugunar, hvort ekki væri rétt, að málið færi til nefndar.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég gat þess við 1. umr. þessa máls, að ég myndi flytja brtt. við frv.; verð ég að leggja þær fram skriflegar og biðja hæstv. forseta að leita afbrigða um, að þær megi koma til umr., svo mjög er þessu máli hraðað í gegnum þingið. Þessar brtt. hníga í aðra átt en þær brtt., sem hv. 1. þm. N.-M. vill gera á frv., en hann er hræddur um, að kvenfólk og unglingar verði of vel úti skv. ákvæðum frv. Vænti ég, að ekki vinnist tími til þess að breyta frv. í þá átt, sem hv. 1. þm. N.-M. vill vera láta, svo að hlutur þeirra verði ekki enn verri en nú er skv. frv.

Brtt. mínar eru að mestu shlj. brtt., sem flokksbræður mínir fluttu í Nd. (**MJ:** Því má þá ekki leggja þær fram prentaðar?). Vegna þess, að frv. hefir tekið breytingum. Þessar breytingar eru í aðalatriðum sem hér segir: Í fyrsta lagi, að í staðinn fyrir öll þau ósköp, hvernig haga skuli útreikningi á kauphækkuninni, komi, að kaup verkamanna skuli hækka að sama skapi

og verðlag hækkar, og að verðlag skuli reiknað út af nefnd, sem er nokkuð öðruvísi skipuð en hér er gert ráð fyrir, sem sé einn eftir tilnefningu hæstaréttar, og sé hann formaður, einn eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, sá þriðji eftir tilnefningu Landssambands stéttarfélaganna og loks séu tveir tilnefndir af Vinnuveitendafélagi Íslands.

Hækkar þannig kaupið að sama skapi og verðlag hækkar, ef samningi hefir ekki verið sagt upp milli aðila, en aftur á móti er aðilum frjálst að segja upp samningum og semja á ný. Séu engir samningar eða taxtar fyrir hendi, skal samningstímabilið teljast 1 ár frá 1. jan. að telja, en er að öðrum kosti ákveðið í samningum milli aðila. Ef annarhvor aðila vill annað kaupgjald en þetta, skal hann tilkynna það innan mánaðar frá gildistöku þessara l., annars gildir gamli samningurinn áfram með þeirri kaupuppbót, sem jafngildir hækkun á verðlagi. — Þetta er samhljóða kröfum frá hverju einasta verkalýðsfélagi á landinu.

Þá er brtt. við 3. gr. Þar falli allt í burt nema heimildin að greiða sjómönnunum stríðsáhættuþóknun og kaupa þeim sérstaka stríðstryggingu.

Lagt er til, að í stað 4. gr. komi 3 nýjar gr. í lögin, og er efni þeirra þetta:

1) Ríkisstj. er heimilt að hækka meðlag af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum í samræmi við aukinn framfærslukostnað.

2) Slysa- og dánarbætur, ellilaun og örorkubætur hækki hlutfallslega við aukinn framfærslukostnað.

3) Ríkisstj. er heimilt að ákveða í reglugerð verðlagsuppbót til embættismanna og annara starfsmanna ríkisins, sem ekki falla undir 2. gr. og ekki hafa hærri laun en 8 þús. kr. á ári.

Legg ég sérstaklega mikið upp úr atkvgr. um þessa till. — Í frvgr. er ekki gert ráð fyrir neinni hækkun á tryggingabótum. Hve mikið sem verðlag hækkar, er ekki gert ráð fyrir, að gamalmenni og öryrkjar, sem verða að lifa af 50 kr. á mánuði, fái neina uppbót. Aftur á móti er gert ráð fyrir því, að þeir, sem hafa 10 þús. kr. laun og þar yfir á ári, geti fengið hækkun. Verður fróðlegt að sjá, hvernig atkv. falla um brtt. mína við þessa gr.

Verði brtt. mínar felldar, getur verið, að ég beri fram aðrar brtt. við 3. umr.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 701) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 701,1 felld með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 701,2 felld með 10:1 atkv.
3. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 701,3 felld með 12:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB.
nei: MJ, PHerm, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, HermJ, IngP, MG, EÁrna.
3 þm. (ErlÞ, JJós, JJ) fjarstaddir.
4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
5.—9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 103. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég freistaði við 2. umr. að fá úr því skorið, hvort hv. þm. vildu fallast á, að ekki skyldu hækka laun embættismanna, sem hefðu yfir 8 þús. kr. árstekjur. Það vildu hv. þm. ekki fallast á. Þeir líta því svo á, að enn beri að hækka laun þessara manna. Nú vil ég við þessa umr. freista að vita, hvort hækka beri laun þeirra, er hafa yfir 10 þús. kr. árslaun. Hver veit, nema hv. þm. hugsi sem svo, að það beri að vísu að hækka laun þeirra, sem hafa 8 þús. kr. á ári, og jafnvel líka þeirra, sem hafa 9 þús. kr., en þó ekki hinna, sem hafa 10 þús. kr. og þar yfir. Ég vil því freista að bera fram þá brtt. við 4. gr., að við a-lið bætist: „Þó má ekki hækka laun þeirra manna, sem hafa 10 þús. kr. og þar yfir í árstekjur". Verði þessi till. felld, verð ég að álíta, að ríkisstj. eigi að teljast heimilt að hækka laun þessara manna, sem hafa yfir 10 þús. kr. í árstekjur, þó að ekki megi hækka ellilaun og örorkubætur þeirra manna, sem verða að sætta sig við 50 kr. á mánuði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 702) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 702 felld með 11:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BrB.
nei: IngP[1]), MG, MJ, PHerm, PZ[2]), SÁÓ, ÁJ, BSt, BSn, HermJ, EÁrna.
4 þm. (JJós, JJ, ÞÞ, ErlÞ) fjarstaddir.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 703).

---

42. Bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Á 1. fundi í Ed., 15. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Ed., 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Verði frv. þetta að lögum, er því ætlað að koma í stað laga,

1) **IngP:** Ég tel þessar aðfarir hv. 1. landsk. hafa nálgazt skrípaleik, og þar sem ég vil ekki láta hafa mig að fífli, segi ég nei.
2) **PZ:** Þar sem ég ber fullt traust til ríkisstj. í þessu efni, segi ég nei.

sem gilda um þetta efni fyrir árið 1939. Þó eru á því allverulegar breyt. frá lögunum. Felldur er t. d. niður kafli um aukaverðtoll af innfluttum vörum. Milliþinganefnd í tolla- og skattamálum hefir tekið til endurskoðunar öll ákvæði um þau efni og samið frv., sem flutt verða hér á næstunni, og verður þar tollalöggjöfin samræmd og gerð miklu einfaldari en er. Þess vegna er það sjálfsagður hlutur, að þessi atriði séu ekki tekin í þetta frv.

Ennfremur er felld niður heimild til eftirgjafar á tolli af kolum og salti, af ástæðum, sem nefndar eru í grg. Mþn. í sjávarútvegsmálum mun gera ýmsar aðrar till. til að létta undir með útgerðinni, því að hlunnindi eins og eftirgjafir tolla og skatta eru yfirleitt miklu óeðlilegri leið. Annars má, ef menn vilja breyta tollalögum, ræða um það, þegar frv. mþn. í tolla- og skattamálum verða tekin fyrir.

Ég vil óska eftir, að frv. verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 41).

*Frsm. (**Bernharð Stefánsson**): Fjhn. hefir tekið þetta frv. til athugunar og borið það saman við gildandi l. Þetta frv. er nú gamall kunningi hér að nokkru leyti. Það hefir verið til meðferðar á undanförnum þingum og gengið undir nafninu „klauflaxinn“. En nokkuð er það nú breytt frá því, sem áður hefir verið. Í fyrsta lagi er það, að aukaverðtollur af innfluttum vörum, sem áður hefir verið í frv., er ekki tekinn upp í það nú, sökum þess, að sömu tekjum er ætlað að ná samkv. frv. um tollskrá, sem hér liggur fyrir hv. Ed. Og ennfremur er fellt niður úr frv., hvernig verja skuli tekjum af benzínskattinum, eða réttara sagt ákvæðin um það, hvernig honum skuli skipta milli einstakra vega. Það hefir verið nokkur togstreita um það á undanförnum þingum, eins og menn muna, hvernig skipta bæri benzínskattinum; og sú togstreita hefir verið í tvennu lagi, bæði í sambandi við afgreiðslu þessa máls og einnig í sambandi við afgreiðslu fjárl. En skiptingin hefir einnig staðið í fjárl. Það mun þykja nægilegt, að þessi skipting verði ákveðin í fjárl. Skal ég aðeins í því sambandi minna á það, að ég hélt því fram í fyrra í sambandi við þetta mál, að svo ætti að vera.

Það virðast liggja öll þau sömu rök til þess nú, að þessi tekjustofn verði framlengdur, að öðru leyti en því, sem ég nú hefi talið, eins og verið hefir á undanförnum þingum. Leggur því fjhn. með því, að frv. verði samþ. óbreytt. Þó skal þess getið, að hv. 1. þm. Reykv. hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, sem sjálfsagt boðar svipaða afstöðu frá hans hendi og verið hefir á undanförnum þingum. Býst ég við, að hann mun sjálfur gera grein fyrir fyrirvara sínum.

*Magnús Jónsson: Ég hefi skrifað undir þetta nál. vegna þess, að ég að svo komnu hefi ekki séð ástæðu til að leggja á móti frv. í heild sinni, vegna þess, að nú er skatta- og tollalöggjöfin í framhaldandi undirbúningi; og sé ég ekki ástæðu til að vera að hrófla við þessum tekjustofnum meðan till. liggja ekki fyrir um það.

En það er rétt til getið hjá hv. frsm., að minn fyrirvari er eins og verið hefir vegna þess, að ég tel ýms atriði í frv. ekki vera eins og ég óska. Ég álít, að skattstiginn í tekjuskattinum sé alveg óhæfilegur. Og þá held ég sérstaklega, að óhentugt sé til frambúðar að halda þeirri hröðu hækkun, sem er á tekjuskattinum, þegar um er að ræða tekjur frá 4 þús. kr. til 8 þús. kr., þar sem hækkunin nemur á þessu bili sumstaðar 2% á hverju þús. Það virðist sem það væri nóg stighækkun á tekjuskattinum, að hún næmi 1% við hvert þús. um tekjur almennt. Það er vitanlegt, að miklir örðugleikar eru oft á innheimtu tekjuskattsins, og þá sérstaklega þegar hann er mjög hár; og viðleitni manna til þess að reyna að komast hjá honum eykst að sama skapi sem hann er hækkaður.

Þá get ég ekki skrifað undir þetta frv. fyrirvaralaust, með því gerræði, sem framið var nýlega með því að ganga á bak því, sem ráðgert var um það um leið og hátekjuskatturinn var settur, að sá gjaldaauki skyldi skiptast milli ríkis og bæjarfélaga. Þó ekki sé það beint samningsrof, var það samt mjög nærri því að vera það, þegar svo sá afgangur, sem til bæjanna átti að ganga, er tekinn og látinn renna til annars. Ég hlýt að skrifa undir nál. með fyrirvara einnig vegna þess, að þetta ákvæði er framlengt. Ég hafði vonazt eftir, að þessu ákvæði yrði breytt og þetta fært í fyrra horf aftur, af því að reynslan af því máli, sem átti nú að styðja með þessu, hefir ekki heldur orðið svo ákaflega glæsileg.

Þá þykir mér rétt það, sem gert hefir verið hér, að fellt hefir verið niður úr frv. að ákveða nokkuð um það, til hvaða vega sérstaklega þetta benzínfé skyldi fara. Með því hefir Alþingi játað þá skömm, að hv. þm. hafa ekki haft þol í sér til þess að verja þessu fé til sömu sérstöku veganna ár eftir ár. Það álít ég vera með heldur meiri skömm, sem orðið hefir á Alþingi, hvernig farið hefir verið með þetta fé. Þess vegna álít ég það ekki nema rétt, að hv. þm. taki skiptingu þess út úr þessu frv. og láti sér nægja að rifast um það við fjárlagaumr. Ég álít, að rétt hefði verið að verja þessu fé til vega á aðalleiðunum kringum landið, vegarins norður og vegarins að norðan, sem aftur kemur á móti, þannig að þessir vegir mynda aðalleiðirnar norður og um Norðurland, og svo til aðalvegarins hér á Suðurlandi. En svo þurfti að skipta þessu fé sundur og fara með það út um allar Strandir og á yztu andnes til þess að kaupa með því kjósendur. Að þetta ákvæði hefir verið tekið út úr frv., er nokkurskonar löðrungur á hæstv. Alþ. Og mér fannst hv. frsm. láta vel yfir þessari breyt., og sagði hann, að svo ætti það að ganga til, að þessi skipting væri gerð í fjárl. Úr því sem komið var býst ég nú reyndar við, að ekki hefði verið til neins annað. Svona

er nú víðsýnið hjá hæstv. Alþ. og hv. þm., að geta ómögulega séð svona hluti fyrir.

Þá hefir verið felld niður úr 4. gr. heimildin til að endurgreiða kola- og salttollinn, og færð sú ástæða fyrir því, að það eigi að gera eitthvert meginátak fyrir sjávarútveginn í sambandi við till. milliþn. í sjávarútvegsmálum. En það hefði nú verið viðkunnanlegra, þar sem alllangt er þegar liðið af þingi, að eitthvað hefði sézt af því, sem sú hv. n. leggur til sjávarútveginum til nytsemdar, a. m. k. samtímis því, sem þetta frv. kemur fram með till. um að fella niður þessa heimild. Skal ég þó ekki efast um, að það eigi að gera slíkt. En ég vil geta þess, að í tollskrá þeirri, sem liggur nú fyrir hæstv. Alþ., var reiknað með 12% tolli, sem var vegna þess, að n. var ekki kunnugt um, að þessi undanþága yrði numin úr gildi. Og svo var einnig um fleiri vörur, að n. ákvað toll á þeim vegna þess, að henni var ekki kunnugt um annað en að þessi undanþáguheimild um kola- og salttollinn héldi áfram að vera í gildi. Ég get þessa til athugunar að þessu leyti, að í tollskránni er áætlað þessu hærra um tolla á sumum vörum en mundi hafa verið, ef okkur hefði verið kunnugt um, að undanþáguheimildin yrði felld úr þessu frv.

Að svo komnu hefi ég svo ekki meira að segja viðkomandi mínum fyrirvara um nál.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég vil alls ekki fallast á, að með þessu frv. sé rofinn nokkur samningur við bæjar- og sveitarfélög, því að framlagið til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga er fullkomlega eins mikið og tekjur þeirra hefðu getað orðið samkv. þessum l. eins og þau voru í fyrstu, og meira til.

Hvað snertir niðurfellingu kola- og salttollsins, sem hv. 1. þm. Reykv. talaði um, þá virðist það vera ákaflega eðlilegt, þar sem milliþn. hefir starfað í sjávarútvegsmálum. (**MJ:** Hvar eru hennar till?). Þær eru að vísu ekki komnar enn, en að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir, að þær komi og að þær verði til einhverrar frambúðar. En þessu frv. hefir ekki verið ætlað að gilda nema um eitt ár, þó að það kunni að verða framlengt aftur. Það sýnist því miklu eðlilegra, að þær kjarabætur, sem Alþ. sér sér fært að láta sjávarútveginum í té, komi í löggjöf, sem ekki sé hrein og bein bráðabirgðaráðstöfun, eins og þetta frv. í raun og veru er, þó að það hafi verið nokkrum sinnum framlengt. Annars skal ég í þessu sambandi benda á það, úr því að hv. 1. þm. Reykv. virðist tortryggja það, að nokkrar till. komi frá milliþn. í sjávarútvegsmálum, að þetta frv. er ekki komið neitt nálægt því að verða að l. Og ef það sýnir sig, þegar liður á þingið, að engar till. koma frá n., þá er hægt að bæta þessum ákvæðum um kola- og salttollinn, sem verið hafa í frv. undanfarið, inn í frv. En ég tel slíkt ekki tímabært nú, þar sem að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir, að till. komi frá þessari n.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég ætla ekki að ræða um þetta frv. yfirleitt. En það eru aðeins 3. og 4. mgr. 3. gr., sem ég ætla að gera að umræðuefni.

Það er, eins og hv. 1. þm. Reykv. tók fram, viðvíkjandi þessum benzínskatti, þannig að hann hefir verið teygður á milli sín af hv. þm. í nývegi um allar trissur, út á yztu andnes og upp á öræfaheiðar. (**Fjmrh.:** Og ekki líka út á sjó?). Jú, það átti eitt sinn eftir orðanna hljóðan í því frv. að leggja fyrir þetta fé veg frá Vestmannaeyjum og til lands. Þetta hefir valdið ónotalegum ruglingi. Ég tel, að það eigi að verja því fé, sem þessi skattur gefur af sér, til viðhalds vega, en ekki til nývega. Ég tel það rétt frá sjónarmiði fjárveitingavaldsins, og einnig, að bifreiðaeigendur mundu vera ánægðari með því móti með að greiða þennan skatt, því að þá yrði betra viðhald á þeim vegum, sem þeir nota sjálfir, þannig að senda bifreiðar sínar eftir þeim; og um leið verður minna slit á þeirra eigin bifreiðum og jafnvel benzíneyðslan sjálf minni. Ég álít því langheppilegast að verja þessum skatti eingöngu til viðhalds vega, en ef menn vilja eyða einhverju af fé til atvinnubótavinnu, hér í nánd við Reykjavík t. d., eða hlynna að einhverjum kjördæmum með vegagerðum, þá álít ég, að veita eigi fé í fjárlögum til þeirra nývega.

Ég ætla ekki að þessu sinni að gera brtt. við þessar gr., en geri ráð fyrir, að ég flytji brtt. um þetta atriði við 3. umr.

***Magnús Jónsson:** Hv. frsm. sagði, að það gætu ekki talizt nein samningsrof, þó að þessi helmingur hátekjuskattsins væri tekinn aftur frá bæjunum, því að það hefði verið bætt upp aftur með ákvæðinu um tillagið til jöfnunarsjóðs, sem væri ríflegra en fyrr. Það getur verið, að það hafi verið gott fyrir suma bæi landsins. En það er kunnugt af meðferð þessa máls hér á Alþ. áður, að það er svo laglega búið um ákvæðin um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga, að fé hans er mjög misskipt á milli bæjanna. Það eru fundnar upp svo undarlegar reglur fyrir skiptingu þess fjár á milli bæjanna — líklega bara af hendingu(!) — sem eru þannig, að Reykjavík er mjög illa sett með að fá nokkuð verulegt úr þeim sjóði. Til að byrja með fékk hún ekkert. En þegar svo leit út fyrir síðar, að hún fengi eitthvað úr sjóðnum, voru sett í l. ný ákvæði, sem gerðu það að verkum, að hún fékk það ekki. Og ég býst við, að það gangi svo til framvegis, til þess að Reykjavík sé ekki að éta af þessu fé. En það kann nú að vera, að það breytist. Hingað til hefir þetta gjald verið tekið af Reykjavík, og hún hefir ekki fengið neitt í staðinn, svo að það er kannske fyrir suma bæina mikil huggun, að þessu er breytt svo sem háttv. frsm. gat um, að það er það ekki fyrir alla bæina.

Þá sagði hv. frsm., að ég hefði verið tortrygginn um, að nokkrar till. mundu koma fram frá milliþn. í sjávarútvegsmálum nú á þessu þingi. En ég sagði bara, að alllangt væri nú þegar liðið af þingi og engar till. komnar enn frá þessari milliþn. Þetta frv. er nú til 2. umr. hér í hv. d., og sennilega verður það eftir 4 daga farið út úr Ed., þannig að a. m. k. við efrideildarþingmenn getum ekki fjallað um það eftir það. Og líka hefir það komið fyrir, að þó að milliþn.

skili áliti um eitthvert mál, þá er það ekki strax um leið orðið að l. Svo er það ýmislegt í stórpólitíkinni, sem gerir það að verkum, að mér virðist það geti brugðizt mjög til beggja vona um framkvæmd þess máls á þingi. Mér finnst, að það megi doka við með það að fella niður úr þessu frv. heimildina um endurgreiðslu tollsins og fella þá þetta heimildarákvæði niður, ef eitthvert stórátak verður gert um hjálp til handa sjávarútveginum eftir till. milliþn. Ég get tekið undir það með hv. 5. landsk., að það eina rétta væri, að bifreiðaeigendurnir væru látnir borga þetta fé, sem næst með benzínskattinum, til þess að bæta vegina fyrir sjálfum sér, þá vegi, sem þeir þurfa mest að láta sínar bifreiðar fara eftir. En þó að þetta muni hafa verið meiningin fyrst með álagningu benzínskatts, þá er hugsjónin bara ekki framkvæmd, því að það ber svo oft við, að hugsjónir eru ekki framkvæmdar, og sízt af öllu eru þær framkvæmdar hér á hinu háa Alþingi. Og ég er ákaflega hræddur um, að þó að þetta fé, benzínskatturinn, verði látið renna til vega í landinu, þá verði bara sparað aftur að leggja á annan hátt fram fé til vega sem því svarar, sem að öðrum kosti hefði verið veitt. Ég sé því ekki annað en að það sé bara orðaleikur, að þetta fé sé tekið til vega í landinu, þar sem annað fé verður sjálfsagt í þess stað aftur tekið frá vegunum. Ég sé því ekki, að hér sé um neina ákaflega mikla umbót að ræða með því að ákveða, að þetta fé skuli fara til vega, nema skýrt sé tekið fram í l., að það skuli fara til einhvers sérstaks viðhalds vega, t. d. viðhalds brauta af einhverri sérstakri gerð. Nei, ég hefði haldið, að öruggast og bezt hefði verið fyrir bílferðirnar um landið og vegina yfirleitt að verja þessu fé í eina meginbraut, eina allsherjarhringbraut kringum landið, sem tengdi saman héruðin sem næst um allt landið, því að það er áreiðanlegt, að einmitt það kemur bifreiðaeigendum, sem borga einir þetta gjald, til góða, að þessir bílvegir nái sem víðast um landið og verði sem beztir. Ég játa að vísu, að þetta er líklegt til að verða meira orðin tóm en neitt annað, því að Alþ. hefir ekki siðferði til þess að framkvæma annað eins og þetta. Og þá er ákaflega hætt við misbrestum í störfum þess víðar, ef hv. þm. geta ómögulega lagt kjördæmableðlana á hilluna rétt í þessu atriði. En slíkt má nú ekki verða, heldur þarf endilega að koma með þetta benzínfé heim í sveitirnar til þess að menn sjái ávöxt af starfi þm. í hans eigin kjördæmi og viðkomandi þm. fái svo af kjósendunum sín laun. Ég segi þetta ekki í áfellisskyni, heldur sem sorglega staðreynd, sem sýnir, hve kjördæmaskipulag okkar er nú heppilegt, að hv. þm. skuli vera svona ógurlega hræddir í þessu efni. Það kann að vera, að með þetta fyrir augum sérstaklega sé það réttast, eins og tekið hefir verið fram hér, að verja þessu fé eingöngu til viðhalds vega, sérstaklega ef svo nákvæmlega væri til tekið, að því skuli varið til einhvers sérstaks viðhalds, og hið venjulega viðhald vega væri svo framkvæmt nokkurn veginn þar fyrir utan.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en get látið lokið máli mínu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9:4 atkv.
3 gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9:1 atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 17. fundi í Ed., 14. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Ed., 22. marz, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Jónas Jónsson: Herra forseti! Ég vil geta þess, að fjvn. hafði hugsað sér að flytja kannske brtt. við þetta mál, og væri þægilegt, ef það mætti bíða þangað til fjvn. er tilbúin með tillögur sínar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Í 4. gr. frv. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs er gert ráð fyrir 11% viðauka á skatta og gjöld. Ýmsir hafa beitt sér fyrir, að þetta yrði 12%, og sé ég ekki ástæðu til að skýra það nánar. Fjmrh. hefir skrifað n. bréf um þetta, og vildi ég, að fjhn. athugaði það vel.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. enn tekið til 3. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Við þrír þdm., sem sæti eigum í fjvn., leyfum okkur að bera fram skrifl. brtt. við þetta frv., við 3. gr. 3. málsgr., um að ákvæðið um malbikun þjóðvega falli niður, að í staðinn fyrir „lagning akvega og malbikun þjóðvega“ komi: lagning akvega og þjóðvega. — Ástæðan til þess, að við berum brtt. þessa fram, er sú, að við búumst ekki við því eins og nú er orðið ástatt, að yfirleitt verði hægt að fást við það á næsta ári að malbika vegi eins og verið hefir undanfarið. Þess vegna munu í till. fjvn., sem við fjárl. hafa verið gerðar, verða bornar fram till. um það, að því fé, sem varið hefir verið til malbikunar undanfarið, eða benzínskattinum, verði nú varið í ýmsa þjóðvegi án þess að um malbikun sé að ræða. En til þess að till. fjvn. geti náð samþykki eða verði teknar til afgreiðslu við meðferð fjárl., þá þarf að gera slíkar breyt. á þessu frv. sem við berum hér fram.

Ég ætla ekki að færa nein sérstök rök fyrir því, að malbikun hljóti að falla niður á næsta ári; það er öllum kunnugt, hvaða breytingar hafa orðið á því almenna ástandi í landinu.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 507) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Magnús Jónsson:** Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Ég er á móti ýmsum ákvæðum þessa frv., og þá sérstaklega l. gr., sem ég tel alltaf

mikil brigðmæli hafa verið, það er um hátekjuskattinn. Þar segir, að nokkur hluti hans eigi að renna í bæjarsjóð. En þessu var svo breytt og það tekið af bæjarsjóði og látið heita svo, að því væri varið til annara hluta.

Ég hefi alltaf verið og verð mótfallinn þeim skattstiga, sem í þessu frv. felst. En þar sem verið er að vinna að þessu máli í mþn., sé ég ekki ástæðu til að vera að gera þessar breytingar nú.

Út af skrifl. brtt., sem kom hér fram, vil ég segja það, að mér finnst það afarhæpin aðferð að koma hér með eina skrifl. brtt., sem ekkert er hægt að athuga svo fljótt, og ég sé ekki heldur, að þess sé nein þörf, þar sem málið á eftir að fara í gegnum hina d., og mætti þá setja ákvæði um þetta inn í fjárl.

Það er kunnugt, að þegar benzínskatturinn var ákveðinn eða settur, var beinlínis talað um það, að rétt væri að verja því fé til að gera vegina þannig úr garði, þ. e. a. s. þá vegi, sem mest umferð væri á, að þeir væru í raun og veru bílvegir með sérstöku slitlagi, sem gert er með malbikun eða steinsteypu. Mér þykir þess vegna einkennilegt að telja nú nauðsynlegt að taka slíkt ákvæði burt, þar sem ástæðan fyrir því var rökstudd með því, að það borgaði sig fyrir bifreiðarnar að fá betri vegi, sem gerðir væru fyrir þetta fé. Ég býst við, að hv. þm. álíti, þótt hann tæki það ekki sérstaklega fram, að það þyrfti kannske mikið að flytja inn af efni til þess að malbika vegi, en ég býst ekki við, að það myndi vera í svo stórum stíl, að það stæði í vegi fyrir framkvæmdum. Enda myndi þá nauðsyn brjóta lög, ef ekki væri hægt að fá efni frá útlöndum til þess að framkvæma malbikunina. Að svo komnu get ég ekki annað en verið á móti því, að þetta ákvæði sé fellt burtu.

Það stendur hér í frv.: við lagning akvega og malbikun þjóðvega. Ég sé ekki, hvers vegna má ekki standa í fjárl. ákvæði um þetta. Ég sé ekki, að nokkuð í þessu frv. komi í veg fyrir það, að ákveða megi í fjárl. um þetta.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég get nú ekki fallizt á það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að það væri nægur tími til að breyta þessu ákvæði í Nd. En þótt það kynni að þykja nauðsynlegt, sem mér finnst reyndar ekki þurfa — þetta er ekki það stórmál —, þá þyrfti samt málið alltaf að koma hingað til þessarar d. aftur, og þar af leiðandi tefjast eitthvað. Og mér þykir líklegt, að það sé meining allra hv. þm., að þessu þingi ljúki fyrir jól, og býst ég þar af leiðandi við, að ekki þyki fært að vera að tefja málið að óþörfu.

Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði, að tilgangurinn með þessum skatti væri sá, að gera vegi sem víðast færa bifreiðum, með öðrum orðum, að leggja raunverulega bílvegi. En ég hefi séð og veit fyrir víst, að vegir geta verið góðir, þótt þeir séu ekki malbikaðir, og vitanlega er það meiningin með benzínskattinum eftir sem áður að gera þjóðvegi landsins að bílvegum með þessum skatti. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að benzínskatturinn hefði beinlínis verið settur með það fyrir augum, að það borgaði sig fyrir bifreiðarnar að fá betri vegi, en ég held, að það eigi að halda áfram að nálgast það takmark, þó að af sérstökum ástæðum verði hætt að malbika smákafla. Það er hvort sem er ákaflega lítið, sem hægt hefir verið að komast áfram með að malbika þjóðvegi.

Þá er það rétt, sem hv. 1. þm. Reykv. drap á, að til þess að malbika vegi þyrfti ekki aðeins erlendan gjaldeyri fyrir efni, heldur myndi eins og nú er ástatt vera mjög erfitt að fá það.

Það kann líka vel að vera, eins og hv. þm. sagði, að það kæmi ekki beinlínis í bága við þetta frv., þó að fjárl. ákvæðu svo, að það skyldi engu varið til malbikunar á næsta ári. En viðkunnanlegt er það samt ekki, að það standi í l., að það eigi að verja þessu fé til malbikunar á þjóðvegum og vegum að öðru leyti, og verja svo engu fé í þá sérstöku framkvæmd, malbikunina. Þess vegna virðist undir öllum kringumstæðum vera réttlátt, að þessi till., ef að l. verður, og fjárl. séu að þessu leyti samhljóða. Kappsmál getur þetta samt ekki verið. En ég verð undir öllum kringumstæðum að telja það rétt, að samþ. þessa brtt.

Hvað því viðvíkur, að brtt. sé skrifleg og of seint fram komin, þá er það vanalegt, að fram séu bornar slíkar skrifl. brtt. og þm. því ekki haft tíma til að athuga þær. Og þar sem þessi brtt. er svona einföld og öllum hv. þm. þetta svo kunnugt mál, þá held ég, að það sé ekki ofætlun, að hv. þm. taki ákvörðun um þetta við atkvgr. á þessum fundi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mig langar til að fá frekari upplýsingar um þessa brtt. áður en atkvgr. fer fram. Mér skilst, að vegir, sem kallast malbikaðir, hafi ýmist verið malbikaðir eða steyptir. Langar mig til að fá að vita, hve kostnaðurinn er mikill á hvern km., sundurliðað þannig, hve mikið efni þyrfti að kaupa að og hvað það kostaði á hvern km. af malbikuðum vegi og á hvern km. af steyptum vegum, og frá hvaða löndum slíkt efni geti nú komið. Ég geri ráð fyrir, að n., sem hefir haft þetta mál með höndum, hafi rannsakað þetta allt og geti þess vegna gefið greið svör, en af þeim má sjá, hve mikið hér sparast í efni, sem þá má verja til vinnu, en eftir því fer afstaða mín til tillögunnar.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Mér skilst, að það skipti ekki ákaflega miklu máli, þótt þessi brtt. verði samþ. Hinsvegar kynni að vera heppilegt að fella niður þetta eina orð „malbikun", og þá má skilja það svo eftir sem áður, að það sé heimilt að malbika vegi, ef það þykir tiltækilegt. Eftir orðalaginu er það ekki bannað. Og það er fyrirskipað að leggja þessa vegi, og verður gert ef tiltækilegt þykir.

Það hefði verið æskilegt að hafa umsögn vegamálastjóra um þetta, og hefði hún að sjálfsögðu getað falið í sér þær upplýsingar, sem hv. 1. þm. N.-M. fór fram á að fá. Ég vildi gjarnan, að þann skilning mætti leggja í þetta frv., að gera mætti slíka vegi, ef ásæður þættu leyfa, þótt það sé ekki beinlínis fyrirskipað, að fénu skuli varið til malbikunar.

***Jónas Jónsson:** Út af ræðu hv. 1. þm. N.-M. vildi ég segja það, að við flm. þessarar till. höfum að vísu ekki talað við vegamálastjóra um þetta mál. En hann hefir talað við okkur um annað atriði, þ. e. malbikun vega hér við Reykjavík og Hafnarfjörð. Hann áleit, að það kæmi ekki til mála vegna striðsástandsins, að hægt væri að gera malbikaða vegi. Það þarf mikið sement og asfalt í þessa vegi, þannig að allar líkur voru taldar til í fjvn., að niður félli malbikun við Reykjavík og Hafnarfjörð að þessu sinni og því fé yrði varið til vegagerða yfirleitt.

Það vakir fyrir okkur, og ég vona, að hv. 1. þm. N.-M. sjái það, að ef vegamálastjóri lætur falla niður malbikun á vegum af þessum ástæðum, þá byggi hann það á sinni reynslu. En ég álít, eins og hæstv. fjmrh. benti á, að ef það kæmi fyrir, að vegamálastjóri áliti það fært, þá sé með þessu ákvæði ekki bannað að malbika vegi, og ég hygg, að fjvn. myndi sjá til að ráða fram úr því.

***Magnús Jónsson:** Ég vil slá því þegar föstu, að ef þessi till. verður samþ., sem ég er á móti að verði samþ., þá liggi það þó í þessum orðum „lagning þjóðvega", að það megi hafa þá aðferð, sem þykir hentugust eða er hægt að koma við, þótt þessu verði breytt. Ég vil, að þetta komi skýrt fram, því ef orðið „malbikun" væri fellt niður án frekari grg., þá væri það beinlínis bannað að verja fé til malbikunar. Reynslan hefir sýnt, að engin önnur vegagerð hér á landi hefir dugað fyrir þungar bifreiðar heldur en malbikun eða steinsteypa. Jafnvel bezt púkkuðu vegirnir duga ekkert fyrir hinar þungu bifreiðar, og þær gera þá jafnvel að hinum verstu vegum, því það verður svo mikið hraun á þeim, ef þeim er á annað borð rótað upp.

Þá álít ég, að betra sé að ákveða þetta í fjárl., því þau eru sett fyrir eitt ár í senn, og því tækifæri til að breyta því hvenær sem er. (**BSt:** Þetta er líka fyrir eitt ár). En það er síður, að farið verði að höggva inn í þetta frv. Fjárl. eru hreyfanlegri heldur en l., sem eru framlengd frá ári til árs, því það er alltaf mikil tilhneiging til að framlengja þau óbreytt eins og þau eru. Svo framarlega sem sá skilningur er skýr, að hafa megi þetta eins og menn vilja á hverjum tíma, gerir það minna til.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég meina það með þessari till., að ríkið geti komizt hjá að vera skylt til að malbika vegi, hvernig sem á stendur, alls ekki hitt, að bannað skuli að gera það. Það má t. d. bæta inn í fjárlög klásúlum um einstaka vegi, að þeir skuli malbikaðir.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég get ekki svarað spurningum hv. 1. þm. N.-M. nánar en hv. formaður n. hefir gert. Annars væri rétt fyrir hann að beina spurningum sínum til hæstv. atvmrh., sem nú mun vera hér nærstaddur. Ég álít, að því fari fjarri, að með þessu sé verið að lögbanna að verja fé til malbikunar. Það er ekki bönnuð sú aðferð við vegagerð fremur en t. d. að bera möl á vegi. Aðeins er farið fram á að nema burt lagaskylduna til malbikunar, sem við teljum, að sé í frv., ef það verður samþ. óbreytt.

Páll Zóphóníasson: Ég get ekki þakkað hv. flm. fyrir svörin, því að enginn þeirra virtist vita, hvað fyrir þeim vakti. En það virðist vera það, að þörf sé á að auka atvinnu, en bæta úr samgönguleysi, og erfiðleikar á innflutningi efnis til að asfaltera vegi. Það, sem færi í gjaldeyri fyrir asfalt, skilst mér þeir óska, að fari í vinnu innanlands. Það er óupplýst, hvaða ráðstöfun þeir vilja gera til þess, eða hverju það mundi nema. Ég vildi mælast til þess, að hv. flm. tækju brtt. aftur, þangað til þeir geta gefið meiri upplýsingar, svo að maður vissi, um hvað maður er að greiða atkvæði.

ATKVGR.
Brtt. 507 felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.
nei: ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ, MG, MJ, SÁÓ.
PHerm, PZ greiddu ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 86. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 87. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 29. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 624).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti! Fjhn. leggur til, að frv. þetta verði samþ. En samkv. ósk hæstv. fjmrh. leggur n. til, að bætt sé í 4. gr. frv. einum lið í viðbót sem undanþágu frá þessum 11% skatti. En það er ekki af innlendum tollvörutegundum. Þetta er ekki annað en leiðrétting á frv. Og fjhn. óskar eftir, að hv. þd. samþ. þessa brtt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—3 gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 624 samþ. með 17:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 97. og 98. fundi í Nd., 2. og 3. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Nd., 3. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 642, 677, 683).

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég á brtt. á þskj. 677 við 4. gr. frv., sem hnígur í þá átt að innheimta á árinu 1940 með 12% viðauka alla skatta og önnur gjöld, sem greiða ber í ríkissjóð á árinu, og þá einnig skatta og gjöld samkv. 2. og 3. gr. frv., en jafnframt fer brtt. fram á, að viðauki sá, sem samkv. þessu ákvæði verður innheimtur af tekju- og eignarskattinum og skattaukanum skv. 2. gr., renni til bæjar- og sýslusjóða, þar sem skatturinn er lagður á.

Hefi ég borið fram þessa brtt. af því, að mér er kunnugt um, að þessir sjóðir standa höllum fæti og hafa ríka þörf fyrir nokkurn tekjuauka. Ég veit að vísu, að það orkar tvímælis, hvort ríkissjóður má við því að missa af þessum tekjum, en vil þó hætta á það, með tilliti til hins erfiða fjárhags bæjar- og sýslusjóðanna. Vænti ég, að þessi till. mín nái samþykki d., og skal ég ekki fara um hana fleiri orðum.

Ég vil taka það fram, að ég get ekki aðhyllzt brtt. á þskj. 683, frá hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. V.-Húnv., en hún hnígur að því, að þau bæjarfélög, er verði aðnjótandi þessara tekna, sem gert er ráð fyrir í brtt. minni, leggi fram um hver áramót, almenningi til sýnis, sundurliðaða skrá um ógreidd útsvör á liðnum árum.

Ég álít, að það muni nokkuð almenn regla, að þeir, sem geta greitt útsvör sín, geri það, og er það engum til framdráttar, að slík skýrsla um ógreidd útsvör yrði birt. Ætti þá einnig að birta skrá yfir þá, sem ekki greiða tekju- og eignarskatt, eða þá, sem þiggja opinbera styrki. Þessi stefna finnst mér óviðfelldin, og get því ekki aðhyllzt umrædda brtt.

Forseti (JörB): Mér láðist að leita afbrigða fyrir brtt. á þskj. 677 og 683, sem fyrir liggja.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

*Sveinbjörn Högnason: Ég hefi ásamt hv. þm. V.-Húnv. borið fram brtt. á þskj. 683 við brtt. hæstv. atvmrh. á þskj. 677, sem hann hefir þegar lýst. — Brtt. okkar fer fram á það, að ef að því ráði verður hnigið að taka þessa upphæð af tekjum ríkissjóðs, en það munu vera um 200 þús. kr., og láta hana ganga til bæjar- og sýslusjóða, sé þeim gert að skyldu að leggja fram um hver áramót sundurliðaða skýrslu um ógreidd útsvör og önnur gjöld til bæjarfélaganna frá liðnum árum. Virðist ekki nema réttmætt, ef hluti af tekjum ríkissjóðs er látinn ganga til bæjarfélaganna, að þau geri grein fyrir því, hvernig þau hafi innheimt sín gjöld.

Það leikur ekki á tveim tungum, að nokkurt sleifarlag muni vera á innheimtu útsvara hjá sumum bæjarfélögum. T. d. hefir meiri hl. bæjarstj. í Reykjavík tekið sér það leyfi að gefa eftir allverulegan hluta útsvara. Þetta getur verið réttmætt í mörgum tilfellum, en hinsvegar er sagt svo, að í sumum tilfellum sé ekkert það, er réttlæti slíka eftirgjöf. Er rétt, að bæjarfélögin fái tækifæri til þess að sanna, að eftirgjafirnar séu á rökum byggðar. — Mér hefir verið sagt, að þessar eftirgjafir nemi sum árin nokkrum hundr. þús. kr.

Hæstv. atvmrh. fannst óhæfa að birta skýrslu um eftirgefin og ógreidd útsvör, og fannst hlíðstætt að birta lista yfir þá, sem þiggja af fátækraframfæri. Ég tel það líka eðlilegt, enda hafa oft komið fram kröfur um það. Virðist mér, að þegar um jafnháar upphæðir er að ræða, sé það ekki nein goðgá, þó almenningur fái að vita, hvernig þessu fé er varið.

Ef Alþ. hverfur að því ráði að afhenda bæjar- og sýslufélögum um 200 þús. kr. af tekjum ríkissjóðs, álít ég mjög tilhlýðilegt, að þau birti skýrslu um það, hvernig þau innheimta aðra tekjustofna sína. Ef till. hæstv. atvmrh. verður samþ., tel ég sjálfsagt, að þessu ákvæði verði bætt við. Annars er ég mótfallinn till. hæstv. atvmrh. og mun greiða atkv. gegn henni.

*Pétur Ottesen: Ég vil leyfa mér að bera fram brtt. við brtt. á þskj. 677. Þar er gert ráð fyrir, að þessi skattur renni til bæjar- og sýslusjóða, en ég tel eðlilegra, að hann renni til bæjar- og sveitarsjóða, því það er miklu meira samræmi í því, úr því að farið er inn á þessa braut á annað borð, að viðkomandi sveitarsjóður fái þetta greitt beint til sín, eins og bæjarsjóðir eiga að fá það, því sumstaðar stendur þannig á í sumum sýslum, og kauptúnin eru eins stór eða stærri en sum bæjarfélögin og þar af leiðandi hærri tekjur af eignarskattinum, sem koma úr sumum þessum kauptúnum en úr bæjarfélögunum. Því finnst mér óeðlilegt, að þeir hlíti ekki sömu réttindum í þessum efnum og bæjarfélögin. Þá má ennfremur geta þess, að þegar jafnað er niður sýslusjóðsgjöldum í hreppum, þá er jafnað niður á tekjur og eignir hreppsins í heild, svo það myndi í þessu tilfelli koma óeðlilega þungt niður á sumum hreppum, ef þeir ættu ekki að njóta þessara hlunninda. Enda held ég, að það sé í fullu samræmi við tilgang brtt., að því verði hagað þannig, að þessi hluti tekju- og eignarskattsins verði greiddur, eins og á að greiða hann til bæjarfélaganna, til þeirra sveitarfélaga, þar sem um slíkan skatt er að ræða.

Ég ætla að leyfa mér að afhenda forseta brtt., sem gengur út á það, að í stað „sýslusjóðs“ komi: sveitarsjóðs.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Borgf., sem er eins og hann hefir lýst, og þarf tvennskonar afbrigði, svo að hún megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl brtt. (sjá þskj. 698) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

*Pétur Halldórsson: Herra forseti! Út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði um till., sem hann og hv. þm. V.-Húnv. hafa borið fram og hér liggur fyrir, langaði mig til að segja þetta: Það er dálítið undarlegt, að út úr því, að bæjar-

sjóðir eiga að fá nokkurn hluta af tekjuskattinum, er farið að gera l. um fyrirkomulag á allt öðrum málum bæjarstjórna í sambandi við það. Er ekki rétt að láta bæjarstjórnirnar ákveða sjálfar, hvaða innheimtuaðferðir þær hafa? Hv. þm. tók Reykjavík sem dæmi þess, hve slælega væri gengið eftir innheimtu á tekjum bæjarsjóðs. Ég skil ekki, að þessum hv. þm. sé neitt kunnugra um Reykjavík í þessu efni en önnur bæjarfélög á landinu.

Um innheimtuna í Reykjavík er rétt að upplýsa það, að það eru fleiri tekjustofnar, sem bærinn hefir, en útsvörin ein, en um þau talaði hann sérstaklega. Eru það þá fasteignagjöldin, sem einkum má fella undir orðalag till. Hvað útsvörin snertir get ég upplýst, að í Reykjavík er það svo, að það, sem niður fellur af útsvörum, er furðanlega lítið. Það er alltaf árlega innan við 5% af álagningunni, þó að í þessum niðurfellingum séu verulega stórar upphæðir. Einu sinni lagði niðurjöfnunarn. t. d. 40 þús. kr. á mjólkursamsöluna, sem svo reis deila um, enda var það vafasöm álagning frá upphafi, en þetta var ein af þeim upphæðum, sem niður var felld á því ári, af því að álagningin stóðst alls ekki. Það er oft svo, að þær upphæðir, er felldar eru niður, eru skakkt lagðar á eða óinnheimtanlegar af einhverjum öðrum gildum ástæðum. Þegar svo verið er að tala um, að niðurfelling sé óvarleg, þá þykir mér undarlegt, að hv. flm. skuli taka Reykjavík sem dæmi um, að illa hafi gengið með innheimtu. Það er einungis reist á misskilningi.

Annars verð ég að segja það, að ef á að birta skrá yfir það árlega, hverjir séu í vanskilum við hið opinbera, þá má eins birta skrá yfir þá, sem skulda fyrir gas og rafmagn.

Ég verð að segja, að mér virðist líkast því sem hv. flm. hafi flutt þessa till. í einhverri geðvonzku.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Af því að hæstv. atvmrh., sem flutti brtt. á þskj. 677, er upptekinn við umr. í hv. Ed., vildi ég gera grein fyrir, hvernig stendur á því, að þessi 12% skuli eiga að ganga til sýslusjóðs, en ekki til sveitarsjóðs. Það er tekið upp úr l. frá 1935, um jöfnunarsjóð sveitar- og bæjarfélaga. Þar er ákveðið, að ½% af hátekjuskattinum skuli renna til bæjar- og sýslusjóðs, en ekki til sveitarsjóðs. Þetta mun vera svo ákveðið með tilliti til þess, að utan kaupstaðanna er hér um svo smáar upphæðir að ræða, sem ættu að renna til einstakra sveitarfélaga samkv. þessu, að ekki mun hafa þótt taka að skipta þessu þannig meðal margra, og því tekin þessi leið, að láta það renna í sýslusjóð, enda kæmi það þá einstökum sveitarfélögum til góða, þegar jafnað er niður sýslusjóðsgjaldinu í hinum einstöku sveitarfélögum.

Það var rétt, sem hv. þm. Borgf. vék að, að með því fyrirkomulagi verða sennilega þau sveitarfélög, sem hafa meiri tekjur, harðar úti en rétt er, þar sem þetta dregst frá niðurjöfnuninni óskiptri, því jafnað er niður á sveitarfélögin eftir efnum og ástæðum.

Ég þori að fullyrða, að hv. tillögumaður verður ekki mótfallinn því, að till. hv. þm. Borgf. nái fram að ganga, þar sem þetta er aðeins orðað svo í till. af þeim ástæðum, sem ég hefi greint, að þessu var þannig háttað með hátekjuskattinn.

Hvað snertir till. hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. Rang., þá hefir hv. 1. þm. Rang. gert grein fyrir, hvers vegna hún er fram komin. Hann sagði sjálfur, að hann væri á móti till. hæstv. atvmrh. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. V.-Húnv. sé þá einnig á sama máli og að till. sé af þeim rótum runnin, að hún sé til þess ætluð, ef hún getur, að verða þessu litla máli að falli, og er það auðvitað heppileg leið að bregða þannig fyrir það fæti. Ég vona, að þeir hv. þm., sem ekki hafa slíkt í huga, sem sé að koma till. fyrir kattarnef, greiði þá einnig atkv. á móti till. þeirra hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. Rang.

Annað sé ég svo ekki ástæðu til að segja um þetta.

***Sveinbjörn Högnason:** Mér þykja það í raun og veru miklar upplýsingar, sem hv. 4. þm. Reykv., sem jafnframt er borgarstjóri hér, gaf í sambandi við mál þetta, þegar hann gaf til kynna, að allt að 5% væru gefin eftir af útsvörum árlega í bænum. Það er engin smáupphæð, þar sem ég hygg, að jafnað sé niður um 4 millj. kr. á ári. Ef gefin eru eftir 5% af því, þá nemur það 200 þús. kr. Það virðist nú ekki óeðlilegt, þó einhver grein væri gerð fyrir þessu, eins og á sér stað hjá öllum sveitarstjórnum á landinu, því reikningum þeirra fylgir alltaf sundurliðuð skilagrein um það. Ég er viss um, að hvergi á landinu nemur eftirgjöfin nálægt því eins hárri hundraðstölu og hér er um að ræða.

Hv. 4. þm. Reykv. var að tala um, hvort ekki væri rétt að láta borgarstjóra sjálfráðan um innheimtu gjalda, en það er alls ekki það, sem um er að ræða í till. okkar, heldur að grein sé gerð fyrir, hvernig hafi innheimzt. Ef borgarstjórinn óskar eftir sjálfræði um það, þá tel ég rétt að láta borgarstjórann einnig sjálfráðan um að afla teknanna. Það virðist ekki sanngirni í því, að hann láti Alþingi afla teknanna, — taki þær af tekjum ríkissjóðs, en svo sé það talinn slettirekuskapur af Alþingi að vilja vita, hvers vegna gefið er eftir af útsvörunum. Ef það er ekki allt með eðlilegum hætti, þá er von, að hann vilji það ekki, en eðlilega styrkir það nokkuð grun manna um, að eitthvað sé þar óeðlilegt, ef ekki má birta neitt um það, hvernig stendur á eftirgjöfum útsvara hér í bænum. Ef fara á þannig að taka beint af tekjum ríkissjóðs þá upphæð, sem hér um ræðir, og rýra þannig tekjur hans, þá verður það auðvitað til þess, að afla verður honum innan skamms nýrra tekna í stað þeirra, sem hér ræðir um, með nýjum álögum á almenning í landinu, til þess að hjálpa bæjarfélögunum, og þá sérstaklega Reykjavík, til þess að standast sín útgjöld. Ég sé ekki, að það sé réttlátt, þar sem bæjarfélögin hafa víðast hvar betri aðstöðu til að afla sér tekna en sveitarfélögin. Þar af leiðandi tel ég þessa tillögu engan rétt hafa á sér.

Hæstv. fjmrh. taldi, að okkar till. væri fram borin í því skyni, að hún gæti orðið aðaltill. að falli. Ég sé ekki, hvernig það má verða. Till. er

eingöngu flutt til þess, að ef aðaltill. er samþ., þá setji Alþingi nokkur skilyrði fyrir veitingu slíkrar upphæðar til bæjarfélaganna. Það eru svo sjálfsögð skilyrði, að allir hljóta að fallast á þau, sem sjálfir hafa hreina samvizku. En ef þeir af hv. þm., sem fara með stjórn bæja, hafa ekki sem bezta samvizku, þá er von, að þeir veigri sér við að láta koma fram, hvernig þeir fara með þau völd.

*Garðar Þorsteinsson: Ég álít þessa brtt. hv. þm. V.-Húnv. og hv. 1. þm. Rang. borna fram af misskilningi. Eftir till. á að leggja fram skýrslu um ógreidd útsvör og önnur gjöld til bæjarfélaga, en svo tala þeir um, að svo og svo mikið sé gefið eftir af útsvörum. Í brtt. er ekki farið fram á, að birt sé skýrsla um útsvör, sem gefin eru eftir, svo ef það er það, sem till. á að miða að, þá verða þeir að orða hana svo, að birt skuli skýrsla um það, hvað gefið er eftir af útsvörum. Þá vil ég benda á það, að þessi hv. þm. hefir beitt sér fyrir því, að útsvarsgreiðendum hér sem annarstaðar sé heimilt að skilja eftir verulegan hluta af sínum útsvörum þangað til í febrúar næsta ár, og samkv. þessum nýju lögum er því ekki um nein vanskil að ræða, þótt menn skuldi allt að 3/10 af útsvari sínu um áramót. Hann hefir verið því fylgjandi, að útsvarsgreiðendur mættu greiða útsvör sín á sjö mánuðum, tvo mánuði þarf ekkert útsvar að greiða, desember og júlí, svo menn þurfa sem sagt ekki að greiða útsvörin upp fyrr en í febrúar árið á eftir. Það er því alls ekki ámælisvert, þótt menn skuldi þetta, og hvaða ástæða er þá til að fara að birta skrá yfir svo að segja alla útsvarsgreiðendur, því vitanlega notfæra menn sér þessa heimild? Ég hygg því, að um misskilning sé að ræða hjá flm. till., en ef þeir óttast, að misnotkun eigi sér stað á eftirgjöf útsvara, þá eiga þeir að láta það koma skýrt fram í till., að átt sé við birtingu skrár um eftirgefin útsvör.

Ég get upplýst það, að eins og hv. 4. þm. Reykv. gat um, þá er sum árin lagt á stofnanir, sem eiga að vera undanþegnar, eins og t. d. mjólkursamsöluna og fiskimálanefnd, svo og fjölda manna, sem flytja burt úr bænum, eða menn deyja og svo eru fátækum ekkjum gefin eftir útsvörin. Það er enginn, sem bannar mönnum að sjá þetta; ég er viss um, að ef þessi hv. þm. kæmi til borgarstjóraskrifstofunnar og óskaði eftir að fá að sjá, hvað af útsvörum hefði verið gefið eftir, þá væri honum það heimilt. Enda hefir hann góðan mann til að fylgjast með þessu fyrir hans flokk, þar sem er form. Framsfl., Jónas Jónsson, en hann er í bæjarstjórn, og allar eftirgjafir eru gerðar af bæjarstjórn Reykjavíkur.

*Sveinbjörn Högnason: Ég vil benda á, að þetta góða boð, sem hv. 7. landsk. var að bjóða mér upp á og sagði, að ég mundi hafa góða aðstöðu til að fá að sjá þetta gegnum fulltrúa Framsfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur, að þegar þessar eftirgjafir fara fram, þá eru þær ekki bundnar við nafn og fara fram í bæjarráði, og meðlimir bæjarstjórnar hafa ekki getað fengið að sjá þær. Ég sé ekki, hvers vegna menn ættu að hafa nokkra sérstöðu hér í þessu máli, og ég fæ ekki séð annað en að eðlilegt sé, að hér séu birtar um þetta skýrslur, alveg eins og sveitarfélögin verða að láta þær fylgja með reikningum sínum. (GÞ: Því flutti hv. þm. þá ekki till. um þetta?) Það kemur greinilega fram í okkar till.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Út af ummælum hv. 1. þm. Rang. skal það upplýst, að það er að vísu svo, að bæjarráð hefir sérstaka heimild til að gefa eftir smæstu útsvarsupphæðir, en bæjarstjórn og bæjarráð fjalla um allar hærri eftirgjafir, og það með nafni. Í langflestum tilfellum er farið eftir till. skattstofunnar og niðurjöfnunarnefndar og engin niðurfelling er framkvæmd án þess, að hún sé borin undir skattstofuna og niðurjöfnunarnefnd, enda eru flestar niðurfellingarnar leiðréttingar skattstofunnar sjálfrar, sem hún leggur til, að verði gerðar.

Það vill svo vel til, að hér er einn hv. þm. Alþfl., sem á sæti í bæjarstjórn, hv. þm. Seyðf., og einnig hefir hæstv. félmrh. átt sæti í bæjarstjórn um lengri tíma, og hafa þeir báðir um þessi mál fjallað þar, svo minni hl. bæjarstjórnar á hér nægilega marga fulltrúa, þar sem form. Framsfl. er hér einnig.

*Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Forseta hefir láðst að skrifa það niður, að ég hafði beðið um orðið, en það kemur ekki til mála að vera að finna að því, þótt ég hafi orðið að bíða eftir að taka til máls, enda kemur það sér ekkert hagalega; það er ekki svo mikið, sem ég þarf að segja.

Það er þannig með þetta frv., að í því er dálítið æxli, sem ekki hefir verið tekið eftir. Þannig standa sakir, að með l. um fiskimálanefnd o. fl. er heimilað fé í 14. gr. 3. tölul. til þess að styrkja félög sjómanna og verkamanna og annara til að kaupa í tilraunaskyni nýtízku togara. Nú hefir þetta fé verið dregið inn og ekkert fé veitt í þessu skyni í fjárl. til fiskimálanefndar. Það kom í ljós, eftir að þessi ákvæði voru lögfest, að það vildi enginn, eða gat enginn lagt fram fé á móti þessu, því í þessum sama tölul. 14. gr. er svo fyrir mælt, að þeir, sem vilja nota þennan styrk, skuli leggja fram 15—20% úr eigin sjóði á móti þessum styrk til togarakaupa í tilraunaskyni. Enginn hefir verið við því búinn að leggja þetta fé fram, og tók Alþingi þá þann kostinn að setja ný l. um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. Þar er ákvæði í 2. gr. á þá leið, að helmingurinn af þeim skatti, hátekjuskattinum, sem tekinn er af þeim, sem hafa 6 þús. kr. árslaun og þar yfir, skuli ganga til þess að lána þeim mönnum, sem vilja leggja fram á móti þessum styrk, til þess að kaupa nýtízku togara í tilraunaskyni. Nú stendur þetta ennþá í frv. sem gamalt æxli, þrátt fyrir það, að búið er að hverfa frá fjárveitingu í þessu skyni. Þetta á þess vegna ekki heima í frv. lengur, en féð var heimilað, eins og allir sjá, í því skyni að styðja endurnýjun fiskiflotans. Það er í sjálfu sér þarflegt mál, en nú býst ég ekki við, að margir verði til þess á þeim tímum, sem nú standa yfir, að byggja fiskiskip, hvorki togara né heldur smærri skip, nema eitt-

hvað lítilsháttar innanlands. Það er víst, að á öllum tímum er þörf á að endurnýja fiskiflotann, því það er hann, sem skapar þær útflutningsvörur að langmestu leyti, sem okkar utanríkisverzlun byggist á. Það er engin stofnun hér á landi, sem sérstaklega er ætlað það hlutverk að styðja að viðhaldi fiskiflotans, nema fiskveiðasjóður Íslands, og þess vegna held ég, að það sé rétt, að í staðinn fyrir þessa heimild um að veita mönnum helminginn af hátekjuskattinum til þess að leggja fram fé á móti styrknum úr fiskimálasjóði til að kaupa nýtízku togara í tilraunaskyni, þá verði féð látið til fiskveiðasjóðs.

Ég lít svo á, að þetta sé ekki nema sjálfsögð leiðrétting, og ætla ég að leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við frv. um það, að í staðinn fyrir, að hér stendur, að féð skuli veitt í þeim tilgangi, sem ég hefi áður lýst, þá komi: í fiskveiðasjóð. — Það er mjög einföld breyting.

Um leið og ég minnist á þetta, þá vil ég taka það með, að 5. gr. frv. hljóðar svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940." Er þetta í nokkrum frv., sem gert var ráð fyrir, að samþ. yrðu fyrir áramót, og hefi ég því látið fylgja aðra brtt., sem hljóðar svo: „5. gr. hljóði svo: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég geri ekki ráð fyrir, að neinn ágreiningur sé um þetta. Þetta er hvorttveggja í raun og veru leiðrétting, og vil ég leyfa mér að leggja brtt. fram fyrir hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 6. þm. Reykv., sem hann hefir nú lýst. Það þarf að veita afbrigði frá þingsköpum til þess að brtt. megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 699) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Það hafa orðið nokkrar umr. um brtt. okkar hv. 1. þm. Rang., sem er á þskj. 683. Hæstv. fjmrh. var búinn að slá því föstu í sinni ræðu, að við mundum verða á móti því undir öllum kringumstæðum, að bæjar- og sýslusjóðir fengju þær tekjur, sem þar er gert ráð fyrir. En ég fyrir mitt leyti greiði atkv. með till. hæstv. ráðh., ef okkar till. yrði samþ. eða það fengizt á einhvern hátt tryggt, að því efni, sem felst í henni, yrði fullnægt. Og vildi ég í þessu sambandi taka fram, að ef hæstv. ráðh., sem er í bæjarstj. Reykjavíkur, eða hv. 4. þm. Reykv. vildu gefa fyrirheit um það, t. d. að fulltrúi Framsfl. í bæjarstj. gæti hvenær sem hann óskaði fengið upplýsingar um það, hvað væri eftirgefið af útsvörum, og sömuleiðis þegar hann óskaði eftir skýrslu um það, hvað væri óinnheimt af bæjargjöldum, þá getum við flm. gengið inn á að taka till. okkar aftur. En mér skildist á hæstv. ráðh., að allir bæjarstjórnarmeðlimirnir hefðu möguleika til að fylgjast með því, hvað eftirgefið væri af útsvörum.

Fyrir nokkru síðan bar fulltrúi Framsfl. fram till. á bæjarstjórnarfundi, sem gekk í sömu átt og okkar brtt. gengur. Mér hefir verið sagt, að henni hafi verið vísað til bæjarráðs, en hún enga afgreiðslu fengið þar. Ég tel eðlilegt, að þeir, sem greiða árlega háar upphæðir skilvíslega til bæjarins, vilji gjarnan fá að fylgjast með því, hvort aðrir, sem hafa greiðslugetu, sleppi við það á einhvern hátt.

Það hefir verið minnzt á það af Framsfl., að prentuð yrði skýrsla um fátækraframfærið. Þetta hefir ekki verið gert, og þrátt fyrir samstarf milli 3 flokka meiri hluta ársins í landsmálum, virðist sem till. minnihl.flokkanna um ýms þessi mál í bæjarstj. Reykjavíkur hafi ekki mætt betri viðtökum en áður hefir tíðkazt. Vildi ég því vita, hvort hæstv. ráðh. eða hv. 4. þm. Reykv. vildu ekki lýsa yfir, hvort þeir myndu, ef óskir kæmu frá minni hl. bæjarstj. um það, afhenda honum eða fulltrúa hans slíkar skýrslur, og myndum við þá, ef það væri gert, fúsir til að draga till. okkar til baka.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Ég get ekki skilið, að fulltrúi Framsfl. í bæjarstj. Reykjavíkur sé að semja um sérréttindi í bæjarstj. Reykjavíkur hér í þingsölunum. Hann hefir sama rétt í bæjarstj. og aðrir bæjarfulltrúar, og getur hann hvenær sem hann vill snúið sér til mín, og getur hann þá beðið um að fá sama rétt og aðrir bæjarfulltrúar í þessu efni og fengið hann strax. Nú byggðist þetta tal hv. þm. V.-Húnv. á talsverðum misskilningi. Hér er talað um að leggja fram skýrslu um áramót yfir allar skuldir bæjarfélagsins. En frsm. óskaði eftir í ræðu sinni, og umr. hafa snúizt um það, að bæjarfulltrúi hér í Reykjavík fái að vita um það, hvaða útsvör eru felld niður og hvaða útsvör eru lækkuð. Um þau, sem lækkuð eru, vita allir bæjarfulltrúar, því um það er útgert á bæjarstjórnarfundum og rætt um hvern einstakan, sem óskar þess, að útsvar sitt sé lækkað, nema undir þeim kringumstæðum, þegar bæjarráði er falið þetta. En það má ekki lækka útsvar á neinum manni meira en 200 kr. Þetta er gert til þess að bæjarstjórn þurfi ekki að taka til meðferðar hvert smámál, sem fyrir kann að koma. Svo eru á ári hverju strikuð út einhver útsvör, sem eru óinnheimtanleg, þegar búið er að gera tilraun til lögtaks. Þegar það hefir verið gert, er gerð skrá yfir þetta, og er hún til sýnis öllum bæjarfulltrúum. Og aldrei er nokkuð af því, sem bærinn á að innheimta, hvorki útsvar eða annað, fellt niður án þess að allir bæjarfulltrúarnir fái um það að vita. En menn eru á ýmsu máli um það, hvort það sé réttlátt að semja skrá yfir alla þá, sem ekki hafa goldið útsvör sín, og prenta hana. Þetta er það mikið verk, að það er ekki von, að neinn geti komið 1., 2. eða 3. jan. og óskað að sjá, hvort menn hafi greitt útsvör sín, og hver hafi ekki goldið þau að fullu, þar sem í Reykjavík eru nú um 16 þús. gjaldendur. Og enginn bæjarfulltrúi endist til þess að fara gegnum allar skýrslur og plögg þessu viðkomandi til þess að þetta sé hægt að fá að vita strax um áramót.

Þetta atriði, hvort eigi að taka upp þann sið að birta alla þá, sem skulda um áramótin, og alla þá, sem friðinda njóta á einhvern hátt, og þá sérstaklega um framfærslustyrkinn, verða menn aldrei á eitt sáttir. Og það er satt, sem

hv. þm. V.-Húnv. sagði, að fulltrúi Framsfl. kom einu sinni með þetta á bæjarstjórnarfund, og það skyndilega. Og af því að það láðist að drepa till. strax, liggur hún hjá bæjarráði enn. En ég sé ekki, að hæstv. Alþ. geti hér tekið ráðin af bæjarstj. Reykjavíkur um, hvað hún gerir í þessum efnum.

Það er svo kostnaðarsamt að semja og prenta skýrslur þær, sem hér er talað um, að ef þær ættu að verða almenningseign, þá hygg ég, að ekki myndi nægja til þess það framlag, sem bærinn fær úr ríkissjóði fyrir náð Alþ. með þessu frv. Fullyrði ég það þó ekki. En það er ákaflega mikið verk.

Hitt er annað mál, að bæjarfulltrúarnir geta með eðlilegum hætti, þegar svoleiðis er, að nokkur vegur er að verða við þeirra óskum, fengið þessar upplýsingar, eins og allar aðrar upplýsingar, sem þeir mega og eiga að fá. Það er ekki hægt að verða við slíkum tilmælum, að gefa slíkar upplýsingar hvenær sem er, og sízt um áramótin, hvað hver maður skuldi bænum.

Undir öllum kringumstæðum er þessi till. ekki þess eðlis, að það geti komið til mála fyrir hæstv. Alþ. að gera hana að skilyrði fyrir því, að bæjarfélögin fái þennan litla hluta af beinum sköttum. Og ég vona, að það verði haft þannig, að í staðinn fyrir, að nú fær ríkið mestalla beinu skattana, þá fái bæjarfélögin þá í framtíðinni sem mest, því að í þá átt hlýtur að stefna hér, að ríkið þoki fyrir bæjar- og sveitarfélögum frá þessum sérstaka tekjustofni, sem er beinu skattarnir.

Skúli Guðmundsson: Ég er ekki alveg ánægður með svar hv. 4. þm. Reykv. — Ég hafði ekki talað um það, að fulltrúi Framsfl. í bæjarstj. Reykjavíkur hefði minni rétt þar en aðrir fulltrúar. En þó að hann hefði alveg sama rétt og hinir fulltrúarnir, þá væri æskilegt að vita, hver sá réttur er. T. d., ef einn fulltrúinn kæmi og óskaði á einhverjum tíma að sjá skýrslur yfir ógreidd gjöld til bæjarins, hvort hann gæti átt heimtingu á því, að svo miklu leyti og svo fljótt sem hægt væri. En að þetta sé svo mikið bákn, að gera þessa skýrslu, og það kosti svo mikið fé og tíma, finnst mér varla vera frambærilegt. Hvert fyrirtæki verður einu sinni á ári að gera upp sinn hag, og bæjarsjóður Reykjavíkur er þar engin undantekning. Og ef það er eins og hv. 4. þm. Reykv. vildi gefa í skyn, að þetta sé svo kostnaðarsamt, að þessi styrkur myndi að mestu leyti eyðast til þess, þá bendir slíkt til þess, að reikningsfærsla bæjarins sé ekki í svo fullkomnu lagi sem vera ætti.

Meðan ég fæ ekki upplýst, að hver bæjarfulltrúi hafi rétt til þess að fá þessar skýrslur, ef hann óskar eftir, sé ég ekki fært að hverfa frá minni till. Hinsvegar finnst mér þessi ósk sjálfsögð. Og ef hún fengist, myndum við taka till. okkar aftur.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég skal geta þess til viðbótar því, sem hæstv. atvmrh. tók fram, að í raun og veru er það ekki nein hækkun, sem hér er farið fram á, þó að það sé að forminu til. Í 4. gr. frv., sem brtt. er stíluð við, er tiltekið, að innheimta skuli árið 1940 með 11% viðaukaskatti alla skatta og gjöld samkv. frv., þegar þessi l. voru sett um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga. En það var jafnframt í sömu gr. heimild til þess að hækka þetta viðaukagjald upp í 12% með vissum skilyrðum. Síðan voru skattarnir innheimtir með þessum 12% viðauka. Það var þægilegra í útreikningi skattsins að hafa þennan viðaukaskatt 12%, en ekki 11%, af því að þegar 25% viðaukanum er bætt við upphaflaga skattinn, verður skatturinn með viðaukanum 125%, miðað við upphaflega skattinn. Og þegar 12% bætast við þessi 125%, verður það alls 140%, miðað við upphaflega skattinn, og skattaukinn þá alls 40%. Þess vegna er þessi till. sæmileg að því leyti, að hún þarf ekki meðmæla við, því að hækkun þessi hefir verið í gildi undanfarin ár, og er það enn, þótt komin séu áramót.

Um brtt. á þskj. 683 skal ég ekki mikið mæla. Hún er ákaflega einkennileg og lítt skiljanleg nema frá sérstöku sjónarmiði, þegar menn vita það, hvernig sumir hv. þm. og menn utan þings snúast við málefnum Reykjavíkurbæjar. Þessari brtt. getur ekki verið stefnt að öðrum en að bæjarstj. Reykjavíkur, og er miðuð sérstaklega við Reykjavíkurbæ. En það er í raun og veru nokkuð þreytandi að byggja landslög á ákvæðum, sem stefnt er að einstöku bæjar- eða sveitarfélagi, eða jafnvel þó að sýslufélag væri. Og jafnvel þó að till. hefði rétt á sér stjórnarfarslega, þá þyrfti hún ekki að vera löggjafaratriði. Það er eðlilegt, að skýrslur eigi að liggja fyrir fulltrúum bæjar- og sveitarfélaga hvenær sem til þarf að taka. En beint með tilliti til þess er till. ekki rétt eins og hún er orðuð. Því að það er ekki hægt að heimila það og ekki hægt að framkvæma það, að þessi skýrsla liggi fyrir í árslok. Þó að málið að öðru leyti væri þannig vaxið, að hægt væri að krefjast þessara skýrslna að l., sem þó er ekki hægt um áramót, getur það ekki verið nóg tilefni til að gera það að skilyrði fyrir því, að eitthvert bæjar- og sveitarfélag fái þessa upphæð og að fella það niður, að bæjar- eða sveitarfélög fengju þetta framlag, ef ekki fengizt framlögð þessi skýrsla við hver áramót. Það væri ekki nema eðlilegt í sambandi við það, hvernig hér er komizt að orði, að þeir ráðh. gætu til verið, sem notuðu sér að borga ekki út það fjárframlag, sem bæjarfélagið á að fá eftir þessu frv., vegna þess að þessi skýrsla væri ekki komin um áramót. Þessi till. er því að efni og formi lítt framkvæmanleg. Eins og ég tók fram og hv. 4. þm. Reykv. aftur hefir tekið fram, er ekki auðvelt að afla þeirra skýrslna á þeim stutta tíma. Það væri mesta fyrirhöfn að pæla í þessu, sem vitanlega yrði svo sett í blöð og básúnað fyrir fólkinu.

Það hefir komið fram skrifl. brtt. frá hv. þm. Borgf., sem ég skal ekki ræða mikið, að fyrir „sýslusjóða“ í tillgr. komi: sveitarsjóða. En þegar þetta ákvæði var sett, þá var það gert af ásettu ráði að miða við sýslufélag, en ekki sveitarfélag. Það liggur í þessu tvennt, að það má segja, að bæjarfélag sé hliðstæðara sýslufélagi heldur en sveitarfélagi. Bæjarfélag er að vísu bæði sveitarfélag og sýslufélag sameinað. Þess

vegna er jöfnuður þarna innbyrðis gefinn, þegar heimildin er tekin. Það er ekki jöfnuður eins og hér er lagt til, að þegar ríkið leggur þannig fé til bæjar- og sveitarfélaga, þá er ekki jöfnuður til staðar, ef féð á að fara beint í hvert sveitarfélag, því sveitarfélög greiða mjög misjafnan tekjuskatt. Og til eru sveitarfélög, sem engan skatt greiða, af því að þau eru fátæk, og þurfa því sérstaklega að fá þessa uppbót. En með því að færa þetta ákvæði yfir á sveitarsjóðina, í staðinn fyrir sýslusjóðina, þá myndu verst stöddu sveitarfélögin ekkert fé fá. En ef það á að renna í sýslusjóði fyrst, þá koma þessi sveitarfélög líka til greina um að fá þessa uppbót.

Á þskj. 642 er gefin regla um niðurjöfnun á sýslusjóðsgjaldinu, sem jafna skal niður á hreppana. Og þar er farið þannig að, að þau sveitarfélög verða verst úti, sem eru svo og svo illa stödd. Þær reglur, sem farið er eftir, eru þær, að þessu er jafnað að ⅓ eftir tölu verkfærra karlmanna í hverju sveitarfélagi og að ⅓ eftir samanlögðum tekjum og að ⅓ eftir skuldlausri eign. Þetta var gert til þess að komast að sem réttlátastri niðurstöðu um þessa niðurjöfnun. Með því verður ekkert sveitarfélag útundan. Það er í sumum kaupst., sem taldir eru vera betur stæðir en sveitirnar, að þar eru alltaf nokkrir útsvarsgreiðendur svo stæðir, að þeir bera það, sem jafnað er niður á þá, til gjalda sveitarsjóði.

Þetta er e. t. v. ekki stórt atriði. En það virtist liggja sá skilningur á bak við till. frá hv. þm. Borgf., að þetta ákvæði hefði komizt inn af gáleysi, en það var ekki, heldur átti þetta fé að fara til sýslufélaga, til þess að við niðurjöfnun þess kæmi hvert sveitarfélag til greina.

*__Pétur Ottesen__: Það er mikill misskilningur í því hjá hv. þm. V.-Sk., að það sé ekki samræmi í minni till., því að gagnvart bæjarfélögunum kemur þetta þannig fram eftir brtt. á þskj. 677, frá atvmrh., að bæjarfélög, sem mestan tekjuskattinn borga, fá mestan hluta hans líka. Þess vegna er það í samræmi við þetta og eðlileg afleiðing af því, að hreppsfélög, sem borga hæstan tekjuskatt, fái líka sinn hluta af þessu. Ef þessi regla er brotin, verður afleiðingin algert ósamræmi milli bæjarfélaga annarsvegar og sveitarfélaga hinsvegar. En það getur verið, að þetta fyrirkomulag, sem hv. þm. V.-Sk. var að tala um, ætti betur við.

*__Emil Jónsson__: Það eru aðeins nokkur orð um 2 af þeim brtt., sem hér liggja fyrir við þetta frv. Önnur er frá hæstv. atvmrh., um það, að viðaukaskatturinn sé 12%, og hefir nú verið rætt um, að hann lendi til kaupstaðanna, eins og til þess að bæta þeim upp og auka við þeirra tekjur vegna vaxandi erfiðleika ýmissa, sem þeir hafa orðið fyrir bæði af hálfu löggjafans og einnig vegna ástandsins í heiminum.

Það var sagt hér áðan af hv. þm. V.-Sk., út af þeim brtt., sem komið hafa fram frá hv. 1. þm. Rang. og fleirum, að það væri óviðkunnanlegt að setja lög, sem aðallega væru miðuð við eitt bæjarfélag. En mér finnst till. hæstv. atvmrh. vera aðallega miðuð við eitt bæjarfélag, því að ég sé ekki, að hún komi öðrum að gagni heldur en Reykjavík, því að langsamlega mestur hluti tekjuskatts, sem innheimtur er í landinu, og kemur það kannske af eðlilegum ástæðum — er innheimtur hér í Reykjavík. Þannig að t. d. sá tekjuviðauki, sem kaupstaðir eða kauptún úti um landið fengju, ef þetta yrði að l., er svo hverfandi lítill, að mér er sama, hvoru megin hryggjar hann liggur.

Ég man ekki nákvæmlega tölur um tekjuskatt Hafnarfjarðar, en hann mun greiða í tekjuskatt um 50 til 60 þús. kr. þegar bezt lætur, og þó nokkuð oft er þessi upphæð lægri. Tekjuviðaukinn, sem bærinn fengi, yrði þá kannske í góðu ári nálægt 6 þús. kr. og í lakara ári minna. Það er langt frá, að þetta nægi nokkuð þeirri auknu tekjuþörf kaupstaðanna, sem þeir hafa óskað og kveinað eftir að fá.

Mér lízt svo á, að vegna þessa eigi svo að benda á þetta, eins og nú sé að einhverju verulegu leyti séð fyrir þessari þörf kaupstaðanna fyrir auknum tekjum, með því að láta þá hafa þennan tekjustofn, sem í flestum tilfellum munar þá ekki neitt. Það er aðeins einn kaupstaður í þessu landi, sem mundi verulega muna um þetta, og það er Reykjavík. Get ég tekið undir með hv. þm. V.-Sk., að það er óviðkunnanlegt að setja l., sem miðuð eru við eitt bæjarfélag. En vera kann, að brtt. á þskj. 683 sé aðallega miðuð við eitt bæjarfélag; en ég kann þá líka illa við brtt. á þskj. 677 og er á móti því, að hún verði samþ., en læt mig einu gilda um aðaltill., þ. e. a. s. frv., sem hún er stíluð við.

Mig langar til að minnast á skriflegu brtt. frá hv. 6. þm. Reykv. Hann leggur þar til, að helmingurinn af hinum svokallaða hátekjuskatti, sem áður hefir runnið til fiskimálasjóðs, renni nú til fiskveiðasjóðs. Í l. eins og þau nú eru er gert ráð fyrir, að ef fiskimálasjóður notar ekki þetta fé í þeim tilgangi, sem þar er tekið fram um að verja því til útlána til handa skipverjum á togara með nýtizku áhöldum, sem talað er um, að keyptur verði í tilraunaskyni, þá er gert ráð fyrir, að það sé látið renna í byggingarsjóð verkamanna.

Fiskimálasjóður hefir gefið loforð um að veita í þessu skyni 40 þús. kr. lán ákveðnu félagi eða meðlimum þess, án þess að það hafi verið innt af hendi vegna hinna örðugu tíma og vegna ýmiskonar örðugleika, sem komið hafa upp. Eins og hv. þm. vita, þá hefir verið stofnað í Rvík félag í þeim tilgangi að gera þessa tilraun, sem l. gera ráð fyrir, að kaupa nýtizku skip, og þá á að gefa þeim mönnum, sem á það skip ráðast, kost á að eiga hluti í skipinu. Í þessu skyni hefir fiskimálanefnd lofað styrk til skipakaupanna, 200 þús. kr., og svo þetta loforð um 40 þús. kr. lán. Hvorugt þetta loforð hefir verið uppfyllt, en það getur rekið að því hvenær sem er, að nefndin verði neydd til að standa við þessi loforð og greiða þetta fé.

Ég tel þess vegna, að það komi ekki til mála að samþ. þessa till., vegna þess að það liggja fyrir loforð um það, hvernig fénu eigi að verja, og það getur komið til þess hvenær sem er, ef eitthvað lagast í heiminum, að það verði notað í þessu augnamiði. Ennfremur á ekki að samþ. hana vegna þess, að l. eru þannig, að ef þetta fé

verður ekki notað í þessu skyni, þá á það að ganga í byggingarsjóð verkamanna. Ég álít, að ekki eigi að breyta báðum þessum atriðum og að því samkomulagi, sem upphaflega lá til grundvallar fyrir þessari skattaálagningu, sé raskað, ef þessi till. hv. 6. þm. Reykv. verður samþ.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég skal ekki lengja umr. mikið. — Viðvíkjandi till. hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. V.-Húnv., sem nokkuð hefir verið talað um, get ég fullvissað hv. þm. um það, að hver einasti bæjarfulltrúi á kost á að fylgjast með því, hvað mikið er gefið eftir af útsvörum. Það er ekki þannig, að það liggi fyrir skýrslur um það á ákveðnum degi, en starfsemi bæjarstj. er þannig, að allir bæjarfulltrúar eiga kost á þessu, og vitanlega gildir þetta jafnt um bæjarfulltrúa annara flokka og Sjálfstfl.

Ég vil aðeins segja það um till. hv. 6. þm. Reykv., sem er um þann hluta hátekjuskattsins, sem mælt er svo fyrir, að skuli renna til fiskimálasjóðs eða byggingarsjóðs verkamanna, að ég get ekki fallizt á þá till., og vildi ég helzt óska þess, að hv. þm. taki till. aftur. Það er rétt, sem hv. 6. landsk. sagði um þetta. Það er um að ræða gamalt loforð, sem ekki hefir verið uppfyllt. Hinsvegar er það svo, að ef ekki þarf á þessu að halda til þess, sem það er fyrst og fremst ætlað til samkv. l., eða til þess, sem það er ætlað til til vara, en það er til byggingarstarfsemi, þá myndi þessi upphæð renna til þarfa ríkissjóðs.

Annars var þessi hluti hátekjuskattsins áður ánafnaður bæjar- og sveitarfélögum, en hann var af þeim tekinn af þeirri ástæðu, sem hv. 6. þm. Reykv. skýrði frá, að það var eitt bæjarfélag, sem aðallega naut góðs hér af. Það var ekki aðeins í þessu tilfelli, heldur var líka um það að ræða, að 12% hátekjuskatturinn mátti heita bundinn við Reykjavík. Að láta þessa 12% renna til bæjarsjóða, sveitarsjóða eða sýslusjóða væri því leiðrétting á því, sem ranglega hefir verið haft í frammi við bæjarfélögin, og þá sérstaklega Reykjavík, þegar þessu var breytt. Ég tel, að vel færi á því að leiðrétta þetta.

ATKVGR.
Brtt. 699,1 felld með 19:4 atkv.
— 698 felld með 15:12 atkv.
— 683 samþ. með 18:4 atkv.
— 677 samþ. með 17:8 atkv.
— 699,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22:2 atkv. og endursent Ed.

Á 104. fundi í Ed., 4. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 700).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 714).

---

43. Fjáraukalög 1938.

Á deildafundum 20. des. var útbýtt frá Sþ.:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1938 (stjfrv., A. 523).

Á 19. fundi í Sþ., 22. des. var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jakob Möller): Þetta frv. er lagt fram fyrir Alþingi samkv. fyrirmælum stjórnarskrárinnar og eins og venja er til. Í aths. er gerð grein fyrir flestum þeim umframgreiðslum, sem frv. felur í sér, og er ekki ástæða til að ræða þær sérstaklega að sinni. Ég vil mælast til þess, að frv. verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og fjvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Sþ., 29. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 523, n. 638).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

*Frsm. (Helgi Jónasson): Fjvn. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, en einn nm., hv. þm. A.-Húnv., hefir skrifað undir nál. með fyrirvara. Ég óska svo eftir því, að málinu verði vísað til 3. umr.

*Jón Pálmason: Eins og hv. þm. Rang. tók fram, hefi ég skrifað undir nál. með fyrirvara, með tilliti til þess, að ég hefi ekki fengið neinar upplýsingar um það, eftir hvaða heimildum borgaðar hafa verið út 52 þúsund krónur til skipa á Austfjörðum. Þetta fjáraukalagafrv., sem liggur fyrir, kemur nokkuð seint fram, og er það að sumu leyti óviðfelldin regla, að vera að drasla með fleiri en ein fjáraukalög fyrir hvert ár. Það var komið með fjáraukalög fyrir 1938 áður en aðallögin komu til greina. Þetta er sú regla, sem farið hefir verið eftir að undanförnu. Viðvíkjandi þeirri upphæð, sem minn fyrirvari er bundinn við, stendur það í skýringargreininni, að hún væri veitt vegna þess, hve illa aflaðist og vertíðin því misheppnuð. Af þeim sökum hafi verið borgaðar 50 kr. fyrir hvern mann á stærri vélbátum. Það þýðir ekkert að ræða mikið um þetta, en ég fyrir mitt leyti mun ekki ljá því atkv. að órannsökuðu máli. Vænti ég þess, að hæstv. viðskmrh. veiti nánari upplýsingar um þetta.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það er aðdragandi þessa máls, að um þingtímann 1936 var orðið ljóst, að vertíðin það ár mundi bregðast sunnanlands. Þá leituðu útgerðarmenn við Faxaflóa til Alþingis og fóru fram á, að þeim yrði veitt sérstakt lán til þess að geta leyst út þá sjómenn, sem starfað höfðu hjá þeim yfir vertíðina. Þetta var hið mesta vandamál og var borið undir alla flokka. Niðurstaðan varð sú, að heimilað var sérstakt lán handa þessum útgerð-

armönnum við Faxaflóa, til þess að þeir gætu staðið í skilum við þá sjómenn, sem ráðnir voru upp á kaup. Árið eftir, 1937, skeði það, að á Austurlandi varð svo mikil aflatregða, að margir sjómenn höfðu ekki nema 100—200 kr. tekjur yfir vetrarmánuðina. Á Austurlandi eru allir ráðnir upp á hlut, þar tíðkast ekki kaupráðning, og þess vegna kom aflaleysið svo hart niður á sjómennina. Hér var ekki nema um tvennt að ræða: annaðhvort að styrkja þá eða veita þeim lán, eins og útgerðarmönnunum við Faxaflóa, eða þá að látast ekki heyra bænir þeirra, og láta allt skeika að sköpuðu um það, að þessir sjómenn færu allir á hlutaðeigandi sveitarsjóð, menn, sem aldrei höfðu leitað þangað áður. Þá ákvað ríkisstj. í fullu samráði við formenn andstöðuflokkanna, að láta rannsaka efnahag þessara manna og hve mikla upphæð þyrfti til þess að þeir gætu komizt af án þess að þiggja af sveit. Niðurstaðan á þessum rannsóknum varð sú, að flestir þessara manna gátu komizt af með 50 kr. á hvern mann, sem þeir hefðu á framfæri sínu. Nú var, eins og á stóð, sjálfsagt að hlaupa hér undir bagga til hjálpar, og var það bein afleiðing af því, sem skeð hafði árið áður, aðeins í miklu minni stíl.

Í grg. frv. er gerð grein fyrir þessu, en mér fannst rétt, samkv. fyrirspurnum hv. þm. A.-Húnv., að upplýsa þetta nánar en þar er gert.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 3. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 4. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 716).

---

44. Verzlunarstaður við Reykjatanga.

Á 56. fundi í Nd., 9. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 40 24. nóv. 1893, um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga (þmfrv., A. 277).

Á 58. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 277, er um afnám l. frá 1893 um löggilding verzlunarstaðar við Reykjatanga. Eins og fram kemur í grg. þeirri, sem fylgir frv., þá er fyrir nokkru búið að taka þennan stað fyrir skólasetur. Það er álit forráðamanna skólans, að það myndu verða erfiðleikar við rekstur hans í framtíðinni, ef nokkuð af lóð hans yrði tekið fyrir verzlunarrekstur eða til annara afnota. Það er þess vegna lagt til í frv., að l. þessi verði úr gildi felld. Það er ekki heldur fyrirsjáanlegt, að það geti valdið neinum manni tjóni, því það er ekki útlit fyrir, að í framtíðinni verði þörf fyrir verzlunarrekstur frekar en hingað til hefir verið á þessum stað.

Ég legg svo til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 306).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Þótt þetta frv. sé algerlega meinlaust og n. leggi til, að það verði samþ. óbreytt, mun það eigi að síður vera einsdæmi í þingsögunni. Hingað til hefir verið sótt eftir að fá löggilta verzlunarstaði, en hér er farið fram á afnám slíkrar löggildingar. Vegna þess hve hér er um óvenjulegt tilfelli að ræða, leitaði allshn. umsagnar sýslunefndar V.-Húnavatnssýslu og sýslumanns Húnavatnssýslu um málið, og mælir hvorugur þessara aðila gegn því, að frv. verði að lögum.

Ástæðan til þess, að farið er fram á afnám löggildingar á verzlunarstað við Reykjatanga, er sú, að Reykjaskóli hefir keypt landið, sem lenda myndi innan verzlunarlóðarinnar, ef menn notfærðu sér heimildina til að setja á stofn verzlun á þessum stað, og er stjórn skólans illa við, að þarna rísi e. t. v. upp óþörf verzlun, sem brjóti í bága við starfsemi skólans.

Allshn. hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 67. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 69. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 277, n. 342).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Um þetta frv. virðist ekki þurfa að hafa mikla framsögu af nefndarinnar hálfu. — Þetta frv. er dálítið einstakt í sinni röð. Hér er farið fram á að afnema löggildingu verzlunarstaðar, en við höfum nú verið vanari því hér á Alþingi að hafa með höndum frv., sem hafa farið fram á að löggilda nýja verzlunarstaði. En eins og stendur í grg. frv. og hefir komið fram í meðferð málsins, er svo ástatt, að allir virðast álíta, að það sé óþarfi, að þessi staður sé löggiltur sem verzlunarstaður, og geti það verið til baga fyrir aðalstarfsemina á þessum stað, sem sé héraðsskólann. Það liggur fyrir umsögn frá sýslunefnd Húnavatnssýslu og sýslumanni Húnvetninga um málið, og leggja báðir aðilar til, að lögin verði afnumin.
Allsherjarnefnd leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 381).

---

45. Sláturfélag Suðurlands.

Á 54. fundi í Nd., 7. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir Sláturfélag Suðurlands til að innkalla stofnbréf sín (þmfrv., A. 273).

Á 56. fundi í Nd., 9. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 22 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég vil aðeins skírskota til grg. þeirrar, sem fylgir frv., og sé ekki ástæðu til að bæta neinu þar við. Ég vil óska þess, að málinu sé vísað til 2. umr. og hv. allshn. og að hún sjái sér fært að afgreiða málið sem fyrst, svo það nái fram að ganga á þessu þingi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 295).

Frsm. (Garðar Þorsteinsson): N. mælir með, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Frv. gengur út á, að stofnbréf þau, sem Sláturfélag Suðurlands hefir gefið út til félagsmanna, verði dregin inn, en í þess stað verði félagsmönnum afhentar bækur, þar sem hlutafé þeirra sé skráð í. Félagið hefir gefið út hlutabréf, hvert á 10 kr., og hafa sumir menn átt mörg slík bréf, og eru nú mörg þeirra glötuð. Til þess að fá þetta á hreint og fyrirbyggja, að bréfin flækist á milli manna, vill nú stjórn félagsins innkalla þau og gefa svo út bækur með heildarinnieign hvers stofnfjáreigenda.
Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vil aðeins mæla með, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Ed., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 273, n. 353).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. þetta fer fram á að veita Sláturfélagi Suðurlands heimild til þess að innkalla stofnbréf sín. Allshn. hefir haft málið til athugunar og telur réttlátt að veita þessa heimild. Leggur nefndin því til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 396).

46. Skatt- og útsvarsgreiðsla af stríðsáhættuþóknun.

Á 61. fundi í Ed., 15. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um skatt- og útsvarsgreiðslu af stríðsáhættuþóknun (þmfrv., A. 289).

Á 62. fundi í Ed., 16. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Þetta frv. er borið fram eftir mínum tilmælum. Það kemur að vísu meira við starfssviði atvmrh., en það var með minni vitund og raunar allrar stj., að gefið var fyrirheit það, sem um getur í grg., að undanþiggja helming stríðsáhættuþóknunarinnar skattgreiðslu. Þótti svo mikil nauðsyn til bera að greiða fyrir því, að siglingar til landsins og frá stöðvuðust ekki, og í öðrulagi þótti það fullt sanngirnismál bæði að veita þessa þóknun sjálfa og undanþiggja hana skattskyldu, þar sem hér er um að ræða menn, er haft hafa mjög rýra atvinnu á undanförnum árum. Annars er frv. svo ljóst, að ekki er ástæða til að fjölyrða um það. Ég geri ráð fyrir því, að hv. fjhn. vilji kannske fá frv. aftur til athugunar, og læt ég það hlutlaust af minni hálfu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9:1 atkv.

Á 65. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 289, 297).

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hafði búizt við því, að einhver hv. nefndarmanna fjhn. hefði tekið til máls á undan mér, en það skiptir ekki máli. Ég hefi gert tvær brtt. við frv. þetta, aðra á þskj. 297, en hina skriflega, og er hún leiðrétting á brtt. á þskj. 297. Það, sem brtt. mínar fara fram á, er, að í stað þess að í frv. er gert ráð fyrir, að stríðsáhættuþóknunin skuli undanþegin skatti og útsvari að hálfu leyti, þá sé hún öll undanþegin skatti. Þessi tillaga mín er í fullu samræmi við þær óskir, sem bak við frv. liggja af hálfu þeirra stétta, sem hér eiga hlut að máli, og um leið og samningar fóru fram við atvinnurekendur var rætt um þetta atriði við hæstv. ríkisstjórn. Stjórnin taldi sér ekki fært að mæla með því, að hærri upphæð en helmingur af stríðsáhættuþóknuninni yrði undanþegin skatti, eins og frv. ber með sér, en hinsvegar vildu þessar stéttir fá það fullreynt, hvort Alþingi gæti ekki fallizt á að undanþiggja alla upphæðina skatti, og því er þessi brtt. mín fram komin, að ég vildi láta það koma skýrt í ljós, hvort hv. þm. gætu ekki fallizt á, að það væri sanngjarnt. Ég sé, að útbýtt er í deildinni annari brtt., frá hv. 1. landsk., shlj. minni brtt., og sé ég ekki, að hennar sé þörf, en mun ekki fjölyrða um það frekar. (**BrB.:** Ég hafði ekki séð brtt. hv. 2. landsk.).

Sem rök fyrir því, að þessi krafa sjómannastéttarinnar sé réttmæt — og hér eiga allir hlut að máli, allt frá léttadrengnum til skipstjórans —, vil ég benda á, að það er ekki litið svo á, að áhættuþóknunina beri að skoða sem meira kaup viðkomenda, heldur sem einskonar sárabót fyrir það taugastríð, sem þeir sjómenn verða við að búa, sem sigla um áhættusvæðin. Við höfum undanfarið séð, hvernig þeim skipum hefir reitt af, sem sigla um áhættusvæðin, hvert skipið á fætur öðru ferst, jafnt hlutlausra þjóða sem ófriðarþjóðanna. Og þó að sú gifta hafi fylgt okkar fleytum til þessa, að þær hafa ekki orðið fyrir neinum hnekki, er ómögulegt að segja, hvenær annað kann að verða uppi á teningnum. Stríðsáhættuþóknunin er einskonar bætur fyrir það hugarstríð sjómannanna, að vita dauðann yfirvofandi á næstu mínútu, og þeir hafa vænzt þess, að þeirra nánustu gætu fengið að njóta þessa fjár, en að það yrði ekki hrifið úr höndum þeirra að miklu leyti. Sjálfir gera þeir sér ekki vonir um að verða þess aðnjótandi.

En þó að sú gifta fylgi skipunum okkar framvegis sem hingað til, verður ekki of verðlaunaður sá þegnskapur, sem þessi stétt sýnir þjóðinni með því að flytja nauðsynjar til landsins og afurðir okkar frá því á þessum hættutímum, en einmitt þetta er höfuðskilyrði þess, að við getum lifað í landinu. Með þetta fyrir augum lít ég svo á, að Alþingi geti fallizt á að undanþiggja stríðsáhættuþóknunina skatti og útsvari að öllu leyti og sýni sjómannastéttinni með því örlitinn þakklætis- og virðingarvott.

Ég tel óþarft að færa fleiri rök fyrir máli mínu að svo komnu, en vænti þess, að einhver hv. nm. fjhn. láti í ljós skoðun sína á málinu, því að enda þótt n. hafi flutt frv. eins og ríkisstj. hefir lagt það fyrir hana, þætti mér ekki ósennilegt, að einhver nm. kynni að líta öðrum augum á það.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Vegna þess, að óskað hefir verið álits nefndarmanna í fjhn., vildi ég segja nokkur orð. Eins og hv. deildarmenn muna, var fyrir nokkru borið fram frv. af hv. 1. landsk. á þskj. 270, þar sem farið er fram á, að öll áhættuþóknun sjómanna og farmanna verði skattfrjáls. Þessu frv. var vísað til fjhn., og gat ég þá um, að þá væri komið frv. frá ríkisstj., sem nefndin hafði verið beðin að flytja, og er það frv. það, sem hér er til umræðu. Ég lít svo á, að þótt hv. 2. landsk. spyrðist fyrir um afstöðu fjhn. í þessu máli, hljóti deildinni að vera ljóst, hver hún er. Nefndin tekur frv. stjórnarinnar upp og flytur það athugasemdalaust, og þar með er afstaða n. mörkuð, að hún fylgir því frv., en ekki frv. á þskj. 270. Ég skal játa það fyrir mitt leyti, og tala ég þar aðeins fyrir mig, en ekki meðnm. mína, að mér finnst, að í þessu máli sé gengið inn á vafasama braut með því að undanþiggja áhættuþóknunina skatti, og það engar smáræðistekjur,

eins og og t. d. hjá skipstjórunum. (PZ: Heyr). Hitt er auðvitað allt saman rétt, sem hv. 2. landsk. sagði í ræðu sinni um þann þegnskap, sem þessir menn sýndu með því að hætta lífi og limum eins og nú er ástatt, og það var ekki nema sjálfsagt að bæta þeim það upp með uppbót á laun þeirra. En að þessi launauppbót sé skattfrjáls, er öðru máli að gegna. Það er ekki vegna þess, að ég geti ekki unnað þessum mönnum að fá þessi fríðindi, heldur vegna þess, að það eru fleiri en þeir, sem sýna þjóðinni þegnskap, og fleiri störf, sem eru þjóðinni nauðsynleg, en eru líka lífshættuleg. Því mætti búast við, að þegar búið er að gera þessa undanþágu, þá kæmu kröfur úr fleiri áttum, ekki sízt þegar þetta ákvæði á að ná til allra, hve hátt sem þeir eru launaðir, en sumir þessara manna, skipstjórarnir, eru með hæstlaunuðu mönnum á landinu.

Öll fjhn. var einhuga um að mæla með frv. eins og það liggur fyrir, hvort sem sú stefna, sem með því er tekin, má teljast heppileg eða ekki, en eins og grg. frv. ber með sér, varð það að samkomulagi milli ríkisstj. og samningsaðila, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því, að helmingur áhættuþóknunarinnar yrði undanþeginn skatti. Samningsaðilar treystu því, að það, sem ríkisstj., sem studd er af nær öllu þinginu, hafði gengið inn á, myndi hljóta samþykki Alþingis, og því lítur nefndin svo á, að sjálfsagt sé að samþ. frv. og að helmingur áhættuþóknunarinnar verði skattfrjáls.

Ég hefi svo engu við að bæta, en mér kemur ekki til hugar að fara að deila um þetta mál. Það er hægast að slá á tilfinningastrengi í slíku máli sem þessu, en það er sízt ætlun mín með þessum ummælum mínum að draga úr því hrósi, sem íslenzkir farmenn eiga skilið. Að lokum vil ég taka það fram, að mér er ekki kunnugt um, að einstakir nm. fjhn. hafi sérstöðu í þessu máli, og lít því svo á, að n. standi öll með frv. eins og það er, en annars munu þeir segja til þess sjálfir, ef svo er.

Forseti (EÁrna): Útbýtt er í deildinni brtt. við þetta frv., á þskj. 310. Þá hefir mér og borizt skrifl. brtt. frá hv. 2. landsk. þm., svo hljóðandi: [sjá þskj. 320].

Þar sem brtt. þessar eru of seint fram komnar, og hin síðari auk þess skrifl., verður að veita afbrigði til þess að þær geti komið til umr. og atkvgr. á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um till., hvora fyrir sig, leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Mér finnst það nú satt að segja dálítið leiðinlegt og óviðeigandi, hvernig ýmsir hv. þdm., og að mér virðist hæstv. ríkisstj., hafa tekið í þetta mál.

Sannleikurinn er sá, eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Eyf., að frv. þetta er lagt fram af ríkisstj., einungis vegna þess, að um það var samið, til þess að samningar gætu tekizt milli aðila. Að öðru leyti virðist vera ákaflega mikil tregða hjá hv. þm. til að skilja þetta mál, því að eins og einn hv. þm. tók fram, er hér um að ræða tekjur alveg sérstaks eðlis, ekki venjulegar launatekjur, heldur verðlaun, eins og kemur fram í nafni frv.: „áhættuþóknun", — vegna þess að þessir menn, sem þessa þóknun eiga að fá, leggja líf og limi í mjög mikla hættu vegna þeirra nauðsynjastarfa, sem þeir inna af hendi. Í raun og veru er hér um að ræða þá hermenn þjóðarinnar, sem ættu skilið að þeim væri veitt sú viðurkenning, að þessi stríðsáhættuþóknun þeirra væri skattfrjáls. Þess vegna er þessi till. um skattfrelsi ekki sambærileg við skattfrelsi af öðrum tekjum.

Ef hér væri um að ræða, að menn vildu ekki veita þetta skattfrelsi vegna hagsmuna ríkissjóðs, væri vissulega nær að taka fyrst til athugunar, hvort ekki ætti að afnema skattfrelsi það, sem útgerðarfyrirtæki njóta nú samkv. l., eða að leggja skatt á stríðsgróða einstakra manna, sem nú á sér stað og mun eiga sér stað á meðan stríðið stendur yfir.

Ég þarf svo ekki að færa frekari rök fyrir þessari brtt., því að hún er nákvæmlega samskonar að efni til og frv. það, sem ég flutti hér í upphafi þingsins, og er ekki til annars fram komin en til þess að færa þetta frv. í sama horf og það frv. var.

Ég sé, að fram eru komnar brtt. frá hv. 2. landsk., sem fara í sömu átt. Þessar brtt. hafa ekki legið fyrir, sem ekki er von, þar sem önnur þeirra er skrifleg. Ég skal ekki segja, hvort mín till. eða till. 2. landsk. er þörf eða óþörf, a. m. k. fyrr en ég sé skrifl. brtt. Aðalatriðið er, að þetta fái að vera á þann veg, sem við leggjum til.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það var út af ræðu hv. 1. þm. Eyf., formanns fjhn., sem ég vildi segja nokkur orð.

Mér skildist á hans ræðu eins og það hefði ekki verið tekin nein afstaða í n. um brtt. Því að hans ræða hneig mest af því, að fjhn. hefði óskipt flutt frv. ríkisstj., sem hér liggur fyrir, en hinsvegar hefði n. ekki tekið neina afstöðu til brtt. um það, að áhættuþóknunin skyldi vera skattfrjáls. Ég hygg, að þetta sé rétt, að um það hafi hver nm. óbundin atkv. Einn hv. nm. er ekki hér á fundi, svo að ekki er hægt að segja um hans atkv. við þessa umr.

Hinsvegar kom fram hjá hv. 1. þm. Eyf. það álit — að mér skildist persónulega frá honum, en ekki að hann talaði fyrir hönd n., að hér væri gengið inn á mjög varhugaverða braut með því að veita þessa skattaívilnun, ef það væri samþ. Hann vitnaði í þessu sambandi í það, að hér ættu hlut að máli einna tekjuhæstu menn þjóðarinnar (BSt: Sumir þeirra). Já, skipstjórarnir. Þó að þeir séu tekjuháir, þá álít ég ekki rétt að segja, að þeir séu tekjuhæstir. Það fer einnig mjög eftir afla í hvert skipti, hverjar tekjur þeirra verða. Og á 4—5 árunum síðustu hafa tekjur þeirra ekki verið neitt svipað því eins háar og oft var þar áður, þegar útgerðartíminn var lengri, verð hærra á afurðunum og fleira hagstæðara fyrir þá en nú. En með þeirri verðhækkun, sem nú hefir átt sér stað í sambandi við ísfisksflutn-

ing til Englands, þá hljóta laun skipstjóra náttúrlega að hækka að mjög miklum mun, því að hundraðshluti þeirra af afla mun haldast óbreyttur. Aftur á móti þegar keyptur er fiskur í togara til útflutnings, þá er ekki um neinn hundraðshluta að ræða fyrir skipstjórana, heldur eru þeir þá ráðnir upp á fast mánaðarkaup. Og mér er kunnugt um, að það er ekki hærra, heldur lægra en kaup hjá skipstjórum á flutningaskipum, sem fara á milli landa.

Enda þótt skipstjórar hafi góðar tekjur, er það samt ógerningur að taka einn einasta mann af skipi út úr í þessu sambandi og láta hann ekki hafa sömu kjör um skattfrelsi og aðra skipverja. Á skipstjórum hvílir mikil ábyrgð og áhyggjur, og ekki sízt þeim, sem sigla gegnum þau svæði, sem hættuleg eru vegna ófriðarins. Og það skal enginn halda, að þeir séu tilfinningalausir fyrir starfi sínu. Þó að hér sé um tekjuháa menn að ræða, er ógerlegt að taka þá eina undan í þessu sambandi.

Þessi áhættuþóknun mun koma til með að verða greidd aðeins nokkurn hluta ársins, 4—5 mánuði, — eða kannske eitthvað lengur, það er óreynt ennþá — til starfsmanna á togurum, sem sigla með ísfisk til Englands. Og viðvíkjandi undirmönnum á þeim þann tíma, og að nokkru leyti yfirmönnunum líka, er það að segja, að *alltaf eru allmikil skipti á mönnum til þessara* starfa. Því að reynslan er sú, að þegar siglt er um hættusvæði, þá vilja menn gjarnan taka sér hvíld frá því hugarstríði, sem fylgir því að sigla á þessum svæðum. Upphæðin af þessari áhættuþóknun og eftirgjöf á skatti verður því ekki mikil á hvern mann. Það þarf því ekki að blæða mönnum í augum, að stórmikið falli þarna undan skatti.

Þetta vildi ég taka fram af því að mér virtist kenna nokkurs ótta hjá hv. 1. þm. Eyf. um það, að hér væri verið að ganga inn á braut, sem leiddi af sér einhverja óheillavænlega stefnu fyrir aðra gjaldþegna í landinu. Hann reyndi að rökstyðja það með því að segja, eins og líka rétt er, að fleiri ynnu áhættustörf heldur en þeir, sem sigla á áhættusvæðum hafsins. Jú, — það er rétt. Það er fjöldi áhættustarfa til bæði á sjó og landi. Og slíka áhættu hefir sjómannastéttin orðið að búa við frá alda öðli. Sjósókn er alltaf áhættustarf. En það er ekki sú áhætta, *sem hér er um að ræða. Hver maður, sem fer* á fleytu rétt út fyrir ströndina, er að stunda áhættustarf, og svo hefir það verið frá alda öðli. En hér stendur alveg sérstaklega á. Hér eru ekki náttúruöflin að verki til að gera siglingar áhættusamar, heldur er hér um að ræða mannaverk, þar sem tundurdufl eru lögð á siglingaleiðir skipa og kafbátum getur skotið upp hvar sem vera skal á yfirborði hafsins. Í siglingum um áhættusvæði hafsins er því nú um að ræða nýja áhættu, sem menn hafa ekki átt við að búa. Ef við þyrftum ekki að skipta við önnur lönd, mundi þessi áhætta ekki vera til. Þá þyrftum við aðeins að búa við okkar gömlu áhættu eins og verið hefir. Og þetta vildi ég, að hv. 1. þm. Eyf. skildi. Hér er ekki um launaviðbót að ræða, heldur verðlaun fyrir sérstaklega *unnin* störf á áhættutímum fyrir okkar þjóðfélag, sem engir aðrir eru nauðbeygðir til að leggja út í en þessi eina stétt. Það er líka þess vegna sem þessi stétt, þ. e. a. s. Vélstjórafélag Íslands, segir í niðurlagi viðaukagreinar, sem fylgir samningum milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands um stríðstryggingu og áhættuþóknun, og er þetta hvorttveggja prentað sem fskj. með frv., á þessa leið:

„Ennfremur í trausti þess, að Alþingi verði við hinni sanngjörnu kröfu vorri, að öll áhættuþóknun verði skattfrjáls, eða leysi málið á annan viðunandi hátt."

Þessu hafa þessar stéttir, vélstjórarnir og botnvörpuskipaeigendurnir, óskað eftir, þrátt fyrir það, þótt ríkisstj. vildi ekki lofa meiru en hún var viss um að hún væri fær um að efna, að Alþ. gengi skör lengra og léti alla áhættuþóknunina vera skattfrjálsa.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Eins og ég sagði áðan, kemur mér ekki til hugar að deila um þetta mál eða orðlengja það mjög.

Þeir eiga sammerkt um það hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk., þegar þeir tala um þetta mál, að það er eins og þeir telji, að menn eins og ég, sem ekki vilja ganga að fyllstu kröfum um skattfrelsi þessum sjófarendum til handa, séu *á móti því, að þeir fái bætur fyrir áhættu* þá og taugastríð, sem annar þeirra talaði um, sem þessir menn hafa við það að sigla um áhættusvæði. En þetta er alls ekki rétt. Ég álít rétt, að sjómenn á íslenzkum skipum fái bætur fyrir þessa áhættu og fyrir það aukna erfiði, andlegt og líkamlegt, sem þeir þurfa að leggja fram. Og þessar bætur hafa þeir þegar fengið samkvæmt samningum. Og ef þetta þykir ekki nóg, þá hefði ég talið eðlilega leið, að þessar bætur hefðu verið meiri, heldur en hitt, að fara að taka vissar stéttir í þjóðfélaginu, þó að þær eigi allt hið bezta skilið, og veita þeim sérréttindi um skattgreiðslur. Það er það, sem ég benti á, að ég teldi varhugaverða stefnu, þó að ég sé hinsvegar búinn að ganga inn á hana að hálfu leyti með því að fylgja þessu frv. eins og það liggur hér fyrir.

Ég skal alveg játa, að það er rétt, sem hv. 1. landsk. sagði, að það mundi ekki vera vegna ríkissjóðs, sem haft væri á móti þessum brtt. Það er ekki vegna ríkissjóðs að því leyti, að ég telji, að það muni svo mikið um skattinn af þessari áhættuþóknun hálfri, heldur er það vegna fordæmisins, sem með því væri gefið. Því að það getur verið svo margt, sem kemur til greina, t. d. í framtíðinni, um störf, sem þykja ákaflega nauðsynleg, en jafnframt af einhverjum ástæðum ákaflega óþrifaleg. Það er ómögulegt að segja um það, nema þeir tímar geti komið, að ástæða þyki til að veita öðrum stéttum en þeim, sem um getur í frv., skattfrelsi eins og þessari stétt nú. Við skulum taka einfalt dæmi. Ef drepsótt gengur í landinu, eins og oft hefir komið fyrir, — hvernig er þá aðstaða læknanna? Ég held, að þeir séu þá í mjög mikilli hættu eins og sjómenn í þessu tilfelli. Á þá að veita læknum skattfrelsi í slíku tilfelli? Það er þess vegna fordæmið í þessu til-

felli, sem ég ber fyrir brjósti, en ekki sú upphæð, sem ríkissjóður mundi tapa á þessum sérstöku mönnum. Og allt það, sem hv. 2. landsk. talaði um, að hér væri um nýja hættu að ræða, sem ekki hefði verið til staðar fyrr, og að þess vegna ætti að veita þennan rétt, það kemur frá mínu sjónarmiði og samkv. því, sem ég nú hefi sagt, ekki beinlínis málinu við. Því að það, að þessir menn fái fullar bætur fyrir þessa áhættu og þetta aukna erfiði, andlegt og líkamlegt, því er ég með, en ekki, að þær bætur verði skattfrjálsar.

Þá veik hv. 2. landsk. dálítið að afstöðu fjhn. aftur og gat um það, að einstakir nm. í þeirri n. mundu ekki hafa tekið afstöðu til brtt., sem fram kynnu að koma. Þetta er rétt; n. hefir ekki gert það. En það hafa engar brtt. komið fram mér vitanlega, sem ganga út á annað en það, sem frv. á þskj. 270 gengur út á, m. ö. o., að öll áhættuþóknunin sé skattfrjáls. Og með því að taka afstöðu til þessara 2 frv., sem fyrir liggja, verð ég að líta svo á, að n. hafi jafnframt tekið afstöðu til þessara brtt., þó að um þær hafi ekki farið fram nein atkvgr. í n. út af fyrir sig. Það er nú því miður ekki nema annar af hv. meðnm. mínum hér viðstaddur. En sé þetta ekki réttur skilningur hjá mér, leiðréttir hann það sjálfsagt fyrir sitt leyti.

*__Magnús Jónsson:__ Ég finn enga tilhneigingu hjá mér til þess að hlaupa í skörðin fyrir formann og frsm. n. í umr. um þetta mál. Enda finnst mér sannast að segja, viðvíkjandi þessum brtt., að það sé sá tónn í ræðum þeirra hv. 1. landsk. og hv. 2. landsk., að það muni vera meira til að sýnast en að vera fyrir þeim að bera fram þessar brtt. Það er alltaf vinsælt að rísa upp og gera hærri kröfur. Og þeir vonast til þess að geta fengið einhverja sjómenn með sér fyrir að gera fleiri kröfur fyrir þeirra hönd heldur en samningar stóðu til og bornar eru fram í frv. því, sem fjhn. hefir flutt hér.

Annars stóð ég upp mest vegna þess, að hv. frsm. lét í ljós, að sér væri ekki fullkunnugt um afstöðu okkar hinna nm. um brtt., sem fyrir liggja. Ég lýsi því yfir, að ég er honum sammála, því að öðrum kosti hefði ég ekki verið með því að flytja frv. þetta aths.-laust en hinsvegar að afgr. ekki frv., sem fyrir n. lá og gekk út á það sama og í brtt. felst. Og í þessu liggur það skýrt og skorinort fyrir frá hálfu allra nm., að þeir eru þessu frv. fylgjandi. Og hvers vegna ég er með þessu frv. án tillits til þess, sem sagt er og karpað um þetta mál, það liggur fyrir í grg. frv., sem sé að það er vegna þess, að þetta er samningsatriði. Um leið og þessi samningur var gerður við sjómenn, þá hefir ríkisstj. lofað að hlutast til þess, að helmingur af þóknun þessari yrði skattfrjáls. Og ég vil, á meðan ég stend að nokkrum parti að ríkisstj., að hún standi við sín orð. Og ég er hissa á hv. 2. landsk., sem að nokkru stendur að ríkisstj., að hann skuli vilja hvika frá þessu, því að samningur er samningur. En það getur nú vel verið, að það sé erfitt rúm, sem þessi hv. þm. fyllir þarna, og honum sé eins mikil vorkunn eins og sjómönnunum, sem þessi brtt. er borin fram fyrir. Ég tek honum þetta ekkert illa upp. Það er mjög fjarri því.

Annars skal ég ekki fara út í þetta frv. efnislega. Ég er frsm. sammála um þetta hvorttveggja, að rétt sé að greiða ríflega þóknun fyrir áhættuna við það að sigla yfir hættusvæði hafsins, alveg án tillits til alls taugastríðs og þess háttar, því að margir sjómenn eru ákaflega taugasterkir og taugasterkari heldur en kannske sumir hv. þm. hér í d. (__PZ:__ Ætli það ekki?), — og hinsvegar, að ekki beri að veita þessum mönnum sérréttindi um skattfrelsi. Og ef um það er að ræða að standa við samninga, sem ríkisstj. er búin að gera, þá tel ég þó nokkuð varhugavert að fara nokkuð að breyta þessu ákvæði frv. Og dæmið, sem hv. 1. þm. Eyf. tók af því, ef t. d. geisaði drepsótt, er alveg rétt, því að þá væru bæði læknar og einnig hjúkrunarfólk í sömu hættu og sjómenn eru nú. En ég hefi aldrei heyrt, að þetta fólk hafi farið fram á áhættuþóknun, hvað þá skattfrelsi. Læknar hafa orðið að ganga til starfa sinna eins og hermenn þjóðarinnar. Og hvað fá hermenn þjóðanna nú í áhættuþóknun? Ég held bara ekki neitt. (__SÁÓ:__ Jú tryggingu.) Já, tryggingu. (__SÁÓ:__ Og kauphækkun).

Mér finnst rétt, að greitt sé ríflega fyrir að flytja á milli landa á áhættusvæðunum, eins og í mörgum tilfellum er greitt hærra kaup fyrir áhættusöm verk, — t. d. fá kafarar mjög hátt kaup. En mér vitanlega hefir aldrei verið á það minnzt, að þeir væru skattfrjálsir. Ég hefi aldrei heyrt talað um skattfrelsi vegna þess að áhættusöm störf hefðu í för með sér taugastríð. Það er skattfrelsið, sem hér er um að ræða, en ekki áhættuþóknunin. Um að veita hana eru allir sammála.

Úr því að ég stóð upp, get ég ekki stillt mig um að segja, að það er dálítið einkennilegt að heyra hv. 1. landsk.og hv. 2. landsk. tala nú um greiðslu beinna skatta eins og einhver óttaleg neyðarkjör, vegna þess að þeir heyra til flokkum, sem halda fram, að einu sanngjörnu skattarnir séu beinu skattarnir, og vilja afnema helzt alla tolla og taka gjöldin af þessum ríku mönnum; ef menn hafa háar tekjur, þá að taka þær bara með beinum sköttum af þeim. Nú koma þessir menn fram og segja: Hvílík dæmalaus óhæfa þetta er, að taka þetta af þessum mönnum með beinum sköttum! Það er gaman að sjá þessa þm., þegar þeir horfa framan í þetta sitt sköpunarverk, hina háu skatta. Ég veit, að þetta er ákaflega ósanngjarnt og er þeim alveg sammála. Það er eins og hv. 2. landsk. segir, að það, hve hátt kaup þessara manna verður, fer alveg eftir því, hve mikið þeir sigla á þessum hættusvæðum. Það er auðséð, að ef þeir sigla mikið eftir hættusvæðum, þá fá þeir mjög hátt kaup á íslenzkan mælikvarða, þar sem þeir geta fengið 250% hækkun, og ættu því þessir hv. þm. að segja samkv. stefnu sinni: „Já, þarna eru menn, sem eiga að greiða í ríkissjóðinn". Þessi orð mín eru ekki beinlínis um málið, en ég gat ekki stillt mig um að segja þetta, þegar ég var búinn að hlusta á þessa hv. þm. kvarta um hina beinu skatta, eins og þeir orðuðu það.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Með leyfi hæstv. forseta mun ég gera hér litla aths. og verð að geyma mér til 3. umr. eitthvað af því, sem ég vildi segja. Ég vil svara hv. 1. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Eyf. því, að ég get ekki tekið mark á afstöðu þeirra til þess, hvort greiða skuli fullan skatt eða ekki. Getur engum blandazt hugur um, að frv. mitt er miklu ýtarlegra, t. d. síðari málsl. 2. gr. og 3., 4. og 5. gr., en brtt., sem liggur fyrir er við þetta frv. Ég spurði, hvort nefndin hefði tekið afstöðu til brtt., vegna þess að ég tel gott, að afstaða þeirra til frv. komi fram, en ég furða mig á afstöðu hv. 1. þm. Eyf., því það er óvanalegt um hann, að hann fari slíkar villigötur.

Ég get ekki svarað þeim ræðum, sem hafa komið fram, en vil segja hv. 1. þm. Reykv. það, út af því, er hann segir, að ég sé að sýnast. Hann getur gert mér og hverjum öðrum þær getsakir, sem hann vill, en ég þykist hafa fært rök fyrir till. okkar í þessu máli. Hann vildi sletta því til mín, að ég væri að gera ríkisstj. ómerka. Ríkisstj. hefir ekki sagt annað en: Við skulum mæla með því til Alþingis. — Er það að ómerkja, þótt þingið vildi ganga lengra? Ég skil ekki annað en að stjórnin mætti vel við una, þótt þingið vildi ganga lengra. Þetta loforð var tekið með fyrirvara, eins og sést í samningnum, sem fylgir frv., en þar segir: „Ennfremur í trausti þess, að Alþingi verði við hinni sanngjörnu kröfu vorri, að öll áhættuþóknun verði skattfrjáls, eða leysi málið á annan viðunandi hátt.“ Því er leitað til þingsins til að vita, hvað það vill gera, þótt ríkisstj. vildi ekki lofa of miklu. Ég sé ekki, að hér sé verið að sýna ríkisstj. vantraust. Öðru nær. Ég er henni þakklátur fyrir það loforð, sem hún gaf, þótt hún treysti sér ekki að lofa meiru, og eins og ég las upp áðan, þá er þetta ekki efni tilbúið af mér. Það er öll sjómannastéttin, sem stendur að þessu.

Hv. 1. þm. Reykv. er svo leikinn í því að sýna tvöfalt andlit, og er þess vegna ekki að undra, þótt hann oti fram tveim skjöldum bæði með og móti. Að öðru leyti mun ég geyma mér að svara honum þangað til við 3. umr.

Brynjólfur Bjarnason: Hv. 1. þm. Reykv. segir, að þessi till., sem borin er fram af mér og hv. 2. landsk., sé borin fram til þess að sýnast. Hvaðan kemur honum þessi vizka? Hvaða rök getur hann fært fram til sannana? Ég vil benda honum á það, að í blað flokks hans hafa verið skrifaðar margar greinar um það, hversu nauðsynlegt það væri, að sjómenn fengju skattfrjálsa alla stríðsáhættuþóknunina. Vel má vera, að hann hafi ekki skrifað þessar greinar sjálfur, en a. m. k. hefði einhver af þingmönnum flokksins eða úr stjórn hans átt að finna köllun hjá sér til þess að mótmæla því, að verið sé að skrifa til þess að sýnast, og kemur fram í þessu siðleysi Sjálfstfl. Þegar á hólminn kemur, er hann gegn því, sem Morgunblaðið er með framan í fólkið. Þetta er prýðilegt sýnishorn af hinni taumlausu hræsni, sem pólitík Sjálfstfl. byggist á. Þessi hv. þm. var að lá okkur, að við værum á móti ákveðinni tegund af beinum sköttum. Það er ekki um það, sem deilt er. Það, sem um er að ræða, er það, hvort leggja skuli skattana á þá láglaunuðu eða þá hálaunuðu. Þessir menn vilja, að skattarnir hvíli á láglaunamönnunum, og þó að vísu reynt að færa fram falsrök til þess að reyna að leyna því, hvað liggur raunverulega á bak við afstöðu þingmannsins í þessu máli, sem sé það, að meðal þessara manna séu hálaunamenn. Liggur því næst að spyrja: Hvers vegna kom hv. þm. ekki með brtt. um, að skattfrelsið skuli ekki gilda fyrir þessa hálaunamenn?

Í raun og veru er það svo, að eina röksemdin, sem fram kom og komið gæti til mála að svara, er það, sem kom fram í báðum ræðum hv. 1. þm. Eyf., og það var, að hér væri að ræða um fordæmi, sem mundi vera óheppilegt og hættulegt. Það er alveg eins og hér sé verið að skapa fordæmi, sem aldrei hafi komið fram áður. Slík fordæmi eru til, að ákveðnar tekjur skuli vera skattfrjálsar. Það er ekki langt síðan samþ. var um skattfrelsi fyrir útgerðarfyrirtæki, og happdrættið er skattfrjálst. Þá er annað. Ef þetta, að hér sé verið að skapa óheppilegt fordæmi, er röksemd á móti því, að öll áhættuþóknun skuli vera skattfrjáls, því leggur þá fjhn. fram frv. um, að helmingurinn skuli vera skattfrjáls? Samkv. þessari röksemdafærslu þá er annaðhvort að vera á móti till. fjárhagsn. eða að menn geta alveg eins fallizt á, að áhættuþóknunin skuli öll vera skattfrjáls. Enda er það svo, að það kemur alveg greinilega fram á einu fylgiskjalinu, að það hefir beinlínis verið samið í trausti þess, að Alþingi sæi sóma sinn í því að hafa þessa upphæð skattfrjálsa. Sjómenn litu þannig á, að þessi stríðsáhættuþóknun væri ekki ríflegri en það, að þeir gengust undir þessi kjör í trausti þess, að Alþingi hefði alla áhættuþóknunina skattfrjálsa.

*Frsm. (Bernharð Stefánsson): Það er aðallega út af því, að hv. 2. landsk. vill enn gera aðstöðu mína í fjhn. að umræðuefni, sem ég vil segja nokkur orð. Hann segist vera hissa á mér að vera með krókaleiðir, og segir, að það sé óvanalegt. Ég þakka fyrir hrósið, að slíkt sé óvanalegt af mér, en veit ekki, hvað hann á við. Ég vil segja, að það kemur mér kynlega fyrir sjónir, ef hann veit betur en ég, hvað ég hefi meint í nefndinni. Það kom ekki til með annað en að bera þetta frv. fram og afgreiða það, en ekki hitt frumv. Ég ályktaði, að um þetta meginatriði væri n. sammála, en hinsvegar gat ég þess, að hinir nm. gætu sagt fyrir sig. Ég býst við, að þetta sé út af þeim nefndarmanninum, sem ekki er hér viðstaddur. Ég skal ekki fullyrða um það, hvernig hann hefði snúizt við þeim brtt., sem hér liggja fyrir. En heldur ekki frá honum kom ósk um breytingu. Ég get ekki fallizt á það, að hægt sé að líkja þessu skattfrelsi við það, þó happdrættisvinningar séu skattfrjálsir árið sem þeir vinnast, og ekki heldur getur það talizt hliðstætt l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja. Það lágu allt aðrar ástæður þar fyrir en hér. Hv. 1. landsk. spurði, hvers vegna n. væri þá að leggja þetta frv. fram, þegar a. m. k. ég teldi þetta vera vafasamt fordæmi, sem hér væri gefið. Ég þóttist svara þessari spurningu í minni fyrstu ræðu. N.

féllst á að flytja þetta frv. sökum þess, að hún leit á það sem skuldbindingu ríkisstj., að þetta fengist fram og að allir aðilar treystu því, að svo yrði og að litið mundi á það sem einskonar samningsrof, ef samkomulagið yrði ekki haldið. Ef ég hefði átt að fjalla um þetta mál, hefði ég verið á móti því, að um nokkurt skattfrelsi væri að ræða, hefði heldur viljað, að uppbótin sjálf yrði hærri, og það, sem fyrir mér vakir, er það, að undir öllum kringumstæðum eigi að ríkja jafnrétti í skattaálögum. Þó á einhverjum tíma megi segja, að einhver stétt sé nauðsynlegri en önnur og vinni meiri störf, má ekki segja, að ein stétt eigi að greiða skatta og önnur eigi ekki að greiða skatta. Það á að að fara eftir því, hve tekjurnar eru miklar.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, en komi fleiri slík mál fram, fá menn sjálfsagt að sjá í framtíðinni, hvað af slíku leiðir. Enginn vafi er á því, að hægt er að halda því fram um margar stéttir, og þar á meðal sjómannastéttina, að þær séu svo nauðsynlegar, að þær eigi allt gott skilið, en ef farið er að metast um það, lízt mér ekki á okkar skattakerfi. En þar sem báðir þessir þm. hafa talað í þeim tón, að við værum á móti því, að farmenn fengju þessa uppbót fyrir sína áhættu, vil ég mótmæla því.

***Magnús Jónsson:** Ég skil ekki hv. 2. landsk., þegar hann þykist fylgja stj. með því að bera fram annað en hún hefir borið fram. Þegar ríkisstj. lofaði að mæla með því, að helmingurinn af áhættuþóknuninni skyldi vera skattfrjáls, þá mælir hún með því, sem hún vill, og ég get ekki séð, að traust geti komið fram í öðru en því að vera með þessu. Mér finnst hv. þm. vel geta fellt sig við þennan samning eins og hann var gerður, en hann vill heldur halda fram sinni pólitísku skoðun. Hann segist vera fulltrúi fyrir sjómannastéttina. Ég býst við, ef ég bæri fram frv. um að hækka laun embættismanna, að þeir væru með því. Menn eru yfirleitt með því, sem borið er fram þeim til hagsbóta.

Hv. 1. landsk. vil ég segja það, að það er ekki sambærilegt með happdrættið og útgerðarfyrirtækin. Happdrættisvinningur er skattfrjáls aðeins árið sem hann vinnst, en ekki sá ágóði, sem af honum kann að verða síðar. Happdrættið er ekki annað en tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóðinn, þó því um stund hafi verið varið til ákveðins verks fyrir ríkið, og ákvað Alþingi, að til þess að létta undir þessa tekjuöflun skyldi happdrættið njóta þessara friðinda. Það er eins og þegar ríkisverzlanirnar eru undanþegnar sköttum. En skattfrelsi útgerðarfyrirtækjanna byggist á því, að þau höfðu um langan tíma ekki verið rekin með ágóða, heldur halla. En það er hægt að leggja á þau, þótt þau hafi engar tekjur, og er þetta til þess að fyrirbyggja það.

Ég held, að engum detti í hug, að sterk fyrirtæki ættu að vera skattfrjáls. Ég býst við, að ef útgerðin fer að stórgræða, þá getum við fengið að ræða um það, hvort ekki komi til mála að láta þessi fyrirtæki greiða skatt. Hv. 1. landsk. vildi annaðhvort láta greiða skatt af öllu eða engu, en ég hefi lýst því yfir, að ég vil aðeins láta standa við gerða samninga. Mér finnst sjálfsagt, að þegar stj. gerir samning, þótt hann munnlegur sé, þá eigi að standa við hann.

Mér varð á að láta í ljós, hvort þetta frv. væri ekki borið fram til þess að sýnast. Hv. 1. landsk. bað mig að færa rök fyrir þessu. Hann bar þau rök fram sjálfur, svo að þar þarf ekki um að bæta. Hann segist hafa séð í einu blaði hér það sama, sem hann heldur fram, og það hafi verið borið fram til þess að sýnast. Ég treysti mér ekki til þess að bera fram betri rök.

Brynjólfur Bjarnason: Ég held, að ég hafi aldrei heyrt á Alþingi aðra eins hundalógik eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Reykv. Ég segi, að Morgunblaðið hafi komið fram með sömu rökin eins og ég ber fram, og ég fullyrði, að það er hræsni, þegar blöðin halda opinberlega fram öðru en því, sem þingmenn flokksins fylgja inni á Alþingi, og með þessu vill hann sanna, að málið sjálft sé hræsni og yfirdrepskapur. Er hægt að koma fram með meiri hundalógik? Ég sé það ekki.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 310 felld með 10:2 atkv.
— 297 og 320 komu ekki til atkv., skv. úrskurði forseta.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
3.—6. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 67. fundi í Ed., 23. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég hefi ekki haft tækifæri til að vera við 1. og 2. umr. þessa máls. Þykir mér því réttara, áður en það fer út úr þessari hv. d., að segja um það örfá orð, vegna þess að ég mun vera sá úr stj., sem í raun og veru hafði mest um þetta mál að gera, þó að það heyri undir annan ráðherra. Það er af því, að þeir aðilar, sem hafa beinna hagsmuna að gæta í þessu máli, sneru sér til þess ráðherra, sem þeir töldu hafa með sín mál að gera. Ég vil ekki vera hér með óþarfamálalengingar og rekja efni frv., því að það hefir verið rætt hér við fyrri umr., en vil aðeins láta þau ummæli falla, að ástæðan til þess, að stj. beitti sér fyrir, að slík friðindi yrðu samþ. til handa þessum sjómönnum, er sú, að stj. taldi verðugt, að þessir menn, sem nú taka á sig óvenjulega áhættu, bæru einnig verulega meira úr býtum fyrir sitt starf en þeir hafa undir venjulegum kringumstæðum. Í öndverðu mæltust þessir menn til, að svo yrði ákveðið í l., að öll sú umframgreiðsla, sem þeir hlytu fyrir störf sín nú, miðað við venjulegan tíma, yrði undanþegin útsvari og skatti, en við umr. kom í ljós, að ekki eingöngu stj., heldur flestum ef ekki öllum umboðsmönnum sjómanna, þótti nokkuð langt gengið í þeirri kröfu, og ég held, að fullyrða megi, að áður en þessum málum lauk milli stj. og sjómanna, þá hafi flestir verið á því máli, að vel væri gengið

til móts við þá. Nefni ég þar sérstaklega til háseta á skipum, vegna þess að ég veit, að annar fulltrúi þessarar stéttar, sem á sæti í þessari d., hefir borið fram till. um að ganga lengra. Ég viðurkenni hinsvegar, að fulltrúar skipstjóra og þó kannske einkum vélstjóra sóttu nokkuð fast að ganga lengra um ívilnanir þeim til handa. Ég þykist vita, að þeim finnist, að sérstaklega ég sæki illa þeirra mál með því að láta staðar numið við þau fríðindi, sem þeim eru veitt með þessum l. Ég sagði þeim í öndverðu, að ég lofaði að taka til athugunar þeirra mál og að láta jafnt ganga yfir alla sjómenn, en ég teldi ekki líkur til, að hægt væri að ganga lengra.

Það liggur í hlutarins eðli, að hinar lágt launuðu stéttir á skipunum hafa hlutfallslega meiri striðsáhættuþóknun heldur en þeir hærra launuðu. Ég nefndi þetta vegna þess, að umboðsmanni þeirra var ljóst, að fríðindin þeim til handa voru svo miklu verulegri hlutfallslega heldur en hjá þeim, sem voru hærra launaðir, að þeir töldu sér fullnægt.

Til orða kom að hafa annað fyrirkomulag á þessu, sem ég að órannsökuðu máli hafði talið að mundi fullnægja sjómönnunum, en við rannsókn á skattgjöldunum, eins og þau eru hér í Reykjavík, kom í ljós, að þegar tekjurnar hækkuðu nokkuð verulega, þá gleypti ríkissjóður og bæjarsjóður allar tekjurnar á fyrsta ári. Skattstjóri reiknaði þetta út fyrir stj., og man ég ekki betur en að hann skilaði áliti frá sér á þá leið, að þegar tekjurnar væru komnar upp í 10 þús., þá væri skatturinn af 11. þúsundinu 96%, og þegar komið væri upp í 20 þús., væri hann 101%, og þegar væri komið í 28 þús., væri hann 110%. En þess er einnig að gæta, sem allir hv. þdm. gera sér grein fyrir, að þetta gildir aðeins um tekjur, sem eru aðeins í eitt ár, því að ef þær gilda lengur, þá kemur skattur og útsvar til frádráttar.

Að fengnum þessum upplýsingum þótti þessi leið með öllu óaðgengileg, og því var horfið að því ráði, sem upp var tekið.

Ég vona, að um þetta mál verði ekki ágreiningur frekar en orðið er, en mér þótti rétt að láta þessi orð falla, þó að málið heyri undir annan ráðh., vegna þess að umboðsmenn sjómanna, sérstaklega háseta, voru sérstaklega ánægðir með það, og ég tel þá líka hafa ástæðu til þess, því að hér er um sérstök fríðindi að ræða, og þau eru eingöngu veitt af því, að allir viðurkenna, að þau eru verðskulduð.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég vil segja hér nokkur orð út af ummælum hæstv. atvmrh. — Ég hefi enga ástæðu til að deila við hæstv. ráðh. um þetta mál. Ég viðurkenni, að hans afstaða var fullkomlega þingleg, og eins og hann hefir skýrt frá, mun hann hafa átt mikinn hlut að því, að þessar till. voru samþ. í stj. En í sambandi við þær samningsumleitanir, sem hann skýrði frá, tel ég rétt að gera aths.

Það er rétt, að það munu hafa verið 3 fulltrúar stéttarfélaga, sem mættu hjá hæstv. ráðh., og var þá borin fram þessi ósk um skattfrelsi. Ég hygg, að á þeim fundi hafi engar till. legið fyrir um, hvernig þeim ívilnunum skyldi varið, heldur mun hæstv. ráðh. hafa tekið vel í málið og gert ráð fyrir, að hann mundi koma fram með till. Það mun rétt, að skattstjóri mun hafa verið fenginn til að reikna út og gera undirbúningstill. í málinu, og mun hann hafa komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að fara aðra leið en þá, sem farin er í þessu frv. En eftir að þessi lausn er fengin, sem hæstv. ráðh. lýsti, þá er mér ekki kunnugt um, að fulltrúar sjómanna hafi rætt við hæstv. ráðh., a. m. k. hafi engir af hálfu háseta og kyndara komið til hæstv. ráðh. til að ræða um málið. Hitt er annað, hvort hér sé sæmileg lausn fengin í augum sjómanna, og ég get fullvissað hæstv. ráðh. um, að þeir óska allir eftir, að þessi þóknun verði öll skattfrjáls, af ástæðum, sem ég greindi við 2. umr., af því að menn líta á þetta sem verðlaun fyrir þá hættu, sem þeir leggja sig í fyrir þjóð sína, og með það fyrir augum ætti þetta að vera skattfrjálst. Ég sé ekki ástæðu til að deila við hæstv. ráðh. um þetta. Hv. d. hefir skorið úr, að hún vill ekki fara þá leið, að hafa þetta rýmra en hæstv. stj. hefir lagt til.

Ég tel svo ekki þörf að ræða þetta mál frekar, en vildi aðeins skýra frá, að þessar samningsumleitanir voru ekki bindandi, hvorki af hendi stj. né sjómanna. Ég vil þó geta þess, að það er ekkert einsdæmi, þó að till. um slíka ívilnun komi fram hér á Íslandi. Í Danmörku stendur alveg eins á. Þar hefir sjómannastéttin farið fram á að fá samskonar ívilnun, en mér er ókunnugt um, hvaða undirtektir það fær. Hér er um alveg sérstakt að ræða, svo að það þarf ekki að vera neitt fordæmi, og ég verð að segja, að það er síður ástæða til að veita þeim, sem hærra eru launaðir, því að dýrtíðin og erfiðleikarnir koma tiltölulega harðar niður á þeim, sem lægri launin hafa, og þá munar meira um hverjar 10 kr., sem þeir greiða til ríkis og bæjar, en þá, sem hafa hærri launin.

Ég mun svo ekki gera þetta mál frekar að umræðuefni, en mun greiða frv. atkv.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Það er örstutt. — Ég efast ekki um, að hv. 2. landsk. hyggi það rétt, sem hann sagði, að enginn fulltrúi háseta eða kyndara hafi verið á fundi hjá mér þetta ákveðna skipti, en ég man þetta fullvel sjálfur, og ég get nefnt við hann, hvenær þetta var rætt, en að afloknum þeim fundi hittumst við sjálfir, og þá spurði hann mig, hvort ákveðnir menn hefðu verið þar. Sjálfur hafði hann verið aðalfulltrúi sjómanna, en ekki getað mætt þar. Þetta hlýtur að rifjast upp fyrir hv. þm., en annars skiptir þetta ekki svo miklu máli, að ég kæri mig um að hafa um það langar vitnaleiðslur.

Það er rétt, að það var almenn ósk frá hendi sjómanna, að fá alla áhættuþóknunina skattfrjálsa. Það er eðlilegt, að þeir, sem hér eiga hlut að máli, vilji helzt fá sem mest fyrir sína áhættu og ríki og bær taki sem minnst af henni.

Ég tel, að með þessu frv. sé gengið svo langt sem kostur er á, og ég álít, að sjómannastéttin telji þá lausn, sem með því fæst, viðunandi. Jafnframt lýsir frv. fullum skilningi á þeim þegnskap, er þessi stétt sýnir, og fullum velvilja í hennar garð, enda mun þessi lagasetn-

ing vera einsdæmi. Hv. 2. landsk. skýrði frá því, að danskir sjómenn hefðu gert samskonar kröfu, en danska ríkisstj. varð ekki við þeirri kröfu, og fara þó þeir menn með völd í Danmörku, að ætla mætti, að þeir hefðu veitt henni stuðning sinn. (SÁÓ: Mér er ekki kunnugt um, hvort danska stjórnin hefir orðið við kröfunni eða ekki). Hv. 2. landsk. viðurkennir, að hann viti ekki, hvort danska ríkisstj. hefir orðið við kröfum dönsku sjómannanna, en það er þó jafnlangt um liðið í Danmörku og hér síðan stríðið hófst, og lög um þetta efni hafa verið í gildi hér um nokkurn tíma, en það sýnir, að íslenzka ríkisstj. hefir næmari skilning á þörfum sjómanna en danska ríkisstjórnin. — Þetta læt ég nægja.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ræða hæstv. atvmrh. gefur ekki tilefni til langra andsvara, en viðvíkjandi orðum hæstv. ráðh. um fundi þá, sem haldnir voru, vil ég taka fram, að mér var ekki kunnugt nema um einn fund, og það var þegar Esja kom.

Að því er snertir stríðsáhættuþóknun danskra sjómanna og kröfu þeirra þar að lútandi, vil ég geta þess, að ég skýrði aðeins frá því, sem ég vissi. Ég hefi séð þess getið á prenti, að þeir hafi farið fram á þetta við dönsku stjórnina, en svar stjórnarinnar lá ekki fyrir, og getur það eins hafa verið játandi eins og neitandi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 289).

Á 68. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 77. og 78. fundi í Nd., 7. og 8. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 9. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 289, 363, n. 385).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Þetta frv., sem borið er fram af hæstv. ríkisstj., er flutt í tilefni af samningum, sem gerðir hafa verið vegna stríðsáhættunnar við ýms félög sjómannastéttarinnar, þar sem ákveðið er, að 50% af áhættuþóknuninni skuli vera laus við skatt- og útsvarsálagningu. Í samningum milli þessara félaga og ríkisstj. er tekið fram, að þessu skuli þannig háttað, og hefir meiri hl. n. lagt til, að frv. verði samþ., en 3 nm. hafa áskilið sér rétt til þess að gera brtt. við frv., og hafa tveir þeirra, hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Ísaf., þegar borið fram þá brtt., að öll áhættuþóknunin skuli undanþegin skatti og útsvari. Ég hygg, að mér sé óhætt að segja, að frá sjónarmiði okkar, sem skrifuðum undir nál. án fyrirvara, sé ekki ástæða til þess að ganga lengra en hér er gert, einkum þegar þess er gætt, hve áhættuþóknunin er há, og að samningar við þessi félög eru venjulega þannig, að þau fá að mestu framgengt kröfum sínum. Virðist því ástæðulaust að ætla, að félögin séu ekki ánægð með þá lausn málsins, sem fæst með frv. þessu. Legg ég því til, að brtt. þessara tveggja nm. verði felld, en að frv. stjórnarinnar verði samþ.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Með flm. minn að brtt. á þskj. 363 er ekki viðstaddur, og mun ég því fara um hana nokkrum orðum, enda ber okkur báðum sama skylda til þess að gera grein fyrir þessari brtt. Þótt samkomulag hafi verið gott milli ríkisstj. og samninganefndar farmanna og sjómanna, a. m. k. að því er snertir upphæð stríðsáhættuþóknunarinnar, þá var það hinsvegar krafa farmanna í upphafi, að ekki þyrfti að greiða skatt eða útsvar af þessari þóknun. Þessi krafa byggist á því, að skattheimta af tekjum manna er svo frekleg hér, og mér liggur við að segja fjarri öllu viti, að samkv. útreikningi skattstofunnar hefði hér um bil öll áhættuþóknun þeirra hærra launuðu á flotanum gengið til ríkis og bæjar.

Ég vil í þessu sambandi benda á það, og legg á það sérstaka áherzlu, að þeir menn, sem fá þessar kaupuppbætur, eru í raun og veru í stríðinu fyrir okkur. Það er hægt fyrir okkur, sem í landi erum, að líta á það með kæringarleysi, að þessir menn hafa alltaf sverðið yfir höfði sér, en ég efast um, að þeir, sem það gera, gætu verið jafnrólegir og taugastyrkir, ef þeir gætu átt von á því á hverri stundu, að skipin spryngju í loft upp eða sykkju undan þeim. Það er undarlegt, að hið opinbera skuli endilega vilja klófesta þó ekki sé nema lítinn hluta af kaupi þessara manna í skatta og útsvör, þar sem þetta verður aldrei nema hverfandi að því er snertir tekjur ríkissjóðs, einkum þegar þess er gætt, að þeir leggja líf sitt í hættu til þess að bjarga þeim, sem í landi eru, frá eymd og basli.

Þessi smámunasemi stafar af því, að menn líta of einhliða á þörf ríkisins, ef um tekjur ríkissjóðs er að ræða, en gæta þess ekki, hverskonar fé það er, sem verið er að seilast eftir. Hér er verið að seilast eftir fé þeirra manna, sem leggja sig í lífshættu til þess að bjarga öðrum þegnum þjóðfélagsins, og því er öðru máli að gegna um það en hitt, sem aflað er án allrar áhættu.

Ég býst við, að hv. þm. komi ekki á óvart, þótt ég snúist svo við þessu máli. Ég hefi á tveim þingum flutt frv., þar sem farið er fram á, að fæðispeningar sjómanna og farmanna skuli ekki taldir með skattskyldum tekjum þeirra. Mál mitt rökstuddi ég með því, að þessir menn, sem höfðu valið sér það hlutskipti eða verið til þess neyddir að afla sér brauðs á þennan hátt, bæru raunverulega minna úr býtum, þar sem þeir yrðu að sjá heimili sínu farborða jafnframt. Þetta verður þeim kostnaðarsamara en ef þeir gætu verið við heimilin, auk þess sem það er næsta ömurlegt að vera sífelldur útlagi af heimili sínu.

Þetta frv. fekk þær undirtektir, að í fyrra skiptið var það samþ. hér í hv. deild, en í síðara skiptið var skattaáfergjan komin á svo hátt stig, að þm. gleymdu sínum fyrri gerðum, skoðuðu sig sem hermenn og gripdeildarmenn fyrir ríkissjóð og steindrápu frv. hér í deildinni.

Ég býst við, að meðfl. minn að till. á þskj. 363 hafi svipuð rök fram að færa og ég hefi hér flutt. Ég vil ekki öðru trúa en því, að hv. d. fallist á, að þeir, sem leggja sig í svo mikla hættu vegna samþegna sinna sem ísl. sjómennirnir og farmennirnir nú gera, séu vel að þeirri þóknun komnir, sem þeir fá að launum.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Ég vil aðeins geta þess, að þótt frv. þetta sé flutt að tilhlutun minni, vegna þess að skattamál heyra undir það ráðuneyti, þá hefi ég lítil afskipti haft af undirbúningi þess önnur en þau, að ég hefi gengið inn á það fyrir fjmrn. að mæla með því við hv. þm., að frv. verði samþ. Hæstv. atvmrh. hefir haft með þessa samninga að gera, en þegar ríkisstj. gerir samninga, er snerta hag ríkissjóðs, er það sjálfsögð skylda hennar að komast að sem beztum samningum fyrir hans hönd, og því verður ríkisstj. að líta á mál þetta frá því sjónarmiði. Hinsvegar þótti rétt að mæla með því, að helmingur áhættuþóknunarinnar væri undanþeginn skatti, með því líka að tekjur þessara manna hafa verið rýrar að undanförnu og gera má ráð fyrir, að skattar verði hærri á næsta ári en verið hefir. Þótti því sanngjarnt, að áhættuþóknunin kæmi ekki að öllu leyti til skatts.

Annars verð ég að segja, að mér þykja leiðinleg þau yfirboð, sem komið hafa fram í þessu máli hjá sumum hv. þm. Það er auðvelt að slá á viðkvæma strengi og kannske vel til þess fallið að koma sér í mjúkinn hjá þessari stétt, sem hér á hlut að máli, en mér geðjast ekki að því og legg því til, að frv. verði samþ óbreytt.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Eins og hæstv. fjmrh. skýrði frá, er ósk sjómanna um þessa skattaívilnun flutt inn í ríkisstj. fyrir mína tilstilli. Drög þessa máls eru þau, að eftir að ófriðurinn brauzt út, risu upp þær eðlilegu kröfur sjómanna, að fá kauphækkun, með svipuðum hætti og sjómenn annara þjóða. Það varð mitt hlutskipti að gerast milligöngumaður milli sjómanna og Eimskipafélags Íslands, þegar fyrstu samningarnir voru gerðir um þessa kauphækkun, að mig minnir þ. 9. sept. síðastl.

Enda þótt ég viðurkenni, að orkað geti tvímælis, hver sé gjaldgeta, ekki einungis þessara skipafélaga og útgerðarfélaga, heldur ísl. þjóðarinnar í þessu efni, fannst mér samt, að þar til annað reyndist, yrðum við Íslendingar að gera okkar ýtrasta til þess að greiða okkar sjómönnum ekki minna en aðrar þjóðir.

Mín afstaða til málsins er sú, að ég gerði till. um það, að þetta kaup verði greitt samkv. kröfum sjómanna, og gengizt hefir verið inn á af stjórn Eimskipafélagsins að athuga málið. Eftir að þessir samningar voru gerðir, hafa einnig verið gerðir samningar milli togaraútgerðarmanna og sjómanna. Það eru í sjálfu sér nokkuð hæpin fríðindi að fá fullnægt þessum kröfum, sem ná hámarki með 250% uppbót, þegar athugað er, hvað mikið þarf til að greiða bæjar- og sveitarfélögum sinn skatt. Það er ekki nema eðlilegt, að sjómenn, sem fá hækkuð laun sín, verði að greiða nokkuð mikinn skatt til hins opinbera. Ég undirstrika það, að eftir skattalöggjöfinni kemur tekjuskattur og útsvar til frádráttað annað árið. Við umr., sem ríkisstj. átti sín á milli um þessi mál, kom í ljós, að allir ráðh. töldu sjálfsagt að verða við þessum kröfum að einhverju leyti. Ég bar fram uppástungu um lausn á málinu. Okkur kom saman um að biðja skattstjóra um að skýra, hvernig þessum málum myndi bezt hagað. Skattstjóri kom með allar þær skýringar okkur til handa, sem leiddu til þess, að ríkisstj. tók þá ákvörðun, sem að stóðu allir ráðh., en þeir óskuðu þó að ganga lengra og bera fram þessa till. um, að helmingur áhættuþóknunar mætti vera skattfrjáls. Nú sé ég, að einstakir þm., eins og á sínum tíma í Ed., bera fram brtt., þó ég væni þá ekki um illan hug til þessara mála.

Ég veit ekki, hvort þessir menn hafa gert sér grein fyrir því, að hér eru þús. sjómanna, og það er því ekki lítil heildarupphæð, sem hér kemur til greina. Ég veit ekki, hvort þessir menn hafa gert sér grein fyrir því, að hér er um að ræða hækkun á tekjum sjómanna, sem nemur 12½ þús. kr. á ári. Svo kemur spurningin: Er ástæða til þess að ganga lengra í þessum efnum en ríkisstj. hefir þegar gert með sínu frv.? Hinu ætla ég ekki að mæla á móti, að vitanlega væri æskilegra að geta veitt þessum mönnum slík verðlaun sem hér er farið fram á. Það er ekki nema eðlilegt, að sjómenn óski eftir sem hæstu kaupi, en þó efast ég um, að þeir vilji halda þessu máli stíflega fram, meðan þeir vita, að ekki hefir verið hægt að hækka kaup alls almennings í landinu. Ég dreg það a. m. k. í efa. Ég veit það, að aðrar þjóðir úti um heiminn telja sig hafa verið neyddar til að skammta sínum mönnum kaup, eins og við höfum gert, en ég veit ekki til, að ein einasta þjóð hafi skammtað þann viðbótarskammt, sem við höfum gert meðal okkar sjómanna, að undanþiggja tekjur þeirra skattaálagningu. Ef við, sem erum fæstir og fátækastir, teljum okkur fært að ganga lengra en stórþjóðirnar í þessum efnum, þá fyndist mér réttlátt að láta það ganga jafnt yfir alla þegna þjóðfélagsins. Ég er þess vegna fullkomlega andvígur þessari till. hv. þm. V.-Ísf. og hv. 6. þm. Reykv. og vænti þess, að hún verði felld.

*Einar Olgeirsson: Ég er ekki að draga það í efa, sem hæstv. ráðh. sagði, að hann vildi láta þær tekjur falla burtu, sem talað er um á þskj. 363. Hv. þm. talaði um það í sinni ræðu, að eitt yrði yfir alla að ganga, ef ætti að fara að undanþiggja menn frá því að greiða tekju- og eignarskatt. Þegar við athugum þetta tvennt og berum saman mismuninn á því tvennu, að sitja heima og hinu, að þurfa að sigla landa á milli eins og ástandið er nú, þá er það ekki nema eðlilegt, að krafa sjómanna um að fá vissan hluta af áhættuþóknun skattfrjálsan sé tekin til ýtarlegrar athugunar.

Það er vitað, að togararnir hafa nú að undanförnu selt með afbrigðum vel; t. d. seldi einn togari nýlega fyrir allt að því ¼ millj. kr. Það er þess vegna ekki nema eðlilegt, að sjómenn beri fram slíka kröfu sem þá, er felst í þessari brtt. á þskj. 363. Það virðist ekki vera nema sjálfsagt að veita þeim þessi hlunnindi, sem farið er hér fram á. Hæstv. fjmrh. kom með það hér áðan, að það væri ansi hart að menn skyldu vera að koma með sérstök yfirboð í sambandi við till. ríkisstj. Ég man ekki betur en að þessi hæstv. fjmrh. hafi á hverju einasta þingi undanfarið komið fram með yfirboð. Ég skal minna á það, að hann sjálfur kom fram með till. um að minnka tekjur ríkissjóðs um 4—5 millj. kr. án þess að benda á, hvar ætti að fá tekjur í staðinn. — Þá talaði hæstv. fjmrh. um það, að þetta væri gert til þess að reyna að koma sér í mjúkinn hjá ákveðnum stéttum. Ég vil leyfa mér að minna hæstv. fjmrh. á það, að það er ekki lengra síðan en á síðasta þingi við afgreiðslu fjárlaga, að till. komu fram um að hækka atvinnubótafé upp í 750 þús. kr. Ég vil segja það, að þessum mönnum ferst ekki að skopast að því, að verið sé að gera yfirboð. Þeir eru sjálfir nógu frakkir á að koma með slík yfirboð. Hæstv. fjmrh. var að tala um það, að hér væri verið að slá á viðkvæma strengi, til þess að reyna að koma sér í mjúkinn hjá sjómönnum. Ég vil nú spyrja hann: Hjá hverjum eru þeir að koma sér í mjúkinn með því að gera togaraeigendur skattfrjálsa? Ég tel, að það væri rétt fyrir ríkisstj., sem segist vilja láta eitt yfir alla ganga, að hún vilji a. m. k. láta sjómenn njóta slíkra hlunninda. Þeir menn, sem raka saman fé á því, að sjómenn leggja líf sitt í hættu til þess að koma okkar útflutningsafurðum út fyrir landsteinana, þeir ættu sízt að vera á móti því, að sjómenn fengju bætt kjör sín.

*Sigurður Kristjánsson: Það er aðeins örlítil aths., sem ég vil gera við ræðu hæstv. ráðh. Hæstv. fjmrh. sagði ekki annað en það, að hann lýsti fylgi sínu við frv. óbreytt. Hinsvegar minntist hann á það, að sér væri ekki geðfellt að gera yfirboð, sem hann kallaði. Ég vil nú segja hæstv. ráðh., að það stendur þannig á, að við erum þm. fyrir sömu kjósendur, og ég get sagt honum það, að einmitt þessir kjósendur, sem kjósa okkur báða, hafa til þess eðlilegar ástæður að telja okkur skylt að líta á sinn hag. Ég get sagt þessum hæstv. ráðh. það, að margir af mínum kjósendum hafa nú undanfarið komið til mín og talað við mig og tjáð mér, að þeir óskuðu eftir, að samkomulag gæti komizt á um, að þennan helming stríðsþóknunar mætti undanþiggja útsvari. Ég var spurður um það, hvernig ég liti á þetta mál og hvort ég myndi styðja það, að þessi þóknun yrði undanþegin skatti. Ég taldi þetta vera rétt og skylt að fylgja sannfæringu minni um þetta mál.

Ég hefði þurft að svara hæstv. atvmrh. nokkrum orðum, en hann er nú að tala í síma, og ég vil því mælast til þess við hæstv. forseta að fá að fresta þessum orðum, af því að atvmrh. mæltist til þess.

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Hv. 6. þm. Reykv. hefir fært fram nokkur atriði til þess að mæla með brtt. þeirra félaga, sem mér skildist þó, að væru aðallega tilfinningalegs eðlis. Ég býst við, að það sé enginn þm., sem ekki ber bezta hug til sjómanna vorra nú. Á því tel ég engan vafa. Hitt efa ég, hvort ekki er hægt að ganga of langt í sérstökum fríðindum þeim til handa. Það hygg ég, að geti verið um að ræða hér. Hv. 6. þm. Reykv. telur sér skylt að líta sérstaklega á hag kjósenda sinna, en hann verður bara að gæta að því, að sjómenn eru ekki nema lítill hluti af hans kjósendum. Honum ber líka að hugsa um fjölda manna, sem enga kauphækkun hafa fengið þrátt fyrir geysimikla og vaxandi dýrtíð. Á ég þar meðal annars við fátæka verkamenn og atvinnulitla, sem enga kauphækkun hafa fengið enn á sínum rýru tekjum. En sjómenn hafa hinsvegar fengið allt að 250% kauphækkun, sem auk þess hefir verið undanþegin útsvari og öðrum skattskyldum. Er það þá rétt að auka enn þessi fríðindi, en láta hina, sem enga kauphækkun hafa fengið, bera aukin útgjöld í útsvörum og skattgreiðslum, vegna þess að létt hefir verið á þeim, sem mesta kauphækkun hafa fengið?

Þá vil ég einnig benda á það, að það er ekki heppilegt fyrir þingið að gefa það fordæmi, sem það gæfi með samþykkt slíkrar tillögu, sem hér ræðir um. Það sýndi þá, að því væri ekkert áhugamál, að ríkisstjórnin gerði sem hagkvæmasta samninga fyrir atvinnulífið og félagsheildina heldur ætti hún jafnan að láta undan hinum fyllstu kröfum, sem á það væri gert. Að sjálfsögðu hafa þeir ráðh. tveir, atvmrh. og fjmrh., lýst yfir því, að þeirra afstaða er á móti þeirri brtt., sem hér er borin fram. Hinsvegar hefir ráðh. Alþfl., félmrh., ekki gefið neina yfirlýsingu um það, hver sé hans vilji í þessu máli. Ég vil mælast til þess, að hæstv. atvmrh. og hæstv. félmrh., sem jafnframt eru formenn í flokkum sínum, gefi upplýsingar um, hver sé afstaða þeirra flokka um þetta. Ég hygg, að þm. Framsfl. áliti sig ekki neitt bundna við samningagerðir ríkisstj. Ég sé enga ástæðu til, að Framsfl. einn gangi í að styðja stjórnina að málum, sem eru sérstaklega óvinsæl meðal margra. Og hv. flm. till. þurfa ekki að halda, að þeir vinni till. sinni fylgi með því að slá á tilfinningar manna, a. m. k. hygg ég, að það verði ekki vænlegt til atkvæðafylgis innan Framsfl. Mér finnst það satt að segja einkennileg aðferð í fjármálum, sem hv. 6. þm. Reykv. mælir með, þegar á að undanþiggja stríðsáhættuþóknunina með öllu frá skattalöggjöfinni. Hvar myndi það lenda, ef undanþágum þessum yrði beitt víðar, á öðrum sviðum? Hvað myndu menn segja, ef ætti að undanþiggja samvinnufélögin skatti, eða ef bændur fengju undanþágu um að greiða útsvör sín? Þannig má rekja þetta á marga lund, en allir sjá, hvert stefnir, ef einu sinni er lagt út á þessa braut. Þessi brtt. um að undanþiggja stríðsáhættuþóknunina skatti er ekkert annað en aumleg tilraun til að koma sér í mjúkinn hjá vissum stéttum þjóðfélagsins. Og hv. 6. þm. Reykv. hefir aldrei dottið í hug, að þessi brtt. hans myndi nokkurn tíma verða samþ.

Hann ber fram till. í trausti þess, að hún verði felld í fjhn. og í þinginu og kærir sig kollóttan um það, þótt samþykkt till. hans yrði til þess, að brotnir væru samningar, sem hans eigin ráðh. hefir gert.

Ég vil svo ekki orðlengja þetta frekar, en vil sem sagt mælast til þess, að hæstv. félmrh. og hæstv. atvmrh. gæfu yfirlýsingu um það, hver sé afstaða flokka þeirra til þessa máls.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég er meðflm. hv. 6. þm. Reykv. að brtt. á þskj. 363 og ég vil þakka honum vörnina í þessu máli.

Hv. 1. þm. Rang. taldi það óviðfelldið, að flokksmenn stjórnarflokkanna kæmu með brtt. við frv., sem ríkisstj. stæði að. Við því er það að segja, að ríkisstj. flytur margt hér á þinginu, sem allir flokksmenn stjórnarflokkanna eru ekki á einu máli um, og ég fæ ekki séð, að einstakir þm. megi ekki fyrir þá sök láta í ljós persónulegar skoðanir sínar í brtt.formi.

Við, sem stöndum að þessari brtt., lítum svo á, að stríðsáhættuþóknunin eigi ekki að vera skattlögð, vegna þess, að hér sé ekki um að ræða laun í venjulegum skilningi. Menn geta því mæta vel stutt þessa brtt. án þess að verða *hræddir um, hvar slíkt myndi lenda, ef lagt yrði* inn á þessa braut, því að stríðsáhættuþóknunin er greidd mönnum, sem einir íslenzku þjóðarinnar taka beinan þátt í því stríði, sem nú geisar. Þetta eru menn, sem fara um hættusvæði hafanna og stofna lífi sínu í voða til að flytja landinu björg og brauð, svo að það er allra sízt ástæða til að skipa stríðsáhættuþóknuninni á bekk með venjulegum launagreiðslum og skattleggja hana með tilliti til þess. Það er alls ekki verið að slá á tilfinningar manna eingöngu með þessari brtt. Að baki henni liggur bæði vit og tilfinning. Brtt. vill ákveða stríðsáhættuþóknunina með tilliti til þeirrar hættu og þeirra sérstöku skilyrða, er sjómannastétt Íslands verður við að búa á tímum þeim, er nú standa yfir, og við, sem stöndum að till., álítum óréttmætt, að áhættuþóknun sjómannanna verði skoðuð sem venjuleg launahækkun, er hægt sé að reikna til skatts og framtals.

Forseti (JörB): Hæstv. atvmrh. er ekki staddur í deildinni, en hæstv. félmrh. er hér inni staddur.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég óska þess, að umr. verði frestað.

Forseti (JörB): Ég sé, að hæstv. atvmrh. kemur í d. — Það liggur hér fyrir fyrirspurn til ráðh. um afstöðu flokkanna til brtt. við frv.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég var kvaddur til viðtals í síma. En út af fyrirspurn um það, hver sé afstaða flokkanna til brtt. á þskj. 363, þá vil ég lýsa því yfir fyrir hönd Sjálfstfl., að hann hefir sem slíkur ekki tekið neina afstöðu til þessa máls.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég get sagt svipað um þetta mál og hæstv. atvmrh. Það varð að samningum milli landsstj. og stéttafélaga útgerðarmanna og sjómanna, að helmingur áhættuþóknunarinnar yrði undanþeginn sköttum og gjöldum. En auðvitað hafa þm. flokkanna óbundnar hendur til að koma með breyt. á þessum ákvæðum, ef þeim sýnist svo.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Mér hefir skilizt svo, að mál þetta liggi þannig fyrir: Ríkisstj. hefir komið sér saman um afgreiðslu ákveðins máls og hefir komizt að samkomulagi við málsaðila um flutning þess. En þá taka einstaka þm. stjórnarflokkanna sig út úr og flytja till., sem fara í bága við það samkomulag, sem náðst hefir. Ég verð að lýsa því yfir, að ég tel þess háttar vinnubrögð ekki góð og að það væri æskilegt, að flokkarnir gerðu ekki mörg fordæmi þessu lík, eins og hv. þm., er standa að brtt., hafa gert.

*Sigurður Kristjánsson: Hv. frsm. fjhn. fór hörðum orðum um afstöðu *mína. Hann taldi* áhættuþóknunina 250%. Þetta er nú ekki rétt, því að hún er 200%, en eftir samningunum er engin stríðsáhættuþóknun greidd nema á afmörkuðum svæðum, þegar siglt er til Þýzkalands eða Póllands. Sömuleiðis er engin stríðsáhættuþóknun greidd meðan skipin liggja í höfn, og fyrir siglingar á Miðjarðarhafi eru greidd 100%. Þótt rétt væri farið með tölur, þá eru það blekkingar að taka aðeins fram hæstu tölurnar, rétt eins og þær ættu að gilda fyrir allar siglingar.

Ég mun ekki hirða um svigurmæli hv. 1. þm. Rang. um það, að ég sé með brtt. minni að koma mér í mjúkinn hjá vissum stéttum þjóðfélagsins. Þessar stéttir munu dæma mig og aðra þm. eftir verkum þeirra. Ég efast ekki um, að afstaða mín í þessu máli muni falla vel í geð mörgum mönnum; öðrum mun hún falla illa. En þeir, sem fá hagsbót af brtt. minni, munu meta afstöðu mína að engu, ef hún markast af fláttskap, því að fáir munu geta dulið, af hvaða orsökum hluttekning þeirra stafar.

Hv. 1. þm. Rang. talaði um afstöðu Sjálfstfl. til stjórnarinnar, og hæstv. viðskmrh. sagði, að þetta væru vandræðavinnubrögð. Það verður varla kallað, að ég snúist á móti málinu, þótt ég geri brtt. við frv., sem stj. hefir komið sér saman um upp á sitt eigið eindæmi. Og það er heldur enginn valdaofmetnaður, þótt ég sýni stj. aðeins tillátssemi, þegar ekki er gengið of nærri minni sannfæringu. Það væri mjög illa farið, ef þm. *þyrftu stöðugt að vera að lykta og þefa* eftir því, hvað stj. og valdhöfunum þóknaðist. Mér dettur ekki heldur í hug að ætla það, að þm. hafi þegar skapað sér skoðun á þessu máli, eins og það hefir verið flutt hér. Einstaka þm. munu að sjálfsögðu endurskoða álit sitt á málinu og afstöðu sína til þess. Ég ætlast ekki heldur til, að neinn þm. fari að hlaupa frá skoðun sinni til að þóknast öðrum. En hitt ætla ég að vona, að hv. þingdm. líti á málið með sanngirni og gleymi því ekki, að þessir menn, sem um er að ræða í máli því, er hér liggur fyrir, standa sjálfir í því stríði, sem nú er háð, og þeir eiga fullan rétt á, að allur viðurgerningur við þá frá hálfu löggjafarvaldsins sé eins góður og efni standa til.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Ég skal ekki eyða mörgum orðum að ræðu hv. 6. þm. Reykv. Ég ætlazt ekki til, að hv. þm. falli frá sannfæringu sinni, enda lá það ekki í orðum mínum. En aftur á móti held ég fast við það, að samstarfið milli flokka þeirra, er standa að ríkisstj., getur ekki haldizt, ef einstaka þm. bera fram till., sem eru yfirboð, eingöngu í þeim tilgangi, að þær verði drepnar af öðrum. — Ég skal ekki segja neitt um þetta frv., en ég hefi séð hjá hv. þm. till., sem það eitt er hægt að segja um, að eitthvað er þar mælt af flærð og flátt-skap.

***Sigurður Kristjánsson:** Hæstv. viðskmrh. sótti gallið töluvert dýpra en hann á vanda til. Ég skal ekki kýta um það, hvort okkur, sem stönd-um að brtt., gengur illt eða gott til. En hvað þeim ummælum hæstv. ráðh. viðvíkur, að menn væru að taka sig út og bera fram yfirboð, þá er það heimskulegt að halda því fram með órökstuddum staðhæfingum, að menn flytji till. til þess að þær verði felldar. Ég álít það ekki boðlegt þinginu að heyra slíkt úr ráðherrastóli. Nú veit þessi hæstv. ráðh. það vel, að ég gerði í mínum till. ráð fyrir, að ríkið gæti alls ekki misst tekju- og eignarskattinn. Þess vegna var það mín till., að það væri bara ein nefnd, sem jafnaði niður, og að niðurjöfnunarnefnd bæjar og ríkis leggi svo vissa prósenttölu á útsvörin, sem átti á næsta ári að nema á aðra milljón króna. Hér fer ráðh. því rangt með, annaðhvort vegna þess, að hann les ekki rétt, eða að hann hirðir ekki um að fara rétt með. Hann segir, að ég hafi haldið því fram, að útgjöldin þyrfti að skera niður um 3—4 millj. kr. Það vita allir, að það þarf að skera niður útgjöldin. Ég skil ekki, að hann skuli hafa setið svona lengi í stjórn og vita ekki, að gjöldin þarf að sníða eftir tekjunum. Hann veit ekki þetta, og því stefnir stöðugt undan brekkunni, og því varð að kalla til þá mestu fjandmenn, sem áður voru, til þess að bjarga öllu við, og svo mega þessir menn ekki bera fram skoðun sína á sama tíma og verið er að greiða úr óreiðunni frá tíð fyrrv. stjórnar.

(Viðskmrh.: Það hefir alltaf verið tekjuafgangur samt). Það er eftir því, hvað talin eru gjöld, en þegar farið er að telja ýms gjöld til tekna eins og hjá hæstv. ráðh., má lengi bæta við tekjurnar. Sjón er sögu ríkari, hvernig allt gengur niðurávið. Hann segir, að ég hafi komið með eyðslufrumv. En ég er viss um, að ef með skilningi er haldið á því fé, sem ríkissjóður hefir yfir að ráða, er hægt að sjá um greiða afkomu fyrir ríkissjóðinn, en gagnstætt því er veitt til ónauðsynlegra starfa og ómerkilegra hluta, en ekki í þá hluti. — — Ég sé, að forseti er að gefa mér bendingu og skal nú vera stuttorður. Ég hefi enga viðleitni séð, hvorki hjá hæstv. viðskmrh. eða öðrum, til þess að skera niður fjárlög, þar sem þau má niður skera. Ég gæti sagt honum, hvað ég vildi skera niður, en veit, að hann mundi ekki nota það til annars en að rógbera mig.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég hefi ekki miklu við að bæta það, sem áður hefir verið sagt. En ég vil leiða athygli að því að því er snertir laun sjómanna, að í fyrsta lagi er skattaívilnunin, sem farið er fram á í frv., nokkurnveginn óbreytt samkv. þeim óskum, sem ég hefi orðið var við frá þeim sjómönnum, sem ég hefi átt tal við, enda eru laun þeirra almennt ekki hærri en svo, eftir að þetta ákvæði hefir gengið í gildi, að sá skattstigi, sem þeir lenda í, verður mjög lágur. Þar af leiðandi getur ekki orðið um stór-ar upphæðir að ræða fyrir þá, hvor leiðin sem farin er. En fyrir hina hærra launuðu sjómenn munar þetta mjög miklu. Við höfum í ríkisstj. borið fram þær kröfur, sem gerðar voru á kostnað alls almennings, þar sem við vitum, að þeir, sem þess njóta, eru alls góðs maklegir.

Ég vil spyrja hv. 6. þm. Reykv., hvaða leið hann hefir bent á til hagsbóta fyrir atvinnulausa iðnaðarmenn og hvaða bjargráð hann hefir fyrir hina láglaunuðu stétt í þjónustu ríkisins. Út af niðurlagsorðum í ræðu hans vil ég segja, að ef hann veit margar leiðir til þess að skera niður „humbugið", sem hann kallar, bið ég hann að benda á þær leiðir eins og hann bendir á leiðir til þess að rýra tekjur ríkisins af því þær eru fremur til vinsældar fyrir hann. En hér er, eins og greinargerðin sýnir, verið að bera fram tillögur, sem eru til ógagns og skerðingar á tekjum ríkissjóðs, en hann hikar ekki við að bera þær fram til þess að afla sér vinsælda. Ég geri ekki ráð fyrir, að það sé á færi þessa þm. að koma með skýrslur um þessi efni, svo það er ekki sanngjarnt af mér að mælast til þess. Ég geri ráð fyrir, að hann láti okkur í té leiðbeiningar sínar, annaðhvort í tillöguformi eða hann komi þeim þannig á framfæri, að við fáum aðstöðu til þess að dæma um, hve auðvelt sé að stefna þeim til hagsbóta fyrir ríkissjóð. Um þetta mál vil ég segja það, að það er ekki aðalatriðið í þessu sambandi, að skattarnir séu hærri hér en annarstaðar, en hitt, að skattþyngslin hvíli jafnt á öllum stéttum þjóðfélagsins. Um leið og kaupgjald þessara manna, sem allir eru sammála um, að séu alls hins bezta maklegir, hækkar, og án þess að það upplýsist, að Íslendingar hafi samskonar aðstöðu til þess að risa undir þessari kaupgjaldshækkun, hafa Íslendingar einir, að því er ég bezt veit, tekið upp þann kostinn að bæta friðindum þarna ofan á, að nokkru leyti frá almenningi í landinu. Mér finnst þetta vera hin augljósasta viðurkenning, sem alþingismenn geta gefið fyrir því, að þeir telji, að þessir menn séu alls góðs maklegir. Við breytingar á útgjöldunum verður að hafa hliðsjón af því, að alþingismenn leggja inn á þá braut að skera niður framkvæmdir, sem allir þingmenn eru sammála um, að séu nauðsynlegar.

Ég hafði ætlað mér að bera fram frv., og geri það ef til vill síðar á þinginu, um að allar tekjur vitamálasjóðs yrðu lagðar í sjóð, sem einungis færu til vitamála, en eins og menn vita, hefir komið miklu meira í vitamálasjóð heldur en varið er til vita. Í stað þess að leggja þetta frv. fram hefi ég lagt til að felld væru niður þau smávægilegu útgjöld, sem fara áttu til vitabygginga, og að dregið yrði úr landvörnum og strandferðum, að ekki yrðu byggðir nýir bátar og dregið úr öðru til viðreisnar sjávarútvegin-

um. Allt þetta ber vott um, að ég álít, að það þurfi að hafa meiri gætni en áður. Þegar við lítum á þessar myndir, er brugðið upp annari mynd. Hún er sú, að ein stétt á að fá kauphækkun, 100—250%, og að þingið leggur til, að þessi eina stétt njóti alveg óvenjulegra skattaívilnana. Þegar þetta er athugað, held ég, að það sé óþarfi fyrir nokkurn þm. að óttast, að ríkisstj. gangi þess dulin, að þessi stétt er alls góðs makleg. Ætla ég, að með þessu frv. séu borin fram svo mikil fríðindi fyrir sjómannastéttina á kostnað annara. Ég skal vera tilbúinn til að standa frammi fyrir hverjum sem er og sanna, að Alþingi getur ekki gengið lengra; ég skal standa frammi fyrir fulltrúum sjómannanna og sýna þeim og sanna, að þeir fá full laun fyrir störf sín, og einnig, að lengra var ekki hægt að ganga með tilliti til annara stétta í þjóðfélaginu, því nú standa margar stéttir þjóðfélagsins svo höllum fæti, að þingmenn mega hafa af því áhyggjur. Sjómennirnir hafa tekið á sig áhættu, sem aðrir mundu ef til vill ekki þora að taka á sig. Þeir gengu einir stétta út í þetta stríð, og fyrir það njóta þeir trausts og virðingar, og ég skal fullyrða, að sjómennirnir meta það hugarfar, sem kemur fram í garð stéttarinnar, engu síður en þó skattarnir væri lækkaðir lítillega. Ég legg til, að frv. verði samþ. óbreytt, en till. þeirra hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Ísf. verði felld.

Sigurður Kristjánsson: Hæstv. atvmrh. veit, að ég get ekki svarað honum, af því ég er búinn að útenda minn ræðutíma, en ég mun svara honum við 3. umr. málsins. Ég vildi leiðrétta það, sem hann segir um till. minar. Ég hefi borið þær fram í mínum flokki og farið upp í fjármálaráðuneyti til þess að ræða þær þar. Mér er næst að halda, að hæstv. ráðh. kæri sig ekki um, að þær komi fram, og að hann hafi óttazt, að þær kæmu fram í fjvn.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Mér er ekki kunnugt um þessar tillögur, og hafa þær ekki komið fram í okkar flokki mér vitanlega. Virðist það ekki sanna ágæti þeirra eða áhuga þingmannsins um að koma þeim á framfæri.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 363 felld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SK, VJ, ÁÁ, EOl, ÍslH.
nei: PHalld, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BJ, BjB, BÁ, EE, EystJ, GÞ, GSv, HelgJ, JakM, JÍv, JPálm, ÓTh, JörB.
EmJ, FJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (GG, HG, HV, PHann, TT) fjarstaddir.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A.289).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 429).

---

47. Fiskveiðasjóður Íslands.

Á 65. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 99 11. júní 1938, um fiskveiðasjóð Íslands (þmfrv., A. 319).

Á 67. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Vegna þess að ég var ekki kominn á fund þegar þetta frv. var til 1. umr., þykir mér rétt að geta um ástæðuna fyrir því, að sjútvn. flytur þetta frv.
Nefndinni barst erindi frá útgerðarfélagi Keflvíkinga, þar sem óskað er eftir, að hámarksákvæðið um lán úr sjóðnum á eitt skip sé hækkað úr 40 þús. kr. upp í 60 þús. kr. Þetta er rökstutt með þeirri gengisbreytingu, sem varð á síðastl. vori, auk þess sem bent var á það, og sjútvn. féllst á líka, að nokkuð mikið ósamræmi væri í styrkveitingum til smærri og stærri báta eftir núgildandi l. Verða þessar 40 þús., sem veittar eru til hvers báts, kringum 50% af verði báta, sem eru 20 til 40 lestir, en ekki nema 30 til 35% af verði stærri báta, sem eru 40 til 80 lestir.
Af þessum ástæðum lagði sjútvn. til, að breytt væri ákvæðum l. þannig, að setja hámarksákvæðið 50 þús. kr. í stað 40 þús. kr., eða fara meðalveginn milli núgildandi l. og þess erindis, sem fyrir lá.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 75. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. visað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 319, n. 404)

Frsm. (Ingvar Pálmason: Um þetta frv. er lítið að segja frá hendi sjútvn. Breyt., sem þar er farið fram á, er um að hækka hámark það, sem ákveðið er í l. um fiskveiðasjóð Íslands viðvíkjandi veitingu lána til stærri báta. Það er í núgildandi l. ákveðið 40 þús. kr., en í frv. er gert ráð fyrir að hækka upphæðina upp í 50 þús. kr. Mismunurinn er ekki einu sinni það, sem krónan lækkaði síðan l. um fiskveiðasjóð voru sett. N. telur sjálfsagt, að þessi breyt. verði gerð, og stjórnendur fiskveiðasjóðs Íslands telja ekki nema sanngjarnt, að þessi breyt. verði gerð.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (Alþingi (A. 442).

---

48. Mótak.

Á 64. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um mótak (þmfrv., A. 312).

Á 66. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frsm. (Pálmi Hannesson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir til umr., er samið af rannsóknarn. ríkisins. Þess skal getið, að dómarar hæstaréttar hafa yfirfarið frv. og fært inn í það nokkrar smábreytingar. Frv. er flutt af iðnn. eftir beiðni ríkisstj. og felur í sér ákvæði um að veita bæjar- og sveitarstjórnum aðgöngu að hentugu mótaki, nálægt viðkomandi sveit eða kauptúni. Undanfarin ár hefir nokkuð verið unnið að rannsókn á mótaki, en þó sérstaklega 1938, þegar ríkisstjórnin fékk norskan mann, sem fór um og rannsakaði skilyrði til móvinnslu. Hér á landi munu vera um 3000 km² af mómýri og þykkt mósins er 2½ m. Hér mun vera í jörðu 75000 miljarðar svarðarmós. Þessi kunnáttumaður kemst svo að orði í grg., að það verði að teljast vafasamt, að Íslendingar hefðu ráð á því að láta slík auðæfi ónotuð. Þess ber að geta, að rannsókn þessa manns byggist á því, að hér séu skilyrði fyrir móvinnslu í stórum stíl. Síðastl. sumar tók rannsóknarnefnd ríkisins fyrir að rannsaka til hlítar þetta mál. Þegar ófriðurinn skall á, beindust rannsóknirnar í þá átt að finna, hvernig hægt mundi verða með mótaki að sjá bæjar- og sveitarfélögum fyrir eldsneyti, ef kolainnflutningur stöðvaðist að nokkru leyti eða öllu. Ég get bent á það, að hér í nærlendi Reykjavíkur eru fullir 8 millj. m³ af mó, í Hafnarf. 150 þús., Akranes 76 millj. Þetta sýnir, að hér er af miklu að taka, og eins og nú horfir eldiviðarþörf þjóðarinnar og erfiðleikum hinsvegar, getur það ekki orkað tvímælis, að nauðsynlegt sé að gera ráðstafanir til að nytja þessa orkulind. Eins og frv. ber með sér, er gert ráð fyrir, að bæjar- og sveitarfélög beiti sér fyrir mótaki og reyni að fá mótak til umráða, þegnum sínum til afnota. Þó að undarlegt megi virðast, hefir mótak minnkað til muna hin síðari ár, og munu menn finna mónum það til foráttu fyrst og fremst, að hann sé óhentugur og óþrifalegur. Það er vitanlega mikið til í því, að móinn er nokkuð dýr með þeim vinnuaðferðum, sem notaðar eru. Þó má benda á það, að á Akranesi hefir hann þó verið seldur fyrir 25 kr. tonnið, en hitagildi hans sýnir, að hann er hitagjafi til hálfs á við kol, og virðist því vel svara kostnaði að taka upp mó, eins og nú er. Þetta getur þó borgað sig miklu betur, ef betri tæki væru notuð til þess en hingað til hefir verið. Á það verður og að minna, að erlendis er mór notaður mjög mikið, jafnvel í þeim löndum, sem eiga miklar kolanámur. Írland liggur svo að segja við ensku kolanámurnar, þó nota Írar mó að miklu leyti. Móvinnsla getur farið fram á ýmsan hátt, en móvinnsla á sama hátt, og hér hefir tíðkazt, aðeins með skóflu, þekkist hvergi. En n. hefir gert nokkrar tilraunir í sumar með móvinnslu á tiltölulega einfaldan hátt, en með verkfærum, sem eru stórum mun betri en skófla. Samkv. þeim mun mega vænta þess, að hægt sé að fá móinn fyrir 15—20 kr. tonnið. Ef notaðar eru vélar, sem eru frekar einfaldar og kosta 15—20 þús. kr., má vænta þess, að samkv. þeirri reynslu, sem fengizt hefir erlendis, megi framleiða tonnið fyrir 11—12 kr. hér á landi. Eins og horfir, virðist það vera fullkomlega tímabært að styðja að því, að móvinnsla vaxi frá því, sem nú er. Það virðist sérstaklega eðlilegt, að bæjar- og sveitarfélög og kaupstaðir, sem þurfa að sjá allmörgu fólki fyrir atvinnu, láti atvinnubótavinnu fara að nokkru leyti til þess að afla eldsneytis. En hinsvegar er allur þorri slíkra bæjar- og sveitarfélaga þannig settur, að þar er ekki hentugt móland. Til þess að ráða bót á því atriði er frv. borið fram. Það felur í sér ákvæði um, að bæjar- og sveitarfélög geti fengið rétt til þess að taka upp mó í annara landi með sérstökum skilyrðum. Endurgjaldið fyrir mótak greiðist samkv. mati. Það er gert ráð fyrir því, að nefnd, skipuð 2 mönnum, annist matið, og skipi atvmrh. annan en Búnaðarfél. Ísl. hinn. Skjóta má ákvörðun matsmanna til yfirmats. Yfirmatsmenn skulu vera þrír. Nefnir hæstiréttur formann yfirmatsnefndar og atvmrh. og Búnaðarfél. Ísl. sinn manninn hvort.

Það er enn gert ráð fyrir því, að mórinn verði unninn skipulegar en áður hefir tíðkazt, og unnið verði þannig að mógreftinum, að landið sé rutt og jafnað, ekki skildir eftir pyttir og fen, sem hætta stafar af fyrir menn og skepnur, eins og mjög er kunnugt um mógrafir hér á landi. Það sýnir sig, þar sem mór er unninn, að slíkt land er á eftir tilvalið til ræktunar. Mólandinu er skilað plægðu og undirbúnu undir ræktun. Í frv. eru sett ákvæði um, að ekki megi ganga nær *mólandinu en svo, að nægilegt mótak sé eftir til heimilisþarfa a. m. k. í 100 ár.* Með þessu móti virðist vera fundin heppileg leið, sem gæti orðið til hagsbóta fyrir þá, sem láta mólandið af hendi.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. við þessa umr. Iðnn. hefir borið þetta frv. fram, og mun án efa taka það til athugunar á ný, ef fram koma aths.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Pálmi Hannesson): Ég sé, að fallið hefir niður að setja ákvæði um gildistöku laganna. Nú er auðsætt, að lög þessi muni eiga að öðlast gildi þegar í stað, og hefi ég því leyft mér að bera fram skriflega brtt., svo hljóðandi:

„Aftan við frv. bætist ný grein, er verði 12 gr., svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi".

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 359) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 359 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., 30 nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 360).

Á 74. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 4. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 360, n. 421).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Snæbjörnsson):** Frv. þetta er borið fram af iðnn. í hv. Nd. að tilhlutun hæstv. ríkisstj. og fer fram á það, að gera bæjar- og sveitarfélögum auðveldara með að vinna mó heldur en áður hefir verið. Eins og tekið er fram í 2. gr. þessa frv., eru þar sett nokkur skilyrði fyrir því, hvernig þau megi öðlast þennan rétt, og einnig síðar, í 5. gr. frv., er sagt frá því, hve nærri megi ganga mólandinu, þ. e. a. s. að mótekjunni sé hagað þannig, að nægilegt sé eftir fyrir þann, sem á mólandið. Í grg. frv. stendur, að það skuli vera nægilegt fyrir ábúanda eða eiganda landsins í 100 ár. Í 6. gr. frv. er sagt, að greiðsla fyrir mótakið skuli fara eftir mati tveggja manna, er tilnefndir séu, annar af atvinnumálaráðuneytinu, en hinn af Búnaðarfélagi Íslands, og skuli þessir menn meta greiðslur fyrir mótak um allt landið. Einnig er í sömu gr. ákvæði um það, að yfirmatsn. skuli skipuð af sömu aðilum og þriðja manni, sem er útnefndur af atvmrh., og er hann formaður n. Svo er loks í 9. gr. frv. tekið fram, hve hátt verðlag megi vera á unnum mó, sem sé 10% að viðbættu kostnaðarverði, þegar hann hefir verið tekinn til sölu, og einnig hvernig menn eigi að ganga frá landinu, þar sem mór er tekinn upp. Það á að ganga svo vel frá landinu eftir að mórinn er tekinn upp, að það sé fullbúið til ræktunar.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er þetta frv. samið í fyrstu af rannsóknarnefnd ríkisins í þágu atvinnuveganna, og er komið fram til þess að spara verulega útlendan gjaldeyri, sem annars færi til kaupa á kolum, og reyna að auka móvinnslu í landinu, þar sem líkur eru til, að hér sé um yfirgnæfandi magn af mó að ræða, er muni nægja landsmönnum í margar aldir. Iðnn. hefir haft þetta frv. til athugunar og hefir ekkert við það að athuga og leggur því til, að það verði samþ. af hv. Ed.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 469).

49. Tollheimta og tolleftirlit.

Á 67. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit (þmfrv., A. 328).

Á 69. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Þetta frv. er eins og það, sem áðan var rætt (frv. um gjald af innlendum tollvörutegundum), flutt að tilhlutun hæstv. fjmrh. Milliþn. í tolla- og skattamálum hefir yfirfarið það og samþ. efnislega fyrir sitt leyti. — Fyrsta breyt. er gerð á 3. gr. l. um tollheimtu og tolleftirlit frá 1937, og er um það, að hér eftir verði ákveðið af fjmrh., á hvaða höfnum á landinu skylt skuli að hafa tolleftirlit, þannig, að löggilding hafna feli ekki í sér framvegis, að skipum sé heimilt að leita þar afgreiðslu og eigi heimtingu á tolleftirliti á staðnum. Ef þetta verður samþ., semur ráðuneytið skrá yfir þær hafnir, sem tollstjórar eða umboðsmenn þeirra skulu vera á, og fá skip ekki afgreiðslu annarstaðar. Um leið er takmörkuð merking orðsins „höfn" í l. um tollheimtumenn og tolleftirlit (5. gr.) og látið gilda aðeins um þá staði, sem skipum er heimil afgreiðsla á. Þetta er til þess að spara fyrirhöfn við að hafa umboðsmann á höfnum, þar sem skilyrði eru yfirleitt engin til afgreiðslu skipa.

Í 2. gr. eru ákvæði, sem eiga að létta eftirlit með smygli frá skipum í stórum stíl. Ákveðið er, að skip, sem komið er inn í íslenzka landhelgi, skuli halda viðstöðulaust eðlilega leið til hafnar. Er þetta til að koma í veg fyrir, að skip séu að sveima í landhelginni og e. t. v. bíða færis á að setja á land ólöglegan varning. Skapar þetta grundvöll til ákæru, ef út af er brugðið. Hliðstæð ákvæði eru í l. hjá öðrum þjóðum og hjálpa vel í baráttunni við smyglskip, sem hafast við utan hafna innan landhelgi. Þessi tvö ákvæði eru einungis til að létta tolleftirlitið.

Ákvæði 3. gr. frv. breytir 7. gr. l., og þó ekki stórvægilega. Í 7. gr. gildandi l. um tolleftirlit eru ákvæði, sem bundin eru við farþega- og vöruflutningaskip. Með þessari breyt. er þetta gert almennt og látið eiga við öll skip, en ekki aðeins við áður nefndar skipategundir.

Þá er ákvæði um að fella niður tilkynningarskylduna. Þetta er gert vegna þess, að réttara þykir, að fyrirmæli um það atriði séu sett í reglugerð og sveigjanleg eftir ástæðum á hverjum tíma, heldur en fastbinda þetta í l. Raunverulega er því ekki ætlazt til, að þetta atriði falli úr gildi í framkvæmd, heldur gert að reglugerðarákvæði.

Síðasta ákvæðið breytir 6. gr. l. um tolleftirlit á þann hátt, að eigi skuli framvegis miða sektir við smálestatölu hlutaðeigandi skipa, heldur fari um þær eftir málavöxtum.

Ég tel ekki, að neitt af þessum atriðum, sem ég hefi minnzt á, muni orka tvímælis.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 29. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Ed., 4. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar. (A. 328).
Á 76. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 328, n. 423).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Stefán Stefánsson):** Eins og hv. þm. sjá á nál. á þskj. 423, hefir fjhn. þessarar hv. d. orðið ásátt um að mæla með frv. Það er flutt af fjhn. Ed. samkv. beiðni hæstv. fjmrh., og hefir milliþn. í skattamálum litið yfir frv. Gerir frv. nokkrar breytingar á l. frá árinu 1937 um tollheimtu og tolleftirlit, sem fara í þá átt að tryggja sem bezt framkvæmd þessara l.

Helztu brtt. eru þessar: Samkvæmt 3. gr. l. þeirra, sem nú gilda, skal hafa umboðsmenn tollstjórnarinnar á öllum löggiltum höfnum eða verzlunarstöðum, sem hingað til hefir verið það sama. En nú er það lagt á vald fjármálaráðuneytisins að ákveða, á hvaða höfnum slíkir umboðsmenn skuli vera, og skiptir það þá ekki máli, hvort höfnin telst löggilt höfn eða ekki. Virðist sjálfsagt að leggja þetta á vald fjmrn., og er það tilgangur 1. gr. frv.

Með 2. gr. frv. er gerður nokkur viðauki við 5. gr. gildandi l., þannig, að ákveðið er, að skipstjórum aðkomuskipa, sem koma beint frá útlöndum, skuli skylt að sigla skipunum sem beinasta leið til ákvörðunarstaðar, og eins er tollstjórninni heimilað að ákveða, að skipum skuli ekki vera leyfilegt að hafast við innan landhelgilínu utan hafna. Er þetta gert til þess að fyrirbyggja smygl.

Í 3. gr. frv. er gerð nokkur breyting á 7. gr. l. Segir í þessari frvgr., að ákveða megi með reglu-

gerð, að öll skip og flugvélar, sem eru á leið til útlanda eða frá útlöndum, skuli koma við á tilteknum höfnum eða flugvöllum, til þess að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Þessi heimild hefir áður verið bundin við farþegaskip og vöruflutningaskip, en hér er það látið ná til allra skipa og svo flugvéla, og er því þetta ákvæði víðtækara samkv. frv. Er þetta miðað við ákvæði, sem eru í gildi hjá grannþjóðum okkar.

N. leggur eindregið til, að frv. sé samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 470).

---

50. Laxveiði í Nikulásarkeri.

Á 30. fundi í Nd., 30. marz, var útbýtt:

Frv. til l. um afnám l. nr. 43 7. maí 1928, um laxveiði í Nikulásarkeri í Norðurá (þmfrv., A. 112).

Á 32. fundi í Nd., 3. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., 4. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta litla mál skýrir sig eiginlega sjálft með grg. Lög þau, sem hér er lagt til að afnema, voru á sínum tíma sett til þess að friða Nikulásarker í Norðurá, vegna þess að netjaveiði þar hamlaði laxgöngu uppeftir ánni. En þegar laxveiðilögin voru sett, kom af sjálfu sér, að þessi friðun kom með samþykkt laganna, og urðu þá þessi gömlu l. ónýt og gagnslaus. Hinsvegar eru í þeim ákvæði um bætur fyrir missi á veiði í Nikulásarkeri, sem með laxveiðilögunum féllu í burtu, svo að þessi tvenn l. stangast á að þessu leyti. Þess vegna hafa hlutaðeigendur farið fram á við mig að flytja frv. um að fella þessi l. úr gildi.

Ég legg til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 112, n. 361).

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Þetta mál er mjög einfalt, því það er aðeins um það, að nema úr gildi þessi l. En ástæðan til þess er sú, að með laxveiðilöggjöfinni frá 1930 voru þessi l. gerð óþörf, en það láðist að nema þau úr gildi samhliða öðrum lagaákvæðum, sem féllu úr gildi með þeirri löggjöf. Þetta hafa menn uppgötvað í héraðinu, og því falið mér að fá þessi l. úr gildi numin.

Landbn. hefir fjallað um þetta frv. og mælir einróma með því, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18. shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 79. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Áður en þetta frv. fer til 2. umr., vildi ég mega spyrjast fyrir um, hver sé tilgangur þess. Mér virðist engin ástæða til að afnema þessi l. í því skyni að fá heimild til að veiða á þessum stað, því að þótt þessi l. verði afnumin, þá verður veiði þarna eftir sem áður óheimil samkvæmt laxveiðilögunum, því að þetta ker liggur aðallega þar, sem laxinn gengur, og það liggur innan þeirra 50 metra frá fossi, þar sem er óheimilt að veiða samkvæmt núverandi l. Þessi l., sem hér á að afnema, eru sett 1928, eða áður en laxveiðilögin. Ég vil því mælast til að fá skýringu á, í hvaða skyni á að afnema þessi l.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég er hér ekki til andsvara fyrir þetta frv., en hv. formaður landbn. Nd. hefir lauslega minnzt á það við mig. Það er alls ekki ætlunin að ófriða Nikulásarker, því að það er ekki mögulegt að gera það, eins og hæstv. forsrh. tók fram. En í grg. frv. er sagt, að l. frá 1928 séu óþörf, og býst ég við, að frv. sé fram komið að nokkru leyti vegna fiskiræktarfélags, sem starfar þar við Norðurá, sem telur heppilegra, að l. hverfi, og koma þá l. frá 1932 yfir þetta. Annars tel ég óþarft að fresta málinu nú, þar sem þetta er 1. umr. Málið fer að líkindum til landbn., og gefst þá tími til að athuga í samráði við hæstv. forsrh., hvort annmarkar eru á því.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hefi ekkert á móti, að málið fari til n., en eftir þessa

yfirlýsingu tel ég frv. tilga
það verði samþ., þá verðu
eftir sem áður.

ATKVGR.
Frv. vísa, til 2. umr. me
landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 14. d
umr. (A. 112, n. 428).

Frsm. (Þorsteinn Þorst
eitt um þetta frv. að se
afnám l. nr. 43 frá 7. n
er þess, að leyfð sé sta
Eins og sjá má á grg.
komið til þess að fyrirb
frv. búið að fá samþy
sammála um að mæla
samþ. hér í d. óbreytt. -
til að hafa fleiri orð u
að hv. d. samþ. frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 s
2. gr. samþ. með 10 s
Fyrirsögn samþ. án
Frv. vísað til 3. umr

Á 86. fundi í Ed., 1
3. umr.
Enginn tók til máls

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 s
frá Alþingi (A. 489).

---

51. H

Á 14. fundi í Ed.,
Frv. til almennra
43).
Á 16. fundi í Ed.
1. umr.

***Frsm. (Ingvar P**
búið af stj. og hef
anfarandi ár, samið
Eyjólfssyni og einnig yfirfarið af hinum hæst-
réttardómurunum. Frv. fylgir allýtarleg greinar-
gerð, og þó allshn. flytji þetta frv. fyrir tilmæli
hæstv. forsrh., þá hefir hún ekki haft neina
aðstöðu til að kynna sér það, en vildi flytja það
eins og það kom frá höfundarins hendi og mun
taka það til athugunar milli umr., enda þótt ég
verði að kannast við það fyrir mitt leyti, að ég
geri ekki ráð fyrir, að ég hafi þekkingu til að
dæma um hinar einstöku gr. frv. og ég verði
fyrir mína parta aðallega að byggja á þeim skýr-
ingum, sem höfundurinn hefir látið fylgja frv.
Ég álít, að ekki hafi sérstaka þýðingu að vísa
málinu til n., en hinsvegar mun hún taka það

ıugunar milli umr. Form. n. hefir verið
· undanfarið og því ekki getað starfað, en
heilsa hans orðin sæmileg. N. mun því
ı áherzlu á að koma þessu máli til 2. umr.

ɔrsrh. (Hermann Jónasson): Við þessa umr.
ég ekki við, að hreyft verði miklum aths.
instök atriði þessa frv.
tta mál er eitt af þeim stærri, sem lögð
verið fyrir þingið. Það hefir kostað margra
vinnu að undirbúa það, eins og hv. frsm.
atist á, og hefir aðallega verið unnið að því
Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara. Á síð-
ári hafa þó 2 menn bætzt við, sem hafa
ið að þessu verki, en það eru hæstaréttar-
ıararnir Gissur Bergsteinsson og Einar Arn-
son. Hafa þeir unnið að frv. nú síðasta ár,
r að Þórður Eyjólfsson hafði gert uppkast að
. og lagt fyrir þá.
þessu frv. eru mörg ákaflega mikilsverð ný-
eli, og verður að sjálfsögðu eigi farið inn á
ð nú við þessa umr. En það, sem ég vildi sér-
ıklega taka fram í sambandi við athugun þessa
áls hér á þingi, er, að ég geri ráð fyrir, að
gar n. fer að athuga frv. og einstakar gr. þess,
ı geri hún það fyrst og fremst í samstarfi við
ı menn, hæstaréttardómarana, sem samið hafa
etta frv., og sama er nauðsynlegt, að einstakir
v. þm. geri, sem kynnu að vilja gera brtt. við
instök ákvæði frv. Það skiptir miklu máli, að
essi óvenjulegu vinnubrögð séu viðhöfð um
ıetta mál, að menn snúi sér til n. og ræði síðan
ıið þá 3 menn, sem hafa samið frv., um þá
ɔreyt., sem þeir vilja gera. Hér er um svo stóran
ıagabálk að ræða, að hætt er við, að ef farið
væri að gera breyt. við einstök atriði, gæti það
komið í bága við önnur ákvæði frv. og ef til
vill raskað samræmi þess.
Ég mun svo ekki við þessa umr. fara frekar
inn á þetta frv. nema sérstakt tilefni gefist til.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 138).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forseti (EÁrna): Á þessum fundi hefir verið útbýtt brtt. á þskj. 145, sem ekki eru á dagskrá. Þarf afbrigði frá þingsköpum til þess að þær megi komast að.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Frv. þetta til almennra hegningarlaga er borið fram af allshn. eftir ósk hæstv. dómsmrh. Frv. er samið að tilhlutum hæstv. stj., og hefir hún fengið til þess Þórð Eyjólfsson hæstaréttardómara, sem síðan hefir lagt frv. undir meðdómendur sína í hæstarétti. Hafa þeir því allir 3 staðið að samningu frv. Í nál. er ekki getið um annað en að Þórður Eyjólfsson hafi samið frv., en ekki tekið fram, að hinir hæstaréttardómararnir hafi einnig unnið að því. Óska ég, að þetta verði leiðrétt.

Allshn. hefir haft þetta frv. til athugunar og lagt talsverða vinnu í að mynda sér skoðanir um það og nýmæli þess. Það er vitanlegt, að á stuttum tíma er ekki hægt fyrir þingnefnd að gera sér grein fyrir svona miklum lagabálki, enda er það svo, að þegar aðrar þjóðir þurfa að breyta hegningarlögum sínum, þá velja þær til þess sína færustu sérfræðinga, og tekur það langan tíma þar til fært þykir að láta slík l. ná fram að ganga. Þannig er þetta einnig hér, og það er vitað, að þm. sem slíkir, með þeim tíma, sem þeir hafa til að athuga mál, geta ekki myndað sér verulega skoðun um slíkt mál, nema um einstök atriði. Allt veltur á því, að málið sé vel undirbúið, þegar það kemur fyrir Alþingi.

Vitanlega er ekki hægt í stuttri framsöguræðu að gera verulega grein fyrir þessu frv. Til þess þyrfti miklu lengri tíma. Mér þykir þó ekki verða hjá því komizt að drepa á helztu nýmæli frv., en verð þó að stikla á því stærsta.

Hegningarlögum okkar og annara þjóða er venjulega skipt í tvennt. Annar kaflinn fjallar um það, sem er kallað almennir glæpir. Hinn er um ýmis önnur afbrot, t. d. brot á ýmissi friðunarlöggjöf, áfengislögunum og ýmiskonar reglugerðum og lögreglusamþykktum, sem sett eru samkv. sérstökum l., en ekki eru talin til refsilaganna. Þó er oft erfitt að greina á milli, hvað heyrir undir hegningarlögin og hvað undir refsilögin, því að eðlismunur á því getur oft verið mjög lítill.

Í þeim l., sem gilda nú, en það eru hegningarlögin frá 1869, voru settar almennar reglur um refsingar yfirleitt, en ekki um brot á ákvæðum sérstakra l. Í frv. er þessu breytt þannig, að refsilagaákvæðin eru yfirleitt látin ná til þess almenna, þó ekki til þeirra brota, sem framin eru af gáleysi eða ef um tilraun eða hlutdeild er að ræða.

Um hin almennu refsiskilyrði get ég verið fáorður, skal aðeins taka það fram, að lögaldur sakamanna er færður upp í 15 ár úr 14 árum; er það gert sakir þess, að lög hafa verið sett um barnaverndarnefndir, og barnavarnarnefnd því í öllum kaupstöðum landsins. Það þykir því rétt að láta afbrot unglinga allt að 15 ára aldri heyra undir þær.

Þá er V. kafli frv. um refsingar. Hér er gerð gagngerð breyting á lögunum frá 1869. Samkv. 10. gr. þeirra l. eru refsingar þær, sem dæma má í: líflát, hegningarvinna, fangelsi, sektir, missir embættis, sýslunar eða kosningarréttar. En líflátsrefsingin hefir eins og kunnugt er verið úr lögum numin. Eftir frv. þessu eru refsingarnar aðallega tvær, sektir og fangelsi. Sektirnar mega ekki vera lægri en 4 kr. og ekki hærri en 30 þús. kr., nema þá því aðeins, að sérstök lagaheimild sé fyrir því að ákveða sekt lægri eða hærri. Áður var lágmark sektar 2 kr. og hámark 2 þús. kr.

Í fangelsi má dæma æfilangt, eða frá 30 dögum í 16 ár. Það nýmæli er í frv. þessu, að þegar liðnir eru ⅔ hlutar refsingartímans, en þó minnst 8 mán., getur dómsmrh. ákveðið, að fengnum tillögum fangelsisstjórnar, að fanginn skuli látinn laus til reynslu. Þetta ákvæði um reynslutíma hefir verið sett í lög hjá nágrannaþjóðum okkar og þótt gefast vel, því að menn hafa í fjölda tilfellum ekki gerzt brotlegir aftur. Annars svipar þetta mjög til hinna skilorðsbundnu dóma.

Þá er það og nýmæli í þessu frv., að varðhaldsfangi megi sjálfur útvega sér vinnu, sem samrýmist öryggi og góðri reglu. Er ætlazt til, að fanginn fái sjálfur að njóta arðsins af þeirri vinnu.

Meiningin með því að gera tviskiptingu á varðhaldi og fangelsi er sú, að svo er til ætlazt, að munur verði gerður á þeim, sem fremja minni háttar afbrot, og hinum, sem stærri glæpi hafa drýgt. Það er til þess ætlazt, að sett verði á stofn nýtt fangelsi, svo að þeir, sem gerzt hafa sekir um smávægis brot, verði ekki hafðir með stórafbrotamönnum.

Þá eru ákvæði í þessum kafla um það, hvernig hægt skuli vera að afplána refsidóma. Nú má reynslutíminn ekki vera skemmri en tvö ár, og ekki lengri en 5 ár. Þá er það og nýmæli, að þegar breyta þarf refsingu, jafngildir 2 daga fangelsi 3 daga varðhaldi.

Þá kem ég að X. kafla frv., sem er um landráð. Í hinum eldri lögum eru þungar refsingar lagðar við landráðum, en þó eru þær nokkuð skerptar frá því, sem þær hafa verið, með frv. Í 86. gr. frv. segir svo: „Hver, sem sekur gerist um verknað, sem miðar að því, að reynt verði með ofbeldi, hótun um ofbeldi, annari nauðung eða svikum að ráða íslenzka ríkið eða hluta þess undir erlend yfirráð, eða að ráða annars einhvern hluta ríkisins undan forræði þess, skal sæta fangelsi ekki skemur en 4 ár eða æfilangt.“ Hér er sú eina breyting frá því, sem áður var, að bætt er inn í orðunum „eða svikum“. Í frv. er yfirleitt, hvað þetta snertir, frekar aukið það, sem refsivert er talið, heldur en hitt. Í 88. gr. segir t. d. svo: „Hver, sem opinberlega í ræðu eða riti mælir fram með því eða stuðlar að því, að erlend ríki byrji á fjandsamlegum tiltækjum við íslenzka ríkið eða hlutist til um málefni þess, svo og hver sá, sem veldur þersýnilegri hættu á því, skal sæta varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum.“ Hér er því ákvæði aukið frá því, sem áður var, að hver sá, sem hlutast til um málefni Íslands, svo að það geti valdið þersýnilegri hættu fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, skuli sæta fangelsi. Þá er það og nýmæli í næstu grein, að hver sá íslenzkur ríkisborgari, sem ber vopn gegn ríkinu eða bandamönnum þess, skuli og sæta allt að 2 ára fangelsi. Þá er það, eins og verið hefir, talið refsivert að ljósta upp leynilegum samningum eða ráðagerðum snertandi málefni ríkisins. En því er bætt við, að slíkt varði allt að 16 ára fangelsi. Þetta ákvæði er sett inn sökum þess, að það er talið hafa svo mikla þýðingu fyrir ríkið, að slíkum samningum sé ekki ljóstað upp.

Þá vil ég minnast lítils háttar á 93. gr. frv. Þar segir svo: „Stuðli maður að því, að njósnir fyrir erlent ríki eða erlenda stjórnmálaflokka beinist að einhverju innan íslenzka ríkisins eða geti beint eða óbeint farið þar fram, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 50 árum“. Hér er sett inn það nýmæli, að hið sama gildir, ef menn reka njósnir fyrir erlenda stjórnmálaflokka sem erlend ríki.

Þá kem ég að XI. kafla frv. Hann fjallar um brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess. Þar er bætt við nýju ákvæði í 108. gr., að hver sem hefir í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Þá eru enn ný ákvæði í 115. gr., að hver, sem opinberlega skýrir heimildarlaust eða vísvitandi rangt frá því, sem fram hefir farið við kosningar og atkvæðagreiðslur, sbr. 102. gr., eða því, sem gerzt hefir á fundum eða í starfi opinberra samkomna, nefnda, stjórnvalda eða dómstóla, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mán. Hér er því allmjög hert á frá því, sem áður var.

Um XIV. kaflann, sem fjallar um brot þeirra, er gegna opinberum störfum, læt ég vera að ræða að þessu sinni.

Þá hefir verið settur inn nýr kafli, varðandi brot á reglum um framfærslu og atvinnuháttu. Samkv. honum eiga menn að sæta allt að 6 mán. fangelsi, ef þeir verða öðrum til þyngsla, en eru hraustir sjálfir og fullfærir til vinnu, og sinna ekki þeirri vinnu, sem fátækrastjórn eða framfærslunefnd vísar þeim á.

Þá eru og í þessum kafla ákvæði um það, að falli grunur á mann, að hann hafi ekki ofan af fyrir sér á löglegan hátt, þá skuli hann skyldur að skýra lögreglustjóra frá og færa rök að, á hverju hann framfleyti sér og fjölskyldu sinni. Einnig eru og ákvæði um það, að ef menn verða oft sekir um auðgunarbrot, þá sé hægt að skylda þá til þess að gefa sig fram við lögregluna á vissu árabili til þess að gefa skýrslu um, hvað þeir hafist að. Ákvæði er og um það í þessum kafla, að hverjum þeim, sem gerir fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu, eða það, að koma öðrum til þátttöku í þeim, skuli það valda varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári.

Í XXI. kafla frv. eru ýms ákvæði, er snerta sifskaparbrot, og eru þau að mestu hin sömu og nú eru í gildandi lögum, en þó er sú breyting, að nú varðar ekki við lög, þó að maður eigi t. d. barn með stjúpdóttur sinni, en það er aftur ákvæði í lögunum um stofnun og slit hjúskapar, að slíkar persónur megi ekki giftast.

Í kaflanum um skírlífisbrot eru ekki miklar breytingar frá því, sem er í gildandi lögum. Það, sem nýmæli má telja í þessum kafla, er það, að það varðar allt að eins árs fangelsi að komast yfir kvenmann utan hjónabands með því að misnota freklega þá aðstöðu sína, að kvenmaðurinn er háður honum fjárhagslega eða í atvinnu sinni; sé kvenmaðurinn yngri en 21 árs varðar slíkt allt að 3 ára fangelsi. Svo eru og ákvæði um það, að kynferðismök persóna af sama kyni skuli ekki lengur teljast refsiverð. Þó er það refsivert fyrir persónu eldri en 18 ára að hafa kynferðismök við persónu yngri en 18 ára. Einnig varðar það allt að 2 ára fangelsi að hafa kynferðismök við persónu af sama kyni á aldrinum 18—21 árs, ef til þess er beitt yfirburðum aldurs og reynslu að koma hinum til þess að taka þátt í samförunum.

Um manndráp og líkamlegar meiðingar eru svipuð ákvæði og í gildandi lögum. Þó er sú breyting, að ef móðir deyðir fóstur sitt í fæðingunni eða strax og það er fætt, þá varðar það fangelsi. En ef aðeins er um tilraun að ræða og barnið hefir ekki beðið neitt tjón, má láta refsingu falla niður.

Þá eru og ákvæði í frv. þessu, sem ekki hafa áður verið hér í lögum, að það varðar fangelsi, ef maður stofnar öðrum í háska með gáleysi sínu, og einnig sektum og fangelsi, ef menn af gáleysi fá barni yngra en 15 ára, geðveikum manni, fávita, eða ölvuðum manni hættulega muni eða efni í hendur.

XXV. kaflinn er um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Í 236. gr. frv. er kveðið svo á, að sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum, og svo kemur til viðbótar, sem ég tel orka tvímælis, að sé aðdróttunin birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það refsingu samkv. 1. málsgr. greinarinnar. Hér má kannske segja, að nokkuð sé nærri gengið prentfrelsinu, og málfrelsinu jafnvel líka. Þetta er það eina ákvæði, sem ég hefi rekizt á, er ég gæti trúað, að myndi valda ágreiningi.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um þau nýmæli, sem í frv. eru, enda þótt um þau mætti halda marga fyrirlestra. Það er að sjálfsögðu verkefni þingsins að sjá um, að slík löggjöf sem þessi fái góðan undirbúning. Hvernig gekk með undirbúning hegningarlaganna dönsku, skal ég geta þess, að 1897 var sett á laggirnar nefnd í Danmörku til þess að vinna að þessari löggjöf, og starfaði hún allt fram til ársins 1913, að hún skilaði nál., sem þó aldrei var samþ. Árið 1917 var svo einum af merkustu prófessorum Dana í þessum fræðum falið að semja löggjöf um þessi efni, og sú löggjöf er í gildi enn, að miklu leyti að minnsta kosti.

Hvað snertir Svía og Norðmenn, þá hafa þeir lagt mikla vinnu í þessi mál hjá sér, og hefir hegningarlöggjöfin hvað eftir annað verið endurskoðuð, og hafa ýmsar af breytingum þeim, sem t. d. hefir verið lagt til, að gerðar yrðu á dönsku hegningarlöggjöfinni, ekki náð fram að ganga ennþá, þrátt fyrir mikinn undirbúning.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það hefir verið lögð mikil og góð vinna í frv. þetta, en þó verð ég að telja mjög vafasamt, hvort rétt sé að afgreiða það nú þegar á þessu þingi; og ég hefi einmitt haft þá sérstöðu í allshn., að réttast myndi að láta afgreiðslu þess bíða fyrst um sinn, og láta fleiri sérfróða menn á þessum sviðum fjalla um málið, eins og t. d. prófessora lagadeildar háskólans. Í þessu felst alls ekkert vantraust á þá dómara hæstaréttar, sem málið hafa undirbúið, en það er aðeins öryggið, sem fyrir mér vakir, því að betur sjá augu en auga.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það hefir verið farið svo skilmerkilega í gegnum efni frv., að ég sé ekki ástæðu til að rekja það frekar hér. Þá hefir og sömuleiðis verið gerð grein fyrir helztu nýmælunum.

Fyrir 7 árum voru hegningarl. tekin til endurskoðunar, og hefir verið unnið að þeirri endurskoðun síðan.

Ég tek hér til máls aðallega út af ummælum hv. frsm., að fresta beri þessu máli. Ég held, að þetta sé það mál af þeim, sem nú liggja fyrir Alþingi, er fengið hefir beztan undirbúning. Því er ekki hægt að neita, enda þótt ekki liggi mikið á að fá sumar af þessum breytingum samþ., að margt í okkar refsilöggjöf er orðið mjög úrelt, svo að mörgu væri búið að breyta á undanförnum árum, ef þessi endurskoðun hefði ekki staðið yfir. Hafa margar breytingar verið gerðar á þeirri hegningarlöggjöf, er okkar löggjöf hefir verið sniðin eftir, en við höfum hinsvegar gert litlar breytingar á okkar löggjöf. Ég held því, að Alþingi geti vel gengið frá málinu nú, þar sem það hefir verið undirbúið eins og hv. frsm. lýsti. Hæstaréttardómari Þórður Eyjólfsson sá fyrst um undirbúning málsins og skilaði frv. um það til síðasta þings. Ég taldi þó rétt að láta endurskoða verk hans og fekk því hæstaréttardómarana Einar Arnórsson og Gissur Bergsteinsson til að fara yfir frv. Þeir hafa unnið að þessu síðastl. ár, ásamt Þórði Eyjólfssyni, og lagt í það mikið verk, eins og þeir geta séð, sem kynnt hafa sér fyrsta og annað uppkast Þórðar Eyjólfssonar og endurskoðun hinna á því, sem þeir framkvæmdu í samvinnu við hann. Einar Arnórsson hefir í mörg ár kennt refsirétt við háskólann, og Þórður Eyjólfsson hefir í utanför fyrir nokkrum árum og svo aftur á síðastl. ári kynnt sér sérstaklega nýjungar, er gerðar hafa verið í þessu efni í nágrannalöndunum. Um Gissur Bergsteinsson er það að segja, að 2 ár eru síðan ég óskaði eftir því að hann tæki að sér þetta verk með Einari Arnórssyni, og fór hann þá þegar að búa sig undir það og kynna sér breytingar, er nýlega hafa verið gerðar í refsilöggjöf á Norðurlöndum.

Ég geri mér því ekki miklar vonir um, þó að þetta mál yrði nú afhent nýrri n. lögfræðinga, að það tæki miklum umbótum frá því, sem nú er. Ef endurskoða á hegningarlöggjöf sem þessa og breyta einhverju, þá vitum við það báðir jafnvel, hv. frsm. og ég, að það kostar algera endurskoðun á lagabálkinum í heild, því að breytingar á einu atriði geta leitt af sér ósamræmi, nema frv. sé gagnskoðað í heild og aðrar breytingar gerðar í samræmi við þá fyrstu.

Það var sérstaklega eitt atriði, sem hv. frsm. taldi orka tvímælis í frv., a. m. k. nefndi hann aðeins það atriði. Ég er ekki í vafa um, að hann er sem lögfræðingur vanur dómari og hann hefir notað tímann, meðan málið var í n., til að lesa frv. Hann hefði því vafalaust hnotið um það, ef í frv. væru fleiri atriði, sem telja mætti varhugaverð. En þessi ákvæði, sem hann minntist á, eru í 236. gr. frv. Því er ekki hægt að neita, að þessi ákvæði eru allströng, en þau eru í samræmi við löggjöf Dana og Norðmanna um þetta efni.

Vitanlega er það ekki tilgangur frv. að höggva á nokkurn hátt nærri málfrelsi manna eða skoðanafrelsi eða frelsi manna til að láta í ljós skoðanir sínar í riti. En ég er þó þeirrar skoðunar, að sá réttur hafi stundum hér á landi verið allmjög misnotaður. Tilgangurinn með réttinum til að láta í ljós skoðanir sínar í ræðu og riti er fyrst og fremst og eingöngu bundinn við það, að menn láti í ljós skoðanir, sem þeir hafa sjálfir ástæðu til að ætla, að séu réttar. Það hefir aldrei verið tilgangur prentfrelsis eða málfrelsis, að menn hafi leyfi til að láta í ljós skoðanir, sem þeir telja sjálfir ósannar. En það getur ekki verið ástæða til að vernda með löggjöf þær athafnir að bera á aðra menn sakarefni, sem menn hafa ekki einu sinni sennilega ástæðu til að álíta satt. Því er ég á þeirri skoðun, að þessi frvgr. sé í fullu samræmi við íslenzka réttlætismeðvitund, en eftir henni verður alltaf að fara, þegar setja skal hegningarlöggjöf. Hinsvegar er því ekki að neita, að dómstólunum er gefið allmikið vald með þessu, því að þeir eiga að ákvarða, hvort maður eigi að teljast hafa ástæðu til að álíta, að hann fari með rétt mál eða ekki. En íslenzkir dómstólar hafa alltaf síðan hegningarl. voru sett 1869 verið varfærnir í því að dæma strangar refsingar fyrir meiðyrði, svo að telja verður jafnvel vafasamt, að þeir hafi fylgt l., er gilt hafa hér á landi. Má fullyrða, að hjá dómstólunum hefir myndazt venja um að fylgja tæplega l., vægast sagt. Ég held því, að ekki sé ástæða til að óttast, að dómstólarnir myndi ekki einnig hér eftir fylgja l. af varfærni.

Þar sem hv. frsm. er vanur dómari og hefir fengizt við það starf lengst af síðan hann lauk lögfræðiprófi, og þar sem hann hefir farið gegnum frv. og ekki fundið þar nema eitt atriði vafasamt, vona ég, að hann fallist á það, að óhætt muni að afgr. málið, þó að ég setji ekki út á það, að fullri varfærni sé fylgt við afgreiðslu á svona stórum lagabálki. En þar sem málið var fullbúið um mitt síðasta þing og þá fengið í hendur þeim manni, sem upphaflega hafði undirbúið það, og tveim mönnum öðrum, til að vinna það verk, sem hv. frsm. stingur nú upp á, að ný n. verði skipuð til að vinna, þá geri ég ekki ráð fyrir, að hér sé miklu við að bæta. Ég tel vafasamt, að þrír menn aðrir myndu gera betur, svo hæfir voru þessir. Ég efast ekki um, að hægt væri að fá aðra þrjá menn vel hæfa til að endurskoða frv., en ég efast um, að hægt væri að fá þrjá menn jafnhæfa, svo að litlar líkur eru til, að verkið myndi batna við nýja endurskoðun. Ég mæli því með því, að frv. verði nú afgr. hér í hv. deild, og ætlunin er, að það fái afgreiðslu á Alþingi að þessu sinni, áður en því verður slitið eða það hættir störfum á annan hátt.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Herra forseti! Því verður ekki neitað, að í frv. þessu er margt fært í meira nýtízku horf en verið hefir. En þar er skemmst af að segja, að l. þessum má, eins og raunar núgildandi refsilöggjöf, misbeita á herfilegasta hátt af þeim, sem með völdin fara í hvert sinn. Til dæmis má taka kaflann um landráð. Hvort ákvæðum þessa kafla verði beitt til fjandskapar gegn þjóðinni eða til verndar þjóðinni, fer eftir því, hverjir fara með völdin á hverjum tíma. Þar er t. d. lagt allt að 16 ára fangelsi við því að birta samkomulag, sem gert hefir verið við erlent ríki. Segjum, að ríkisstj. gerði við erlent ríki samkomulag, sem fjandsamlegt

væri þjóðinni, og einhver gerði svo þá skyldu sína að afhjúpa þetta samkomulag. Þá væri hægt að dæma hann í 16 ára fangelsi, og hinir raunverulegu landráðamenn hefðu þannig tök á að refsa þeim, sem kom upp um þá.

Mörg hliðstæð dæmi mætti nefna. En það væri vonlaust verk að gera brtt. við öll þau atriði. Til þess að bæta hér um, þyrfti að breyta öllu kerfinu og semja ný l. Því hefi ég ekki farið út í það að flytja margar brtt., sem væri líka tilgangslaust. En ég hefi þó flutt nokkrar smátill., til þess að sníða af frv. nokkra af verulegustu vanköntunum. Þær virðast ekki snerta nein aðalatriði, þó að sumar séu mjög þýðingarmiklar. T. d. hefi ég gert brtt. við 108. og 237. gr. Þar er aðdróttun talin refsiverð, enda þótt sönnur séu á hana færðar, og samkv. 237. gr. er meira að segja ekki leyfilegt að færa sönnur á slíka aðdróttun, sem refsingar er krafizt fyrir samkv. tilsvarandi gr. Þetta er alger fjarstæða og nær engri átt, og sjá allir, hversu herfilega má misbeita refsiákvæðum í þessum kafla, ef slík ákvæði eru í l. samtímis. Ég hefi því borið fram till. um, að síðasti málsl. 108. gr. og öll 237. gr. falli burt. Þá er enn á þskj. 145 brtt. við 180. gr. frv., þar sem rædir um refsingu fyrir að vanrækja framfærsluskyldu gagnvart öðrum.

Í þriðja lagi ber ég fram brtt. við 216. gr., um fóstureyðingar. Þar er gert ráð fyrir, að fóstureyðing sé undir öllum kringumstæðum refsiverð, en þó er gert ráð fyrir, að refsing geti fallið niður, ef málsbætur eru. Ég álít það rangt sjónarmið, sem hér kemur fram. Það á að vera skýrt fram tekið, að fóstureyðing sé ekki refsiverð undir öllum kringumstæðum. Þetta er í rauninni að hálfu leyti viðurkennt, þar sem gert er ráð fyrir, að refsing geti fallið niður, ef um málsbætur er að ræða, þó að annars sé sagt, að þetta sé undir öllum kringumstæðum refsivert. Sé t. d. lífi eða heilsu konunnar eða barnsins hætta búin að dómi læknis, sem framkvæmir fóstureyðinguna, þá gildir refsiákvæðið jafnt lækninn sem móðurina. En svo má líta á, að lífi og heilsu konu geti verið hætta búin, ef foreldrarnir eiga við mikla örbirgð að búa.

Ég hefi ekki flutt fleiri brtt. að þessu sinni, en verið getur, að ég geri það við síðari umr. málsins.

ATKVGR.
1.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
12.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
20.—23. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
24.—30. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
31.—55. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
56.—61. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
62.—69. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
70.—79. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
80.—85. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
86.—97. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
98.—105. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
106.—107. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 145,1 felld með 8:1 atkv.
108.—117. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
118.—127. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
128.—141. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
142.—149. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
150.—154. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
155.—163. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
164.—175. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
176.—179. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 145,2 felld með 8:1 atkv.
180.—187. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
188.—193. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
194.—210. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
211.—215. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 145,3 felld með 9:1 atkv.
216.—224. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
225.—227. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
228.—236. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 145,4 felld með 9:1 atkv.
237.—242. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
243.—256. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
257.—263. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
264.—267. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
268.—273. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:1 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 43, n. 187).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Bergur Jónsson): Eins og nál. allshn. ber með sér, leggur n. einróma til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. En með því að engar umr. fóru fram um frv. við 1. umr. þess hér í d., leyfi ég mér að fara nokkrum almennum orðum um það við þessa umr.

Tildrög máls þessa eru þau, að ríkisstj. fól hv. hæstaréttardómara Þórði Eyjólfssyni fyrir nokkrum árum síðan að vinna að samningu nýrra hegningarlaga. Hefir hann unnið að samningu frv. þessa í fleiri ár óslitið og hafði lokið við frv. og grg. þess fyrir síðastl. áramót. Þá fékk dómsmrh. hæstaréttardómarana Einar Arnórsson og Gissur Bergsteinsson til þess að yfirfara frv. og endurskoða það ásamt höfundinum, og unnu þeir að því frá áramótum og fram undir Alþ. Hin almennu hegningarl., sem nú gilda, eru

frá 25. júní 1869 og eru því 70 ára gömul. Þau voru að vísu vel samin og áttu vel við á sínum tíma, en eru nú orðin nokkuð úrelt og ófullnægjandi vegna breyttra þjóðarhátta, breytingar á réttarmeðvitund manna og breytts skilnings á réttarfræði. Við samningu þessa frv. hafa dönsku hegningarl. frá 15. apríl 1930 aðallega verið höfð til fyrirmyndar, en til þeirra hafði verið sérstaklega vel vandað. En jafnframt hefir verið höfð hliðsjón af annari erlendri refsilöggjöf.

Fyrir hv. Ed. lá frv. í nálægt tvo mánuði. Allshn. þeirrar deildar hélt marga fundi um málið og fékk aðalhöfund frv. á nokkra fundi með sér til þess að skýra frv. fyrir sér, en n. bar síðan engar breytingar fram við frv., og var það samþ. óbreytt í Ed.

Frv. er allstór lagabálkur, 273 gr. í 29 köflum. Kaflarnir I—IX hafa að geyma alm. refsiréttarákvæði, en í síðari köflunum eru tilgreind einstök afbrot. Frá núgildandi rétti er sú breyting ger, að flest almennu ákvæðin eru látin ná beint til allra refsiverðra brota, og þá einnig þeirra brota, sem nú eru tilgreind í öðrum refsilögum heldur en hinum alm. hegningarlögum. Þó ná ákvæði frv. um gáleysi, hlutdeild, tilraun og fyrningu sakar aðeins til brota, sem tilgreind eru í frv. sjálfu, enda er frv. allmiklu víðtækara heldur en núgildandi hegningarlög.

Á refsingum gerir frv. miklar breytingar. Samkv. 10. gr. hegningarlaganna frá 1869 voru refsingar: Líflát, hegningarvinna, sem var tvennskonar, typtunarhúss- og betrunarhússvinna, fangelsi, sem var fernskonar, sektir og missir embættis, sýslunar- og kosningarréttar. Loks hýðing fyrir unglinga og börn. Líflátsrefsing var afnumin árið 1928, og samkv. þessu frv. er engin líkamleg refsing ákveðin. Refsingar samkv. frv. verða aðeins sektir, varðhald og fangelsi. Varðhald svarar að mestu til einfalds fangelsis, en fangelsi til hegningarvinnu og fangelsis við venjulegt fangaviðurværi. Í varðhald má dæma 5 daga til 2 ára. Varðhaldsvist fylgir vinnuskylda, en þó má fanginn leggja sjálfur til verkefni. Í fangelsi má dæma frá 30 dögum upp í 16 ár eða ævilangt. Vinnuskylda fylgir fangelsisvist, samkv. reglum, sem setja skal með konunglegri tilskipun. Fangelsisrefsingu skal að jafnaði beita fyrir meiri háttar afbrot, og ennfremur við þá menn, sem ekki þykir hlýða, að umgangist varðhaldsfanga. Eru þessi ákvæði frv. sett til þess að tryggja það, að menn, sem dæmdir hafa verið fyrir smávægileg afbrot, eða í sektir, séu aðgreindir frá stórglæpamönnum. Þessi aðgreining getur þó eigi komið til framkvæmda fyrr en til verður sérstök varðhaldsstofnun.

Fjársektir eru frá fjórum til 30 þús. króna. Um þær er það nýmæli, að taka má tillit til efnahags sökunauta, er sekt er ákveðin. Ennfremur má samkv. frv. taka sektir fjárnámi, nema svo sé, að greiðslan myndi hafa í för með sér tilfinnanlega röskun á högum sökunauts, eða þeirra, sem hann framfærir. Ef sekt greiðist ekki, skal hún afplánast í varðhaldi, eða fangelsi, eftir ákvörðun dómara. Algert nýmæli er það, að veita má fanga reynslulausn úr fangelsi, þá er ⅔ hlutar refsitímans eru liðnir. Haldi fangi þau skilyrði, sem sett eru fyrir reynslulausninni, falla eftirstöðvar refsingar niður. Nú er föngum stundum veitt náðun á nokkrum hluta refsingar, en þess þarf síður, ef ákvæðum um reynslulausn verður beitt.

Ýms önnur nýmæli eru meðal hinna almennu ákvæða frv. Í I. kafla eru sett ákvæði um framsal sakamanna. Með frv. eru ákvæðin um fyrning sakar mjög rýmkuð frá því, sem nú gildir. Gæzluvarðhaldsvist skal ávallt draga frá refsingu, ef sökunautur hefir eigi með hegðun sinni orðið valdur að henni. Ef menn eru dæmdir fyrir brot, sem þeir hafa framið ölvaðir, má leggja fyrir þá í dómi, að viðlagðri refsiábyrgð, að neyta eigi áfengis um tiltekinn tíma, allt að 5 árum, og einnig má ákveða, ef nauðsyn krefur, að sökunautur sé lagður á viðeigandi hæli til lækningar, allt að þrem árum. Opinbera starfsmenn og þá menn, sem reka atvinnu samkv. opinberu leyfi, má svipta stöðu- eða atvinnurétti með dómi, ef þeir hafa framið brot, sem gerir þá óverðuga eða óhæfa til starfans. Ef brot er þannig vaxið, að sökunautur telst eigi hafa óflekkað mannorð, skal í refsidómi svipta hann kosningarrétti og kjörgengi, en nú eru það kjörstjórnir, sem taka verða ákvörðun um þetta, þótt ákvörðun þeirra megi bera undir dómstóla.

Um ákvæði þeirra kafla frv., sem ræða um einstök afbrot, er þess fyrst að geta, að refsitakmörkin eru höfð allmiklu víðtækari en nú er, samkv. hegningarlögunum frá 1869, og dómurunum gefin meiri heimild til þess að færa refsingu niður, þegar málsbætur eru.

Í X. kafla frv., um landráð, eru auknar refsingar við því, að stofna hlutleysi ríkisins í hættu. Ennfremur eru lagðar þungar refsingar við hverskonar njósnum hér á landi í þágu erlendra ríkja eða stjórnmálaflokka. Loks er í þeim kafla lögð refsing við misferli með skjöl, er varða heill eða réttindi ríkisins, eða hafa fjárhags- eða viðskiptaþýðingu fyrir ríkið. Þar undir má aðallega nefna ólögmæta birtingu samninga, ráðagerða eða ályktana ríkisins, sem hafa mikilsverða fjárhags- eða viðskiptaþýðingu fyrir þjóðina gagnvart öðrum þjóðum.

Í XII. kafla, um brot gegn valdstjórninni, er refsing hörð við því að skýra heimildarlaust eða vísvitandi rangt frá því, sem gerist í starfi opinberra samkoma eða stjórnarvalda. Svið refsinga er fært út fyrir árásir á opinbera starfsmenn út af starfi þeirra og í starfi þeirra, en jafnframt er refsiábyrgð embættis- og sýslunarmanna aukin frá því, sem nú er, ef þeir misnota starf sitt sér eða öðrum til hags.

Í XV. kafla eru felld saman refsiákvæði við röngum framburði og röngum sakargiftum, sem nú eru í tveim köflum í hegningarl. frá 1869, 14. og 22. kafla. Ákvæði þessi þykja rétt komin í einum kafla, með því að röng kæra hefir að jafnaði í för með sér rangan framburð.

Í XXI. kafla eru ákvæði um sifskaparbrot. Með þeim kafla eru niður felldar refsingar við mörgum athöfnum, sem nú er lögð refsing við. Þannig er felld niður refsing við hór, svo kallaðri hneykslanlegri sambúð, giftingu á milli tengdra og milli stjúpforeldra og stjúpbarna, en hinsvegar haldið refsingu fyrir holdlegt samræði á milli ættingja í beinan legg og systkina, og

skiptir þá ekki máli, hvort um al- eða hálfsystkini er að ræða. Refsingu fyrir hór og hneykslanlega sambúð mun sennilega aldrei hafa verið beitt, þótt hún sé ákveðin í hegningarl. frá 1869, enda mun t. d. hin svokallaða hneykslanlega sambúð, þ. e. sambúð ógiftra persóna, vera afaralmenn.

Í XXII. kafla, um skírlífisbrot, eru einnig gerðar margar breyt. á núgildandi hegningarl. Refsing er lögð við því, ef maður misnotar þá aðstöðu sína, að kvenmaður er honum háður fjárhagslega eða í atvinnu sinni. Kynferðismök milli manna af sama kyni eru því aðeins refsiverð, að annar aðili sé yngri en 21 árs; þá skal refsa þeim, sem eldri er. Vægari refsing en nú er lögð á móður, sem eyðir fóstri sínu, en þyngri refsing á aðra þá, sem aðstoða við fóstureyðingu.

Í XXIII. kafla eru felld saman ákvæðin um manndráp og líkamsmeiðingar, en í núgildandi hegningarl. eru þau ákvæði í tveim köflum, 17. og 18. kafla. Byggist þetta á því, að manndráp eru ein tegund líkamsárása. Ákvæðin um þetta eru allmiklu einfaldari í frv. en í núgildandi l.

Í ákvæðum XXV. kafla, um ærumeiðingar, er talsvert hert á refsingu, einkum ef ærumeiðandi aðdróttun er borin fram gegn betri vitund. Skal þá samkv. 236. gr. beita varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Í XXVI. kafla er safnað saman ákvæðum um auðgunarbrot. Í þeim kafla er lögð refsing við ýmsum sviksamlegum athöfnum, sem nú er eigi refsing við lögð. Ný ákvæði eru um þá, sem nota sér þágindi, einfeldni eða fákunnáttu manna sér til hags, og menn þá, sem hafa fjárreiður fyrir aðra á hendi, en misnota þá aðstöðu sína.

Ég hefi nú stiklað á hinum helztu breyt. og nýmælum, sem fólgin eru í frv. þessu, en vitanlega eru breyt. og nýmælin talsvert fleiri. Ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að frv. sé vel og vandlega undirbúið og sé yfirleitt í samræmi við réttarmeðvitund nútímans og nútímaskilning á refsifræði. Þau ákvæði frv., sem helzt mundu geta orkað tvímælis, munu vera ákvæðin um ærumeiðingar, enda er það sá kafli refsifræðinnar, sem einna vandasamast er við að eiga, og er það eðlilegt, þar sem um er að ræða eins teygjanleg og óákveðin hugtök eins og æru og mannorð. En í þessu máli hefir verið valin sú leið að taka nær alveg shlj. ákvæði úr refsilöggjöf þeirra þjóða, sem við erum skyldastir á Norðurlöndum.

Ég hygg, að það sé ekki skynsamlegt fyrir einstaka hv. þm. eða hv. þd. að gera miklar breyt. á svona lagabálki. Það verður að taka tillit til þess, að þar sem um svona vandasaman lagabálk og þennan er að ræða, þá er hætt við, að það gæti raskað samræmi að fara að breyta honum nú, og að breyta slíkum lagabálki sem þessum er heldur varla annara meðfæri en þeirra, sem sérstaklega hafa lagt sig í líma við að rannsaka málið í heild.

*__Einar Olgeirsson__: Ég vil mótmæla því, að þetta frv., með eins miklum breyt. og í því felast á okkar hegningarlöggjöf, sé sett í gegnum þingið á þann hátt, sem nú virðist tilætlunin. Það nær ekki nokkurri átt, ef Alþ. er sá aðili, sem setja á l. í þessu landi, að gefa ekki hv. þm. meira tækifæri en með meðferð þessa máls er gert til þess að hafa eitthvað um það að segja, hvaða hegningarl. eru sett í þessu landi.

Það er alviðurkennt, að þessi lagabálkur sé einhver hinn þýðingarmesti, sem Alþ. getur yfirleitt fjallað um. Og það var sérstaklega tekið fram af hv. frsm. allshn., að hegningarl., sem nú gilda, séu orðin algerlega úrelt og séu í mörgum atriðum búin að gilda um 70 ár og þess vegna sé brýn þörf á því að breyta þarna um. Nú er það vitanlegt, að þegar á að samþ. hegningarlöggjöf og breyta því í slíkri löggjöf, sem fyrir er, þá verður allmikill vandi að velja það, sem gengið er út frá, að muni standa lengi sem l. En hvernig hefir þetta verið framkvæmt nú á þessu þingi, sem af er? Það má vel vera, að undirbúningur undir þessa löggjöf sé mjög sæmilegur frá hendi þeirrar n., sem um þetta mál hefir fjallað. Ég treysti mér ekki fullkomlega til að dæma um það sem leikmaður. En þessi n. var skipuð til þess að undirbúa þetta mál fyrir Alþ., en ekki til þess að semja l. fyrir Alþ. Tilgangurinn með Alþingi er sá, að þar gefist mönnum, sem hafa mismunandi skoðanir og eru fulltrúar mismunandi flokka og hluta þjóðarinnar, tækifæri til þess að fjalla um l. og koma fram með brtt. við lagafrv. og bera þau saman við það, sem verið hefir bezt í löggjöf nágrannalandanna, og ennfremur til þess, að þm. geti leitað aðstoðar þeirrar, sem nauðsynleg er til þess að l. — og þá í þessu tilfelli þessi stóri og vandasami lagabálkur — megi verða sem bezt úr garði gerð. En það hefir heyrzt í sambandi við þetta lagafrv., að svo góðir menn hafi undirbúið þetta frv., að hv. þm. eigi helzt ekki að ætla sér þá dul að koma fram með brtt. við það lagafrv., sem jafnvel hæstaréttardómarar hafa verið settir til að semja. Ég verð nú að segja það, að ef á að fara þannig að í hæstv. Alþ., þá er eins gott að afhenda okkar löggjafarvald í hendur nokkurra manna, svo sem tveggja eða þriggja manna, sem kosnir væru til að semja l. Ég mótmæli því algerlega, að það sé sæmilegt fyrir þingið að samþ. þennan lagabálk á þann hátt, sem nú virðist vera stofnað til. Þetta frv. var sett í gegnum 1. umr. hér í hv. d. á þann hátt, að enginn talaði um það, og eftir því sem virtist átti það að fara nefndarlaust gegnum þingið. Svo fékkst það fyrir harðfylgi þm., að frv. var vísað til n. Nú virðist það vera tilgangurinn, að frv. þetta gangi í gegnum þingið svo að segja án þess að hv. þm. fái nokkur tök á að fjalla um það. Það er mælzt til þess að hv. frsm. allshn., að ekki verði komið fram með brtt. við frv., heldur verði það látið fara í gegn án þess að nokkrum stafkrók í því verði breytt. Ég hefi borið þetta saman við meðferð slíkra l. sem þessara í öðrum löndum, t. d. í Danmörku. Þar tók meðferð þeirra langan tíma áður en þau voru endanlega samþ. Þegar þessa er gætt, virðist það bera vott um það, hversu mjög Íslendingar líti niður á þingræðið, rétt eins og bak við stæði löngun til að þurrka það alveg út, — að ég nú ekki tali um þá ást, sem þeir segjast hafa á lýðræðinu. Í Danmörk mun það hafa tekið fjölda mörg ár að breyta hegningarlöggjöfinni þar. Þau l. voru sett í margar n. Þingmenn þar komu fram með ótal kröfur um

þau. En hér á okkar háa Alþ. er það svo, að helzt engin n. vill taka þau til meðferðar. Því síður, að hægt sé að komast að nokkru samkomulagi við þá menn, sem eiga sæti í þeirri n., sem tekur málið til meðferðar, um að fá frv. breytt á nokkurn hátt.

Ég vil þó freista þess ásamt öðrum hv. sósíalistaþm., að bera fram nokkrar brtt. við frv. fyrir 3. umr. málsins, enda þótt það hafi e. t. v. ekki mikið að þýða, því að auðséð er, að þessu frv. er ætlað að fara í gegn áður en þingi verður frestað, nú innan skamms. Ég álít, þó að margt þyrfti að athuga í þessu frv., að það helzta, sem við munum freista að breyta í því, sé það, sem mest liggur í augum uppi, að eru gallar á frv. Ég skal strax taka það fram, að ég vil alls ekki neita því, að ég álít, að meginhluti þessara l. séu stórkostlegar framfarir í okkar löggjöf, eins og vænta má, þar sem við erum að afnema með ýmsum köflum þeirra *eldgömul lagafyrirmæli, sem* komu algerlega í mótsögn við réttarmeðvitund þjóðarinnar.

Það, sem við sósíalistar munum koma með nokkrar brtt. um, er það, sem kemur til með að snerta það, sem gæti orðið til þess að þrengja að því frelsi og mannréttindum, sem við eigum að njóta samkv. núgildandi l. og gæti að einhverju leyti gefið valdstjórninni alveg óþarflega mikla vernd gegn réttlátri gagnrýni borgaranna. Ég vildi í því sambandi t. d. benda á XII. kafla frv., *um brot gegn valdstjórninni, og* í þeim kafla eru í 108. gr. ákvæði svo hljóðandi (með leyfi hæstv. forseta):

„Hver, sem hefir í frammi skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, er refsiverð, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt".

Þessi síðasta málsgr.: „Aðdróttun, þótt sönnuð sé, er refsiverð, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt", er þannig, að ég vil um hana segja, fyrir nú utan allt annað í þessari setningu, að hún er ekki sérstaklega þjóðleg, þar sem við Íslendingar munum nú vera einna óvarfærnastir í orðum af öllum þjóðum í Evrópu, — að ef einhver segir frá einhverju, sem stendur í nánum tengslum við valdstjórnina, þá skuli hann sæta sektum, þó að hann geti sannað sitt mál, ef hann segir það á „ótilhlýðilegan hátt"!! Við *höfum nú nokkurnveginn sannanir fyrir því af* meðferð mála hér á landi, hvað talið er ótilhlýðilegt. Hingað til hefir ekki verið hægt að segja neitt orð satt um mann án þess að það hafi verið hægt að höfða út af því gegn honum meiðyrðamál. Og þarna er um opinberan starfsmann að ræða, og þó að maður geti meira að segja sannað það, sem sagt er um hann, sem oft er nú erfitt að sanna, jafnvel þótt allir viti, að það er satt, þá þarf ekki annað en að það sé borið fram á „ótilhlýðilegan hátt", þá er fyrir það hægt að *dæma menn* í sektir, varðhald eða fangelsi allt að tveimur árum. Með þessu móti er verið að höggva afskaplega nærri ritfrelsinu í landinu og nærri því, sem er grundvöllurinn undir lýðræði og þingræði, ef rétturinn til þess að gagnrýna gerðir valdstjórnarinnar er af mönnum tekinn, en það aðhald, sem skapað er með því að menn megi gagnrýna gerðir valdstjórnarinnar, er einn sterkasti þátturinn í lýðræðinu yfirleitt. Og ég vil segja, að ekki sízt þar, sem embættismannabákn er eins tiltölulega mikið eins og hér á landi og svo margir þm. jafnframt opinberir *starfsmenn ríkisins, þá er það fremur óviðkunn*anlegt fyrir þingheim að samþ. þetta. Ég mun því flytja brtt. um að þetta: „Aðdróttun, þótt sönnuð sé, er refsiverð, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt", verði felld burt. Við munum líka sósíalistar bera fram brtt. við fleira í þessu frv., svo sem við XXV. kafla, um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Það er sérstaklega 237. gr., sem við munum bera fram brtt. við. Hún hljóðar svo (með leyfi hæstv. forseta):

„*Ef aðdróttun er borin fram á ótilhlýðilega* móðgandi hátt, má beita refsingu samkvæmt 234. gr., enda þótt sönnur hafi verið á hana færðar.

Þegar refsingar er krafizt samkvæmt þessari grein eingöngu, er ekki heimilt að færa sönnur á aðdróttunina, nema nauðsyn þyki til bera vegna almannahags".

Ég vil segja, að mér finnst afskaplega langt gengið með þessari gr., að banna að segja sannleikann, jafnvel þó að maður geti sannað sitt mál. Það er nógu oft um það deilt, hvort menn *megi segja sannleikann, þegar menn* geta ekki sannað hann. En þarna á beinlínis að færa það í l., að þó að menn geti fært sönnur á það, sem menn segja, þá sé refsivert að segja það undir vissum kringumstæðum, „ef aðdróttun er borin fram á ótilhlýðilega móðgandi hátt". Ég gat ekki látið hjá líða að tala um þetta nú við 2. umr., enda þótt brtt. við frv. verði að bíða þangað til við 3. umr.

Að lokum við ég beina því til hv. þdm., þó að hegningarlagafrv. þetta sé að öðru leyti gott, að *þeir vilji nú á milli umr. ráðfæra sig við sína* eigin samvizku um það, hvort ekki væri réttara að fella þessar gr. burt. Í okkar stjórnarskrá er Íslendingum tryggt alveg sérstaklega ritfrelsi. Þar er m. a. rík áherzla lögð á, að ritskoðun megi aldrei leiða í l. En það er hægt að eyðileggja ritfrelsið með fleiru en ritskoðun. Það er hægt með því að beita nægilega miklum sektum, varðhaldi og fangelsi gagnvart hverjum, sem þorir að segja sannleikann um þá, sem hátt eru settir í þjóðfélaginu. Og það á ekki við fyrir þjóðþing, sem *vill viðhalda þessum grundvallarréttindum* manna, að setja vitandi vits í löggjöf það, sem a. m. k. mjög mikil hætta er á, að verði misnotað.

Þetta vildi ég sérstaklega segja viðvíkjandi þessum fáu gr., sem við munum freista að bera fram brtt. við. Að öðru leyti vildi ég óska þess, að hv. þm. verði gefinn betri tími til að athuga þessi hegningarl., ekki sízt þar sem það er yfirvofandi, að þessu þingi verði frestað, og mundi þá verða tækifæri til að athuga þetta frv. vel og afgr. svo þessa löggjöf í haust, í stað þess að afgr. þetta stóra mál eins lítt athugað af þm. og það er, á þeim 2—3 dögum, sem nú kunna að vera eftir af þingi, þangað til því verður frestað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
12.—19. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
20.—23. gr. samþ. með 19. shlj. atkv.
24.—30. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
31—55. gr. samþ. með 21. shlj. atkv.
56.—61. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
62.—69. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
70.—79. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
80.—85. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
86.—97. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
98.—105. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
106.—117. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
118.—127. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
128.—141. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
142.—149. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
150.—154. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
155.—163. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
164.—175. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
176—179. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
180.—187. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
188.—193. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
194.—210. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
211.—224. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
225.—227. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
228.—242. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
243.—256. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
257.—263. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
264.—267. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
268.—273. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn og kaflaskipti samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 43, 193).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 193. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Gísli Sveinsson: Herra forseti! Ég óskaði þess áðan, að máli þessu væri ekki hraðað svo mjög í gegnum þingið, að hæstv. forsrh. gæfist ekki tækifæri til þess að hlýða á síðustu umræðurnar um það. Ég tel það beinlínis ekki samboðið virðingu þingsins eða hæstv. forsrh., að mál þetta sé afgr. frá þinginu með þeim flýti, að ekki geti farið fram um það nauðsynlegar rökræður, því að hér er ekki um neitt smámál að ræða, heldur þvert á móti eitt hið þýðingarmesta mál í íslenzkri löggjöf, mál, sem útheimtir gerhugula og nákvæma athugun.

Hv. frsm. allshn. hefir gert glögga grein fyrir málinu, en hitt skal tekið fram, að n. hafði allt of lítinn tíma til þess að athuga það. Með þessu er alls ekki sagt, að málið hafi verið illa undirbúið, eða að því hafi verið varpað inn í þingið að ófyrirsynju. Hvorugt þetta er fyrir hendi. Málið getur talizt sæmilega undirbúið, og hitt er öllum ljóst, að nýrrar löggjafar um þetta efni er full þörf.

Það er nú ekki svo að skilja, að ég telji, að málið batni mikið með því að vera lengi hjá þinginu, en hitt tel ég nauðsynlegt, að þann veg verði farið með þetta mál hjá okkur, eins og venja er meðal annara þjóða, að það fái sem allra bezta athugun sérfróðra manna á þessum sviðum, svo að sem flest sjónarmið geti komið til greina. Mál þetta er ekki aðeins mál ríkisstjórnarinnar, heldur er það og mál borgaranna, mál, sem getur hitt fjölda þeirra bæði andlega og líkamlega. Það er því nauðsynlegt að fara með allri gát að því að innleiða mikil nýmæli.

Lög þau, sem hér er lagt til, að farið verði að breyta, eru um sjötugt. Það er því í sjálfu sér ekkert undarlegt, þó að það þurfi að fara að endurnýja þau. Að þau skuli í mörgu geta átt við ennþá, sýnir bezt, hve lítið hefir þurft að nota þau, og jafnframt hitt, hversu vel þau hafa verið undirbúin, bæði fræðilega og praktiskt.

Í frv. því, sem hér er til umr., eru ýms nýmæli, sumt af þeim hafa dómstólarnir þegar viðurkennt í praksis, og er í sjálfu sér ekki nema eðlilegt, að þau verði lögfest.

Mér finnst það og ekki nema eðlilegt, þó að hæstv. dómsmrh. vilji endurnýja þessi 70 ára gömlu lög. Það er metnaður hans að koma hinum nýja lagabálki fram á þessu þingi, en ég fæ ekki skilið, að það geri nokkuð sérstakt til, þó að mál þetta bíði endanlegs samþykkis þar til í haust, úr því að svo hefir skipazt, að þingi þessu verði frestað fram til síðustu mánaða ársins.

Í allshn. Ed. kom fram rödd um það, að máli þessu yrði frestað til næsta þings, en hún fékk ekki hljómgrunn hjá hæstv. ráðh. Till. kom að vísu engin fram um þetta í d., en síðan hefir þessi skoðun verið uppi. Ég kem ekki heldur fram með neina till. um þetta, — sé ekki ástæðu til að koma fram með till., sem þingheimur er fyrirfram ákveðinn í að fella, en hins vildi ég mælast til við hæstv. ráðh., að hann athugi, hvort breytingunni á þessari sjötugu löggjöf liggi svo mjög á, að ekki sé mögulegt að fá henni frestað til hausts, úr því að þinginu verður frestað á annað borð. Ég tel það nauðsynlegt. svo að málið geti fengið enn á ný nákvæma athugun hjá nýjum aðilum, eins og t. d. prófessorunum í lagadeild háskólans.

Því hefir verið haldið fram, að mál þetta hafi fengið meiri og betri athugun en almennt gerist um lagafrv. Það er alveg rétt, að einn dómaranna í hæstarétti hefir samið frv., og það svo fundið náð fyrir augum samdómara hans. En hvað sem því líður, þá er hitt þó víst, að í frv. eru atriði, sem leikmenn í þessum efnum hnjóta um, hvað þá aðrir, og það er sakir þessa, að ég mælist til þess við hæstv. forsrh., að hann fresti máli þessu til næsta hausts. Sum atriðin eru þess eðlis, að þau gefa jafnvel til kynna, að beita eigi hörku í praksis þeirra, og verði horfið að því í fullri alvöru, þá fer ýmislegt að líta hér öðru vísi út en æskilegt gæti talizt í landi, sem er lýðræðisland og hefir stjórn myndaða á þeim grundvelli.

Eftir þinglegum skilningi mun ekki hætta á því, að þetta svo kallaða lýðræði brotni á bak aftur fyrir þessa refsilöggjöf, en hinu, sem kalla má lýðfrelsi, má traðka, svo fremi, sem hún verður samþ. Sá kafli frv., sem mest grípur á þessum hlutum, er XXV. kaflinn. Þó að flest í

þessum kafla sé í löggjöf nágrannaþjóðanna, þá eru samt 2—3 atriði, sem ég tel rétt að minnast á, því að ég tel þau varhugaverð sem fylgismaður lýðfrelsisins.

Þessi atriði, sem ég tel varhugaverð, eru í 236. og 237. gr. frv. Þar er beinlínis farið fram á að skerða þá hluti, sem í 1½ öld hafa verið uppistaða alls lýðfrelsis í ræðu og riti. Því hefir verið haldið fram, að búið sé að traðka þessum hlutum hjá mörgum þjóðum heims, en slíkt réttlætir á engan veg, að við förum að gera það líka. En eins og kunnugt er, þá hafa allar þjóðir keppzt um að taka upp í stjórnarskrár sínar ákvæði um ritfrelsi og prentfrelsi, allt frá stjórnarbyltingunni miklu í Frakklandi, og svo gera og öll ríki ennþá, sem lýðfrelsi unna. Að því er snertir ákvæði 236. gr. frv., þá munu ákvæði síðari málsgr. óvíða komin í lög. Í frv., sem dómsmrh. danski bar fram í danska þinginu, fór hann fram á að fá leitt í lög slíkt ákvæði sem þetta í Danmörku, en enn sem komið er hefir það ekki fengizt fram. Það hefir verið deilt mjög um það, og hefir ráðh. haldið því fram, að það væri hinn mesti misskilningur, að slíkt lagaákvæði, sem þetta gæti orðið til þess að traðka lýðfrelsinu; það væri þvert á móti til þess að tryggja það. En hvað segja nú menn um þetta hér? Ég býst við, að flestir verði á þeirri skoðun, við rólega yfirvegun þessara hluta, að hér sé of langt gengið, höggvið of nærri lýðræðinu með því að fara að lögfesta slík ákvæði sem þessi. Það á að sjálfsögðu að halda uppi allri reglu í landinu með öflugri lögreglu, og ég vona, að lögreglan verði gerð svo sterk, hvort sem það er gert með stofnun svokallaðrar ríkislögreglu eða á annan veg, að hún megni að vernda borgarana og lýðræðið og gera slíkt lagaákvæði, sem hér á að lögfesta, með öllu óþarft. Ég hefi skotið þessum aths. fram af því að ég tel, að með síðari málsgr. 236. gr. frv. sé stefnt að því að eyðileggja það lögmál, sem grundvöllur alls lýðfrelsis byggist á, en ég geri þetta sakir þess, að ennþá tel ég lýðræði í landinu, þar sem borgararnir hafi rétt til þess að hugsa og velja og ráða athöfnum sínum, í stað þess að vera beinlínis skipað fyrir um, hvað þeir megi gera, eins og gert er í einræðislöndunum.

237. gr. frv. er nýmæli hér. Þó á hún sér stað í löggjöf annara landa, en það er langt frá því, að ég telji nauðsynlegt að lögleiða hér allt, sem er í erlendum lögum, ekki aðeins að því er snertir þetta atriði, heldur og miklu fleiri. Að ég hefi tekið þessar tvær greinar út úr frv. og rætt þær sérstaklega, stafar af því, að hér er um svo viðkvæman punkt að ræða. Þess vegna tel ég rétt, að hæstv. Alþ. athugi, hvort það mundi koma að sök, að dráttur yrði á afgreiðslu málsins nú, svo að menn og flokkar gætu, ef þeir vilja, leitað eftir upplýsingum um atriði þau, er ég talaði um.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég er hv. þm. V.-Sk. þakklátur fyrir umhyggju hans fyrir hv. Alþ. og mér, og þykir mér gott að fá tækifæri til að skýra frá mínu sjónarmiði ástæðuna til þess, að ég tel vansalaust fyrir hv. Alþ., og meir en það, að afgr. málið eins og það liggur fyrir.

Tvívegis hefir verið fundið að því við mig á undanförnum árum og því beitt sem ákæru á mig sem dómsmálaráðherra, að ég skuli ekki hafa hraðað afgreiðslu þessa máls meir en raun er á orðin, og verið talið, að ég færi mér þar allt of hægt, ræki ekki nægilega eftir, að málið kæmi til Alþ. til afgreiðslu. Þar til get ég svarað, og tekið undir með hv. þm. V.-Sk., að ég hefi talið nauðsynlegt, að málið væri sem bezt undirbúið. Í 7 ár hefir herra hæstaréttardómari Þórður Eyjólfsson farið með undirbúning þessa máls. Árið 1937 tjáði hann mér, að hann teldi sig ekki geta gengið svo frá frv., að hann væri ánægður með það, nema að fara utan til dvalar um nokkurt skeið, til þess að kynna sér hegningarl. annara landa, áður en hann ræki smiðshöggið á þetta mál. Hann lauk svo udirbúningnum á miðju síðasta þingi, en þá taldi ég málið ekki nægilega undirbúið til að leggjast fyrir þingið. Fyrir þá sök fékk ég þá tvo menn, er ég treysti mjög vel, þá Einar Arnórsson og Gissur Bergsteinsson, til að taka við frv., rannsaka það og bera saman við erlend lög, og hafa þeir unnið að því í heilt ár. Mér er kunnugt, að báðir þessir menn hafa lagt geysimikla vinnu í þetta, eins og frv. ber með sér, til að bera saman erlend hegningarl. og samræma við íslenzka staðhætti. Það er ótrúlegt, hve mikið starf það er, að undirbúa þessi l., og hve mikla vinnu þessir þrír menn þurftu að leggja fram til þess að geta gengið frá málinu á þann hátt, sem þeir eru ánægðir með. Þeir hafa og tjáð mér, að þeir séu búnir að vanda svo undirbúninginn, að málið muni ekki bæta sig, þótt þeir hafi það til frekari meðferðar. Ég held því, að þetta mál sé betur undirbúið en nokkurt annað mál, sem nú liggur fyrir hæstv. Alþ., eða hefir legið fyrir því hin síðari ár. Ég viðurkenni og get tekið undir það með hv. þm., að undirbúning slíks máls sem þessa þarf að vanda og hafa sem nákvæmastan, en ég álít einnig, að þeim kröfum hafi verið fullnægt. Viðvíkjandi þeirri rannsókn á málinu, sem hv. þm. talaði um, þá eru flest nýmæli þess tekin upp úr erlendri löggjöf, sem gilt hefir í fleiri ár í flestum eða öllum nágrannalöndum vorum. Þar sem við Íslendingar getum litinn skerf lagt til sjálfstæðrar rannsóknar í þessum efnum, þá verðum við að hafa það eins nú og með hegningarl. frá 1866, sem aðeins voru þýðing á dönskum hegningarl., gefin út sem íslenzk hegningarl. 1869, með þeim einum breyt., að einni gr. var bætt við og 2 gr. sleppt í þýðingunni, sem ekki var sem nákvæmust, eins og okkur er kunnugt, sem höfum átt að dæma eftir þeim. Við getum ekki annað gert en að reyna að notfæra okkur þær rannsóknir, sem aðrar þjóðir hafa gert í þessum efnum, sem framkvæmdar eru af hinum færustu mönnum hverrar þjóðar, og reyna að staðhæfa árangur þeirra rannsókna við íslenzka þjóðhætti.

Ég neita því enganveginn, að prófessorar lagadeildarinnar — og fleiri menn — myndu reynast allir hæfir menn til að hafa þessar rannsóknir með höndum. En við höfum ekki treyst okkur til að setja niður í þessu máli öllu stærri n. en þessa 3 sérfróðu menn, enda mun málið með þeirri rannsókn afgr. með því öryggi, að vel

megi við una, og hv. þm. hafa haft nægilegt tóðrúm til að athuga það milli þingfunda, svo ég hygg ekki, að það vinni neitt við að takast til athugunar nú á milli þinghalda. Vil ég vekja athygli á því m. a., að þótt nú væri skipuð ný 2 eða 3 manna n., þá mundi málið lítið græða á rannsókn þeirra, ef ekki nyti jafnframt aðstoðar þeirra 3, sem hafa fjallað um málið áður.

Þegar svo á það er litið, eins og hv. þm. V.-Sk.minntist á, að í frv. eru nálega engin ákvæði, sem ekki eru þegar í lögum hjá flestum helztu menningarþjóðunum og hafa verið prófuð þar, þá ætla ég, að það sé óhætt fyrir okkur Íslendinga að leiða í lög þessi ákvæði, og það er eitt af því, sem þýðingu hefir fyrir okkur, að hafa samskonar löggjöf og ríkir með öðrum menningarþjóðum, þjóðum, sem jafnframt hafa ágæta dómstóla, svo við getum haft hliðsjón af dómum þeirra dómstóla, þegar íslenzk lög eru skilin og skýrð og dæmt eftir þeim. Þetta hefir verið tekið til greina í sambandi við núgildandi hegningarl., sem eru samhljóða dönskum hegningarl. og náskyld þeim norsku.

Þegar ég las yfir þetta frv. og athugaði það ásamt einum þeirra manna, sem sömdu frv., skýrði hann málið fyrir mér og sagði, að sér væri óhætt að segja, að í frv. væru engin ákvæði, sem ekki væru prófuð um mörg ár, er gætu valdið ágreiningi, nema, eins og hv. þm. líka tók fram, 25. kafli frv. Ég benti á það strax í upphafi, að við undirbúning þessa kafla höfðu þeir, sem undirbjuggu frv., aflað sér nákvæmra gagna frá nágrannalöndunum, og þessir 3 menn höfðu lofað að sitja hér fundi með n. þeim, er færu með þetta mál, eða með þingmönnum, er óskuðu þess, og drógu þeir fram þau atriði, sem þessi kafli byggist á, þannig að hv. þm. og n. gætu myndað sér skoðanir þar um. Ef endurskoða á kaflann, verður að gera nákvæman samanburð, sem þó ætti ekki að taka meira en 1—2 klst., — a. m. k. mundi það ekki taka lögfróða menn og vana dómum lengri tíma. Nú hefir málið legið fyrir hæstv. Alþ. í 2 mánuði, og geri ég ráð fyrir, að hv. þm. hafi allir kynnt sér frv. rækilega á þeim tíma. En séu menn óánægðir með þá afgreiðslu málsins að afgr. það nú, en þingi ekki frestað fyrr en á mánudag, ef til frestunar kemur, þá er auðvelt, ef hv. þm. óska þess, að taka málið út af dagskrá og ræða þennan kafla frv. við n., sem undirbjó málið, og bera saman gögn þau, er fyrir liggja, og má þá koma fram brtt., ef hv. þm. óska. Þetta bendi ég á sem leið til þess að rannsaka þennan kafla frv., ef hv. þm. telja sig ekki hafa fengið nægilega greinilegar skýringar til þess að mynda sér skoðun um hann.

Gr. þær, sem hv. þm. V.-Sk. taldi að varhugaverðar væru, eru 236. og 237. gr. Þótt 237 gr. sé ekki stór, virðist svo sem sumir hv. þm. telji hana eina stóra þyrnirinn í þessu frv., þ. e. ákvæðið um, að aðdróttun sem borin er fram á ótilhlýðilega móðgandi hátt, sé refsiverð, enda þótt hún hafi verið sönnuð, og einnig, að þegar refsingar er krafizt samkv. þessari gr. eingöngu, þá er ekki heimilt að færa sönnur á aðdróttunina, nema nauðsyn þyki bera til vegna almannahags. Menn munu fljótt mynda sér skoðun á þessari gr., ef þeir aðeins hugsa um, hve sjálfsagt og nauðsynlegt er að hafa slíkt ákvæði í l. Menn þekkja, að bera má fram aðdróttanir, sem e. t. v. í undirstöðuatriðum eru sannar, en gera það með þeim hætti, að það verður langtum svívirðilegra en ef sannleikurinn er allur sagður. Þar sem mér virðist almennur uggur gegn þessu atriði, vil ég upplýsa, að þetta er ekkert nýmæli, eins og a. m. k. 3 hv. þm. álíta. Þetta lagaákvæði hefir gilt í Þýzkalandi frá 1871—1937, í Sviss var það leitt í lög 1918, í hegningarl. Norðmanna var það sett 1902 og í dönsku l. er það síðan 1930. Ef hv. þm. hugsa um þetta ákvæði, þá veit ég, að þeir þurfa ekki annara skýringa við en þeirrar, að gera sér grein fyrir, hvernig fara má með lítinn snefil af sannleika, þegar verið er að segja eitthvað mönnum til niðrunar, leggja út af honum á þann hátt, að meiri hl. verður ósannindi, margfalt skaðlegri en grundvallaratriðið sjálft.

Það, sem frekar má segja að sé nýmæli, er ákvæði 236. gr., sem sé: „Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum“, og ennfremur: „Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það refsingu samkvæmt 1. mgr.“ Þetta er óneitanlega ákvæði, sem hefir valdið meiri deilum, en ég tel mjög erfitt að rökstyðja, að það sé blessun fyrir lýðræðið og frelsið, að einstaklingar í þjóðfélaginu hafi heimild til, án þess að verða fyrir ströngum refsingum, að bera fram ásakanir, ósannindi og ærumeiðingar, sem þeir sjálfir álíta og vita, að eru ósannar og rangar. Það er fyrst og fremst tilgangurinn með lýðræði, prentfrelsi og málfrelsi — og raunverulega sá eini tilgangur —, að hver og einn þegn þjóðfélagsins hafi fullan rétt til að bera fram ásakanir og halda fram sínu máli, hvort sem það er gegn einstakling, félagsheild eða ríkisstjórn, bera fram það, sem hann álítur sjálfur rétt vera og satt. Í gr. eru ekki gerðar frekari kröfur en það, að hann verði að hafa sennilega ástæðu fyrir því, að það, sem hann er að fara með, sé rétt. Það er áreiðanlega miklu fremur til þess að drepa niður allt frelsi bæði málfrelsi og prentfrelsi, ef leyft er, án þess að við liggi strangar refsingar, að bera fram undir ádeiluyfirskyni á hendur einstaklingum eða félagsheildum til hagsbóta þjóðfélaginu, hvaða sakir sem er, og bera það þannig fram, að menn trúi því ekki einu sinni sjálfir, sem þeir fara með. Hvenær á að refsa fyrir meiðyrði, ef ekki undir slíkum kringumstæðum? Menn geta eftir sem áður sett fram sem sínar skoðanir það, sem þeir álíta rétt og satt, og bariz fyrir því. Ég man ekki betur — en það má athuga nánar —en að þetta ákvæði sé í löggjöf Norðmanna. Það er engum vafa undirorpið, að taka ber tillit til þess, er dæmt er fyrir meiðyrði, ef sá, sem ber fram eitthvað, er síðar reynist e. t. v. satt, hefir gert það vegna þess, að hann telur sig hafa líkur fyrir sínu máli og þyki nauðsynlegt að deila þess vegna á einstakling eða aðra út frá þeim atriðum, og gerir það í góðum tilgangi. Að mínu áliti á þá refsing að vera vægari.

Það kemur fram við umr. í báðum hv. d., sem þeir menn, er sömdu frv. bentu á, að varla gæti orðið ágreiningur um annað en þennan kafla frv., og ég vil álíta, að nægur tími sé til að athuga hann, því að í honum hefir ekki verið bent á annað en þessar 2 gr., er ágreiningi fái valdið. Má og fresta afgreiðslu málsins til mánudags, ef hv. þm. þykir með þurfa. Ég álít um þann kafla frv., sem helzt hefir verið fundið að, að sjálfsagt sé að leiða þá gr. í l. Og eins og ég hefi sagt, er þar gerður ríkur greinarmunur á því, hvort menn eða blöð halda fram því sem réttum framburði, sem þeir sömu menn eða blöð eru sannfærð um, að sé satt og hafa ástæðu til að halda, að sé satt, enda þótt það upplýsist að vera rangt, — það er mikill munur á þessu og hinu, þegar ærumeiðandi aðdróttanir eru hafðar í frammi móti betri vitund.

*Gísli Sveinsson: Ég ætla ekki að fara miklu lengra út í þetta mál en ég þegar hefi gert. Ég hefi gert það að sjálfsögðu til þess að það kæmi í rauninni í ljós, hvernig málið er vaxið. Og í sjálfu sér, eins og líka kom fram í minni ræðu, lít ég svo á, að ákvæði þessa frv. að aðalefni, bæði fyrir heildina og fyrir einstaklinga, séu sjálfsögð til þess að verða að l. Og þó að maður gæti deilt um einstakar gr. frv., þá er það ekki beinlínis áhrærandi aðalefni málsins.

Ég get verið ánægður með skýringar og skilagrein hæstv. forsrh. um þetta mál, þ. e. a. s. frá hans sjónarmiði. En við verðum að vísu ekki alveg sammála um aðferðina við að forma ákvæði, að vísu fá, sem í frv. eru, og ekki heldur um þá aðferð, sem nú er höfð hér á hæstv. Alþ. til þess að koma málinu fram. Ég gat þess til, að honum mundi það metnaðarmál vera sem dómsmrh. að koma slíku máli sem þetta er fram nú þegar fyrir þingfrestun. En ég taldi, að þær forsendur, sem hann hafði fyrir því, væru að nokkru fánýtar. En hann er búinn, hæstv. ráðh., að bíta sig svo fast í það, að málið skuli fram í vorfardögum og gróa með grösunum, að hann vill ekki fyrir neinn mun frá því hvika.

Ég hefi nú heyrt það á ræðu hæstv. forsrh., að hann er þess vitandi, sem eðlilegt er, að dálitlir gallar eru þó á frv. í þessu atriði, sem um hefir verið rætt, og hann býður nú fram næturfrest eða svo, eða a. m. k. mjög stuttan frest til þess að athuga málið, ef þörf þætti til bera, og þá með sérstöku tilliti til tveggja gr. þess. Ég fyrir mitt leyti hefi ekki farið fram á það og þarf ekki á því að halda. Og það er fullvíst, að hv. þm. hafa yfirleitt ekkert við slíkan frest að gera. En það, sem ég hefi talað um, er, að séð verði til þess, að enn gefist nokkur tími til þess að aðrir fjölluðu um málið en þm., til þess að þm., sem vitanlega að miklum meiri hluta hvorki eru inni í málinu — eins og gefur að skilja — né heldur óska að vera það, verði rólegri með það, að nú verði samþ. l., sem þá iðrar ekki í neinu atriði að hafa verið með í að samþ.

En ég hefi bent á aðrar hliðar á þessu máli. Það eru stofnanir innan þjóðfélagsins, sem fara með mál manna, sem hér koma mjög til greina. Ritvöllurinn og ræðuvöllurinn eru atriði, sem mér virðist, að þurfi að taka til greina í þessu sambandi. Blöðin t. d. eru oftast bundin við ákveðnar stofnanir, þó utan þings sé. Og þá komum við að því í þessu frv., sem er ágreiningur nokkur um hér hjá okkur og einnig hefir verið ásteytingarsteinn annarstaðar. Það er rétt, að 237. gr. þessa frv. er að ákvæðunum til í löggjöf hjá nokkrum þjóðum, þó að hér sé þetta nýmæli. En það er ekki alveg sjálfsagt í fyrstu lotu að lögleiða allt, sem aðrar þjóðir hafa í þessu sambandi. Það ber að íhugast og skoðast vandlega, hvort slíkt lagafyrirmæli er heppilegt hér á þessu stigi, sem menn telja, að að sumu leyti sé nauðsyn á að hafa hér hörð ákvæði um, en sem ég efast um, að sé á réttu byggt, heldur get búizt við, að það sé varasamt að gera þá, sem brotlegir kunna að verða gegn þessari gr., að píslarvottum; það getur hefnt sín. Ef hæstv. ráðh. þykist eiga einhvern ámælanda slíkan hér innan þings, þá er sama um það að segja, að það verður að taka sálfræðilegt tillit til slíkra manna og umhverfis þeirra. Og ef maður talar um 237. gr., þá er það vitanlegt, að þar er nýmæli, sem er ekki í l. með þjóðum almennt annarstaðar. En slíkt ákvæði sem þetta er í frv., sem hefir verið lengi til meðferðar í Danmörku og þar mætt mikilli mótspyrnu, sem að vísu ekki hefir gengið fjöllunum hærra, en það hefir frá réttum aðilum mætt seiglingslegri mótspyrnu. Nú heyri ég hjá hæstv. dómsmrh. — það ber kannske eðlilegan, en a. m. k. athyglisverðan vott um sálarfar sumra manna, sem eru dómsmálaráðherrar, að sálarfarið verður svo ósköp líkt með þeim, og það er ef til vill eðlilegt — en hæstv. dómsmrh. hefir sömu rök og Steincke dómsmrh. Dana hefir haft. Hann telur betra að brjóta frelsið til þess að vernda frelsið heldur en að láta þetta ógert. Það hefir ekki farið dult hjá þeim bræðrum okkar við Eyrarsund, að þetta sé að brjóta frelsið. En Steincke hefir varið það með þeirri forsendu, að nauður geti rekið til að brjóta frelsið til að vernda frelsið. En nú hefir það ekki komið fram, hvor hluti frelsisins er þyngri á vogarskálinni, sá, sem brotinn er eða sá, sem er verndaður. Dómsmrh. Dana hefir mikið fylgi bak við sig, en samt hefir honum ekki enn tekizt að koma þessu ákvæði fram. Nú siglir frv. hans yfir þær kosningar, sem fram fara í Danmörku, og veit enginn, hvernig því muni reiða af hjá þeirra nýkosnu mönnum. Og frá hans (Steincke's) mönnum hefi ég heyrt harðar ádeilur á Steincke meðal annars fyrir þetta; og einn hafði þau orð út af þessu um Steincke: „Vík frá mér Satan". Þetta hefir nú átt að vera hnyttiyrði, en talar samt sínu máli.

Ég kýs ekki á einni nóttu eða svo að umhverfa neinu í þessu frv. En ég hefi, kurteislega gagnvart hæstv. dómsmrh., hér á þessu stigi málsins leitað frétta hjá honum um það, hve langt hann vilji ganga í því að brjóta odd af oflæti sínu, þ. e. a. s., hvort hann vildi fresta afgreiðslu þessa máls til síðari hluta þingsins. Geri hann það ekki, læt ég mér þá fátt um finnast og þetta kyrrt liggja. En ég hefi af eðlilegum ástæðum viljað taka það fram, sem ég hér

hefi gert, og þigg ég ekki hans góða boð um stuttan frest til að athuga þetta mál, af því að ég þykist ekki þurfa þess frekar. En þegar hæstv. ráðh. talar um, að þetta mál hafi legið frammi fyrir hv. þm. til athugunar, svo að þeir hafi getað athugað málið, þá er þetta ofsagt. Hv. þm. hafa haft öðru að sinna á þinginu. Hv. þm. eru ekki heldur allir að stúdera málin til þess að gera sér sjálfstæða grein fyrir því, hvernig þau eru.

Það eru fleiri ákvæði í þessu frv., sem orka tvímælis en þau, sem ég hefi tekið fram, og það jafnvel í þessum kafla. Ég bendi aðeins á það, sem þó er minni ásteytingarsteinn en 237. gr., að í 236. gr. er ákvæði um, að það varði varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum, ef ærumeiðandi aðdróttun er birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta. Nú er þetta, „sennileg ástæða", mjög svo varhugaverð setning, af því að um það er dæmt af dómstólunum eftir á, að ýmsu upplýstu, sem ekki var upplýst á þeirri stundu, þegar þessi sakaráberi bar fram sína aðdróttun. Og þá gæti vel farið svo, að dómstólarnir litu á sem svo: Maðurinn hefir ekki haft sennilega ástæðu til að bera þetta fram, hann getur hafa sagt það gegn betri vitund. — En þessi ástæða gat samt verið til staðar, þó að eftir á, að fengnum einhverjum vissum upplýsingum, þyki það ólíklegt. Þarna er rúmt frelsi til að athuga það, sem kallað er pólitík. Hér er ekki talað um áburð á einstakan mann, sem varðar æru hans, heldur er hér komið inn á það svið, þar sem blaðamenn telja sér leyfilegt að ganga nokkru lengra í hita dagsins en dómstólar ef til vill eftir strangasta skilningi mundu telja rétt vera.

Fleiri atriði vildi ég gera aths. við, sem ég tel, að betur mættu fara. Ég hefi af eðlilegum ástæðum vegna embættisstöðu minnar meira til brunns að bera til þess að gera slíkar aths. heldur en sumir aðrir hv. þm. og sé því sumt, sem menn mundu vilja breyta í þessu frv., ef málið fengi meiri yfirskoðun. Og ég vil slá því föstu, að þó að við ef til vill samþ. þetta frv. nú, meira og miður fúsir, þá verður hæstv. dómsmrh. samt að búast við því, sem er þó ekki heppilegt, að það geti mjög bráðlega komið fram það, sem menn kalla „opinion", að menn fari að skoða huga sinn um, hvort þetta verður þolað. Og þá vona ég, að hæstv. ráðh. verði fús til að laga sig og breyta til eftir því, sem sennilegar ástæður liggja til og upplýsist, að rétt verður að teljast, og er skylt að hafa það, sem réttara og sannara reynist.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Þessi ræða gefur mér ekki tilefni til að segja margt um þetta mál. En þó vildi ég segja það, að þegar talað er um frekari undirbúning á þessu máli, þá get ég ekki komizt hjá því að leggja á það verulega áherzlu, að mér dettur ekki í hug, að sumir þeirra hv. þm., sem hafa haft málið til meðferðar nú í 2 mánuði, séu — sumir hverjir — á nokkurn hátt verr til þess fallnir eða óhæfari til þess að rannsaka málið heldur en þeir menn aðrir, sem gætu orðið fengnir til þess í millþn. Þó að hægt væri að skipa í slíka n. álíka menn eins og þessa þrjá menn, sem fjallað hafa um undirbúning þessa frv., þá Einar Arnórsson, sem hefir mest af sinni starfstíð verið prófessor í l. við háskólann, Þórð Eyjólfsson hæstaréttardómara, sem hefir kynnt sér þetta mál alveg sérstaklega, og Gissur Bergsteinsson, sem lagt hefir í samningu þessa frv. sérstaklega mikla vinnu. — þó að fá mætti e. t. v. slíka menn í þá n., þá ættu hv. þm., sem eiga sæti hér í hv. d. og eru vanir dómarar og hafa verið það um mörg ár, þá dettur mér ekki í hug, að þeir hv. þm. séu ekki alveg eins færir um að rannsaka þetta mál eins og aðrir, sem fengnir gætu verið til þess að athuga málið utan þings. Ég vil leggja áherzlu á, að þingið samþ. mál, sem vel eru undirbúin. Og ég vil alls ekki gera neitt lítið úr þeirri athugun, sem þetta mál hefir fengið hér í 2 mánuði meðal þeirra hv. þm., sem eru lögfræðingar og auk þess æfðir dómarar.

Um 236. gr., sem aðallega er rætt um, hefi ég tekið það fram og fært rök að því sem minni skoðun, að um fyrri hluta gr., þ. e. a. s. fyrri málsgr., geta tæplega verið skiptar skoðanir, að þegar ærumeiðandi aðdróttun er höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá skuli það varða hegningu. Það getur aldrei verið til þess að vernda prentfrelsið í landinu eða málfrelsið að taka vægilega á slíku. Það endar heldur venjulega með því að eyðileggja það.

Það er síðari málsgr. 236. gr. sérstaklega, sem getur valdið nokkrum meiningamun. Þó vil ég álíta, að málsgr. eins og hún liggur fyrir sé ekki of ströng. Ég vil vekja athygli á því, að sönnunin í þessu tilfelli er neikvæð (sbr. síðari mgr.). Og við vitum, að atriði eru oft ákveðin eða skýrð í lögum með dálítið meiri strangleika en framkvæmd l. er. Og í þessu tilfelli má gera ráð fyrir slíkum dálítið meiri strangleika en beinlínis verður krafið til þess að sanna, hvort maðurinn hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda einhverju fram. Þarna er náttúrlega lagt mikið vald í hendur dómstólanna, og það verður hæstv. Alþ. að gera upp við sig, hvort það vill gera það eða ekki. Og þess ber einnig að gæta, að allt frá því er hegningarlöggjöfin var sett 1869 hafa dómstólarnir alltaf haft tilhneigingu til þess að skýra og dæma eftir ákvæðunum um ærumeiðingar vægar heldur en orð hegningarl. jafnvel standa til. Það hefir jafnvel verið gengið svo langt að mynda þá dómsvenju, sem heggur nærri því að vera ekki í samræmi við orð l. Og þess vegna er það, að þó að þetta ákvæði standi þannig í l., þá eru ekki nokkrar líkur til þess, að þessu ákvæði verði beitt þannig, að ástæða sé til að vera á móti því að lögfesta það, heldur eru allar líkur með því, að þessu ákvæði verði beitt með þeirri fyllstu varúð. Þess vegna er það, að ég álít, að þetta ákvæði eigi beinlínis að leiða í l. og að það sé til mikilla bóta, vegna þessarar skoðunar minnar, sem ég tók fram áðan, að það eigi að draga alveg skýrar og strangar takmarkalínur milli þess, hvort menn halda einhverju fram í þeirri trú, að þeir hafi sennilegar ástæður til þess að halda, að það sé rétt, og þeir því deila á það, sem þeir trúa, að fari aflaga, og

hafa sennilegar ástæður til að halda, að það sé rétt — og ég vil láta dæma það vægt —, og hins hinsvegar, er menn bera það fram, er þeir vita, að er rangt, og hafa enga sennilega ástæðu til að halda að sé rétt, og vil ég láta liggja stranga refsingu við því. Fyrra tilfellið, er ég nefndi, er til þess að halda uppi réttlátum aðfinnslum, prentfrelsi og málfrelsi, sem hverju þjóðfélagi er nauðsynlegt. En sakaráburður sá, er ég síðar nefndi, er þess eðlis, að það, að láta slíku óhegnt, er beinlínis til þess að eyðileggja prentfrelsið og málfrelsið í landinu, því að ef farið er svo með það til lengdar að bera fram ákærur gegn betri vitund, þá miðar það slíku frelsi til tortímingar.

Þetta er sá rökstuðningur, sem ég sem dómsmrh. tel máli skipta að bera fram um þessa gr. Og ég tel það ekki vandamál fyrir lögfræðinga og dómara að mynda sér skoðun um það, hvort þeir vilji leiða slíkt í l. eða ekki. Það þarf ekki langa rannsókn á þessu til þess að mynda sér skoðun á því.

Ég vil svo ljúka máli mínu á því að segja, að ég álít frv. þetta svo vel undirbúið, að það sé eðlilegt að afgr. það nú áður en Alþ. er frestað, og vil mæla með því, að það verði gert. En hinsvegar ef hv. þm. vilja fara nánar gegnum þennan kafla þess, sem um hefir verið rætt, mætti afgr. málið á mánudaginn, þannig að til þess að hv. þm. geti afgr. það með betri samvizku, geti þeir þá kallað þá menn á fund hingað í alþingishúsið, sem undirbúið hafa málið, til þess að athuga gögn þau viðkomandi þessu máli, sem liggja fyrir hendi, ef þess er óskað.

Umr. frestað.

Á 72. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til frh. 3. umr.

Frsm. (Bergur Jónsson): Mál þetta var til 3. umr. áður en þingi var frestað síðast samkv. ósk margra þingmanna. Allshn. hefir ekki fengið tilefni né tækifæri til að taka málið fyrir, og ég vil fyrir hönd nefndarinnar mælast til, að umr. um málið verði frestað.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 43, 193, 445).

Frsm. (Bergur Jónsson): Þetta mál kom seint til allshn., á fyrri hluta þessa þings, en allir hv. þm. í n. höfðu þó athugað málið og lögðu sameiginlega til, að frv. yrði samþ. óbreytt. En raddir komu fram hér í hv. d. um það, að ástæða væri til að athuga enn nánar þessa löggjöf, láta hana bíða yfir sumarið og fá til hæfa menn að athuga hana. Mun það hafa orðið að samkomulagi að láta ekki ljúka 3. umr. um málið. Þegar svo málið kom hér aftur til 3. umr., óskaði ég eftir, að n. fengi ráðrúm til að athuga frv. Það hefir hún gert og ber nú fram þrjár brtt. við það.

Fyrsta brtt. er við 108 gr. frv., en þar er talað um, að það varði sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef viðhöfð eru skammaryrði eða móðganir eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, en í síðari málsl. gr. er tekið fram, að aðdróttun sé refsiverð, þó að sönnuð sé, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt. Þetta ákvæði er réttmætt, því að enda þótt aðdróttunin hafi við rök að styðjast, getur hún orðið til þess að trufla mann við skyldustörf hans, trufla helgi þess staðar, þar sem hún er viðhöfð, eða trufla opinber störf. En þar sem hér er aðeins um að ræða aðdróttun, er hefir við rök að styðjast, þykir rétt að láta hana varða sektum aðeins, í stað þess að í frv. segir, að slík aðdróttun skuli vera refsiverð.

2. brtt. er við 236. gr. Sú gr. er í tveim liðum. Fyrri liðurinn er um ærumeiðandi aðdróttun gegn betri vitund, sá síðari um aðdróttun, sem borin er fram opinberlega, enda þótt sá, sem það gerir, hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta. Ég tek það fram, að það er aðeins í undantekningartilfellum, að mál eru þannig vaxin, að hægt sé að sanna, að aðdróttun hafi verið borin fram gegn betri vitund. Venjulega er ekki meira hægt að segja en að það sé sennilegt. En með tilliti til síðari málsl., sem mun aðallega verða notaður í framkvæmd, hefir n. lagt til að draga þannig úr refsiákvæðinu, að í stað þess að visa í fyrri málsl. er ákveðið, að refsingin skuli vera sektir, varðhald eða fangelsi allt að 2 árum, og þarf það þá ekki að vera annaðhvort varðhald eða fangelsi.

Þá er 3. brtt., við 237. gr. Það hefir komið fram í umr., að um þessa gr. hafa flestir hnotið. Mönnum hefir sérstaklega þótt óeðlilegur síðari helmingur gr., sem hljóðar þannig: „Þegar refsingar er krafizt samkvæmt þessari gr. eingöngu, er ekki heimilt að færa sönnur á aðdróttunina nema nauðsyn þyki bera til vegna almannahags". N. hefir því borið fram brtt., þar sem gr. er algerlega umorðuð, svo að hún hljóðar þannig: „Ef maður bregður manni brigzlum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt". Má þá aldrei beita nema sektarrefsingum fyrir brigzl, sem í flestum tilfellum er sama og aðdróttanir, nema að öðru leyti sé um að ræða þyngra brot en gr. gerir ráð fyrir. Það skal tekið fram, að hér er um Grágásarorðalag að ræða. Með þessu held ég, að n. hafi tekizt að brjóta af sáran brodd, sem ýmsir, sérstaklega blaðamenn, hafa fundið frv. til foráttu. Hinsvegar hafa ekki komið fram rökstuddar ádeilur á frv. almennt, heldur hefir það verið viðurkennt, að það væri í flestum atriðum til bóta, enda er málið ágætlega undirbúið og l. þau, sem verið er að endurnýja með því, orðin mjög gömul, eða frá 1869. Ég legg því til fyrir n. hönd, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Eins og hv. þm. Barð. hefir tekið fram, voru þessar brtt. bornar fram af allshn. til þess að sníða af frv. ýmsa brodda, er einstakir þm. töldu sig finna á því. Ég get sagt fyrir mitt leyti, að enda þótt ég teldi frv. í sinni upphaflegu mynd ekki ganga of langt í þeim atriðum, sem hér er lagt til að breyta, þá get ég vel fallizt á brtt. n.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Ég varð til þess síðla á fyrri hl. þessa þings að hreyfa nokkr-

um aths. um frv., og var þá komið mjög að endi þess þinghalds. Virtist sem frv. ætti þá að komast gegnum þingið og verða að l., er komið var að 3. umr. Upp úr því gerðist þó það, að hæstv. dómsmrh. gekk inn á það utan þings, með hliðsjón af tilmælum, er höfðu komið fram innan þingsins og frá fleiri hliðum, að fresta málinu og leggja ekki áherzlu á, að það næði framgangi þá. Ég stakk upp á, að svo væri gert, og taldi það vel farið, er til kom.

Það má segja, að frv. hafi ekki tekið miklum stakkaskiptum eða að ekki liggi fyrir á þskj. 445 stórvægilegar brtt. við þennan mikla lagabálk. En þó má segja og er sjálfsagt að viðurkenna, að þessar brtt. á þskj. 445 áhræra það, sem sérstaklega þóttu agnúar á meiðyrðalöggjöfinni. Mér er að vísu ekki kunnugt um, að nokkrir sérstakir aðilar, sem hafa látið sig málið miklu skipta, hafi fjallað um þetta á því tímabili, sem liðið er frá því er málinu var frestað, en það vita sjálfsagt hæstv. dómsmrh. og hv. allshn. En ég ætlaðist til, að með þessum fresti yrði tóm til fyrir þær lögfræðistofnanir og sérfræðinga, sem ekki hafa verið nógsamlega til kvaddir, svo og ýmsar „korpórationir" eins og blaðamannafélög, til að gera sínar athugasemdir og till. Ég veit ekki, hvort þaðan hafa komið nokkrar slíkar aths., og sakast ég ekki þar um, en vil aðeins lýsa yfir því, að ég tel málinu betur borgið með þessum brtt. hv. allshn., sem eflaust verða samþ., og mun ég geta sætt mig við, að málið verði afgr. nú með þeim breytingum, þó að ég hafi að vísu nokkuð að frv. að finna. Vil ég samt gera þá tilraun með þetta, því að það stendur eflaust til bóta sem önnur stórmál, þó að fordæmi sé, að þessi gömlu og viðkvæmu l. hafa enzt ótrúlega lengi og ótrúlega vel. Hefir þar farið saman fullkomin framkvæmd l. og réttlætismeðvitund þjóðarinnar. En nú er þó tími til kominn að breyta þessum l., og hefir það verið gert og að sumu leyti til batnaðar, með frv. þessu, en að sumu leyti er breytingin að vísu lítil, því að mörg þessara gömlu ákvæða hafa staðizt eldraun reynslunnar svo vel, að ótrúlegt mætti þykja. Annars býst ég ekki við, að ég eða aðrir muni leggja stein í götu þessa frv., og vil ég gjarnan sjá, hvernig það verkar í þjóðfélaginu, er það er orðið að l., eins og nú er ráð fyrir gert.

ATKVGR.
Brtt. 193,1 felld með 15:2 atkv.
— 445,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 193,2 felld með 13:1 atkv.
— 193,3 felld með 15:1 atkv.
— 445,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 193,4 felld með 17:1 atkv.
— 445,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv. og endursent Ed.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 465).

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 511).

52. Sala á hálfum Víðidal.

Á 74. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:
Frv. til l. um sölu á hálfum Víðidal inn af Langavatnsdal (þmfrv. A. 371).

Á 76. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 371, n. 405).

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Landbn. hefir athugað þetta mál og leggur einróma til, að það verði samþ. Ég skal aðeins gera grein fyrir því með örfáum orðum. Málið er alls ekki nýtt í d. Það hefir legið fyrir ýmsum undanförnum þingum, oft í annari mynd, en stöðvað með vilja, vegna þess að heima í héraði hafa verið deilur milli þeirra hreppa, sem hér eiga hlut að máli, en nú er fengið fullkomið samkomulag um skiptingu þess afréttarlands, sem hér er um að ræða, og sem áframhaldandi samkomulag af því, sem getið er um í grg., hefir stj. óskað eftir því, að Borgarhreppur keypti hálfan Víðidal, sem stj. eignaðist með makaskiptasamningi, sem hér er vitnað undir. Frv. er því aðeins heimild til staðfestingar á því, sem stj. og Borgarhreppur hafa komið sér saman um.

Ég skal beina athygli hæstv. forseta að því, sem n. hefir að vísu getið um í nál., að misritazt hefir ártal á tveimum stöðum, 1927 fyrir 1937. Vænti ég, að þetta verði leiðrétt við síðari prentun.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 12. des., var frv tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84 fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 371, n. 457).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er ekki margt að segja um frv. það, sem hér liggur fyrir. Að undanförnu hefir staðið deila um þetta fjalllendi, en nú virðist sú deila vera á enda kljáð, og því er þetta frv. nú borið hér fram. Hér er ekki um mikið að ræða, það á aðeins að afhenda þetta fjalllendi, sem lítið virðist vera hægt að nota, í hendur upprekstrarfélagi Borgarhrepps til eignar.

Landbn. hefir athugað þetta frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ. eins og það kom frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 87 fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 512).

---

53. Ábúðarlög.

Á 77. fundi í Nd., 7. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á ábúðarlögum, nr. 87 19. júní 1933 (þmfrv., A. 391).

Á 78. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Í 3. gr. núgildandi ábúðarl. er ákvæði um það, að bjóða jarðir til ábúðar með nánari skilyrðum, sem þar eru tilgreind. Nú hefir það reynzt svo í framkvæmdinni, að þessi ákvæði eru að nokkru leyti haldlaus, því ekki eru lögð nein sérstök viðurlög við því, ef jarðir, sem í eyði eru, eru ekki boðnar til ábúðar á tilskyldum tíma. Það getur sem sé verið, að jarðeigandi óski ekki eftir að byggja jörð sína, og þá getur hann sett þá landskuld, sem enginn getur gengið að.

Það hefir komið fyrir á ýmsum stöðum undanfarið, og þá sérstaklega í sambandi við mæðiveikifaraldurinn, að jarðir hafa fallið í eyði, en eigendur jarðanna hafa séð sér hag í því að láta þær vera í eyði áfram. Það er öllum ljóst, að það er mikið áfall, sérstaklega í strjálbýlum sveitum, þegar ein jörð leggst í eyði, því byggð á slíkum jörðum er yfirleitt háð því, að byggð sé á næstu jörðum. Það er bæði smalamennska og annað, sem gerir það að verkum, að svo erfitt er að nytja slíkar jarðir, ef einhver þeirra leggst í eyði. Það er rétt, sem einn maður sagði, að ef jörð á slíkum stöðum fer í eyði, þá er það líkt því að símastaur brotni og taki með sér næstu staura smám saman.

Nú hefir landbn. borið fram till. til tryggingar á þessu ákvæði, svo það sé betur tryggt, að jarðir séu byggðar, með því að setja nokkuð mikil viðurlög við, ef ákvæði l. er ekki fylgt. Ennfremur er gert ráð fyrir, að mat sé látið fara fram á jörðum, ef eigendur þeirra reyna að setja svo hátt gjald á þær, að þær byggjast ekki af þeirri ástæðu.

Ég held ég hafi þá gert nægilega grein fyrir þessu frv. Ég vænti þess, að hv. d. taki því með skilningi. Það er ekki ástæða til að vísa því til n., þar sem það kemur frá n.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Ég vildi aðeins spyrja hv. þm., þar sem mér er það ekki almennilega ljóst, hvað geti valdið því, að eigandi jarðar vilji heldur láta hana fara í eyði heldur en að leigja hana, ef hann eins og hv. þm. sagði, fær ekki nógu háa leigu: Getur það talizt búhnykkur fyrir jarðeiganda að láta jörð heldur standa í eyði en að leigja hana þeim, sem hæst býður?

Mér skilst, að það, sem vaki fyrir með flutningi þessa frv., sé, að nokkur brögð hafi verið að því, að menn vilji heldur láta jarðir standa auðar heldur en að leigja þær fyrir það verð, sem býðst. En mér er það ekki ljóst, að þetta geti verið búhnykkur fyrir nokkurn mann.

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég get nú ekki talið upp allar þær ástæður, sem kunna að liggja til grundvallar fyrir því, að jarðir eru ekki leigðar til ábúðar. En það er vitanlegt, að þetta er svona. Það hafa komið kvartanir úr Húnavatnssýslu og ég hygg, að hv. þm. Borgf. geti skýrt frá samskonar tilfellum í hans héraði.

Það er vitanlega hægt að hugsa sér, að hægt sé um nokkurt árabil að hafa meira upp úr jörð á annan hátt en þann að byggja hana, t. d. með því að leigja ýmsar jarðnytjar. En slíkt getur orðið mikið tjón og hætta fyrir það sveitarfélag, þar sem jörðin liggur. Eins og ég sagði áðan, þá er það oft þannig, að ef ein jörð leggst

í eyði, þá er ekki hægt að halda næstu jörðum í byggð.

Okkur í landbn. hefir borizt beiðni um að flytja þetta frv., og ég skal geta þess, sem ég gleymdi áðan, að aðalatriði þessa frv. eru flutt að tilhlutun nefndar, sem Búaðarfélag Íslands skipaði í fyrra til þess að athuga og endurskoða ýms ákvæði búnaðarlaganna. Þessi nefnd óskaði eftir því, að landn. tæki þetta frv. til flutnings.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Ég skil að sjálfsögðu, að það geti verið hættulegt og erfitt fyrir þá, sem eftir sitja, ef margar jarðir leggjast í eyði. Hitt er mér ekki alveg eins ljóst, hvernig menn hugsa sér, að þessi ákvæði, sem hér er farið fram á að lögfesta, geti lagfært þetta.

Hv. þm. benti á, að það gæti staðið svo á, að það mætti hafa meira upp úr jörð með því að *selja hana ekki á leigu til þess að þar sé búið.* Þá er með bessu verið að taka rétt af eigandanum, sem honum er einhvers virði. Það getur orðið þannig, að hann hafi minna upp úr jörð sinni, ef þessi ákvæði eru sett.

Ég vil nú samt ekki fullyrða, að það sé óforsvaranlegt að setja slíka löggjöf. En það koma ýmsar spurningar upp í því sambandi. Það er með þessu verið að takmarka umráðarétt jarðeigenda á jörðum sínum. Það getur náttúrlega verið, að heill almennings krefjist þess. En sé jarðeiganda meinað að hafa eins mikið upp úr jörð sinni og hann getur, þá finnst mér, að hann eigi rétt á bótum.

Mér finnst því, að enn hafi ég ekki fengið nægilega greinargerð fyrir málinu. Þó mér sé það ljóst, að það sé nauðsynlegt fyrir sveitina eða hreppinn, að allar jarðir séu setnar, þá er samt eftir spurningin um það, hvort jarðeigandi á ekki einhverjar bætur hjá því opinbera, ef þessi réttindi eru tekin af honum, að hafa eins mikið upp úr jörð sinni og hann getur. Hvernig á að sjá fyrir þessu atriði? Eða eru hv. dm. sammála um, þó þarna sé verið að skerða stórkostlega réttindi þessara jarðeigenda, að það sé ekki bótaskylt?

***Eiríkur Einarsson:** Ég tel þetta frv. hv. landbn. ekki nema góðra gjalda vert, því til*gangur þess er auðsjáanlega sá, að vernda ábúð á jörðum. En ég vildi gjarnan, að það gæti komið skýrt fram við þessa umr. atriði, sem kynni að vera álitamál og ég vildi gjarnan spyrjast fyrir um.

Þegar í frv. er talað um jarðir og að landsdrottnar eigi fyrir þennan og þennan tíma að bjóða jarðir sínar til ábúðar, og þeir eigi að sæta viðurlögum, ef þeir vanrækja það, þá vildi ég í því sambandi spyrja, hvort það sé auðveld og sjálfsögð skýring á því, hvað jörð teljist í þessu sambandi. Ég tel fyrst og fremst, að samkv. þessu frv. teljist landsvæði, sem að vísu er nytjað frá jörð, en hefir aldrei verið býli, ekki jörð. Ég álít, að því sé slegið föstu, ef því verður ekki mótmælt. (**Stgr.St:** Ábúðarlögin kveða sjálf á um það). Já, ábúðarl. skera úr um það. En ég álít samt, að jörð geti verið á takmörkum þess að falla undir hugtakið jörð eða ekki. Það getur verið að ræða um forn býli, sem ekki hafa verið setin, en þó nytjuð. Það getur verið álitamál, hvort slíkt býli eigi að teljast jörð eða ekki.

Ég álít, að þetta þurfi að koma skýrar fram í frv., og ég vildi biðja hv. landbn. að taka þetta til athugunar fyrir 3. umr.

***Þorsteinn Briem:** Ég vildi bæta við einni fyrirspurn til hv. landbn. um það, hvort skilja eigi l. svo, að þetta eigi einnig við gamlar eyðijarðir, og ef svo er, hvort þessi regla eigi að gilda jafnt, hvað lengi sem jarðirnar hafa verið í eyði. Mér skilst, að til þess að taka af allan vafa, þá sé rétt, að þetta atriði sé athugað.

Það hefir komið fram fyrirspurn um það, hvernig á því standi, að landsdrottinn vilji í einstökum tilfellum heldur láta jörð sína vera í eyði en að byggja hana. Það er vitanlegt, að þar *geta í einstökum tilfellum ráðið eigin hagsmunir,* og ég er að sjálfsögðu því fylgjandi, að sett séu ákvæði til þess að koma í veg fyrir það. Það verður að teljast, að réttur sveitarfélagsins sé þá hærri en réttur hins einstaka jarðeiganda.

En þó ætla ég, að þetta sé ekki alveg fullnægjandi. Ég get hugsað mér, að landsdrottinn eigi jörð, sem svo lítilfjörleg hús séu á, að ekki sé hægt að leigja hana, nema ráðist sé í húsabætur á jörðinni. Nú getur það verið þannig, að landsdrottinn treysti sér ekki til að byggja upp á jörðinni og neyðist því til að láta hana falla í eyði. (**BÁ:** Hann getur boðið hana til sölu). Það stendur ekki í frvgr., að hann geti leyst sig undan sektum með því að bjóða jörð sína til sölu. Og einmitt þess vegna vil ég gera þann fyrirvara, er ég nú mun greiða atkv. með þessu frv., að ég lít svo á, að ákvæði 18. gr. ábúðarlaganna (sbr. og 44. gr. sömu laga) verði sem hliðstæð lagaákvæði einnig að taka til þeirra jarðeigenda, er hér ræðir um. Verð ég þá að telja, að eigendur eyðijarða hafi þá vernd, sem sanngjörn geti talizt.

***Pétur Halldórsson:** Herra forseti! Ég fékk eiginlega ekki fram það, sem ég var að leitast við að fá fram með þeim orðum, sem ég sagði, en það var, hvort ekki væri svo komið, að ábúðarl. væru orðin svo undarleg í þessu landi, að það kynnu að vera *einu* útgöngudyrnar fyrir marga jarðeigendur að láta jarðir sínar heldur vera í eyði en byggja þær á meðan þessi löggjöf er óbreytt. Mér datt í hug, hvort ekki væri hægt að fá einhverjar upplýsingar um þetta við þessar umr.

Ég minnist þess, að þegar ábúðarl. voru sett, þá sagði einn þm. þessarar d., sem ekki er neinn flysjungur og Framsfl. hefir tekið mikið tillit til, að þessi löggjöf væri svo óaðgengileg, að ef hann væri ungur maður, þá myndi hann heldur fara burt af landinu en sætta sig við aðra eins löggjöf og hér væri verið að setja. Og skyldi það ekki vera ein af ástæðunum, hvernig ábúðarlögin eru, og að búið er að herða svo að, að ekki verður búandi í landinu?

***Frsm. (Bjarni Ásgeirsson):** Ég get nú ekki verið sammála hv. 4. þm. Reykv., að það sé spor í þá átt, að ekki verði búandi á jörðunum, þó

sett verði ákvæði um það, að á þeim skuli vera sæmilegar byggingar. Hitt getur verið rétt, sem hv. þm. Dal. (ÞBr) benti á, að margir jarðeigendur láta heldur jarðirnar standa óbyggðar en að liggja undir byggingarskyldu. Ég lít nú svo á, að þeir menn, sem ekki megna að byggja upp á jörðum sínum, hafi ekkert við það að gera að vera jarðeigendur. Jarðeigandi, sem ekki vill nytja jörð sína sjálfur, verður að taka á sig þá skyldu, að hýsa hana svo, að á henni sé búandi fyrir hvíta menn; annars ætti hann að verja peningum sínum á annan hátt.

Landbn. hefir ekki séð ástæðu til þess að setja ákvæði um bótaskyldu í frv. þeim til handa, er láta af hendi jarðir á þennan hátt. Mönnum er fyrst og fremst í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja selja jörðina; þeir geta búið á henni sjálfir eða leigt hana öðrum, en láti þeir allt þetta undir höfuð leggjast, er mál til komið að veita sveitarstjórn vald til þess að taka af þeim ráðin og koma jörðinni í góða ábúð.

Ég get tekið undir ummæli hv. þm. Dal., að réttur sveitarfélagsins og þjóðfélagsins verður að vera ríkari en réttur einstaklingsins til þess að eiga framleiðslutækin, ef hann er ekki fær um að nota þau vel. Og þó að talið væri gengið á rétt manns, sem teldi sér hag í að byggja ekki, má benda á það, að hann eignast á þann hátt nokkra aura, en kastar krónunni fyrir framtíðina, þar sem jarðirnar ganga fljótlega úr sér, þegar þær eru ekki nytjaðar. Hans hagsmunum er því betur borgið með þessari ráðstöfun.

Það eru margvíslegar kvaðir, sem lagðar eru á jarðeigendur og aðra í þessu landi; það er t. d. bannað að rífa hrís og ganga á skóg, nema eftir ákveðnum fyrirmælum. Þetta er gert til þess að vernda jörðina og án þess að ætla bætur fyrir. Þetta er hliðstætt dæmi.

Viðvíkjandi aths. hv. 8. landsk. (EE) vil ég geta þess, að með ákvæði þessu er ekki átt við landspildur eða hjáleigur, sem ekki hafa verið býli. Ég álít, að það nái t. d. ekki til Sölvholtsengjanna, svo að ég taki dæmi, sem við þekkjum báðir.

Ég læt svo útrætt um þetta mál.

***Pétur Ottesen:** Ég mun ekki fara út í almennar umr. um ábúðarlögin, ég get viðurkennt, að þau eru að ýmsu leyti þung í skauti fyrir jarðeigendur, en að ég var með þeirri löggjöf, þegar hún var sett, er vegna þess, að ég álít það heppilegri lausn fyrir landbúnaðinn, að sem flestar jarðir séu í sjálfsábúð, og ef löggjöfin stuðlar að því, er stefnt í rétta átt. Það er óheppilegt fyrir afkomu landbúnaðarins, að mikið af jörðum sé í leiguábúð, hvort sem þær eru í einstakra eign eða eign ríkissjóðs.

Hvað viðvíkur þessu frv. vil ég geta þess, að það er fram komið vegna þess, að dæmi eru til þess, að jarðeigendur, sem ekki hafa viljað nytja jarðir sínar sjálfir og ekki byggja þær öðrum, hafa bókstaflega ekkert um þær hirt. Þeir hafa kannske í mesta lagi slegið túnin, stundum jafnvel ekki hirt töðuna og hún hefir fúnað niður á túnunum.

Slíka meðferð á jörð á að fyrirbyggja, enda er hún jafnvel til eyðileggingar fjárhagslega fyrir jarðeigandann, sýslufélagið og landið í heild. Með frv. þessu er gerð tilraun til þess að fyrirbyggja, að jarðeigendum haldist uppi að eyðileggja jarðirnar á þennan hátt. Við, sem í sveit búum, vitum, að jörð þarf ekki að vera ábúðarlaus í mörg ár til þess að hús fúni, ræktunin verði að engu og öll mannvirki gangi úr sér.

Það er verið að tala um bótaskyldu gagnvart þeim mönnum, er yrðu að láta jarðir sínar af hendi skv. ákvæði frv. — Ég álít, að þeir geti ekki gert sér meiri skaða en með slíkri háttsemi, að stofna jörðum sínum í eyðileggingu, og eigi þeir því engar bætur skilið. Ég tel alveg sjálfsagt, að sveitarstjórn fái vald til þess að ráðstafa jörðunum, enda kemur það ekki til fr'amkvæmda, ef eigendur gera annaðhvort: að byggja jörðina eða búa á henni sjálfir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84 fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 391, n. 458).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Erlendur Þorsteinsson):** Herra forseti! N. hefir haft þetta frv. til meðferðar og samþ. að mæla með, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Frv. felur það aðallega í sér að setja nokkru þyngri viðurlög við því, ef jarðareigandi vill ekki byggja jörð sína. Það er hert á ákvæðunum, sem gera honum skylt að bjóða sveitarstjórn að ráðstafa ábúð á jörðinni. Í 1. frá 1933 voru engin viðurlög við, ef út af þessu var brugðið, og þótti jafnvel á því brydda, að nokkrir menn, sem jarðir eiga, hafa ekki viljað gera þær ráðstafanir, sem ætlazt er til. Í b-lið 1. gr. er gert ráð fyrir, að ef þessi ákvæði verða brotin, skuli fara með þau sem almenn lögreglumál. Er það gert til að flýta fyrir rannsókn og afgreiðslu þeirra mála, sem út af þessu kunna að rísa.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., ég veit, að hv. d. mun fallast á, að þetta er sjálfsögð breyt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 513).

---

54. Vegalagabreyting (frv. BJ og BjB).

Á 58. fundi í Nd., 13. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 101 frá 19. júní 1933 (þmfrv., A. 285).

Á 60. fundi í Nd., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Bergur Jónsson):** Í 24. gr. vegal. frá 19. júní 1933 er fjallað um, hvernig bæta skuli fyrir jarðrask og landnám, er verður, þegar vegir eru lagðir, en í síðari málsgr. þeirrar gr. segir svo: „Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvega skulu greiðast úr sýslusjóði, þar sem land það er, sem bætur greiðast fyrir".

Þessi ákvæði, að leggja á sýslusjóði að greiða skaðabætur fyrir jarðrask, er hlýzt af lagningu þjóðvega, eru sanngjörn þegar um þjóðvegi er að ræða, sem næstum eingöngu eru lagðir fyrir íbúa þeirrar sýslu. En þau eru á engan hátt sanngjörn, þegar um almennar samgönguleiðir er að ræða, einkum þegar þannig stendur á, að hérað það, sem vegurinn liggur að mestu leyti yfir, hefir e. t. v. sjálft minnstra hagsmuna að gæta í sambandi við vegarlagninguna. Við, sem flytjum þetta frv., höfum nefnt eitt dæmi í grg., sem fylgir frv., til þess að benda á tilfelli, þar sem ósanngjarnt er, að sýslusjóður greiði bætur fyrir jarðrask og landnám, sem sé hin svo kallaða Krísuvíkurveg. Hann er vitanlega hugsaður sem samgönguleið að vetrarlagi milli Suðurlandsundirlendisins annarsvegar og Reykv. og Hafnfjarðar hinsvegar, en á engan hátt hefir við lagningu þessa vegar verið tekið tillit til hagsmuna Gullbringusýslu, sem hann liggur að mestu leyti um. Samkv. ákvæðum vegal. verður sýslusjóður Gullbringusýslu að greiða bætur fyrir landnám og jarðrask, sem hljótast kann á löndum manna við lagningu þessa þjóðvegar. Auðvitað væri e. t. v. réttasta reglan sú, að reiknað væri út í hvert skipti, hve mikinn part af skaðabótum fyrir jarðrask hlutaðeigandi sýslusjóður skyldi greiða, en slíka útreikninga myndi oft reynast erfitt að gera, og þeir myndu orsaka mat, sem oft væri mjög örðugt eða ógerlegt að fullnægja. Við, sem flytjum þetta frv., höfum þess vegna lagt til, að aftan við síðari mgr. 24. gr. vegalaga bætist nýr málsl., svo hljóðandi: „Ef um samgönguleið milli héraða er að ræða, skulu þó slíkar bætur greiddar úr ríkissjóði." Hér höfum við farið eins skammt og unnt er að telja sanngjarnt.

Ég held, þótt hér sé um breyt. á vegal. að ræða, þá sé réttara að vísa þessu frv. til allshn. en til samgmn., þar sem hér er aðeins um breyt. á almennum ákvæðum að ræða, en ekki um það, hvar eða hvernig leggja skuli vegi. Annars legg ég ekki mikla áherzlu á það, hvaða n. fær þetta frv. til meðferðar.

***Gísli Sveinsson:** Herra forseti! Enda þótt ég eigi sæti í samgmn., sem þetta frv. ætti að réttu lagi að fara til, þar eð hér er um samgöngumál að ræða, vildi ég samt koma með nokkur almenn ummæli um mál þetta, bæði viðvíkjandi frv. og grg., sem fylgir því, og þeim orðum, sem hv. þm. Barð., sem er aðalflm. þess, lét falla hér áðan.

Það er alkunnugt, að vegal. hafa yfirleitt, síðan þau voru sett í kerfi, haft það einkennilega ákvæði um þau spell, skaða og jarðrask, sem vegalagning hefir orsakað, þar sem vegir eru lagðir um lönd einstakra manna, að bætur fyrir slíkt greiðist úr sýslusjóði, þótt um þjóðvegi sé að ræða. Hvort sem sú forsenda hefir legið til grundvallar fyrir þessu ákvæði í öndverðu, að sýslurnar ættu að borga þetta fyrir það að fá veginn, eða ekki, þá hafa aldrei verið færð nein rök fyrir því.

Ef því ætti að gera breyt. á vegal., sem gæti verið varhugaverð að margra dómi, ætti hún að vera á þá leið, að þessu yrði gerbreytt, og spell og skaðar, er orsökuðust af lagningu þjóðvega yrðu bætt að fullu úr ríkissjóði. En nú fer bótagreiðsla þannig fram, að bætur eru ekki greiddar eftir kröfu einstakra manna, sem e. t. v. að ófyrirsynju vildu hafa mikið upp úr spellum á landi sínu, þótt vegurinn væri til mikilla samgöngubóta og lægi að mestu leyti um urðir og eyðimörk, heldur eru þær greiddar eftir mati dómkvaddra, óvilhallra manna, er ekki meta slíkt til skaðabóta, nema að mjög vel athuguðu máli. Aðalreglan er sú, að það er metið hvað á móti öðru, sú samgöngubót, sem er að veginum fyrir landið í heild sinni, sýsluna eða sveitina, sem vegurinn liggur um, og sá skaði, sem með því er gerður á jörðum einstakra manna eða almennings. Það hefir því iðulega komið fyrir, að engar bætur hafa verið greiddar, þrátt fyrir kröfur landeiganda og mat dómkvaddra manna. Sumstaðar hefir verið talið, að hagsmunir almennings af þeim samgöngubótum, sem þjóðvegir hafa jafnan í för með sér, væru miklu meira virði en lítilfjörlegt jarðrask, er af vegalagningunni leiddi, og þess vegna tæki engu tali að meta það til bóta. Bætur verða ekki metnar og greiddar, nema mikill skaði hljótist af fyrir ábúendur jarða.

Vegal. hafa það kerfi, að skipa vegum landsins aðallega í 3 flokka, þjóðvegi, sýsluvegi og hreppsvegi. Aðalreglan er að sjálfsögðu sú, og hin eina, sem er „praktiseruð", að hver aðili kosti sína vegi og beri ábyrgð á þeim, hrepparnir kosta sína vegi og bera ábyrgð á því verki, sýsluv. eru sumpart kostaðir af sýsluvegasjóðum, en oftast af sjóðum sýslnanna, og sýslurnar ráða því, hverjir leggja þá vegi og hvernig það er gert. Þjóðvegirnir eru kostaðir af ríkisfé, en þar sem hreppar landsins og sýslur hafa ekki nokkur afskipti af því, hvaða verkstjórar og verkamenn vinna við slíka vegi og hvernig verkið er framkvæmt, er mjög ósanngjarnt, að sýslusjóðum verði skylt að greiða skaðabætur fyrir jarðrask og landnám í sambandi við lagningu þeirra. Það er þvert á móti öllu náttúrlegu, að sýslurnar beri ábyrgð á verki, sem þær ráða engu um, ekki sízt eins og nú hagar til um atvinnu, vinnubrögð í ákvæðisvinnu og kaupgreiðslur. Það hefir iðulega átt sér stað, að menn í hlutaðeigandi héraði eru mjög óánægðir yfir því, hvernig vegir eru lagðir eða hvernig verkinu miðar áfram. Ég bendi á þetta m. a. til þess að sýna, hversu ósanngjarnt það er, að aðrir aðilar eigi að bera ábyrgð á verkinu en þeir, sem staðið hafa fyrir því. Ég get því sem stendur ekki talið verulega þörf á að koma með brtt. á vegal., en ef á að breyta þeim, vildi ég mælast til, að sú brtt. yrði sanngjarnari en þessi, sem nú liggur hér fyrir, sem sé að í stað þess, að sýslusjóðir eiga að greiða bætur fyrir jarðrask, er hlýzt af lagningu þjóðvega, skuli ríkissjóður greiða þær. Ákvæðið um, að sýslusjóðir skuli bæta slíkt, mun upphaflega hafa átt að styðjast við það, þótt lítil rök hafi verið færð fyrir því, að það væri svo mikill hagnaður fyrir héruðin að fá þjóðveg, að rétt væri að þau hefðu einhvern skell af, ef út af bæri. Þetta er nú alveg úrelt skoðun.

Samkv. ýmsum rökum, sem ég þekki frá fornu fari, mun það einnig hafa vakað fyrir þeim, er settu þetta ákvæði í vegal., að það myndi að líkindum verða gæflegar að farið að heimta bætur greiddar, ef sá aðili, er greiða skal, væri nær, sem sé sýslan, og þá myndi ekki verða farið eins hart í sakirnar eins og ef ríkissjóður ætti að bæta skaðann. Ég býst við, að þessum málum sé víða þannig farið enn þann dag í dag, þar sem skaðar fyrir jarðrask vegna vegalagninga eru metnir til bóta, muni skaðabætur ekki vera metnar eins ríflega, ef þeir eru nærri, sem greiða eiga, eins og ef þeir væru fjær, og ekki myndi slíkt sízt eiga við, ef ríkissjóður væri annarsvegar. En eins og ég gat um áðan, er sá varnagli sleginn við þessu, að skaðabæturnar eru metnar af dómkvöddum og óvilhöllum mönnum, svo að ekki er hætta á, að sérlega ósanngjarnar kröfur yrðu lagðar fram fyrir hlutaðeigandi aðila, eða að skaðabótakostnaður þyrfti að hækka óeðlilega.

Hitt er allskostar varhugavert, að gera upp á milli sýslufélaga, því að það geta orðið skiptar skoðanir um, að hve miklu gagni þjóðvegir séu fyrir héraðsbúa og einn þjóðvegur getur orðið til miklu meiri hagsmuna fyrir héraðið en annar. Sumir þjóðvegir eru e. t. v. næstum eingöngu lagðir fyrir héraðið sjálft, en aðrir eru ekki aðeins til afnota fyrir héraðsbúa, heldur einnig almenning á stórum svæðum. Lagning slíkra þjóðvega getur verið almennt aðaláhugamál fyrir heilan landsfjórðung, eða jafnvel enn stærri hluta landsins. Það er ekki unnt að skipa öllum þjóðvegum í sama flokk, hvorki vegum í Gullbringu- og Kjósarsýslu né Árnessýslu, sem hv. flm. þessa frv. bera sérstaklega fyrir brjósti. Þeir telja, að Krísuvíkurvegurinn verði einna sízt til hagsmuna fyrir þau héruð, sem hann liggur um, og þess vegna sé ekki rétt, að skaðabótaskyldan hvíli eingöngu á þeim, eins og er samkv. núgildandi l. Án þess að ég vilji fara frekar út í þetta, mætti nefna dæmi um fleiri þjóðvegi, sem gætu komið öðrum að meiri notum en héraðsbúum sjálfum. Menn vilja skorast undan að greiða bætur, og oft er ágreiningur um, hve miklar þær eigi að vera. En ef gera á breyt. á vegal. á annað borð, verður hún að ná miklu víðar en hér er lagt til.

*Flm. (Bergur Jónsson): Ég hefi ástæðu til að þakka hv. þm. V.-Sk. fyrir undirtektir hans undir þetta mál, því að hann viðurkenndi, að með þessu frv. væri um spor í rétta átt að ræða, enda þótt hann segði í lok ræðu sinnar, að þetta myndi skapa ranga uppgerð milli sýslufélaga, ef ætti að fara að gera upp á milli þeirra, en það yrði að gera, ef þetta frv. yrði samþ. eins og það liggur fyrir. Ég hygg, að svo þurfi ekki að vera. Meiningin með þessu frv. er að leggja áherzlu á það, að láta ríkissj. annast kostnað við vegi, þar sem um almennar samgönguleiðir er að ræða, en ekki þar sem vegir liggja innan héraða, og í flestum tilfellum mun vera mjög auðvelt að greina þar á milli. Ég vil taka undir það, sem hv. þm. V.-Sk. sagði, að réttast sé, að hrepparnir kosti þær bætur, sem greiða þarf vegna hreppavega, og sýslurnar greiði bætur fyrir lagningu sýsluvega úr sýsluvegasjóði eða sýslusjóði, og ríkissjóður greiði svo bætur vegna þjóðvega. Þetta er hin eðlilegasta regla.

En ástæðan fyrir því, að við flm. þessa frv. förum ekki lengra en hér um ræðir, var sú, að við bjuggumst við, að hagur yrði að því í svip að fá þá leiðréttingu, sem nefnd er í frv., en ég vil gjarnan taka höndum saman við hv. þm. V.-Sk. um að fá þessa reglu algerlega útfærða, ef það verður ekki til þess að eyðileggja þetta mál. Meining mín með þessu frv. var upphaflega sú, að koma þessari reglu í l. algerlega með tilliti til eins þjóðvegar, en eins og hv. þm. V.-Sk. gat um, er eðlilegast, að hver aðili kosti sína vegi að öllu leyti. Það skiptir engu máli, þótt hér kynni að blandast hreppapólitík inn í.

Ég er ekki þm. Gullbringusýslu, og það stæði því öðrum manni nær en mér að gæta hagsmuna hennar, þótt ég sé raunar oddviti hreppsnefndar, sem er einn af þeim aðilum, sem sérstök ábyrgð hvílir á í þessu efni. Ég tel það alveg sannað, sem vikið er að í grg. frv., að Krísuvíkurvegurinn er á engan hátt lagður með hagsmuni Gullbringusýslu fyrir augum. Hann er eingöngu lagður með tilliti til þess, að þannig fáist betri vetrarbraut milli hinna stóru héraða Suðurlandsundirlendisins og kaupstaðanna suðvestanlands heldur en Hellisheiðarvegurinn er. Þess vegna

var þessi vegur lagður, og hv. þm. V.-Sk. veit mjög vel, að þarna var ekki sótzt eftir neinu af hálfu Gullbringusýslu, heldur var fyrst og fremst um almennan þjóðveg að ræða, því að vegurinn liggur yfirleitt í óbyggðum og kemur Gullbringusýslu því að mjög litlum notum, a. m. k. alls ekki, ef miðað er við hagsmuni annara héraða. Ég veit, að hv. 2. þm. Árn. (BjB), *sem er meðflm. þessa frv., muni svara fyrir sig.* En þar sem hv. þm. V.-Sk. gaf í skyn, að hér væri um hreppapólitík að ræða, álít ég hana hér engu frekar frá minni hálfu en hans. Ég hefi alls ekki staðið að því, að þessi vegur var lagður. Hv. þm. V.-Sk. veit, að þarna var ekki verið að sækjast eftir hagsmunum G.-K. Vegurinn liggur uppi í óbyggðum, fyrir ofan sýsluna, og er henni að litlum notum. A. m. k. er það víst, að ekki var miðað við hagsmuni G.-K., þegar sá vegur var lagður. Hv. þm. V.-Sk. gaf í skyn, *að hér hefði verið um hreppapólitík að ræða.* Ég álít, að hann hafi ekki ástæðu til þess að kvarta undan þessum vegi, því að brautin milli Suðurlands og Rvíkur var ekki síður gerð fyrir hagsmuni Skaftfellinga heldur en Árnesinga.

***Eiríkur Einarsson:** Ég tók svo eftir, að hv. flm. óskaði, að þessu frv. yrði vísað til allshn., en ekki samgmn. Ég tel þetta að vísu ekki skipta miklu máli, en hygg þó réttast að vísa því til samgmn. og álít það bezt fyrir framkvæmd *málsins.*

Það er í rauninni eitt atriði í grg. frv., sem ég vil vekja athygli á. Það eru þær umbætur, sem kæmu til greina með framkvæmd málsins, að Krísuvíkurvegurinn yrði ekki aðalsamgönguleið milli Rvíkur og Hafnarfjarðar annarsvegar og Suðurlandsundirlendis hinsvegar. Í hvert skipti, sem rætt hefir verið um þetta mál, hefi ég undir þessum kringumstæðum viljað láta sjást, að þessi vegagerð er ekki hagkvæm til umbóta á þessari samgönguleið. Mér finnast samgöngubæturnar vera höfuðatriðið, sem kemur til greina í þessu sambandi. Það er ekki of seint að athuga það, meðan málið er ekki komið lengra, að færa það til betra horfs. Það er sannfæring mín og margra annara, að framtíðarvegagerð milli Rvíkur og Hafnarfj. annarsvegar og Suðurlands hinsvegar sé ekki rétt ákveðin með Krísuvíkurveginum.

Ég hefi alltaf haldið því fram, að Krísuvíkurvegurinn hafi verið ákveðinn meira sem pólitískur búhnykkur þeirra tíma heldur en hagkvæm samgönguleið. Það er svo fjarri mér að eyða mörgum orðum í þessa hlið frv., heldur líta beint á það. Það var gert gegn till. vegamálastj. að leggja veginn á þessum stað. Í slíkum málum sem þessum hefði vegamálastjóri átt að ráða úrslitum, en till. hans voru virtar að vettugi. Þegar maður kemur í hið fagra umhverfi Kleifarvatns og sér, hvar vegurinn á að liggja meðfram vatninu á dálítið glæfralegum stað, sýnist það vera vafasöm framkvæmd, miðað við, að hún megi verða til framtíðarnota.

Ég skýt því inn í til athugunar, að engar hömlur eru ennþá á því, að málið verði tekið til ýtarlegrar endurskoðunar. Ennfremur taka til athugunar fyrri ráð vegamálastjóra, að leggja veginn um Þrengslin, sem er langtum skemmri leið, allt að 30 til 40 km. Þetta þyrfti að athuga áður en lengra er haldið á þessari braut.

Ég kvaddi mér hljóðs fremur til að benda á þetta heldur en til að mótmæla frv. sjálfu, sem horfir í sjálfu sér í rétta átt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgmn. með 20 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 30. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 343).

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Frv. því, sem hér um ræðir á þskj. 285, var vísað til samgmn. hv. Nd., og hefir hún orðið sammála um þá afgreiðslu, sem gerð er grein fyrir í *nál.* á þskj. 343. Þar er lagt til, að 1. gr. frv. orðist svo:

„Síðari málsgr. 24. gr. l. orðist þannig: Bætur fyrir jarðrask og landnám vegna þjóðvegar greiðast úr ríkissjóði og reiknast með kostnaði vegarins.“ En reglan samkv. vegal., nr. 101 frá 19. júní 1933, er sú, að sýslusjóðir bæti allar skemmdir og jarðrask, er hlýzt af lagningu þjóðvega. En eins og kom fram hér í hv. Nd. við 1. umr. þessa frv., eru allmargir þm. þeirrar skoðunar, og samgmn. líka, að ef stiga ætti slíkt spor, að breyta þessu ákvæði vegal., ætti að stíga það til fulls, þannig, að allar bætur fyrir slíkar skemmdir og jarðrask færðust yfir á ríkissjóð. Þetta er sanngjarnt, og ekki þörf á að færa fram frekari rök fyrir því en áður hefir verið gert.

Samgmn. hefir eftir sinni venju borið málið undir vegamálastjóra, og hann skrifaði nefndinni bréf 22. þessa mán., er var á þá leið, að hann teldi sig vera mótfallinn því, að þessi kostnaður færðist yfir á ríkissjóð, en frekar hlynntur því, að skemmra væri gengið, eins og frv. hv. flm. fór fram á. Hann færði þær ástæður fram fyrir sínu máli, að það myndi yfirleitt reynast svo, þegar ákvarðanir yrðu teknar um skaðabætur, að kostnaðurinn af slíkum skemmdum myndi verða vægilegar metinn og auðveldara að greiða, ef viðkomandi hérað væri annarsvegar, heldur en ef allt kæmi á ríkissjóð. Vegamálastjóri hefir fengið skýrslu um þær skemmdir vegna vegalagninga, er metnar hafa verið til skaðabóta, og hafa þær næstum ávallt numið mjög lágum upphæðum. Þeir, sem eru kunnugir málavöxtum, vita, að hér getur ekki verið nema um smáar upphæðir að ræða og tiltölulega sjaldgæfar. Þegar tekið er tillit til þess, hve mikið er lagt af vegum hér á landi, má það teljast hrein undantekning, að greiða þurfi slíkar bætur. En samt, þar sem ranglætið er augsýnilegt, hefir n. viljað, að bótagreiðsla skyldi færast í rétt horf, og þrátt fyrir það, að ummæli vegamálastjóra féllu að nokkru leyti saman við skoðanir hv. flm. frv. leggur þó samgmn. til, að frv. verði samþ. með þessari breyt.

Bergur Jónsson: Ég þakka fyrir hönd okkar flm. þessa frv. samgmn. fyrir undirtektir henn-

ar. Hún hefir að vísu lagt til, að nokkru lengra verði gengið í að breyta vegal. en okkur flm. þótti fært að ganga. Hinsvegar erum við algerlega sammála samgmn., að það sé fyllsta réttlæti, sem farið er fram á í nál. á þskj. 343.

Pétur Ottesen: Ég vildi aðeins vekja athygli á því, að fyrir samgmn. liggur nú frv. um aðrar breyt. á vegal., sem allmargir þm. standa að, og vil ég spyrja, hvað n. hyggst fyrir um afgreiðslu þess.

Helgi Jónasson: Út af fyrirspurn hv. þm. Borgf. vil ég geta þess, að samgmn. hefir nýlega borizt bréf frá vegamálastjóra um þessi efni, og verður það athugað og skilað áliti um það.

ATKVGR.
Brtt. 343 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 366).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 75. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 77. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 9 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 366, n. 468).

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. hefir legið fyrir samgmn., og fjallar um það, hvort eigi að greiða bætur fyrir jarðrask, sem orsakast af vegalagningu. Þar er gert ráð fyrir því, að þeir greiði bæturnar, sem að öðru leyti kosta verkið. Samgmn. leggur til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.
Á 88. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 521).

---

55. Gjald af innlendum tollvörutegundum.

Á 67. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um gjald af innlendum tollvörutegundum (þmfrv., A. 327).

Á 69. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Af því að nokkuð er liðið á fundartímann, skal ég vera stuttorður um þau tvö frv., sem fjhn. flytur og eru á dagskránni nú. — Það frv., sem hér er til umr., er alveg nauðsynlegur fylgifiskur frv. til l. um tollskrá, sem liggur fyrir þinginu og má telja miklar líkur til, að verði afgr. sem l. Er það vegna þess, að með frv. um tollskrá eru tolll. frá 1911 numin úr gildi, ásamt framlengingum og breytingum þeirra l., en gjald af innlendri framleiðslu er miðað við og byggt á þeim l., þannig, að innlenda tollvörugjaldið er aðeins ákveðinn hundraðshluti af því gjaldi, sem samkv. tolll. er greitt af samskonar varningi, fluttum frá útlöndum. Verði því tollskráin samþ., verður um leið að ákveða, hvaða toll skuli greiða af innlendu tollvöruframleiðslunni. Milliþn. í skatta- og tollamálum hafði ekki lokið við að semja frv. um þetta atriði, og hefði þó að sjálfsögðu borið fram eitthvert ákvæði til bráðabirgða um þetta efni, en það er vitaskuld ekki óhugsandi, að þegar málefni iðnaðarins verða tekin til athugunar í n., þá geti henni dottið í hug að bera fram till. um framleiðslugjald af fleiri vörutegundum en gert er ráð fyrir í þessu frv. En það er a. m. k. ekkert varhugavert að lögleiða þetta frv. og skapa þá einskonar millibilsástand í þessum málum frá því tollskráin kemur í gildi unz ýtarlegar till. hafa verið gerðar í málinu. Ég er með þessu ekki að spá neinu um það, að milliþn. muni gera fleiri vöruflokka gjaldskylda; ég segi bara að það geti komið til athugunar.

Í þessu frv. er dregið saman efni úr 4 gildandi l., og verður það því handhægara í notkun en núgildandi lagaákvæði. Formi frv. er hagað svipað og tollskrárinnar. Því er skipt á sama hátt í kafla og vörur hafðar í töluröð. Á tollum eru gerðar smábreyt. í frv., en ekki eru þær svo verulegar, að ég telji ástæðu til að ræða þær sérstaklega. T. d. er gjaldið af lakkrís lækkað niður í þriðjung af núverandi tolli, og hefir þetta einnig verið gert í tollskránni. Er þetta gert vegna þess, að lakkrísinn, sem í sjálfu sér er engin ástæða til að hafa á móti, hefir horfið alveg af markaðinum. Stafar það af því, að framleiðslugjaldið, sem miðað var við innflutningsgjaldið af þessari vöru, var svo hátt, að framleiðslan gat alls ekki borið sig. Er framleiðslugjaldið nú lækkað úr 2.10 kr. af hverju kg. í 0.70 kr. á kg. — Þá eru smábreytingar á framleiðslugjaldi af ýmsum vörutegundum, til þess að ekki séu hafðir allt of margir gjaldaflokkar. Má þar nefna vindla, vindlinga, gosdrykki o. fl. Þessar breyt. eru ýmist til lækkunar eða hækkunar, en skipta engu máli. — Þá eru nokkur smáatriði enn í frv., t. d. það, að fjármálaráðuneytið, en

ekki lögreglustjórar, veiti leyfi til innlendrar tollvörugerðar. Þetta er fyrirkomulagsatriði, sem hentara þykir að haga á þennan hátt, þar sem starfsmenn fjmrn. hafa miklu betri aðstöðu til að vita, hvort nauðsynlegum skilyrðum til að geta öðlazt slíkt leyfi er fullnægt. Það er hvort sem er ráðuneytið, sem hefir eftirlit með innheimtu tollvörugjaldsins. Þetta er aðeins fyrirkomulagsatriði.

Í 4. gr. er gerð sú breyt., að í stað þess að vörur, sem fluttar eru út úr landinu, séu undanþegnar gjaldskyldu, skuli koma heimild til endurgreiðslu gjaldsins. Þetta þykir hentara í framkvæmd, því að raunverulega er ekki vitað með vissu um útflutning vörunnar fyrr en hún hefir verið send úr landi, og á aðili þá að geta fengið endurgreitt það, sem honum ber. — Þá er í 6. gr. ákvæði um það, að verksmiðjur verði að ráða yfir nægilega góðri geymslu fyrir hráefni o. fl.

Aðalatriðið í sambandi við þetta frv. er, að með því er verið að skapa nýjan grundvöll, sem hægt er að hverfa á um leið og tollal. frá 1911 verða úr gildi felld.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
3.—11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 74. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 17 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 327, n. 448).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti! Fjhn. hefir orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ., en hefir gert við það tvær lítilsháttar brtt. Þær eru báðar við 2. gr. Önnur brtt. er eins og menn sjá á þskj. 448, um það að lækka framleiðslutoll á maltöli um 5 aura á lítrann. Hin brtt. er um að lækka framleiðslutoll á öðru öli um 10 aura á lítrann, eða m. ö. o. að í 4. kafla, þar sem stendur maltöl, komi fyrir „15“ 10, og við 4. kafla 3 komi 20 fyrir 30. N. hefir farið þarna eftir till. mþn. í skatta- og tollamálum, en hún hefir komizt að þeirri niðurstöðu, sem fjhn. sýndist rétt vera, að þessi framleiðslutollur myndi vera of hár og þess vegna réttlátt að lækka hann.

Framleiðendur ölfanganna hafa sent kvartanir um, að ýmislegt til þeirrar iðngreinar væri óhæfilega hátt tollað. En af því að frv. mun ná inn í tollskrána, og auk þess er nú ekki nægur tími til þess að endurskoða það mál, sem kannske væri þörf á, þá sýndist mþn. að heppilegt myndi vera að breyta þessum tolli eins og segir á þskj. 448.

Ég vil svo fyrir hönd n. mælast til þess, að þessar brtt. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 448,a samþ. með 19 shlj. atkv.
— 448,b samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.
3.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 482).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 88. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 522).

---

56. Útsvör (gjalddagar og innheimta).

Á 44. fundi í Nd., 19. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. um útsvör, nr. 106 23. júní 1936 (þmfrv., A. 172).

Á 45. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég kann illa við, að þetta frv. fari svo í gegnum þessa hv. d., að ekki sé minnzt á innihald þess, sem sé þennan mjög aukna rétt, sem þarna er tryggður bæjar- og sveitarstjórnum til þess að innheimta og taka af kaupi manna útsvör. Í sjálfu sér er það raunar ekki nema eðlilegt, að útsvör, sem lögð hafa verið á, verði innheimt. En meðan ástandið er þannig í okkar þjóðfélagi, eins og upplýst hefir verið, meira að segja hér á sjálfu Alþ., að megnið af skuldlausum eignum auðmannastéttarinnar í landinu er svikið undan skatti, virðist æðihart, að verkamenn og starfsmenn og aðrir launþegar skuli sífellt fá þyngri og þyngri byrðar að bera og að sama skapi skuli vera hert á réttinum til þess að innheimta útsvör hjá þeim.

Við bárum hér fram fyrir tveimur þingum síðan (núv. þm. Sósíalistafl., þáv. Kommfl.) frv., sem fór fram á, að reynt yrði að ná til þess hluta auðæfa landsmanna, sem svikinn væri undan skatti. Ég benti þá á það í framsöguræðu minni, að um 20 millj. kr. myndu vera sviknar undan skatti hér í Reykjavík. Nú upplýsir hv. 1. þm. Reykv. í Ed., að það muni vera yfir 40 millj. kr., sem sviknar séu undan skatti í Reykjavík, mestmegnis verðbréf og skuldabréf með tryggingu í hinum og þessum fasteignum. Reiknað með normalrentu myndi þessi upphæð gefa 2—3 milj. kr. tekjur á ári.

Þó ekki sé nema eðlilegt að krefjast þess, að starfsmenn og verkamenn greiði sín útsvör, get ég ekki annað en verið á móti því að setja slík ákvæði um innheimtu þeirra og gert er í þessu frv., meðan sannað er og viðurkennt af Alþ., að 40 millj. kr. eru sviknar undan skatti. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti þessu frv., þótt það út af fyrir sig geti skoðazt réttmætt, ef ekki væru látnir ónotaðir slíkir tekjustofnar sem þessar skattsviknu eignir auðmannastéttarinnar í landinu.

*Frsm. (Garðar Þorsteinsson): Út af orðum hv. 5. þm. Reykv. vil ég aðeins benda á, að hvað sem segja má um það, að ekki komi allar eignir manna fram til skatts, þá er það sérstakt mál og þessu óviðkomandi. Ég hygg, að ekki geti verið ágreiningur um það, að betra sé fyrir báða aðila, bæði þá, sem greiða útsvörin, og eins fyrir bæjar- og sveitarstjórnirnar, sem taka við þeim, að höfð séu slík ákvæði um innheimtu þeirra og um ræðir í þessu frv. Það er vitað, að af ýmsum ástæðum hefir orðið mjög mikill kostnaður — og óþarfa kostnaður — í sambandi við innheimtu útsvara, sem stafar af því, að ekki hafa verið settar reglur um það, hvernig þau skuli innheimt, eins og gert hefir verið í öðrum löndum. Þau hafa verið innheimt á of fáum mánuðum ársins, og gjaldendur hafa ekki haft eins mikla möguleika á því að standa í skilum með þessi opinberu gjöld, vegna þess hvað þau hafa komið þeim að óvörum, ef svo mætti segja. Með þessu móti verða gjöldin miklu þyngri fyrir menn heldur en ef þeim er jafnað á 7—8 mánuði ársins og þau tekin jafnharðan af kaupi manna, eftir því sem fært þykir.

Um hitt atriðið, sem hv. þm. minntist á, er það að segja, að ég fæ ekki séð, að þær tölur séu sannar, vegna þess að meiri hl. þeirra bréfa, sem þar gæti verið um að ræða, er í vörslu sjóða, sem alls ekki eru skyldir til að svara slíkum opinberum gjöldum af þessum bréfum, eins og t. d. þau veðdeildarbréf, sem eru hjá hinum ýmsu sjóðum, sem alls ekki er skylt sem slíkum að greiða skatt eða útsvar af sínum eignum. Landsbankinn eða Útvegsbankinn hafa enga hugmynd um það, hjá hvaða aðilum þessi bréf liggja, svo að ég hygg, að þessi fullyrðing hv. þm. um þessar mörgu milljónir, sem sviknar séu þannig undan skatti, sé alveg gripin úr lausu lofti. Hv. þm. getur ekki sannað það með rökum. Það snertir ekki heldur það mál, sem hér liggur fyrir, heldur er hér verið að finna leið, sem viðtakandi útsvars megi una við, og líka sé heppilegri fyrir greiðanda.

Regla svipuð þessari er höfð í Danmörku, og ég hygg víðar á Norðurlöndum. Og n. sú, sem starfað hefir að undirbúningi þessa máls, sem var mþn., hefir í sinni grg. fært þau rök fyrir þessu, sem ég fyrir mitt leyti tek fullgild. Ég vænti þess, að þetta frv. gangi fram þegar á þessu þingi.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Ég vildi mótmæla því, sem hv. þm. kom fram með í síðustu ræðu sinni viðvíkjandi einu atriði, sem kom þar fram.

Það liggja fyrir upplýsingar um þetta frá hv. 1. þm. Reykv. í sambandi við frv., sem nú liggur fyrir Alþ., um vaxtaskatt. Og þetta hefir verið á vitorði manna hér í Reykjavík, að mikið hefir verið dregið undan skatti, og á ég ekki þar við þær stofnanir, sem samkv. l. eiga ekki að greiða skatt. Þær vitanlega svíkja ekki undan skatti. Hér er ekki einungis talað um verðbréf, heldur líka innstæður í sparisjóðum og bönkum. Ég hélt, að þetta væri minna heldur en hv. 1. þm. Reykv. sagði það vera, um 40 milljónir, sem sviknar væru undan skatti. Ég hafði haldið, að það væru milli 20 og 40 milljónir. Nú hefi ég ekki aðeins þessar heimildir frá hv. þm., heldur líka aðrar, sem ég hirði ekki að greina hér, þannig að ég álít óhætt að álíta, að það muni vera milli 30 og 40 millj., sem sviknar eru þannig undan skatti.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:2 atkv.

Á 47. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 47. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 6. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, 210, n. 376, 377, 383).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

*Frsm. (Magnús Gíslason): Allshn. hefir athugað frv. þetta ýtarlega og hefir orðið sammála um að leggja til, að það verði samþ. í öllum aðalatriðum, en þó með nokkrum breytingum. Ennfremur hefir hv. 2. landsk. þm. gert sérstaka brtt. við frv.

Frv. þetta er flutt af allshn. Nd. eftir beiðni ríkisstj., og tilgangur þess er að bæta úr þeim örðugleikum, sem komið hafa í ljós við innheimtu útsvara í landinu. Það er kunnugt, að víða hefir horft til vandræða vegna þessarar innheimtu. Bæði er það, að útsvör hafa hækkað hin síðustu ár svo mjög, að þau standa ekki í réttu hlutfalli við gjaldþol skattþegnanna, og eins er hitt, að margir þurfa að leita sér vinnu í öðrum landsfjórðungum, og eiga hreppa- og bæjarstjórnir þá mjög erfitt um vik að heimta inn útsvör, sem fallin eru í gjalddaga.

Aðalbreytingin á núgildandi löggjöf um útsvarsgreiðslur verður sú, ef frv. nær samþykki, að innheimtufyrirkomulagið breytist þannig, að innheimtan verður lögð á herðar þeirra, sem kaup eiga að greiða. Þá er hin breytingin, að gjalddögum megi fjölga með samþykki ráðherra og sýslunefnda. Fjölgun gjalddaganna verður þannig fyrir komið, að þeir, sem eru upp á fast kaup, greiði útsvör sin 1. dag hvers mánaðar. Um þetta atriði var nefndin ekki alveg sammála. Form. n., 2. landsk., vildi láta gjalddagana vera 10 talsins. Á þetta gat meiri hl. n. ekki fallizt vegna þess, að þá myndi útsvarsgreiðslur falla yfir á næsta gjaldár. Meiri hl. n. var aftur á móti þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri, að lögin sæju svo um, að útsvörin væru greidd að fullu á hverju gjaldári.

Róttækasta breyting frv. er ákvæðið um sjálfa innheimtuna, þar sem atvinnurekendum er lögð sú skylda á herðar að halda eftir af kaupinu til greiðslu á útsvarinu. Fyrirmælin um, að atvinnurekandi, sem hefir daglaunam. í þjónustu sinni, skuli halda eftir 1/10 af kaupi launþega til útsvarshluta, munu án efa gera innheimtu þessa auðveldari. Í 29. gr. laganna frá 1906 var tæpt á þessu, en framkvæmdirnar urðu litlar, vegna þess að ákvæðin voru svo ströng, að sveitarstjórnirnar gátu ekki framfylgt þeim. En með frv. þessu er gert ráð fyrir, að lögtök vegna útsvara verði óþörf og falli að mestu niður.

Breytingar n. miða aðallega að því að tryggja rétt útsvarsgreiðenda, að þeir greiði ekki meira en útsvarinu nemur, t. d. í þeim tilfellum, að menn fái kaup frá fleirum en einum kaupgreiðanda. Til tryggingar þessu hefir n. sett inn það ákvæði, að bæjarstjórn eða hreppsnefnd sé skylt að láta af hendi tvíritaða kvittanaeyðublaðabók við kaupgreiðanda, er síðan gefi útsvarsgreiðanda kvittun í hvert skipti, sem útsvar er greitt. Með þessu er það tryggt, að menn verði ekki krafðir um útsvar nema vissa sé fyrir skuldinni. Um þetta voru engin ákvæði áður. En af öllum þessum ákvæðum leiðir það, að útsvarsgreiðslan verður mál, sem eingöngu fer á milli kaupgreiðanda og bæjarstjórnar eða hreppsnefndar.

Ég geng út frá því, að mörgum muni þykja þetta nýja fyrirkomulag útsvarsgreiðslunnar harðar búsifjar, einkum fyrir kaupgreiðendur, og að því muni fylgja mörg óþægindi. Það skal játað, að nokkuð er til í þessu. En n. hefir ekki séð önnur ráð betri til að bæta úr þeim vandræðum, sem nú ríkja í greiðslu útsvara, og hún áleit þessa breyt. nauðsynlega, þrátt fyrir óþægindin. Í byrjuninni munu auðvitað verða nokkrir erfiðleikar um framkvæmd hinna nýju ákvæða, en óþægindin munu brátt hverfa, er menn fara að venjast þessu nýja fyrirkomulagi.

Um formshlið málsins er það að segja, að heppilegt þótti að fella 1. gr. inn í 29. gr., en fella niður 3. málsgr. 29. gr., sem er óþörf, ef frv. verður að lögum.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Hv. frsm. n. hefir gert grein fyrir till. n., og hefi ég þar engu við að bæta. Eins og hv. frsm. gat um, ríkti nokkur ágreiningur innan n. um gjalddagafjölgunina. Ég rakti fyrir n. skoðanir mínar á því, þegar hnigið er inn á þá braut að taka útsvar af kaupi manna. Það kemur mjög hart niður á fólki, þegar slíkur frádráttur er gerður, hvernig sem ástatt er, og ég er hræddur um, að það mundi verða í undandrætti hjá öllum þorra manna að taka útsvarsupphæðina af sínum mánaðarlaunum.

Ég er ekki í vafa um, að þótt þingið vilji kannske ekki ganga inn á þessa breyt. nú, þá mun fyrr eða síðar verða hnigið að því ráði, og sérstaklega mun krafa koma um það frá bæjunum.

Þá er sú mótbára gegn þessu, að svo og svo mikið af útsvarinu mundi verða ógreitt við lok reikningsársins. Þar er því til að svara, að eins og nú er, þá er svo mikið ógreitt af útsvörum við lok reikningsársins, að þar mundi ekki mjög mikil breyt. verða á nema að því leyti, að með þessu fyrirkomulagi mundi sá hluti upphæðarinnar, sem ógreiddur er við áramót, verða jafntryggur til greiðslu og fyrir áramót, og getur þá bæjar- eða sveitarfélagið eftir sem áður reiknað með þessum tekjustofni. Ég sé því ekki, að þessi mótbára sé óyfirstigandi í reyndinni.

Þá hefir því verið haldið fram, og ég skal viðurkenna, að það er rétt, að þetta fyrirkomulag er ekki hentugt fyrir sveitarfélög almennt. En ég vil benda á, að þetta eru heimildarlög, og hrepparnir eru því ekki bundnir við að taka upp þessa reglu.

Ég vil ennfremur benda á, að í nágrannalöndunum þekkist þessi regla, að innheimta útsvör mánaðarlega. Mér er kunnugt um, að sú mþn.,

sem hefir fjallað um þetta mál og innheimtu allra opinberra gjalda til ríkisins, mun yfirleitt hafa litið svo á, að hyggilegt væri að koma inn á svipaða reglu. Ég er ekki viss um, hvernig þetta er í sumum nágrannalöndunum, en t. d. í Danmörku er reglan sú, að mörg opinber gjöld eru innheimt mánaðarlega 10 mánuði ársins, en 2 mánuðir felldir úr, desember og júlí, til þess að létta undir með fólki. Annar þessara mánaða er hátíðamánuður, en hinn mánuðurinn er sá, sem á Norðurlöndum er almennt kallaður sumarfrísmánuður. Ég vil fylgja svipaðri reglu hér, því að mér er ljóst, að í Reykjavík er reynslan sú, að hver einasti maður, sem á þess kost, lyftir sér upp sumarmánuðina og fer út úr bænum, en það hlýtur alltaf að hafa útgjöld í för með sér. Um desembermánuð vita allir, að þá er ein aðalhátíð ársins, og þá eiga menn erfitt með að mæta slíkum útgjöldum. Af þessum ástæðum legg ég til, að þessir tveir mánuðir séu undanskildir.

Ég skal í þessu sambandi benda á, að með þeirri vaxandi dýrtíð, sem nú er hér á landi, er mjög erfitt fyrir meðalheimili, sem hefir 300—400 kr. á mánuði, að verða að klípa þar af kannske 50 kr. á mánuði í útsvar. Þessi útgjöld fara nú mjög hækkandi, og samkvæmt nýjustu hagskýrslum hafa skattar nú hækkað á einu ári um 13%. Þess vegna álít ég, að eigi að taka skattana á sem lengstum tíma. Um þetta mál gat ekki orðið samkomulag í n., en ég hygg, að hv. samnm. mínir hafi frekar litið á aðstöðu hreppanna en bæjanna í sambandi við þetta mál, en það er ekki nein hætta á, að þetta komi þeim að neinum baga, því að hér er aðeins um heimild að ræða, sem þeir eru sjálfráðir um, hvort þeir nota sér eða ekki.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég vil þakka n. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég tel mikla nauðsyn fyrir mörg bæjar- og sveitarfélög hér á landi að fá lagafyrirmæli eitthvað í þessa átt. Um langt skeið hafa komið umkvartanir frá mörgum bæjar- og sveitarfélögum, að innheimta útsvara gengi treglega og margir kæmu sér hjá útsvarsgreiðslu vegna þess, að svo óhægt væri um innheimtuna. Þess vegna vil ég fyrir mitt leyti mæla með, að frv. nái fram að ganga. Ég sé ekki, að frv. hafi í meðförum n. breytzt á verri veg svo að verulegu máli skipti, en n. hefir hinsvegar gert nokkrar breyt. á því til bóta. Hv. d. kannast við, að frv. er upphaflega runnið frá n., sem starfaði að þessum málum. Af því að ég fékk með þessi mál að gera í rn., bárust mér umkvartanir frá sumum kaupstöðum út af því, að þetta frv. náði ekki fram að ganga á fyrri hluta yfirstandandi þings. En úr því að það er komið svo langt sem raun er á orðin, þá geri ég ráð fyrir, að það muni ganga í gegn og verða að l. á þessu þingi. Og þar sem er eftir aðeins ein umr. í Nd., þá tel ég gætilegast að samþ. brtt. n., sem hér liggja fyrir.

Út af brtt. 2. landsk. get ég tekið undir, að æskilegast sé að hafa gjalddaga útsvars sem flesta og ganga þar eitthvað í þá átt, sem hann leggur til. N. leggur á móti þessu, af því að henni finnst ekki við það hlítandi, að gjalddagi nokkurs hluta útsvarsins sé ekki fyrr en á næsta gjaldári, og má segja, að nokkur rök séu fyrir því, en ég held, eins og hv. 2. landsk. sagði, að að því stefni, að gjalddagarnir séu fleiri en áður. Gæti þá komið til athugunar það, sem mér hefir komið í hug, hvort ekki væri rétt að breyta reikningsári sveitar- og bæjarfélaga. Þá mundi vera hægt að ná því, sem meiri hluti n. fer fram á, eða að binda sig við, að gjalddagarnir verði allir á greiðsluárinu.

Ég vil svo vænta þess, að frv. sigli hraðbyri gegnum d. og verði að l., því að ég tel það mjög aðkallandi nauðsyn fyrir mörg bæjar- og sveitarfélög, að eitthvað sé gert til umbóta í þessum málum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Þó að ég hafi ekki mikla trú á þessu frv., mun ég samt fylgja því.

Ég vil benda hv. 2. landsk. á, að ef till. hans verður samþ., þá er nauðsynlegt, að hann taki til athugunar, hvernig fer með útsvar, sem er greitt eftir áramót. Samkv. l. er útsvar greitt á árinu frádráttarhæft til skatts, en ef útsvar verður samkv. hans till. greitt á næsta ári eftir að það er á lagt, þá er það ekki frádráttarhæft, a. m. k. ekki árið, sem það er á lagt. Þess vegna verður hv. þm., ef brtt. hans er samþ., að koma með aðra brtt. við þetta.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðh. tók fram um, að að því mundi stefnt, að gjalddagarnir yrðu fleiri, þá skal ég ekki bera neitt á móti því. Það er heppilegast fyrir gjaldendur að geta greitt sem oftast. En þá er því aðeins hægt að fá allt útsvarið greitt á sama ári, að reikningsárinu sé breytt, eða þá að niðurjöfnunin sé færð svo langt fram í tímann, að innheimtan geti byrjað 1. marz, en ég hygg, að erfitt verði að koma því á.

Út af því, sem hv. 2. landsk. sagði, að meiri hl. n. mundi fremur hafa aðstöðu sveitanna fyrir augum, þá er því til að svara, að með þessu frv. er lagt til, að sama reglan gildi fyrir kaupstaði, sveitir og sjávarþorp. Það hefir ekki þótt hlýða að hafa sérstakar reglur fyrir kaupstaðina. Í sveitunum er það svo, að langhægast er að ná útsvörunum inn á haustin. En ef ætti nú að lögfesta, að greiðslan mætti dragast fram yfir áramót, þá er hætt við, að útsvörin tapist.

Hvað því viðvíkur, að ekki verði meira útistandandi en nú, þá er bersýnilegt, að ef greiðslur mega dragast fram yfir áramót, þá fá bæjar- og sveitarfélög minna fé handbært á þeim tíma.

Líklegt er, að bráðlega verði að taka þetta mál til nýrrar athugunar, en ég hygg, að þetta frv. feli í sér verulega réttarbót fyrir gjaldendur, þar sem lagt er til, að gjalddagi verði 7 sinnum á ári hverju.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Það eru aðeins nokkur orð. — Hv. 1. þm. N.-M. beindi þeirri fyrirspurn til mín, hvernig færi með frádrátt til skatts á því útsvari, sem greitt yrði eftir áramót. Það er einfalt mál. Sá, sem ekki greiðir útsvar fyrr en eftir áramót, getur auðvitað ekki dregið það frá skatti fyrr en á því ári, sem útsvarið er greitt. Og þetta er það, sem skeður eins og nú er. Nú

er fjöldi gjaldenda, sem á mikið ógreitt um áramót og getur því ekki dregið það frá skatti fyrr en næsta ár. Eins mundi verða hér. Hinsvegar geta þeir, sem vilja, vitanlega greitt fyrir áramót, og mundi engin bæjar- eða sveitarstjórn slá hendi á móti því.

Hv. frsm. sagði, að í þeim heimildarl., sem hér er um að ræða, sé sama reglan látin gilda fyrir alla. Hann færði fram sem rök, að greiðslan í sveitum færi aðallega fram á haustin. Það eru ekki miklar líkur til, að hrepparnir tækju þessa heimild upp. Þeir geta haldið við sína gömlu reglu, ef þeir vilja. Það er vitanlegt, að þetta frv. er komið fram fyrir atbeina bæjarstjórna, og kauptúnin vilja einnig tileinka sér þessa heimild, en á hinn bóginn sé ég ekki, að sveitarfélög tapi neitt á þessu.

Hv. frsm. álítur, að brtt. mín eigi ekki rétt á sér. Ég er þó þess fullviss, að ef hann athugar málið betur, þá hljóti hann að viðurkenna, að ég flyt hér rétt mál, því að það er rétt að stefna að því, að gjaldendur fái sem lengstan tíma til að greiða sína skatta, ekki síst nú, þegar dýrtíð fer sívaxandi.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta mál, en láta skeika að sköpuðu, hvernig fer með mína till., en mun ef til vill flytja aðra till. við 3. umr., ef þessi finnur ekki náð fyrir augum þessarar hv. d.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Ég býst við, að misskilnings gæti hjá hv. 2. landsk. Með hans till. er ætlazt til, að gjalddagi útsvars nái fram á mitt næsta ár eftir að niðurjöfnun er lokið. Eftir skattalögunum eru frádráttarbær þau útsvör, sem greidd eru á árinu. Ef þetta verður að l., þá er mikill hluti útsvars ekki frádráttarbær frá skatti það árið, sem það er lagt á. Þess vegna verður að breyta skattalögunum til þess að allt útsvarið verði frádráttarbært.

***Magnús Jónsson:** Ég skal ekki lengja mikið umr. um þetta mál.

Það er eðlilegt, að eftir því, sem beinir skattar verða hærri, því fleiri tilraunir komi til þess að ná þessum óskapa gjöldum inn. Þetta þyrfti ekki að vera svo, ef gjöldin væru ekki svo þungbær, að það væri svo að segja ómögulegt að rísa undir þeim. Þessir stórkostlegu örðugleikar við að innheimta öll þessi margvíslegu gjöld ættu að vera hv. þm. góð áminning um, að hér sé komið of langt.

Mþn. í skattamálum hafði látið athuga nokkuð þetta mál og látið semja till. um, hvernig heppilegast væri að haga innheimtunni. M. a. kom þar fram till., sem ég álít, að gæti verið mjög athyglisverð, sem sé hvort ekki væri rétt að sameina innheimtu beinna skatta, láta eina stofnun annast hana, og sé hún kostuð af þeim aðilum, sem hér eiga hlut að máli, sem sé ríki og bæ. En þetta er ákaflega vandasamt mál, og n. sá sér ekki fært að bera fram till. um þetta. Ég er viss um, að þetta verður mjög erfitt í framkvæmdinni, og sumt getur meira að segja snúizt til öfugs vegar. Við skulum segja t. d., að atvinnurekandi innheimti útsvar hjá fjölda manna, og að þessir menn hafi alltaf staðið í skilum með útsvarsgreiðslu, en að sá stóri herra, sem annast innheimtuna, skili ekki fénu. Þessi möguleiki er alltaf fyrir hendi, og getur þannig orðið stórfellt tap. Þetta þarf vel að athuga. Mér er líka kunnugt um, að mörgum er illa við, og finnst það vantraust, sem þeim er sýnt, ef þeir fá ekki að greiða sín gjöld sjálfir. Þeir spyrja, og það með réttu, hvaða ástæða sé til þess að draga af kaupi þeirra til greiðslu á gjöldunum, þar sem þeir hafi alltaf staðið í skilum. Það er alltaf varhugavert að vera að særa menn þannig að óþörfu.

Þá vil ég benda á eitt smáatriði, — það er innheimta útsvars af smáatvinnu, t. d. akkorðsvinnu eða daglaunavinnu. Ég held, að erfitt verði að eltast við slíkt. Hér eru t. d. fáeinir menn, sem hafa atvinnu við það að laga til í görðum, stinga upp götur, klippa tré og því um líkt. Ef nú á að draga 10% af hverjum 30—40 kr., held ég, að þetta verði erfiður eltingaleikur að ná þannig upp útsvarinu.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en aðeins minnast á það, sem hv. 1. þm. N.-M. sagði síðast, því ég veit ekki, hvort hv. frsm. er búinn með ræðutíma sinn, en ég held, að það sé rangt, sem hann hélt fram, að útsvar væri ekki frádráttarhæft nema frá því ári, sem útsvarið væri lagt á, — heldur mun vera frádráttarhæft það, sem greitt er á árinu.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Hv. 1. þm. Reykv. hélt því fram, að útsvör gætu tapazt vegna þess, að kaupgreiðandi stæði ekki skil á þeim. Þessi möguleiki er auðvitað til, en hinsvegar mun þetta bjarga svo mörgum útsvörum, sem annars hefðu tapazt, enda er það bæjarstjórn og hreppstjórn að kenna, ef eitthvað tapast, því þær eiga að ganga eftir greiðslum a. m. k. mánaðarlega.

Hann hélt því einnig fram, að það væri móðgun við þá menn, sem ávallt hefðu staðið í skilum með útsvarsgreiðslur sínar, að haldið væri eftir af kaupi þeirra, en þetta þarf ekki svo að vera. Það er ekki annað en að þeir greiði ½ útsvar sitt 1. dag mán. eftir að útsvarið hefir verið lagt á, en hinn helminginn 1. sept., eins og gert er ráð fyrir í l. — Ég er viss um, að bæjarstjórnin í Reykjavík t. d. myndi taka því feginsamlega að fá ½ útsvars greiddan þegar í stað, og láta svo hinn helminginn bíða til 1. sept. Þannig gætu menn haldið sínum venjum.

Hvað snertir þá, sem hafa daglaunamenn í þjónustu sinni, þá er það tekið fram í frv., að ef bæjarstjórnir eða hreppsnefndir vilja haga innheimtu útsvara eins og gert er ráð fyrir í frv., er þeim skylt að senda atvinnurekendum öll gögn í tæka tíð að lokinni niðurjöfnun útsvara, svo sem tilkynningu um útsvör gjaldenda, kvittanahefti o. s. frv. Það er þannig ekki gert ráð fyrir, að þessi skylda færist yfir á atvinnurekendur, nema því aðeins, að öll gögn séu fyrir hendi, og gildir þetta jafnt um þá, sem hafa daglaunamenn í þjónustu sinni og fasta starfsmenn, og þannig er byggt fyrir þau óþægindi, sem hv. 1. þm. Reykv. minntist á.

Að því er snertir þær umræður, er orðið hafa í sambandi við brtt. hv. 2. landsk., hvort leyfilegt sé að telja til frádráttar allt útsvarið, vil

ég aðeins geta þess, að frádráttarhæft er að minu áliti aðeins það, sem greitt er á gjaldárinu, en það, sem greitt er á næsta ári, kemur til frádráttar þá. Þetta held ég, að sé réttur skilningur á skattalögunum.

***Magnús Jónsson:** Það er í raun og veru mjög litið, sem okkur ber á milli, hv. 11. landsk. (MG) og mér. En mér skilst, að ef bæjarstjórn ætlar að nota þennan rétt sinn og tilkynnir það kaupgreiðanda, þá sé hann skyldur að halda eftir af mánaðarkaupi starfsmanna sinna, og þar með er búið að svipta þá réttinum til þess að greiða útsvar sitt sjálfir, nema því aðeins, að þeir greiði allt útsvarið strax. Annars er vitanlega mikil bót að 2. málslið a.-liðs, þar sem það er tekið fram, að bæjarstjórn beri að tilkynna atvinnurekanda í tæka tíð, ef hún óskar að innheimta útsvarið á þenna hátt.

Í sjúkrasamlagslögunum mun vera svipað ákvæði og í þessu frv., en samkv. þeim er hægt að láta vinnuveitanda halda eftir af kaupi starfsmanna sinna, ef þeir eru komnir í vanskil með greiðslu iðgjalda. Hér er gengið lengra, því hér verður að halda eftir af kaupinu, þótt útsvarsgreiðandi sé ekki kominn í vanskil.

Þá vil ég víkja fáum orðum að 2. málsl. b-liðar, um útgerð í félagi upp á hlut. Ég held, að það ákvæði verði erfitt að framkvæma. Við skulum segja, að 4 menn slái sér saman um bát og séu allir á bátnum. Ég held, að ómögulegt verði að fá menn til þess að halda reikninga í slíkum félagsskap. (**MG:** Þeir eru bókhaldsskyldir). Ég held, að varla komi til mála, að þeir séu bókhaldsskyldir, enda hvaða vit er í því að bókhaldsskylda slíkt fyrirtæki?

Þetta er aðeins eitt af mörgum atriðum, sem sýna erfiðleikana á framkvæmdinni, en þó að ég hafi bent á þessa agnúa, þarf það engu að hagga; frv. getur verkað í stórum dráttum til góðs, og ekkert annað en reynslan sker úr um það, hvað er til gagns og hvað ekki.

Ég mun því greiða frv. atkv. með brtt. allshn., og fyrir mitt leyti einnig brtt. hv. 2. landsk.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Mér heyrðist á ræðu hv. 11. landsk., að hann hefði misskilið orð mín í sambandi við það, hvað væri leyfilegt að færa til skattafrádráttar af greiddu útsvari. En ég held, að okkur greini þar ekkert á, því ég álít, að það útsvar, sem greitt er á árinu, komi til frádráttar þá, en það sem greitt er eftir áramót, telst frádráttarhæft á því ári.

Reynslan verður að skera úr því, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, hvað mikið gagn verður að þessum lögum; síðar kunna einnig að koma ýmsir agnúar í ljós.

Hv. 1. þm. Reykv. benti á vandkvæði á innheimtu útsvara samkv. 2. málsgr. b-liðs um útgerð upp á hlut. Þetta ákvæði var í frv. frá upphafi, og var lögð nokkur áherzla á það af utannefndarmönnum. Aftur á móti var tekin upp í frv. brtt. frá þm. Vestm., enda sjálfsagt að koma þar greiðsluskyldunni yfir á hlutarkaupanda.

Að öðru leyti mun ég ekki fjölyrða um frv.; vil aðeins benda á, að það mun lítill vafi á því, að frv. verki þannig, ef að lögum verður, að útsvör náist almennt betur inn en áður. Hitt er rétt, að það er óviðkunnanlegt að vera að tyfta saklausa menn, sem alltaf hafa staðið í skilum, með slíkum ráðstöfunum. Það var jafnvel rætt um það í nefndinni að gefa mönnum mánaðarfrest, en við vorum sammála um að láta jafnt yfir alla ganga.

Ég hygg, að enn megi gera ýmsar umbætur á frv., t. d. eins og hv. 1. þm. Reykv. benti á, að ef um vanskil af hálfu atvinnurekanda væri að ræða, væri útsvarsgreiðandi ekki í sökinni. — Læt ég svo útrætt um frv. frá minni hálfu.

ATKVGR.

Brtt. 383 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, ErlÞ, MJ, PHerm, SÁÓ, ÞÞ, BSn.

nei: HermJ, IngP, MG, PZ, BSt, EÁrna.

3 þm. (JJós, JJ, ÁJ) fjarstaddir.

Brtt. 377,1.a, svo breytt, samþ. með 8:2 atkv.

***Magnús Jónsson:** Mér skilst, að vafi geti leikið á um brtt. 383, sem að vísu hefir verið samþ. Ég býst við, að í brtt. hafi átt að standa „í stað orðanna“, en ekki „á eftir orðunum“. — Þetta þyrfti að leiðrétta við 3. umr.

Brtt. 377,1,b samþ. með 10:1 atkv.

— 210 kom ekki til atkv.

— 377,1,c samþ. með 10 shlj. atkv.

— 377,1.d samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.

Brtt. 377,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 394).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:1 atkv. og endursent Nd.

Á 78. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Nd., 18. des., var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 394, 474).

***Bergur Jónsson:** Frv. var flutt af allshn. á þingi því, sem var frestað í vor. Hv. 7. landsk. þm. var frsm. í málinu, en hann færðist undan því að tala í því, og því hefir það fallið í minn hlut að mæla með því.

Hv. Ed. hefir gert nokkrar formbreytingar á frv. og tvær efnislegar breyt., sem allshn. leggur til, að verði breytt. Ed. breytti a-lið í 1. gr. frv. svo, að á eftir orðunum „fyrir hvern mánuð“ komi: að undanskildum júlímánuði og

desembermánuði, og fari fullnaðargreiðsla útsvarsins fram á 10 mánuðum. Allshn. hefir aftur á móti lagt til, að greiðslutiminn verði 7 mánuðir og vill undanskilja júní- og desembermánuð og að greiðslutíminn nái fram í marz árið eftir. Í frv. er júlímánuður undanskilinn, en allshn. hefir álitið réttara að undanskilja júní, því að í þeim mánuði er oft mjög erfitt um vik að taka af kaupi manna. Desembermánuður er aftur svo mikill útgjaldamánuður, vegna jólanna, að sjálfsagt þótti að undanskilja hann líka.

Hin brtt. er við 2. gr., að 3. málsgr. 29. gr. falli niður. Samkv. þessari gr. mátti skylda kaupgreiðendur til að halda eftir hluta af kaupi fastra starfsmanna til greiðslu á útsvari. Þessi gr. verður auðvitað óþörf, ef frv. verður samþ., en þó ekki fyrr en útsvörin, sem til falla á þessu ári, eru greidd. Allshn. leggur því til, að 3. málsgr. 29. gr. verði ekki látin falla úr gildi fyrr en 1. okt. 1940.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson)**: Hv. frsm. gat þess í ræðu sinni áðan, að frv. þetta hefði verið lagt fyrir þingið síðastl. vor, en dagað þá uppi. Eftir að það hafði dagað uppi var leitað til manna í bæjar- og sveitarstjórnum, og var það alment harmað meðal þeirra, að frv. náði ekki fram að ganga. Ég vil því alveg sérstaklega leggja áherzlu á, að frv. verði ekki frestað enn einu sinni og að það geti orðið að lögum á þessu þingi. Hvað brtt. áhrærir, þá er hér um milliveg að ræða. Ég hallast að því sem frambúðarlausn, að gjalddagarnir verði 10. Mér finnst það einnig skynsamlegast, að hér á landi gildi hin sama regla og annarstaðar á Norðurlöndum, að undanskilja sumarleyfis- og jólamánuðinn. Annars vil ég ekki leggja upp úr ýmsum aukaatriðum í sambandi við þetta mál, eins og t. d. hvort 3. málsgr. 29. gr. l. eigi að falla niður strax eða 1. okt. 1940. Aðalatriðið fyrir mér er það, að tryggt verði, að höfuðbreyt., sem frv. gerir á núverandi útsvarslögum, nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi.

ATKVGR.
Brtt. 474,1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 474,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 88. fundi í Ed., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 494).

Á 89. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til einnar umr. (A. 494, 516).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 516. — Afbrigði um fyrra atriðið leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv. og um hið síðara með 10 shlj. atkv.

***Sigurjón Á. Ólafsson**: Þetta frv. hefir tekið þeirri breytingu í hv. Nd., að tíminn, sem útsvörin eiga að greiðast á, er styttur úr 10 mán. í 7 mán., og að fyrri mán., sem undanskilinn er útsvarsgreiðslu, verði júní í staðinn fyrir júli. Þetta getur staðizt, þótt ég teldi æskilegast að hafa það óbreytt. Hitt get ég ekki sætt mig við, að stytta tímann úr 10 mán. í 7. Ég færði rök fyrir því atriði hér í d. um daginn, og hún féllst á það. Ég vil því prófa það, hvort deildin hefir skipt skoðun, og ber fram brtt. á þskj. 516. Ég tel, að frv. hafi verið skemmt með breytingunni.

***Frsm. (Magnús Gíslason)**: Eins og hv. 2. landsk. gat um, hefir hv. Nd. breytt frv., og er aðalbreytingin að stytta greiðslutímann úr 10 mán. í 7. Það tel ég til bóta og legg til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Það var mjög mikill ljóður á frv., þegar komið var í það horf, að greiðslurnar færu að standa yfir allt árið, — síðustu mánaðargreiðslurnar mundu þá fara fram um það bil sem verið er að leggja næstu útsvör á. Nú er svo frá gengið í frv., að útsvarsgreiðslum sé lokið í febrúar árið eftir álagninguna. Það skiptir mjög miklu máli úti um land, að þær dragist ekki lengur. Til þess að afgreiðslu frv. sé ekki stefnt í voða, vildi ég mælast til þess við hv. 2. landsk., að hann tæki brtt. sína aftur.

***Sigurjón Á. Ólafsson**: Ég get ekki orðið við þeim tilmælum að taka brtt. aftur, því að hún á fullan rétt á sér. Nd. hefir fallizt á það princip, að útsvarsgreiðslu þurfi ekki að vera lokið fyrir áramót. Og þá skiptir það ekki miklu, þótt greiðslur skiptist á tíma, sem er 2—3 mán. lengri en nú er gert ráð fyrir, ef atvinnurekandi heldur þessu eftir, svo að greiðsla sé örugg. Hinsvegar hefir reynslan verið sú, að sveitarfélög nota ekki þessa heimild. Þau hafa heimild til að hafa gjalddaga útsvara tvo, og það nægir þeim flestum. Þessi breyting á l. er gerð fyrir bæina fyrst og fremst, enda þaðan komin krafan um hana. — Ég mun láta atkvgr. fara fram um brtt.

***Páll Hermannsson**: Það varð nokkur úlfaþytur hér um daginn yfir því, ef nokkur hluti útsvara þyrfti ekki að greiðast fyrr en í maí árið eftir álagninguna, og nú hefir þessu atriði verið breytt í Nd. — Mér er ljóst, að þessi regla gildir alls ekki hjá þeim mönnum, sem reka atvinnu sjálfir. En þetta mundi hinsvegar þýða dálitla tilhliðrun við fátæka verkamenn, ef greiðslurnar dreifðust meir, og mættu þó bæjarsjóðirnir þakka fyrir, ef það yrði svo í reynd, að öll útsvör væru að fullu greidd í maí. Hinsvegar skal eg geta þess, að mér er þetta ekki það mikið kappsmál, að ég vilji fyrir það hrekja þetta frv. út í Sþ., og af þeim ástæðum mun ég greiða atkv. á móti brtt. hv. 2. landsk. og láta frv. fyrir mitt leyti sitja við þá meðferð, sem það nú hefir fengið.

ATKVGR.
Brtt. 516 felld með 8:3 atkv.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 535).

57. Hafnargerð í Stykkishólmi.

Á 64. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um hafnargerð í Stykkishólmi (þmfrv., A. 313).

Á 66. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Thor Thors):** Það þarf ekki mörg orð til að fylgja þessu frv. úr hlaði. Nægir að vísa til grg., sem lýsir því, að ætlazt er til, að gerð séu hafnarmannvirki í Stykkishólmi. Frv. er flutt að tilmælum hreppsn. Stykkishólms og var undirbúið á fundi, sem haldinn var þar á staðnum. Í Stykkishólmi eru um 30 ára gömul hafnarmannvirki, timburbryggja, mjög úr sér gengin, svo að það er hin mesta nauðsyn að endurnýja hana og gera önnur mannvirki. Fyrst og fremst er aðkallandi að byggja þar bátabryggju, svo að vélbátaútgerðin hafi möguleika til þess að leggja afla sinn á land. Vitamálastjóri hefir gert áætlun um, hvað slík hafnargerð myndi kosta samtals. Hann taldi, að 300 þús. kr. myndu nægja, þó með því að leggja talsvert á erlent efni frá því, sem nú er. Hér er um stóra fjárupphæð að ræða, en ég tek það skýrt fram, að hreppsn. ætlaðist ekki til, að farið væri geyst af stað í þessum málum, heldur smám saman, eftir því sem geta kauptúnsins leyfði.
Frv. þetta er samið eftir hafnarlögum, sem sett hafa verið hér í þinginu á síðustu árum. Ríkinu er ætlað að veita nákvæmlega sama stuðning til þessarar hafnargerðar og mannvirkja af sömu tegund á öðrum stöðum landsins. Ég leyfi mér að vænta þess, að mál þetta fái góðar undirtektir, og legg til, að því verði vísað til sjútvn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 74. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 313, n. 350).

Frsm. (Bergur Jónsson): Eins og sést af nál. á þskj. 350, leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með mjög smávægilegum breytingum, sem eingöngu eru til þess að samræma það við gildandi reglur og önnur hafnarlög. Helzt er athyglisverð 2. brtt., við 7. gr., þar sem ákveðið er, að hafnarnefnd skuli kosin að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum, öll í einu lagi, í stað þess, sem frv. gerir ráð fyrir, að nefndarmenn gangi úr einn á ári, fyrstu árin eftir hlutkesti, og árlega sé kosinn maður í skarðið. Sjútvn. þótti rétt að samræma þetta við hreppsnefndarkosningarnar.

Thor Thors: Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. sjútvn. fyrir það, hversu vel hún hefir tekið þessu máli. Brtt. hennar eru yfirleitt smávægilegar, og ég get vel fellt mig við þær.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 350,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 350,2 samþ. með 18 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 350,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 350,4 samþ. með 18 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
12.—13. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 350,5 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
15.—18. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Nd., 6. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 380).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 77. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 79 fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 380, n. 493)
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá Nd., og eins og menn sjá, fer það fram á að skapa þessu kauptúni hafnarlög, en þau eru sniðin eftir þeim hafnarlögum, sem yfirleitt gilda hér á landi.
N. hefir haft frv. til athugunar og borið það saman við hliðstæð hafnarlög og ekkert fundið í frv., sem kemur í bága við þau. Ég held, að það orki ekki tvímælis, að sjútvn. telji mikla nauðsyn á, að hafizt verði handa um þá framkvæmd, sem hér er farið fram á. Hún er þess vegna því fylgjandi, að frv. verði að l., og mælir eindregið með því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—18. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 536).

---

58. Íþróttalög.

Á 13. fundi í Nd., 6. marz, var útbýtt:
Frv. til íþróttalaga (þmfrv., A. 37).

Á 15. fundi í Nd., 8. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Pálmi Hannesson): Herra forseti! Þetta frv. er flutt að ósk hæstv. kennslumálaráðherra af menntmn.

Tildrög málsins eru þau, að 15. apríl síðastl. skipaði forsrh. 9 manna n. til að taka til íhugunar íþróttamálin í landinu. N. var falið að rannsaka og leggja fyrir Alþingi till. um, hvernig hagkvæmast verði að efla íþróttastarf og líkamsrækt meðal þjóðarinnar, fyrst og fremst með það sjónarmið fyrir augum, að áhrif íþrótta til þroska og heilsubótar og hressingar nái til sem flestra í landinu. N. hefir, eins og grg. frv. ber með sér, rannsakað þessi mál samkvæmt því bréfi, sem hæstv. ráðh. skrifaði henni, og fyrsta niðurstaðan af starfi n. er frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 37.

Um það verður ekki deilt, að heilsa og vinnuþrek þjóðarinnar sé dýrmæt eign. Um það verður heldur ekki deilt, að íþróttir, rétt stundaðar, eru og hljóta að vera mjög þýðingarmiklar fyrir heilsu og vinnuþrek þjóðarinnar. Íþróttirnar eru uppalandi, — það viðurkenna allir utanlands sem innan —, en um leið varasamar, ef þær eru ekki rétt stundaðar. Þess vegna er það mjög eðlilegt, að ríkið láti þessi mál til sín taka, og það er ekki vonum fyrr í raun og veru, að slíkt frv. sem þetta er fram komið, því að eins og hv. d. er kunnugt eru hér á landi engin l. til um íþróttir. Íþróttaáhugi er nú mjög vaxandi hjá öðrum þjóðum, og á undanförnum áratugum hafa þær sett l. um íþróttamál. Má þar til fyrst nefna Norðurlönd og England.

N. rannsakaði ástandið í íþróttamálum á landinu, en eins og kunnugt er, hafa íþróttir hér á landi verið framkvæmdar af frjálsu framtaki meðal landsmanna, einkum unga fólksins. Það hefir með félögum sínum byggt upp þá íþróttastarfsemi, sem hér hefir verið rekin, að vísu með allmiklum og vaxandi styrk frá því opinbera, og jafnframt því hefir farið fram lögbundin íþróttastarfsemi í sambandi við skólana og þó öllu minni en í nágrannalöndunum.

Sú opinbera aðstoð, sem veitt hefir verið til íþróttamála, má segja, að hafi ekki verið skipulögð. Hefir farið mjög eftir ástæðum, hverjir hlotið hafa styrk frá því opinbera, og um þau mannvirki, sem reist hafa verið fyrir opinberan styrk, hafa ekki verið til nein almenn ákvæði, a. m. k. hafa ekki verið til nein lagafyrirmæli um setningu reglugerðar fyrir þau. Þetta taldi n. ekki æskilegt og hefir reynt að ráða bót á því með frv. því, sem hér liggur fyrir.

N. hefir frá upphafi verið einhuga um, að íþróttirnar eigi fyrst og fremst að hvíla á herðum áhugamannanna í landinu, eins og verið hefir, því að áhuginn er um alla hluti næsta nytsamlegur, og þó kannske allra mest um íþróttamál, því að íþróttirnar hafa það hlutverk, að beina inn í heilbrigða farvegi þeirri afgangsorku, sem einstaklingarnir hafa, einkum þó þeir, sem yngri eru, og áhuginn verður aldrei keyptur við fé, ekki fremur á sviði íþróttamálanna en á öðrum sviðum.

N. hefir reynt að beina frv. í þá átt, að opinber aðstoð um íþróttamál verði skipulegri framvegis en hingað til. Aftur hefir hún stillt kröfum um fjárframlög í hóf og lagt á vald þingsins, hve miklu fé verði til íþrótta varið.

Þá skal ég víkja nokkuð að frv. Það er í 6 köflum. Fyrsti kaflinn er um stjórn og skipun íþróttamála. Það er fyrst ákveðið, að íþróttamálin skuli heyra undir kennslumálaráðuneytið að því leyti sem hið opinbera lætur þau mál til sín taka. Er það aðeins lögfesting á venju og sjálfsagður hlutur.

Í 3. gr. er það nýmæli, að til aðstoðar ráðherra skuli vera íþróttafulltrúi og íþróttanefnd. Íþróttafulltrúinn skal vera sérfræðingur á sviði íþróttamála, en hafa auk þess almenna þekkingu um uppeldismál. Er gert ráð fyrir, að hann starfi í sambandi við skrifstofu fræðslumálastjóra og hafi fyrst og fremst eftirlit með íþróttastarfsemi í skólum, en geti verið til leiðbeiningar sem kunnáttumaður fyrir þá, sem vilja til hans leita um slíka hluti.

Eins og hv. d. er kunnugt, hafa að undanförnu verið settir eftirlitsmenn um ýmis opinber og hálfopinber mál. Getur því tæplega talizt freklega af stað farið um þessi mál, þó að gert sé ráð fyrir, að einn sérfróður maður hafi eftirlit með þeim af hálfu þess opinbera og sé almenningi til aðstoðar og leiðbeiningar í íþróttamálum.

Þá er annað meginákvæði í þessu frv., en það er, að stofna skuli íþróttasjóð. Þessi íþróttasjóður á að fá framlag frá ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til í hverjum fjárlögum, eða þá annan fastan tekjustofn, sem Alþingi leggur honum.

Eins og kunnugt er, hefir verið varið allmiklu fé til íþróttamála, beint og óbeint, en eins og ég gat um áðan, hafa þau framlög ekki verið skipulögð. Í þessu frv. er lagt til, að sérstök n. verði skipuð, sem hafi með höndum úthlutun fjár úr íþróttasjóði. Teljum við það heppilegra en að

Alþingi sjálft úthluti því til einstakra aðilja. Til þess að hafa stjórn sjóðsins með höndum er gert ráð fyrir, að 3 manna nefnd verði skipuð af kennslumálaráðh. Er gert ráð fyrir, að einn verði skipaður samkv. till. Í. S. Í., annar samkv. till. U. M. F. Í. Er með þessu leitað samvinnu milli þess opinbera og þeirra félagasambanda, sem hafa unnið ómetanlegt starf fyrir íþróttirnar í landinu. Ríkisstj. skipar svo þriðja manninn. Með þessu er reynt að tryggja samvinnu milli þessara félagasambanda og ríkisvaldsins til að úthluta fé úr íþróttasjóði og til annars þess, sem þessari n. verður falið.

Þá eru sett ákvæði um íþróttamannvirki almennt og skilyrði, sem íþróttafélög eða aðrir aðiljar verða að uppfylla til þess að geta orðið styrks aðnjótandi af hálfu þess opinbera.

Næsti kafli, sem er 3. kafli, fjallar um íþróttir í skólum. Þar eru settar nokkru strangari reglur en áður. Í fyrsta lagi eru það reglur um húsnæði til íþróttaiðkana, í öðru lagi um leikvelli og í þriðja lagi um íþróttagreinar. Frv. gerir ráð fyrir, að öllum fullþroskuðum, heilbrigðum börnum sé skylt að læra sund. Fram að þessu hefir sundkennsla verið mikið styrkt af því opinbera, og er það af tveimur ástæðum. Hin fyrri er sú, að sundið er mjög holl og heilsusamleg íþrótt, en sú síðari, að þessi íþrótt er sú, sem næst því er að bjarga mannslífum. Á hverju ári heyra menn um mörg slys og drukknanir vegna þess, að menn voru ekki syndir. Mannslífin eru dýr, og þegar það getur farið saman að stunda holla íþrótt og auka öryggi mannslífa hjá þessari sjómannaþjóð, sem einnig lifir við erfið landskilyrði, þá þótti n. alveg sjálfsagt að gera sund að skyldunámsgrein. N. rannsakaði skilyrði til sundnáms víðsvegar um land, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að heitar sundlaugar væru nú svo víða, eða þá skilyrði til að koma þeim upp, að vel væri fært þess vegna að gera sund að skyldunámsgrein. Þá eru líka sett ákvæði um, að heilsufræði skuli kennd í öllum skólum, og er það ákvæði sett vel vitandi um þær hættur, sem röng íþróttastarfsemi getur haft í för með sér. Ennfremur er gert ráð fyrir, og heilsufræðikennslan sé fyrst og fremst miðuð við líkamsrækt og vitneskju um skaðsemi eiturnautna.

Næsti kafli er um íþróttakennslu og skilyrði, sem sett eru um menntun kennara, sem takast megi á hendur kennarastarf við íþróttafélög eða skóla. En vegna þess, hvernig högum er háttað í landinu, þar sem mikið dreifbýli er, þá var horfið að því ráði, að setja í frv. ákvæði um íþróttakennslu í sambandi við héraðsskólana, sem veitti mönnum rétt til leiðbeininga í íþróttaiðkunum í sínum heimahögum. Ennfremur eru aukin skilyrði um íþróttakennslu í kennaraskólanum, þannig að þeir, sem þaðan útskrifast, séu færir um að kenna börnum íþróttir og veita leiðbeiningar í íþróttafélögum.

Þá kemur 5. kafli, sem er um frjálsa íþróttastarfsemi. Þar er því slegið föstu, sem alltaf vakti fyrir n., að hækka hlut frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu svo mikið sem unnt væri. Er hér veitt full viðurkenning þeim 2 félagasamböndum, sem hafa íþróttir á stefnuskrá sinni og hafa mest unnið fyrir íþróttamálin, en það eru U. M. F. Í. og Í. S. Í.

Þá er einnig gert ráð fyrir, að landinu verði skipt í íþróttahéruð. Er það nokkuð eftir útlendri fyrirmynd, en þó um leið fellt í skorður þeirra skilyrða, sem eru hér á landi. Það vakti fyrir n., að íþróttahéruðin séu ákveðin þannig, að þeir, sem þar eru og vilja stunda íþróttir, eigi sæmilega hægt með að því er samgöngur snertir að koma saman á þeim stöðum, þar sem skilyrði eru viðunandi og mannvirki hafa verið gerð til íþróttaiðkana. Það vakti fyrir n. að skapa í sveitum það, sem nefna mætti orkustöðvar, ekki raforkustöðvar, heldur mannlegrar orku, sem mættu verða til gagns og bóta fyrir unga fólkið í landinu. Þetta taldi n. mikið atriði.

Loks eru ákvæði, sem ekki féllu undir neinn kafla, t. d. meðferð íþróttamannvirkja, gildistöku l. o. fl., sem hv. þdm. sjá við lestur frv.

Viðvíkjandi styrkveitingum til íþróttaframkvæmda hugsaði n. sér, að þar yrði samstarf milli 3 aðilja, í fyrsta lagi félögin sjálf, að þau legðu fram ókeypis þá vinnu, sem þyrfti til að koma mannvirkjunum upp, sveitar-, bæjar- eða sýslufélag legði fram þá lóð, sem þyrfti fyrir íþróttamannvirkið, en það opinbera legði fram þær fjárhæðir, sem þyrfti. Þetta virtist n. eðlilegur og skynsamlegur grundvöllur til að reisa íþróttamannvirkin á.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara inn á fleiri atriði frv. við þessa umr. Ég vænti, að hv. þdm. sé ljóst, að hér er um allmikið menningarmál að ræða og að það er farið með fullkominni gætni í málið af hálfu n., einkum um fjárframlög. Ég vil einnig taka það fram, að meðnm. mínir hafa í þessum fyrsta þætti starfs okkar sýnt óvenjulega stefnufestu og óvenjulegan skilning á getu og þörf þjóðarinnar í þessum efnum. Menntmn. flytur frv., en einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til að koma fram með brtt. síðar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 16. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 37, n. 336).

Pétur Halldórsson: Herra forseti! Ég vildi leyfa mér að biðja hæstv. forseta að fresta meðferð málsins um sinn, til þess að mér gefist kostur á að koma fram með nál.

Forseti (JörB): Ég mun verða við þeirri ósk hv. 4. þm. Reykv., að málið verði ekki tekið fyrir að sinni, og er málið hér með tekið út af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 37, n. 336 og 351).

Frsm. meiri hl. (Pálmi Hannesson): Eins og hv. þd. er kunnugt, var þetta frv. á sínum tíma flutt samkvæmt tilmælum hæstv. kennslumrh. Það var samið af fjölmennri n., sem skipuð var

fulltrúum allra aðalfélaga og félagasambanda innan íþróttasamtakanna í landinu, og ennfremur fulltrúum frá skólunum. Menntmn. hefir farið yfir þetta frv. og gert við það nokkrar brtt. á þskj. 336. Þessar brtt. eru nokkuð margar, en skipta ekki miklu máli hvað efnið snertir. Fyrst og fremst eru það orðalagsbreyt., og er leitazt við að færa málið til betra horfs. Ég skal lauslega gera grein fyrir þeim brtt., sem mér þykja helzt skipta máli. Fyrst er brtt. við 2. gr.; þar stendur: „Kennslumrh. hefir yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka.“ En n. þótti réttara að setja fræðslumálastjóra í stað kennslumálaráðherra, og eru samsvarandi breytingar gerðar við síðari gr. frv., þar sem við þótti eiga. — Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að íþróttafulltrúi sé skipaður af ráðherra til 5 ára í senn, og launaður úr ríkissjóði. Þessu þótti n. rétt að breyta þannig, að fulltrúinn skuli skipaður til þriggja ára, og skiptir það raunar ekki miklu máli hvort heldur er. — Næsta brtt. er við 6. gr. og er að mestu orðalagsbreyt. Ég skal leyfa mér að geta þess, að inn í 4. gr. hefir slæðzt prentvilla. Þar stendur „Ungmennafélaga Íslands“ en á að vera Ungmennafélags Íslands. — Brtt. við 7. gr. er ekki efnisbreyt., nema við 3. tölul. Honum er nokkuð breytt, aðallega þannig, að fært er til skýrara og fastara horfs það, sem fyrir vakti með þessum tölul. — Sama er að segja um 8. gr. Þar er aðeins um orðalags, en ekki efnisbreyt. að ræða. — 9. gr. er lítilsháttar breytt. Gr. hljóðar um það að setja skuli reglugerð um mannvirki, sem styrks njóta af almannafé og er þar átt við íþróttamannvirki, og skal fræðslumálastjórnin setja reglugerðina, þar sem áður er gert ráð fyrir, að ráðh. setji reglugerðina. Er þessi breyting í samræmi við breyt. við 2. gr. — Brtt. við 13. gr. skiptir mestu máli af þeim brtt., sem fram koma á þessu þskj. Þar er gert ráð fyrir að bæta aftan við gr. ákvæði um það, að fræðslumálastj. skuli heimilt að veita skólum undanþágu frá sundskyldu um nokkur ár fyrst í stað, ef skilyrði eru slík, að slíkt teljist nauðsynlegt. Þetta þótti nauðsynlegt, einkum með tilliti til hinna afskekktari skólahéraða, þar sem þarf að koma börnunum langa vegu til sundnáms. — 20. gr. gerir ráð fyrir því, að enginn geti öðlazt réttindi sem sérkennari í íþróttum né rekið íþróttakennslu sem atvinnu nema hann hafi lokið íþróttakennaraprófi hér á landi eða öðlazt réttindi sem íþróttakennari áður en ákvæði frv. tóku gildi. — 22. gr. er nokkuð breytt, en það er fyrst og fremst orðalagsbreyting, eins og í hinum gr., sem breytt hefir verið. Í upphafi gr. segir, að við héraðsskólana skuli starfa sérdeildir fyrir íþróttakennslu, og skulu nemendur eiga kost á að stunda nám í þeim eftir eins vetrar nám í skólum. — Við 24. gr. er brtt., sem skiptir nokkru máli. Í frv. hljóðar þessi gr. svo með leyfi hæstv. forseta: „Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt l. þessum. Viðurkennd landssambönd íþróttafélaga eru Íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) og Samband Ungmennafélaga Íslands (U. M. F. Í.).“

Nú hefir það komið fram, meðal annars í bréfi frá Í. S. Í., sem birt er í áliti minni hlutans, að þessu sambandi eða stjórn þess hefir vaxið í augum, að U. M. F. Í. skyldi vera talið til, þegar íþróttasambönd eru viðurkennd af ríkisvaldinu. Til þess að kippa þessum þyrni úr holdi þessa aðila taldi n. rétt að fella þetta ákvæði burt, og er þess að vænta, að betur líki þá eftir en áður. En þess skal getið, að efnisbreyting er þetta lítil, því að með öðrum ákvæðum frv. er Í. S. Í. tryggð sú viðurkenning, sem telja má, að máli skipti. En það hefir frá upphafi verið ætlunin, að þetta samband yrði viðurkennt sem æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi í landinu, og að því lúta ákvæði um þátttöku þess í íþróttanefnd og loks með öðrum ákvæðum 24. gr., sem sé þeim, að það komi fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum og setji þær reglur, sem gildi um alla keppni innanlands. Aftur var litið svo á, að vegna verðleika sinna í þágu íþróttamálanna mætti nefna U. M. F. I. þarna með, en sú viðurkenning, sem máli skiptir fyrir það, eins og hitt, felst einnig í öðrum ákvæðum frv. Þess vegna var á það fallizt að fella hvorttveggja burt, fyrst það reyndist öðrum aðilanum hneykslunarhella. Þó þótti rétt að bæta aftan við þessa gr. ákvæði, sem var áður aftast í 26. gr. Það er gert til samræmis, en er engin efnisbreyt. — Þá er till. um að fella niður úr 25. gr. orðið „landfræðilegri“. Það er óþarft og miður fallegt, svo að það mun mega missa sig. — Aðrar breyt., sem gerðar eru till. um á þskj. 336, er ekki ástæða til að ræða. Síðasta gr., um gildistöku væntanlegra l., er orðuð skýrar en var í frv.

Ég vil vænta þess, að hv. d. geti fallizt á þessar brtt., sem meiri hl. menntmn. hefir borið fram. Málið hefir verið rannsakað allrækilega í n. og 4 af 5 nm. eru sammála um, að æskilegt sé, að frv. nái fram að ganga, þó með þeim breyt., sem ég hefi getið um, en það eru aðallega orðalagsbreyt.

***Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson):** Hér liggur fyrir hv. þd. frv. til íþróttalaga. Það er von, að mönnum fari svo, þegar þeir sjá þetta nafn, að þeir spyrji, hver æski þess, að íþróttal. séu samþ., og í hvaða skyni eigi að gera það. Ég heyrði á hv. frsm. meiri hl., að frv. væri borið fram eftir ósk hæstv. kennslumrh., sem hefði skipað n. til að undirbúa málið, og það sé hennar starf, sem liggur hér fyrir í frv. formi. Nú getur hæstv. kennslumrh. varla haft neina sérstaka ástæðu eða hvöt til að setja íþróttal., nema svo sé, að jafna megi til þess, sem er í ýmsum löndum, þar sem vitað er, að íþróttirnar eru teknar í þjónustu ríkisvaldsins. Það er svo í þeim löndum, sem einræði er, og kannske líka annarstaðar. Þar er með íþróttunum verið að undirbúa ungdóm landanna til hernaðar. En það getur ekki legið til grundvallar hér.

En það verður þó að viðurkenna, að íþróttir eru gagnleg iðkun, og það er ekki ástæðulaust, að hið opinbera eða ríkisvaldið stuðli að því á einhvern hátt, að þessi starfsemi í landinu megi ná takmarki sínu. Hingað til hefir það aðallega komið fram í því, að ríkið hefir stutt

íþróttastarfsemi í skólum og veitt fjárframlög úr ríkissjóði til íþrótta. En spyrja má: Er ástæða til vegna þess arna að samþ. íþróttal. og hvað er eðli þess máls og hvað eiga slík íþróttal. að fela í sér?

Ef farið er yfir frv., þá sést, að mikill hluti þess er um íþróttir í skólum landsins. Frv. skiptist í kafla, og er I. kaflinn um stjórn íþróttamála, og er efni hans það, að íþróttamálin eru lögð undir vald ráðh. Það er með öðrum orðum verið að koma á ríkisrekstri á íþróttum að meira eða minna leyti. Þessi rekstur er látinn heyra undir einn af ráðh. landsins til eftirlits og afskipta, eins og segir í frv. Ég hefi talið það lauslega, að á 15 stöðum er gert ráð fyrir fyrirmælum ráðh. í reglugerðarformi eða öðru formi til afskipta af íþróttastarfseminni í landinu. Hann á að hafa sér við hlið mann, sem heitir íþróttafulltrúi, og einnig íþróttanefnd.

Þetta er það, sem snýr að yfirstjórn íþróttamálanna.

II. kaflinn er um íþróttasjóð. Mér þykir það skiljanlegt, að það geti þótt hentugt, að koma á einhvers konar skipun um úthlutun þess fjár, sem ríkið veitir á fjárl., til þess að tryggja það, að fé því, sem veitt er úr ríkissjóði, sé varið á sem skynsamlegastan hátt. Eins og nú er, má kannske gera ráð fyrir, að það sé duttlungum háð, hvað mikla fjárveitingu Alþ. samþ. til íþrótta. Það má þess vegna teljast gagnlegt, að þingið komi upp einhverri stofnun, og þá helzt nefnd manna, sem taki að sér að úthluta því fé, sem árlega er veitt til íþróttastarfsemi í landinu. Ég er ekki frá því, að það sé góð hugmynd og til þess löguð að taka af Alþ. óþægindi og tryggja, að fé því, sem Alþ. veitir, sé betur varið en nú er.

III. kafli er um íþróttir í skólum. Þann kafla á ég fyrir mitt leyti erfitt með að skilja, því öll íþróttastarfsemi í skólum er nú þegar háð fyrirmælum fræðslumálastjórnarinnar. Ef einhverjar breyt. eða bætur eru gerðar á íþróttakennslunni í skólum, þá má gera það með fyrirmælum kennslumálastj. Að því leyti er þessu ofaukið í þessu frv., því fræðslulögin segja fyrir um höfuðdrættina í því, hvernig íþróttakennslu í skólum eigi að haga. Það ætti að vera fullnægjandi, nema svo sé, að ekki hafi tekizt að haga íþróttastarfseminni í skólum svo sem æskilegt mætti þykja.

IV. kaflinn er um íþróttakennslu. Ég hélt í fyrstu, að þar væri verið að stofna til 2 nýrra skóla. En það hefir verið upplýst, að svo er ekki. Það fer nú þegar fram kennsla í íþróttakennslu í landinu. En það mun eitthvað eiga að auka hana. Í frv. er svo fyrir mælt, að í kennaraskólanum skuli kenna öllum körlum og konum íþróttakennslu. Í grg. frv. segir um þetta, að það kunni að koma illa við ýmsa, sem vilja stunda kennaranám, en séu kannske ekki líkamlega hraustir eða svo af guði gerðir, að þeir geti ekki tekið slíka kennslu að sér. Um þetta segir ennfremur í grg., að þeir, sem ekki geti tekið að sér íþróttakenslu, ættu yfirleitt ekki að ganga á kennaraskólann. Mér finnst þarna vera gengið nokkuð langt, enda er það gert í fleiri stöðum í frv.

V. kafli frv. er um frjálsa íþróttastarfsemi. Hún hefir nú verið rekin hér á landi í langan tíma, og nú má spyrja: Er þessi frjálsa íþróttastarfsemi, sem haldið er uppi í landinu þess eðlis, að hún finni til þarfar á löggjöf um þessi atriði? Mér hefir ekki skilizt af þessu frv., að hin frjálsa íþróttastarfsemi í landinu muni með þessari löggjöf njóta sérstakra fríðinda umfram það, sem hún nú hefir, en það eru styrkveitingar úr ríkissjóði til hinnar frjálsu íþróttastarfsemi. Ég fæ ekki séð, að hin frjálsa íþróttastarfsemi hagnist á nokkurn hátt af þessari löggjöf. Það liggur að minnsta kosti ekki í augum uppi.

Þetta er efni íþróttalöggjafarinnar. Ég verð að segja, að ég sé ekki í fljótu bragði nauðsynina á að setja svona íþróttalög, nema ef vera skyldi að ríkið eða ríkisvaldið hefði eitthvert takmark fyrir augum, sem það teldi, að það myndi frekar ná með því að leggja íþróttastarfsemina í landinu undir beint eftirlit ríkisvaldsins. Ég efast um, að benda megi á nauðsynina á því, að svo miklu leyti sem lesa má af þessu frv. Við skulum nú samt segja, að það þyki rétt að setja íþróttalög, og ég heyri sagt, að íþróttafólk í landinu muni að einhverju leyti standa bak við þetta frv., eins og líka má sjá af því, að einhverjir íþróttamenn hafa verið í þeirri nefnd, sem samdi frv., en þá er annað atriði, sem mér þykir máli skipta í þessu sambandi, og það er, að í landinu hefir til þessa verið félagsskapur, sem haft hefir forgöngu um íþróttamál og er sameiginlegur félagsskapur allra þeirra, sem stunda íþróttir, en það er íþróttasamband Íslands. Ég verð að líta svo á, að í slíkri lagasetningu teljist það eðlilegt, að Í. S. Í. sé falið að hafa forystuna, svo sem verið hefir, um öll íþróttamál og það eitt væri talið fulltrúi íþróttanna, en þá jafnframt ætlazt til, að öllum íþróttafélögum í landinu væri gert jafnt undir höfði um þátttöku í Í. S. Í., enda væri það talið til forsvars öllum íþróttamálum gagnvart ríkisvaldinu þar, sem gert er ráð fyrir, að ríkið taki til sinna mála um afskipti af þessum málum.

Þetta er í samræmi við óskir Í. S. Í., eins og hv. þm. sjá af bréfi þess, sem prentað er með minni hl. áliti mínu, en þar fer Í. S. Í. fram á. að það sé talið fulltrúi hinnar frjálsu íþróttastarfsemi í landinu. Mér þykir það varla fært að setja löggjöf um íþróttamál, sem fer að miklu leyti á móti óskum Í. S. Í., og ég hygg, að það sé óráðlegt að gera það. Ég tel þess vegna rétt að fresta málinu um sinn og reyna á meðan að fá fullkomið samkomulag við Í. S. Í. um afgreiðslu málsins. Ég hefi því leyft mér að leggja fyrir hv. d. svofellda rökst. dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstj. takist að ná fullu samkomulagi við Íþróttasamband Íslands um íþróttalöggjöf, telur deildin rétt að fresta lagasetningu um þetta efni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Þessi frestur yrði þá fyrst og fremst og frá minni hálfu eingöngu ætlaður í því skyni að ná fullu samkomulagi um slíka íþróttalöggjöf við Í. S. Í.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Ég er af ýmsum ástæðum þeirrar skoðunar, að þetta frv. til

íþróttalaga sé til töluverðra bóta viðkomandi íþróttum frá því sem nú er. Ég get jafnframt upplýst það, sem raunar hefir verið tekið fram áður og einnig af hv. 4. þm. Reykv., sem er andvígur frv. að nokkru leyti, af sérstökum ástæðum, sem hann hefir komið fram með, að íþróttamenn eru yfirleitt fylgjandi því, að íþróttal. séu sett, eins og kemur fram í bréfi Í. S. Í., sem vill aðeins fá nokkra breyt. á frv. Þeir íþróttamenn, sem hafa undirbúið frv., eru úr öllum fremstu íþróttafélögunum í Reykjavík.

Hv. 4. þm. Reykv. drap á, að það gæti ekki verið sérstök ástæða fyrir kennslumrh. að beita sér fyrir því, að sett væru l. um íþróttamál, nema grípa ætti til þess að leggja íþróttirnar undir ríkisvaldið, eins og sumstaðar tíðkast. Hann gat þess líka, sem er rétt, að ekkert slíkt væri tilætlunin með þessu frv. Það leynir sér heldur ekki á frv., að engin slík ákvæði eru í því, sem að neinu leyti nálgast það. Ég álít mig líka vera einn af þeim mönnum, sem eru þeirrar skoðunar, að ríkisvaldið eigi ekki að óþörfu að vera að hafa afskipti af málum, enda veit ég ekki til, að ég hafi stutt frv., sem styðja að því, að ríkisvaldið hafi á einhvern hátt íhlutun um opinber mál, sem ekki er til bóta, að það hafi. Við, sem erum við völd á hverjum tíma, ættum að skilja það, að sá tími kemur, sem við förum ekki lengur með völd. En hvor okkar hv. 4. þm. Reykv. það er, sem fer með völd, þá álít ég, að frv. sé til bóta frá því, sem nú er.

Til þess að benda hv. 4. þm. Reykv. á, hve fjarri lagi það er, að frv. taki á nokkurn hátt til hinnar frjálsu íþróttastarfsemi, þá þarf ekki annað en lesa 24. gr., þar sem tekið er fram, að íþróttastarfsemi utan skólanna sé haldið uppi af frjálsu framtaki landsmanna. Íþróttamenn eru yfirleitt sammála um, að það sé ávinningur í því, að íþróttal. séu sett, enda hafa þeir reynt að greiða fyrir frv. á Alþ., en ágreiningur sá, sem er um þetta frv., er vissulega ekki stórvægilegur, enda er hægt að segja, að það sé á allan hátt eðlilegt, að þessi litli ágreiningur sé til staðar. Það er ekki nema eðlilegt, að Í. S. Í., sem unnið hefir mest að íþróttamálum landsins, fari fram á, að það fái þau völd yfir íþróttamálunum, sem ríkið tekur sér með þessari leiðbeiningastarfsemi, sem ríkið ætlar að takast á hendur með frv.

Það er þess vegna út af fyrir sig ekkert við það að athuga, þó Í. S. Í. fari fram á þetta, en rök þau, sem það færir fyrir því, eru ekki veigamikil. Ég tel, að þar sem ríkið veitir talsverðan styrk til þessara mála, þá sé það eðlilegt, að þeir menn, sem fara með þann þátt íþróttamálanna, sem ríkið lætur til sín taka, taki að einhverju leyti völd sín af ríkinu. Þar er gengið svo langt til þess að láta hina frjálsu íþróttastarfsemi njóta sín, að nefnd sú, sem á að fjalla um þessi mál, er skipuð eftir tillögu Í. S. Í. og U. M. F. Í. og einn samkvæmt till. ráðh. Fulltrúar hinna frjálsu íþróttasamtaka hafa því meiri hl. í nefndinni.

Það sem sérstaklega veldur því, að ríkið á ekki að láta þessi mál afskiptalaus, er það, að þó talsvert hafi verið um íþróttaiðkanir í landinu, þá hafa þær verið stundaðar þannig, að þær hafa ekki komið að hálfum notum fyrir þjóðina. Við, sem stundað höfuð íþróttir, vitum, að fjöldi af þeim mönnum, sem stundað hafa íþróttir, hefir stundað þær þannig, að þær hafa verið þeim til tjóns, en ekki til gagns. Í þessu felst ekki nein sneið til Í. S. Í., sem haft hefir forgöngu um þessi mál og margt vel gert. En það hefir tæpast talið það sitt hlutverk að afla þeirra leiðbeininga og upplýsinga fyrir íþróttamenn, sem nauðsynlegar eru. Það hefir t. d. hvergi í nokkru landi, þar sem íþróttir eru stundaðar, verið gefið jafnlítið út af leiðbeinandi bókum um það, hvernig eigi að stunda íþróttir til þess að hafa gagn af þeim, eins og hér á landi. Ein af þeim beztu bókum, sem gefnar hafa verið út um slík efni hér á landi, hefir verið gefin út af bókaútgáfufélagi fyrir forgöngu áhugamanna. Það má fullyrða, að margt af því fólki, sem fer hér á skíði, hefir meira ógagn af því en gagn. Það gengur kannske 6—7 klst., sem áreiðanlega er óhollt og hefir oft í för með sér ofreynslu. (**PHalld.**: Í frv. er engin heimild til að banna slíkt.) Það er engin heimild til þess, en leiðbeiningar eiga að vera til þess að koma í veg fyrir slíkt. Eitt af því, sem kemur fram í „Skíðabókinni", eru leiðbeiningar um þetta atriði. Fyrir það, að þessi leiðbeinandi bók var gefin út í Noregi, þá hafa Norðmenn haft meira gagn af þessari íþrótt en allar aðrar þjóðir. Það kemur árlega fyrir, þar sem íþróttakeppni er stunduð utan skólanna, að það eru of ungir menn, sem stunda þessa keppni, menn sem ekki eru nægilega undirbúnir. Það er slík leiðbeiningastarfsemi, sem ríkið getur ekki látið dragast lengur að taka að sér. Ef ríkið ver fjármunum til þess að efla íþróttastarfsemina, þá verður það að sjá um, að þeir fjármunir komi að gagni. Og það er einmitt tilgangurinn, sem kemur greinilega fram í þessu frv., sérstaklega í 3. gr. þess.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að ef þetta frv. verður að l., og sú leiðbeiningastarfsemi, sem ráðgerð er, kemur til framkvæmda, mun það verða þjóðinni allri til meira gagns en margan grunar. Ég hefi stundað íþróttir svo mikið, og svo mikið hefi ég umgengizt íþróttaiðkendur, að ég veit, að íþróttir, sem ekki eru iðkaðar eftir réttum reglum, eru stórhættulegar. Mér er minnisstætt, að Guðmundur heitinn Björnsson landlæknir kom einu sinni upp í leikfimissal menntaskólans, þar sem við nokkrir strákar vorum að æfingum. Hann sá, að ég var kappsfullur í leiknum, og gaf sig á tal við mig. Ég fór síðan heim með honum og hann ræddi við mig um íþróttir og gaf mér leiðbeiningar. Loks gaf hann mér bók um þetta efni, — fyrstu bókina, sem hann þýddi um íþróttir, og aðra til. Hann brýndi fyrir mér, hvers gæta þyrfti í sambandi við íþróttaiðkun, ef réttur árangur ætti að nást.

Það er skoðun mín, að leiðbeininga sé mikil þörf á þessu sviði, og tilgangur frv. er, að koma þeim á. Þar sem þetta er almennt áhugamál íþróttamanna, vil ég mælast til þess, að greitt verði fyrir frv. eftir föngum. Mér þykir leitt, að hv. 4. þm. Reykv. skuli ekki geta orðið mér sammála um frv., en ég vil enn benda honum á, að ágreiningurinn við Íþróttasamband Íslands

er ekki stórvægilegur. Hann er einungis um það, að Í. S. Í. vill fá að taka að sér þetta leiðbeiningastarf í aðalatriðum, sem ríkið ætlar að hefja. En í frv. er séð fyrir því, að starfsemi Í. S. Í. verði alveg frjáls og óheft, svo sem verið hefir. Hér er lagt til að ríkið, í samráði við Í. S. Í. og U. M. F. Í., kynni sér hvernig því fé er varið, sem fer til íþróttamála, og beiti sér fyrir, að því verði varið á sem skynsamlegastan hátt. En það er öllum frjálst að stunda íþróttir án afskipta ríkisvaldsins. Aðeins vill ríkið vita vissu sína um það, að þeim styrkjum, sem það veitir, sé varið hagkvæmlega. Ég held, að þótt frv. yrði vísað frá nú, þá getum við ekki vænzt að fá um málið betra samkomulag síðar, — nema ríkið vilji alveg afsala sér þeim rétti, sem það hefir samkvæmt þessu frv., til annara aðila.

Tel ég svo ekki ástæðu að segja meira um málið að sinni.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Hannesson): Þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, hefðu að mínu áliti átt betur heima við 1. umr. málsins, en þar sem hv. 4. þm. Reykv. sat þá ekki í d., er skiljanlegt, að hann drepi hér á grundvallaratriðin, sem vaka fyrir mönnum með flutningi þessa frv. Hv. 4. þm. Reykv. gat þess fyrst í ræðu sinni, að hér væri á ferð frv. til **íþróttalaga.** Það var eins og hann brigðist ókunnuglega við því, að íþróttir gætu átt sér málsvara á löggjafarsamkomu þjóðarinnar. Hann lét þess getið, að í einræðislöndunum myndu að vísu vera til íþróttalög, sem hefðu þann tilgang, að búa æskulýðinn undir herskyldu. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að í hverju einasta menningarlandi heimsins, meðal annars í öllum lýðræðislöndunum, eru íþróttalög, og þau mjög fullkomin. England er þar í fararbroddi, og má þó e. t. v. segja, að það hafi hernaðarlegra hagsmuna að gæta, en Norðurlöndin eru líka langt á veg komin um íþróttalöggjöf og íþróttastarfsemi, — ég legg áherzlu á íþróttalöggjöf. Það er því ekki fyrr en vænta mátti, að við Íslendingar hefjumst handa um slíka lagasetning. Hv. 4. þm. Reykv. vildi líta svo á, að með lögum þessum væri tilraun gerð til þess að draga íþróttastarfsemi undir ríkisvaldið úr höndum félaga og stofnana, sem hafa með þau mál farið. En nú er þess að gæta, að samkv. þessu frv. kallast bæði leikfimi og einstaklingsíþróttir, þ. e. svokallaðar útiíþróttir, **íþróttir.** Það er og kunnugt mál, að fimleikar hafa verið stundaðir í öllum skólum landsins um langt skeið. Og það er ennfremur vitanlegt, að íþróttir eru og geta verið stundaðar bæði til góðs og ills, og veltur það á þekkingu þess, er íþróttina iðkar, og leiðbeinandans, hvort verður. Ég vil leyfa mér að segja, að hvorutveggja muni vera mjög ábótavant. Hvort l. ráða bót á þessu, verður ekki sagt um nú, en með þeim er gerð tilraun til að bæta úr þessu, eins og hæstv. forsrh. gat um. — Hv. 4. þm. Reykv. virtist dálítið undrandi yfir því, að íþróttamál væru tekin til meðferðar á Alþ. Því ekki það? Höfum við ekki sett l. um heilbrigðisnefndir, heilbrigðisfulltrúa og barnaverndarráð? Höfum við ekki sett löggjöf um bindindi og hvað annað? Nú er vitað, að íþróttir teljast til þess, sem á að varðveita, auka og efla vinnuþrek þjóðarinnar og hreysti, og þar með hamingju unga fólksins. Hvers vegna skyldi Alþ. ekki beina starfsemi sinni að slíku, einkum þegar þess er gætt, að mistök eru á framkvæmd þessara mála nú? — Hv. 4. þm. Reykv. gat þess, að á 15 stöðum í frv. væri gert ráð fyrir reglugerðarákvæðum. Þetta mun sjálfsagt vera rétt hjá hv. þm., þótt ég hafi ekki talið það. En þar með er ekki sagt, að 15 reglugerðir þurfi, eins og hann virtist gefa í skyn. Allt þetta getur falizt í einni reglugerð, og það er ekki stórvægilegt, þótt sett yrði reglugerð í 15. gr., þegar þess er gætt, að undir hana falla allir skólar landsins. — Hv. 4. þm. Reykv. lét einnig í ljós undrun yfir ákvæði frv. um íþróttakennslu í kennaraskólanum. Mig undrar þessi afstaða hv. 4. þm. Reykv. Um leið og hann viðurkennir, að íþróttirnar eigi ekki að skipa þrengri sess í barnaskólunum en t. d. kennsla í enskri og danskri tungu, þá hlýtur hv. þm. að ætlast til þess, að kennararnir hafi fulla færni í þessari grein. Hvers vegna á alltaf að setja líkamsræktina skör lægra en bóklega námið, og það þótt við vitum, að íþróttirnar viðhalda vinnutápi þjóðarinnar? Til þess að kennarar séu vel færir um að kenna úti um land og annarstaðar, þá verða þeir að kunna þessa grein fullkomlega, eftir því sem unnt er að krefjast. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, þegar kom að næstsíðasta kafla frv., að hin frjálsa íþróttastarfsemi hagnaðist ekki neitt á þessu. Hv. þm. viðurkenndi með því, að ekki væri reynt viljandi að þrengja kosti hins frjálsa íþróttaframtaks landsmanna, enda hefir það ekki verið gert af þeim, sem sömdu frv. eða fóru höndum um það hér á þingi. Það er vitað, að áhugi íþróttamanna verður engu verði keyptur, hvorki dýru eða ódýru. Hann er undirstaðan, sem allt annað rís á. Ég fæ ekki séð, að frjáls íþróttastarfsemi geti ekki notið góðs af þessu frv., því að hvert er stefnt með íþróttasjóði? Að vísu er ekki gert ráð fyrir, að fastar tekjur renni í íþróttasjóð, en nú er veitt meira og minna fé til íþróttamála, og með því að leggja þetta fé undir nefndina, sem skipuð verður íþróttamönnum sjálfum, þá ætti að vera hægt að verja þessu fé betur til frjálsrar íþrótta starfsemi en gert hefir verið. Ég get bent á mörg ákvæði í þessu frv., sem gerð eru til þess að létta starfsemi Í. S. Í. og aðra íþróttastarfsemi, en þar eru alls ekki nein höft eða tilraunir til að draga þetta undir ríkisvaldið. Hv. 4. þm. Reykv. lætur þess getið í nál. sínu, að þetta mál beri að leysa með fullu samkomulagi við Í. S. Í. Vissulega væri það mjög æskilegt, ég neita því ekki, og þegar verið var að vinna að frv., var Í. S. Í. skrifað og staðið í sambandi við það. Þá komu ekki fram neinar verulegar mótbárur, nema sú, að Í. S. Í., en ekki U. M. F. Í. skyldi eiga fulltrúa í íþróttanefnd, og einnig var Í. S. Í. andvígt því, að U. M. F. Í. yrði viðurkennt sem íþróttasamband. Nú er þess að geta, að Í. S. Í. er yngra en U. M. F. Í. U. M. F. Í. hóf fyrst íþróttastarfsemina hér og það stóð að fyrsta íþróttamótinu, sem Íslendingar tóku þátt í erlendis, árið 1908. Hitt skiptir þó meira máli, að Í. S. Í. getur ekki með starfsemi sinni náð til nema nokkurs hluta fólksins, þess sem býr í

þéttbýli og getur starfað innan íþróttafélaga. Unga fólkið í dreifbýlinu verður aftur á móti að slá sér saman um öll sín mál, einnig íþróttamál, og þar er U. M. F. Í. því réttari vettvangur fyrir íþróttastarfsemi heldur en Í. S. Í.

Ég læt þess að síðustu getið, að ég harma það, að hv. 4. þm. Reykv. sat ekki í d., þegar 1. umr. málsins fór fram, þar sem mál voru rakin og þess getið, hverjir skipuðu nefndina. Ég vona, að þetta mál hefði þá legið ljósar fyrir honum en það virðist nú gera.

***Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson):** Ég vil biðja velvirðingar á því, að ég hefi ekki nægа þekkingu á því, sem fram kom við 1. umr. þessa máls, en ég hefi samt enga trú á því, að það hefði breytt grundvallarskoðun minni á málinu að hlýða á þá umr., jafnvel ekki að heyra, hverjir voru í þessari n. En nú má ég með sorg játa, að eftir ræðu hæstv. forsrh. þykir mér frv. eiginlega ennþá iskyggilegra en áður, því að mér fannst það svo áberandi hjá honum, að eiginlega teldi hann, að aldrei hefðu neinir menn með viti komið nálægt íþróttamálum, og nú þyrfti að kippa þessu öllu í lag á þann hátt, að hann sjálfur, sem yfirmaður þessara mála, gæti skarkað með þau eftir vild. Að svo miklu leyti sem ræða hæstv. ráðh. gekk út á það, að lýsa þekkingarleysinu í þessum málum og hve ástandið væri óviðunandi, þá gerði það frv. enn skuggalegra í mínum augum. Það er um þetta eins og svo margt annað, sem ríkisvaldinu þykir miður fara hjá borgurunum og finnst þurfa að skipta sér af, að því fylgir mikil hætta, ef hinar opinberu aðgerðir beinast ekki alveg að takmörkuðum atriðum, sem ekki er hægt að leysa á annan hátt. Hæstv. forsrh. sagði, að aðaltilgangur þessa frv. væri sá, að nú skyldi hafin leiðbeiningarstarfsemi, — bókaútgáfa, skildist mér á orðum hans um nýja bók, sem komið hefði út og hæstv. ráðh. virtist halda, að væri fyrsta bókin, sem út hefði komið á íslenzku um íþróttir. En þetta er misskilningur hjá ráðh. Það hefir töluvert af íþróttabókum verið gefið út hér á landi fyrir tilstilli Í. S. Í., þar á meðal vil ég nefna bók eftir heilsufræðinginn dr. Knud Secher, sem ég má segja, að Guðmundur Björnsson landlæknir þýddi. Og þótt hefja eigi bókaútgáfu í stórum stíl, eins og mér skilst á auglýsingum frá menntamálaráði, þá kippir það út af fyrir sig ekki öllu í lag. En í þessari löggjöf er ekkert um þetta atriði. Þar er minnzt á að skipa íþróttafulltrúa, sem á að hafa tillögurétt um íþróttir og reyna að stuðla að því í starfi sínu, að umbótum verði komið á. En ég held, að það hljóti að vera hægt að fá menn með góðri þekkingu til að aðstoða íþróttafélögin í þessum málum án þess að gera íþróttafélögin í landinu að ríkisrekstri. Það, sem snertir mig einna verst í frv., er það, sem frá sjónarmiði forsrh. og hv. 1. þm. Skagf. eru hlunnindi fyrir íþróttafélögin, og það er, að í einni gr. frv. stendur „viðurkennd íþróttafélög“ og „íþróttastarfsemin utan skóla er falin frjálsu framtaki landsmanna og viðurkenndum landssamböndum íþróttafélaga“. Ef þetta bendir ekki til þess, að ríkið hafi tekið þessa starfsemi í sínar hendur að fullu og þurfi að viðurkenna íþróttasambönd, þá veit ég ekki, hvernig ber að skilja þetta orðalag. Eftir frv. virðist ríkið taka alla íþróttastarfsemi í sínar hendur, en vilji svo aftur af náð sinni „fela hana frjálsu framtaki landsmanna“. Ekki getur ríkið „falið“ neinum það, sem það hefir engin umráð yfir. Það þarf fyrst að taka málin í sínar hendur, áður en það getur falið þau öðrum. — Þá á að skipa ýmsum atriðum þessara mála í 15 reglugerðum eða 15 ákvæða reglugerð. Vitanlega eru þessi l. aðeins rammi um starfsemina, en svo einkennilega vill til, að þau tala miklu meira um allt annað en íþróttastarfsemi, — því að ekki kalla ég skólakennslu íþróttastarfsemi. (**PHann:** Má ég benda hv. þm. á „definition“-ina eða skilgreininguna á orðinu „íþróttir“ í 1. gr. frv.) Já, já, velkomið. — Ég get líka ímyndað mér, að leggja mætti til grundvallar annað atriði, sem fram kom hjá forsrh. og mér þótti iskyggilegt. Hann sagði, að íþróttir væru svo stórhættulegar, ef ekki væri rétt með þær farið, jafnvel skólaíþróttir líka, og gætu valdið heilsutjóni o. s. frv., að þess vegna þyrfti ríkið nú að taka allt saman undir sitt eftirlit. Að öllu því leyti, sem skólana snertir, er þessi löggjöf óþörf, vegna þess að ráðh. og kennslumálastjórnin hefir í sinni hendi, án þessarar löggjafar, heimild til að fá sér íþróttafulltrúa fyrir skólana og koma þar á því „lagi“, sem henni þurfa þykir. Um önnur atriði frv. verður heldur ekki sagt, að nauðsyn hafi borið þar til löggjafar. Maður getur vel hugsað sér, að ríkissjóður hefði hjálpað Í. S. Í. til þess að kosta íþróttafulltrúa. — Hv. þm. Skagf. kom að því líka í sinni ræðu, að upplýsingum um íþróttamál væri mjög ábótavant hér á landi, og úr því yrði að bæta. Hvað er það í þessum l., sem bætir úr í því efni? Það má segja, að íþróttanefnd, sem á að ráða íþróttasjóði — sem þó enginn sjóður er, því að tekjur hans eru ekkert annað en fé, sem veitt er til íþróttamála, og má e. t. v. kalla það sjóð, meðan úthlutun þess hefir ekki farið fram, — gæti tekið af þessu fé til bókaútgáfu. En ekki þarf nefnd til þessa finnst mér. Íþróttasamband Íslands myndi áreiðanlega fúst að taka þetta að sér.

Að lokum vil ég aðeins geta þess, að það eru ýmsar aðrar nýjungar í þessu frv., en nefndar hafa verið, sem geta orðið sveitar- og bæjarfélögum svo þungbærar, að ég er alls ekki viss um, að þau atriði frv. verði yfirleitt framkvæmanleg. Þar segir, að nokkur frestur skuli gefinn á því að koma upp íþróttahúsum o. s. frv., m. ö. o. þessir aðilar eru þó um síðir skyldaðir til að koma þessum byggingum upp. Einnig að eignast lóðir og svæði, sem hentug þykja til íþróttaiðkana. Þá eiga og öll barnaskólabörn að læra sund, o. s. frv. Þetta eru atriði, skilst mér, sem ættu fremur heima í fræðslul. Sundlaugar eru ekki til alstaðar á landinu við skólana, þannig að það er ekki hægt að koma þessu við, nema með ærnum kostnaði, sem löggjafanum er ljóst að vísu. Náttúrlega getur ríkið tekið þátt í að flytja börn að þeim stöðum, þar sem á að kenna þeim að synda. Þessi l. taka ákaflega mikið inn á svið fræðslul. Af þeim ástæðum skal ég játa, að það hefir staðið töluvert í mér að mæla með því, að slíkt frv. sem þetta nái fram að ganga, þó

að samþykki og samvinna fáist við Í. S. Í. um efni þess.

Að síðustu skal ég svo segja í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Skagf. (PHann) sagði, að það væri „bezti vilji“ á að „reyna að leysa“ „þessi mál“ með samvinnu við Í. S. Í., að það er að mínu áliti afleitt, þegar íþróttastarfsemin verður að „máli“, og þá náttúrlega að máli, sem kemur til afskipta þess opinbera. (**PHann**: Vill hv. þm. þá heldur kalla það hlut?). Ef það er svo, að tilraun hafi verið gerð til þess hér á Alþ., að reyna að fá því framgengt, að náð yrði samkomulagi við Í. S. Í. um að koma á þessum l., þá virðist það hafa strandað á því, að talið hafi verið, að Í. S. Í. geti ekki náð til dreifbýlisins, og þess vegna hafi þótt eðlilegt, að samband ungmennafél. Ísl. væri sá aðili, sem koma ætti fram fyrir Íslands hönd gagnvart öðrum þjóðum í íþróttamálum. En ég álít það fyrirkomulag ónugt og óþarft, því að ef ungmennafélög stunda íþróttir sem slík, sem þau munu yfirleitt ekki gera, a. m. k. fá þeirra, þá stendur þeim opin leið að Í. S. Í. og geta náð fyrirhafnarlaust sambandi við þá miðstöð íþróttamálanna í landinu.

Ég álít það alls ekki rétt á litið, að Í. S. Í. geti ekki verið fulltrúi frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu, heldur þvert á móti, að Í. S. Í sé sá rétti og eini rétti aðili til að vera fulltrúi landsins í íþróttamálum gagnvart öðrum þjóðum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Það hefir komið í ljós við þessa umr., sérstaklega nú í seinni ræðu hv. 4. þm. Reykv., að það er ekki meginástæðan, eða a. m. k. ekki að öllu leyti ástæðan fyrir mótmælum hans gegn frv., það sem hann ber fram í sinni rökst. dagskrá, heldur, eins og rök hans benda til, sem flest voru um annað, og eins og hann viðurkenndi líka sjálfur, að frv. stendur, eins og hann sagði, töluvert í honum vegna þess, að í því eru ýms atriði, svo sem kostnaðarhlið málsins, sem gera það að verkum, að hann er frv. í heild andvígur. En öll rök hans hnigu gegn frv. án tillits til þess, hvort Í. S. Í. ætti að vera eina viðurkennda sambandið eða eini aðilinn, sem koma ætti fram í íþróttamálum af Íslands hálfu gagnvart öðrum þjóðum. Það hefði því verið réttara fyrir hann að segja það afdráttarlaust, að hann væri því mótfallinn, að ríkið skipti sér neitt af íþróttamálunum með löggjöf. Hans rökst. dagskrá er ekki byggð á neinu í sambandi við það, hvort Í. S. Í. eigi að vera eina viðurkennda sambandið, og skal ég að þessu sinni ekki fara inn á það atriði. En ég býst ekki við því, að meiri hlutinn á hæstv. Alþ. verði með því að leggja ungmennafélögin niður sem viðurkennt samband íþróttafélaga. Því að það voru þau, sem fyrst og fremst voru frumkvöðlar að því að reisa merki íþróttanna hér á landi. En hitt er vitanlegt, að það er og hefir alltaf verið frá gamalli tíð „krítik“ á milli Í. S. Í. og ungmennafélaganna. Ég álít þess vegna, að þessi íþróttasambönd bæði eigi jafnan rétt á að vera viðurkennd sambönd.

Annars er ég alveg undrandi yfir því, að það, sem ég sagði um þekkingu manna hér á landi á íþróttum, virðist hafa vaxið ákaflega mikið í huga hv. 4. þm. Reykv. Hann lét sér það um munn fara, sem gaf til kynna, að ég hefði haldið því fram, að það hafi aldrei verið nein þekking hér á landi í þeim efnum, og nú ætti svo sem að fara að lagfæra þetta með því að hið opinbera færi að rázka með íþróttamálin með löggjöf um þau. Ég lét þau orð falla, að þekking á íþróttum, um það, hvernig ætti að stunda þær, væri hér miklu minni heldur en víðast hvar annarstaðar, og að það hefði verið minna gert að því að fræða æskuna hér á landi um það, hvernig ætti að stunda íþróttir, svo að þær kæmu að sæmilegu gagni, heldur en gert hefir verið annarstaðar. Og að þessu er auðvelt að færa rök. Hv. 4. þm. Reykv. virtist það fjarstæða, að farið væri að gefa út bækur um þessi efni. Hann nefndi þessa bók eftir Guðmund Björnsson, fyrrv. landlækni, (sem var í Í. S. Í. um langt skeið, ef ég man rétt), sem hann þýddi og gaf út, sem er eina undirstaðan, sem menn um langt skeið hafa haft að byggja á í bóklegu tilliti hér til þess að stunda íþróttir heilsusamlega. Í sömu átt gekk bók, sem þýdd var í fyrra og hið opinbera studdi mjög að, áður en menn þeir æfðu sig, sem fóru á Olympíuleikana. Ég er þess vegna undrandi yfir því, að það skuli vera tekið upp með óþykkju, þegar á þessi atriði er bent, svo þýðingarmikil sem þau þó eru fyrir íþróttastarfsemina í landinu.

Hv. 4. þm. Reykv. hjó einnig eftir því, að ég lét þau orð falla, að yfirleitt gæti verið hættulegt (og hann sagði „stórhættulegt“), að stunda íþróttir. Það er nú ekkert launungarmál, að þetta vita flestir, sem afskipti hafa af íþróttum. Þær eru alltaf tvíeggjað sverð, og árangur þeirra verður bæði til góðs og ills. Með þessu frv. á að koma í veg fyrir, að þær séu stundaðar til ills. Og ég staðhæfi, að þetta hlutverk, að koma í veg fyrir slíkt, er verr rækt hér hjá okkur heldur en annarstaðar í löndum. Mönnum finnst það e. t. v. fjarstæða að láta orð falla eins og þau, að menn, sem fara héðan um helgar til íþróttaiðkana — sem menn leggja mikið upp úr, sér til hollustu — geti á nokkurn hátt iðkað íþróttirnar þannig, að þær verði þeim hættulegar. En það er fullvíst, að mikið af því fólki, sem stundar þannig íþróttir, hleypur í það án þess að fá undirbúning; og það hafa Norðmenn reynt að innprenta sínni þjóð, að hlaupa ekki þannig í íþróttirnar. Slíkt er hættulegt og veldur stundum mjög miklu tjóni. Og ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, að það sé sagt um menntun eins og íþróttir — því að til menntunar verða þær að teljast — að ríkið eigi ekki og megi ekki eða sé ekki skylt að grípa inn í þessa menntagrein þjóðarinnar alveg eins og aðrar menntagreinir, hvort sem þær eru bóklegar eða verklegar.

Hv. 4. þm. Reykv. fór einnig inn á ákvæði 24. gr. frv. og sagðist ekki sjá — því hann kom alltaf annað slagið að því — að ríkið ætti að skipta sér af íþróttastarfseminni. Hann vissi ekki, hvað væru afskipti af ríkisvaldsins hálfu, ef ekki viðurkenning ríkisins á íþróttafélagasamböndum. Og með þeirri viðurkenningu sagði hann, að hægt væri að „sortéra“ félögin sundur og koma þeim undir ríkisstjórnina. En í 24. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðurkennd landssambönd íþróttafélaga eru íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.) og samband ungmennafélaga Íslands (U. M. F. Í.). Í íþróttamálum kemur Í. S. Í. fram af Íslands hálfu gagnvart öðrum þjóðum, nema að því leyti, sem ríkið gerir það sjálft.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, sem Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaíþróttareglur."

M. ö. o.: Það er verið að viðurkenna hér tvö íþróttasambönd. En hv. 4. þm. Reykv. vill ekki láta viðurkenna nema eitt. Og það ætti þá, a. m. k. eftir þessum orðum, sem hann lét falla, að ganga lengra í þessum afskiptum ríkisins með því að þrengja þann hring enn meir, sem fyrir er um þetta.

En hér er einungis verið að ræða um íþróttasambönd, sem á að viðurkenna til þess að mynda heildarsambönd um land allt. Það er þess vegna fjarri því, að með þessu sé ríkið að hefja afskipti *af þessu máli, enda er* 24. gr. frv. um frjálsa íþróttastarfsemi í landinu, en ekki þá starfsemi, sem ríkið skiptir sér yfirleitt af. Þess vegna verð ég að álíta annaðhvort, að hv. þm. (PHalld) hafi ekki lesið þetta frv., eða þá, að hann hafi a. m. k. ekki athugað efni þess eins og skyldi.

Ég vil svo að lokum segja, að ég bjóst við því, og býst reyndar við því enn, að þetta frv., eins og það er undirbúið af helztu forvígismönnum íþróttafélaga hér í landinu, geti komizt gegnum þingið án verulegs ágreinings. Því að um það á ekki að *vera neinn ágreiningur* hér í hæstv. Alþ., að nauðsyn sé á — og það miklu meir aðkallandi nauðsyn heldur en mörg þau mál, sem hér eru afgr. á Alþ. — að gripið sé inn í með íþróttastarfseminni hér á landi. Svo mjög hefir það verið vanrækt að undanförnu. Það er mál, sem ekki á að bíða lengur úrlausnar.

*__Jón Pálmason__: Mér þykir rétt að segja örfá orð um mína afstöðu til þessa máls.

Ég skal ekki mæla á móti því, sem hæstv. forsrh. sagði um nauðsyn íþróttanna. Þær eru mjög nauðsynlegt og gott mál, og sjálfsagt væri æskilegt að hafa ráð á að veita fé til þeirra.

Það þarf ekki mikla vitsmuni eða þroska til að semja l. eins og þetta frv. og segja: Það skal stofna íþróttasjóð og ríkið leggi fé til hans. En aðalatriðið er, að þessi l. eru þýðingarlaus, ef ekki er veitt stórfé vegna ákvæða þeirra af hinu opinbera. Og það er nokkurn veginn ljóst af þessu frv., að það yrði mjög dýrt mál. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að sett verði á stofn nýtt embætti, sem vafalaust yrði dýrt embætti, og það yrði launað af ríkisfé. Og af reynslu undanfarinna ára má gera ráð fyrir, að utan um það mundi rísa upp skrifstofa, sem kostaði nokkra tugi þús. kr. árlega. Það er gert ráð fyrir, að íþróttan., sem þarna er gert ráð fyrir að skipuð verði, sé ólaunuð, en að hún fái útlagðan kostnað greiddan úr ríkissjóði. Þetta ákvæði mun koma til með að kosta mikið fé, ef að l. verður. Íþróttasjóður verður líka enginn sjóður, nema hann hafi fé, og þess vegna verður að afla tekna fyrir hann, sem ekki er hægt öðruvísi en með því að leggja útgjöld á fólkið. Þess vegna hygg ég, að nú, eins og komið er í fjármálum þjóðarinnar og einstaklinganna, sé rétt að stilla sig um það yfirleitt að stofna ný embætti á þessu þingi, eins og svo mjög hefir tíðkast á undanförnum þingum.

Hitt er annað mál, sem hæstv. forsrh. talaði um, að það þarf að auka fræðslu á sviði íþrótta o. e. t. v. ákveða eitthvað nánar um, hvernig haga skuli íþróttasamböndum, sem frjálsa íþróttastarfsemi hafa með höndum. En ég tel, eins og sakir standa hér á landi nú, ekki tímabært að setja l. eins og frv. gerir ráð fyrir um íþróttir í skólum.

Af þessum ástæðum sé ég ekki ástæðu til að *drífa þetta mál í gegn eins og nú standa sakir* hér hjá okkur um allar aðstæður.

__Frsm. meiri hl. (Pálmi Hannesson)__: Hv. þm. A.-Húnv. kom hér fram og vitnaði til þeirra fjárframlaga, sem þetta frv. hefði í för með sér, ef að l. yrði. En ég vil benda honum á það, sem hann einnig hlýtur að vita, jafnmikil afskipti sem hann hefir af fjárl., að það eru fleiri en einn póstur á fjárl., sem fela í sér fjárframlög til íþróttastarfsemi, en þeir eru smáir og dreifðir. Þar eru veittir styrkir til íþróttamannvirkja, íþróttasambanda o. fl. Sé það lagt saman, verður það ekki óverulegur sjóður, sem virðist mega verja til meira gagns heldur en nú, þó að nokkru af því fé sé beint gegnum n., sem hefir það með höndum.

Í öðru lagi talaði þessi hv. þm. um stofnun embættis. Eins og nú er, munu starfa tveir fulltrúar á fræðslumálaskrifstofunni. Og það hefir vakað fyrir þegar frv. var samið, að einmitt annar þeirra fulltrúa hefði með íþróttamálin að gera. Það virðist ekki langt gengið eða fast seilzt eftir fjárframlögum úr ríkissjóði, þó að farið sé fram á slíkt. Ennfremur er gert ráð fyrir, að íþróttafulltrúi hafi þekkingu á íþróttamálum og geti unnið að þeim á fræðslumálaskrifstofunni. Og jafnframt, ef hann gæti ferðazt um landið, hefði hann eftirlit með íþróttunum í skólunum.

Hér virðist því vera um að ræða nýjar vinnuaðferðir í íþróttamálunum, en ekki nýja skrifstofu eða mjög aukinn kostnað.

Annars talaði hv. þm. A.-Húnv. vinsamlega um málið.

*__Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson)__: Í sambandi við íþróttastarfsemina í landinu, sem hér er hugsað að gera að ríkisrekstri, má koma með annað mál, sem mér virðist að mörgu leyti mjög hliðstætt. þessu frv. til samanburðar. Og það er bindindisstarfsemin í landinu.

Er nokkur ástæða til þess fremur, að ríkið taki yfirstjórn íþróttastarfseminnar í sínar hendur heldur en að ríkið taki yfirstjórn yfir og setji í kerfi bindindisstarfsemina í landinu? Geta hv. þm. hugsað sér að gera I. O. G. T. að ríkisfyrirtæki á sama hátt og hér er gert ráð fyrir með íþróttastarfsemina? Þetta er að mínum dómi ákaflega hliðstætt. Bindindisstarfsemin er greind út um allt land, alveg eins og íþróttastarfsemi hefir sína aðalstofnun og aðsetur í Reykjavík og er að mörgu leyti hliðstæð yfirleitt íþróttastarfseminni; er gagnlegur félagsskapur,

sem vinnur að prýðilegu málefni, sem er ekki minna um vert frá mórölsku og hagsmunalegu sjónarmiði heldur en íþróttastarfsemina. Hvernig stendur á því, að enginn hefir lyst á því að gera Góðtemplararegluna að ríkisrekstri eins og hér á að gera íþróttirnar? Þar skortir ákaflega mikla upplýsingastarfsemi í landinu. Ríkið veitir fjárstyrk til hennar, og gæti það þá ekki verið í því tilfelli eins og hér í frv. er gert ráð fyrir, að n. skipti styrk ríkisins milli þeirra, sem vinna í I. O. G. T., og annara, sem vinna að því sama málefni úti um land. Ég get ekki séð neinn stóran mun á þessu tvennu. (**Forsrh.**: Það er ekki hættulegt að drekka ekki).

Hæstv. forsrh. hefir þóknazt að leggja íþróttamálin undir ríkisvaldið. Fræðslu um bindindisstarfsemi o. þ. h. er haldið uppi í skólum landsins, svo að það þyrfti þá eins að skipuleggja þá fræðslu eins og íþróttafræðsluna. Þetta er sem næst alveg hliðstætt. Og sjái menn ástæðu til eða þörf á því að taka íþróttastarfsemina í hendur ríkisvaldsins með yfirstjórn ráðh. sem einskonar biskups og höfðingja allra í þessum málum, þá verð ég að segja það, að ég kem ekki auga á neitt í þessum svo kölluðu íþróttal., sem sé þess eðlis, að nauðsyn beri til þess, að ríkið taki þessi mál í sínar hendur. Nema ef vera skyldi það, að það er einhverskonar kapp á milli tveggja félagssambanda um íþróttamálin, þ. e. ungmennafélaganna og Í. S. Í. En heldur þá hæstv. ráðh., að ráðið til þess að setja niður þær deilur, ef einhverjar eru, sé það, að fara að mismuna íþróttasamböndunum í framlögum af hálfu ríkisins, þannig að sá eldur, sem kann að vera nú, magnist töluvert, ef svo óheppilega skyldi vilja til, að úthlutun styrktarfjár færi fram þannig, einu sinni eða jafnvel oftar, að það kynni að valda miklum ágreiningi og óánægju?

Ég held, að í hvorugu þeirra mála, sem ég hefi nú gert að umtalsefni, sé hin minnsta þörf á að taka málin undir afskipti ríkisvaldsins, heldur verði fyrirkomulagi þeirra betur hagað eins og verið hefir hingað til, að ríkið styrki þessi málefni með fjárframlögum og láti þau vera, eins og hingað til hefir verið, á valdi frjáls framtaks landsmanna að öðru leyti.

***Forsrh. (Hermann Jónasson)**: Mér þótti ákaflega vænt um þessi seinustu rök hv. 4. þm. Reykv., því að eftir þeim ætti hann að vera þessu frv. fylgjandi.

Ég ætla ekki að fara að rifja það upp, sem hér hefir verið sagt, eða að endurtaka það. En rök hv. 4. þm. Reykv. voru á þessa leið: Hvers vegna skyldum við láta ríkið skipta sér af þessu fremur en bindindismálunum? Við skulum láta svipað eða sama um þessi bæði mál gilda. En eftir þessum orðum ætti hv. þm. að vera með frv., því að það er næstum sama fyrirkomulag og haft er um bindindismálin, sem farið er fram á í frv., að haft verði á íþróttamálunum. Þar er bindindisfulltrúi, sem ferðast um. Og ég hygg, að hv. þm. sé það kunnugt, að undir hans stjórn starfa bindindisnefndir á vegum ríkisins út um allt land.

Ég held því, að þessi hv. þm. ætti að vera sjálfum sér samkvæmur og fylgja frv. (**PHalld**: Má ég bara spyrja hæstv. forsrh., hvort honum finnist þessi nýja skipun muni verða til framfara).

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 72. fundi í Nd., 30. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 351, frá minni hl. menntmn., felld með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EE, GÞ, HV, ÍslH, JPálm, PHalld, SEH, SK, StSt.

nei: VJ, ÁÁ, BÁ, BjB, EmJ, EystJ, FJ, GSv[1]), HelgJ, JÍv, PHann, PO[2]), SkG, StgrSt, SvbH, JörB.

BJ greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÞBr, GG, HG, JakM, ÓTh, TT) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 17:3 atkv.

Brtt. 336,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 336,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 366,3 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Úr því að menn fást ekki til að greiða atkv., þá er bezt að það sýni sig, hverjir eru hér komnir til að taka þátt í þingstörfum, og verður viðhaft nafnakall.

Brtt. 336,4 (ný 7. gr.) samþ. með 19:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, StgrSt, SvbH, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, JÍv, PHann, PO, JörB.

nei: GÞ.

SK, StSt, EOl, HV[3]), ÍslH, JakM, JPálm[4]), PHalld, SEH greiddu ekki atkv.

4 þm. (TT, GG, HG, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 336,5 samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

---

1) **GSv**: Eins og nál. ber með sér, er menntmn. klofin í málinu, þannig að 4 nm. vilja löggjöf um málið og meiri hl. þeirra vill vafalaust, að þetta frv. verði að l. Ég er þeirrar skoðunar, að það hefði mátt bíða að setja löggjöf um sum þessi atriði, sem í frv. eru, en er annars hlynntur skynsamlegri löggjöf um þessi efni. Ég vil þess vegna, a. m. k. að svo stöddu, ekki vísa málinu frá og segi því nei.

2) **PO**: Ég tel rétt, að það sé reynt frekar en enn hefir gert verið að ná samkomulagi um þetta mál við þann aðila, sem staðið hefir fyrir íþróttastarfseminni í landinu. Ég vænti þess, að slíkt samkomulag geti náðst, og segi því nei.

3) **HV**: Ég ætla að taka þátt í störfum þingsins á þann hátt í þessu tilfelli að greiða ekki atkv. (**Forseti**: Það er að vísu þátttaka og heimil, þó með ástæðum).

4) **JPálm**: Þar sem ég er á móti málinu í heild, sé ég ekki ástæðu til að greiða atkv. um þessa brtt. (**Forseti**: Þá segja nú sumir nei).

Brtt. 336,6 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 336,7 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 336,8 samþ. án atkvgr.
13. gr., með áorðnum breyt. skv. brtt. 336,7—8, samþ. með 18 shlj. atkv.
14.—19. gr., með áorðnum breyt. skv. brtt. 336,8, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 336,9 samþ. með 18 shlj. atkv.
20. gr., með áorðnum breyt. skv. brtt. 336,8—9, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 336,10 samþ. án atkvgr.
21. gr., með áorðnum breyt., skv. brtt. 336,8 og 10, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 336,11 samþ. með 17 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
23. gr., með áorðnum breyt. skv. brtt. 336,8, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 336,12 samþ. með 17 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 336,13 samþ. án atkvgr.
25. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 336,14 samþ. án atkvgr.
26. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 336,15 samþ. án atkvgr.
27. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
28.—30. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 336,16 (ný 31. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 74. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Nd., 5. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 364, 378).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 378. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson):** Herra forseti! Þessar brtt. mínar við íþróttalagafrv. miða að því að verða við óskum Íþróttasambands Íslands um, að sambandið fái að hafa forstöðu um íþróttamálin. Flestar þeirra eru innifaldar í ósk, er íþróttasambandið hefir beint til Alþingis um það, hvernig íþróttal. skuli afgreiða. Hv. þm. hafa á þskj. 351 fyrir sér bréf íþróttasambandsins þessu viðkomandi. Þetta er í stuttu máli aðalinnihald brtt., og þarf ekki að hafa um það mörg orð.

Ég vil þó drepa á eina eða tvær brtt., sem ekki eru beinlínis af þessum toga spunnar. Ein þeirra er við 17. gr., þar sem um það er rætt, að leggja skuli áherzlu á heilsuvernd. Mér skilst, að það eigi að leggja áherzlu á fræðslu um þetta og að meining þeirra, er ákváðu þessa gr., komi betur í ljós, ef þessu er bætt við. Önnur brtt. er við 23. gr. frv. Þar kemur skyndilega fyrirskipun um íþróttakennslu í kennaraskólanum. Þetta frv. tekur víða til löggjafarinnar og gerir kröfu til l., sem ekki er verið að breyta. En ef þessi gr. yrði samþ., yrði kennaraskólinn lokaður öllum, sem ekki eru færir um að taka að sér íþróttakennslu sérstaklega. Segjum, að maður sé t. d. fatlaður eða hafi slíkt eðlisfar, að hann getur ekki orðið íþróttakennari. En er nokkur ástæða til að loka kennaraskólanum fyrir honum þess vegna? Hann getur þrátt fyrir þetta haft góða hæfileika sem kennari. Það er ekki hugsanlegt, að allir kennarar í landinu þurfi að fást við íþróttakennslu. Brtt. mín gerir ráð fyrir, að þetta sé lagfært þannig, að þeir, sem lagt geta fram læknisvottorð um það, að þeim henti ekki íþróttaiðkanir, séu undanþegnir þessu ákvæði, en kvenfólk sé undanþegið, ef það óskar þess. Ég efast ekki um, að hv. þdm. geti fallizt á þetta, ef frv. á að verða að l.

Að öðru leyti fara brtt. þessar fram á það að færa frv. í það horf, sem Íþróttasamband Íslands óskar eftir, og styðja þá meginstefnu, að íþróttastarfsemi hér á landi sé sem mest undir stj. eins aðila, sem hefir um áratugi haft þetta starf á hendi. Ef þessi réttur yrði með l. tekinn af íþróttasambandinu, yrði það af öllum íþróttamönnum skilið sem fjandskapur í garð íþróttasambandsins. Ég tel ósk sambandsins um, að löggjöfin viðurkenni þennan rétt þess, ekki annað en beint framhald af því, sem gerðist í *þessum málum*, áður en löggjöfin fór að skipta sér af þeim. Auðvitað er þá ekki nema sjálfsagt, að öll íþróttafélög eigi rétt á að vera í Íþróttasambandi Íslands.

Ef Alþingi ætlar að fara að setja löggjöf um þessi mál, sem ég tel raunar óþarfa, þá er skylt að haga henni svo, að íþróttasambandið hafi forystu þeirra mála.

***Jón Pálmason:** Við 2. umr. þessa máls gerði ég nokkrar aths. við frv. frá fjárhagslegu sjónarmiði. Ég sagði þá, að ef frv. ætti að ná fram að ganga, myndi það leiða af sér mikinn kostnað fyrir ríkissjóð. Framkoma frv. og öll aðferðin í sambandi við það er glöggt dæmi um þau vinnubrögð, sem tíðkast nú hér á Alþingi. Þetta viðtæka mál er lagt fram af milliþn., sem lætur enga áætlun um kostnað fylgja því, og svo á að lauma frv. gegnum þingið á þeim forsendum, að íþróttir séu vinsælt mál, sem menn vilja gjarnan rétta hjálparhönd. Má því búast við, að þegar á næsta ári verði kostnaður af þessu nokkur þúsund króna, sem svo vex upp í tugi þúsunda, þegar fram í sækir. Þetta er sagan um fjölda stofnana, sem hér hefir verið komið á fót. Þær verða dýrari í rekstri með hverju ári, sem líður, og það reynist ógerningur síðar að fá þennan kostnað út af fjárl.

Hv. flm., 1. þm. Skagf., svaraði gagnrýni minni um kostnaðarhlið málsins. Hann sagði, að þetta myndi hafa mjög lítinn kostnað í för með sér. Það er ætlazt til þess, að annar fulltrúinn í fræðslumálaskrifstofunni annist þetta. Það kann að vera, að ókunnugir menn taki þetta trúanlegt, en það þýðir ekki að segja þeim þetta, er þekkja til, hvernig þar hagar til. Það hefir ekki verið nema einn fulltrúi hjá fræðslumálastjóra, sem að vísu er duglegur maður, en hann hefir haft þar nóg að gera, og í fræðslumálaskrifstofunni hefir þurft að bæta við starfskröftum til igripa, en það eru ekki menn á föstum launum, og er það vegna þess, að í þeirri skrifstofu er

svo miklum störfum að sinna, að ekki hefir verið hægt að komast af með þennan eina fulltrúa. En myndi þá nokkrum, sem þekkir til, detta í hug, að hægt sé að ætlast til, að fulltrúi í fræðslumálaskrifstofunni hafi með þetta allt að gera?

Í grg., sem fylgir þessu frv. frá hv. menntmn., er þessi regla hv. 1. þm. Skagf. alveg slegin niður. Þar er tekið fram eftirfarandi, ef ég má lesa upp svolítinn kafla, með leyfi hæstv. forseta.

„Íþróttafulltrúi verður hinn fastlaunaði, sístarfandi framkvæmdastjóri íþróttamála landsins og hefir umsjón með öllum íþróttamálum í skólum og félögum. Á forystu hans og framtaki hlýtur mjög að byggjast framgangur íþróttamála landsins og gagnsemi þeirra. Veltur því mjög á mannkostum hans og kunnáttu. Verður að ætlast til, að hann hafi verklega þekkingu á sem flestum þeirra íþróttagreina, sem iðkaðar eru í landinu, og helzt mikla í einni eða fleirum. Auk þess er nauðsynlegt, að hann hafi fræðilega þekkingu um íþróttir, byggingu mannslíkamans og almenna sálarfræði, einkum þau svið hennar, sem íþróttir snertu. Vegna afskipta hans af skólunum, stjórnar hans á og eftirliti með íþróttakennslu þeirra og íþróttastarfsemi er nauðsynlegt, að hann hafi töluverða þekkingu á uppeldisfræði og kunnugleika og skilning á starfsháttum skóla og kennslutækni. Meðan ekki er völ á manni, sem stundað hefir íþróttir og íþróttafræði sem sérgrein, mætti t. d. hugsa sér, að íþróttafulltrúi væri íþróttamaður með læknisprófi, en hefði aflað sér framhaldsmenntunar um íþróttafræði og uppeldismál. Eða að það væri vel menntaður íþróttakennari með sérstökum undirbúningi undir starf þetta."

En svo ætlar hv. 1. þm. Skagf. eftir þessa lýsingu hans sjálfs í grg. frv. að telja þm. trú um, að þetta geti verið aukastarf hjá fulltrúa í fræðslumálaskrifstofunni. Það er alveg gefið eftir þeim kröfum, sem undanfarið hafa verið gerðar um launakjör, að hér myndi verða um allhátt launaspursmál að ræða. Þessi íþróttafulltrúi myndi fljótlega þurfa að hafa töluvert starfslið til stjórnar á þessu sviði.

En svo maður sleppi þeirri hlið málsins, þá er auk þess samkv. frv. ætlazt til, að stofnaður verði íþróttasjóður, en ekki vikið að því einu orði, hvernig eigi að afla honum tekna, nema getið er um, að ríkissjóður eigi að leggja honum til fé. Nú hefir það að vísu verið svo, eins og hv. 1. þm. Skagf. benti á við 2. umr. þessa máls, að nokkurri fjárhæð hefir verið varið úr ríkissjóði til íþróttamála á undanförnum árum. En það hefir verið svo um þá hluti eins og um margt annað, að hv. fjvn. Alþ. hefir verið í vandræðum, vegna þess hve sú fjárhæð hefir verið tiltölulega lág, sem unnt var að veita. Á fjárl. fyrir árið 1939 voru veittar 6 þús. kr. í þessu skyni, og skiptist sú upphæð milli ýmsra félaga, sem starfa á íþróttasviðinu, og styrkurinn til hvers þeirra er mjög lítill, borinn saman við þá starfsemi, sem þau munu hafa rekið. Það hefir verið veitt talsvert fé úr ríkissjóði til Skíðafélags Reykjavíkur, en í fjárl. hefir þetta íþróttafélag verið tekið mjög út úr, af hvaða ástæðu sem það er. Vegna þess, hvernig þessu er varið, þá sýnist fullkomin ástæða til að fresta þessu máli, eins og sakir standa, þó ekki sé nema vegna fjárhagsástæðna. En svo koma ýmsar aðrar ástæður, sem valda því, að ég tel litinn hagnað að samþ. þetta frv. Þar kemur fyrst til greina það, sem hv. 4. þm. Reykv. (PHalld) minntist á, að það væri mjög óheppilegt, ef ætti að koma því til leiðar, að hér á landi væru tvö íþróttasambönd, annarsvegar Íþróttasamband Íslands og hinsvegar Íþróttasamband ungmennafélaganna.

Það er síður en svo, að ég ætli mér að draga skóinn niður af ungmennafélögunum, sem ég hefi jafnan haft gott auga á og mér þykir vænt um, heldur tel ég í alla staði heppilegra, að ekki sé nema eitt íþróttasamband til í landinu, sem sé Íþróttasamband Íslands. Enda er það svo, að það eru ekki nema 35 ungmennafélög, sem eru í íþróttasambandi þeirra og hafa haft forgöngu þessa máls á undanförnum árum. Bæði í Noregi, Danmörku og Svíþjóð hefir sú skipun komizt á íþróttamál, að þar hafa verið tvö íþróttasambönd, en slíkt hefir valdið deilum og orðið heldur til óhappa en hitt.

Ef á að fara að setja löggjöf um þessi efni, tel ég sjálfsagt að samþ. brtt. frá hv. 4. þm. Reykv., sem hér liggur fyrir.

Eitt meginatriði, sem orkar því, að ég tel ákaflega hæpið að samþ. löggjöf, sem byggist á þeim grundvelli, að taka íþróttamálin undir ríkisvaldið og láta stjórn þeirra verða rekna af því, er, að slíkt myndi verða til að bægja burtu ýmsum áhugamönnum, sem annazt hafa slíka starfsemi. Hún er að langmestu leyti að þakka þeim áhugamönnum, sem lagt hafa mikið á sig til að koma íþróttastarfseminni í gott horf.

Það er óheppileg leið fyrir ríkisvaldið, að láta slíka menn ekki starfa áfram og rannsaka starfsemina, heldur taka öll íþróttamál landsins undir ríkið. Slíkt yrði til þess, að áhugamennirnir fyndu minni hvöt hjá sér til að starfa að þeim málum, því að þeir álitu, að ríkisvaldið tæki þetta allt í sínar hendur.

Af þessum orsökum, sem ég nú hefi drepið á, vil ég leyfa mér að leggja fram skriflega, rökstudda dagskrá, svo hljóðandi:

Þar sem augljóst er, að frv., ef að l. verður, hefir stór útgjöld í för með sér fyrir ríkið, og þar sem engin kostnaðaráætlun fylgir frv., þá telur d. ekki rétt að samþ. það eins og nú stendur, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Forseti (JörB): Hv. þm. A.-Húnv. hefir afhent mér þátill. til rökst. dagskrár, sem hann hefir þegar lesið upp, og liggur hún þá einnig fyrir til umr.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég býst við, að það sé þýðingarlaust að hafa langar rökræður um þetta mál. Það var rætt talsvert um það við 1. umr. og einnig við 2. umr., sem var aðalumr. þessa frv. Það, sem hv. þm. þurfa að taka afstöðu til, er augljóst mál, það er brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. Þar er gengið út frá því, að Íþróttasamband ungmennafélaganna hverfi úr sögunni og Íþróttasamband Íslands fái viðurkenningu sem eina löglega íþróttasambandið hér á landi. Hvort hv. þm. vilja ganga inn á þetta eða ekki, verður að fara eftir sannfæringu þeirra,

Ég er þeirrar skoðunar, að ef þannig yrði gengið á rétt ungmennafélaganna, væri betra að láta þetta frv. hverfa alveg úr sögunni. Það getur ekki verið á neinn hátt óþægilegt eða óviðeigandi, né á nokkurn hátt orðið til tafar fyrir störfin, þótt Íþróttasamband ungmennafélaganna verði einnig viðurkennt, enda hefir það orðið svo, að formenn allra duglegustu, stærstu og þróttmestu íþróttafélaganna hér í Reykjavík hafa gengið inn á það.

Enda þótt Íþróttasamband Íslands hafi unnið merkilegt starf, tel ég það samt of langt gengið, að það verði eina löglega íþróttasambandið, og það fyrst og fremst gagnvart ungmennafélögunum. Íþróttasamband Íslands hefir að vísu unnið ýmislegt þarft, en þó er óhætt að segja, að það hafi vanrækt þá hlið málsins, er snýr að því að örva menn til að fullkomna sundíþróttina, og þær ráðleggingar, sem alstaðar annarstaðar eru látnar vera samfara íþróttastarfseminni. Það er mikið tjón, að íslenzkir íþróttamenn hafa ekki skilið þetta og það hefir ekki verið gert. Þeir munu hafa álitið þetta sér ofvaxið. Þó skal ég jafnframt geta þess, að innan íþróttafélaganna hafa verið gerðar smáumbætur, en íþróttasambandið hefir lítið fé til þess að vinna að slíkum störfum. Ég tel rétt að geta þess til að unna Íþróttasambandi Íslands fullkomins sannmælis.

Hitt vil ég þó segja viðvíkjandi brtt. frá hv. 4. þm. Reykv., að ég tel það allt of langt gengið, verði þær samþ. hér á Alþ.

Viðvíkjandi kostnaðarhlið þessa máls skal ég geta þess, að kostnaðurinn er nokkuð orðum aukinn að því er hv. þm. A.-Húnv. (JPálm) heldur fram, því að kostnaður sá, er af þessu leiðir, ef samþ. verður, er ekki ýkja mikill. Það þarf ekki að verða kostnaðaratriði, þótt ríkisvaldið ætti að veita íþróttasjóði nokkurt fé, eftir því sem Alþ. þóknaðist á hverjum tíma. Leiðir til að afla þeim sjóði tekna yrðu þær sömu, sem notaðar eru erlendis, t. d. í Englandi og Svíþjóð. Það fé, sem íþróttasamböndin þar fá til íþróttastarfsemi, skiptir tugum milljóna kr., og þess er aflað með því að reka smáveðmál í sambandi við íþróttir, og á ýmsan annan hátt, og ætlazt er til, að sú aðferð verði að einhverju leyti tekin upp hér, en ríkið mun leggja íþróttasjóði til fé samkv. því, sem fjárl. ákveða á hverjum tíma, þótt ekki verði því neitað, að miklir erfiðleikar eru á um alla fjármuni nú, og vitaskuld er ekki gott að þurfa að launa íþróttafulltrúa úr ríkissjóði nú. En allar líkur eru til þess, að annar fulltrúi fræðslumálastjóra geti tekið að sér þetta starf, og mun það verða reynt. Ég er bara þeirrar skoðunar, — ég veit ekki, hvort hv. Nd. er mér sammála um það —, að það hafi verið til stórtjóns, hve litlum fjármunum hefir verið varið til íþróttamála hér á landi. Það er ekki of mikið af hálaunamönnum í þessu landi, þótt oft hafi verið talað um há laun og bitlinga. Það, sem fyrst og fremst hefir verið okkur Íslendingum til skaða, er ekki það, að laun manna og kaupgjald sé of hátt, heldur hitt, að okkur vantar nægilega mikið af vel starfshæfu fólki. Án þess að fara nánar út í þessi mál, vil ég staðhæfa, að íþróttirnar geta glætt vonir manna um, að sú aukna íþróttastarfsemi, sem nú er iðkuð, muni leiða unga menn burtu frá slæpingshætti á götunum og kaffihúsasetum, og vona ég, að hún geri sitt til að ala upp starfhæfa menn, sem okkur vantar mest. Enginn vinnuveitandi, hvorki íslenzkur né erlendur, dregur dul á það, að honum dettur ekki annað í hug, ef hann á að velja menn til starfa, en að velja íþróttamann öðrum fremur að öðru jöfnu, ef hann á þess völ. Hve stórkostlega fjárhagslega og „sósíala“ þýðingu hefir það ekki fyrir ríkið, ef því tekst að ala upp góða íþróttamenn í landinu? Það fylgir líka íþróttamönnum margt fleira en heilbrigði, hreysti og táp til vinnu; margir fleiri kostir fylgja þeim, ef þeir stunda íþróttir réttilega, sem ég get ekki talið upp.

Hv. þdm. verða að gera upp með sjálfum sér, hve mikla þýðingu þetta muni hafa fyrir íslenzku þjóðina. Þó að frv. verði fellt, get ég sagt það fyrirfram, að þó að einhver reginárhrif verði þess valdandi, að það nái ekki fram að ganga á þessu þingi, þá munu hv. þm. fá að taka afstöðu til þess á næsta þingi, því að það mun verða flutt þangað til það verður samþ.

Ég get vel skilið það hjá hv. þm. A.-Húnv., að þótt kostnaðurinn við þetta verði ekki ýkjamikill, virðist honum það nokkuð varhugavert atriði. Ég verð að segja það, að ég tel kostnaðinn svo lítinn, að hann sé alveg ósambærilegur við þann hagnað, sem ríkið getur fengið við þetta. En hitt, að með þessu frv. sé verið að leggja íþróttamálin undir ríkið, vil ég ekki heyra nefnt; það er algerlega rangt. Slíkar fjarstæður eru svo fjarri öllum sanni, að ekki þarf að rökræða þær. Það er aðeins leiðbeiningarstarfsemi, sem ríkið tekur að sér samkv. frv., en alls ekki nokkurskonar yfirstjórn íþróttamálanna í landinu; enda er það beinlínis tekið fram í þessu frv., sem ég ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkv. l. þessum.“ Enda tekur grg. frv. það skýrt fram, að það geti aldrei komið til mála, enda dettur engum í hug, að ríkisvaldið geti nokkurn tíma orðið driffjöður íþróttamálanna í landinu, eins og stjórnir einstakra íþróttafélaga myndu verða.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. A.-Húnv., að það starf, sem stjórnir sumra íþróttafélaga hafa unnið, ekki sízt fyrir íþróttamálin hér í Reykjavík, er svo mikið og stórkostlegt, að mér dettur ekki í hug, að ríkisvaldið gæti komið í stað þeirra. Það verður aðeins að verja þeim fjármunum, sem ríkið leggur fram, til að leiðbeina og leiða starfið í þann farveg, að það verði til sem mestrar heilsubætandi starfsemi. Vitaskuld er frjálst eftir sem áður að velja milli þess að hlíta l. og fá styrk eða gera hvorugt.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Hannesson): Herra forseti! Hér liggur í fyrsta lagi fyrir brtt. á þskj. 378, sem borin er fram af hv. 4. þm. Reykv., og í öðru lagi rökst. dagskrá frá hv. þm. A.-Húnv. Hv. þm. A.-Húnv. var nú á móti þessu

frv. eins og við síðustu umr. þess, vegna þess að hann taldi það mundu hafa stórkostlegan kostnað í för með sér. Það er sýnilegt, að það hefir komið illa við sparsemdartaugar hans. Það er nú hans fag að fást um kostnaðinn, í orði kveðnu a. m. k., og skal honum ekki láð það. Hv. þm. A.-Húnv. vildi ekki fallast á, að kostnaður sá, sem af þessu frv. leiðir, ef að l. verður, væri lítill. Hann vildi ekki fallast á annað en að íþróttafulltrúi yrði að vera vel launaður og hafa stórkostlegt skrifstofubákn. Ég benti á það við 2. umr. þessa frv. hér í d., að eins og stendur skýrum orðum í frv., er ætlazt til þess, að íþróttafulltrúinn verði starfsmaður hjá fræðslumálastjóra og vinni þar sín daglegu störf við afgreiðslu mála. Ég skal ekkert segja um það, hvort einn eða tveir fulltrúar með því nafni eru hjá fræðslumálastjóra, en þar vinna tveir slíkir menn.

Hitt veit ég, að þar, sem tveir menn starfa, getur varla farið hjá því, að heppilegt væri, að annar þeirra gæfi sig sérstaklega við íþróttamálum, auk þess sem hann ynni að almennum skrifstofustörfum á þeim tíma, sem afgangs yrði. Fulltrúi fræðslumálastjóra þarf að fara um landið til þess að líta eftir skólamálum, og væri þá ákaflega vel til fallið, að sameina ferðir hans vegna íþróttamála við eftirlitið vegna skólamála. Hvernig snúa þessi mál við nú? Ég get viðurkennt það, að allt fram að þessum tíma hefir íþróttamálum skólanna verið sýnd mikil vanræksla. Hv. þm. A.-Húnv. las upp úr grg. frv. nokkuð langa rollu um þá kosti, sem íþróttafulltrúi ætti að hafa, og hneykslaðist á því, að þar væri m. a. heimtað, að hann ætti að hafa mannkosti og menntun. Maðurinn þarf menntun við sín störf, og það er ekki ósamrýmanlegt, þótt hann kunni aðeins skil á nokkrum gr. íþróttanna til hlítar. Hann á að gefa leiðbeiningar viðvíkjandi íþróttamálum skólanna og að sjálfsögðu gefa öðrum leiðbeiningar um þau mál, ef þeir óska þess.

Samkv. frv. skal stofna íþróttasjóð, og þá þarf náttúrlega að afla honum tekna, en ekki er unnt að fara varfærnislegar af stað en gert er í frv., þar sem það er lagt algerlega á vald Alþ., hve mikið fé er veitt til íþróttamálanna á hverju ári. Þegar hv. þm. A.-Húnv. taldi, að það þyrfti að kosta miklu til, ef frv. yrði að l., datt mér ekki í hug, að nokkur þm. væri svo skyni skroppinn, að hann gæti ekki reiknað út, hvað helmingur eða e. t. v. ⅓ úr starfsmanni myndi kosta, auk dálítils ferðakostnaðar, sem hlýtur að koma til. Hv. þm. þótti það einkennilegt, að í frv. væri ekki tekið neitt fram um ferðakostnað.

Að öðru leyti er það vitanlegt og viðurkennt af hv. þm., að það þarf að verja allmiklu fé til ferðalaga vegna íþróttamála, en fram að þessu hefir fé til slíkra ferðalaga verið dreift út meðal ýmsra aðila, án þess að litið hafi verið eftir, hvort skipulags eða réttlætis væri gætt. Það, sem farið er fram á í þessu frv., — og hér í hv. Nd. hafa þau atriði verið rækilega rædd við 1. umr., — er að setja upp n. manna, sem við íþróttir fást, til þess að sjá um úthlutun á því fé, sem til íþróttamála er veitt. Þessi nefnd er hugsuð þannig, að Íþróttasamband Íslands og samband ungmennafélaganna velji sinn manninn hvort, og sá þriðji af ríkisins hálfu.

Ég veit ekki, hvort það er af þessum ástæðum, að hv. þm. A.-Húnv. og hv. 4. þm. Reykv. reyna að rökstyðja það, að þessu frv. sé ætlað að gera íþróttirnar að ríkisrekstri; tæplega geta þeir fundið í frv. annan stuðning fyrir ásökunum í þá átt. Í þessu frv. er aðeins farið fram á, að kennslumálaráðh. skipi íþróttanefnd til að úthluta því fé, sem ríkið leggur til íþróttamála í landinu. Það er hugsað svo, að einn fulltrúi verði frá ríkinu, sem kæmi fram af hálfu skólanna, einn frá Í. S. Í. og einn frá U. M. F. Í., því félagi, sem hv. þm. A.-Húnv. gaf ástarjátningu sína, um leið og hann vildi hrinda því af stalli.

Hv. þm. A.-Húnv. kom í sambandi við þetta inn á það mál, sem snertir brtt., sem liggur fyrir á þskj. 378, og get ég vikið að því síðar. — Þessi brtt. er að mestu leyti shlj. þeirri brtt., sem menntmn. hafði á sínum tíma borið fram, frá Í. S. Í. eða stjórn þess. Það er skemmst að segja, að menntmn. fór nákvæmlega yfir þessar till. þá og sá ekki ástæðu til að taka þær til greina að öðru leyti en því, sem gert var við 2. umr. þessa máls. Það, sem brtt. felur í sér eins og hún kom frá Í. S. Í., er að auka áhrif þess á úthlutun fjár til íþrótta. Mér þykir alls ekki undarlegt þó að stjórn Í. S. Í. telji sér rétt og skylt að halda fram hlut sambandsins og tefla þar framarlega á hlunn. Hitt er aftur annað mál, hve mikið tillit hv. deild telur rétt að taka til þess, sem sambandið heldur fram, og verður þar að líta á fleira en hagsmuni þess eins. Samkv. brtt. við 24. gr. er mælt svo fyrir, að Í. S. Í. komi í íþróttamálum fram gagnvart öðrum þjóðum, og öll íþróttakeppni fari fram eftir reglum, sem sambandið setur. Þetta er að vísu ekki bein viðurkenning, en þó sú viðurkenning, sem felur í sér allt, sem máli skiptir. Hún felur í sér það, að Í. S. Í. á að hafa brautargengi til þess að koma fram fyrir hönd þjóðarinnar út á við og setja reglur um íþróttakeppni inn á við. Hitt er annað mál, hvort Í. S. Í. á að vera eitt í ráði um úthlutun fjár, og allir hv. þm. sjá, að þar hljóta fleiri aðilar að koma til greina.

Mætti ég biðja hv. þdm. að athuga, hvert það fé hefir farið, sem veitt hefir verið til íþróttamála. Langmest af því hefir farið til sundlaugabygginga úti á landi. Í öðru lagi eru það skólarnir og starfsemi þeirra, sem koma til greina sem aðilar, þegar um er að ræða styrk til íþrótta. Það virðist ekki auðvelt að skapa réttlátari dómstól en einmitt þannig, að hann sé skipaður af Í. S. Í., kennslumálaráðherra, og U. M. F. Í.

Eins og högum er háttað í dreifbýlinu, orka menn ekki að standa undir sérstökum íþróttafélagsskap og sameinast um íþróttamálin á stórum svæðum. Þannig er þessu háttað, og það vita allir hv. þm., að svo hlýtur það að vera. Það er að vísu hægt að koma upp íþróttafélagi í sveitum, og þess eru dæmi, ef sérstakur atgervis- og áhugamaður heldur því uppi, en slíkt félag deyr, ef sá maður hverfur burt úr sveitinni. Þetta er staðreynd. Hinsvegar er það margviðurkennt,

að íþróttastarfsemi ungmennafélaganna hefir verið mjög gagnleg og náð í sveitum landsins þeim árangri, sem ég efast um, að Í. S. Í. hefði getað náð. Ég hefi hér allmikið af skýrslum frá ungmennafélögum um þetta efni, en sé ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál, en vil aðeins minna á það, að meginhluti af íþróttahúsum, sundlaugum og íþróttavöllum, sem byggðir hafa verið um allt land, hafa verið reistir fyrir atbeina ungmennafélaganna með styrk af almennafé. Þessu starfi verður að halda áfram, og hér í frv. er lagður grundvöllur að því, að það verði gert á sem hagkvæmastan hátt, með því að láta úthlutunina í hendur n., skipaðri völdum mönnum. Eins og áður er sagt, eru í þessari n. aðilar frá U. M. F. Í., Í. S. Í. og skólunum. Ég hefi haldið því fram, að mörg íþróttafélög séu ekki í Í. S. Í., en tilheyra ungmennafélagsskapnum. Einnig eru mörg félög. sem eru í Í. S. Í., sem greiða ekki gjöld sín og því til lítils gagns fyrir sambandið. Nefnd sú, sem undirbjó frv., safnaði skýrslum frá hverju einasta ungmennafélagi og íþróttafélagi innan Í. S. Í. Þessar skýrslur hafa mikinn fróðleik inni að halda og sýna það svart á hvítu, að það er algerlega vonlaust, að Í. S. Í. geti náð með fullum styrk út um byggðir landsins. Til þess er aðeins sú ein leið, að hagnýta starf ungmennafélaganna í þágu íþróttanna, eins og gert er í þessu frv.

Ég vil nú víkja nokkru nánar að þeim brtt., sem hv. 4. þm. Reykv. gerði ráð fyrir, að fallizt yrði á. — Ég sé ástæðu til að ræða brtt. hverja fyrir sig. Brtt. við 1. gr. er sú, að bæta inn orðinu „hreysti“. Þetta er óþarft, því að í frvgr. er rætt um bæði heilbrigði og táp, en þessi orð til samans ná fullkomlega yfir þá tvöföldu merkingu, sem felst í orðinu hreysti.

Með 2. brtt. er farið fram á, að Í. S. Í. fái úrslitavald um skipun íþróttafulltrúa, sem, eins og frv. ber með sér, á að hafa á hendi yfirstjórn íþróttamála í skólum fyrst og fremst. Ef till. væri samþ., fengi Í. S. Í. þar yfirráð yfir íþróttastarfsemi skólanna, og það er alls ekki eðlilegt, að mínum dómi. Mér virðist miklu eðlilegra, að slík leiðbeiningarstarfsemi verði framkvæmd af fulltrúum fræðslumálastjórnar.

Við 3. gr. eru 2 breytingar. Þar er gert ráð fyrir, að íþróttafulltrúi geti orðið framkvæmdastjóri Í. S. Í., og er þar aftur seilzt inn á það svið, að blanda saman starfsemi skólanna og hinnar frjálsu íþróttastarfsemi. Með þessu virðist mér nokkur tilraun til þess gerð að koma Í. S. Í. undir áhrifavald fræðslumálastjórnar, enda þótt hv. 4. þm. Reykv. vilji af fremsta megni berjast gegn slíku, og vil ég vinsamlega benda honum á þetta.

Við 4. gr. er breyt. aðallega sú, að farið er fram á, að 2 fulltrúarnir í íþróttan. séu skipaðir samkv. till. Í. S. Í. og einn eftir ráði fræðslumálastjórnar og enginn frá öðrum aðilum. Þar með fengi sambandið fullkomin umráð yfir öllu því fé, sem íþróttasjóður fær af almannafé.

Við 7. gr. eru nokkrar breyt., sem hníga í sömu átt, að auka vald Í. S. Í. Við, sem undirbjuggum frv., fengum ekki umsögn U. M. F. Í. Að öðrum kosti gæti vel hugsazt, að sá félagsskapur hefði komið með till., sem veittu honum meiri íhlutun á gang íþróttamálanna, á sinn hátt eins og Í. S. Í. Þetta varð ekki, og þess vegna hallast hér stórkostlega á. Í brtt. við 9. gr. er farið fram á, að allar reglugerðir um mannvirki, sem styrkt hafa verið af íþróttasjóði, skuli vera staðfestar af Í. S. Í., en fræðslumálastjórnin fær ekki að ráða neinu þar um. Ég get ekki látið hjá líða að taka fram, að þarna er vissulega of langt gengið. Við 14. gr. er breyt. um, að gert er ráð fyrir, að nemendur í skólum eigi kost á kennslu í glímu, og fari kennslan fram á líkan hátt og í glímufélögum Í. S. Í. og undir þess eftirliti. Það er alveg augljóst af 24. gr., að svo hlýtur að vera. Í. S. Í. setur reglur um alla íþróttakeppni, og þá er auðsætt, að einnig í þessu efni verði farið eftir reglum þess. Ákvæðum 16. gr. var nokkuð breytt við 2. umr. þessa máls, og ég býst við, að hv. þm. hafi ekki athugað það til fullnustu.

Brtt. hv. 4. þm. Reykv. við 17. gr. er ég sammála.

Við 20. gr. eru nokkrar breyt., en ég sé ekki, að nokkur þeirra skipti máli, vil aðeins minnast á eina þeirra. 20. gr. er um réttindi til að verða íþróttakennari, og kröfur þær, sem gerðar eru til slíks. Niðurlag gr. er á þessa leið: „Heimilt er fræðslumálastjórn að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar gr., ef í hlut eiga kennarar, sem fengnir eru til þjálfunar um stundarsakir í einstökum íþróttagreinum, enda samþykki stjórn íþróttakennarafélags Íslands ráðningu þeirra.“ En hér vill hv. 4. þm. Reykv. skjóta inn orðunum: „að fengnu samþykki Í. S. Í.“. Þannig á fyrst og fremst að spyrja Í. S. Í. ráða, en ekki íþróttakennara. Að öðru leyti eru breytingar engar við þessa gr., sem orð er á gerandi.

Þá er brtt. við 23. gr. Ég get fyrir mitt leyti fallizt á hana og tel það til bóta að samþ. brtt. við 23. og 26. gr., nema við 3. tölul. Þar er gerð breyt. í þessum sama anda og ég hefi talað um hér. Þá er 13. brtt., við 28. gr., sem hv. 4. þm. Reykv. gat um. Ég er honum sammála um, að það sé skýrara orðalag, að í stað orðanna „opinberan styrk“ komi: styrk úr íþróttasjóði.

Ég hefi nú rætt brtt. nokkuð og reynt að gera grein fyrir þeim, eftir því, sem ég hefi getað, og skal aðeins að síðustu lýsa því yfir, að ég fyrir mitt leyti er samþ. brtt., sem ég gat um, við 9. og 17. gr., 11. brtt., við 23. gr., og 13. brtt., við 28. gr. Ég hefi ekki fleira að taka fram að sinni, en vænti þess, að rökst. dagskrá hv. þm. A.-Húnv. verði felld, síðan meginhluti af öllum þeim brtt., sem eru á þskj. 378, eða allar nema þær, sem ég hefi tekið fram, að ég telji skaðlausar eða til bóta.

***Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson):** Mig langar til að fara nokkrum orðum um ýms atriði þessa máls. Þá eru fyrst nokkur orð út af því, sem hæstv. forsrh. sagði. Hann hafði orð á því, að frv. eins og það hefði verið væri samið af n. íþróttamanna og fulltrúa fyrir íþróttafélög og gat þess, að fulltrúar íþróttafélaga í Rvík hefðu gengizt inn á, að U. M. F. Í. nyti allra þeirra

réttinda, sem frv. áskilji. Ég skal ekki fara langt í hugleiðingum um þetta orðalag hæstv. ráðh. Ég trúi því, að þetta sé rétt orðað og að hann hafi lagt mikið kapp á af sinni hálfu að fá fulltrúana, sem annars áttu að halda fram rétti Í. S. Í. vegna íþróttanna í landinu, til að gangast inn á annað en það, sem bezt er fyrir íþróttalífið. En það eru ekki allir skyldugir til að taka tillit til þess hér, þó að honum þyki betur fara, að í l. verði atriði, sem þeir hafi gengizt inn á að hafa í frv. Þess vegna dugar ekki að svara því til, að hér hafi verið gengizt inn á nokkurn skapaðan hlut í þessa átt. Ef það er rétt, sem ég held, að fleira þessu líkt eigi að koma fram í málinu, þá er alveg óþarfi fyrir hv. þdm. að taka tillit til þess, þó að einhverjir hafi gengizt inn á eitthvað í sambandi við það. Hæstv. ráðh. sagði ennfremur, að þetta frv. almennt séð ætlaðist ekki til þess á nokkurn hátt, að afskipta ríkisins gætti verulega í íþróttamálum landsins. Það myndi aðeins vilja sjá um, að því fé, sem ríkið legði til íþróttastarfsemi, yrði varið á réttan hátt, og þá sérstaklega til upplýsingastarfsemi vegna íþrótta. Ég man, að hæstv. ráðh. talaði um, að nýlega hefði verið gefin út íþróttabók að tilhlutun einhvers manns. Mér er kunnugt um, að hæstv. ráðh. hefir mikinn áhuga fyrir skíðaíþróttinni, og við því er ekki nema gott eitt að segja. En útgáfa þessarar bókar mun ekki hafa neina þýðingu fyrir eflingu skíðaiðkana hér á landi, enda tel ég hana gagnslitla.

Í sambandi við þetta sagði hæstv. ráðh., að það væri eitt af verkefnum ríkisins að taka í sínar hendur að sjá um upplýsingastarfsemi og útgáfu bóka til leiðbeininga við íþróttir. Ég kem með hér til viðbótar bréf frá Í. S. Í. (sem prentað er á þskj. 351) til menntmn. Ed. Þar eru upplýsingar um það meðal annars, hvað bókaútgáfa Í. S. Í. hefir verið mikil. Að tilhlutun þess hafa fjöldamargar bækur komið út frá árunum 1921—1936. Ég vil ekki þreyta hv. þdm. með því að lesa þann langa lista, en hann sýnir það, að eftir getu hafa íþróttamenn staðið að því að gefa út bækur til gagns fyrir þá, sem íþróttir vilja stunda. Ég má bæta því við, að við höfum ekki mikið fé til útgáfu íþróttabóka í íþróttasjóði, og eftir upplýsingum hv. þm. A.-Húnv. um örlæti ríkisstj. veitti hún fjárhagsárið 1939 6000 kr. til íþróttamála. Þessu fé átti svo að skipta milli allra íþróttafélaga, en þessi upphæð nægði rétt fyrir launum íþróttafulltrúa, svo að lítið yrði eftir til bókaútgáfu með sama örlæti.

Það var að heyra á hæstv. forsrh., að hann legði mjög mikla áherzlu á það, að meiningin með þessu frv. væri langt frá að vera sú, að taka íþróttir undir ríkisrekstur. Honum er auðsjáanlega illa við að bendla þessu frv. við ríkisrekstur, en maður getur ekki varizt þeirri hugsun, að svo sé, þar sem ráðh. fengi einræðisvald í íþróttamálum. Það eru hvorki meira né minna en 15 reglugerðartilefni í frv., sem sjást á yfirborðinu, og er því ekki óeðlilegt, þó svo sé tekið til orða, að nú eigi að taka íþróttirnar til ríkisrekstrar. Skal ég svo ekki segja meira um ræðu hæstv. forsrh. Hann sagði þó, að hann gæti séð, að það gæti orðið meiningamunur um það hér í hv. d., hvort fara ætti þá leið, sem ég legg til að farin verði, að fela Í. S. Í. meðferð þessara mála, eða taka hana úr höndum þess og fá það einhverjum öðrum.

Hv. 1. þm. Skagf. þarf ekkert að verða hissa á því, að mínar fyrstu till. ganga í þá átt, að gera Í. S. Í. hér aðalaðilann. Hann þarf ekki heldur að taka það nærri sér fyrir hönd ungmennafélaganna, þótt þau þurfi að ganga í Í. S. Í., því eftir því, sem ég bezt veit, mun árgjaldið þar vera 10 kr. fyrir hvert félag. Mínar till. ganga beinlínis út á það að auka áhrif Í. S. Í. á íþróttalíf í landinu, og get ég ekki séð, að það sé á nokkurn hátt óeðlilegt, en úr því verður aðeins skorið með atkvgr. hér í d., hvort svo verður, eða fela skal það öðrum aðila.

Ég held, að ekki þurfi heldur að óttast áhrif Í. S. Í. á úthlutun þess fjár, sem ríkissjóður veitir til íþrótta, en ég skal verða manna fyrstur með því að taka það vald af því aftur, verði því misbeitt. Samkv. frv. á að taka fullt tillit til allra aðila með úthlutunina, enda mundu ungmennafélögin og íþróttafélögin, sem öll yrðu að vera í sambandinu, hafa þar aðstöðu til að hafa áhrif á úthlutunina. Nú þegar munu 35 ungmennafélög vera í Í. S. Í., svo það er ekki verið að hrinda þeim af neinum stalli, þótt sambandinu væri falin yfirstjórn íþróttamálanna. Ég fæ ekki betur séð en að allt styðji mitt mál og að sú leið sé rétt, sem ég hefi bent á með minni þrtt. Ég skil ekki annað en að hv. þm. sjái, að fullt tillit er tekið til ungmennafélaganna með minni till., þótt farið sé fram á, að íþróttamálin falli öll undir áhrif Í. S. Í.

Það gladdi mig að heyra á ræðu hv. samnefndarmanns míns í menntmn., að hann er farinn að linast á þeirri fullyrðingu, sem hann ber fram í grg. frv., að ekki sé rétt að taka þau réttindi af mönnum, sem þeir nú hafa, að þeir megi ekki stunda nám í kennaraskólanum, ef þeir hafa ekki fullan færleik til að læra íþróttakennslu. Virðist hv. samnm. minn vera að fallast á brtt. mína þessu viðvíkjandi. En með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa það, sem hann segir í grg. við 23. gr.: „Virðist því óhjákvæmilegt, að íþróttakennsla sé jafnan ein grein kennaraprófs. Þetta hlýtur að vísu að útiloka líkamsgallaða menn frá kennaranámi, en við því er ekkert að gera. Enda verður að teljast vafasamt, að menn, sem ekki geta stundað og kennt íþróttir vegna heilsubilunar eða líkamsgalla, séu heppilegir til að vera kennarar.“ Þetta verð ég að segja, að mér finnst ranglátt og ósanngjarnt, og þykir mér gott að heyra, að hv. þm. fellst á lagfæringar á þessu atriði, svo að menn geti verið í kennaraskólanum, þótt þeir geti ekki stundað leikfimi, því ég tel vafasamt, að ákvæði 14. og 15. gr. nái til þessa, þar sem þær fjalla um íþróttakennslu í skólum, en ekki íþróttanám.

Skal ég svo ekki tala meira um þetta mál að sinni.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., 6. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 364, 378, 387).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 387. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*Sveinbjörn Högnason: Ég mun hafa kvatt mér hljóðs í gær, þegar umr. um málið var að verða lokið. En það voru aðeins nokkur atriði, sem ég vildi benda á í sambandi við þær umr., sem fram hafa farið um málið.

Það er vitanlega enginn, sem efast um það nú á okkar tímum, hve nauðsynlegar íþróttir eru fyrir þjóðlífið. Og ég gæti trúað því, að það borgaði sig að draga eitthvað úr kennslu í einhverri námsgrein í okkar skólum og gefa íþróttunum meira rúm en verið hefir. Og er ég sannfærður um það, að við höfum verið allt of hirðulausir um þann þátt uppeldismálanna. Slíkt er hrein vanvirða.

Þó er því ekki að neita, að það hefir komið fram, bæði frá einstaklingum og félögum, mjög virðingarverð viðleitni um þessi mál. Ég dreg í efa, að svo margir í þjóðfélagi okkar hefðu gefið frá sér sjálfsbjargarviðleitni svo fljótt og flúið frá áreynslu og erfiði, sem raun ber vitni, ef þeir hefðu fengið þau uppeldisáhrif, sem íþróttirnar geta veitt, þ. e. meira starfsþrek, kraft og viljafestu.

Ég hygg, að það séu fáir þættir í uppeldismálum okkar, sem beri að leggja meiri áherzlu á en einmitt íþróttirnar, að koma þeim í viðunandi horf. En til þess að það megi takast, er fyrst og fremst nauðsynlegt að sameina þá krafta, sem fyrir eru í landinu og hafa starfað að þessum málum undanfarið, og reyna að skapa samstarf að eflingu íþróttanna. Mér virðist þetta frv. vera virðingarverð viðleitni í þá átt, að taka tillit til þeirra aðila, sem starfað hafa að þessum málum undanfarið.

Það hafa aðallega verið tvær félagsheildir, sem unnið hafa að þessum málum, ungmennafélögin annarsvegar, sem munu vera fyrstu frumherjar íþróttanna hér á landi og unnið þar lofsvert verk í því máli, þegar lítið er á þá aðstöðu, sem þau hafa átt við að búa. Og svo er það Í. S. Í., sem unnið hefir mjög lofsvert starf. En hvortveggja þessi félög starfa á sínu sviði. Ungmennafélögin hafa unnið fyrir sveitirnar, og ég hygg, að bezt myndi íþróttamálum sveitanna borgið, ef þeim væri falið að hafa þau mál með höndum. Mér er ekki kunnugt um, að Í. S. Í. hafi starfað mikið úti í strjálbýlinu. Nú er það vitanlegt, að íþróttastarfsemi er miklu erfiðari úti um sveitir en í kaupstöðunum. Að vísu er það rétt, að ekki má ganga framhjá þessu íþróttasambandi, sem starfað hefir lengst allra heildarsamtaka hér á landi að þessum málum. En hitt er óhugsanlegt, að fela því að fara með mál sveitanna að þessu leyti. Það kemur glöggt fram hjá hv. 4. þm. Reykv., að hann sér ekkert nema þar, sem mannfjöldinn er mestur saman kominn. Hann sér ekki hagsmuni dreifbýlisins, heldur aðeins þéttbýlisins. Þetta er það, sem ég fyrir mitt leyti vil átelja. Í þessum framkomnu brtt., sem eiga e. t. v. að einhverju leyti rót sína að rekja til stjórnar Í. S. Í., hefir verið reynt að koma á framfæri nokkurskonar sundrungarstarfsemi í þessu máli. Ef góður árangur á að nást, verður að sameina til þess alla krafta. Í dreifbýlinu, þar sem mér er ekki kunnugt um, að stjórn Í. S. Í. hafi beitt sér mjög fyrir íþróttum, treysti ég ungmennafélögunum miklu betur til slíkra hluta. Og mig undrar, að hv. þm. A.-Húnv. skuli æskja þess, að áhrif á stjórn íþróttamála hverfi sem mest þaðan og til Reykjavíkur eða kaupstaðanna, skuli meira að segja, eins og kom fram í umr. í gær, gerast talsmaður fyrir því og vega manna harðast móti dreifbýlinu. Ég vildi óska, að allar brtt., sem stefna að því, að þéttbýlið ráði öllu, yrðu teknar aftur, en frv. samþ. í þeirri mynd, að góð lausn fáist á málinu.

*Pétur Ottesen: Ég vil mjög taka undir þau ummæli, sem fallið hafa í þessum umr. um nytsemi íþrótta. Það er vitanlegt, hve mikill þáttur þær eru í uppeldi manna. Ekki er gagn þeirra minna síðan sú breyting varð, að allmikill hluti þjóðarinnar vinnur að öðrum störfum en þeim, sem kosta mikla líkamsáreynslu. En þær eru þroskavænlegar fyrir alla, ekki aðeins til að stæla vöðva manna og herzlu alls líkamans, samfara mýkt, heldur og til að stæla hugsunina. Þannig eru þær svo ómetanlegar þjóðinni, að það verður seint oflofað, hve mikið starf og gott hefir verið unnið hér af forgöngumönnum þeirra. Framtak þessara einstöku manna hefir hrundið málunum áfram. Bæði ungmennafélögin og þau félög, sem mest ber á í Í. S. Í., hafa staðið að framförunum. Ég veit ekki betur en gott samkomulag hafi verið með þessum aðilum. Á það hefir verið bent, að í Í. S. Í. séu 30—40 ungmennafélög, og vitað er, að mörg fleiri ungmennafélög hafa beint og óbeint notið stuðnings Í. S. Í. við íþróttaframkvæmdir. Meðal ungmennafél. og sambandsins hefir þannig verið mjög góð samvinna, enda býst ég við, að án hennar væru íþróttirnar ólíkt skemmra á veg komnar en er.

Auk þess ramma, sem í frv. er settur um þessa starfsemi, eru þar mörg einstök atriði, sem ég tel ákaflega mikilsverð. Þar er svo kveðið á, að allir unglingar skuli hafa lært sund innan 14 ára aldurs. Það hefir geysilega þýðingu í lífsbaráttu okkar, sem verðum svo mjög að stunda sjó, auk ferðalaga yfir ár og vötn, að sundkunnátta verði almenn og nær undantekningarlaus. Hún hefir mjög færst í aukana með starfi ungmennafélaganna, auk þess sem sund hefir mjög verið stundað við alþýðuskólana. En nú leiðir af sjálfu sér, að þegar sund verður að skyldunámsgrein fyrir alla, verður það eitt höfuðverkefni íþróttasjóðsins að styrkja sundlaugabyggingar sem allra víðast. Því að það má ekki gera unglingunum allt of erfitt fyrir og kostnaðarsamt að læra sundið. Á stórum svæðum á landinu eru ekki til laugar, sem kennsla geti farið fram við. Því hefir víða verið reynt í kaupstöðum að koma upp sjólaugum, sem hitaðar eru með kolum eða rafmagni. Mér þætti sanngjarnt, að auk þess ríkisstyrks, sem lagður er fram til sundlaugabygginga, væri veittur nokkur rekstrarstyrkur við þær sjólaugar, sem hita verður upp. Það er fullreynt, hve erfitt er að koma upp sundnámi án þess að hafa heitt vatn til að læra í.

Ágreiningur sá, sem risið hefir hér og leiddi til þess, að við 2. umr. var borin fram rökst. dagskrá á þeim grundvelli, að leita yrði samkomulags við Í. S. Í., og síðan, er hún var felld, bornar fram brtt., er fela í sér óskir Í. S. Í., er ekki

undarlegur, þegar annarsvegar er hugsað um elju og erfiði þeirra manna, sem hafa beitt sér fyrir þessum félagsskap og þykir því miður, ef á nokkurn hátt yrði skertur réttur þeirra og sjálfstæði, og hinsvegar eru þær skoðanir, sem fram hafa verið bornar gegn brtt. Samkv. frv. er Í. S. Í. veittur tillöguréttur um reglur fyrir allri íþróttastarfsemi. Því er falið að hafa á hendi alla íþróttaþátttöku af Íslands hendi gagnvart öðrum þjóðum, þó þannig, að ríkið geti sjálft tekið slíka hluti að sér, en ég geri ekki ráð fyrir, að öðrum þyki betur til þessa trúandi en Í. S. Í., að koma fram út á við af okkar hálfu, svo að í framtíðinni verði þessum félagsskap tryggð umráð þessi. Undanfarið hefir fjárveiting verið veitt á nafn Í. S. Í. og það haft óskorað vald yfir skiptingu hennar milli félaga. Nú á að aftaka þetta, en í staðinn fær Í. S. Í. aðeins einn mann af þremur í íþróttanefnd, sem ræður skipting fjárins og ráðstöfun þess. Þegar nefnd var sett til að undirbúa þessa löggjöf, var aðeins einn maður tekinn úr stjórn Í. S. Í., þótt ýmsir af forgöngumönnum þeirra samtaka hefðu talið rétt, að þeir undirbyggju málið. Ég sé það eftir atkvgr. um dagskrána við 2. umr., að það er alveg þýðingarlaust að bera fram tillögur eins og þær, sem hv. 4. þm. Reykv. ber fram. Hinsvegar virtist útlit fyrir það við 2. umr., og sérstaklega eftir að brtt. höfðu verið þar samþ., að frv. mundi ganga fram á þessu þingi. Og ég verð að segja, að það er ekki nema ákaflega eðlilegt, að frv. fái staðfestingu á þinginu; það verðskuldar það að mörgu leyti. Ég held því, að ekki sé um annað að gera fyrir Í. S. Í. og ungmennafélögin en reyna að halda áfram því góða samstarfi, sem með þeim hefir verið. Þá eiga þessir tveir aðilar að geta ráðið öllu í íþróttanefnd og haft þessi mál algerlega í hendi sér.

Mér þykir það á skorta í frv., að þessum aðilum sé tryggð íhlutun um val íþróttafulltrúa. Samkv. frv. ráða þeir engu um það, hverjum fræðslumálastjórnin felur starfið. Þetta vil ég ekki sætta mig við fyrir þeirra hönd. Það allra minnsta er, að félögin fái tillögurétt um þetta. Þá langar mig til að bera fram skriflega brtt. við 3. gr. um, að á eftir orðunum: „Hann skal ráðinn af fræðslumálastjórn til 3 ára í senn," bætist: „að fengnum tillögum íþróttanefndar". Mér finnst þetta alveg lágmarkskrafa fyrir hönd íþróttasambandsins eða íþróttanefndarinnar. Ég vona, að allir, sem viðurkenna gagnsemi íþróttafélaganna og ungmennafélaganna í þessum málum, geti léð brtt. fylgi sitt. Í gær var á það minnst, að vel kæmi til mála, að fulltrúa hjá fræðslumálastjóra yrði falið íþróttafulltrúastarfið. Ég efast ekki um, að ef sá maður hefir til að bera þá hæfileika, sem þarf til þessa starfs, þá muni félögin sætta sig við þá ráðstöfun. Enda nær till. mín ekki lengra en að nefndin skuli, fyrir hönd félaganna, hafa tillögurétt.

Orð féllu hér um það í gær, að með frv. væri opnuð leið til mikilla fjárútláta frá því, sem verið hefir hingað til. Frv. sjálft ákveður ekkert um fjárveitingar. Það er á valdi Alþingis, hve mikið fé verður síðan hægt að veita. Miðað við það, sem íþróttafélög og einstakir íþróttaiðkendur hafa lagt af mörkum til starfseminnar, sé ég ekki, að hægt sé að segja, að þær fjárveitingar séu of háar, sem á móti hafa komið frá því opinbera. Í. S. Í. hefir fengið 8 þús. kr. á ári nú um skeið. Auk þess eru ýmsar fjárveitingar, sem í frv. til fjárl. fyrir 1940 eru dregnar saman í einn lið, 6 þús. kr. Þá eru 10 þús. kr. til sundlaugabygginga og nokkrar fjárveitingar, sem bundnar eru við ýmsar framkvæmdir í kaupstöðum landsins, og auk þess 2400 kr. til sundkennslu. Þetta verður nú samkv. frv. veitt í einu lagi og þannig byggður upp íþróttasjóðurinn, en alls óvíst, hvað Alþingi sér fært að veita á hverjum tíma.

Það er alls ekki í íþróttunum einum, sem dugnaður og framtak kemur fram hjá félögunum. Það er alkunnugt, að fyrir átök íþróttafélaga og ungmennafélaga hafa verið reist ótal hús um allt land til þess að halda þar uppi fjölþættu félagslífi. Nú síðustu árin hafa íþróttafélögin einbeitt kröftum sínum að því að koma upp skíðaskálum. Ég verð að segja, að það gengur kraftaverki næst, hvað þessir menn hafa áorkað miklu á skömmum tíma. Sumstaðar hefir orðið að bera byggingarefnið á bakinu langar leiðir yfir vegleysur. Það hafa þeir unnið til að koma þessum hugðarmálum sínum í framkvæmd. Atorkan, sem lýsir sér í þessu, sýnir, hversu mikilsverður þessi félagsskapur er. Þann manndóm og þann félagsskap á löggjafinn að styðja og sýna honum viðurkenning sína í verki.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Borgf. [sjá þskj. 397]. Þar sem brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifl., verður að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Jón Pálmason**: Ég kvaddi mér hljóðs í gær í sambandi við þann ágreining, sem risinn var og enn helzt. Hv. 1. þm. Skagf. hóf ræðu sína á því að segja, að þetta frv. hefði komið illa við sparnaðarhug minn, það væri mitt fag að fást um þá hluti, sem til útgjalda horfðu, o. fl. í sama tón. Ég get skilið, að hann hneykslist á því að hugsa um slíkt. En s.l. viku höfum við verið að því í fjvn. að leita uppi hverja fjárhæð, sem nokkur möguleiki er til að spara á, og hvarvetna rekizt á ófærar hindranir. Þetta var lögbundin greiðsla, þessu var búið að lofa fyrir mörg ár, þessu varð ekki undan komizt vegna þess að venja eða hliðstæð fordæmi voru fyrir því o. s. frv. Þá höfum við orðið að ráðast á fjárveitingar, sem okkur var mjög sárt um, svo sem til ýmissa verklegra framkvæmda. Þá er það ekki rétt hjá hv. 1. þm. Skagf. að vera með háðglósur um það, að þetta sparnaðartal sé bara persónuleg ástríða hjá mér, allsendis óþarft.

Önnur hlið málsins er skipulagið, sem ráðgert er. Það þýðir og ekki að leyna því, að þarna er verið að stofna alldýrt embætti. Auk þess er stofnuð íþróttanefnd, sem að vísu á að vera ólaunuð fyrst, en verður það ekki lengi. Þá er ferðakostnaðurinn. Þetta vil ég aðeins benda á. Hitt er ágætt, ef menn verða svo á eftir sam-

mála um að veita miklu meira til þessara mála en að undanförnu og búa svo um, að það mikla fé verði virkilega til íþróttaeflingar. Sízt verð ég til þess að neita gildi íþróttanna, þótt ég telji ekki heppilegt að knýja þetta frv. gegnum Alþingi í þeirri mynd, sem það er. Aðaldeilan um skipulagið snertir það, hvort hér eigi að vera eitt eða tvö íþróttasambönd. Um það mál get ég svarað sameiginlega þeim hv. 4. þm. Reykv., hv. 1. þm. Rang. og hæstv. forsrh.

Þó að sá félagsskapur eigi í hlut, sem ég gerði mér ungur miklar vonir um og hefi gert mér far um að sýna alla þá hjálpsemi, sem ég taldi mér fært, verð ég að segja það um ungmennafélögin, að þau hafa tapað úr höndum sér aðalmarkmiðinu, sem þau höfðu í íþróttum í fyrstu, en það var að tryggja, að íslenzk glíma héldi áfram að vera þjóðaríþrótt. Henni hefir hrakað ákaflega í sveitunum á síðari árum. Sökin er sú, eins og hv. 1. þm. Rang. talaði um áðan, að fólki hefir fækkað á bæjunum og erfiðleikarnir á íþróttaiðkunum orðið svo miklir, að ungmennafélögin reisa ekki rönd við þeim. Nú kemur það ekki máli við, hvort menn halda, að ungmennafélögunum sé einhver stoð eða ekki í því að heita sjálfstæður aðili við hlið Í. S. Í. í þessum málum, þegar aðalatriðið er jafnóleyst eftir sem áður, hvernig íþróttir verði bezt efldar innan sjálfra félaganna. Engin rök hafa verið færð fyrir því, að eðlilegra sé að hafa samböndin tvö en eitt eða að ungmennafélögin bíði tjón af þátttöku sinni í Í. S. Í., þar sem mikill hluti þeirra hefir nú verið um skeið.

Þá vil ég svara því, sem hæstv. ráðh. endaði ræðu sína á. Hann taldi það fjarstæðu, að ætti að rýra frelsi íþróttastarfseminnar í landinu. Þarna er ég alveg sammála og vil benda honum á, að þessi yfirlýsing fellur ekki alveg við ákvæði frv. Það er gert ráð fyrir að setja a. n. l. stjórnskipaða nefnd til yfirstjórnar í þessum málum á öllu landinu og stjórnskipaðan fulltrúa. Noti þeir menn vald sitt, geta þeir rýrt frelsi félaganna ákaflega mikið. Ég vil því hvorki nefndina né hinn stjórnskipaða fulltrúa. Ég tel það heppilegast, að hin frjálsa starfsemi sé styrkt af ríkisvaldinu eins og fjárhagur leyfir. Það er eðlilegt, að stofnanir eins og íþróttaskólarnir, sem við eigum á Laugarvatni, í Haukadal, á Álafossi og íþróttaskóli Jóns Þorsteinssonar í Rvík, séu styrktir af ríkinu, þótt þeim hafi verið komið upp af einstökum mönnum. Á sama hátt tel ég eðlilegt, að Í. S. Í. njóti styrks frá ríkinu, með því skipulagi, sem verið hefir. Það er sambærilegt við höfuðfélagsskap okkar bænda, búnaðarfélögin. Þau eru öll í einu sambandi, er nýtur sem heild þess styrks, sem Alþingi þykir fært að veita, og deilir síðan milli smáfélaganna. Það er affarasælast, að félögin séu sem allra frjálsust, en fái gegnum samband sitt þá aðstoð og þau áhrif, sem hverju þeirra um sig hentar bezt og þau óska eftir á hverjum tíma. Ég ber sízt móti því, að þörf sé á einskonar fulltrúa til leiðbeininga innan Í. S. Í., en það mál á að vera á þess valdi, en ekki setja upp ríkislaunað embætti til þess. — Yfirleitt er ég hræddur um, að „hlunnindin“, sem frv. á að veita Í. S. Í., verði hefndargjöf.

*Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson): Ég vil benda hv. þdm. á, að það er fjarstæða, sem hv. 1. þm. Rang. hélt fram, að við, sem í fjölmenninu búum, viljum ná yfirráðum allrar íþróttastarfsemi undir okkur, þótt við viljum hafa þá yfirstjórn alla á einum stað, en ekki tveim. Enginn hefir borið móti því, að eitt íþróttasamband sé eðlilegra og heppilegra en tvö. Og það er aðeins deila um nafn, ef það samband má ekki heita Í. S. Í. Er þá nokkuð undarlegt, þótt stj. þessa sambands sé ætlað að vera í höfuðstað landsins? Þarf það að spretta af sérdrægni okkar Reykvíkinga, þótt við teljum það réttast? — Nei, ég held ekki. Það eru miklu minni rök fyrir því að hafa stjórnina t. d. austur í Rangárvallasýslu.

Auðvitað verður Í. S. Í. að vera opið öllum félögum, sem við íþróttir fást, hvar sem er á landinu, og þannig um hnúta búið, að þau geti haft þar sín áhrif. Ungmennafélögin eiga að vera þar, að því leyti sem þau eru íþróttasamtök, þótt þau hafi annars eins óskyld viðfangsefni og jarðrækt, skógrækt og unglingafræðslu, bindindi o. s. frv. og ýms mál sinnar sveitar eða héraðs, sem ekkert eiga að grípa inn í íþróttastjórn landsins og gera það mjög óheppilegt að fela þeim félögum hana, hversu virðingarverð sem íþróttastarfsemi þeirra er. Mig grunar, að við skipun þeirrar nefndar, sem undirbjó frv., hafi verið reynt að sjá til þess, að forgönguréttur Í. S. Í. til yfirstjórnar íþróttamála yrði þar ekki viðurkenndur. Hún var einkennilega skipuð, eins og réttilega hefir verið átalið. Það er margt, sem bendir til, að það hafi frá öndverðu þótt hæpinn málstaður að ætla ungmennafél. yfirstjórnina við hlið Í. S. Í. — Nefna má ýmiskonar félagsskap, sem einnig ætti að vera í Í. S. Í. með sama fyrirkomulagi og ungmennafélögin eru þar, svo sem skátafélögin eða sum verklýðsfélögin.

Það er alger fjarstæða, sem hv. 1. þm. Rang. segir, að Í. S. Í. sé að vekja sundrung í þessu máli, þótt það óski þess, að réttur þess sé ekki skertur. Annars hirði ég ekki að deila á ummæli hans eða annara, sem eiga erfitt með að líta hlutlaust á þessi atriði. Aðalatriðið ætti þó að verða hv. þm. ljóst að lokum, að úr því að rökst. dagskráin var felld, á að samþ. brtt. minar um, að yfirstjórnin sé ein.

*Thor Thors: Það hefir verið stefna Alþingis á undanförnum árum að láta stöðugt fleiri og fleiri svið þjóðlífsins til sín taka. Oft hefir það átt við og orðið til bóta, en hinu verður ekki neitað, að víða hefir verið of langt gengið. Lagafjöldinn er orðinn svo mikill, að fáir vita, hvað lög eru í landi, nema með sérstakri fyrirhöfn og árvekni. Menn eiga erfitt með að finna nokkurt svið, þar sem þeir mega um frjálst höfuð strjúka. Um þessi íþróttalög verður að viðurkenna, að þau eiga rétt á sér. Einkum er mikilsvert það, sem hér er ákveðið um íþróttir í skólum, og ekki verður deilt um, að fyrir þær opinberu stofnanir eigi Alþingi að skapa skipulag í þessum þýðingarmiklu þáttum uppeldisins. Ég skal ekki bæta við þau orð, sem hér hafa fallið um uppeldisgildi íþrótta, og aðeins drepa laus-

lega á þau atriði III. kaflans, sem mest framför er að. Í 15. gr. er ákveðið, að nemendum, sem að dómi læknis eru ófærir til þátttöku í íþróttaiðkunum fullhraustra nemenda, skuli séð fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir. Ennfremur, að fræðslumálastjórn skuli eftir tillögum íþróttafulltrúa og íþróttanefndar setja ákvæði um tilhögun og stundafjölda fimleikakennslu og annara íþróttaiðkana í skólum. Þessi ákvæði tel ég mjög nauðsynleg og að skólanefndum og skólastjórum sé gert skylt að sjá fyrir þessu. Og ég tel, að ganga eigi lengra í því en frv. gerir að skyldu til fimleikahússbygginga, og leyfi mér að flytja brtt. á þskj. 387 þess efnis, að þar sem 12. gr. ákveður, að barnaskólum í kauptúnum með 500 íbúum (eða fleiri) skuli séð fyrir hæfu húsnæði til fimleikakennslu, skuli koma „400 íbúum", á tveim stöðum í gr. Vona ég, að brtt. fái góðar undirtektir.

Þá tel ég það mikilsvert ákvæði í 13. gr., að öll börn skuli skyld til þess að læra sund. Þetta hefði átt að vera komið í lög fyrir löngu, svo mörg eru dæmin um það, að menn hafa drukknað fyrir það, að vanrækt hafði verið að kenna þeim að synda.

Ef við lítum á sögu íþróttanna hér og árangur þeirra á undanförnum áratugum, verður ljóst, að hann hefir náðst fyrir frjálsa starfsemi margra einstakra manna. Íþróttalífið í landinu hefir farið mjög mikið vaxandi undanfarið. Íþróttagreinunum hefir fjölgað, nýjar íþróttagreinar hafa verið fluttar inn frá útlöndum, og þær hafa náð stöðugt aukinni útbreiðslu með þjóðinni. Það nægir að minna á knattspyrnuíþróttina, sem ekki er svo ýkjalangt síðan hófst hér á landi, en er nú orðin útbreidd um land allt og er að verða einn helzti liður í allri íþróttastarfsemi. Þá má nefna aðrar íþróttagreinar, svo sem tennisleik og golf, sem borizt hafa hingað á síðari árum. Svo má nefna það, sem ekki er síður þýðingarmikið, að hinar gömlu þjóðlegu íþróttir hafa farið mjög vaxandi, aðallega vegna þess að fyrir hina frjálsu íþróttastarfsemi hafa skilyrðin verið bætt verulega til aukinna íþróttaiðkana. Þá má vísa til þess, hversu sundíþróttinni hefir fleygt fram, því með nýjum og nýjum sundlaugum og sundhöllum hefir almenningi verið gert kleift að stunda þessa íþrótt. Ennfremur má geta þess, hversu skíðaíþróttin hefir stórum aukizt á seinni árum, og það fyrir hina frjálsu íþróttastarfsemi. Það hafa verið reistir hér og þar í nágrenni við stærstu kaupstaðina skíðaskálar, og það hefir mjög verið prédikað fyrir æskulýðnum, hve holl þessi íþrótt væri. Loks er þess að geta, að í kaupstöðum víða hefir verið komið upp bættum íþróttahúsum, þar sem almenningi gefst kostur á að iðka almennar íþróttir með nýtízku tækjum.

Öll þessi starfsemi er mjög lofsverð og þýðingarmikil fyrir heilbrigði þjóðarinnar, og mér finnst, að Alþ. hljóti að vera þakklátt þeim einstaklingum, sem rutt hafa brautina svo glæsilega á undanförnum árum. Það er vitað, að fjöldamargir menn, ekki sízt í Rvík, hafa fórnað öllum sínum fristundum í það, að skapa bætt skilyrði til íþróttaiðkana og auka áhugann fyrir íþróttum.

Nú vil ég spyrja: Því mega þessir menn ekki starfa áfram í friði að þessu göfuga hlutverki, að auka hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu? Hvaða nauðsyn er fyrir Alþ. að grípa til sérstakrar löggjafar til þess að taka fram fyrir hendur þessara manna? Það stendur að vísu í þessu frv., í 24. gr. þess: „Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum."

Þetta hljómar nú vel og sakleysislega. En þegar menn bera þetta ákvæði saman við önnur ákvæði þessa frv., þá sjá menn tilganginn með l., en hann er sá, að taka fram fyrir hendur þeirra manna, sem bezt hafa starfað að íþróttamálum undanfarin ár, og gera þá háða ríkisvaldinu um framtak sitt og vinnu. Þetta geta menn séð af 2. gr., þar sem segir: „Kennslumrh. hefir yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka." Þetta getur nú litið sakleysislega út. En í 3. gr. er talað um þennan nýja framkvæmdarstjóra íþróttamálanna og honum er þar veitt heimild til þess að hafa bein afskipti á fjöldamörgum sviðum, sem hljóta að verða til þess að takmarka frelsi og frjálsræði íþróttafélaganna. Það leiðir yfirleitt af hans embætti og er tekið fram í 2. lið 3. gr., þar sem rætt er um starfssvið hans, að hann eigi að vinna að útbreiðslu og eflingu íþrótta í landinu. Hann er sjálfráður í samráði við ráðh., hve víðtækan íhlutunarrétt hann tekur sér, og hann á að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði. Og hann hefir með höndum annað það, sem honum er falið í l. þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkv. þeim. Það er á valdi ráðh. að setja þessum manni eins víðtækt erindisbréf eins og hann vill. (**PHann**: Eins og l. leyfa.) En þau eru býsna teygjanleg.

Þá kem ég að fjárhagshlið þessara mála. Þó það sé hin frjálsa starfsemi, sem hefir haldið uppi íþróttunum, þá hefir samt verið veittur nokkur styrkur til þessarar starfsemi, enda er nauðsynlegt, að hann sé veittur. Það á við hér eins og annarstaðar, að féð er afl þeirra hluta, sem gera skal. Og í stað þess að láta þetta afl í hendur þeirra manna, sem mest hafa unnið að framgangi íþróttamálanna, þá kemur það undir sérstaka íþróttanefnd, undir eftirliti ríkisins. Með því að hafa íhlutun fjárins með höndum er íþróttanefnd í sjálfsvald sett að hefta starfsemi einstakra íþróttasambanda eftir vilja sínum. Hér er það þýðingarmikið atriði, að verið er að draga úr áhuga og starfsgleði þeirra manna, sem mestum tíma og erfiði hafa fórnað undanfarið til þess að auka íþróttalífið. Þeir mega ekki vera frjálsir að verki lengur, allt á að vera háð opinberu eftirliti.

En ég fæ ekki séð, hver nauðsyn er á þessu, og vil spyrja: Hvers eiga þessir menn að gjalda? Því mega ekki íþróttamenn í landinu sjálfir undirbyggja sinn félagsskap og skipuleggja hann á þann hátt, sem þeir einir óska?

Ég ætla ekki að fara í neinn meting um það, hvort rétt sé að láta Í. S. Í. vera eitt að verki eða U. M. F. Í. líka. Ég fæ ekki annað séð en þessir aðilar báðir eigi það sameiginlega áhuga-

mál, að auka útbreiðslu íþrótta, og þeir eiga að koma sér saman um, hvernig þeir haga hinni frjálsu íþróttastarfsemi.

Ég er hræddur um, að eitthvað annað sé á bak við þetta en umhyggjan fyrir velferð íþróttamálanna í landinu. Ég held, að þessu máli liggi ekki það mikið á, að aðilunum sjálfum sé ekki gefinn kostur á að setja sér sjálfir reglur um íþróttastarfsemi. Íþróttamenn eru vanir að setja sér sjálfir sínar leikreglur, og þær leikreglur eru ætíð drengilegar. Það ætti því að vera óhætt að láta þá einnig á þessu sviði setja sér leikreglur.

Hv. þm. A.-Húnv. hefir borið fram till. til rökst. dagskrár. Ég get ekki verið sammála honum um rökstuðning þann, sem hann hefir flutt fyrir till. Ég tel, að það megi sízt spara fé til slíkrar starfsemi. Fyrir þá sök get ég ekki verið honum sammála, að það eigi af sparnaðarástæðum að hefta framgang málsins.

Ég vil ekki, að þetta mál nái fram að ganga að svo stöddu. Þeim ákvæðum, sem til bóta eru um íþróttalífið í skólunum, má skjóta inn í fræðslul. hvenær sem er á þessu þingi. En ég vil gera það að till. minni, til þess að koma í veg fyrir sundrungu í þessu máli, að málinu sé vísað il ríkisstj. og aðilum sé gefið tækifæri til þess að setja sér sjálfir sínar reglur eins og hingað til.

*Eiríkur Einarsson: Ég verð að segja eins og er, að ég er hvorki íþróttafrömuður né íþróttamaður. Það er náttúrlega leiðinlegt fyrir hvern og einn, sem verður að gera þá játningu um svo góða kunnáttu. En af því að það er líka viðhorf mitt sem annara, er hér hafa talað, að hér sé um menningu að ræða, sem þjóðin lætur sig miklu skipta og ber að láta sig miklu skipta, þá er sjálfsagt að fylgja slíku máli þannig eftir, að íþróttirnar fái notið sín sem bezt.

Ég álít það einnig skyldu mína að gera grein fyrir, hvernig skoðun mín er á þessu máli, sem vitað er, að almenningur lætur mjög til sín taka.

Ég er í tölu þeirra hv. þm., en þeir munu vera tiltölulega fáir hér í hv. d., sem ekki sjá ástæðu til að samþ. frv. það, sem hér liggur fyrir. Frá mínu sjónarmiði liggja fyrir því allt aðrar ástæður en þær, að ég játi ekki eins og margir aðrir hv. þm., að ýmisleg ákvæði í þessu frv. kunni að horfa til bóta og að því leyti eigi þessi lagasetning rétt á sér, heldur er það annað sem er þess valdandi, að ég sé mér ekki fært að greiða atkv. með frv., og skal ég tilgreina þær ástæður. En áður en ég geri það, þá vil ég minnast á eitt eða tvö atriði í frv. sjálfu, sem ég álít, að séu varhugaverð, ef frv. skyldi ná fram að ganga. Það kom áðan fram skrifleg brtt. frá hv. þm. Borgf., sem hann flytur í góðu skyni og af sanngirni, til þess að aðilar þeir, sem þarna standa að, fái notið sín sem bezt. Í till. segir, að það eigi að ákveða íþróttafulltrúann að fengnum tillögum þessa og þessa aðila. Ég álít, að í till. sem þessari eigi að standa, að það skuli farið eftir till. þeirra aðila, sem þarna eru nefndir. Mér finnst mál til komið, að Alþ. nemi staðar á þeirri braut, að láta standa í l., að þetta og þetta embætti skuli veitt að fengnum tillögum þessa og þessa aðila. Ég tel reynsluna bera þess fullt vitni, að þessar tillögur eru oft óhaldbærar, þegar á hólminn kemur. Ef á að leita till. frá þeim aðilum, sem bera sérstakt skyn á málið og ætla má að hafi þá þekkingu, að verulegur veigur sé í þeirra till., þá eru þær ekki berandi fram á annan hátt en þann, að embættaveitingin sé framkvæmd samkv. till. þessara aðila. Ef till. er orðuð þannig, að embættið skuli veitt samkv. till. þessara aðila, þá er komin binding í málið. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta.

Annars finnst mér í fljótu bragði, ef íþróttal. ættu að vera framkvæmd, að ég geti þá tekið í sama streng og komið hefir fram í umr., að sá kafli, sem snertir íþróttamál í skólum, sé felldur inn í fræðslul. heldur en að vera að semja sérbálk um þessi málefni. Ég geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. líti svo á, að íþróttamálin séu svo mikið uppeldisatriði, að þau eigi heima í hverjum skóla. Ef það er rétt, að þau eigi þar heima sem réttmæt námsgrein, því þá ekki að skeyta þeim við námsgreinar skólanna og ætla þeim stað þar, en ekki í sérstökum l.?

Svo vil ég láta þess getið, ef koma á á þeirri skipan, sem frv. gerir ráð fyrir, að ráðinn verði íþróttafulltrúi, þá er hans starf mjög yfirgripsmikið. Til þess að það starf geti orðið til umbóta á íþróttalífi landsmanna, þá finnst mér, að varla geti verið um það að ræða að lögfesta slíkan umsjármann slíkra mála öðruvísi en það sé á vitorði Alþ., að til sé í landinu sérstaklega hæfur maður, sem hv. þm. trúi, að geti öðrum fremur blásið lífsanda í þessa starfsemi. Það getur vel verið og ég vona það, ef frv. nær fram að ganga, að þá finnist slíkur maður.

Þá kem ég að því, sem aðallega hefir valdið því, að frá mínu sjónarmiði séð er mér ekki fært að greiða atkv. með frv., þrátt fyrir ýmislegt gott, sem má um það segja. Aðalástæðan er sú — og ég mun fylgja henni eftir —, að ég álít, að á þessu þingi beri í raun og veru ekki að lögfesta neitt það, er stofni til nýrra embætta eða nýrra opinberra starfa í landinu, sem muni hafa meiri eða minni aukinn kostnað í för með sér, nema því aðeins, að það standi í beinu sambandi við það sérstaka ástand, sem þjóðin lifir nú við. Það getur vel verið, að ég sé sá eini, sem hefi sett mér þetta markmið. Og þó um sé að ræða mál, sem er að ýmsu leyti gott, þá vil ég fylgja þessu eftir, enda virðist mér annað vera í ósamræmi við þann þingvilja, sem annars virðist vera fyrir hendi.

Þess vegna má þetta frv. bíða. Ég held, að þingið geri réttast í því að því er þetta lagafrv. snertir og önnur slík, að halda sig á þessu ári geldstæðu með tilliti til þessa frv. og samskonar frv.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég mun ekki fylgja því að vísa þessu máli til ríkisstj. Frv. kemur frá ríkisstj. og er samið af nefnd, sem skipuð var með fullu tilliti til íþróttafélaga og ungmennafélaga í landinu. Ég veit ekki betur en það hafi verið allgott samstarf í þeirri nefnd og engin rík óánægja út af till. þeim, sem lagðar voru fram, þegar málið var lagt fyrir menntmn.

Þegar á þing kemur, þá gera menn úlfalda úr

því, að Ungmennafélag Íslands er sett við hliðina á Íþróttasambandi Íslands. Sumir menn virðast frekar vilja, að engin tegund löggjafar sé sett um íþróttamál heldur en að U. M. F. Í. sé sett við hliðina á Í. S. Í. Það hefir jafnvel komið fram í umr., að ungmennafélögin hafi ýms verkefni á dagskrá, svo sem stjórnmál, en það hafi íþróttafélögin ekki. Það er tilhæfulaust, að ungmennafélögin hafi nokkra flokksstarfsemi með höndum. Hitt kann að vera, að í ungmennafélögunum úti um landið, í þorpum og sveitum, sé meira af því fólki, sem kallað er að tilheyri hinum vinstri flokkum í landinu. En á sama hátt er Í. S. Í. kannske skipað öllu meir af þeim mönnum, sem tilheyra hinum hægri flokkum í landinu. Þetta fer eftir því, hvar þessi félög eru starfandi, en þrátt fyrir það hefir Í. S. Í. enga flokkspólitíska starfsemi með höndum. Hitt mun hafa komið fyrir um ungmennafélögin, að þau hafi tekið að sér mál, sem hafa verið óafgreidd og flokkar hafa barizt um, og það hafa þá sérstaklega verið ýms mannúðarmál. En það er ómögulegt að heimta það af ungmennafélögum eða íþróttafélögum, að þau láti alltaf afskiptalaus öll þau mál, sem flokkar koma nálægt. Slík félög ungra manna verða að taka þátt í ýmsri baráttu um mál, sem eru óútkljáð. Þau verða að taka þátt í vexti þjóðfélagsins með einhverjum hætti. En U. M. F. Í. eða Í. S. Í. hafa aldrei gert þetta af flokkspólitískum áhrifum. Ef nokkuð má finna að íþróttafélögunum, sem ég ætla annars ekki að gera, þá er það það, að þau hafi eingöngu starfað að íþróttum. Ungmennafélögin hafa haft fjölþættari félagsþroska. Það væri betra, að mörg íþróttafélögin hefðu auk íþróttanna ýmsa aðra starfsemi, sem ungum mönnum er nauðsynleg.

Ég tel þess vegna hyggilegt, að þessi tvö sambönd, sem stefna að líku marki, hafi bæði áhrif á skipun íþróttanefndar, einmitt vegna þess, að annað sambandið tekur meir til hinna stærri kaupstaða, en hitt sambandið nær meir til smærri kaupstaða og sveita. Þessi tvö sambönd geta því „kompletterað" hvort annað og eiga ekki í neinni baráttu, enda er það tilgangur l., að þau geti ekki átt í baráttu.

Ég skil ekki, að forystumenn Í. S. Í. skuli einir vilja gína yfir öllu í sambandi við íþróttamál. Þessi l. eru engin bönd á íþróttafélögin. Þau geta haft þær framkvæmdir, sem þau hafa nú, og verið frjáls um allar sínar athafnir. Styrkur sá, sem íþróttan. kynni að geta veitt til íþrótta, er alveg sá sami og sá styrkur, sem stj. ungmennafélaga hafa átt að sækja í hendur þessara aðila. Ég skil ekki í öðru en að íþróttamenn vilji eins vel sækja þennan styrk í hendur íþróttan. eða íþróttafulltrúa, sem starfar í sambandi við fræðslumálastj. Ég sé ekki annað en að íþróttafélögin stæðu betur að vígi, að sækja hann í hendur íþróttafulltrúa og íþróttan.

Í sambandi við þetta frv. er ekki ástæða til að tala um það eins og hér væri um einhverskonar einokun að ræða og menn þurfi að biðja um sérleyfi til að fara í skíðatúr. Íþróttafélögin munu áframhaldandi rétt eins og áður halda uppi íþróttastarfsemi af frjálsum vilja og eigin frumkvæði. Þetta frv. hefir marga kosti. Ég tel það með kostum að sameina þessa aðila í starfi og líkum tilgangi. Eftir sem áður hefir Í. S. Í. öll ráð yfir leikreglum og öðru slíku, sem einn hv. þm. minntist á hér í hv. d., alveg íhlutunarlaust af öðrum aðilum. En um aðstoð hins opinbera til styrksins er sérstök n., sem ekki er hægt að færa nein rök fyrir, að hafi annan tilgang en þann, að efla íþróttirnar í landinu. Þetta frv. hefir marga kosti, bæði um sundskyldu og sérstakan íþróttafulltrúa. Það er vöntun á slíkum fulltrúa í landinu, ekki sízt í sambandi við margþætt íþróttastarf skólanna. Það er ekki nákvæmlega tekið fram í frv., hvernig störfum hans skuli háttað, og ekkert talað um kaup og þess háttar hluti. Ég tel, ef ríkisstj. sýndist svo, að það væri hægt fyrir hana að hafa þann mann í þessu starfi, sem hefði fasta leikfimiskennslu á hendi. Hann myndi að nokkru leyti geta sinnt sínum starfa, en hefði svo aðstoðarmenn, sem hann borgaði timakaup. Með þessu móti ætti starfið að verða ódýrara en ella, þar sem hann gæti farið að sínu fasta starfi, eftir að þessi 3 ár eru útrunnin, ef þetta verður að l.

Ég er fyllilega sammála hv. þm. Borgf. um það, að íþróttan. hafi með höndum val íþróttafulltrúa. Ég er einnig samþykkur till. hv. þm. Snæf. um það, að færa niður tölu þeirra manna, sem hafa vinnu af skylduleikfimi, sundi og aðra slíka hluti. Ég mun greiða atkv. með 9.—10.—11. brtt. hv. 4. þm. Reykv., og auk þess 4. brtt., b.-lið, þar sem skipun íþróttafulltrúa er ákveðin. En hinum till., sem víkja að því, að ríkisstj. á hverjum tíma verði að viðurkenna félögin, er ég öllum á móti.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það er búið að ræða þetta mál svo mikið, að ég býst ekki við að bæta þar miklu við; ég geri ekki ráð fyrir, að það muni breyta miklu um afdrif þess. Ég mun þess vegna ekki fara út í langar umr. að þessu sinni. Það kom fram sú skoðun, að ungmennafélögin hefðu ekki valdið því hlutverki, sem þau þó sérstaklega hafa tekið upp sem stefnumark.

Það hefir lengi verið mín skoðun, að glímureglur frá 1912 gætu alls ekki staðizt, og að þær þyrfti að leggja niður. Glímureglurnar frá 1912 eru ekki eðlilegar og eins og þær hafa þróazt úti um sveitirnar í margar aldir, eins og menn geta séð, ef þeir athuga þær glímureglur, sem til eru á Landsbókasafninu.

Það verður að endurskoða þessar reglur rækilega. Í annan stað vil ég enn mótmæla því, sem fram hefir komið, og ég álít ekki hafa getað komið fram af öðrum ástæðum en þeim, að menn hafi ekki lesið frv., eða vilji ekki sjá það rétta, að hér er verið að stíga spor í þá átt að gera íþróttirnar í landinu sem frjálsastar. Það var skýrt tekið fram við 2. umr. þessa máls, og ég skal endurtaka það, að þeir menn, sem stóðu að þessu frv., eru margir af beztu íþróttamönnum landsins, og mönnum má vera það fullkomlega ljóst, að þeir menn voru ekki að semja frv., sem skerti frelsi íþróttanna. Ég ætla ekki að fara að telja upp nöfn þeirra manna, sem störfuðu að þessu frv.; ég veit, að þeir eru

flestum kunnir. Ég er viss um, að ég segi ekki of mikið, þó ég telji þessa menn með fremstu íþróttamönnum þessa lands. Það hefir verið talað um, að það ætti að þvinga þetta frv. í gegn, en ég vil harðlega mótmæla því, að svo sé, og ég vil leggja áherzlu á það vegna þess, að ég trúi því, að þetta frv. verði samþ. Það mætti skýra margt í umr. manna á milli um þetta mál, sem ekki skýrist í umr. hér eins og þær hafa farið fram. Það er alveg óskiljanlegt, að það skuli geta komið fram í þessari hv. d., að hér sé um nokkra þvingun að ræða í sambandi við þetta mál. Það hefir komið fram, að það er mjög erfitt að skipa menn til þess að fara með íþróttamál, svo að ekki þyki einhverjum, sem hann hafi verið settur hjá. Af þeim mönnum er unnið gegn frv., og ef þessum mönnum tekst að hindra, að málið nái fram að ganga, þá verða íþróttamenn að gera það upp sín á milli, hvort það skuli borið fram aftur, og yfirleitt á hvern hátt það megi bezt verða. Íþróttamenn verða að gera það upp við sig sjálfir, hvort þeir álíta heppilegt að snúast gegn þessu máli að þessu sinni.

*Þorsteinn Briem: Það eru ekki fá atriði í þessu frv., sem menn virðast ósammála um. En eitt meginatriðið í þessu frv. er um það, að auka eigi íþróttakennslu í skólunum, og einnig eru ákvæði um það, hvort eigi að koma á sundskyldu. Ég skal ekki ræða mikið um þessi atriði, en ég skal aðeins minna á það, að það er þegar orðið þjóðinni til meins, hvað sundskyldan hefir dregizt lengi. Mér virðist ástæður manna til þess að vera á móti þessu frv. vera aðallega þrjár. Fyrsta ástæðan er sú, sem kom fram hjá einum hv. þm., að í þessu frv. væri fullt af hjámiðum. Ég hefi ekki komið auga á neitt dulið bak við bókstaf þessa frv. að ég þori að fullyrða neitt um þetta, en með því að lesa frv. yfir fæ ég ekki séð, að svo sé. En ef hér er um dulin hjámið að ræða, fæ ég ekki séð, að úr því verði á nokkurn hátt bætt með því að fella þetta frv.

Ýmsir hafa lagt áherzlu á það, að mikið þyrfti að vanda til um val íþróttafulltrúa, og hafa m. a. bent á það, að íþróttafulltrúi eigi að gera till. um úthlutun fjár frá ríkissjóði. Ég vil benda á það, að í 4. gr. er skýrt ákvæði um það, að það sé ekki íþróttafulltrúi, heldur n., sem stjórnar íþróttasjóðnum. Það er tekið fram, að íþróttafulltrúi megi eiga sæti á fundum, en hafi ekki atkvæðisrétt.

Önnur mótbáran gegn frv. er sú, að Í. S. Í. sé ekki gert nógu hátt undir höfði með þessu frv. Það getur vel verið, að Í. S. Í. finnist sinn frumburðarréttur ekki nógu mikill. Samt sem áður vil ég mælast til þess við menn, sem á þetta benda, að þeir leyfi litla bróður, ungmennafélagsskapnum, að vera með. Ég hygg, að við nánari athugun muni Í. S. Í. sannfærast um það, að það öðlast hægari aðstöðu til þess að vinna að eflingu íþróttanna einmitt með ungmennafélagsskapinn sem millilið. Og ég hygg, að það geti verið gott fyrir báða að vinna saman. Ég get því ekki séð ástæðu til þess, að hlaupið sé í kapp um þetta atriði, heldur sé þarna opin leið til samkomulags á báðar hliðar.

Þriðja ástæðan, sem gaf mér tilefni til þess að standa upp, er sú mótbára, sem komið hefir fram gegn þessu máli, hvað mikla útgjaldaaukningu er farið fram á með þessu frv. Ég skal að vísu ekki bera á móti því, að eins og nú standa sakir í landinu, er ekki hægt að mæla með útgjöldum, sem ekki er hægt að finna fulla ástæðu fyrir. Ég hygg, að hér á landi sé þegar búið að glata miklum verðmætum með því regluleysi, sem átt hefir sér stað í þessum málum. Undanfarin ár hefir ríkissjóður veitt allmikið fé til þess að byggja sundlaugar víðsvegar um landið, og til leikfimishúsa. Ég hygg, að einmitt í þessu frv. sé verið að stefna að því að koma í framkvæmd slíkum mannvirkjum. Ég þekki dæmi þess, að skólan., sem vildi byggja leikfimishús, fékk frá teiknistofunni teikningu af leikfimishúsi, sem óhæf reyndist við nánari athugun, af því að skólan. leitaði upplýsinga hjá kunnáttumeiri aðilum, og kom þá í ljós, að hlutföllin reyndust algerlega röng. Þarna hefði a. m. k. verið kastað á glæ 6 þús. kr., ef farið hefði verið eftir teikningum frá teiknistofunni. Slík dæmi má einnig finna með sundlaugar, og einnig um ekki svo fá leikfimishús í landinu. Þessi eyðsla, þessi sóun hygg ég að borgi sig, að komi ekki fyrir framvegis.

Þetta frv. er að sjálfsögðu spor í rétta átt. Ég hygg því, að hér sé ekki verið að stofna til svo stórvægilegra útgjalda, að ekki séu fullar líkur til, að útgjöldin geri meira en að spara aðeins peninga fyrir ríkissjóð. Það verður að vænta þess, að ein sú hörmulegasta eyðsla, sem gerzt hefir með vorri þjóð, taki bráðlega enda. Einnig í þessum efnum eru mörg dæmi þess, að ég hygg, að það sé vel kostandi til þess að koma í veg fyrir það að fá krónu í eyris stað hvað þetta snertir. Á þetta atriði vildi ég benda sem eitt af mörgum; ég man ekki eftir, að aðrir hafi gert það. Hér hefir áreiðanlega verið mikil eyðsla úr ríkissjóði.

Frsm. meiri hl. (Pálmi Hannesson): Mig undrar afstaða ýmissa andstæðinga þessa máls. Þeir tala þannig, að þeir virðast hafa hlaðið í kringum sig múr tortryggni, sem ekkert tilefni er til. Þeir halda því fram, að með þessu frv. sé verið að gera íþróttirnar að ríkisrekstri. Þeir halda því fram, að það eigi að þvinga hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu. Ég vil enn taka það fram, að frv. er undirbúið af n. manna, sem hafa mikla þekkingu á þessum málum. Ég skal fyrst leyfa mér að gefa hv. d. upplýsingar um skipun þessarar n., svo geta menn gert upp við sig, hvaða álit þeir hafa á þessum mönnum. Ég skal þá leyfa mér að lesa upp nöfn þeirra manna, sem sæti áttu í þessari n.: Aðalsteinn Sigmundsson, framkvæmdastjóri U. M. F. Í., Erlendur Pétursson, íþróttaforseti KR., Erlingur Pálsson, varaforseti Í. S. Í., og ætla ég, að ekki þurfi að kynna afrek hans á sviði íþróttanna. Guðmundur Kristinn Guðmundsson, alþekktur íþróttafrömuður hér í þessum bæ. Jón Kaldal, fyrrv. forseti Í.R. og sá Íslendingur, sem mestan orðstír hefir getið sér erlendis, og sá maður, sem einna einlægast hefir starfað fyrir íþróttirnar í þessum bæ. Jón Þorsteinsson

íþróttakennari, alkunnur að dæmalausum áhuga fyrir íþróttum. Óskar Þórðarson íþróttalæknir, sem sérstaklega hefir gefið sig við þessum málum. Steinþór Sigurðsson forgöngumaður skíðaíþróttarinnar hér á landi. Og svo loksins síðasti maðurinn, en hann er ég, og að ég sé ekki íþróttamaður, skal ég játa, en ég er sem fulltrúi skólanna. Ég hefi talið þessa menn upp í tilefni af því, að þeim er núið því um nasir að hafa gengið á snið við það að koma fram málum íþróttanna.

Ég vil leyfa mér að mótmæla þessari framkomu. Ég get ekki séð, að nokkur maður þurfi að efast um áhuga þessara manna. Hitt er annað mál, þó fram komi aðdróttanir, því það er sérstaklega auðvelt verk. Ég vil að lokum lýsa því yfir, að meðal nefndarm. ríkti hin bezta samvinna frá hinu fyrsta til hins síðasta.

Það er um það rætt, að frv. feli í sér þvingun á íþróttastarfsemi landsmanna. Hvernig fá menn þetta út úr frv.? Ég vil halda því fram, að andmælendur frv. hafi ekki lesið það, því að ef það er gert, getur hver meðalgreindur maður gert sér ljóst, að ákvæði þess hefta á engan hátt frjálst íþróttaframtak landsmanna, enda stendur það skýrt og skorinort í 24. gr. En af hverju er verið að hafa þennan fulltrúa og af hverju er U. M. F. Í. tekið þarna með? spyrja menn. Það eru 3 aðilar í landinu, sem láta íþróttir til sín taka: U. M. F. Í., Í. S. Í. og skólarnir. (PHalld: Ýmsir fleiri, t. d. Farfuglahreyfingin). Nei, ég sem forseti þess félagsskapar get vel borið um það, að hún lætur íþróttir sig engu skipta. Gönguferðir eru ekki viðurkennd íþrótt. — Ég skal játa, að það var nokkuð rætt í íþróttanefndinni að veita skátum þarna íhlutunarrétt, og það var líka rætt um íþróttakennarafélagið í þessu sambandi, en það var horfið frá þessu aftur, þar sem skátar eru flestir í þeim landshlutum, sem íþróttafélög Í. S. Í. eru starfandi, en íþróttakennarar eru langflestir starfandi meðlimir í einhverjum félögum Í. S. Í. Hv. 4. þm. Reykv. talar um Ferðafélag Íslands sem íþróttafélag. Hvaða íþróttir hefir það á sinni stefnuskrá? (PHalld: Fjallgöngur.) Það hefir ekki fjallgöngur á stefnuskrá sinni, og auk þess eru fjallgöngur ekki viðurkennd íþrótt. — Menn tala um eitt eða tvö íþróttasambönd, sem eigi að vera löggilt. Hvar er slík löggilding? Í frv. eins og það er nú er hvergi á löggildingu minnzt. Þar er aðeins rætt um 3 manna n. frá Í. S. Í., U. M. F. Í. og fræðslumálastjórninni, til að hafa á hendi úthlutun fjár úr íþróttasjóði. Hvernig getur þetta haft bein áhrif á frjálsa íþróttastarfsemi í landinu? Hvernig getur íþróttafulltrúi gripið inn á svið frjálsrar íþróttastarfsemi? Honum er ætlað að vera leiðbeinanda, þar sem þess er óskað. Í brtt. hv. 4. þm. Reykv. er hvorki gert ráð fyrir meira né minna en að Í. S. Í. ráði íþróttafulltrúa og á hann að vera náðarsamlegast þess skrifstofustjóri, — en launast úr ríkissjóði, og Í. S. Í. á að ráða 2 mönnum af 3, sem sjá eiga um úthlutun úr íþróttasjóði. Finnst mönnum sanngjarnt að veita einum aðila af þremur þennan rétt yfir hinum tveimur? Ég er sannfærður um það, eins og við vorum í n. eftir að hafa rætt þetta mál ýtarlega, að góð samvinna er svo bezt tryggð milli aðila, að skipuð sé lítil nefnd, með fulltrúa frá þeim öllum, sem sjái um úthlutun fjárins. En að halda, að þessi n. ráði nokkru um frjálsa íþróttastarfsemi í landinu, er fjarstæða. Það á að hefta hið frjálsa íþróttastarf landsmanna, æpir hv. 4. þm. Reykv., og gera íþróttamennina alla að ríkisþrælum! Það eru meiri ósköpin, sem dynja yfir, eftir þessu að dæma. En hvar eru ákvæði frv., sem gefa hv. þm. tilefni til þessara skoðana?

Ég vil geta þess, að brtt. þær, sem hv. þm. Borgf. og hv. þm. Snæf. bera fram við frv. þetta, horfa til bóta. En mig undrar það, að hv. þm. Snæf. skyldi í sinni annars skýru og rökföstu ræðu halda því fram, að þarna væri um þvingun að ræða. Þessi þvingunarstefna, sem hv. þm. talar um, er hvergi til í sambandi við frv., enda átti hún enga formælendur innan n., sem undirbjó það.

Ég kem þá að hv. þm. A.-Húnv. Hann hélt fram sinni spádómsgáfu um útgjaldahlið málsins, þrátt fyrir það, að þau hljóta vitanlega að vera á hverjum tíma háð vilja fjvn. og Alþ., að öðru leyti en laun þessa íþróttafulltrúa. Laun hans þurfa auðvitað að greiðast, og mega metast sem ný fjárútlát, að frádregnu því, sem svarar þeirri vinnu, sem hann getur af hendi leyst fyrir fræðslumálastjórnina. Rök frv. standa á móti spádómsgáfu hv. þm., og verður hv. deild að skera úr því, hvoru hún treystir betur.

Ég verð að víkja að því hér, sem sagt hefir verið, að ungmennafélögunum sé frjálst að ganga í Í. S. Í. Það er að vísu rétt, en það kostar þau nokkurt fé, — lágmarksgjaldið mun vera 10 kr. á ári. En það skiptir ekki öllu máli, heldur hitt, að í þessum félögum eru íþróttamenn ekki nema lítill hluti e. t. v. Þessi félög eiga erfitt uppdráttar, og tillagið til Í. S. Í. getur farið upp í 25 kr. Þótt þetta sé ekki mikil fjárhæð, þá munar hún furðumiklu fyrir fátæk félög, sérstaklega ef andstaða er gegn íþróttum hjá nokkrum hluta félagsmanna. Hún getur því auðveldlega valdið því, að félögin gangi ekki í Í. S. Í. Ég sé heldur enga ástæðu til að kúga þau til að ganga í Í. S. Í. Það hljóta allir að sjá, að íþróttir hér á landi eru bezt bornar uppi af tveimur aðilum: U. M. F. Í. og Í. S. Í. — Hv. þm. sagði, að ég væri með glósur til sín fyrir sparnaðarviðleitni hans. Þetta er ekki rétt, ég skal virða hvern þann mann, sem kemur með skynsamlegar till. í því efni. En sú aðferð þekkist líka, að spara eyrinn, en fleygja krónunni. Ég hlýt að benda hv. þm. á, hvaða afstöðu við tökum hér á Alþ. yfirleitt. Við erum einskonar Rauði kross, sem þykir sjálfsagt að taka við því, sem sjúkdómar, fátækt og sinnuleysi rétta að okkur, og veita stórkostlegt fjárframlag til að bæta úr, en það hefir ekki verið hugsað um að taka á móti í tíma, — koma í veg fyrir sjúkdóma. Árlega er varið um 1 millj. kr. til berklavarna. Skyldi ekkert geta sparazt af þessu fé, ef ötullega væri unnið að því að efla hreysti þjóðarinnar, — auk hins óbeina hagnaðar, sem af því leiðir? Við eyðum miklu fé í áfengisvarnir, samtímis því að áfengi og tóbak verður að nota sem mjólkurkýr til að afla ríkissjóði tekna. Við vitum, að þetta er rangt. Skyldi þá ekki jafnframt vera til þess hugs-

andi að eyða nokkrum krónum til að efla siðferðisþrek þjóðarinnar með íþróttum, svo að hún geti staðið á móti þeirri hættu, sem ríkisvaldið réttir að henni? Hv. þm. veit, að íþróttir eiga fyrst og fremst að stæla líkama manna og gera þá hæfa um að standa á móti því, sem að þeim steðjar, viðhalda hreysti þeirra og vinnuþreki. Er vinnuþrek þjóðarinnar þess virði, að því sé offrað nokkrum krónum eða ekki? Ég spyr.

Ég vil að lokum taka það fram, að þessa dagana dáumst við allir að mestu íþróttaþjóð heimsins, Finnum. Þeir hafa tekið á sínu böli með dæmafárri hreysti og ró. Skyldu íþróttirnar ekki eiga sinn þátt í því? Ég er ekki í vafa um það. Þeir hafa ekki fórnað einum fulltrúalaunum, eins og hér er farið fram á, heldur mörgum milljónum til þeirrar starfsemi, sem nú ber þeim ávöxt í hreystilegri vörn þjóðarinnar, í þrautseigju hennar, þoli og festu.

*Sigurður Kristjánsson: Ég get ekki látið hjá líða, þegar ég stend hér upp, sumpart í tilefni af þeim mikla vandlætingartón og jafnvel ofsatón, sem virðist vera í sumum hv. þm. út af þessu máli, að líta dálítið aftur í tímann og minnast þeirra afskipta, sem ég hefi haft af íþróttamálum hér í þessari d., og þess áhuga, sem þá hefir komið í ljós hjá sumum hv. þm. Mér finnst þetta undarlegur tónn hjá þeim, sem undanfarið hafa verið að murka lífið úr smástyrkjum fyrir mér til íþróttastarfseminnar í landinu. Það er í fyllsta máta óviðeigandi, að þessir þm. séu að tala þannig, að hér í d. séu einhverjir, sem alveg sérstaklega berjist fyrir íþróttamálum, og svo aðrir alveg sérstaklega fjandsamlegir þeim sömu málum, af því að þeir andmæla þessu frv. Ég vil, eins og ég sagði áðan, minna á það, að ég hefi stundum verið að ýta hér fram till. um smávægileg hagsmunamál íþróttamanna. Ég hefi ekki gert það mér til persónulegs fylgisauka eða ávinnings á nokkurn hátt, heldur bara af því, að hér er um gott og þarft mál að ræða. Ég vildi t. d., að einhverjum hluta af atvinnubótafé væri varið til þess að bæta aðstöðu íþróttamanna til að halda landsmót og til að taka á móti erlendum íþróttamönnum. Þetta var strax drepið fyrir mér og þótti hin mesta fólska að koma fram með slíkt. Ég minnist þess líka, að það hefir bæði af mér og öðrum verið farið fram á það, að komið væri á sundkennslu alstaðar þar, sem fjölmenni er. Það er vitað, að við höfum verið að elta uppi alla heita staði undanfarið, suma í óbyggðum, til þess að láta læra þar sund. En reynslan hefir sýnt, að ekki er hægt að gera sundkunnáttuna almenna, nema skilyrðin séu sköpuð þar, sem nokkurt fjölmenni er. Þess vegna hefir verið hafizt handa um það, að hita sundlaugar upp með kolum eða rafmagni, þar sem heitt vatn er ekki fáanlegt úr jörðu. Þessar till. hafa mætt hinum mesta fjandskap og flestar verið strádrepnar. Ég minnist þess, hversu mikil fjarstæða það þótti að koma upp úti-íþróttastöð á Kolviðarhóli, og með hve mikilli ánægju það var drepið. Sömu leið fór styrkur til Sigurjóns á Álafossi, eins mesta íþróttafrömuðar okkar, sem haldið hefir uppi skóla. Það er eins og þessi maður hafi verið einn hinn skæðasti óvinur íþróttahreyfingarinnar. Ég vil ekki taka við neinum svigurmælum um íþróttafjandskap frá þessum þm. Það kann að vera, að formælendur þessa frv. geti gert sig með því góða í einhverra augum, en ekki mínum og þeirra, sem málavexti þekkja.

Það hefir verið um það deilt hér, hvort frv., sem fyrir liggur, feli í sér nokkra þvingun á hinni frjálsu íþróttastarfsemi í landinu. Um þetta þarf ekki að deila. Hitt kann að vera deiluatriði, hvort þvingunin er til nokkurs gagns. Vitanlega er til þess ætlazt, að fræðslumálastjórnin, og stjórnskipuð nefnd, komi að nokkuð miklu leyti í stað hins frjálsa framtaks í þessum málum. Vitanlega er með frv. stefnt að því að taka allmikið af yfirráðum þessara mála úr höndum þeirra aðila, sem nú hafa þau með höndum, og fá í hendur ríkisvaldinu. Sjálfsagt er, að Alþ. bæti úr því, sem áfátt kann að vera um stjórn þessara mála, og eins um getu íþróttasamtakanna til þess að vinna nokkurt gagn, t. d. með sjóðstofnun. En ég vil vekja athygli á því, að hér er að nokkru leyti verið að setja þá, sem þessum málum hafa stjórnað undanfarið, til veggs. Það er ekki hægt að neita því, að málefni, sem eiga að byggjast upp og lifa á áhuga manna, fara betur úr hendi við sem frjálsust skilyrði, heldur en að farið sé að setja óviðkomandi aðila þar til stjórnar. Þetta kerfi, sem hér er í uppsiglingu, verður að ýmsu leyti kaldara og stirðara heldur en verið hefir. Það er auðvitað eitt atriði, sem er íþróttamálunum hættulegast, og það er áhugaleysi almennings, en því næst er misklíð innan íþróttafélaganna eða íþróttamannanna. Það er nauðsynlegra að leggja sig fram um að bæta úr þeim skærum, sem af og til gera vart við sig þar, en bæta nýjum ágreiningsefnum við. En ég er ekki í vafa um það, að þau l., sem hér er stofnað til, munu vekja, a. m. k. í upphafi, allmikla óánægju meðal íþróttamanna, hversu vel sem mál þetta er að öðru leyti meint. Ég vil bæta því við, af því að mér þykir formælendur málsins hafa farið að með hinni mestu stífni og nokkrum ofsa, — jafnvel hótunum —, að þeirra signing og afneitun á því, að nokkuð illt búi hér undir, er í mínum augum engin sönnun fyrir, að svo sé ekki samt sem áður. Við höfum á seinni tímum séð svo margt dregið úr höndum manna undir ríkisvaldið, að við höfum fullan rétt til nokkurra grunsemda. Við höfum verið sjónarvottar að því, að Búnaðarfélag Íslands hefir ekki mátt vera í friði ópólitískt. Einnig það félag þurfti að byggja upp eftir pólitískum reglum. Víða hefir þessa sama gætt. Undanfarið hafa sézt ofsafengin skrif, sem sýna, að áhugi er fyrir því að seilast inn á þetta svið til áhrifa. Það er ekki að undra, þótt menn, sem sífellt eru á veiðum eftir pólitískum styrk, komi auga á íþróttahreyfinguna. Íþróttamenn í öllum löndum eru ákaflega mikill styrkur, hvar sem þeirra átaka gætir. Hví skyldu pólitískir veiðimenn ekki vilja seilast til íþróttamálanna eins og t. d. kaupfélaganna, ungmennafélaganna, félagsskapar bændanna o. m. fl.? Hinir pólitísku veiðimenn eru á sífelldri rás, þar sem nokkurs fengs er von, og það er ekki hægt að

neita því, að rauða bakterían hefir komizt inn í margan góðan félagsskap og aldrei gert þar annað en illt. Fyrir sumum — ekki öllum —, sem að þessum breytingum á íþróttamálunum standa, mun vaka eitthvað í þessa átt.

*Frsm. minni hl. (Pétur Halldórsson): Herra forseti! Ég skal ekki vera langorður. Það er líklega skýringin á þeirri breyt., sem gerð hefir verið eftir till. og tilstuðlan meiri hl. menntmn. á þessu frv., að yfirstjórn íþróttamálanna er nú sett í hendur „fræðslumálastjórnar" en ekki „ráðherra", að n. hefir séð, að þegar búið væri að sverfa svo fast að íþróttastarfseminni í landinu, að íþróttamönnum fækkaði óðum, þá verði það þó aldrei svo aumt, að ekki verði eftir bæði ráðherrann og fræðslumálastjórinn til að mynda íþróttaklúbb.

Annars vil ég víkja að því, sem hv. þm. V.-Ísf. sagði um ungmennafélögin, að starfsemi þeirra, auk íþróttanna, væri ekki pólitísks eðlis. Ég man nú ekki betur en að 1938 gerði þessi félagsskapur eina meiri háttar samþykkt gegn stríði og fasisma, en þau orðatiltæki eru nú alkunn sem slagorð kommúnista. Sú fullyrðing, að U. M. F. Í. sinni á engan hátt pólitískri starfsemi, fellur alveg máttlaus niður, þegar hægt er að benda á svona atriði. Annars er þetta eitt versta atriðið í framsóknarmennskunni, að vera sífellt að rífa sjálfsögð verkefni úr höndum manna og leggja allt undir ríkisvaldið. Í þetta sinn er það Í. S. Í., sem verður fyrir þessari starfsemi. Ef á að taka tillit til ungmennafélaganna í þessu sambandi, þá má nefna fjölda af félögum, sem raunverulega á kröfu til hins sama. — Af því að forsrh. fór að vitna í það, að hann hefði ekki meiri áhuga fyrir framgangi þessa máls en það, að hann hefði ekki „agiterað" í nokkrum manni, en sagði hinsvegar, að íþróttamenn myndu ganga um og spilla fyrir frv., og skildist mér á honum, að íþróttamenn rækju mig áfram til andstöðu við málið, skal ég taka það fram, að það er nú svo, að ég hefi ekki átt tal við nokkurn íþróttamann um þessa afstöðu mína, eða þeir við mig. Ég sá bara hjá menntmn. þessarar d. bréf frá Í. S. Í. um breyt. á frv., sem mér þykja eðlilegar og sjálfsagðar, og þess vegna tók ég þær upp. — Nú er það vitað, að íþróttamenn eru mjög andvígir þessu frv., og hafa verið allt frá því að n. sú var skipuð, er þetta mál hefir undirbúið, enda hefir ekki verið tekið tillit til íþróttafrömuða í þessum bæ við skipun nefndarinnar, og með þeim afleiðingum þá, að árangurinn af starfi n. er svo, að ekki er sanngjarnt að ætlazt til, að við hann verði unað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 7. des., var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá þm. Snæf. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 14:9 atkv.

Rökst. dagskráin frá þm. A.-Húnv. felld með 16:7 atkv.

Brtt. 378,1 samþ. með 16:9 atkv.

— 378,2 felld með 16:6 atkv.

Brtt. 378,3 felld með 16:7 atkv.

— 397 samþ. með 19:1 atkv.

— 378,4.a felld með 15:3 atkv.

— 378,4.b samþ. með 16:4 atkv.

— 378,5 felld með 15:8 atkv.

— 378,6 felld með 16:7 atkv.

— 387 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 378,7 samþ. með 14:11 atkv.

— 378,8 felld með 15:10 atkv.

— 378,9 samþ. með 22 shlj. atkv.

— 378,10 felld með 14:12 atkv.

— 378,11 samþ. með 26 shlj. atkv.

— 378,12 felld með 16: 5 atkv.

— 378,13 (með þeirri leiðréttingu, að á eftir orðunum „styrk úr" komi: ríkissjóði eða) samþ. með 24 shlj. atkv.

— 378,14 felld með 15:4 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 79. fundi í Ed., 8. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 401).

Á 80. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Frv. þetta, sem nú liggur fyrir eins og það var samþ. í hv. Nd., þar sem ekki voru gerðar á því verulegar breytingar, a. m. k. ekki á aðaldráttum þess, er samið af nefnd íþróttafulltrúa hér í Rvík og byggt fyrst og fremst á þeirri meginreglu, að öll íþróttastarfsemi utan skólanna sé frjáls og ekki lagðar á þá frjálsu starfsemi neinar kvaðir. Þetta var sú grundvallarregla, sem ég lagði fyrir nefndina í samtali, þegar hún hóf starf sitt. Þetta leynir sér ekki í frv., sérstaklega í V. kafla þess. Ýmis nýmæli eru sett um íþróttir í skólum, þ. á m. um sundkennsluskyldu, sem er stórt nýmæli, og leiðbeiningarstarf innan skólanna. Jafnframt því á að halda uppi leiðbeiningarstarfi fyrir hinar frjálsu íþróttir, og geta íþróttafélögin notið þess eftir því, sem þau óska. Ýmsar réttarbætur eru í VI. kafla og raunar einnig í II. kafla frv., þó að þar sé ekki að fullu gengið frá atriðum, er snerta fjáröflun til íþróttastarfsemi. Þar er t. d. skylt að leggja til af opinberum eignum ókeypis lóðir og landsvæði til íþróttaiðkana.

Ágreiningur hefir orðið í hv. Nd., sem mér virðist aðallega byggður á þeim misskilningi, að hér sé verið að leggja einhverjar kvaðir eða bönd á þá frjálsu íþróttastarfsemi í landinu. Ég vona, að hv. þdm. sjái við athugun, að það er misskilningur. Ég ætla ekki að ræða mjög mikið um þetta á þessu stigi, vegna þess, hvernig ég ætlast til, að frv. verði tekið. Það get ég þó tekið fram, að þetta skipulag, sem hér er reynt að skapa, er ekki uppfundning mín né þeirrar nefndar, sem samdi frv., heldur eru fyrirmyndir að því fengnar úr íþróttalöggjöf allra þeirra nálægra þjóða, sem reynt hafa og tekizt hefir að leiða íþróttastarfsemi sína inn á eðlilegar og hollar brautir, hollari en þar, sem iðkendur íþrótta og kappleika eru einráðir um, í hvaða farveg starfsemin leggst. Ég þarf ekki að skýra það, við, sem stundað höfum íþróttir, vitum það,

að þær geta orðið bæði til ills og gagns, eftir því hvernig þær eru stundaðar. Því miður rekur maður sig oft á það, að menn hafa stórspillt heilsu sinni með óskynsamlegri íþróttaaðferð. — Meginatriði í málinu er það, að þeim peningum, sem hið opinbera veitir til starfseminnar, sé varið þannig, að heilsa og þrek sé með því eflt, en aldrei niðurbrotið. Þessi skilningur er nú óðum að vakna hjá íþróttamönnum, þótt hann vantaði stundum, meðan hreyfingin var ung, eða hann væri ekki nógu vakandi. Menn þurftu að reka sig á. Nú er kominn tími til að taka í taumana, bæði í skólum og félagsskap, sem nýtur opinbers styrks. Hver, sem vill, getur stundað íþróttir, hvernig sem hann vill. Einungis ef hann á að fá styrk, verður hann að hlíta þeim fyrirmælum þessara laga, sem sett eru til að tryggja hollustuáhrif íþróttanna. Ég býst ekki við, að þessu verði mótmælt. Nefnd þeirri, sem hér mun fá málið til athugunar, mun ég senda lög nágrannalanda um þessi mál og önnur gögn, sem notuð hafa verið við samningu frv.

Ég held það megi segja, að frv. sé heldur vel undirbúið. Það, sem mestum ágreiningi hefir valdið, er það, hvort gefa eigi Í. S. Í. einu rétt til þess að vera það viðurkennda sambandsfélag fyrir íþróttastarfsemi í landinu, eða veita Ungmennasambandi Íslands rétt til að vera sjálfstæður aðili jafnframt. Það kann að vera, að hér séu eitthvað skiptar skoðanir, eins og í hv. Nd. En ég er þeirrar skoðunar, að tæplega sé hægt að ganga lengra með Í. S. Í. en gert er í frv., í 24. gr. t. d., þar sem ákveðið er, að öll opinber íþróttakeppni fari fram eftir reglum, sem Í. S. Í. setur, og að það sé eina sambandið, sem hefir rétt til að koma fram af Íslands hálfu gagnvart öðrum þjóðum. Nefndin, sem samdi frv., varð sammála um það, er hún hafði athugað gögn, sem fyrir lágu, um hina víðtæku íþróttastarfsemi ungmennafélaganna í dreifbýlinu úti um land, að útilokað væri annað en viðurkenna samband þeirra sem sérstakan aðila. Þann rétt hljóta allir að viðurkenna hjá samtökum, sem hafa byggt um 30 sundlaugar og haldið uppi lengi hollri íþróttastarfsemi og kennslu víðsvegar um landið, sent fyrstu Olympíufarana, sem héðan hafa komið, og starfað yfirleitt af þeim myndarskap, sem kunnugt er um ungmennafélögin. Gögn þau, sem n. hafði um íþróttastarfsemi þeirra, verða afhent n., sem fjalla mun um málið í hv. þd.

Það varð samkomulag milli mín og íþróttafélaganna um að undirbúa þetta mál. En nú hefir orð á því leikið, að meðal íþróttamanna sjálfra sé stundum örðugra að ná samkomulagi en meðal annara manna. Þeim sýnist, kannske frekar en öðrum, sitt hverjum og eru ótrauðir að halda fram sínum skoðunum. Þetta hefir hér rætzt að nokkru. Ég hélt, að þegar nefndin var sett til að semja þetta frv., hefði orðið fullt samkomulag um skipun hennar og grundvallaratriði málsins. Þar áttu hlut í forgöngumenn helztu íþróttafélaga í Reykjavík og umboðsmenn fyrir flestar eða allar íþróttagreinar, sem hægt var að ná til. Einnig var í nefndinni íþróttalæknir sá, sem mesta kynning hefir haft hér af þeirri hlið íþróttanna, sem læknisþekkingar þarf við. Fyrir hönd skólanna var valinn formaður nefndarinnar, Pálmi Hannesson rektor. Umboðsmaður var þar einnig frá ungmennafélögunum. Undirtektir undir málið voru hvarvetna hinar beztu. Svo var það m. a. í flestum eða öllum blöðunum. En nú koma fram mismunandi sjónarmið hjá mönnum, sem ekki hafa verið við athugun á málinu og e. t. v. ekki lesið það svo niður í kjölinn sem þeir hefðu getað og þau rök, sem að frv. liggja, eins og það er samið. Af þessum ástæðum hefi ég ritað hinni stjórnskipuðu nefnd í íþróttamálum bréf, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta. Afrit af því sendi ég stjórn Í. S. Í. og stjórn U. M. F. Í. Bréfið hljóðar svo:

„Reykjavík, 9. des. 1939.

Hér með sendi ég nefndinni til athugunar frv. til íþróttalaga, eins og það var afgr. af neðri deild Alþingis. Jafnframt vil ég taka fram eftirfarandi:

Ég er sannfærður um það, að ákvæði frv. fela í sér hlunnindi til handa íþrótta- og uppeldismálum þjóðarinnar, sem geta orðið þeim mikill ávinningur, enda þótt ekki hafi enn verið gengið frá því, hversu afla skuli fjár til íþróttasjóðs. Virðist mér þess vera að fullu gætt, sem frá öndverðu var ætlun mín, að leggja hvorki kvaðir né hömlur á hina frjálsu íþróttastarfsemi, heldur veita henni aðstoð og leiðbeiningar að því leyti, sem hún kann sjálf að óska.

Mér kom því mjög á óvart, þegar frv. var andmælt í neðri deild á þeim grundvelli, að ýmsir merkir íþróttamenn, að því er skilja mátti, teldu frv. fela í sér þvingun og ófrelsi fyrir hina frjálsu íþróttastarfsemi, enda þótt ekkert þvílíkt ákvæði verði fundið í frv., því að mér er það ekkert launungarmál, að ég skipaði nefndina einmitt með það fyrir augum að fá þar menn, sem væru reyndir að áhuga og afrekum í sem flestum greinum íþrótta, auk þess sem ég taldi sjálfsagt, að Í. S. Í., ungmennafélög Íslands og skólarnir ættu þar fulltrúa.

Nú má telja víst, að þingfylgi fáist til að koma frv. fram, en áður en á það verður reynt, vil ég biðja nefndina að rannsaka, svo fljótt sem auðið er, hvort það sé rétt, sem áður getur, að íþróttamenn séu mótfallnir frv., hve almenn sú skoðun sé og á hvaða rökum hún sé reist. Jafnframt vil ég biðja nefndina að lýsa skoðun sinni á málinu og gera rökstuddar tillögur um það, og gætu þessi atriði öll komið til álita við afgreiðslu málsins í efri deild. Ef það skyldi reynast nokkuð almennur vilji íþróttamanna, að frv. verði stöðvað, mun ég taka það til yfirvegunar, enda þótt mér dyljist, hver rök geta legið til slíks og hvernig setja megi lög til umbóta í íþróttamálum, sem íþróttamönnum séu að skapi og líklegt er, að koma megi fram á Alþingi, ef ekki þykir hlítandi við þetta frv., eins og það hefir verið undirbúið.

Þess skal að lokum getið, að stjórnum Í. S. Í. og Ungmennafél. Ísl. verða send afrit af bréfi þessu."

Svör við þessu bréfi geri ég ráð fyrir, að gangi til menntmn., sem ég legg til, að fái frv. til meðferðar að lokinni umr. Sé ég svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið á þessu stigi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 88. fundi í Ed., 19. des., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 401, n. 487).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Árni Jónsson):** Ég tel óþarft að halda hér langa framsöguræðu fyrir þessu máli og get í því efni vitnað til hinnar ýtarlegu framsögu hæstv. forsrh. við 1. umr. Þetta mál hefir fengið mikinn undirbúning. Það var skipuð sérstök n. í fyrravetur til að undirbúa það, og auk þess hafa þeir aðilar, sem sérstaklega vinna að íþróttamálum, einnig verið kvaddir til ráða.
Eins og menn muna, þá stóð svo á um mál þetta, þegar það kom frá Nd., að það var smávægileg togstreita á milli aðila, sem þetta mál snertir. Forsrh. get þess þá, að hann hefði skrifað þessum aðilum og lagt málið fyrir þá og reynt að koma þeim saman til sátta. Þetta hefir tekizt. Það hafa komizt á algerðar sættir um málið, og þær brtt. sem menntmn. ber fram, eru að sumu leyti sprottnar af þessum sáttafundi.
Brtt., sem n. ber fram, eru 3 og er að finna á þskj. 487.
1. brtt. er við 20. gr. Það er svo að orði komizt í gr., „að ef í hlut eiga kennarar, sem fengnir eru til þjálfunar". Í staðinn fyrir þetta leggjum við til, að þarna standi: „ef í hlut eiga menn, sem fengnir eru til þjálfunar". Við höfum lagt þetta til með tilliti til erlendra þjálfara, sem oft eru fengnir hingað.
2. brtt. er nánast orðabreyt. Það er um undanþágu frá íþróttanámi. Í frv. er talað um undanþágu frá íþróttakennslu, en það er vitanlega átt þarna við undanþágu frá íþróttanámi.
3. brtt. er við 24. gr. og snertir ágreininginn, sem ég gat um áðan. Með brtt. okkar er alveg skýrt ákveðið starfssvið Í. S. Í., þar sem ákveðið er, að það sé æðsti aðili um frjálsa íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu og komi ennfremur fram erlendis af Íslands hálfu í íþróttamálum, nema að því leyti, sem ríkið kann að gera það sjálft. Nú vil ég geta þess, að mér hefir verið bent á, að niðurlag þessarar till. væri dálítið klaufalega orðað. Þess vegna ætla ég að leyfa mér að bera fram við þetta skrifl. brtt., þar sem þetta er orðað dálítið öðruvísi.
Þessar till., sem n. ber fram, urðu að samkomulagi á fundi, sem haldinn var að tilhlutun forsrh., sem ég áður hefi getið um, en hann sátu stjórn Í. S. Í., fulltrúi frá Ungmennafélagi Íslands og hin stjórnskipaða n., sem undirbjó frv. — Ég hefi lagt áherzlu á, að þessi ákvæði kæmu inn í frv., m. a. til þess að vinna bug á þeirri litilfjörlegu togstreitu, sem hefir verið gerð um þetta, og orðið hefir milli íþróttamanna.
Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vil leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. mína, og vænti þess, að hv. dm. taki þeirri brtt. vel og leyfi málinu að ganga áfram.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 515) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
11.—19. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 487,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
21.—22. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 487,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
23. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 515 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 487,3, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
25.—26. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
27.—31. gr. samþ. með 11 shlj. atkv
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 517).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 88. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá. Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 557).

---

59. Dragnótaveiði í landhelgi (frv. SEH).

Á 24. fundi í Nd., 22. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 13. júní 1937, um dragnótaveiði í landhelgi (þmfrv., A. 79).

Á 26. fundi í Nd., 24. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 21 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Sigurður E. Hlíðar):** Ég vil byrja á því að benda hv. þdm. á, að í dagskránni í dag er prentvilla; þar stendur 48. mál Ed., en á vitanlega að vera 48. mál Nd., því að mál þetta er

borið fram í þessari hv. d. Einnig er í frv. önnur meinleg prentvilla, þar sem stendur maí, en á að vera júní, sem verður vitanlega leiðrétt.

Ég geri ráð fyrir, að hv. þdm. hafi lesið grg. frv., sem er aðallega erindi frá 54 bátaeigendum og sjómönnum, er stunda dragnótaveiðar frá Akureyri og sjávarplássum við Eyjafjörð, sem skora á hið háa Alþ. að gera þá breyt., sem frv. fer fram á, á l. um dragnótaveiðar í landhelgi. Mér þykir hlýða að láta fylgja hér með frv. orðrétta þá grg., sem fylgdi áskorun þessara manna, sem ég gat um. Þeim finnst þeir vera misrétti beittir með því, að veiðitíminn fyrir þessar dragnótaveiðar skuli ekki vera sá sami fyrir austan og norðan land eins og hann er fyrir sunnan og vestan land. Í l. nr. 45 frá 13. júní 1937 er ákveðið í 1. gr., að innan íslenzkrar landhelgi skuli dragnótaveiðar vera bannaðar ár hvert á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí og frá 1. til 31. desember á svæðinu frá Eystra-Horni sunnan um land að Straumnesi, og á svæðinu frá Straumnesi austur um land að Eystra-Horni frá 1. janúar til 15. júní og frá 1. til 31. desember. Einnig eru dragnótaveiðar á skipum, sem eru að stærð 35 smálestir brúttó eða meira, bannaðar frá 15. maí til 30. september ár hvert.

Ég býst við, að þetta misrétti sé byggt á því áliti þeirra manna, sem þykjast hafa mest vit á þessum málum, að hrygningartími kolans sé seinna fyrir norðan og austan land heldur en fyrir sunnan og vestan land, þar sem hitinn er meiri. Út af þessu hefi ég reynt að afla mér upplýsinga um þetta hjá fræðimönnum, sem helzt má vænta, að hafi vit á þessum hlutum, Finni Guðmundssyni og Árna Friðrikssyni fiskifræðingi, og hefi ég fengið upplýsingar um þetta hjá þessum mönnum, sem eru nokkuð samhljóða, nefnilega á þá leið, að það muni vera nokkurn veginn víst, að hrygningartíminn fyrir norðan land muni vera eitthvað seinna en fyrir sunnan land, en hrygning muni eiga sér miklu minna stað fyrir norðan land heldur en fyrir sunnan og vestan land, þar sem heitari er sjór.

Ég legg ekki mikið upp úr því atriði, sem núgildandi löggjöf um dragnótaveiði er byggð á, að vegna hrygningar kolans þurfi að hafa þennan mismun á veiðitímanum fyrir norðan land og sunnan, vegna þess að ég álít, að lítið af kola hrygni fyrir Norðurlandi.

Nú vakir það helzt fyrir þeim mönnum, sem fara fram á, að þessum l. um dragnótaveiðar í landhelgi verði breytt samkv. þessu frv., að ákveðinn verði sami veiðitími um þessa fiskitegund, skarkolann, kringum allt landið, hvort sem ákveðið verður svo, að byrja megi að veiða kolann 15. maí, 1. júní eða 15. júní.

Formaður fiskimálan. hefir tjáð mér, að meðal sjómanna sé almennur áhugi um það, ekki aðeins fyrir norðan land, heldur líka fyrir sunnan og vestan land, og jafnvel hér við Faxaflóa, að veiðitímatakmarkið sé fært til, vegna þess að fiskimenn hafa komizt að því fyrir löngu, að svo og svo mikið af hrygningarfiski af þessari tegund sé einmitt í þeim veiðiskap, sem veiðist á þessu tímabili, sem hér í þessu frv. er gert ráð fyrir, að veiðitímatakmarkið verði fært yfir. Sá fiskur er ekki nema hálfgildingsfiskur hvað verðlag snertir, og varla útflutningshæfur, sem veiðist á þessu tímabili, frá 15. maí til 15. júní. Með tilliti til þessa virðist því rétt að færa veiðitímatakmarkið eins og hér er gert ráð fyrir.

Það er sanngirnismál, að Norðlendingar fái að nota sjálfir sín fiskimið til að veiða þennan fisk þar á sínum bátum án íhlutunar frá veiðimönnum í hinum veiðistöðvunum. Því að nú er það svo, að þegar Sunnlendingar og Vestfirðingar eru búnir að urga upp miðin hjá sér á tímabilinu frá 15. maí til 15. júní, þá koma þeir á fjölda báta norður til þess að veiða kolann á grunnmiðunum fyrir Norðurlandi og spilla með því mjög fyrir þeim, sem ættu meiri sanngirniskröfu á að fá að stunda þar sínar kolaveiðar óáreittir, nefnilega Norðlendingum, sem þá verða undir í þeim leik með sína 2—5 tonna báta. En Norðlendingar hafa eftir aflaleysisárin, sem komu eftir 1932, meira og meira hnigið að því ráði að koma sér upp smábátum í stað stærri báta, sem þeir notuðu áður, til þess að mynda sér lengri og vænlegri atvinnu heldur en fiskveiðar með stærri bátunum reyndust að vera. Verða svo þessir menn að sækja á þessi uppreyttu fiskimið allt sumarið og haustið, sem aðkomubátarnir eru búnir að skafa og skemma fyrir þeim. Með litlum bátum, sem þeim er miklu viðráðanlegra að eignast og reka en stærri bátum, sem kosta kannske tugi þús. króna, álíta þeir, að þeir geti búið sér nokkuð tryggan atvinnuveg sér til lífsframdráttar, ef löggjöfin heimilar þeim tilhlýðilegan rétt yfir þeim grunnmiðum, sem þeir raunverulega eiga sanngirniskröfu á að hafa.

Þessi breyt., sem hér er farið fram á, er sanngirniskrafa líka með tilliti til þess, að það er viðurkenndur sannleikur, að veiðin mun nú vera of snemma leyfð, þar sem svo eða svo mikið af veiðiskapnum mun einmitt vera aflað um hrygningartímann, sem getur skert stofninn úr hófi fram og þá orsakað aflaleysi með tímanum.

Ég vona, að hv. þm. skiljist, hvað hér er á ferð, og sýni þessu sanngirnismáli fullkominn skilning.

Óska ég svo, að málinu verði vísað til 2. umr. og sjútvn., að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 79, 190, n. 290).

*Frsm. (Sigurður E. Hlíðar): Herra forseti! Eins og hv. dm. mun kunnugt, þá felur þetta frv. þá breyt. í sér frá núgildandi l., að í staðinn fyrir að leyfa, að veiðin hefjist 15. maí, þá skuli hún hefjast mánuði seinna. Norðlenzkir sjómenn, sem þessa veiði hafa stundað, hafa farið fram á þessa skipun. Fiskimálanefnd hefir fengið mörg tilmæli, sem hafa hnigið í sömu átt, einkum frá sjómönnum við Faxaflóa, aðallega byggð á því, að menn héldu í byrjun,

að hrygningartímanum væri fyrr lokið fyrir sunnan land en norðan, en síðari ára athuganir hafa bent til þess, að mikið af afla dragnótabátanna sé hrygningarfiskur, og sé þetta því ekki aðeins til skaða fyrir stofninn, heldur hefir líka heildaraflinn verið miklu minna virði fyrir það, að hrygningarfiskur hefir verið í honum.

Þegar ég flutti þetta mál á fyrri hluta þingsins, vantaði umsögn sérfræðinga um það. Síðan hefir fengizt umsögn Árna Friðrikssonar fiskifræðings, og hnígur hans umsögn í þá átt, að mæla með frv., að það nái fram að ganga. Nú hefir sjútvn. haft þetta frv. til meðferðar, og er hún á einu máli um að mæla með, að frv. verði samþ., en leggur til, að á 18. gr. l. verði gerð sú breyt., að á eftir orðunum „möskvastærð dragnóta" komi: lengd dráttarlína. — Á síðari árum hafa komið umkvartanir um það frá ýmsum veiðibátum, hvað óhæfilega langar dráttarlínur hafi verið notaðar, jafnvel upp í 1800 faðma, svo að þeir geta dregið fyrir á fjörðum, þar sem það getur truflað göngu inn á firðina, en brtt. felur það í sér, að lengd dráttarlínanna megi ákveða með reglugerð.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira um þetta mál.

Skúli Guðmundsson: Ég á brtt. við þetta frv. á þskj. 190 og vil leyfa mér að tilkynna hæstv. forseta, að ég tek hana aftur til 3. umr.

ATKVGR.
Brtt. 190 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 290 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., 21. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 305, 190).

Skúli Guðmundsson: Ég á brtt. við þetta frv. á þskj. 190. Hún snertir aðeins þau skip, sem eru 35 smálestir brúttó eða meira. Ég hefði viljað ganga lengra í takmörkun dragnótaveiða, en vegna þeirrar reynslu, sem fengin er í meðferð þessa máls hér á undanförnum þingum, virðist vonlítið að koma við frekari takmörkun. Með tilliti til þessa hefi ég ekki haft brtt. víðtækari, en vænti, að d. sjái sér fært að samþ. hana.

Ég vil geta þess, að hraðfrystihúsum mun, eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið, ekki stafa nein hætta af þessari till., því að hún mun hafa mjög lítil eða engin áhrif á möguleika þeirra til þess að fá fisk til hraðfrystingar.

ATKVGR.
Brtt. 190 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 66. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 317).

Á 68. fundi í Ed., 24. nóv., var frv tekið til 1. umr.

***Ingvar Pálmason:** Það stendur svo á, að af þeirri n., sem þessu frv. mun verða vísað til, er einn nm. fjarverandi og sennilega ekki væntanlegur til Alþ. a. m. k. næstu daga. Vildi ég því mælast til þess, að Sjálfstfl. vildi tilnefna mann í n. í stað hv. þm. Vestm. (JJós), sem er fjarverandi, svo að n. geti verið fullskipuð.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vildi skýra frá því, að á síðasta fundi Sjálfstfl. var ákveðið að skipa mann í n. eins og hv. þm. fór fram á. Efrideildarþm. flokksins tóku að sér að tilnefna manninn, og það verður þá gert.

Forseti (EÁrna): Ég vænti þess, að þessi maður verði tilnefndur af Sjálfstfl. og mér tilkynnt svo fljótt, að ég geti lýst því á næsta fundi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 317, n. 412).

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Frv. það, sem hér liggur fyrir, er komið frá hv. Nd., og er þar gert ráð fyrir þrem breyt. á l. um dragnótaveiðar í landhelgi. Fyrsta brtt. er um það, að dragnótaveiðar megi ekki byrja eins snemma á vorin og nú er leyft. Í gildandi l. er heimilað að byrja dragnótaveiðar í landhelgi 15. maí við vestur- og suðurströnd landsins, en við norður- og austurströndina er ekki heimilað að byrja dragnótaveiðar í landhelgi fyrr en 15. júní. Þetta frv. gerir ráð fyrir, að sú breyt. verði gerð, að dragnótaveiðar í landhelgi megi hvergi við strendur landsins byrja fyrr en 15. júní.

Í öðru lagi er samkvæmt gildandi l. bannað að veiða innan íslenzkrar landhelgi á skipum, sem eru stærri en 35 smálestir brúttó, fyrr en 30. sept. En 2. brtt. í þessu frv. fer fram á, að dragnótaveiðar á slíkum skipum innan landhelgi verði bannaðar allt árið.

Svo er loks þriðja brtt., sem er um það, að ákvæðum gildandi l. um lengd dráttarlína og möskvastærð verði breytt.

Ég vil geta þess, að ástæðan til fyrstu brtt. er sú, að þegar ákvæðin um, hvenær dragnótaveiðar í landhelgi mættu byrja, voru sett í l., var það álit vísindamanna, að ég hygg, að dragnótaveiðar við suður- og vesturströnd landsins mættu byrja mánuði fyrr en við norður- og austurströndina, af þeirri ástæðu, að hrygningartími kolans, sem aðallega er veiddur í dragnætur, væri mánuði fyrr við Suðurland en við Norður- og Austurland. og studdist sú kenning við sjávarhitann. Nú hefir reynslan sýnt, að það er langt frá því, að kolinn sé úthrygndur um 15. maí við suður- og vesturströnd landsins, og það hafa orðið svo mikil brögð að því, að óhrygndur koli hafi veiðzt í dragnætur, að sá fiskur hefir fallið mjög í verði af þeirri ástæðu, og ég hygg, að sanngjarnt sé að leyfa slíka veiði ekki fyrr en 15. júní. En þá ber á hitt að líta,

að sú breyt. kemur í nokkrum tilfellum hart niður á þeim, sem hafa stundað kolaveiðar með dragnótum við suður- og vesturströndina undanfarin ár, vegna þess að mjög margir þeirra fiskimanna hafa báta, sem ganga á þorskveiðar á vetrarvertíðinni, en henni er venjulega lokið um 11. maí, og þeir sömu bátar stunda einnig síldveiðar fyrir Norðurlandi yfir síldveiðitímann. Ef nú verður ekki leyft að stunda kolaveiðar fyrr en 15. júní, verður það til þess, að þessir bátar geta ekki stundað veiðar hér á tímabilinu milli vetrarvertíðar og síldarvertíðar, nema þá aðeins að stunda þær einvörðungu utan landhelgi, og það er talið, að það sé mjög miklum erfiðleikum bundið að láta kolaveiðarnar bera sig, ef þær eru einvörðungu stundaðar utan landhelgi. Á þetta ber einnig að líta, og sjútvn. hefir athugað þetta atriði allgaumgæfilega, og leggur n. til, að samþ. verði, að kolaveiðar megi byrja 1. júní.

Það eru 2 ástæður fyrir því, að n. leggur þetta til. Fyrri ástæðan virðist vera nokkuð viðsjárverð, að því leyti að loka landhelginni til 15. júní, til þess að veiðiskapur leggist niður hjá öllum fjölda af þeim bátum, sem Íslendingar gera út. Á það ber að líta, að oft hefir verið reynt að veiða í landhelgi og orðið til skaðskemmda án þess að nokkuð hafi veiðzt. Þó að þetta sé ekki fullkomin þekking á lifnaðarháttum og lífsskilyrðum kolans, hefir það sýnt sig, að þeir menn, sem þessum málum eiga að vera kunnugastir, hafa ekki réttar niðurstöður. Heilbrigð skynsemi manna sýnir þeim fram á, að það er nokkuð mismunandi og geta verið áraskipti að því, hvar kolinn gengur. N. lítur svo á, að reynandi væri að færa tímann aftur til baka, þannig að heimildin til að veiða megi byrja 1. júní. En ástæðan er sú, að það er ákaflega óþægilegt, að landhelgin skuli vera opnuð á mismunandi tímum. Sannleikurinn er sá, að þessi svæði, sem opnuð eru 15. maí, liggja að svæðum, sem opnuð eru 15. júní. Ég held, að ef þessu er á annað borð breytt til hagsbóta fyrir þá, sem stunda veiði sunnanlands, verði að hafa allan tímann til 1. júní. Ég held, eins og ég benti áðan á, að það sé erfitt að ákveða eftir vissum mánaðardegi, hvar kolinn er, frekar eftir árferði. Ég álít því skynsamlegt að gera þá breyt., sem n. leggur til, að opna landhelgina 1. júní. — Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um frv. eins og það kom frá Nd. Hinsvegar kann að vera, að meðnm. mínir hafi fleiri aths. fram að færa. En um þessa breyt. vorum við sammála, að 1. júní komi í stað 15. maí.

Þá er þess að geta, að fyrir þinginu hefir legið síðan frá fyrri hl. þessa þings, frv. til l. um breyt. á dragnótalögunum. Var sú breyt. flutt af hv. 11. landsk. og mér. Þessi brtt. hefir legið hér hjá sjútvn. allan tímann, vegna þess að n. taldi rétt að láta hana bíða eftir þessu frv. frá Nd. Nú hefir n. tekið upp aðalefni þeirra brtt., sem í frv. fólust. Í frv. er gert ráð fyrir, að löggilt hafnarsvæði verði friðuð allt árið. En meiri hl. n. fannst hér of langt gengið, að bæjarstjórnir gætu friðað svæði. Ég held, að víða hagi svo til hér á landi, að þetta sé sjálfsögð ráðstöfun. Það er til lítilla nytja, að verið sé að skrölta með þessum veiðarfærum inni á höfnum, til óþurftar fyrir þá, sem við höfnina búa. Ég held, að þessar till. fari hóflega í sakirnar með því að gera ráð fyrir, að svo hagi til, þar sem löglegar hafnir eru, að leggja megi þetta undir vald viðkomandi stjórnarvalda. Annars vil ég geta þess, að Íslendingum er mikið áhugamál að fá meiri friðun fyrir fiskistofn sinn. Það hefir verið mikið unnið að því að koma á friðun Faxaflóa, en yfirleitt þyrftum við að sinna, miklu meira en við gerum, uppeldismálum nytjafiska vorra. Ef við erum einhuga um að friða Faxaflóa, þá er áreiðanlegt, að við verðum að taka upp almenna friðun fyrir dragnót. Ég skal játa, að eins og tímarnir eru nú, er þetta mál ekki tímabært. Samt sem áður ættum við að sníða okkur löggjöf með það fyrir augum, að framundan sé það, að afnema allar dragnótaveiðar í landhelgi. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta; n., sem þetta mál hafði til meðferðar, hefir leyst það á þann hátt, sem hún taldi æskilegastan.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég tel rétt, að það komi fram við þessa umr., í hverju fyrirvari minn er fólginn. Fyrirvari okkar hv. þm. Hafnf. stafaði af því, að í frv. eins og það er er bann við því, að skip, sem eru 35 smál. brúttó eða stærri, megi stunda dragnótaveiði. Við teljum, að eins og nú er háttað sé þess í fyrsta lagi ekki þörf. Reynslan hefir sýnt, að fá skip, sem stunda þessa veiði, hafa þessa stærð eða þar yfir. Að vísu er verið að ganga á gerða samninga, ef þessi takmörk eru sett. Ég hygg þó, að nú séu ekki mikil líkindi fyrir því, að dönsk skip, hvort þau hafa þessa eða aðra stærð, komi hingað til dragnótaveiða, og lítur út fyrir, að úr þeirri fisksókn dragi. Hinsvegar er leiðinlegt, að á þeim tíma, sem sambandslögin gilda, yrði hægt að segja með réttu, að við hefðum gengið á gerða samninga. Ég æski þess, að ríkisstj. láti sína skoðun í ljós um þetta mál. Þegar það var til umr. s.l. sumar, ákvað mþn. að vísa því til ríkisstj., og væri þess vegna æskilegt að heyra álit hæstv. ráðh. um þetta, hvort hér væri um að ræða brot á sambandslögunum. Ef ekki er svo, fellur minn fyrirvari niður.

Í öðru lagi vildi ég taka fram við þessa umr., að um b-lið brtt. frá n. er það að segja, að ég hefi ekki enn átt kost á að kynna mér til hlítar, hvernig slíkt bann myndi verka á veiðar innanlands almennt. Ef til vill myndu þessi takmörk verða óþægileg fyrir okkar veiðimenn. Ég gæti t. d. hugsað mér, að með þessu fyrirkomulagi yrði kannske lokað höfnum við Skagafjörð, á svæðum, þar sem fiskimenn almennt stunda veiðar. Ég hefi gert tilraun til að fá kort hjá vegamálastjóra yfir þau svæði, sem hér koma til greina, en fékk það svar, að slík kort væru ekki til. Ég bendi aðeins á þetta hér til þess að koma í veg fyrir, að frv. hefði óþægilegar afleiðingar, því okkur ber fyrst og fremst að afla þess fiskjar, sem gefur beztan arð. Því má heldur ekki gleyma, að staðreyndir sanna, að saltfiskurinn hefir verið mun minni en undanfarið, og við verðum því að byggja okkar afkomu á frysta fiskinum. Þá er það viðurkennt, að bezt borgar sig að veiða þann fisk, sem dýrastur er á er-

lendum markaði, og þarf að ganga frá því með aðgæzlu, hvort sú veiði skerðist að miklum mun. Ég hefi ekki getað gengið úr skugga um það við þessa umr., ef Íslendingar taka upp þá reglu að banna með öllu dragnótaveiðar í landhelgi, hvort nægileg rök liggja fyrir um það, að þetta sé réttlátt.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta frv. Það eru aðeins tvö atriði, sem ég ætla að gera að umræðuefni. Annað er um það, að með frv. er styttur sá tími, sem heimilaður er til dragnótaveiða í landhelgi, og gerði frsm. n. grein fyrir því. Ég er nú ekki fremur en hann dómbær um það, hvort nægileg rök liggja að því, að þetta sé nauðsynlegt. Ég trúi því, að frá vissu sjónarmiði sé vit í þessum breytingum. Aftur á móti má líka finna rök til andmæla. Ég sé, að n. hefir breytt þessum ákvæðum frv. þannig, að tíminn er færður fram um hálfan mánuð frá því, sem frv. ætlaðist til. Ég tel þetta til bóta og nær því, sem ég hefði óskað eftir, að lögfest yrði að þessu sinni. Það, sem ég hefi á móti því að gera breytingu á þessum l., er það, að eins og hv. þm. er kunnugt, hefir breyting á þessari löggjöf valdið miklum deilum innan þingsins. Hafa oft staðið þar fremstir hv. þm. Borgf. og hv. þm. Vestm. Nú er það svo, að þessi breyt., sem hér um ræðir, er alveg gagnstæð óskum hv. þm. Vestm. og gegn því fyrirkomulagi, sem hann hefir borið hér fram í umboði kjördæmis síns og barizt fyrir. Nú vill svo illa til, að hann er ekki viðstaddur, dvelur erlendis á vegum ríkisstj. til þess að vinna að hagsmunum alþjóðar. Ef ekki væri svo, myndi hann nú hafa fært mörg rök gegn þessum breytingum, og ég dreg í efa, hvort þær hefðu náð fram að ganga ef hans hefði notið við. Ég skýt þessu fram hér til þeirra, sem vera kynnu í vafa um, hvað rétt sé, hvort ekki væri ástæða til að leggja svo mikið upp úr fjarveru þessa hv. þm., að vert væri að hraða málinu gegnum þingið. Einnig hvort ekki væri rétt að taka tillit til þess við afgreiðslu málanna, hvort þeir hv. þm., sem mest hefðu barizt fyrir þeim á þingi, væru viðstaddir eða ekki. Ég læt nægja að skjóta þessu fram til athugunar.

Þá vil ég út af þeim tilmælum, sem hv. 2. landsk. þm. beindi til mín viðvíkjandi niðurlagi fyrri málsgr. 1. gr. laga um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi, hjá skipum, sem eru 35 smál. og stærri, leyfa mér að segja, að mitt álit er, að þetta ákvæði sé stílað beint gegn dragnótaveiði Dana hér við land. Þeir eiga með sambandslögunum sama rétt til að veiða og við Íslendingar, en geta ekki hagnýtt sér minni báta en 35 smál. Þetta ákvæði mundi í framtíðinni dæmt sem ekki rétt, vegna þess að hlutur Dana er skertur og þeir ekki látnir njóta sambandslaganna. Ég er þannig skapi farinn, að ég myndi skammast mín fyrir þetta. Með sambandslögunum láta þeir okkur í té annað og meira en við getum nokkurntíma vonazt eftir af öðrum þjóðum. Það er því ekki sæmandi að leita til þeirra annan daginn, en hinn daginn að samþ. breytingar, sem blátt áfram taka fyrir dragnótaveiði þeirra hér við land. Ég álít okkur of mikla menn til að vera með slíkan smásálarskap, sem engu munar fyrir þjóðarbúskapinn. Sjálfsvirðing okkar og höfðingslund er meiri en svo, að við viljum setja þennan blett á okkur, þó að lítill sé. Þetta varðar litlu fyrir okkar þjóðarhagsmuni, en það er ekki laust við, að ég hafi það á tilfinningunni, að þetta sé ekki okkur samboðið. Þess vegna væri æskilegt, að hv. n. flytti við 3. umr. brtt., sem felldi niður þetta ákvæði.

Ég vil segja út af brtt. á þskj. 412, að ég geri mér ekki fyllilega grein fyrir við þessa umr., hverjar afleiðingar þær myndu hafa. En ég vil sérstaklega beina þeirri ósk til hv. d., að hún taki til athugunar þetta, sem ég hefi rætt hér, annaðhvort í samráði við n. eða við 3. umr. málsins.

*Magnús Jónsson: Ég skal ekki tala mikið um þetta mikið rædda mál. Ég játa, að það er fullkomlega fyrir utan minn verkahring, en hefi samt tekið afstöðu til þessara mála hér í d. á undanförnum árum. Ég er andvígur of mikilli þrengingu að þessum atvinnurekstri. Mér finnst koma fram í frv. nokkurskonar þrenging, með því að stytta þann tíma, sem ætlaður er til dragnótaveiða í landhelgi. En það, sem kom mér til þess að standa upp og ég get talsvert dæmt um, sökum setu minnar í dansk-íslenzku ráðgjafarnefndinni, er hitt atriðið, um takmörk á stærð skipanna. Mér þótti vænt um ummæli hæstv. atvmrh. og hv. 2. landsk. um það atriði. Að vísu má segja, að með þessu frv., þó að lögum yrði, væri ekki sköpuð sú fyrsta óánægja, sem hér um ræðir. Eftir að rætt var ákvæði í l. 1937, kom þessi óánægja upp og Danir kvörtuðu undan því, að þeim væri ekki leyft að veiða á þeim bátum, sem komu upp til landsins í okt. og nóv. mánuðum, og það sé sama sem að eyðileggja þeirra veiði. Þeir fóru fram á, að það yrði lengt um einn mánuð, þannig að bátar 35 smál. eða stærri fengju að veiða frá 1. sept. til 1. des. Þetta spursmál var ekki tekið upp í nefnd þeirri, sem hafði með þessi mál að gera hér á þinginu, og ekki þær ástæður, sem færðar eru fram móti þessu. Bannið er sett jafnt á Íslendinga og Dani, og hæstv. ráðh. túlkaði rétt tilfinningar okkar allra í dansk-íslenzku ráðgjafarn., því að okkur þótti skömm að þessu. Það er tilraun til að fara í kringum gerða samninga. Fyrst eru gerðir samningar um fullkomið jafnrétti beggja þjóðanna til þessarar atvinnu, en svo eru sett ákvæði um að útiloka hinn aðilann, en ekki Ísland sjálft. Sambandsþjóðin getur ekki sótt yfir hafið til þess að nota þessa veiði. Það er óhætt að segja, að nefndarmennirnir íslenzku hafa verið sammála um þetta þjóðarspursmál. Í dansk-íslenzku n. hefir verið farið að þessum málum af mikilli gætni. Þeir hafa engan veginn verið að heimta það, að þeirra hagsmuna sé gætt, heldur aðeins farið fram á, að þeirra bátar, sem hingað til hafa stundað þessa veiði, fái framvegis að stunda hana. Ég verð að segja, að ég hefi ekki kjark í mér til að standa á móti svo sanngjörnum óskum. Það má alltaf segja, hvað það stoði danska þjóðarbúskapinn að fá að veiða hér á þessum fáu bát-

um, — ég held, að þeir séu 12, þar af 3 frá Færeyjum, — og alltaf heltist eitthvað af þeim úr lestinni, bátarnir ganga úr sér eða skipta um eigendur. En þótt þetta sé lítið atriði í danska þjóðarbúskapnum sem heild, þá segja þeir sem svo, að þetta geti verið aðalatriði í búskap þeirra þegna danska ríkisins, sem þessar veiðar stunda. Þetta kemur út eins og verið sé að reyna að koma sér hjá að efna þau loforð, sem felast í dansk-íslenzka samningnum, og sem mikið hefir verið deilt um, en úr því að hann er til, þá álít ég þetta óheppilegt.

Ég get að mestu sparað mér umr. um þetta efni; hæstv. atvmrh. tók fram það, sem segja þurfti. Ég býst ekki við, að þetta hafi nein áhrif á viðskipti milli þjóðanna, og auðvitað verður aldrei farið að gera neitt aðalatriði út úr svona smámunum, en ég segi fyrir mitt leyti, að ég vil ekki, að farið verði að þrengja enn meira að þessu, og þótt við megum e. t. v. vera ánægðir yfir, að þessi veiði verði ekki leyfð nema 2 mánuði ársins, þá þykir mér þetta leiðinlegt svar við svo hógværum kröfum af Dana hálfu að banna þeim veiðarnar alveg, en það er gert með þessu frv. Ég mun því stuðla að því fyrir mitt leyti, að þetta ákvæði nái ekki fram að ganga. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að þar sem málinu var vísað til ríkisstjórnanna síðast, en hæstv. ráðh. gaf ekki um það neina skýrslu, þá muni því alls ekki hafa verið hreyft milli ríkisstjórnanna. Má líka vel vera, að fyrir stjórnarvöldin hafi þetta mál enga þýðingu, en það má líka segja, að fyrir okkur sé leiðinlegt að sýna ekki vilja okkar, að halda uppi sæmd okkar í þessu máli.

***Magnús Gíslason:** Ég er hv. n. þakklátur fyrir það, að hún hefir tekið þetta litla frv., sem ég og hv. 2. þm. S.-M. bárum fram, upp í frv. það, sem borið var fram í Nd. Enda þótt hv. n. hafi gert dálitla breyt. á því, tel ég ekki, að það muni þess vegna síður ná tilgangi þeim, sem tilætlunin var að ná með frv.

Eftir því, sem ég þekki til, og þá aðallega á Austfjörðum, þá er almennur vilji fyrir því að fá hafnarsvæðin friðuð, og tel ég sjálfsagt, að hlutaðeigandi sýslumenn myndu veita slíkar heimildir. Ég vil aðeins geta þess, eins og ég minntist á áður, að þar sem ég þekki bezt til, er það almennur vilji manna að fá sett lög um það, að dragnótaveiðar séu bannaðar inni á höfnum. Þarna er að vísu ekki stór veiði, aðallega smákoli, sem leggst þarna upp og þykir ágæt fæða, enda veiddur um langt skeið í flestum kaupstöðunum. Síðan dragnótaveiðin fór að tíðkast, hafa bátar — oft úr öðrum landsfjórðungum — komið inn á hafnirnar og veitt þar nokkra tíma eða heilan dag, og hefir þá ekki fengizt bein úr sjó í marga daga á eftir. Einnig segja þeir menn, sem stundað hafa síldveiði inni á höfnunum, að dragnótaveiðin hafi orðið til þess að spilla mjög síldveiðinni, einkum þegar hún er lítil og síldin er að ganga; þá hefir það stundum orðið til þess, að hún hefir alveg horfið. Af þessari síldveiði inni á höfnunum hefir oft verið mikil björg; menn hafa veitt þar í beitu, þegar lítið hefir verið um slíkt, og hefir það oft komið sér mjög vel. Almennt halda sjómenn því fram fyrir austan, að síldin hafi horfið þar af höfnunum eftir að farið var að skafa þær með þessum verkfærum.

Með því að ákveða þessa heimild, tel ég að sýslunefndir á hverjum stað geti ráðið fram úr því, hvort hér sé verið að vinna tjón dragnótaveiðinni við landið, og því get ég samþ. brtt.

Um 1. gr. frv. skal ég taka það fram, að mig brestur kunnugleika til að dæma um, hvort það sé heppilegt eða rétt að banna dragnótaveiðar hér við land, en ég hygg, að það hafi á sínum tíma verið gert eftir till. færustu manna í þeirri grein.

Hvað hina hlið málsins snertir, þá get ég tekið undir með hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. Reykv., að ég tel ekki rétt að setja slíkt ákvæði út frá þeim forsendum, sem nú hafa upplýstst hér.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Mér skildist á hæstv. atvmrh., að vegna fjarveru hv. þm. Vestm. væri þingið ekki fært um að dæma um þetta mál, eða að það væri ekki rétt að afgreiða málið af því, að hann væri ekki við. Ég verð að segja það, með allri virðingu fyrir hv. þm. Vestm., að ég tel þetta ekki hafa við rök að styðjast, því þótt hann sé áhrifamikill og greinagóður maður, þá verð ég að telja, að illa sé komið fyrir útvegsmálum þjóðarinnar yfirleitt, ef þeir 48 þm., sem hér eiga að sitja að honum frágengnum, væru ekki færir um að dæma í þessu máli. Ég veit að vísu, að sérhagsmunir Vestmannaeyja koma hér til greina, en samt ekki frekar en hagsmunir kjósenda hæstv. atvmrh., og ég held, án þess að ég ætli nokkurt óverðskuldað hól að bera á hæstv. atvmrh., að hann sé fær um að gera grein fyrir því, sem hans kjósendum er hagkvæmt. Ég tel þetta, sem sagt, enga ástæðu til þess að láta málið daga uppi. Hitt er annað mál, að það fer alltaf svo, að menn deili á um lausn þess. Þetta mál hefir verið mikið umdeilt á Alþingi undanfarið, og má segja, að menn hafi skipzt í nokkuð harðvítugar andstöður, annarsvegar hafa verið þeir, sem kalla má lokunarmenn, en hinsvegar opnunarmenn. Ég skal ekki draga dul á, að ég hefi haft tilhneigingu til að standa með lokunarmönnum, en ég játa, að þeir tímar, sem nú standa yfir, gera það að verkum, að ekki má með lögákvæðum girða fyrir, að landsmenn geti notað sér þau hlunnindi, sem til eru. Um það, hvort opna á alveg landhelgina, verð ég að segja, að þar er um mikið velferðarmál að ræða. Þessi fiskur — kolinn — er ákaflega verðmæt vara, og við höfum komizt upp á lag með að búa hann þannig út, að hann er fullkomlega neyzlufær vara þegar hann fer frá okkur. Við höfum tekið upp þá verkunaraðferð að flokka kolann og búa um hann eftir flokkun á viðunandi hátt, og yfirleitt tel ég, að það sé stefna, sem eigi að hlúa að.

Það hafa komið fram kvartanir síðastl. 2 ár frá þeim, sem kaupa kolann af skipunum, að hann sé slæmur fyrstu daga veiðitímans vegna þess, að þá sé kolinn ekki úthrygndur, og hefir það reynzt rétt. Það eru allir sammála um, að í þessum efnum eigi fremur að líta á hag heildarinnar með vöruvöndun heldur en á stundar-

hagsmuni einstakra manna, sem kunna að stunda þessa veiði. Enn sem komið er er þekking manna svo lítil á þessu sviði, að erfitt er að ákveða, hvort á að banna að veiða þennan fisk eins lengi og nú er gert, til að spilla ekki markaðinum. Þá hefi ég heyrt suma menn halda því fram, að þetta sé breytilegt frá ári til árs. Nú er svo með þessa veiði, að mjög er torvelt að greina úr við móttöku fiskjarins, hvaða koli er úthrygndur eða ekki. Ég býst við, að afleiðingin verði sú, að frystihúsin sjái sér ekki fært að taka á móti kola fyrir fullt verð fyrr en á einhverjum vissum tíma, og verði það þá til þess að fella blautan fisk í verði. Það er fengin reynsla fyrir því, að öruggt er að veiða kolann eftir að komið er fram um 20. júní. Að vísu er ekki einsýnt, að hann sé þá allur úthrygndur, en hann þá orðinn svo feitur, að hann er virkilega góð vara. Ég er viss um, að um þetta geta hv. þdm. fengið upplýsingar hjá fiskimálanefnd, sem hefir haft eftirlit og forustu um verkun þessa fiskjar og verið þar brautryðjandi, hvað hún hefir leyst mjög sómasamlega af hendi.

Þess vegna tel ég það fyllilega þess vert, að gerð sé tilraun með að færa veiðitímann til. Mér er það að vísu ekkert kappsmál, því ég er viss um, að ef ekki verður gerð nein breyt. á l., þá verða þeir, sem hafa með höndum verkun og sölu á fiskinum, að taka til sinna ráða, til þess geta haldið við fullkominni vöruvöndun.

Að því er snertir þá breyt., er komst inn í frv. í hv. Nd., um að banna að veiða á 35 smál. bátum eða stærri allt árið, þá þykir mér kenna misskilnings hjá hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. Reykv. Hæstv. atvmrh. sagðist skammast sín fyrir, að slík till. væri komin fram, einvörðungu til þess að útiloka Dani. Þetta er misskilningur. Það er stórt atriði og mörgum sjómönnum áhugamál, að hægt sé að stunda þessa veiði, einkum að hægt sé að nota til hennar þá báta, sem eru útilokaðir frá því að geta stundað síldveiði, og með það fyrir augum eru settar þessar takmarkanir í l., að veiðar þessar megi ekki stunda á bátum, sem eru 35 smál. eða stærri. Mér er vel kunnugt, að þetta er aðalástæðan, en ekki það, að útiloka Dani. Hitt er annað mál, að þetta ákvæði útilokar Dani vegna þess, að þeir nota svo stóra báta til þessara veiða, en ég kann illa við það, þegar ríkisstjórnin, í öðru eins máli og þessu, sér ekki annað en Dani. Ég hefi alls ekki á móti því, að komið sé mjög vingjarnlega fram við Dani, en þegar gengið er svo langt, að ekki má gera tilraunir með að tryggja smáútveginum meiri arð með þessum veiðiaðferðum vegna þess, að þá sé komið við hagsmuni Dana, þá tel ég það of mikla viðkvæmni. Auk þess hefir komið fram við umr. í sambandslagan., að Danir segja sjálfir, að þetta sé umdeilt mál í Danmörku af því, að Danir hafa vissan „kvóta“ í Englandi fyrir þennan fisk, og dönsku fiskimennirnir vilja láta banna Dönum að sækja fisk til Íslands, þar sem þeir segjast eiga að sitja að sölunni sjálfir. Spurningin er, hvort á að meta meira, hógværa áleitni Dana um að þeir séu jafnréttháir á Íslandi og Íslendingar, eða það, sem komið hefir fram við umr. í sambandslagan., um vilja dönsku sjómannanna sjálfra, það er alveg sama og fyrir okkur vakti þegar við bönnuðum 35 smál. bátum og stærri að stunda þessar veiðar, við viljum með því greiða götuna fyrir því, að veiðarnar komi mest þeim til góða, sem hafa þess mesta þörf. Ég held, að það sé óþarfa viðkvæmni hjá hæstv. atvmrh. og hv. 1. þm. Reykv., að telja, að við þurfum að skammast okkar fyrir að setja þau lög, sem við teljum, að komi sjómönnunum okkar að mestu gagni. Ég fæ ekki séð, að það þurfi að spilla því góða samstarfi, sem á sér stað, bæði í sambandslagan. og á milli ríkisstjórna landanna, né viðskiptalífinu á milli þjóðanna vegna þess, að báðir dönsku fulltrúarnir í sambandslagan., sem til máls tóku þegar málið var til umr., viðurkenndu, að þetta væri fullkomlega réttur Íslendinga, en alveg eins og Íslendingum, sem eiga stærri báta en 35 smál., er bægt frá veiðinni, þá treysta Danir sér ekki að stunda hana vegna þess, að þeir treysta sér ekki til að flytja aflann heim á svo litlum bátum.

Mér fellur illa að heyra talað um, að það sé niðrandi fyrir Alþingi, að þar komi fram till., sem álitið er, að séu til hagsbóta fyrir smærri útgerðina. Ég sé enga ástæðu fyrir mig eða aðra að skammast okkar fyrir það vegna þess, að eitthvað sé þar komið við hagsmuni Dana. Mér þykir þar of langt gengið.

Annars get ég látið mér það í léttu rúmi liggja, hvernig málið fer. Ég álít, að ef þessu fæst ekki breytt með lagaákvæði, þá verði að fara aðrar leiðir til að tryggja viðgang þessarar markaðsvöru, sem er í vaxandi áliti á erlendum markaði, og ég hygg, að fyllilega verði hægt að ná því takmarki gegnum aðrar leiðir.

Ég þarf ekki að minnast á brtt., sem snertir hafnarsvæðin, hv. 11. landsk. tók af mér ómakið að mestu leyti, en ég verð þó að segja það, að mér finnst gengið í öfuga átt, ef hæstv. Alþingi fæst ekki til að gera svo mikið fyrir uppeldi þessa nytjafiskjar að friða innstu botna fjarðanna, en þess er engin vanþörf, þar sem farið er með þessi veiðitæki innst inn í firðina. Ég held, að það sé mjög vafasamt fyrir Alþingi að fella þessa hógværu brtt., sem fer fram á, að bæjarstjórnum og sýslunefndum sé heimilt að veita þetta leyfi, og ég held, að ekki hefði verið nein vanvirða að því, þótt hér hefði komizt inn í frv. algert bann við dragnótaveiði á stærri bátum, þótt það hefði snert hagsmuni Dana.

***Fjmrh. (Jakob Möller)**: Hv. 2. þm. S.-M. hefir eiginlega tekið af mér ómakið. Ég kvaddi mér hljóðs af því, að ég kunni ekki við, að það stæði óleiðréttur sá misskilningur, sem kom fram hjá hæstv. atvmrh., hv. 1. þm. Reykv. og einnig að nokkru leyti hjá hv. 11. landsk., sem sé, að takmörkuninni á stærð þeirra báta, sem stunda mega kolaveiðar, væri beint gegn Dönum, til þess að hafa af þeim réttindi, sem þeir hafa hér sem sambandsþjóð okkar. Þetta er misskilningur — till. er fram komin af sömu ástæðu og óskirnar um að opna landhelgina fyrir dragnótaveiði, svo að fiskimenn landsins geti orðið aðnjótandi þeirrar veiði, sem þar er að fá. Þetta hefir ekki þótt fært, og því hefir skapazt þetta samkomulag á milli þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli. Um þetta mál, sem nú liggur fyrir,

er einnig til samkomulagsmöguleiki, sem sé, hvað mikið af landhelginni eigi að opna og hvað mörgum skipum eigi að leyfa að veiða. Takmarkanir á stærð skipanna eru ekki annað en takmarkanir á fjölda þeirra og er eins réttlát og takmörkun þess tíma, sem veiða má á. Það liggur í augum uppi, að ef þessi veiðiskapur er arðberandi, þá myndu landsmenn sjálfir stunda hann jafnt á stórum skipum og smáum, svo veiðin er ekki takmörkuð vegna þess, að stóru skipin eru dönsk.

Því er hér fullkomið jafnrétti á milli Dana og Íslendinga að þessu leyti. Að sjálfsögðu geta Danir ekki notið fullkomins jafnréttis á við Íslendinga hér á landi, en sama máli gegnir um Íslendinga í Danmörku; þeir njóta ekki fulls jafnréttis við landsmenn þar.

Þessi löggjöf verður ekkert skarð í þau réttindi, sem Danir eiga hér samkv. sambandslögunum, og slíkur misskilningur má ekki vera ríkjandi.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Það er misskilningur hjá hv. frsm. n., að ég hafi sagt, að vegna fjarveru hv. þm. Vestm. væri þingið ekki fært um að afgreiða þetta mál. Ég sagði, að ef menn, vegna skorts á þekkingu væru í vafa um, hvort ætti að afgreiða þetta mál, — eins og hv. frsm. sagði vera um sig —, þá skyldu menn frekar taka þann kost að bíða þess manns, sem þarna þarf að verja rétt kjósenda sinna, og láta þá ráðast að fresta málinu. En hv. þm. Vestm. er einn þeirra hv. dm., sem og hv. frsm. n., sem hefir gert sér far um að kynna sér sjávarútvegsmál. Hann hefir sagt eins og aðrir, að afarerfitt sé að ákveða, hvað af landhelginni eigi að opna fyrir dragnótaveiðar, en við erum sammála um, að það væri gott að loka landhelginni alveg fyrir þeim, en ekki þótt fært að ganga svo á þarfir landsmanna. Ég sagði, að ef menn væru í vafa um réttlætið í þessum efnum, þá mætti um það taka til greina þann mann, sem nú er fjarverandi, og ekki getur við notið á þinginu vegna þess, að hann dvelur erlendis í þjónustu ríkisins. Hv. frsm. n. *lýsti sig skorta þekkingu á* þessum efnum.

Út af ummælum hæstv. fjmrh. og háttv. frsm. n. um bannið í niðurlagi frv., þá hafði hæstv. ráðherra eðlileg rök að mæla, en það raskar þó ekki þeirri staðreynd, að með því verður Dönum bægt frá því að vera hér. Það eru Danir, sem verða fyrir því, ef ákvæðið verður samþ., því að ég heyri það sagt af kunnugum mönnum, að ekki muni vera nokkur íslenzkur bátur, er láti sér detta í hug að stunda þessar veiðar úr Reykjavík. Því þá að vera með þessa smámunasemi? Og þótt íslenzkir bátar ættu hér jafnan hlut að máli sem danskir, þá vildi ég samt heldur troða í bág við okkar eigin hagsmuni en að sambandsþjóð okkar fengi ástæðu til að láta sér finnast, að við brjótum lög á henni. En við brjótum lög á henni, við brjótum 6. gr. sambandslaganna, ef við samþ. ákvæði þessa frv. Hitt er annað mál, að ég hefi jafnan talið 6. gr. sambandslaganna mjög varhugaverða. Ég hefi jafnan álitið það hættulegt, að 30 sinnum fjölmennari þjóð en Íslendingar hefðu jafnan rétt til atvinnurekstrar hér á landi sem landsmenn sjálfir. En þetta eru lög nú sem stendur, og þeim verður ekki haggað þessa stundina. Og því tel ég það ekki eftirbreytnisvert að ganga fast fram gagnvart Dönum rétt áður en sambandslögin ganga úr gildi. Ég tel það óhyggilegt að ganga á rétt Dana og samþ. lagaákvæði, sem eru til að bægja Dönum frá atvinnurekstri hér við land, sem þeim er heimilað að lögum.

Hv. frsm. talaði um það, að menn í Danmörku væru ekki á einu máli um gagnsemi þessara veiða Dana hér við land. En því vil ég svara, að mig varðar ekkert um, hvort danskir sjómenn vilji þetta eða hitt, hvort þessi veiði eða önnur borgi sig betur fyrir þá, hvort þeir fullnægi þeim kvótaskilyrðum, sem sett hafa verið á sölu fiskjar þeirra í Englandi, eða ekki. Afstaða mín er eingöngu sú, að við höldum virðingu okkar óskertri, að við höldum orð okkar rekistefnulaust, hiklaust og án eftirgangsmuna. Rök þau, er hæstv. fjmrh. og hv. frsm. hafa fært fram sínu máli til stuðnings, eru að vísu frambærileg, en raska í engu því, sem ég hefi sagt. Það er Íslendinga sjálfra vegna, en ekki Dana, að ég vil leyfa þeim að stunda þessar veiðar. Ég þjóna ekki dönskum mönnum eða dönskum yfirvöldum, heldur ber ég virðingu Íslendinga fyrir brjósti. Rök hæstv. fjmrh. og hv. frsm. liggja því fyrir utan þann ramma, sem ég hefi rætt málið á. Spursmálið er þetta: Hvort eiga Íslendingar að verða til þess að útiloka Dani frá veiðum við landið eða standa við gerða samninga?

Á hinn bóginn þykir mér málið ekki svo mikilvægt, að hv. Alþingi eyði miklum tíma í að ræða það. Ég er í vafa um það, hvort danskir bátar stundi veiðar hér við land í sumar. En ef tilhneiging kemur fram til að meina Dönum að neyta þess réttar, sem 6. gr. sambandslaganna heimilar þeim, þá álít ég, að slíkar skoðanir eigi að hverfa af Alþingi Íslendinga. Danir hafa til þessa ekki fært sér jafnréttisákvæði sambandslaganna í nyt að neinu ráði. Þeir hafa gert það í miklu minna mæli en aðrar þjóðir hefðu gert í þeirra sporum. Það er því enn minni ástæða til að *liggja undir því ómæli, að við gerum* ráðstafanir til að rýra rétt þeirra.

***Magnús Jónsson:** Hæstv. atvmrh. hefir tekið af mér ómakið og sagt það, sem ég vildi sagt hafa. Það hefir komið í ljós við umr., að menn eru mismunandi viðkvæmir fyrir því, hve nærri sé gengið gerðum samningum. Ég get gengið inn á rök hæstv. fjmrh., að innlendar ástæður hafi ráðið því, að bannaðar verði dragnótaveiðar, til að fækka þeim bátum, er veiðar þessar stunda. Mál þetta var dregið fram í dansk-íslenzku ráðgjafarnefndinni. Hinum dönsku nefndarmönnum var þetta nokkuð viðkvæmt atriði. Þeim fannst Danir vera útilokaðir frá veiðum, og þótt Íslendingar hefðu lagalegan rétt til að setja þessi ákvæði, þá hafi þeir þó farið í kringum samninginn. Og um það er ekki að efast, að við höfum rétt til að setja svona lög. En lagamenn, sem halda fast við bókstafinn, refjamennirnir, standa einmitt alltaf á grundvelli laganna. Þeir brjóta aldrei beinlínis lögin, en þeir fara bara í kringum þau. Ég vil nú ekki líkja okkur við refjamenn,

en við ættum ekki að beita rétti okkar til lagaskipunar í þessu efni meira en góðu hófi gegnir. En reynandi er að komast að samningum um það, hvort ekki mætti leyfa þeim mönnum, sem gert hafa út báta á þessar veiðar, heimild til að stunda þessar veiðar áfram. Ég fæ ekki séð neina ástæðu til að óttast þessa báta. Þau 4 ár, sem eftir eru unz sambandslögin ganga úr gildi, eru ekki langur tími. Það er einnig vitanlegt, að bátum þeim, sem stundað hafa þessa veiði, hefir fækkað frá 14 niður í 8, og því varla ástæða til að ætla, að þeir geti gert mikinn usla. Við í sambandslagan. höfum rætt þessi atriði og afgr. þau til stj., en ég veit ekki, hvort till. n. hafi verið læstar niður í skúffu þar eða hvað orðið hefir um þær. Því var í sambandslaganefndinni haldið fram af Dana hálfu og við ísl. nm. gengum inn á, að skjóta bæri þessu máli til ríkisstjórna beggja landanna. Og mér dettur ekki í hug að ætla, að tvær ríkisstjórnir séu svo þvermóðskufullar, að þær geti ekki komið sér saman um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 84. fundi í Ed., 14. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 412,a samþ. með 9 shlj. atkv.
— 412,b samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:1 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 451, 452, 456).

***Bjarni Snæbjörnsson:** Eins og hv. 2. landsk. talaði um við 2. umr. þessa máls, skrifuðum við báðir undir málið með fyrirvara. Við leggjum til, að í stað orðanna „allt árið" komi: frá 1. júní til 30. sept. ár hvert. — Hv. 2. þm. Eyf. hefir skrifað undir brtt. með okkur. Ég þarf ekki að ræða réttmæti þessarar brtt., það var þegar gert við 2. umr. málsins, en ég vil aðeins geta þess, að brtt. er hin sama með tilliti til frv. eins og það var við 2. umr. Einnig vil ég taka það fram, að í brtt. stendur „allt árið" í greinarlok, en ætti réttilega að standa „allt árið" í lok 2. málsgr. Ég skal sjá um að þessu verði breytt áður en sent verður í prentsm. Önnur brtt. frá hv. 1. þm. Reykv. fer í svipaða átt og okkar till. en undirstrikar, að heimild atvmrh. komi skýrt fram í lögunum.

***Magnús Jónsson:** Þegar ég bar fram brtt. á þskj. 452, var mér ekki kunnugt um, að brtt. kæmi frá þessum þremur hv. þm. á þskj. 456. Mér sýnist við fljótlegan yfirlestur, að till. þeirra fari í þá átt að færa frv. í sama form og það upphaflega var, að bátar yfir 35 smál. hafi veiðileyfi frá 30. sept. til áramóta. Í sambandslaganefndinni var veiðileyfistíminn talinn ófullnægjandi, og mér datt því í hug að bæta úr öllu þessu með því, að atvmrh. yrði veitt heimild til, þegar sérstaklega stæði á, að veita bátum yfir 35 smál. veiðileyfi frá 1. sept. til áramóta.

Till. mín kemur heim við skoðanir hæstv. fjmrh. um að hafa heimild til að veita slíkum bátum veiðileyfi, ef ekkert mælir í móti því, eða neita þeim um það, ef of margir bátar stunda dragnótaveiðar. Till. mín kemur einnig heim við ummæli hv. 1. þm. S.-M., sem gengu út á, að ákvæði yrðu sett um það, að bátar, er hefðu upp úr síldveiðum, yrðu útilokaðir frá dragnótaveiðum. Ef bátar stunda ekki síldveiðar, þá getur ráðh. veitt þeim heimild til dragnótaveiða. Og ennfremur gerir till. mín okkur mögulegt að halda gerða samninga við sambandsþjóð okkar og veitir bátum hennar leyfi til að stunda þessar veiðar þann stutta tíma, sem eftir er unz þessum samningum verður breytt. Ég held því, að ég hafi fundið púðrið í þessu máli, og vil mæla með brtt. minni. Mér finnst hún vera radikalari en hin brtt., og ætti því kannske að koma fyrst til atkv., en auðvitað ræður hæstv. forseti því.

Forseti (EÁrna): Brtt. á þskj. 452 gengur lengra og gerir ráð fyrir lengri tíma en brtt. á þskj. 456, og kemur þess vegna fyrst til atkv.

ATKVGR.
Brtt. 452 samþ. með 8:3 atkv.
— 456 kom ekki til atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 86. fundi í Nd., 18. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 479).

Á 87. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til einnar umr. (A. 479, 500).

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurður E. Hlíðar):** Herra forseti! Síðan þetta frv. fór héðan til hv. Ed., hafa nokkrar breyt. orðið á því, þó ekki stórvægilegar, en samt raska þær málinu lítils háttar. Ég vil benda á, að það hefir af vangá slæðzt inn meinleg prentvilla í niðurlag 1. gr. frv., þar sem stendur „frá 1. sept. til ársloka". En það getur ekki verið ætlunin að heimila, þegar sérstaklega stendur á, dragnótaveiðar til ársloka, þegar þær eru bannaðar á öllu landinu, samkv. fyrri málsgr. frv., á tímabilinu frá 1. til 31. des. Við höfum því borið fram brtt. til leiðréttingar á þskj. 500, þar sem ákveðið er, að fyrir orðin „1. sept. til ársloka" komi: 1. okt. til 30. nóv.

Þá er hér heimildaratriði, þess efnis, að sýslun. eða bæjarstj. skuli mega banna með öllu dragnótaveiði innan afmarkaðra löggiltra hafnarsvæða í viðkomandi héraði. Ég get ekki séð, að nokkur hætta sé að þessu ákvæði.

Þá hefir sú breyt. verið gerð á frv. í Ed., að tíminn, sem dragnótaveiði skal bönnuð, hefir verið styttur um hálfan mánuð. Var frv. breytt þannig, að í staðinn fyrir „1. janúar til 15. júní" var sett: 1. janúar til 1. júní, — og geri ég mig ánægðan með þetta.

Ég mæli með því, að frv. verði samþ. með brtt. sjútvn. Nd. á þskj. 500. En nái sú brtt. samþykki þessarar hv. d., verður málið vænt-

anlega að fara til hv. Ed. aftur, áður en afgreiðslu þess lýkur.

ATKVGR.
Brtt. 500 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19:1 atkv. og endursent Ed.

Á 89. fundi í Ed., 20. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 518).
Á 90. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til einnar umr. (A. 518, 531).
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. og brtt. 531. — Afbrigði um frv. leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv. og um brtt. með 9 shlj. atkv.

***Magnús Jónsson:** Ég hefi leyft mér að bera fram litla brtt. við þetta frv. Þegar það fór héðan, var það þannig, að stærri bátum mátti ráðh. heimila að veiða frá 1. sept. til ársloka, og ég færði fyrir því þau rök, að svo framarlega sem síldveiði hefði brugðizt eða að sérstaklega góðir möguleikar séu fyrir sölu og að ekki væru fleiri bátar en svo, sem óskuðu að taka þátt í þessari veiði, að ráðh. teldi skaðlaust, þá væri ekki loku fyrir það skotið með lögum, að bátar gætu hirt þessa veiði. Enda væri það kynlegt fyrirkomulag. Hv. Nd. tók þetta upp, en breytti því nokkuð, þannig að samkv. því eru aðeins 2 mánuðir að haustinu, sem þessa veiði má leyfa, frá 1. október til 30. nóvember. Mér þykir samkv. því, sem ég sagði áður, þetta mark vera sett of þröngt. Ég geri ráð fyrir, að yfirleitt sé séð fyrir, hvernig fara muni um síldveiðina um miðjan septembermánuð, og hefi álitið rétt, að heimildin sé bundin við 1. september, en hefi nú borið fram brtt., þannig að heimildin nái frá 15. september til nóvemberloka, svo að hægt sé að veita bátum, sem koma að norðan úrkula vonar eftir lélega veiði, heimild til þessarar veiði. Annars kom það hér nokkuð til umræðu um danska báta, sem hér hafa stundað veiði, og að það væri mjög leiðinlegt, ef við settum slík ákvæði án tillits til þess, hvort þau hefðu eitthvað það inni að halda, sem gæfi tilefni til þess, að hægt væri að skella því framan í okkur, að við værum að fara í kringum gerðar samþykktir, og vil ég í því sambandi gefa svofellda yfirlýsingu, sem ég óska að sé bókuð orðrétt: „Þannig að ef þessi heimild yrði notuð að því er viðkemur dönskum bátum, þá verði sú heimild einskorðuð við þá báta, sem hafa sannað, að þeir hafi stundað hér veiði, og að þeir séu í eigu sama manns eða sömu manna og gerðir út af sama manni eins og undanfarið". Því það hefir verið skýrt fram tekið, að ekki er farið fram á annað en þetta, og ef svo væri, er engin hætta á, að illt hlytist af.

Ég ætla svo ekki að tala meira um málið að sinni. Það er orðið svo kunnugt, og vil ég láta menn skera úr um það, hvort þeir vilja rýmka þetta ákvæði.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessa brtt., en vil benda á það, að ef hún yrði samþ., yrði það til þess, að málið verður að fara til sameinaðs þings, og er þá ekki hægt, þar sem nú er áliðið þingtímans, að ljúka málinu á þessu þingi. Hvernig um málið fer þar, skal ég ekki segja. En mér þykir einkennilegt, hversu mikið kapp er lagt á að vera í andstöðu við Nd., sérstaklega vegna þess, að þessar breyt. eru ekki annað en leiðréttingar, t. d. það, að leyfa ekki bátum, sem eru 35 smálestir eða stærri, dragnótaveiði innan íslenzkrar landhelgi. Í gildandi lögum nú er þessi heimild bara frá 1. okt. til 30. nóv., m. ö. o. að eins og frv. kemur frá Nd. er heimildin sú sama, að undanteknu því, að nú verður að fá leyfi ráðherra. Tímatakmörkunin nákvæmlega hin sama. En ef till. hv. 1. þm. Reykv. verður samþ., er tíminn lengdur. Þetta atriði var töluvert rætt í Nd., og tel ég málið í hættu með því að setja það í Sþ. Það var lögð áherzla á það að koma til móts við Dani, og einnig lögð áherzla á það af hæstv. ráðh. og hv. 1. þm. Reykv. að sýna vinsamlegt tillit, og finnst mér, að hæstv. ríkisstj. gæti orðið við því, án þess að auka þennan rétt. Ég vildi láta þetta koma fram, þótt menn líti misjöfnum augum á þessi ákvæði eins og þau eru nú. Því, sem kann að vera nauðsynlegt í frv., er ef til vill stefnt í voða með því að leita til Sþ. Nd. hefir aðeins viljað hvika til í því að veita leyfið eftir því sem á stendur, en vill alls ekki lengja tímann. Ég tel því ástæðulaust að samþ. þessa brtt.

***Magnús Jónsson:** Við þurfum ekki að hafa langar umr. um þetta mál. Það var leiðrétt í hv. Nd. að því leyti, að nú er fullkomin heimild fyrir því, að ráðh. veiti veiðileyfi fyrir þessa báta. Ég er ekki að hafa á móti rökum hv. 2. þm. S.-M., annað en það, að þetta eru ekki lög. En eins og brtt. mín er nú, fer hún aðeins fram á, að fyrra markið sé fært fram, og vil ég segja, að ef mín till. verður samþ., er þetta ákvæði orðið rýmra en í lögunum. Hér er ekki um annað að ræða en að ráðh. geti veitt leyfið. Enginn af þessum bátum getur stundað veiði nema með leyfi ráðherra.

Hv. þm. talar um að fara í kringum sambandslögin. Þeir kvarta um lögin eins og þau eru, en það er búið áður að fullnægja þeim kvörtunum. Þeir kvörtuðu út af lögunum 1937. Á fundum nefndarinnar er alltaf kvartað um þetta, og er því óheppilegt að leggja slíka áherzlu á það nú.

Ég held, að hv. þm. hljóti að vera mér sammála um, og það sé einmitt eftir hans rökum, að ekki sé rétt að útiloka þá báta, sem geta haft upp úr síldveiðinni, og að ráðh. geti leyft þeim bátum, sem hafa orðið fyrir tapi, að vinna það upp með því að stunda dragnótaveiði.

Eins og nú er með verðmæti þessarar vöru, væri það ófyrirgefanlegt að nota sér það ekki að afla hennar. Verðlag getur breytzt, og komið getur fyrir, að ekki sé hægt að selja vöruna, en á þessum tímum á að auðvelda það fyrir landslýðinn að afla þeirra verðmæta, sem gildi hafa. Við eigum að grípa gæsina meðan hún gefst. Núna selja togararnir afla sinn fyrir 5000 £. En það er ekki víst, hvað það stendur lengi.

Ég geri ekkert úr þeirri röksemd, að málinu sé hætta búin, ef þessi till. er samþ. og það fer til Sþ. Hv. Nd. hefir veitt því samþykki sitt, og ef það yrði samþ. hér í þessari hv. deild, getur því ekki verið nein hætta búin í Sþ.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég vildi benda á, að það er töluvert meginatriði, sem felst í brtt., þar sem tíminn er lengdur um hálfan mánuð, og hlýtur það að hafa áhrif á atkvgr. í Sþ., hvort þessi brtt. nær samþykki hér og kemst inn í frv., en ég óttast, að frv. myndi þá verða fellt þar. Annars vildi ég benda á, að það er óþarfa viðkvæmni hjá 1. þm. Reykv., er hann segir, að kvartanir hafi komið frá Dönum út af l. eins og þau eru nú. Ég skaut því þá inn í, að þeim kvörtunum hefði verið sinnt. Dönum þótti aðallega ákvæðin um meðferð veiðarfæra, er skip eru í landhelgi, vera of ströng. Ríkisstj. hefir bætt úr þessu, svo að Danir eru ánægðir með. Er því málið úr sögunni. En á síðasta fundi sambandsln. kom fram umkvörtun út af till. frá Skúla Guðmundssyni. Og þegar nú ráðh. hefir heimilað að veita undanþágu fyrir þessa báta, hefir ríkisstj. fullnægt kröfum Dana, og er því ástæðulaust að setja þetta ákvæði í frv. vegna þeirra. (MJ: En að við gerðum það þá vegna Íslendinganna?).

ATKVGR.
Brtt. 531 felld með 8:1 atkv.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 558).

60. Friðun Eldeyjar.

Á 81. fundi í Nd., 12. des., var útbýtt:
Frv. til l. um friðun Eldeyjar (þmfrv., A. 416).

Á 82. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

*Flm. (Sigurður Kristjánsson): Við það, sem segir í grg., vil ég bæta því einu, að frv. er samið og flutt fyrir tilmæli Dýraverndunarfélags Íslands. Þótt margt mætti segja um þetta mál umfram það, sem segir í grg., tel ég þess ekki þörf. Mér skilst, að málið sé vinsælt hér í hv. d., sökum þess, að *ég hefi ekki orðið var við*, að nokkur hefði nokkuð við flutning þess að athuga. En nú er liðið að þinglokum, og mælist ég því til þess, að málið fái að ganga til 2. umr., án þess að þurfa að fara til n.

*Sigurður E. Hlíðar: Ég vildi leyfa mér að bera fram fyrirspurn. Ég hafði orð á því í fyrra við nokkra þm., hvort ekki myndi ástæða til að koma fram með frv. um friðun fálka, þar sem fátt er nú orðið eftir af þeim fugli. Mér var svarað, að n. manna væri að athuga þetta mál og undirbúa löggjöf um það, sem ná ætti til alls landsins. Ég vil nú spyrja, hvi nú þurfi að fara að friða súluna fremur en fálkann, — og hvað líður yfirleitt fálkafriðunarmálinu?

*Bjarni Ásgeirsson: Ég vil að gefnu tilefni árétta þá fyrirspurn til hæstv. stj., hvar sé komið framkvæmd þál. þeirrar, er ég bar hér fram fyrir tveim eða þrem árum og var samþ., um að láta endurskoða fuglafriðunarl. Þál. þessi var samþ. með öllum greiddum atkv., ef ég man rétt, en síðan hefir ekkert komið fram um málið, og vildi ég gjarnan vita, hvað því líður.

*Pálmi Hannesson: Herra forseti! Ég get gefið nokkrar upplýsingar um þetta mál. Hæstv. forsrh. átti fyrir nokkru tal við mig um málið, og síðan hefir það verið rætt allmikið bæði í Náttúrufræðafélaginu og Ferðafélaginu. Þau félög hafa ákveðið að beita sér fyrir fuglafriðun, og raunar almennri náttúrufriðun. Ég vænti þess, að hv. d. sé kunnugt, að hér hafa áður legið fyrir Alþingi frv. um almenna náttúrufriðun. Erlendis eru til slík l. til þess að friða náttúru landanna, ekki aðeins fyrir innlendum mönnum, heldur einnig útlendingum. En málinu er nú komið svo langt, að samið hefir verið frv., sem er að vísu ekki lokið að fullu, en liggur nú til endurbóta hjá Ólafi Lárussyni prófessor, sem er einn nefndarmanna. Ég vænti þess, að frv. verði fullsamið fyrir næsta Alþingi, og verður það þá væntanlega sent ríkisstj.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1 gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 85. fundi í Nd., 16. des., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 416).

Forseti (JörB): Mér hefir borizt frá flm. frv. þessa skrifleg brtt., svo hljóðandi (sjá þskj. 484).
Brtt. er of seint fram komin og skrifl., og verður því að veita afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

*Sigurður Kristjánsson: Ég vil aðeins skýra frá því, að okkur flutningsmönnum hefir sézt yfir, að það hefir verið veittur veiðiréttur í eynni af ríkisvaldinu. Viljum við biðja velvirðingar á því, að hafa ekki tekið þetta fram í grg. Við komumst að því síðar, að það væri nauðsynlegt að bera fram þessa brtt., um að bæta leyfishafa þessa réttar það, sem af honum er tekið. Ég hefi

persónulega talað við þann mann, sem hefir þennan veiðirétt, og tók hann vel í þetta mál og sagði, að sér kæmi ekki í hug að hagnýta sér þennan veiðirétt, ef þörf væri á friðun; hann myndi verða ákaflega vægur í kröfum sínum um bætur fyrir þetta. Hann greiddi 3 þús. kr. fyrir réttinn og lagði í kostnað við að setja upp keðjustiga í eynni. En ég held, að ég megi fullyrða að þessi maður verði málinu samþykkur. Mér virðist hann sjálfur hafa áhuga fyrir því að vernda þessi náttúrugæði, og mundi ekki vilja verða til að spilla neinu í þeim sökum.

ATKVGR.
Brtt. 484 samþ. með 17 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 485).
Á 88. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

---

61. Berklavarnalög.

Á 41. fundi í Nd., 17. apríl, var útbýtt:
Frv. til berklavarnalaga (þmfrv., A. 146).

Á 44. fundi í Nd., 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Í grg. frv. eru leidd rök að því, hve mikla nauðsyn beri til þess að endurskoða berklavarnal., og sömuleiðis er í grg. lýst í aðalatriðum og nógu ræki̇lega, í hverju breyt. eru fólgnar, sem farið er fram á í frv. að gerðar séu á berklavarnalöggjöfinni. Ég hirði ekki um að endurtaka það, en læt nægja að vísa til grg.
Ég óska, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 146, n. 439).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Vilmundur Jónsson): N. hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt, nema hvað snertir lítilsháttar breytingu á 1. málsgr. 13. gr., þar sem ekki er ætlazt til, eins og í gr. segir, að krafizt verði læknisvottorðs, ef koma á börnum til fósturs eða langdvalar á heimili, heldur sé málið borið undir héraðslækni eða heilsuverndarstöð, og það látið nægja, ef ekki liggur grunur á um berklaveiki.
Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að bæta við það, sem ég sagði við 1. umr. og í grg. getur, sem er allýtarleg. Aðeins vil ég endurtaka það, að þótt hér sé um miklar breyt. að ræða á berklavarnalöggjöfinni, er ekki ætlazt til, að vikið verði frá þeim aðalframkvæmdarháttum, sem verið hafa á þessum málum undanfarið.
Ég vona, að d. fallist á frv. og samþ. það samkv. till. n.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19. shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 439 samþ. með 17 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
14.—24. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 462).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 462, n. 525).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. —Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

*Frsm. (Ingvar Pálmason): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og er samið af landlækni, í samráði við berklalækna landsins, og vil ég geta þess, að þær breyt., sem frv. gerir á gildandi l. um berklavarnir, eru að miklu leyti aðeins staðfesting á því, sem þegar hefir verið framkvæmt og reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegt var að framkvæma. Að vísu eru hér nokkur ákvæði, sem ekki hafa ennþá verið tekin til framkvæmda, en þau eru þó öll í beinu framhaldi af þeirri þróun, sem orðið hefir í þessum málum að undanförnu.

Kostnaður sá, sem af þessu frv. leiðir fyrir ríkissjóð, er nálega enginn umfram það, sem fé er veitt til á fjárl. á hverjum tíma. Hinsvegar er því ekki að neita, að ef gert er ráð fyrir því, að ráðstafanir frv. eigi að koma að fullum notum, verða nokkur framlög nauðsynleg, þó ekki mikil. Má ef til vill benda á eitt atriði, ákvæði síðari málsgr. 14. gr., sem er til að auka útgjöldin. Það hefir verið svo ákveðið í l., að ef starfandi ljósmóðir sýkist af berklum, þá skal hún halda launum sínum, en í frv. hefir verið bætt því ákvæði, að sömu kjara skuli hjúkrunarkonur njóta. Er þetta sanngjarnt atriði, og held ég, að í því felist eina útgjaldaaukningin. Frá leikmannssjónarmiði sýnist þessi breyting á l. vera mjög til bóta, sérstaklega að því er snertir það að koma í veg fyrir smitun. Munurinn á þessu frv. og núgildandi l. er aðallega sá, að hér er lögð mest áherzlan á varnirnar, en í l. er lögð aðaláherzlan á lækningar. Þar með er þó hvergi dregið úr gildi núverandi lagaákvæða um lækningar.

N. mælir með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—24. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 571).

---

62. Friðun hreindýra.

Á 65. fundi í Nd., 22. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um friðun hreindýra og eftirlit með þeim (þmfrv., A. 318).

Á 67. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Það hefir farið ýmsum sögum um fjölda þeirra hreindýra, sem hafzt hafa við á öræfunum norðaustanlands. Sumir hafa talið, að þau skiptu nokkrum hundruðum, og jafnvel hafa heyrzt nefndar þúsundir. Sumir héldu, að þeim færi fjölgandi, aðrir, að þeim fækkaði, en auðséð, að ekkert var kunnugt um þetta með vissu. Af þessum ástæðum þótti rétt að verja nokkrum hundruðum kr. úr ríkissjóði til þess að komast að raun um hið sanna, og var farinn til þess leiðangur síðastl. sumar undir forystu Helga Valtýssonar á Akureyri. Þá varð það ljóst, að hreindýrin voru ekki mikið yfir 100 að meðtöldum kálfum frá því í vor. Þetta er færra en þeir menn héldu, sem svartsýnastir þóttu. Nú vita menn ekki til hlítar, hvernig á þessu stendur, að dýrin eru ekki fleiri, því að þeim ætti að fjölga, þar sem þau eru friðuð og virðast algerlega heilbrigð. Það yrði spor í rétta átt, ef hægt væri að fylgjast með dýrunum, eftir því sem hægt er, og reyna að komast fyrir allt, sem háir fjölgun þeirra. Því er hér lagt til að fá einhverja góða menn til þessa starfs, og ætti það að geta orðið mjög ódýrt. Ennfremur er lagt til að tvöfalda sektir fyrir friðunarbrot, úr 100 kr. fyrir einfalt brot og allt að 400 kr. fyrir ítrekuð brot upp í 200 kr. fyrir einfalt brot og allt að 800 kr. fyrir ítrekað — og skerpa mjög á eftirliti með því, að lögunum sé hlýtt. En grunur hefir leikið á því, að hreindýr væru eitthvað skotin. Eftirlit í því efni er ekki auðvelt, en það verður að ætla sérstaklega hinum ráðnu eftirlitsmönnum. Menn halda, að það, hve tarfar eru hlutfallslega margir í hjörðinni, kunni að valda því, að hún tímgist síður. Þess vegna er í frv. heimilað, að ákveða megi að athuguðu máli að veiða nokkuð af þeim.

Það má kannske skrafa um það fram og aftur, hvort nokkuð eigi að skipta sér af hreindýrunum, hvort þau lifa eða deyja út. En ég held allir sjái, að það væri skammarlegt, ef hjörðin dæi út fyrir vanrækslu, og að það sé vel verjandi að veita nokkur hundruð kr. á ári til að koma í veg fyrir það og kynnast því, hver skilyrði eru til að fjölga dýrunum og hafa af þeim gagn. Komi það í ljós, að gagnið geti orðið töluvert, væri sá skaði óbætanlegur, ef sú hjörð, sem hér er hagvön, væri þá liðin undir lok. — Ég vil óska þess, að málið gangi til 2. umr. og landbn. að lokinni þessari umr.

*Pétur Halldórsson: Það er mjög ánægjulegt, að þetta frv. skuli vera komið hér fram, og ég vil veita því fylgi. Tvö atriði vildi ég benda á, sem betur mættu fara. Í 4. gr. er svo ákveðið, að sektir fyrir friðunarbrot skuli hálfar falla til uppljóstrunarmanns. Mér finnst, að yfirleitt ætti að fara út af þeirri braut í löggjöf. Hitt er smáatriði. Í 1. gr. segir, að hreindýr skuli „friðuð fyrir skotum og öðrum veiðivélum“, eins og skot

væru vélar. Það geta þau ekki heitið, nema meiningin eigi kannske að vera: vélræði. Þetta ætti að athuga í nefnd.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Þetta um, að sektir renni hálfar til uppljóstrunarmanns, er tekið úr gömlu friðunarlögunum, og ég get vel fallizt á, að það falli niður. Sama er um hitt að segja. Þar er í gömlu lögunum átt við þær veiðivélar, sem skotin komi úr, sem sé byssur. Þetta ber n. að athuga.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 318, n. 461).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

*Frsm. (Steingrímur Steinþórsson): Landbn. mælir með því, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. N. lítur svo á, að þær breyt., sem hér er farið fram á, að gerðar verði á l. um friðun hreindýra, séu til bóta, enda er þetta frv. og till. þess byggðar á þeirri rannsókn, sem gerð var síðastl. sumar á þeim hreindýrahóp, sem til er hér á landi, og teljum við rétt að reyna þessa leið og sjá, hvernig hún kann að gefast. Það virðist, samkv. þeirri rannsókn, sem gerð var í sumar, að hreindýrahópurinn sé svo lítill í landinu, að full ástæða sé til að reyna að vernda hann eftir því, sem unnt er.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 88. fundi í Ed., 19. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 2. umr (A 318, n. 528).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! N. hefir, eins og frv. ber með sér, orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþ. Eins og öllum hv. þm. er kunnugt, er ekki nema tiltölulega lítill hreindýrastofn eftir hér á landi, og eru þau aðallega á Brúaröræfum. Þó að menn viti ekki vel, hve mörg þessi hreindýr eru, má samt fullyrða, að þeim hefir mjög fækkað. Allir eru sammála um það, að nauðsynlegt sé að stuðla að því, að þessar skepnur deyi ekki út með öllu, og er l. þessum ætlað að stuðla að þessu meira en áður hefir verið. Reynslan mun svo skera úr um það, hvernig þetta tekst. Menn greinir nokkuð á um það, hverjar ástæður liggi til þess, að stofninn minnkar. Fyrir sumar af þessum ástæðum á nú að girða, þó að ekki sé hægt að koma í veg fyrir það, sem að líkindum er aðalástæðan, sem sé það, hversu fáir kálfar komast upp, þegar vor eru köld. Sumir telja aftur drápið vera aðalástæðuna, og fyrir það er ætlunin að girða. Frv. felur í sér lítil útgjöld, í hæsta lagi nokkur hundruð kr., svo að það þurfa menn ekki að óttast. Vera má, að þessi l. geti nokkuð stuðlað að því að viðhalda hreindýrastofninum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

---

63. Iðja og iðnaður.

Á 69. fundi í Nd., 27. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 23. júní 1936 [**Iðja og iðnaður**] (þmfrv., A. 338).

Á 71. fundi í Nd., 29. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Pálmi Hannesson): Það þarf ekki langt mál til að gera grein fyrir þessu frv. Eins og kunnugt er, hafa flestar opinberar stofnanir fastráðna starfsmenn, dyraverði eða umsjónarmenn, sem m. a. er ætlað að annast venjulegar viðgerðir húsa og áhalda. En samkv. ákvæðum iðnaðarlöggjafarinnar mega þessir menn eigi vinna neitt það verk, sem til iðnaðar getur talizt. Ég hygg, að gleymska eða misgáningur af hendi löggjafans valdi því, að svo fast er seilzt

á rétt hins opinbera, og er tilgangur þessa litla frv. sá, að bæta úr þessu. Ég vona því að þetta frv. gangi greiðlega gegnum hv. d., og leyfi mér að óska eftir, að því verði vísað til 2. umr. og iðnn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 338, n. 436).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Pálmi Hannesson): Iðnn. hefir athugað þetta frv. og m. a. átt tal við nokkra iðnaðarmenn til þess að fyrirbyggja misskilning, sem þótti gæta meðal nokkurra manna í iðnaðarmannastétt. Var n. einhuga um að breyta nokkrum greinum á þann hátt sem segir á þskj. 436, og með þessari breyt. væntum við, að komið sé í það horf, að allir megi vel við una, þannig að dyraverðir og eftirlitsmenn húsa megi vinna að viðgerðum við þau á sama hátt og húseigandi, en ekki að það megi setja aðra ófaglærða menn í þeirra stað. Mér finnst ekki ástæða til að fjölyrða um þetta frv., svo eðlilegt sem það er.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi bara spyrja hv. frsm. um það, til hvaða iðnaðarmanna hefir verið leitað um álit. Það var hvorki leitað álits Sveinafélagsins eða Landssambands iðnaðarmanna.

Frsm. (Pálmi Hannesson): Það hefir verið talað við stj. Landssambands iðnaðarmanna, og ýmsir menn, sem framarlega standa í sveinafélögunum hafa rætt við mig um þetta, og hafa þeir ekki verið því mótfallnir, að húsverðir inntu þessi störf af hendi á sama hátt og húseigendur, ef þeir mættu ekki ráða til þess aðra menn, en þar sem þetta var meiningin frá upphafi, var horfið að því að breyta orðalaginu þannig, að þessi misskilningur gæti ekki átt sér stað.

Héðinn Valdimarsson: Mér finnst hv. n. ekki hafa leitað réttra aðila um þetta, og vil ég óska þess, að hún geri það fyrir næstu umr. Þó að hún tali við einhverja óákveðna iðnaðarmenn, sem hafa ekkert umboð frá sínum félögum, þá er það engan veginn nægilegt.

ATKVGR.
Brtt. 463 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 464, 473).
Of skammt var liðið frá 2. umr., svo og frá útbýtingu brtt. 473. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Pálmi Hannesson): Herra forseti! Eftir bendingu frá skrifstofustjóra Alþingis ber ég hér fram brtt., sem er aðeins örlítil orðabreyt., á þskj. 473, en er tvímælalaust skýrari og fer betur í máli heldur en orðalag frvgr. Vildi ég þess vegna vænta þess, að hv. deild samþ. þessa brtt.

ATKVGR.
Brtt. 473 samþ. með 18 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 478).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til iðnn. með 9 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 478, n. 530).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Hermannsson): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. Eins og menn sjá, gerir það ráð fyrir breytingum á l. um iðju og iðnað. Er nokkur ágreiningur um það, hvort þau l. séu í því formi, sem vera ætti. Í frv. er þó lítið gengið inn á þann ágreining. Breytingarnar eru svo smávægilegar, að ég sé ekki ástæðu til að vera að útskýra þær fyrir hv. dm., en vil láta mér nægja að óska þess fyrir hönd n., að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 8:1 atkv.
2. gr. samþ. með 8:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:1 atkv.

Á 91. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 573).

64. Sala spildu úr landi Saurbæjar.

Á 78. fundi í Nd., 8. des., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja spildu úr landi Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd (þmfrv., A. 403).

Á 79. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég læt mér nægja að skírskota til grg., sem fylgir frv., og óska, að því verði vísað til landbn. að lokinni umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 420).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

***Frsm. (Pétur Ottesen):** Ég vil leyfa mér að skírskota til nál. landbn., þar sem hún mælir með því, að þetta frv. verði samþ. Ég skal geta þess, að auk þess, sem samþykki sóknarprestsins hefir fengizt fyrir því að selja þennan hluta út úr landi staðarins, hefir einnig verið aflað samþykkis prófastsins í Borgarfjarðarprófastsdæmi fyrir þessu. Sömuleiðis samþykkis biskups, og í 3. lagi kirkjumálaráðh. Það hefir verið leitað til þeirra aðila, sem salan heyrir undir, og þeir hafa samþ., að hún megi fara fram. — Ég hefi ekki neitt frekar fram að færa um þetta mál.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Nd., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 83. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 403).
Á 85. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 403, n. 514).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti! Nefndin hefir orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ., en þó með tveim smáefnisbreytingum. Í frv. er farið fram á það, eins og hv. þd. er kunnugt, að heimila ríkisstj. að selja bóndanum á Þórisstöðum, sem flutt hefir bæ sinn að landamerkjum Saurbæjar, allt að 30 ha. spildu úr Saurbæjarlandi. Ábúandi Saurbæjar getur tiltölulega lítil not haft af því landi vegna fjarlægðar, og hefir núv. prestur í Saurbæ gefið leyfi sitt til sölunnar, þó með því skilyrði, að andvirðinu sé varið til túnbóta heima á staðnum, og ætlar hann að vinna þannig upp, eða vel það, þær nytjar, sem staðurinn missir við söluna.
Fyrri efnisbreytingin er á þá leið, að spildan, sem seld er, megi ekki ná inn fyrir Vatnaskógargirðinguna. Skógræktarstjóri vill ekki færa hana, sem vonlegt er. En sanngjarnt er að selja bóndanum allt annað, sem þarna er um að ræða af góðu ræktunarlandi. — Þegar túnbætur þær, sem gerðar verða í Saurbæ, eru kostaðar að öllu leyti af ríkinu með andvirði hins selda lands, virðist ekki rétt, að ábúandi Saurbæjar fái ræktunarstyrk út á þær. Seinni breytingin, sem n. leggur til, er því sú, að jarðabætur þær, sem gerðar eru fyrir andvirði hins selda lands, njóti ekki styrks samkv. jarðræktarlögunum. Ég vænti þess, að hv. þdm. geti samþ. þessa brtt. og frv. í heild sinni.

ATKVGR.
Brtt. 514 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 532).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 89. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 22. des., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22. shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Breyting sú, sem gerð var í Ed. á frv., er í samræmi við það, sem fyrir mér vakti við flutning málsins, og hefi ég ekkert við hana að athuga.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 574).

65. Lögreglumenn.

Á 67. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn (þmfrv., A. 325).

Á 69. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði, að það yrði tekið til meðferðar, með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ErlÞ, HermJ, IngP, MJ, PHerm, SÁÓ, ÞÞ, BSt, EÁrna.

7 þm. (JJós, JJ, MG, PZ, ÁJ, BSn, BrB) fjarstaddir.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir nokkrum breyt. á fyrirkomulagi lögreglumála, og eru breytingarnar fáar og ekki stórvægilegar. Aðalbreytingarnar, sem ætlazt er til, að gerðar verði á lögregluliðinu, eru í 1. gr. þessa frv. Þar er sem sé svo ráð fyrir gert, að þegar sérstaklega standi á, megi ráðh. bæta við lögregluna varalögreglumönnum, eftir því sem þurfa þykir. Samkv. núgildandi lögum þarf að leita samþykkis bæjarstjórnar eða hreppsstjórnar, ef nauðsyn ber til að auka lögregluliðið, og greiði þá ríkissjóður helming af þeim kostnaði, sem aukning lögreglunnar hefir í för með sér. Breytingar hafa orðið miklar í lögreglumálum á Norðurlöndum hin síðustu ár, og það er nauðsynlegt, að við hér á Íslandi komum á viðlíka breytingum, er geti tekið fyrir þá galla, sem nú eru á þessum málum hér á landi. Það er t. d. mjög óheppilegt, að ráðh. skuli þurfa að kalla saman fund til þess að fá samþykki til aukins lögregluliðs, þegar oft þarf skjótra aðgerða við. Hinsvegar virðist það í alla staði réttlátt, að ef þessi nýja skipan verður upp tekin, þá skuli ríkið, en ekki bæjarfélögin greiða þann kostnað, sem aukið lögreglulið hefir í för með sér.

3. gr. frv. miðar að því að létta af bæjarfélögunum fjárhagslegum byrðum í lögreglumálum, og eins hinu, að gera hverja bæjarlögreglu hreyfanlega í starfsemi sinni. Þetta ákvæði um að gera lögregluna hreyfanlegri en nú er, gerir hana um leið hæfari til starfs síns. Tímar þeir, er vér lifum á, hafa gert þessar breytingar og þessa þróun nauðsynlega, og þetta frv. er viðleitni til þess að fylgjast með hinum nýju kröfum tímans. 3. gr. frv. verður við þessum kröfum með ákvæðum sínum um, að lögreglan hafi hina sömu menntun og hinn sama útbúnað. Í þessu efni stefnir frv. að hinni sömu þróun og lögreglumálin hafa tekið annarstaðar um Norðurlönd. Fyrir nokkrum árum datt engum manni á Norðurlöndum það í hug, að lögreglunni yrði breytt í það horf, sem hún er í nú. En reynslan hefir sýnt fram á nauðsyn þessara breytinga, og um öll Norðurlönd er nú sú stefna uppi að gera lögregluna að **heildarlögreglu** (Enhedspoliti), með sama svip og sama sniði. Svo er t. d. í Danmörku, að bæjarlögreglan hefir verið gerð að ríkislögreglu, og hefir ríkið alla umsjón með henni. Og annarstaðar á Norðurlöndum er líkt á komið, þó að hinsvegar oft hafi staðið í stappi um breytingu lögreglunnar í ríkislögreglu, vegna þess að bæjarlögreglan átti miklar eignir undir stjórn bæjarfélaganna og oft stóð á samkomulagi um það, hvernig ráðstafa ætti þessum eignum, hvort bæjarfélögin ættu að greiða af þeim skatt til ríkisins, o. s. frv.

Ríkislögregluhugmyndin er ekki nein nýlunda, því að ríkið hefir nú um alllangt skeið haft afskipti af lögreglumálunum, eftir því sem mál þessi hafa orðið yfirgripsmeiri. Þannig er það í Danmörku, þar sem ný deild, er ekki var til áður, hefir risið upp innan lögreglunnar. Og þessi afskipti ríkisins af lögreglumálunum hafa aukizt eftir því, sem menn hafa betur skilið nauðsynina á að hafa lögregluna undir einni stjórn og koma samræmi í starf hennar. Í þessu frv. er þó ekki gengið svo langt, að öll lögregla verði gerð að ríkislögreglu. Okkur þótti ekki fært að fara lengra en svo, að mestu ágallar á skipan lögreglumálanna yrðu afnumdir og að lögreglan kæmist í nánara samband við ríkisvaldið.

Það er orðin siðvenja hér á landi að gera ríkislögreglu að grýlu til að hræða menn, gera hana að herfilegustu óvætti í augum fólksins. En þeir menn, sem veifa þessari grýlu, gæta þess ekki, að ríkið hefir þegar ríkislögreglu. Breytingar frv. eru eingöngu til þess gerðar, að lögreglan verði starfhæfari í framtíðinni en hún er nú. Munurinn á ríkislögreglu og bæjarlögreglu er í raun réttri enginn, heldur er hér aðeins um skipulagsatriði að ræða. Bæjarlögreglan er ráðin af lögreglustjóra, sem er embættismaður undir stjórn dómsmálaráðherra. Lögreglustjórinn fær skipanir sínar frá ráðherranum, og munurinn á þeirri skipan lögreglumálanna, sem frv. stefnir að, og því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, er sá, að bæjarfélögin borga lögreglunni og að ekki má flytja hana út fyrir lögsagnarumdæmið. Það er því í hæsta máta broslegt, þegar stöðugt er fjasað um ríkislögreglu sem einhverja óvætti.

Ég skal taka fram strax, að það hefir komið fram í einstökum blöðum, að þetta frv., sem hér er borið fram, sé einhver alveg stórvægileg stefnubreyt. hjá Framsfl. frá því, sem verið hefir um lögreglumál. Ég mun minnast á það síðar og minnast á það í fáum orðum, um hvað var deilt í sambandi við lögreglumálin, en eins og ég sagði áðan, þá hefir orðið stórvægileg breyt. á lögreglumálunum alstaðar í veröldinni á seinni tímum, vegna þess ástands, sem hefir skapazt. Það væri því vitanlega ekki að breyta um stefnu, þó að svo væri, sem ekki er, að tekin væri upp sú stefna, sem ekki þótti fært að fylgja fyrir 10—20 árum. Það, sem ekki þótti fært að taka upp þá, getur verið rétt að taka upp nú út frá allt öðrum forsendum en þá lágu fyrir. Ég vil benda á, hvaða augum Norðurlöndin litu á ríkislögreglu fyrir 6 árum síðan. Nú lætur enginn sér koma til hugar að rísa þar í gegn, því að nú eru tímarnir svo breyttir, að taka verður ályktanir út frá allt öðrum forsendum en þá. Það mætti alveg eins segja, að stefnubreyt. hafi orðið á Alþingi, þar sem það hefir samþ. á síðustu árum að veita fé til atvinnubóta. Fyrir nokkuð mörgum árum hefði slíkt þótt fjarstæða. En aðstaðan hefir breytzt, og þess vegna gera menn ráðstafanir út frá allt öðrum forsendum og að-

stæðum en lágu fyrir áður. Nú eru flestir sammála um, að það þurfi að flytja til vinnuaflið í landinu, en aðeins ósammála um, hvernig það er gert. Ég býst við, að fyrir nokkru síðan hefðu flestir verið á móti að gera það og fæstum dottið í hug, að þyrfti að gera slíkar ráðstafanir. Þeir tímar, sem við lifum á í dag, eru svo gersamlega breyttir frá því, sem var fyrir nokkrum árum, að ekki er undarlegt, þó að gera þurfi ráðstafanir nú, sem áður þóttu óþarfar.

Vegna þess veðurs, sem gert hefir verið út af þessu í sumum blöðum, vildi ég aðeins benda á, að þar er talað um, að þessu frv. sé beitt gegn verkalýðnum. Ég ætla, að auðvelt sé að færa fram svo sterk rök, að það nálgist staðreyndir, fyrir því, að það getur ekki legið á bak við, og það var einmitt þetta, sem alltaf var deilt um, þegar rætt var um lögreglumálin fyrir nokkrum árum, að mönnum þótti misjafnlega tryggilega gengið frá, að lögreglunni yrði ekki þannig beitt. Ég vil biðja hv. þm. að taka eftir, að það hefir ekki komið til mála nú, þegar breytt er l. um lögreglumenn, að breyta því meginákvæði, að ekki megi beita lögreglunni í vinnnudeilum. Þess vegna er allt tal um það algerlega út í loftið. Það er líka hægt að færa fram miklu sterkari sannanir fyrir því, fullar sannanir, að þetta ákvæði er algerlega öruggt fyrir verkalýðinn, því að síðan sett voru l. um lögreglumenn ríkisins, og þar í þau ákvæði, að ekki mætti nota lögregluna í vinnudeilum, hafa verið sett ný l., en það eru l. um vinnudeilur, og þar er skýrt ákveði, *sem ekki var til áður*, — áður mátti teygja, hvað væru vinnudeilur, en nú er það ekki hægt; vinnudeilur eru nú skýrt hugtak í íslenzkum l., — þar er ákvæði um, á hvaða hátt eigi og megi stofna til vinnustöðvunar, og samkvæmt þessum l. er sérstakur dómstóll, sem á að ákveða, hvort vinnudeila er lögleg eða ekki. Og ef vinnudeila er upp tekin l. samkvæmt, þá er í l. ákvæði um, að aldrei megi beita lögregluvaldi í slíkum vinnudeilum samkv. l. um lögreglumenn ríkisins. Það getur því aldrei komið fyrir, að lögregla verði notuð í þeim óspektum, sem liggja algerlega fyrir utan þetta svið. Við vitum vel, að með þeim félagssamtökum, sem verkamenn hafa nú, er þeim ekki aðeins vorkunnarlaust, heldur og auðvelt að gera slíkar vinnustöðvanir í samræmi við það, sem l. ákveða, og því auðveldara, ef verkalýðnum hefir verið sýnd harka með það, sem hann gerir vinnustöðvunina út af. Hinsvegar geta komið fyrir vinnustöðvanir í sambandi við eitthvað, sem verkalýðurinn hefir alls ekki staðið að, vegna þess að hann telur málstaðinn veikan eða rangan, heldur er stofnað til uppvöðslu af nokkrum óspektarmönnum, og þá falla slíkar óspektir að sjálfsögðu utan við þann ramma, sem l. ákveða. Og þegar er þannig hægt að sanna þetta samkv. þessum tvennum l., þá er það tómt mál að vera að halda því fram, að nú sé verið að breyta þessum l. þannig, að hægt verði að beita lögreglunni gegn verkalýðnum. Það er útilokað vegna þessara tvennu ákvæða, sem eru í íslenzkum l.

Ég vil svo að lokum mælast til þess, að greitt verði sem mest fyrir þessu máli gegnum þessa hv. deild.

Brynjólfur Bjarnason: Ég held, að hæstv. forsrh. hafi byrjað á að segja, að þær breyt., sem hér á að gera, væru bæði fáar og smáar. *Ójá, hann hefir auðvitað sína skoðun á því*, hvað eru smáar breyt. á þessum l., en svo mikið er víst, að fyrir fáum árum hefðu þessar breyt. ekki verið taldar smáar, heldur mjög stórvægilegar.

Hvað er það, sem felst í þessu frv.? Í fyrsta lagi, að það er hægt að auka varalögreglu ótakmarkað. Kostnaðurinn greiðist úr ríkissjóði ótakmarkað. Áður var þetta takmarkað þannig, að ríkissjóður greiddi ekki nema nokkurn hluta af kostnaði við varalögregluna. Í öðru lagi er hægt að gera allt liðið að ríkisher, sem má svo nota til hvers sem er. Í þriðja lagi, ráðherrann hefir ótakmarkaðan rétt til að vígbúa lögregluna með hvaða tækjum sem er og leggja á ríkissjóð ótakmarkaðan kostnað vegna vígbúnaðarins. Í fjórða lagi hefir ráðh. ótakmarkað vald yfir þessum her. Og svo kemur annað frv., sem er í sambandi við þetta frv., sem skiptir lögreglustjóraembættinu í Reykjavík í tvennt, og hefir það ærinn kostnað í för með sér. Þetta finnst hæstv. forsrh. vera smávægileg breyt.

Ég vil nú með nokkrum tilvitnunum í ummæli hans *flokksmanna og annara sýna fram á*, að fyrir fáum árum hefði þetta ekki verið kallað smábreyting.

Á Alþingi 1925 flutti Jón Magnússon frv. um varalögreglu, sem var þó smáræði á móti þessu frv., því að samkv. því átti aðeins að launa foringjana fyrir varalögreglunni, en ekki að koma upp ríkisher eins og hér er verið að skapa. Árið 1925 tókst að kveða niður þennan draug. Ég ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, að tilfæra hér nokkur orð úr þessum umræðum. Ég tek þá fyrst kafla úr ræðu eftir Tryggva Þórhallsson. Hann segir svo:

„Málið er þegar orðið mikið æsingamál, og þó er aðeins um byrjun að ræða. Af henni verður þegar ráðið, að úr getur orðið eitthvert mesta æsingamál, sem hafizt hefir á landi hér. Það getur orðið upphaf nýrrar Sturlungaaldar á Íslandi. Og það er sjálf landsstjórnin, sem viðinn ber á bálið.

Æsingaeldurinn logar þegar dátt í kaupstöðunum. Fundasamþykktir um málið drífur að úr öllum áttum. Fyrir eru í kaupstöðunum harðandstæðir pólitískir flokkar. Er sízt bætandi á þann eld, sem er í milli."

„Þeir telja (þ. e. sjómenn og verkamenn), að þetta lið eigi að verða einskonar pólitískur lífvörður íhaldsins. Þykir mér ekki ólíklegt, að þeir geti hengt hatt sinn á einhver ógætileg ummæli af íhaldsmanna hálfu í þá átt, því að slík ummæli hefi ég einnig heyrt úr þeirri átt. Er ekki að undra, þótt blóðið hitni, er menn gera sér slíkar hugmyndir.

Á þessum grundvelli er málið rætt og verður. Áfram mun stefna eins og nú horfir. Getur engum dulizt, hvað er fram undan. Og það er landsstjórnin, sem viðinn ber á bálköstinn".

„Hér er pólitískri stjórn gefið alveg ótakmarkað vald til að velja svo háa eða lága tölu manna, sem henni gott þykir í þetta lið og vopna það með þeim tækjum, sem henni gott þykir. Það liggur í augum uppi, að ekkert er því til fyrir-

stöðu, að slíku pólitísku, vopnuðu úrvalsliði getur hin pólitíska stjórn beitt, eftir því sem henni gott þykir og öldungis eins og henni býður við að horfa. Allar dyr eru opnar fyrir landsstjórnina að misbeita þessu liði gegn borgurum og stjórnarskipun landsins.“

„Hér er ekkert því til fyrirstöðu, að í liðið verði valdir atvinnulausir eða litlir íhaldsmenn, — því að nóg er af þeim — og að pólitískir kosningasmalar verði gerðir að launuðum yfirmönnum.“

Þetta eru ummæli Tryggva Þórhallssonar. Má tilfæra mörg fleiri ummæli, t. d. Jóns Baldvinssonar. Hann segir svo:

„Ekki eru liðin sex fullveldisárin, þegar íslenzki „militarismin“ skýtur fyrst upp kollinum á Alþingi Íslendinga.“

„Frv. sjálft er takmarkalaust fyrir utan það, sem það er takmarkalaust vitlaust. Orðalag þess opnar upp á gátt víðara valdsvið fyrir ríkisstjórnina yfir lífi og limum landsmanna en þekkist í nokkrum öðrum lögum.“

„Hún getur ráðið eftir vild, hvaða „tæki“ eða hergögn eru notuð. Hún ræður því, hvort það eru hríðskotabyssur, sem nota á, handsprengjur, byssustingir, skammbyssur, fallbyssur, kylfur, rýtingar, sverð, korðar, axir eða blátt áfram axarsköft; með öðrum orðum: allt, sem nota þarf í bardaganum, og kostnaðurinn er líka ótakmarkaður og á vitanlega að greiðast úr ríkissjóði.“

Þetta eru ummæli Jóns Baldvinssonar, og ennfremur segir hann svo:

„Manni verður næst að spyrja: Til hvers á að stofna her þennan? Fyrir því hefir hæstv. forsrh. (JM) enga grein gert. Það eitt er vitanlegt, að fyrst stofna á her, þá á að fara í stríð. Það eru einu afleiðingar frv., sem menn vita nokkurn veginn fyrirfram. Það var yfirleitt lítið á upplýsingum hæstv. forsrh. að græða, en hvar sem frv. er rætt manna á milli, og þeir fáu menn, sem hafa getað fengið sig til að bera í bætifláka fyrir það, eða a. m. k. talið sig fylgjandi því að lögleiða slíka herskyldu í einhverri mynd, hafa verið spurðir í þaula um, til hvers nota ætti herinn, þá hefir síðasta vígi þeirra verið að vitna í kaupgjaldsdeilur, sem orðið hafa hér í Reykjavík á síðustu árum. Við slík tækifæri á að nota her þennan. Annað verkefni hafa formælendur málsins ekki fundið handa honum. Það er því sennilega rétt tilgáta hv. þm. Str. (TrÞ), að til þessa máls sé stofnað í þessu skyni.“

Það er í rauninni ekki annað en „fascismi“ eftir ítalskri fyrirmynd, sem stjórnin vill koma hér á.

Svona gæti ég lengi haldið áfram. Það væri t. d. ekki úr vegi að tilfæra nokkur ummæli eftir Ásgeir Ásgeirsson. Hann segir svo:

„Þó að ekkert væri annað en það, að þetta ríkislögreglumál hefir ekki verið lagt fyrir þjóðina, áður en það var borið fram hér á þingi, þá bæri af þeirri ástæðu einni saman að vísa því frá að þessu sinni.“

„Það er illt verk og óþarft að espa sjálfan sig og aðra upp í byltingarótta, þegar ekki einu sinni þeir, sem mesta samúð hafa með þjóðfélagsbyltingum í öðrum löndum, telja neinar líkur til, að hér geti orðið bylting, nema hún sé undan gengin í Englandi og á Norðurlöndum. En þess verður langt að bíða, að þar sporðreisist þjóðfélögin.“

„En hér í þingdeildinni er svona frv. flutt undir yfirskini friðarins, þó að vitanlegt sé, að allur liðssamdráttur miðar til ófriðar. Það hefir verið sagt, að þetta sé að byrgja brunninn, áður en barnið detti ofan í, — þó það sé miklu líkara hinu, að hér sé grafinn brunnur, sem betur færi, að ekki aðrir en stjórnin dytti ofan í.“

Þannig hljóða þá nokkur ummæli þessara hv. þm. um varalögregluna árið 1925. En það þarf ekki að fara svo langt aftur í tímann til að finna svipuð ummæli. Árið 1933 fóru fram umr. um frv. um lögreglumenn, og þá var enn haldið fram þessari skoðun, svo sem af þeim hv. þm. S.-Þ. og hv. þm. Seyðf. Það er því ekki lengra en frá 1933, sem var barizt ákveðið á móti að mega leggja í ótakmarkaðan kostnað við varalögreglu. Og þá var það, að þetta ákvæði var sett eins og smyrsli í l. um lögreglumenn, að ekki mætti beita lögreglunni nema til að halda uppi friði og reglu og til að afstýra vandræðum. En þetta er svo teygjanlegt sem hrátt skinn, því að hver á að ákveða, hvenær þarf á lögreglu að halda til að halda uppi friði og reglu og til að afstýra vandræðum? Það gerir dómsmrh., og þessi orð getur hann teygt eins og hann vill og notað lögregluna hvenær sem honum líkar, í hvaða kaupdeilu sem er. Það er gersamlega tilgangslaust að ætla sér að skjóta sér undir svona loðið ákvæði. Það er aðeins til þess að gera sjálfan sig broslegan.

Það er kunnugt, að í þeim kosningum, sem hafa farið fram síðan 1933, er þessi l. voru sett, hefir það verið eitt aðalmál Alþfl. að kveða niður þennan ríkislögregludraug. Eitt af því, sem þeir töldu stjórnarsamvinnu sinni og aðallega til gildis, var að afnema ríkislögregluna. Þeir töldu það svo mikils virði, að það út af fyrir sig hefði réttlætt samvinnu þeirra við Framsfl. Til þess að vera sjálfum sér samkvæmur í þessari afstöðu, hefði því Alþfl., þegar frv. slíkt sem þetta kom fram, ekki aðeins átt að mótmæla því kröftuglega, heldur hefðu þeir átt að slíta stjórnarsamvinnunni. Það má að vissu leyti segja alveg það sama um afstöðu Framsfl. og Alþfl. í þessu máli. Framsfl. hefir talið sér sérstaklega til gildis að hafa afnumið ríkislögregluna, eftir að hann myndaði samsteypustj. við Alþfl. 1934. Þá er spurningin sú, þegar slík kúvending hefir verið tekin: Hvað er það, sem hefir breytzt? Ég veit ekki um afstöðu Alþfl., en það er ekki lítil breyt. á afstöðu hans, að ekkert skuli hafa heyrzt frá honum um svona mál, sem var mál málanna fyrir þennan flokk fyrir ekki lengri tíma en liðinn er frá síðustu kosningum. Hvað er það, sem hefir breytzt svo mjög, að Framsókn hefir tekið upp stefnu íhaldsflokksins frá 1925 og 1933, sem þeir stimpluðu þá sem stefnu blóðsúthellinga, sem miðaði að því, að ný Sturlungaöld risi upp á Íslandi? Hvað er það, sem hefir breytzt? Ef við athugum málið sjálft, þá er eitt víst, og það er það, að allt, sem sagt var um ríkislögregluna árið 1925, gildir um þetta frv. í ennþá ríkara mæli. Hér á að veita heimild til að stofna her, sem getur búið sig öllum þeim morðvopnum, sem upp voru talin árið 1925 og leggja í milljónakostnað eins og þá, nema í enn ríkara mæli,

Tryggvi Þórhallsson gerði ráð fyrir, að kostnaðurinn mundi ekki verða minni en ein millj. kr. Jón Baldvinsson var enn stórtækari og gerði ráð fyrir, að hann mundi verða ekki minni en 1700 þús. Hér getur maður gert ráð fyrir miklu meiri kostnaði, því að þá var ekki gert ráð fyrir, að aðrir en sveitarforingjarnir væru launaðir. Allt þetta er ágætt nú, allur þessi kostnaður, allt þetta takmarkalausa vald til að vígbúa svona her með hvaða vopnum sem er, allt er þetta sjálfsagt og ágætt nú. Hvað er það þá, sem hefir breytzt? Hæstv. forsrh. margtuggði það upp í ræðu sinni, að viðhorfið hefði gífurlega breytzt á nokkrum árum. Hann vissi upp á sig og flokksmenn sína skömmina, en nefndi alls ekki þessar breyt. Hann vitnaði í Norðurlönd og þær breyt., sem hefðu orðið þar. Það er náttúrlega billegt að flýja til Norðurlanda, en við erum nú að semja l. fyrir Ísland. Ef hann vill ræða þær breyt., sem orðið hafa á Norðurlöndum, þá er honum það velkomið, en honum er nær að halda sér við okkar þjóðfélag og skýra frá, hvað það er, sem gerir nauðsynlegt að taka slíka vendingu.

Frv. þetta bendir til þess, að stjórnin hafi vonda samvizku, og það er vel skiljanlegt, þegar athugað er ástandið í landinu og aðgerðir stjórnarinnar í því efni. Dýrtíðin er óbærileg og þúsundir manna ganga atvinnulausir og hafa ekkert til þess að lifa af. — Til þess að bæta úr þessu sér ríkisstj. það ráð, að banna að hækka kaup manna, skerðir samtakafrelsið og margbrýtur þannig stjórnarskrána, eins og gert hefir verið með gengislögunum. Svo langt er gengið, að í Nd. Alþ. er nú flutt frv., sem bannar iðnnemum að vera í verkalýðsfélögum. Þá kemur annað ráðið: hinn svokallaði flutningur á vinnuafli, eins og hæstv. forsrh. orðaði það svo fagurlega, þessi þvingunarflutningur, sem ætlaður er í þeim tilgangi, að unnt sé að fara með styrkþega sem ófrjálsa menn, svo að hægt sé að nota vinnuafl þeirra fyrir sama sem ekki neitt.

Að lokum kemur svo allsherjarráð ríkisstj., sem á að tryggja henni það, að unnt sé að stjórna landinu með því ástandi, sem nú ríkir, þetta frv. um heimild henni til handa til þess að koma upp ótakmörkuðum her með ótakmörkuðum vígbúnaði. Það er svo sem ekkert óeðlilegt, þótt þetta frv. sé borið fram, því að það er sýnilegt eins og ástandið er í landinu og eftir pólitík stjórnarinnar, að hún getur ekki treyst sér til þess að stjórna nema með ofbeldi. — Hér er skýringin á framkomu frv., og nú hefi ég tekið ómakið af hæstv. forsrh. að skýra frá, hvers vegna frv. er svo nauðsynlegt sem hann telur.

Í stað þess að nota skatta landsmanna til þess að ráða bót á ástandinu á nú að verja stórfé — kannske hundruðum þúsunda, kannske milljónum, ef marka má fyrri útreikning þessara manna, — til þess að vígbúast gegn fólkinu, ef það kynni að mögla. Annars er tilgangslaust að gizka á það, hver kostnaður kann að verða af þessum vígbúnaði; frv. setur þar engin takmörk.

Það hefir verið boðað af ríkisstj. óbeinlínis, að til stæði að spara mikið fé á þessum fjárl. með því að skera niður atvinnubótafé, framlög til vegamála, landhelgisgæzlu, vitamála og alþýðutrygginga. Með öðrum orðum: „fyrsta boðorð þegar þarf að spara, þá skal ráðast fyrst á öreigana". Hér þarf hinsvegar ekki að spara, þegar um þennan vígbúnað gegn fólkinu er að ræða, þá er ekki horft í miljónirnar, þá á að bæta við stórútgjöldum. En þessi stórútgjöld þykja nauðsynleg vegna hins fyrra sparnaðar.

Það þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðh. að halda því fram, að þessi aukning lögreglunnar eigi að vera til þess að halda óaldarmönnum í skefjum. Til þess nægir sú lögregla, sem nú er, meira en það, en samkv. gildandi lögum er auk þess hægt að kveðja nóga menn lögreglunni til aðstoðar undir slíkum kringumstæðum, og það myndu allir gera með ljúfu geði, ef á þyrfti að halda. En þegar á að berjast gegn fólkinu sjálfu, vill enginn gefa sig fram og þá þurfa valdsmennirnir á slíkum her að halda. Þannig var þetta í Hafnarfirði í fyrra; það var svo sem reynt eins og hægt var, en það vildi enginn gefa sig fram til aðstoðar lögreglunni, vegna þess að henni átti að beita gegn hagsmunum fólksins og vilja þess. Það er einungis í slíkum tilfellum, sem þörf er á æfðum her. Það gildir það sama í dag og 1925, að her er stofnaður í þeim tilgangi að heyja stríð, eins og Jón Baldvinsson orðaði það þá. — Engum dettur í hug, að þessi her eigi að vernda okkur gegn erlendri ásælni; honum á að beita gegn íslenzkri alþýðu, og öðrum ekki.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Þessi andmæli hv. 1. landsk. eru eins og ég gat búizt við. Þegar ræða hans er krufin til mergjar, — og það geta hv. þm. og áheyrendur gert fyrir sig —, sést, að ekki er mikið eftir af rökum.

Hv. þm. hélt því fram, að þessi breyt. á l. frá 1933, sem ég hafði skýrt með nokkrum orðum, væri til þess ætluð, að stjórnin gæti samkv. henni kvatt saman svo mikið lögreglulið sem henni þóknast.

Nú er svo fyrir mælt í l. nr. 92 frá 19. júní 1933, að kalla má saman varalögreglulið, ef dómsmrh. álítur þess þörf og meiri hluti bæjarstj. samþykkir, þ. e. a. s., að heimilt er að kalla saman alveg ótakmarkað lið. Það er þá ekki annað öryggið, sem hv. þm. ber fyrir sig, en að meiri hluti bæjarstjórnar Reykjavíkur, Sjálfstfl., sem alltaf hefir verið fylgjandi ríkislögreglu, setji skorður í veg fyrir það, að kveðja saman aukið lögreglulið.

Það verður því ekki sagt, að þessi breyting, sem frv. fer fram á, feli í sér rýmkun hvað þetta snertir frá því, sem er í núgildandi lögum, a. m. k. ekki að því er við kemur lögreglunni hér í bæ, því að í 6. gr. fyrrgreindra laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar sérstaklega stendur á og ráðh. telur nauðsynlegt öryggi bæjar, að lögregluliðið sé aukið meir en segir í 1. gr., getur hann, að fengnum till. bæjarstjórnar, bætt við varalögreglumönnum, og greiðir þá ríkissjóður allt að helmingi þess kostnaðar, sem leiðir af auknингunni, en þó ekki hærri fjárhæð en nemur ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði."

Þess vegna eru þau rök, sem hv. þm. bar fyrir sig í ræðu sinni, að hér sé verið að skapa heimild fyrir ríkisstj. til þess að kalla saman ótak-

markað lögreglulið, ekkert annað en vindhögg út í loftið, nema því aðeins, að hann treysti því, að meiri hl. bæjarstj. hér setji skorður fyrir það, að aukningin verði látin fara fram.

Samskonar rök færði hv. 1. landsk. fyrir máli sínu, þegar hann kom að því, um hvað var deilt, þegar talað var um ríkislögreglu í gamla daga, hvort sem það var 1924 eða 1925. Hann sagði, að sem rök fyrir málinu hefði þáv. flm. vitnað í tíðar kaupdeilur.

Ég skal nú engan dóm á það leggja, hvort sá ótti þeirra manna, sem þá voru gegn frv., hafði við rök að styðjast, að nota ætti lögregluna á þennan hátt, en svo mikið er víst, að þá undanfarið höfðu verkföll verið mjög tíð og því viðkvæmir tímar að bera slíkt frv. fram. En þó að þetta hefði ef til vill mátt nota sem rök gegn frv., þá eru aðstæður breyttar nú.

Í 4. gr. laga nr. 92 frá 19. júní 1933 segir svo: „Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annarstaðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.“ Nú mátti segja með nokkrum rökum, að þetta hugtak, hvað væri löglegar vinnudeilur og hvað ekki, mætti teygja og toga, en það er ekki á valdi dómsmrh. að skera úr um það, heldur er svo fyrir mælt í lögum, að hann hafi ekki heimild til þess að kveða upp slíkan úrskurð. Í lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, er í 15. gr. tekið nákvæmlega fram í þrem stafliðum, hverjar séu forsendur fyrir því, að vinnudeila sé lögleg, en það er eins og menn muna, að ákvörðun um vinnustöðvun hafi verið tekin við almenna atkvgr. í félaginu, að samninganefnd hafi verið gefið umboð o. s. frv. Það er þannig skýrt tekið fram í lögunum, hvað er lögleg vinnudeila.

Við skulum nú gera ráð fyrir því, að óhlutvandur dómsmrh. vildi samt sem áður teygja þessi ákvæði og toga, en það er heldur ekki hægt, því að í sömu lögum er ákvæði um félagsdóm og samkv. IV. kafla, 44. gr. laganna er það hann, sem á að ákveða með dómi, ef um er deilt, hvort vinnudeilur eru löglegar eða ekki. — Það er því mjög auðvelt fyrir verkamenn að gæta þess, að vinnudeilur séu löglegar, en þegar svo er, má lögreglan ekki koma nálægt slíkum deilum nema til þess eins að koma í veg fyrir meiðsl og slys.

Þetta er það, sem gerir muninn á frv., sem hér er flutt nú, með þeim ákvæðum, sem nú eru í lögum, og á frv. frá 1925; þær aðstæður, sem þá mátti telja sem nokkur rök gegn frv. eru ekki fyrir hendi nú. Um langt skeið hafa ekki heldur verið neinar alvarlegar vinnudeilur, og þeim fáu, sem verið hafa, hefir lyktað með friði.

Annars er það furðulegt, að þeir menn skuli vera til, sem halda því fram, að við megum ekki eins og aðrar siðaðar þjóðir hafa fullörugga lögreglu, til þess að halda uppi löggæzlu í landinu. og það er því undarlegra, að því skuli vera haldið fram, að nota eigi lögregluna gegn samtökum verkamanna, þegar þess er gætt, að við eigum mjög frjálslynda löggjöf í þessu efni, sem kveður skýrt á um það, hvað eru löglegar vinnudeilur, og tryggir þannig verkalýðnum, að auðvelt er að gæta þess, að þær séu jafnan löglegar, en eins og ég minntist á áðan, má lögreglan engin afskipti af þeim hafa.

Við lifum nú á tímum ófriðar — og meðal annars þær breyttu aðstæður gera það að verkum, að við þurfum örugga lögreglu —, þeim tímum þegar öfgaflokkar vaða uppi í þjóðfélögunum, ekki einn eins og áður var, heldur tveir. — Ég hefi annars margar broslegar endurminningar frá þeim tíma, er nazistaflokkurinn skaut hér upp höfðinu við hliðina á kommúnistunum. Enginn var þá eftirgangssamari og frekari um vernd lögreglunnar en einmitt kommúnistar á meðan nasistar voru þeim sterkari. Einu sinni t. d. voru kommúnistar á fundi í húsi því hér í bæ, sem nefnt er „Fjalakötturinn“ og höfðu nazistar neglt þá þar inni. Lögreglan varð að koma á vettvang, rífa fjalirnar frá dyrunum og fylgja kommúnistunum heim í fylkingu, svo að þeir kæmust óskemmdir leiðar sinnar. Öðru sinni varð að fylgja kommúnista heim af rakarastofu til þess að firra hann meiðslum af völdum nazista, og svona mætti lengi telja.

Hver segir nú, að svona öfgaflokkar geti ekki skotið upp höfðinu aftur og neglt kommúnistana inni á ný? En þessu verndarstarfi varð lögreglan að halda uppi vegna kommúnistanna á annað ár.

Það er oft um það rætt, hve Þjóðverjar hafi orðið hart úti við Versalasamningana. Það er satt, Versalasamningarnir voru harðir, en það datt engum í hug að neita hinni sigruðu þjóð um að hafa hundrað þúsunda lögreglulið til þess að halda uppi öryggi og reglu innanlands. Þetta var svo sjálfsagður réttur, að ekki var um deilt og það þjóðfélag er illa á vegi statt, sem ekki megnar að halda uppi sæmilegri reglu innanlands. Þegar verið er að tala um, að við megum ekki hafa sæmilega örugga lögreglu, er aldrei á það minnzt, að flest önnur lýðræðisríki hafa ekki aðeins mjög öfluga lögreglu, heldur einnig her manns, enda þótt það sé vitað, að honum muni aldrei beitt gegn öðrum þjóðum. Nægir í því sambandi að minnast á Norðurlönd, sem engum kemur til hugar, að ætli sér að ráðast á aðrar þjóðir. Þau hafa auk þess miklu sterkari lögreglu en við, — og hverjum dettur þar í hug, að eigi að beita henni gegn verkalýðnum? Annars er sama, hver ræður í hverju þjóðfélagi, það er alltaf jafnnauðsynlegt, að sá, sem með völdin fer, geti haldið uppi lögum og reglu innanlands. Jafnvel þótt það ætti fyrir okkur að liggja, sem vonandi verður þó aldrei, að kommúnistar færu hér með stjórn, þá væri það versta, sem fyrir gæti komið, það, að þeir gætu ekki haldið uppi reglu á meðan þeir stjórnuðu.

Það er því undarlegt, að sá flokkur skuli vera til, sem gerir það að árásarefni á stjórnina, að hún skuli vilja gera þær ráðstafanir, sem hvarvetna þykja nauðsynlegar, að koma upp hæfri lögreglu, og það því fremur, þegar þess er gætt, hve íslenzka ríkið hefir sett frjálslynda vinnulöggjöf og þar með veitt verkalýðnum fullkomið öryggi í vinnudeilum. Aðalrök þeirra gegn frv. eru þannig að engu orðin.

Með rökum þeim, sem ég hefi áður fært fram, vil ég leggja áherzlu á, að afgreiðslu frv. verði sem mest hraðað, og vil beina þeim tilmælum til hv. deildar, að svo verði gert.

Það má ekki minna vera á þeim tímum, sem nú eru, en að við höfum sæmilega lögreglu, þótt hún verði aldrei hlutfallslega jafnsterk og lögregla nærliggjandi landa, og þó að þess sé ekki að vænta, að hún geti verndað okkur gegn erlendri ágengni. Við höfum ekki efni á því að hafa her, þótt það væri æskilegt, vegna þess að samkv. alþjóðalögum er talið nauðsynlegt, að hvert það ríki, er lýsa vill yfir hlutleysi sínu, hafi her til þess að vernda það hlutleysi.

Nýlega skeði sá atburður, sem mönnum er í fersku minni, að hingað kom hernaðarflugvél, sem raskaði okkar hlutleysi, því að hún flaug burtu, svo sem kunnugt er. Þá kom sú fregn í útvarpinu frá Moskva — ég veit ekki, hvaðan heimildir hafa komið fyrir henni; kannske frá þeim, sem eru á móti aukningu lögreglunnar —, að það væri undarlegt, að þetta kotríki, sem hefði engan her og ekki hefði einu sinni lögreglu til þess að afvopna eina flugvél, þættist vera sjálfstætt ríki.

Þótt þess sé ekki að vænta, að við verðum nokkru sinni megnugir þess að verja okkur gegn erlendri ásælni, verðum við að tryggja öryggið innanlands með sæmilegri lögreglu, því að fyrsta skilyrðið til þess að geta talizt sjálfstæð menningarþjóð, er að geta haldið uppi löggæzlu innanlands. Það er því harla undarlegt, að sá flokkur skuli vera til, sem berst gegn aukinni lögreglu, og það þeir sömu menn, sem hafa hvað eftir annað orðið að leita á náðir lögreglunnar.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil byrja á því að biðja hæstv. forsrh. um að standa við orð sín gagnvart þessari fregn, sem hann sagðist hafa hlustað á frá Moskva.

Ég lagði áherzlu á það í ræðu minni áðan, að reyna að skýra það frá eigin sjónarmiði, hver væri ástæðan að þeim stórfelldu breytingum, sem hér er farið fram á með l. um lögreglumenn. Ég kom með mínar skýringar, og ég held, að þær hafi verið réttar. Aftur á móti gaf hæstv. forsrh. enga skýringu á þeirri nauðsyn. Jú, hann var að tala um það, að á ófriðartímum væri nauðsynlegt að vernda okkar hlutleysi.

Þá fór hann að rifja upp fyrir sér atferli nazista, þegar þeir réðust á menn á götunni og þar fram eftir götunum. Ég vil nú spyrja, í fyrsta lagi: Er lögreglan hér í bænum ekki nægilega öflug til þess að geta verndað menn fyrir árásum, hvort sem er á nótt eða degi? Í öðru lagi, ef lögreglan þarf aðstoð, er þá ekki nægileg heimild til þess í núgildandi l.? Svo er annað aðalatriðið. Þessir uppvöðslumenn, nazistaunglingarnir, sem hæstv. forsrh. var að tala um, eru ekki lengur til. Þetta á sér ekki lengur stað, — það er gersamlega horfið.

Svo er hæstv. forsrh. að nefna þetta sem rök fyrir því, að nú, vegna breyttrar aðstöðu, þurfi að auka lögregluna. Hæstv. forsrh. byrjaði ræðu sína á því að segja, að hér væri í raun og veru ekki um neina breyt. að ræða, eins og nú stæðu sakir, því að það væri svo um hnútana búið, að í gildi væru l. um lögreglumenn, svo hægt væri að auka varalögreglu ótakmarkað. Ég vil spyrja, hvaða þörf er þá á þessum breytingum, sem hér eru gerðar? Í fyrsta lagi: Eins og hann tók fram, þarf nú samþykki bæjarstj. til slíkra aðgerða, en með þessum lagabreyt. fær dómsmrh. einræðisvald í þessum málum. Í öðru lagi verður bærinn að greiða ¾ hluta þess kostnaðar, sem af aukningunni leiðir. Það er augljóst mál, að fyrir bæjarfélögin er ekki alllítil tálmun í vegi að leggja í kostnað, nema brýna nauðsyn beri til. Það er augljóst mál, að það á að nota lögregluna gegn fólkinu, án þess að fá þar til samþykki bæjarstj. Ef hæstv. forsrh. vill t. d. ná sér niðri á íbúum Siglufjarðar, mundi það verða örðugt fyrir hann eftir núgildandi löggjöf, vegna þess að til þess þarf samþykki bæjarstj., að lögreglan væri aukin eins og hann þættist þurfa á að halda. Þá sagði hæstv. forsrh., að þegar rætt hefði verið um varalögreglu árið 1925, þá hefðu verið tíðar kaupdeilur, og flm. þess frv. hefðu sérstaklega bent á þessar kaupdeilur sem nauðsyn til þess að löggjöf yrði sett. Þetta er algerlega rangt. Þegar umr. fóru fram um það frv., var því andmælt af flm., að það ætti að nota lögregluna gegn verkalýðnum. En andmælendur frv. héldu því fram, að einmitt þetta væri tilgangur þess, alveg eins og nú. Flm. frv. dirfast ekki að segja til um það, hvernig eigi að nota þetta lið. Þeir dirfðust ekki að segja til þess 1925, og ekki heldur nú. Nú er það Framsfl. og forsrh. hans, Hermann Jónasson, sem nú er kominn í föt forsrh. íhaldsins frá 1925. Hann sagði, að það hefðu þá verið viðkvæmir tímar. Vissulega er það ekki síður nú. Það er skemmst að minnast Hafnarfjarðardeilunnar, þegar hann sjálfur gerði tilraun til að safna liði móti verkalýðnum. Það má geta sér þess til, að þessari hugmynd hafi þá þegar skotið upp hjá hæstv. forsrh., að fá lagaheimild til að bæla niður allan mótþróa í slíkum tilfellum.

Hæstv. forsrh. var að tala um það, að ekki væri mikið um kaupdeilur nú. Af hverju stafar það? Það stafar af því, að það er bannað með l. að hækka kaup verkalýðsins. Hæstv. forsrh. veit það flestum betur, hvers má vænta á þeim tímum, sem nú fara í hönd. Hann veit vel, að hið raunverulega kaupgjald er að lækka svo stórkostlega, að það er að verða óbærilegt að lifa í landinu fyrir mikinn hluta landsmanna; það þýða ekki nein samtök, kauphækkun er bönnuð af ríkisvaldinu. Undir slíkum kringumstæðum veit hann, að hætta er á því, að risið verði upp á móti þessum þvingunum, þrátt fyrir öll þessi l. Þess vegna þykir nauðsynlegt að fá heimild til að beita lögregluvaldi.

Þá kem ég að þeim staðhæfingum hæstv. forsrh., að trygging væri fyrir því, að þetta lið yrði ekki notað í kaupdeilum. Ég hefi sýnt fram á það, að slíkt lið yrði notað í öllum svokölluðum ólöglegum kaupdeilum. Þegar óbærilegt verður að lifa í landinu vegna dýrtíðar og samtök verkamanna vilja ekki við það una og reyna að bjarga sér, þá er heimilt að beita lögreglunni, og það á að gera, viðurkennir hæstv. forsrh., og er sérstaklega á það bent. Þá kemur að þeim takmörkunum í l., sem eiga að vera sett fyrir því, að lögreglunni sé beitt, — en hvers virði eru þær takmarkanir? Í fyrsta lagi er það vinnulöggjöfin. Samkv. ákvæðum hennar eru verkföll ekki lögleg, nema samkvæmt úrskurði félags-

dóms. Og þeir menn, sem sæti eiga í þeim dómstóli, sem með þessi mál fer, þora sig hvergi að hreyfa af ótta við „eilíft frí", og því er treyst, að þeir dæmi þar af leiðandi eftir því, sem valdhöfunum þóknast. Þessir dómstólar verða látnir skera úr því, hvenær leyfilegt er að beita lögreglunni gegn verkamönnum. Er nokkur trygging fyrir því, að dómsmrh. myndi ekki nota lögregluna eins og honum sýndist, enda þótt verkfall sé tvímælalaust löglegt? Engan veginn. Í l. frá 19. júní 1937 segir í 4. gr., að ekki megi nota lögregluna til annara afskipta en til að afstýra meiðslum og vandræðum. En hver er það, sem má fyrirskipa lögreglunni að halda uppi friði? Er það ekki sjálfur dómsmrh.? Verkalýðurinn hefir ekki neina tryggingu fyrir því, að lögreglunni verði ekki beitt í öllum kaupdeilum, sem upp kunna að rísa og eru valdhöfunum móti skapi.

Ég held, að ég hafi með þessum orðum allnægilega hrakið þær röksemdir, sem hæstv. forsrh. reyndi að bera fram í máli sínu, og læt þetta nægja í bili.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Þetta er nú að verða að mestu leyti málþóf um sömu atriðin, og geri ég ekki ráð fyrir að hafa tíma til að ræða mikið um þau. Hv. þm. byrjaði á því að spyrja, hvort ég gæti staðið við, að fréttin frá Moskva væri orðrétt eins og ég las hana upp. Ég skal ekki fullyrða, að hún hafi verið nákvæmlega þannig orðuð, en að efninu var hún eins og ég las hana. Það voru fleiri en ég, sem hlustuðu á þessa frétt, og það er heldur ekkert launungarmál. Enda var þetta um skeið mjög umtalað hér í bænum. Það má náttúrlega með sanni segja, að fyrir ríki, sem er jafnvel vopnum búið eins og Rússland, sé eðlilegt að gera grín að okkur fyrir að geta ekki svo mikið sem kyrsett eina flugvél. Það má kannske segja það, og það með nokkru háði og ef til vill með nokkrum rétti, að það sé þýðingarlítið fyrir svoleiðis ríki að hugsa sér að geta verið sjálfstætt ríki. En það mætti segja, og það með nokkrum rétti, að það ríki, sem ekki hefir nægilega lögreglu til þess að halda uppi l. og reglu, geti ekki talizt ríki, hvað þá sjálfstætt ríki. Fyrsta hugtakið, sem bundið er við orðið ríki, er, að það hafi vald til þess að halda uppi l. og reglum í landinu. Þess vegna er það allundarlegt atriði, sem kemur fram í mótmælum gegn því að endurbæta okkar lögreglu, þannig að hún sé sæmileg.

Þá eru aðeins nokkur atriði, sem hv. þm. spurði um og ég ætla að svara. Hann sagði, að hingað til hefði þurft samþykki meiri hl. bæjarstj. til að auka mætti lögregluna, en nú mætti auka hana án samþykkis bæjarstj. Það er atriði, sem ég hefi áður skýrt; það er aðferð, sem oft tekur svo langan tíma, að það verður óeðlilegt í framkvæmdinni. Annars kom það fram mjög greinilega, hvað það er, sem fyrir honum vakir með því, að lögreglan sé hér nægilega veik. Hann gerir þeim, sem standa að þessu frv., upp tilgang, en hann getur ekki með neinum rökum sýnt annað en það, hvað er hans tilgangur með því að lögreglan sé nægilega veik. Hann getur ekki mótmælt því meginatriði, sem ég sýndi fram á, að það stendur allt öðruvísi á nú en 1925. Það eru um það skýr ákvæði í frv., að ekki megi beita lögreglunni nema undir sérstökum kringumstæðum. Í annan stað er sérstakur dómstóll, sem dæmir um það, hvað séu löglegar vinnudeilur. Þessu getur hann ekki mótmælt. Svo kemur hann með þetta venjulega slagorð um þvingunarvald ríkisins o. s. frv. Það, sem vakir vitanlega fyrir hv. þm., er að nokkru leyti eðlilegt. Hann veit, að hann og flokkur hans er ekki í meiri hl. nema í fáum verklýðsfélögum. Hann veit, að hann getur ekki á löglegan hátt komið af stað verkföllum í verklýðsfélögunum, a. m. k. ekki nema í sumum. Hann veit, að eftir íslenzkri löggjöf verður meirihlutavilji verkalýðsins að liggja fyrir til þess að hægt sé að gera verkfall. Hann vill fá að gera ólöglega uppreisn gegn ríkisvaldinu.

Það, sem vakir fyrir honum, er því það, að hann óskar eftir, að hér sé veik lögregla, til þess að geta haldið áfram þeirri starfsemi, sem liggur utan við l. og rétt þjóðfélagsins. Það er líka í fullu samræmi við starfsemi hans flokks, ekki sízt eftir þær yfirlýsingar, sem nú liggja fyrir í blöðum flokksins.

Hann benti m. a. á eitt dæmi, sem hann hefir hugsað, að væri talsvert sláandi. Hann sagði, að ef eitthvað kæmi fyrir á Siglufirði, o. s. frv. En ég vil aðeins benda á það, að verði gert þar löglegt verkfall, kemur náttúrlega ekkert fyrir. Hv. þm. veit, að hann talar í samræmi við þá stefnu, sem fram hefir komið í blöðum hans. Þar hefir nú algerlega verið breytt um stefnu, og vinna þeir nú dyggilega að því að koma á fullkominni byltingu; þess vegna þykir þeim sjálfsagt að snúast gegn þessu frv. Hitt er annað mál, hvort ríki, sem halda vill uppi sínum lögum, tekur mikið mark á þessum andmælum. Og það væri full ástæða til þess að taka til athugunar, hvernig eigi að snúast við þeim flokki, sem berst á móti því, að til sé í landinu nægilega sterk lögregla, sem vinnur á móti því, að hægt sé að halda uppi lögleysum í landinu.

Brynjólfur Bjarnason: Í fyrsta lagi vil ég inna hæstv. forsrh. eftir því, hvort það sé rétt, að hann hafi hlustað á þetta fréttaskeyti, sem hann las upp, og vilji standa við þau orð sín. En þessu hefir hann ekki ennþá svarað. Hæstv. forsrh. var að tala um það, að það væri ekkert undarlegt, þó að flokkur sá, sem ég væri í, væri á móti frv., og lýsti því jafnframt yfir, að við vildum berjast utan við l. og rétt þjóðfélagsins. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh.: Hvar hafa þessar yfirlýsingar komið fram? Og hann bætti við orðum, sem fólu í sér hótun um bann á flokknum. Á þessu er hægt að sjá, hvað freklega er hægt að ganga fram í ósvífninni, — fyrst eru búnar til ósannar yfirlýsingar, svo vill hæstv. forsrh. helzt láta banna flokkinn á grundvelli þessa uppspuna. Þeim mönnum, sem eru eins óhlutvandir eins og hæstv. forsrh., er bezt trúandi til að misbeita lögum.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það ætti að vera óþarfi að vera að rekja þær yfirlýsingar, sem komið hafa fram í Þjóðviljanum, þar sem hann er nú töluvert lesinn af almenningi hér í

bænum. Ég geri ráð fyrir, að flestir hafi orðið varir við þá stefnubreyt., sem orðið hefir innan Kommfl. nú í seinni tíð, a. m. k. þeir, sem á annað borð fylgjast eitthvað með í stjórnmálum. Það er vitað mál, að það er dag og nótt rifizt um það af flokksmönnum, hvaða stefnu eigi að taka. En svo grípur þetta hv. þm. svo óþægilega, að hann álítur, að nú eigi að fara að banna þennan flokk.

Það er vitað mál, að Kommfl. hefir nú tekið upp byltingarstefnuna á ný og að í deilum, sem staðið hafa yfir í flokknum undanfarið um það, hvernig ætti að snúast með byltingarstefnunni, er haft eftir einum leiðandi manni flokksins, að það sé ekki víst, að það sé heppilegt fyrir menn að snúast gegn öfgamönnunum, því að það geti farið svo, að þeir verði röngu megin við götuvígin í Rvík, þegar kemur fram á sumarið.

Brynjólfur Bjarnason: Ég get svarað með því, að þetta skraf hæstv. forsrh. er ekki neitt annað en uppspuni einn um sundrung innan Sósialistafl., um byltingayfirlýsingar í Þjóðviljanum o. s. frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 325, n. 417).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Allshn. hefir haft þetta frv. til meðferðar á allmörgum fundum, og hefir orðið samkomulag um að mæla með, að frv. verði samþ., en meiri hl. leggur til, að gerðar verði breyt., sem sjá má á þskj. 417. Nefndinni virtist, að grundvallaratriði frv. væri, að lögreglan yrði hreyfanleg, og því var hún samþykk. Brtt. raska engu í meginstefnu frv. En það má segja, að sú fyrsta dragi nokkuð úr ákvæðum þess um það, hversu fjölmenn lögreglan megi vera. Þetta atriði hefir alltaf verið álitamál. Og því er ekki að neita, að það geta komið tilfelli, þegar ekki mætti horfa í að ganga lengra en brtt. mælir fyrir. Nauðsyn brýtur lög, segir málsháttur inn, og það er aldrei hægt að hafa þessi lög, fremur en önnur, svo teygjanleg, að ekki geti komið sú nauðsyn, sem knýr menn til að ganga út fyrir takmörk þeirra um stundarsakir. N. virtist, að undir venjulegum kringumstæðum ætti að duga sú fjölgun lögregluliðs, sem takmarkast af því, að ekki fari fram úr ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði.

Hinar brtt. eru frekar smávægilegar. Þær skipta ekki máli fyrir tilgang frv.

Að því er snertir afstöðu þriðja nm., hv. 11. landsk. (MG), vil ég taka fram, að fyrir helgina var gengið nokkuð hart að n. að afgreiða málið. Hún gat ekki komið öll saman á laugardag, þegar við, sem skipum meiri hl., höfðum aukafund til að afgreiða till. okkar. Hv. 11. landsk. gat ekki mætt vegna annríkis. Ég tilkynnti honum síðan brtt., en sem eðlilegt var, átti hann erfitt með að taka í skyndi afstöðu til þeirra og tjáði mér, að hann gæti að svo stöddu ekki gengið með þeim. Nú mun hann gera grein fyrir afstöðu sinni. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um frv., nema tilefni gefist.

***Magnús Gíslason:** Eins og hv. frsm. tók fram, fór það svo, að mér vannst ekki tími til að mynda mér til hlítar skoðun á brtt. á þskj. 417, áður en meiri hl. óskaði að bera þær fram. En frv. sjálft höfðum við rætt á mörgum fundum og vorum því allir fylgjandi í aðalatriðum. Um það, hvort lögreglan hafi verið eða sé nógu öflug, hvort framkvæmdarvald þessa lands eigi þar nægan styrk að baki sér, hefir talsvert verið deilt og stundum staðið styr um. En það er alviðurkennt, að ekkert þjóðfélag getur talið sig réttarríki án þess að hafa svo sterkt framkvæmdarvald, að það geti haldið uppi lögum í landinu, og að það sé stórhættulegt að vanrækja þau mál. Önnur ríki hafa her að grípa til, ef nauðsyn krefur. Hér er ekki aðeins herlaust, heldur er hér hlutfallslega færra af lögreglumönnum en með öllum nálægum þjóðum. Það er því ekki að ófyrirsynju, sem nú er stofnað til fjölgunar á þeim.

Brtt. á þskj. 417 get ég að vísu ekki talið stórvægilegar. Aðalbreytingin er að takmarka svo viðbót lögregluliðs, að útgjöld hennar vegna nemi ekki meira en ¼ kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði. Ég tel þetta ekki heppilegt ákvæði, því að það getur hæglega komið fyrir, að hlutaðeigandi ráðh. þurfi að ganga lengra, þurfi að fá meira lið og meira fé til þess að tryggja rétt og reglu í landinu. Mér skildist hv. frsm. viðurkenna þetta og að ríkissjóður hlyti þá að greiða það, sem með þyrfti. Þá er slíkt ákvæði tilgangslaust; tíminn einn verður að skera úr því, hve mikið fé verður að nota á hverjum tíma. — 2. brtt., um að í staðinn fyrir „laun" komi „þóknun" til varalögreglumanna, skiptir e. t. v. ekki máli efnislega, en málvenja og réttara er að kalla slíkt laun, en ekki þóknun, þegar um fast starf er að ræða. — Þá er 3. brtt. um að fella niður ákvæðið, að ráðh. sé heimilt að leggja lögreglunni til nauðsynlegan útbúnað, en aftur tekið fram, að í reglugerð um framkvæmd laganna megi ráðh. setja nánari ákvæði. Nú er það svo sjálfsagt mál, að án útbúnaðar getur lögreglan ekki starfað og í reglugerð yrði að taka þetta ákvæði upp, að brtt. er tilgangslaus og á þá varla rétt á sér. Eins er um það, að fella niður, að ráðh. setji reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna. Þeim verður vitanlega að setja erindisbréf. Loks er 4. brtt., um að fella 4. gr. niður. Það er ljóst af eðli málsins og viðurkennt af öllum, sem um það hafa talað, að kostnaður hljóti að greiðast úr ríkissjóði. Það á því að standa beint í lögunum. — Ég get verið samþykkur hv. meðnm. mínum um það, að frv. eigi að samþ., en ekki hitt, að brtt. séu til bóta, eins og málið liggur nú fyrir.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég greiði atkv. með frv. eins og ég flutti það. Annars geri ég engan mun á því eins og n. vill hafa það og á því eins og það er. Auðvitað verður að halda námskeið fyrir lögreglunu í Reykjavík og ráðh. að

ákveða það á hverjum tíma, hvaða útbúnað lögreglan eigi að hafa, — hvort sem það stendur beinum orðum í l. eða ekki. Slík atriði leiðir af sjálfu sér. En af því að ég kann betur við að hafa þetta í l., sem um þetta verða samþ., kýs ég frv. fremur óbreytt og greiði atkv. móti brtt., en læt að öðru leyti ráðast, hvort þær ná fram. Það er líka sjálfsagt mál, að ráðh. skuli setja reglugerð um þau framkvæmdaratriði, sem ekki er nánar gengið frá í frv.

Um það, að aukningin skuli takmörkuð við ¼ kostnaðar af reglulegu lögregluliði, má segja, að það sé alveg meinlaust. Það er a. m. k. alveg óvanalegt, að það komi fyrir, að kostnaðurinn þurfi að fara fram úr þessu. Þegar ég fór að athuga nánar þetta atriði í l. frá 1933, sá ég, að dómsmrh. getur, að fengnum tillögum bæjarstjórna, fjölgað lögreglumönnum eins og hann telur þörf á. Í því efni hefir dómsmrh. alveg frjálsar hendur, og er ekki farið hér fram á neina breytingu, hversu miklu moldviðri sem þyrlað er upp út af því atriði málsins. Það verður eins, ef sett er þarna, að það megi ekki borga meira en ¼ af kostnaðinum við hið fasta lögreglulið, að hann álítur sig ekki bundinn við það. Dómsmrh. þarf að fá till. bæjarstjórna, en í tveimur tilfellum eða viðvíkjandi tveimur bæjum hefir hann ekki séð sér fært að fara eftir till. bæjarstjórna. Ég álít, að það sé auðsætt mál, ef þarf á lögreglu að halda og öryggi bæjar krefst þess, að haft sé lögreglulið, þó að kostnaður við varalögregluliðið sé orðinn 50 þús. kr., sem mun vera ¼ kostnaðar við hið fasta lögreglulið. Ég býst varla við, að ég sem dómsmrh. eða einhver annar myndi afskrá liðið og segja því að fara heim, þar sem kostnaðurinn væri orðinn ¼ af kostnaðinum við hið fasta lögreglulið, og því yrði öryggi bæjarins að eiga sig.

Vitanlega er þetta ákvæði gagnslaust, því það verður ekki farið eftir því, ef öryggi þjóðfélagsins er í hættu. Það er að því leyti rétt, sem tekið hefir verið fram, að þessa takmörkun, sem verið er að reyna að fara eftir, er ekki hægt að binda sig við, ef öryggi þjóðfélagsins er í hættu.

Það er satt að segja ekki aðeins hlægilegt, heldur er það líka sorglegt, að til skuli vera í okkar þjóðfélagi menn, sem dirfast að halda því fram — enda mun þetta vera eina menningarþjóðfélag nútímans, þar sem slíkt á sér stað —, að hér eigi ekki að vera lögreglulið, sem geti haldið uppi reglu.

Það hafa borizt hingað fundarsamþykktir, sem eru blátt áfram ægilegt sýnishorn af því, hvernig hægt er að blekkja fólk. Það er sjálfsagt einhver áæningur af því, að miðað er þarna við ¼, til þess að hafa það eins og var. Ég álít, að það ákvæði sé meinlaust, því vitanlega myndi enginn dómsmrh. taka á sig þá ábyrgð að fara eftir því, ef öryggi þjóðfélagsins heimtaði annað.

Til þess að sýna, hvað það er talið lífsnauðsynlegt fyrir þjóð að geta haldið uppi lögum og reglu, þá tók ég við 1. umr. dæmi af einni þjóð í Mið-Evrópu, sem var gersigruð og allt var tekið af, en þó var það eitt, sem allir voru sammála um, að þessi þjóð fengi að hafa herlið, 100 þús. manns, til þess að halda uppi reglu í landinu. Sú mesta ógæfa, sem hægt er að leiða yfir eina þjóð, er einmitt stjórnleysi. Það eru þess vegna engin undur, að maður lætur í ljós hryggð sína yfir því, að til skuli vera nokkur maður, sem vill neita íslenzku þjóðinni um það, að geta haldið uppi lögum og reglu, og það skuli vera hægt að telja einhverju fólki trú um, að það sé gæfuvegur fyrir þjóð, að geta ekki haldið uppi lögum og reglu.

Ég mun þess vegna ekki gera það að verulegu ágreiningsatriði, hvort brtt. verða samþ. eða ekki, þar sem 2 brtt. eru þannig, að þau atriði, sem þær vilja fella niður, hljóta að verða tekin upp í reglugerð, því ráðh. verður að ákveða, hvaða útbúnað lögreglan á að hafa. Um 3. atriðið er það að segja, að enginn ráðh. myndi leyfa sér að fara eftir því, ef þjóðfélagið skyldi þurfa á lögregluvernd að halda.

Ég þakka svo n. fyrir, að þetta mál hefir getað fengið afgreiðslu, og ég vonast til, að því verði hraðað gegnum þingið.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég vildi byrja á því að gera þá fyrirspurn til hv. allshn., hvort hún væri sömu skoðunar og hæstv. ráðh., að það hefði engin áhrif á l., þó síðari málsgr. b-liðs falli burt, sem hljóðar á þá leið, að ráðh. sé heimilt að leggja lögreglunni til ákveðinn útbúnað, og ef n. er þeirrar skoðunar, að það hafi engin áhrif, hvort þetta stendur í frv. eða ekki, hver sé þá tilgangur meiri hl. n. með því að gera þessa brtt., að láta þessi orð falla niður. Eftir því, sem hæstv. ráðh. hefir nú sagt, þá er það augljóst, að það er rétt hjá honum, að það er nákvæmlega sama í praksis, hvort þessi brtt. n. verður samþ. eða ekki, þar sem hann hefir lýst því yfir, að hann muni alls ekki fara eftir henni.

Það var annars furðuleg ræða, sem hæstv. ráðh. hélt. Hann lýsti því yfir, að það væri alveg nákvæmlega sama, hvað l. segðu, hann færi ekki eftir þeim. Þetta er nauðsynlegt, hvað sem l. segja, segir hæstv. ráðh., og ég ákveð sjálfur, hvaða útbúnað lögreglan skuli hafa. Ég ákveð líka sjálfur, hvað mikinn kostnað skuli í þetta leggja. Ennfremur sagði hæstv. ráðh.: Það hefir engin áhrif á mig, hvort þessi takmörkun, sem n. leggur til, að verði á kostnaðinum við aukningu lögreglunnar, verður samþ. eða ekki. Ég fer ekki eftir henni, þó l. mæli svo fyrir, að kostnaðurinn megi ekki fara fram úr því, sem l. ákveða. — Þetta voru orð hæstv. ráðh. um þessi aðalatriði í till. n.

Þriðja atriðið, sem hæstv. ráðh. kom inn á, var það, að í núgildandi l. stendur, að ráðh. geti, að fengnum till. bæjarstjórna, aukið lögregluliðið. Hæstv. ráðh. sagði, að það skipti engu máli, hvort þarna stæði að fengnum till. eða ekki, vegna þess, að hann færi yfirleitt ekkert eftir till., svo framarlega, sem þær væru á annan veg en hann áliti nauðsynlegt. Hann nefndi dæmi um það, að hann hefði ekki gert það í sínum embættisrekstri. Hæstv. ráðh. er hér að stæra sig af því, að hann fari ekki eftir l. Og hann lýsir því yfir, að hann muni ekki fara eftir þeim framvegis.

Það er alveg ástæðulaust að vera aftur að fara inn á allan þennan bægslagang hæstv. ráðh. út af því, að fólkið í landinu vill ekki, að honum sé

gefin heimild til þess að auka kostnaðinn við lögregluliðið takmarkalaust og fá einræðisvald yfir henni. Það er ekki einungis ástæðulaust á þessum tímum, heldur er það beinlínis hnefahögg framan í almenning í landinu, að gefið sé slíkt leyfi til að auka lögregluliðið, þegar nauðsynlegt er, að allra ráða sé neytt til þess að hjálpa almenningi út úr þeim þrengingum, sem fyrirsjáanlegar eru á þessum erfiðleika tímum. En út í það ætla ég ekki að fara lengra.

Hæstv. ráðh. hefir ekki komið með eina einustu frambærilega ástæðu fyrir því, að nauðsynlegt sé að setja slíka lögreglu. Hann hefir ekki komið með eina einustu ástæðu fyrir því, að lögregluliðið það, sem fyrir hendi er, sé ekki nægilegt til þess að halda uppi öryggi í landinu. Hann hefir ekki komið með eina ástæðu fyrir því, að tímarnir væru svo breyttir, að þeir gerðu það nauðsynlegt, að slík breyt. verði gerð á lögreglunni og honum gefið slíkt einræðisvald, sem hér er farið fram á.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vil aðeins segja, að ég vil, að það sjáist í þingtíðindunum, að það sé tekið fram, að vitanlega sé mönnum af svona tegund eins og sá, er síðast talaði, er af, alls ekki svarað.

***Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Það eru aðeins örfá orð. Mér skildist það koma fram í ræðu hv. 11. landsk., að n. vilji fella niður það, sem stendur í frv. um námskeið fyrir lögreglumenn, en það er misskilningur. (MG: Það var ekki ég). Þá hefi ég misskilið hv. þm. En það er ekki hróflað við því ákvæði í 9. gr. eftir till. n. Það stendur óhaggað.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég vildi ítreka þá fyrirspurn, sem ég gerði til meiri hl. allshn., hvort hún væri sömu skoðunar og hæstv. ráðh., að það skipti engu máli, hvort brtt. hennar verði samþ. eða ekki.

ATKVGR.
Brtt. 417,1 felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, PZ, SÁÓ, BrB, ErlÞ, IngP.
nei: MG, MJ, PHerm, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, HermJ, EÁrna.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 12:3 atkv.
Brtt. 417,2 felld með 9:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 417,3.a felld með 9:5 atkv.
— 417,3.b felld með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BrB, ErlÞ, IngP, PZ, SÁÓ.
nei: ÁJ, BSn, HermJ, JJ, MG, MJ, PHerm, ÞÞ, EÁrna.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
3. gr. samþ. með 11:3 atkv.
Brtt. 417,4 felld með 9:5 atkv.
4. gr. samþ. með 10:3 atkv.
5.—6. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:3 atkv.

Á 84. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 3. umr.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 454) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég get fyrir mitt leyti lýst því yfir, að ég get fallizt á þessar brtt. til samkomulags.

ATKVGR.
Brtt. 454,1 samþ. með 9:3 atkv.
— 454,2 samþ. með 9:5 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, MG, MJ, PHerm, PZ, SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, HermJ, IngP, EÁrna.
nei: BrB.
ErlÞ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (JJós) fjarstaddur.
Frv. afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., 15. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 455).

Á 85. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Ég hafði búizt við því, að hæstv. dómsmrh. myndi hafa hér framsögu þegar frv. þetta væri flutt í Nd., en þar sem sýnt er, að það muni ekki verða, hygg ég, að þm. verði sjálfir að rekja málið. Fyrir þá hv. þm., sem vilja um þetta mál hugsa, þarf ekki að leiða að því mörg rök, hvert stefnir með því.

Með frv. er stefnt að því, að gefa dómsmrh. meira vald yfir mönnum og fé en nokkur einstakur maður hefir haft hér á landi. Samkv. því hefir dómsmrh. rétt til þess að fjölga lögreglumönnum — þótt í frv. sé það nefnt varalögregla — eins og honum þóknast; hann getur útnefnt lögreglumenn þar, sem þeir hafa ekki verið áður, hann má flytja lögregluliðið til á landinu eftir vild sinni, hann ákveður útbúnað þessarar lögreglu, og í síðasta lagi má hann verja til þessa fé úr ríkissjóði svo að segja ótakmarkað. Að vísu hefir sú breyt. verið gerð á frv. í Ed., að kostnaður megi ekki vera hærri en sem nemur ⅓ af kostnaði við hina reglulegu lögreglu, en hinsvegar hefir hæstv. dómsmrh. lýst yfir því, að hann muni ekki að neinu leyti taka tillit til þessa ákvæðis, en verja til þessa fé ríkissjóðs eins og honum þóknist. Hann hefir ennfremur lýst yfir því í Ed., að hann muni ekki taka tillit til þeirra breytinga, er gerðar kunni að verða á l., heldur muni hann útbúa lögregluna eins og honum þóknist, hvað sem Alþ. kynni að samþ. í því efni. Er því auðséð, á hvern hátt ráðh. býst til að nota þetta vald, sem honum er fengið í hendur með frv. Með frv. virðist að því stefnt að gera einn mann hér að nokkurskonar einræðisherra, sem hefir vald til þess að auka lögregluna að eigin geðþótta, vald til þess að útbúa hana hverjum þeim tækjum, er honum þóknast, — og er þá ekki einnig hætta á, að þetta vald kunni að verða misnotað?

Með því að ég sé, að deildin er svo vel

skipuð, að hægt er að ræða við menn af skynsemi um þetta mál, þar sem flest það lið, er ekki tekur á móti rökum, er farið út, vil ég rekja málið ýtarlega og deilur þær, er orðið hafa í sambandi við það áður. — Það er þó ekki sérstök þörf að fara inn á umr. um varalögreglu á Alþ. 1925, þar sem hv. 1. landsk. (BrB) hefir gert það mjög ýtarlega í Ed., er frv. var þar til umr. En í því sambandi kom greinilega í ljós afstaða Framsfl. og Alþfl., sem frá upphafi voru mótfallnir slíkri varalögreglu. En eftir að þessi tilraun mistókst 1925, að efla vald burgeisastéttarinnar með varalögreglu, er beita mætti gegn verkalýðnum í vinnudeilum, tókst sameinaðri ríkisstjórn framsóknar og íhalds árið 1932, þegar kreppan var hvað tilfinnanlegust, að koma á varalögreglu, og þessi varalögregla kostaði, svo sem menn muna, á einu ári um 400 þús. kr.

Þetta þótti þá af hinum svokölluðu vinstri flokkum í landinu ósvífni í garð Alþingis, og hæstv. núv. dómsmrh. (HermJ) afhjúpaði við síðustu kosningar gerræði, er þáv. dómsmrh. (ÓTh) ætlaði að hafa í frammi, sem sé fyrirhugaða fangelsun helztu forvígismanna verkamanna í Reykjavík.

Fyrir kosningarnar 1934 var það eitt aðaláhugamál vinstri flokkanna, sérstaklega Alþfl., að fá varalögregluna afnumda, og í 4 ára áætluninni, sem gefin var út af Alþfl. og leggja átti til grundvallar, ef sá flokkur hefði aðstöðu til þess að hafa áhrif á ríkisstjórn, var eitt af atriðunum að fá varalögregluna afnumda. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa 36. gr. áætlunarinnar, og er hún svo hljóðandi: „Að afnema ríkislögregluna í vísu trausti þess, að unnt sé að stjórna þessari friðsömu þjóð með þeirri mannúð og því réttlæti, að úr engum deilum þurfi að skera með hernaði og ofbeldi.“

Þetta voru þá rök Alþfl. fyrir því, að afnema bæri varalögregluna; þau rök voru mjög rétt og standast enn í dag. Ég geng út frá því, að með flutningi þessa frv. á Alþingi hafi þeir, sem að því standa, og þá fyrst og fremst hæstv. dómsmrh., viðurkennt, að nú sé ekki lengur meiningin að stjórna þessari friðsömu þjóð með mannúð og réttlæti, og því þurfi nú að stofna ríkislögreglu. Enda er það auðséð á þeim lögum, sem samþ. hafa verið á síðustu þingum, og frumvörpum þeim, sem fyrir þessu þingi liggja, að meiningin er að þurrka út það, sem á undanförnum áratugum hefir komizt inn í íslenzku löggjöfina af mannúð og réttlæti. Þetta hafa valdhafarnir gert sér ljóst, og fyrir því þurfa þeir á ríkislögreglu að halda.

Ég ætla ekki að rekja í löngu máli það, sem gert hefir verið í þessu efni undanfarið; ég vil aðeins minna á, að búið er að svipta verkalýðinn á Íslandi rétti til þess að ráða kaupgjaldinu sjálfur, að búið er að draga stórkostlega úr því öryggi, sem sjómenn, er atvinnu hafa við siglingar, áttu að hafa, og að ráðgert er með nýju frv. að draga enn meira úr þessu öryggi. Á sama tíma hafa togaraeigendur, þessir volduugustu menn í landinu, verið gerðir skattfrjálsir eins og aðallinn í Frakklandi í gamla daga. Með lögum er nú stefnt að því, að innleiða sveitarflutninga á ný, en samtímis gera valdhafarnir ráðstafanir til þess að hindra alþýðu manna í því að skapa sér atvinnu, svo sem í bæjarfélagi, þar sem alþýðuflokksmenn eru í meiri hluta, þar sem bannað hefir verið að reisa verksmiðju til aukningar atvinnunni.

Þannig er lögum ríkisins beitt til þess að hindra alþýðuna í því að bjarga sér, svipta hana mannréttindum, og kúga hana svo, þegar búið er að svipta hana öllum bjargráðum, til þess að þola það, að menn séu fluttir eins og gripir hvert á land sem þriggja manna nefnd þóknast að vera láta, vinna hverja þá vinnu, er hún velur þeim, og fyrir hvaða kaupgjald, sem henni þóknast.

Það er því ekki nema eðlilegt, þegar svona frv. eins og „höggormurinn“, framfærslulögin og gengislögin eru fram komin, að ríkislögreglan komi á eftir.

Ég geri ekki ráð fyrir, að núv. þm. Alþfl. hafi rænu á því að taka til máls, og vil ég því minna á ummæli Haralds Guðmundssoar, er hann viðhafði, þegar flokkur hans dró ráðh. úr ríkisstj., — að ef svona ætti að halda áfram, yrðu valdhafarnir að koma upp ríkislögreglu. Nú hefir verið haldið áfram á þeirri sömu braut, sem gengið var inn á 20. mars 1938, þegar gerðardómur í sjómannadeilum var barinn í gegn, og rökrétt afleiðing af því er framkoma þessa frv. Það er fram komið vegna þess, að valdaklíkan óttast um álit sitt hjá þjóðinni, vegna þess að hún hefir svikið allt, er hún lofaði henni við síðustu kosningar, og þorir ekki að leggja málin undir dóm þjóðarinnar. Þessi valdaklíka, sem veit á sig sökina, grípur nú til ofbeldis til þess að halda völdum. Enda er þetta auðséð, þar sem dómsmrh. gengur út frá að misnota það vald, sem honum væri fengið, ef frv. yrði að lögum, þar sem hann hefir lýst yfir því, að hann myndi beita ákvæðum þess eins og honum þóknast. Það eru líka hæg heimatökin fyrir hann að fara að dæmi annars ráðh., er með honum situr í stj., að gefa út bráðabirgðalög til þess að geta beitt ofbeldi. Það er ekki nóg, að mannúð og réttlæti eigi að vikja úr íslenzkri löggjöf, að svo miklu leyti sem það hefir verið þar til. Í 4 ára áætlun Alþfl. er tekið fram, að það ætti að vera hægt að stjórna þessari friðsömu þjóð. Á þeim tímum bar á nokkrum óróa, og skarst þá í odda milli hinni kúguðu stétta þjóðfél. og valdhafanna. Nú hefir hinsvegar að undanförnu verið alveg sérstaklega rólegt og ekki komið til neinna átaka, sem jafnast á við þá baráttu, sem var 1932, 1933 og 1934. Þess vegna er engin átylla til fyrir þá menn, sem flytja þetta frv., lík þeirri, sem burgeisastéttin kom með 1933. Nú geta þeir menn, sem með þessu frv. standa, ekki fært neitt annað fram en það, að þeir ætli sér að fremja ódæðisverk gagnvart íslenzkri alþýðu — sem sagt, það á að byrgja brunninn áður en barnið er dottið niður í hann. Um leið og samúðin er þurrkuð burtu á að stofna til ódæðisverka og tryggja ríkisstj., að hún geti undirbúið sig þannig, að henni sé fært að brjóta á bak aftur, með hvaða tækjum, sem þykir við þurfa, þó það séu byssur eða eiturgas eða annað slíkt, hvaða mótspyrnu, sem kynni að koma frá

íslenzkri alþýðu. Það er þess vegna vitanlegt, að með þessu frv. er beinlínis stefnt að því, að koma á hér á landi meira einræðisvaldi heldur en hér hefir þekkzt frá því Danakonungar fóru hér með völd.

Það hafa verið flutt hér á Alþingi frv. um að bæta kjör alþýðunnar, en þau hafa venjulega verið svæfð í n. strax og þau komu þangað, og ef þau hafa komizt lengra, þá hafa þau mætt þeirri mótbáru, að engir peningar væru til til þess að gera svona lagað fyrir fólkið, eins og farið er fram á í slíkum frv. Þegar hinsvegar þetta frv. um aukningu lögreglunnar er flutt, er ekki einn einasti þm., að undanteknum sósíalistum, sem malda í móinn um það, að hér sé verið að ausa fé ríkissjóðs takmarkalaust. Enginn talar á móti slíku, — ekki einu sinni þeir, sem vilja spara, hreyfa legg eða lið, hvað þá opna munninn, þegar farið er fram á það, að dómsmrh. fari með fé ríkisins eins og honum þóknast, til þess að undirbúa lögregluna eins og hann vill og fjölga henni eins og honum þóknast. Svo bundnir eru flestir þm. orðnir á klafa þeirrar ríkisstj., sem nú situr við völd, að þeir þora ekki á móti að mæla, af ótta við það, að dómsmrh. fari sínu fram, hvað sem þingið samþ., og þessir menn, sem svona standa í stöðu sinni, þykjast vera að halda uppi lýðræðinu í landinu. Það er þess vegna auðséð, að með þessu frv. er stefnt að því, að gera ofbeldistækin nægilega sterk til þess, að hægt sé að meðhöndla alþýðuna eins og þá langar til. Í þessu frv. kemur fram hin slæma samvizka þjóðstj., þeirrar stj. sem veit, að hún hefir svikizt að þjóðinni og notað það vald, sem henni er gefið, til þess að rýja þau réttindi af þjóðinni, sem hún hefir haft.

Þjóðstj. er nú að vakna til meðvitundar um það, að það er svo mikið manntak í íslenzku þjóðinni, að hún ætlar ekki að þola slíkt óréttlæti. Þess vegna á nú að útbúa ríkislögreglu, og hún er sprottin af hinni slæmu samvizku þeirra manna, sem beita sér móti vilja þjóðarinnar og ætla að kúga hana með ofbeldi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18:2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 455, n. 524).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Thor Thors):** Allshn. hefir haft þetta mál til athugunar og borið það saman við gildandi l. um þetta efni.

Eins og kunnugt er, felur frv. í sér nokkrar breyt. á l. um lögreglumenn, sem sett voru 1933, — það eru aðallega tvær breyt., sem um er að ræða.

Í fyrsta lagi heimild til að auka varalögregluna. Í gildandi l. er dómsmrh. heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að auka við lögregluna varalögreglumönnum, en hann þarf þó að leita til þess samþykkis bæjarstj., og þó eru nokkrar skorður settar fyrir því, hve mikið ríkissjóður borgi af þeim kostnaði. Frv. fer fram á þá breyt., að dómsmrh. ráði, hvenær varalögreglan sé stofnsett, en framlag ríkissjóðs er takmarkað við ⅓ af öllum kostnaði við lögregluliðið. En samkv. gildandi l. er það ¼ kostnaðar.

Þá er hin aðalbreyt. sú, að senda má lögreglu til starfa hvert sem er á landinu, ef þörf þykir. Allshn. telur nauðsyn á, að jafnan sé séð fyrir, að nægilegt lögreglulið sé til verndar þjóðfélaginu og borgurunum, hvenær sem þörf er. Og það verður að teljast einn af hyrningarsteinum hvers þjóðfélags, að bak við löggjöfina sé vald til þess að halda uppi lögum og lögvernd, og við teljum, að betur sé séð fyrir því með þessu frv., ef að l. verður, heldur en með gildandi l. Og allshn. leggur einróma til, að frv. verði samþ.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Hv. allshn. hefir skilað hér stuttu og laggóðu nál., þar sem hún segir, að n. telji þessa aukningu til bóta, enda sé nauðsyn á öryggi fyrir þjóðfélagið og borgara þess og að þeim sé búin fyllsta vernd. Ég vil þá spyrja hv. allshn., hvar það komi fram, að ríkisvaldinu og borgurum þess sé ekki búin fyllsta vernd með þeirri lögreglu, sem nú er. Það hafa ekki í umr. um þetta mál verið færð nein rök fyrir þessu, að ekki væri nægilega séð fyrir vernd borgaranna og ríkisvaldsins. Það virðist því vera sú minnsta krafa, sem hægt er að gera til þeirra flm., sem flytja þetta frv., eða þeirrar n., sem fjallar um þetta mál, að þau nefni einhver dæmi sínu máli til stuðnings eða komi með rök fyrir því, að sú lagasetning, sem hér er farið fram á, sem felur í sér útgjaldaaukningu fyrir ríkið, sem hér er gengið út frá, og það mjög aukna vald, sem þarna er gefið, sé nauðsynlegt. Ég vildi, að það kæmi skýrt fram, hvernig þetta réttlættist og hvað það væri, sem útheimti það. Mér þætti þess vegna gaman að heyra, hvar það hefði sýnt sig síðustu 5 árin, að núv. lögregla hefði ekki nægt til þess að halda uppi lögum og reglu hér í landi. Nú er það ennfremur vitað, að í núgildandi l. er leyft að auka lögregluna fram yfir það, sem nú er, en það þarf bara til þess samþykki bæjarstj., eða í öðru lagi, það er hægt að flytja lögreglu til, en það þarf til þess samþykki viðkomandi bæjarstj.

Hvaða ástæður liggja nú fyrir um það, að bæjarstj. eða sýslumenn myndu ekki veita slík leyfi, ef þörf krefur. Hvaða dæmi hafa hér verið færð fyrir því, að bæjarstj. gæti ekki haldið þannig uppi reglu, að aðstoða ríkisvaldið til þess að halda uppi l. og rétti í landinu. Hv. þm. Snæf. nefndi ekkert dæmi um það í sinni ræðu, að bæjarstj. hefðu neitað að verða við þessu. Hinsvegar fer frv. fram á, að dómsmrh. sé þarna gefið jafnvel ótakmarkað vald til þess að flytja til lögregluna eins og honum þóknast, útbúa hana þeim vopnum, sem hann vill, og fjölga henni eins og honum þóknast, því hann hefir valdið í sínum höndum samkv. frv., ef að l. verður.

Ég held, að sú n., sem falið er að athuga frv., ætti að athuga allt þetta, og þá líka frá fjár-

hagslegu sjónarmiði. Maður hefði nú getað búizt við, að n. hefði líka litið ofurlitið á það sjónarmið, þar sem sérstaklega hefir verið talað um það undanfarna daga, að ekkert frv. mætti afgr., sem hefði kostnað í för með sér, nema komizt hefði verið að samkomulagi við fjvn. um það, hve mikið mætti áætla í sambandi við kostnað af slíku frv. og framkvæmd þess, þegar það yrði orðið að l., á fjárl. Það var talað um þetta í sambandi við þau friðindi, sem sjómenn áttu að fá, að nokkru leyti í sambandi við jöfnunarsjóð viðvíkjandi hlutarráðningu. Ennfremur í sambandi við eyðingu svartbaks og hrafns, hve gífurleg útgjöld þetta mundu verða. En þegar um er að ræða ríkislögregluna, þá er ekki verið að tala um peninga, þá er nóg til af þeim, þá þarf ekki að spara. Að ég ekki tali um, hvernig eigi að friða þessa og þessa fugla og hreindýr, þá er ekki verið að tala um, hvernig eigi að friða mennina gagnvart gerræði valdhafanna, eða misbeitingu valds af hálfu lögreglunnar, eins og einstakir menn og félög hafa orðið fyrir í okkar þjóðfélagi.

Ég álít því, að n. hafi staðið mjög illa í stöðu sinni að því er snertir rannsókn á þessu frv. Hún reynir þvert á móti að breiða yfir þá hættulegu stefnu, sem tekin er, með því að dylja, hve mikið gerræðisvald er fengið í hendur dómsrh., og hindrar það, að tekið sé eftir því, hvílíkt fjárveitingarvald dómsmrh. er fengið þarna í hendur, og reynir að leyna þjóðina því, hvernig verið er með þessu að leyfa honum að koma hér upp her í landinu, þegar honum þóknast, og beita honum næstum eins og hann vill. Ég álít þess vegna, að þetta frv. sé að öllu leyti eins slæmt eins og það var hér við 1. umr. En þar sem ég sé ekki, að til neins sé að koma með brtt. við frv., mun ég greiða atkv. á móti frv. í heild.

En ég vil vekja athygli hv. þm. á því nú þegar, að það hafa komið mjög mörg mótmæli gegn frv. frá félögum og fundum utan af landi. En það hefir ekki heyrzt ein einasta rödd utan valdaklíkunnar í landinu, sem álíti þörf á þessum l. Það hefir enginn borgari óskað eftir þeim.

Það vald, sem dómsmrh. er veitt með þessu frv., ef að l. verður, er meira en nokkrum manni á Íslandi hefir áður verið veitt. Og það einmitt þegar svona stendur á í þjóðfélaginu, að meiri hætta er á, að því valdi verði beitt en nokkru sinni fyrr, þegar fyrir liggur yfirlýsing frá dómsmrh. um það, að honum detti ekki í hug að fara að l. t. d. hvað kostnaði viðvíkur, sem af því leiddi, heldur muni hann gera það, sem honum þóknast.

Ég álít því, að af hálfu þeirrar n., sem með þessu frv. mælir, hafi engin rök komið fram, sem mæli með því, en það sé beinlínis stefnt að því að skapa meira gerræði einstakra valdhafa hér í landi og gefa þeim meira vald til þess að koma slíku fram heldur en hér hefir verið um marga áratugi.

*Ísleifur Högnason: Ég vil lýsa afstöðu minni til þessa máls. Ég er algerlega á móti frv., ekki eingöngu vegna þess, að ég álít, að þessi l. séu hættuleg fyrir verkalýðinn í landinu, því ef að l. er farið, má ekki nota þetta lögreglulið gagnvart verkalýðnum, enda er aukningin ekki svo mikil; t. d. í Vestmannaeyjum yrði það einn maður, og það gerir hvorki til né frá. En það er ákaflega hætt við, ef þeim ákvæðum frv. væri beitt, að flytja lögreglulið milli staða, að það yrði til þess að egna til óeirða og slagsmála úti um land. Hér í Reykjavík er 60—70 manna lögreglulið, og það ætti að mega senda til annara landshluta, þar sem óánægja væri með stjórn valdhafanna, og þá er ekki óliklegt, að gerðust alvarlegir hlutir.

Fyrir skömmu fjölgaði þingið ráðherrunum úr 3 og upp í 5. Ég geri ráð fyrir, að ef þetta samstarf á að haldast, þá hafi þeir tilhneigingu til að koma fleiri bitlingadýrum á spenann, og þá gæti það verið sú ástæðan að koma þessu frv. í framkvæmd, um aukningu ⅓ til þess að vernda borgarana, og lögregluliðið sé í réttu hlutfalli við aukningu bitlinganna.

Það eru nú 14 ár síðan frv. um ríkislögreglu var borið hér fram á þingi. Þá voru framsóknarmenn undantekningarlaust, að ég held, og alþýðuflokksmenn líka á móti því frv. Á þessum árum hafa orðið miklar breytingar á hugsunarhætti þeirra, sem eiga að hafa forustu um hagsmunamál flokkanna, og því ekki annars að vænta en að þessir menn snúi sér eins og þeir hafa gert síðan síðustu kosningar gegn hagsmunamálum fólksins og með hagsmunamálum yfirstéttanna.

Ég mun verða á móti þessu frv. til 3. umr. Og þó að ég geri ekki ráð fyrir, að það hafi áhrif á úrslit málsins innan þessara sala, þá mun þjóðin ekki gera sér það að góðu, að þessi og þvílík l. standi, heldur afnema þau, og framkvæmd þeirra mun ekki standa lengur en til næstu kosninga.

*Einar Olgeirsson: Herra forseti! Í sambandi við það, sem hv. 5. landsk. minntist á, að ekki mætti beita lögreglunni í sambandi við kaupdeilur, þá vil ég vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. sagði, að ekki mætti nota lögregluna í sambandi við kaupdeilur, sem er samkv. 4. gr. l. nr. 92, um lögreglumenn. En sú gr. er afskaplega teygjanleg, því að þar stendur: „Lögregluna má ekki nota til þess að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annarstaðar friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.“

Í verkföllum er vanalega settur verkfallsvörður um vinnustaðinn. Atvinnurekendur reyna oft að beita verkfallsbrjótum, það er það venjulega, sem veldur óeirðum, að átök verði milli verkfallsvarða og verkfallsbrjóta. Nú á lögreglan, eftir þessum fyrirmælum, að halda uppi friði og afstýra skemmdum og vandræðum. Hvað þýðir svo það? Að lögreglan getur verndað verkfallsbrjóta í sínum störfum til þess að afstýra meiðslum, skemmdum og vandræðum. Á þennan hátt er hægt fyrir hverja stj. sem er að skipta sér af vinnudeilum eins og henni þóknast, — hún sendir bara lögregluna til þess að afstýra meiðslum og vandræðum, því að það má teygja þetta ákvæði ákaflega mikið; sérstaklega er þess að vænta í sambandi við ummæli dómsmrh.,

að hann hiki ekki við að brjóta l., ef þörf krefum að hans áliti. Nú er verkalýðnum bannað að knýja fram kauphækkun með verkföllum. Og meðan þetta þing hefir setið í nærri tvo mánuði, þá hefir engin till. fengizt afgr. um að verða við þeirri sjálfsögðu kröfu verkalýðsins að hækka hans kaup í hlutfalli við dýrtíðina í landinu. Alþingi hefir legið á bráðabl., sem gefin voru út um þetta, — þau eru ekki komin til 2. umr. í fyrri d. og breyt. við gengisl. er ekki farið að ræða enn. Og frv. um að tryggja verkalýðnum réttlæti á þessu sviði hefir ekki komið frá n.

Það kemur greinilega í ljós í helztu málgögnum stj., að það er meiningin að halda niðri kaupinu eins og framast er vogandi fyrir ríkisstj., og líka að reyna að banna, að hækkað verði kaup 1. apríl næsta ár. Það er því mjög líklegt, að ólögleg verkföll verði gerð á næsta ári. Þá eru það náttúrlega vinnudeilur, sem dómsmrh. myndi álíta, að hann yrði að skipta sér af. Það liggja fyrir miklar breyt. á vinnulöggjöfinni, enda hefir þá, sem settu hana, ekki órað fyrir því, hvað út úr henni gæti komið og hvaða skilning mætti leggja í hana, því þó að verkalýðurinn reyni að fara eftir henni, þá er hægt að finna marga agnúa á henni vegna þess, hve henni var hroðað af. Og þótt verkalýðurinn leggi sig í framkróka um að verkföllin séu lögleg, má eftir l. segja, að þau séu ólögleg, — sérstaklega er hætt við, að dómsmrh. telji þau ólögleg og sendi lögregluna á staðinn.

Þetta frv. og hvað því er hraðað gegnum þingið og hvað allir þm. eru handjárnaðir, svo að ekki einn einasti þm. innan stjfl. þorir að segja nokkurt orð um þetta; það bendir til þess, hve nauðsynlegt verkfæri þetta er fyrir valdaklíkuna í landinu og hve slæm samvizka stj. er út af því, sem hún hefir gert og hún ætlar að gera vegna sinnar slæmu samvizku, og þess vegna sé nauðsynlegt fyrir hana að skapa annað eins ofbeldistæki í landinu og þetta er. En það voru forsendurnar hjá Alþfl., að Framsfl. lýsti því yfir, að hann ætlaði að afnema ríkislögregluna 1934, og það ætti að vera hægt að stjórna okkar fámennu þjóð með þeirri mannúð og því réttlæti, að ekki þyrfti á her og ofbeldi að halda.

Þessir flokkar, sem nú hafa snúizt í hring í allri afstöðu sinni til þessa máls, hafa sjálfir ekki fært fram nein rök fyrir þessum hringsnúningi sínum. Þeir reyna ekki að koma fram fyrir þjóðina til að rökstyðja þetta. Ég skil það vel, að þeim finnst þögnin fara þeim bezt til þess að dylja, hvernig þeir hafa brugðizt því, sem þeir 1934 og 1937 stærðu sig mest af. Hv. þm. Seyðf. sagði um kosningarnar 1937, að eitt af því dýrmætasta, sem Alþfl. hefði fengið, væri það, að ríkislögreglan var afnumin, og það eitt út af fyrir sig hefði getað réttlætt stjórnarsamvinnuna 1934—1937. Nú ætlar Alþfl. auðsjáanlega að vera með að koma henni á aftur í enn verra formi en nokkru sinni áður, og hans paulsætni ráðherra ætlar enn að vera kyrr í sæti sínu, hvernig sem óánægjan ólgar hjá flokksmönnum hans út af svikunum við stefnu flokksins og yfirlýsingar hans við síðustu kosningar.

Ég skal svo láta máli mínu lokið við þessa umr. málsins.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17:3 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 17:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 90. fundi í Nd., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

*__Einar Olgeirsson:__ Ég ætla aðeins að lýsa eftir því við þessa umr., hvort nokkur hv. þm. hefir nokkur rök fram að færa fyrir því, að þetta mál sé nauðsynlegt, eða hvort nokkur vildi sýna fram á, hvað það væri, eins og nú er ástatt í þjóðfélaginu, sem réttlætti það, að fjárveitingavaldið sé að miklu leyti afhent einum manni í ríkisstj. og stofnað til þeirra vandræða, sem fyrirsjáanlegt er, að þetta mál muni leiða af sér. Þetta mál hefir verið pískað gegnum allar umr. hér í hv. d. með afbrigðum, án þess að nokkur hv. þm. hafi treyst sér til að mæla með því á nokkurn hátt. Ég vil því enn skora á þá hv. þm., sem ætla sér að samþ. þetta frv., að gera grein fyrir því, af hvaða ástæðum þeir gera það.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Það er kunnugt, að það er af almenningi litið af mikilli tortryggni á allar tilraunir, er nokkrir ráðh. hafa í seinni tíð gert til þess að auka lögregluna stórkostlega — ekki af því, að menn séu ekki samþykkir því að hafa nægilegt lögreglulið, heldur af hinu, að ekki verður séð, hver þörf er á slíkri auknингu lögreglunnar eins og hér er farið fram á. Hér standa saman þrír stjórnmálaflokkar að því að koma þessu frv. fram, og á því hefir verið gerð aðeins óveruleg breyting í Ed., þannig, að ekki á að vera hægt að verja til lögreglunnar ótakmörkuðu fé, en jafnframt hefir þó hæstv. dómsmrh. lýst yfir því, að hann muni ekki fara eftir þessu, ef honum virðist þörf á öðru, heldur muni hann nota fé eins og honum sýnist. Þá hefir orðinu tæki verið breytt í útbúnað, en sú breyting þýðir engan veginn, að dómsmrh. geti ekki vopnað lögregluna eftir sem áður, enda hefir það verið gert, og er hann fyrsti ráðh., sem hefir útvegað lögreglunnni vopn, bæði skotvopn og önnur. Nú er það á hans valdi að ákveða, hvenær þau skuli notuð, án þess að þurfa að bera það undir stj. í heild. Nú hefir ekki orðið vart við það, að ránsflokkar eða þjóðaflokkar væðu hér svo uppi, að þörf væri á vopnaðri lögreglu. Ekki hefir heldur verið svo mikið um siðferðisbrot, smygl eða brugg, að núverandi lögregla fengi ekki ráðið við það. Það hefir aldrei verið kvartað um það hér í höfuðstaðnum, að lögreglan væri ekki fær um að rækja sitt hlutverk, svo sem að sjá um umferðina á götunum. Því verð ég að spyrja eins og aðrir, hvaða þörf sé á því að verja svona miklu fé til aukinnar lögreglu. Samkvæmt heimildinni má eyða 150—200 þús. kr. til lögreglunnar, og af manni með skapgerð hæstv. dómsmrh. er við því að búast, að hann noti hana.

Slík frv. sem þessi hafa jafnan komið fram, er ríkisstj. hafa talið sig valtar í sessi. Og þegar núv. stj., sem hefir nær allt þingið á bak við sig, leggur fram slíkt frv., bendir það alveg sérstaklega til þess, að hún muni ekki telja sig örugga.

Ef litið er á okkar sögu síðan við fengum fullveldið, þá ber ekki á því, að ríkisvaldið hafi ekki getað notið sín. Hvað er það þá, sem rekur á eftir hæstv. dómsmrh. að berja þetta mál fram, enda þótt hann viti, að hann hefir meiri hl. þjóðarinnar á móti sér í þessu máli? Því að frv. hefir hvarvetna verið mótmælt sem hótun gegn verkalýðnum, enda er það ekkert annað en þvílík hótun.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að vinnudeilurnar voru á bak við ástæða til þess, að hæstv. ráðh. flutti þetta mál, án þess að segja, að lögreglan hafi átt að beita valdi á nokkurn hátt. Upp úr vinnudeilunni 9. nóv. varð lögreglufrv. Jóns Þorlákssonar að lögum. Engum mun eins kunnugt um það og hæstv. ráðh., að bardaginn þá var fyrst og fremst af völdum lögreglunnar. Þetta varð til þess, að ýmsir menn, sem reyndu að bera hönd fyrir höfuð sér, urðu fyrir áverka. Til slíkra atburða hefði aldrei leitt, ef verið hefði sú lögreglustjórn, sem menn höfðu búist við. Áverkarnir urðu af því, að í lögreglustjórninni var maður með skapgerð, sem hæstv. ráðherra vill hafa. Það sama endurtók sig með Hafnarfjarðardeiluna í vetur. Þar var ekki um annað að ræða en gert var verkfall, vegna þess að taka átti í vinnu þá menn, sem reyndust verkfallsbrjótar. Þá var ráðh. ekki seinn til og fór að skipta sér af þessari vinnudeilu. Hann sagði, að hún væri ólögleg og sér væri skylt að senda þangað her manna. Hann gerði sem hann gat, kallaði saman varalögreglu, og sendi svo varðskipið Ægi alvígbúið, til þess að herja á verkafólkið í Hafnarfirði og ná yfirhöndinni. En honum heppnaðist það ekki, liðið var of lítið og almenningsálitið þannig, að honum tókst ekki að safna því liði, sem til þurfti. Það, sem bjargaði í þessu tilfelli tilraun hans til að kúga fólkið, var almenningsálitið. En með þessu frv. á að koma upp það miklu varaliði, að ráðh. geti breytt eftir sinni skapgerð óhindraður. Tveir flokkar þingsins, sem áður voru í andstöðu, hafa sameinazt um þetta frv. vegna þjóðstjórnarinnar. Þetta er eitt dæmi um það, hvernig þjóðstjórnin verkar á þingið, og hvernig flokkarnir geta komið málum sínum fram. Til þess að spilla ekki friðinum á heimilinu, eru allir sammála, þó að sumir þeirra séu í raun og veru á móti því. Nú er það kunnugt, svo að ég taki aðeins annað atriðið, hvaða ástæða lá á bak við hjá dómsmrh., þegar hann sagði, að í Hafnarfirði hefðu verið róstur og upphlaup í sambandi við vinnudeiluna. 9. nóv. urðu engar uppreisnir, en það látið í veðri vaka af dómsmrh., til þess að lögregluliðið gæti beitt vopnum sínum. Við slík tækifæri er aðeins ástæða til þess að þetta vopnaða lið geti látið til sín taka, og annaðhvort væri, þó það tækifæri væri notað. Þetta frv. virðist því hafa eingöngu þann tilgang, að geta stöðvað vinnudeilur, þegar dómsmrh. finnst þess þurfa, hvernig sem mótstaðan er, ef ráðh. finnst það skaða pólitíska afstöðu sína eða síns flokks. Ég vil líka benda á eitt atriði í þessu frv., að í stað þess, að áður var talað um það sem varalið, sem hægt var að greiða þóknun fyrir unnin verk í þágu lögreglunnar, þá er nú gengið út frá fullum launum til þessara manna. Það er varaliðið aðeins að nafninu til, því ráðh. getur sent það hvert á land sem er.

Í 1. eins og þau eru nú er ákvæði um, að ekki megi senda varalið á aðra staði en þá, sem samþykki bæjarstjórnar hefir fengizt til. En hér er algerlega horfið frá þessu ákvæði, heldur á ráðherra að stjórna þessum herferðum til sjós og lands. Þegar ráðh. sendir þetta varalið út á land með skotvopn og táragas og annað, sem hann hefir aflað handa því, án samþykkis viðkomandi bæjarstj., má líta svo á, að þetta sé bein innrás af hálfu ráðh. á þessa staði. Ég hygg, að slíkt muni ekki verða til þess að efla friðinn í landinu. Þá má líka geta þess, að í lögreglustjórnina eru teknir menn með skapgerð eins og hæstv. dómsmrh., en hafa ekki næga lagaþekkingu til þess starfs. Þetta er gert móti ráðum háskólans, því eftir hans fyrirmælum, þarf að hafa lagaþekkingu til þess að stjórna vopnuðu liði.

Ég þykist vita, að ekki sé til mikils að tala við hv. þm. þjóðstjórnarinnar um þetta mál, en ég vildi þó, áður en þetta frv. verður að l., lýsa því yfir, sem er mín skoðun, að annaðhvort hefir þetta frv. í för með sér stórkostlega sóun á fé ríkisins, eða það verður til að efla ófriðinn í landinu.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég álít, að þetta frv. sé ekki svo stórvægilegt, að það þurfi skýringar við. Þó að hv. síðasti ræðumaður virtist vera búinn að gleyma afstöðu annara þm. til hans flokks, eru þó einstaka atriði í ræðu hans, sem mig langar til að leiðrétta, aðeins til að sýna hugsunargang þessara manna:

Breytingin á l. er sáralítil. Þegar l. frá 1933 voru samþ., lét þessi sami hv. þm. þau orð falla í þinginu, að þetta myndi leiða til þess, að lögreglan vísaði þm. burtu af Alþingi. Með þeim l. var sköpuð hér ríkislögregla og tekið það skref í málinu, sem þetta frv. er aðeins leiðrétting á. Í því frv. voru ákvæði, sem gáfu dómsmrh. alveg eins mikið vald og þetta frv. Samkv. þeim l. var þessum ógurlega dómsmrh. heimilt að nota varðskipin, þegar með þurfti. Í öðru lagi hefir ákvæðið um, að 2 lögreglumenn skuli koma á hverja þús. íbúa, aldrei verið notað að fullu. Í þriðja lagi myndi heimildin til að stofna varalögreglu aldrei hafa verið notuð, ef ekki hefði komið til óeirða. Það, sem farið er fram á í þessu frv., er ekki, að dómsmrh. fái meiri völd. Aukning lögreglunnar verður sú sama, aðeins ¼ áður, nú ⅓. Þetta eykur ekkert völd dómsmrh. Nú er búizt við, að varðskipin gangi ekki á næstunni, og þá minnkar frekar lögreglan í landinu heldur en hitt. Ef litið er yfir það 6 ára tímabil, frá því l. um lögreglu gengu í gildi, kemur í ljós, að lögreglan hefir aldrei blandað sér í vinnudeilur, nema árekstrar hafi neytt hana til þess. Þá er orðið lítið eftir af röksemdum þessa hv. þm. viðvíkjandi dómsmrh.

Ég ber þessa breyt. okkar hér fram, og hv. þm. mun sjá, að langmestur hluti þm. er henni fylgjandi; aðeins nokkrir óróaseggir eru andvígir henni. Í frv. er dómsmrh. gefið vald til þess að afhenda lögreglunni vopn, — og hver annar en hann ætti að ráða, hvað hún hefir í höndum sér, og hafa yfirumsjón með henni? Ég þekki a. m. k. ekki það land, sem dómsmrh. hefir ekki leyfi til þess að fyrirskipa, hvaða tæki lögreglan hefir. Ég hefi ekki heldur í þessi 5½ ár, sem ég hefi verið dómsmrh., misnotað þetta vald mitt með útbúnað lögreglunnar.

Hv. þm. talaði um það, að óþarfi væri að hafa sterkt lögreglulið, og það hafi aldrei komið að sök, þó að lögreglunnar hefði ekki notið við. En það hefir komið að sök. Í það eina skipti, sem við misstum lýðsforræði okkar, var það af því, að við höfðum ekki nægilega sterkt vald í landinu.

Ég ætla ekki að fara hér út í deilu um 9. nóv., en ég vil nota þetta tækifæri til þess að mótmæla því í þessari hv. d., að ég hefði ætlað að beita lögregluvaldi í Hafnarfirði. Ég kannast við það, að hv. 3. þm. Reykv. hringdi til mín um morguninn, og við töluðum aftur og fram um þetta mál. En hitt vita allir, og ekki síst hv. þm., hvernig ég tók á því máli. Ég lét menn fara suður til þess að rannsaka ástandið, og fylgdist með gangi málsins, en reyndi aldrei að safna saman varalögreglu til þess, að skipta sér af deilunni. Það vita líka allir, sem þekkja til, að ég stakk einmitt upp á því, að dæmt skyldi í þessu máli. Án þess að ég vilji fara frekar út í sögu þessa máls, vil ég geta þess, að það kom fram við þetta tækifæri, að þessi hv. þm. er ekki eins spar á að kalla saman lögreglu og ég hefi verið í þessum deilum. Ég er ekki mikið fyrir það að halda uppi illindum, og ég hugsa, að ég hafi fullan rétt til að segja, að í þessi 5½ ár hafi ég ekki misbrúkað mitt vald. Hv. þm. talaði um veilu í skaplyndi mínu í sambandi við embætti mitt sem dómsmrh. Ef slík yfirlýsing hefði komið frá öðrum þm., myndi ég hafa tekið það óstinnt upp, en ég læt hér nægja að segja, að ég er mér þess ekki meðvitandi að hafa misbeitt valdi mínu, enda voru rök þessa hv. þm. furðu léttvæg, til þess að slá slíku fram.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vil aðeins benda á það skýra ákvæði í l., að lögreglunni má ekki beita í vinnudeilum, og henni hefir ekki verið beitt í vinnudeilum, sem hægt hefir verið að kalla því nafni með réttu. Nú er til skýrt ákvæði um, hvað séu vinnudeilur, og sérstakur dómur úrskurðar, hvenær þær séu löglegar. Meðan ég hefi verið dómsmrh. hefir lögreglunni aldrei verið beitt í löglegum vinnudeilum. Svo ætla ég ekki að segja fleira viðvíkjandi þessu máli.

*__Héðinn Valdimarsson:__ Ég þarf ekki að svara hæstv. ráðh. með langri ræðu. Mest af því, sem hann sagði, voru blekkingar einar, eins og mörgum hv. þm. mun kunnugt. Sérstaklega voru blekkingarnar skýrar í því, sem hann sagði um Hafnarfjarðardeiluna. Ég geri ráð fyrir, að mönnum detti ekki í hug að trúa honum, en eins og þingið er nú samansett, virðist það hafa svo að segja ótakmarkað traust á þessum hv. dómsmrh.

Þar sem hann minnist á samtal okkar, vil ég gera grein fyrir hlutunum eins og þeir eru. Hann vildi strax láta senda 200—300 manns til Hafnarfjarðar, áður en málið yrði rannsakað. Hann vildi senda varðskipið þangað og vita, hvort ekki tækist að smala saman íbúum Hafnarfjaðar og undir forystu varðskipsins koma málinu undir félagsdóm, með því að beita valdi. Af þessu sést, hvílíkar blekkingar hæstv. ráðh. leyfði sér að koma með áðan. Eins og menn vita, er enginn annar tilgangur með þessu frv. en að ráðh. vildi útvega sér þau völd, sem hann gat ekki fengið í Hafnarfirði, til þess að skakka leikinn. Það eru ósannindi, að ég hafi verið á móti því að fjölga almennu lögreglunni í Reykjavík. Ég álít, að hér eigi að vera fyrir hendi nægilega fjölmenn lögregla til að inna af hendi venjuleg störf, en að hafa lið, sem enginn veit, hvað er fjölmennt eða hvernig skipað og einn maður hafi á valdi sínu að stjórna, ekki síst þegar það er maður, sem almenningur hefir ekki meira en svo mikið traust á, það finnst mér vera brot á öllum lýðræðislegum reglum.

Ég skal svo ekki deila frekar við hæstv. ráðh. um þetta mál, að öðru leyti en því, að ég vil geta þess, sem hæstv. ráðh. sagði, að lögreglunni megi ekki beita í vinnudeilum. Það hefir áður verið tekið fram opinberlega, að lögin eru ekki þannig. Það má ekki beita lögreglunni til annars í vinnudeilum en til að afstýra vandræðum, en það er á valdi ráðh., hvenær þess telst þörf, en hann mun varla bíða eftir úrskurði félagsdóms um það, þegar hann er búinn að fá völdin í sinar hendur. Svo verð ég að segja, að ég hefi ekki sérlega mikla tiltrú til þess dóms, eftir því hvernig hann hefir dæmt undanfarið, því hann hefir ekki gert annað en að lögleiða klofning í öllum verklýðsfélagsskap í landinu og hafa þegar gert hin mestu vandræði, sem nokkru sinni hafa orðið innan verklýðshreyfingarinnar. Það er orðið svo, að ef dómararnir í félagsdómi dæma ekki eins og mikilsvarðandi mönnum innan stjórnarflokkanna þykir hlýða, þá leyfa þessir menn sér að skrifa annað eins í blöðin og það, að það eigi að setja þessa menn af, eins og hv. þm. S.-Þ. hefir gert, og hræða dómarana með því. Sama hafa menn úr Sjálfstfl. gert. Það má geta nærri, hve dómararnir verða sjálfstæðir með þannig aðbúnaði frá stjórnarflokkunum.

Ég er hæstv. ráðh. sammála í því, að lögreglulið verði ekki lengi sterkt, ef það er misnotað, en það getur samt komið mörgu illu til leiðar, ekki síst ef þeir menn eða sá maður, sem stýrir því, er þannig skapi farinn, að hann beiti því *í öllum mögulegum tilfellum.*

Ég fæ ekki annað séð en að það sé markleysa hjá hæstv. ráðh., að hann fái ekki aukið vald yfir lögreglunni með þessu frv., — og til hvers mundi hann sækjast eftir því valdi, ef ekki til að beita því? Ég hefi ekki orðið var við, að einu sinni úr Strandasýslu hafi komið meðmæli með þessu frv., en alstaðar að hafa komið mótmæli gegn því frá samtökum og fjöldafundum

um allt land, og það sýnir, hvað verkalýðurinn álítur, að sé markmiðið með því.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Rök mín, sem ég bar fram áðan, eru nægilega skýr til þess, að menn geti tekið þau til greina. Það mun ekki vekja traust á rökræðum hv. síðasta ræðumanns, þegar hann heldur því fram, að dómsmrh. muni ekki og hafi ekki farið eftir dómum, heldur muni hann nota lögregluna til að brjóta gegn dómum í landinu, og sjá menn af því, til hvers er að vera að rökræða við slíkan þm. Hann brá fyrir sig þeim varnagla, sem hann hefir haft í blöðum sínum undanfarið, að hann hefði ekki mikla trú á félagsdómi, enda kom það líka í ljós strax og þessi dómur var samþ.

Viðvíkjandi Hafnarfjarðardeilunni, þá hefi ég aldrei skipt mér af eða leiðrétt það, sem hann hefir sagt, en ég hefi enga dul dregið á það, sem ég þá sagði við hv. þm. um það mál á sínum tíma, í símtali, og ef ekki nægir, að ég vísi því til þeirra þm., sem sæti eiga í d., þá getur hv. þm. snúið sér til Björns Blöndals og spurt hann. En ég sé enga ástæðu til að vera að mótmæla þessu, því að mér er alveg sama, hvaða álit hv. þm. hefir á mér.

*Einar Olgeirsson: Hafi það verið tilgangur hæstv. dómsmrh. að færa rök fyrir sínum málstað í síðustu ræðum sínum, þá hefir það alveg mistekizt. Hann sagði, að menn hefðu aldrei neyðzt til að grípa til þeirra ákvæða, sem þegar væru í l. um lögreglu. Hvers vegna er þá nauðsynlegt að bera fram þessar till. hér, ef svo miklar heimildir eru til í núgildandi l., og menn hafa aldrei neyðzt til að grípa til þeirra? Hæstv. dómsmrh. komst í ákveðna andstöðu við sjálfan sig, þegar hann sagði fyrst, að dómsmrh. hefði haft svo mikið vald, að hann hefði aldrei þurft að nota það, en svo segir hann seinna, að þetta vald sé ekki nóg. Svo segir hæstv. ráðh., að vald hans hafi alls ekki verið aukið með þessum l. Ég vil spyrja hæstv. dómsmrh., hvort valdsvið dómsmrh. sé ekki aukið með því ákvæði þessa frv., þar sem dómsmrh. getur samkv. því aukið lögregluliðið án þess að spyrja bæjarstjórnirnar nokkuð að því? Hvers vegna er verið að koma með þessar till., ef ekki til þess, að koma undir vald ráðh. allri lögreglu í öllum bæjum á Íslandi, svo hann geti aukið hana án þess að spyrja bæjarstjórnirnar nokkuð um það? Það er beinlínis verið að auka vald ráðh. með þessu, en minnka vald bæjarstjórnanna.

Samkv. þessu frv. getur dómsmrh. flutt bæjalögregluna hvert á land sem hann vill, án þess að spyrja bæjarstjórn. Er það heldur ekki að auka vald ráðh.?

Er ekki með þessu frv. sett í l., að ráðh. einn skuli ákveða útbúnað lögreglunnar? Þótt ráðh. lýsi því yfir, að hann geti gert það nú með því að setja reglugerð, þá hefði það samt verið vald, sem hann hefði tekið sér í heimildarleysi, að setja slíka reglugerð, en nú á að lögfesta þetta, og er það beinlínis valdaaukning fyrir ráðh. Ef svo væri ekki, þá hefði hann ekkert átt að hafa á móti því, að þetta atriði væri fellt niður, en þegar till. kom um það í hv. Ed., þá brást hæstv. dómsmrh. reiður við og þótti sem væri verið að minnka hans vald.

Getur ráðh. ekki leyft sér að eyða meiru fé til lögreglunnar skv. þessu frv. en áður? Hann getur í fyrsta lagi aukið lögregluna eins og hann vill og skyldað ríkissjóð til að greiða af því allan kostnað. Hann getur líka skipað að flytja lögregluna hvert sem hann vill, án þess að spyrja bæjarstjórnirnar, og skyldað ríkissjóð til að greiða allan kostnað af þeim flutningum, og hann getur vopnað hana eins og honum þóknast. Það sjá allir, hvílík ráðþrot það eru hjá þeim mönnum, sem reyna að mæla þessu bót, og svo það, að hæstv. ráðh. skyldi viðurkenna, að skv. núgildandi l. sé honum veitt nægilegt vald til að halda uppi lögum og reglu, en svo segir hann líka, að ekki hafi verið aukið hans valdsvið með þessu frv.

Þegar verið var að deila um frv. um lögreglumenn 1933, þá hélt Framsfl. því fram, að hafa ætti bæjalögreglu, en Sjálfstfl. hélt því fram, að hafa ætti ríkislögreglu. Það, sem verið er að gera með frv. dómsmrh., er að breyta bæjalögreglunni í ríkislögreglu, færa það vald, sem bæjarstjórnirnar hafa haft samkv. núgildandi l. um lögreglumenn, yfir í hendur ríkisstj., og þá sérstaklega til dómsmrh., enda leggur hann slíkt ofurkapp á að fá frv. framgengt, eins og sézt af því, að meiri hl. þingsins fær ekki að láta álit sitt í ljós á frv. vegna þess, hvernig þeir eru handfjallaðir á bak við tjöldin. Hæstv. dómsmrh. hefir verið að reyna að breiða yfir, hvað verið er að gera þarna, en það er ekki annað en það, að Framsfl. beitir sér nú fyrir því, sem Sjálfstfl. hefir barizt fyrir í 15 ár hér á landi.

Það hefir áður komið fram hér í umr., að hæstv. dómsmrh. sagði, að ekki mætti beita lögreglunni í vinnudeilum. Ég vil benda á það, sem stendur í 4. gr. l., að það megi ekki beita lögreglunni til annars en að afstýra tjóni, vandræðum og meiðslum í vinnudeilum, en ég vil meina, að það sé nóg vald, sem þar er veitt, a. m. k. þegar það er í höndum manns, sem sýnir sig í að vilja halda eins strangt á sínu valdi og framfylgja því til hins ýtrasta, eins og núv. dómsmrh. Hann mun áreiðanlega ekki verða í vandræðum með að teygja 4. gr. svo, að hann geti komið lögreglunni þar við, sem honum þóknast.

Svo kemur hæstv. dómsmrh. með það, að það þurfi að vera eitthvert sterkara vald í landinu en honum er gefin heimild til að skapa með þessu frv., en hvorki hann eða aðrir hv. þm. hafa komið með nokkur rök fyrir því, að þessa sterkara valds sé hin minnsta þörf eða hafi verið nokkurn tíma áður.

Ég ætla að minna á og undirstrika það, sem Alþfl. lýsti yfir í 4 ára áætlun sinni 1934, að sú ríkisstjórn, sem ríkti með réttlæti, þyrfti ekki á því hernaðarofbeldi að halda, sem í ríkislögreglu fælist. Það sýnir sig nú, að það er vegna slæmrar samvizku ríkisstj., vegna þess að hún veit, að hún hefir svikið þau loforð, sem hún hefir gefið þjóðinni, og hún veit, hvílík ólög hún er að leiða yfir þjóðina, — það er vegna þess, að hún veit, að hún hefir ekki stjórnað réttlátlega, sem hún kemur nú með ríkislögreglu-

frv., til að byrgja brunninn áður en barnið er dottið ofan í.

Ég hefi hér fyrir mér allálitlegan bunka af samþykktum, sem gerðar hafa verið í verklýðsfélögum víðsvegar um land til að mótmæla þessu frv. Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. með því að lesa þær upp, en ég skora á þá, sem eru meðmælendur þessa frv., að athuga, hvort komið hefir ein einasta áskorun um að samþ. það, frá nokkrum fjöldasamtökum á Íslandi. Nei, það er einræðisvald dómsmrh., sem veldur því, að þetta frv. er fram komið og rekið í gegnum þingið á þann óviðfeldna hátt, sem gert er.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. dómsmrh. lýsti yfir í einni ræðu sinni, að engin hætta væri á öðru en að hann færi eftir dómum, þá vildi ég minna á yfirlýsingu hans, sem hann gaf í hv. Ed. í umr. um þetta mál, þegar fyrst komu fram brtt. um að takmarka kostnaðinn af varalögreglunni, þannig, að hann mætti ekki verða meiri en ⅓ kostnaðarins af hinni reglulegu lögreglu. Þá lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir, að hann myndi ekkert tillit taka til þess, þótt þessi brtt. yrði samþ. Hann mundi alls ekki breyta eftir þeim l., þótt Alþingi samþ. þau. Við 3. umr., þegar þessi brtt. var samþ., þá endurtók dómsmrh. þessa yfirlýsingu sína aftur, svo ég býst ekki við, að það séu margir menn í landinu, sem hafi mikið traust á, að dómsmrh., sem lýsir slíku yfir á Alþingi, muni breyta frekar eftir l. en honum þóknast, eða að hann fari þá mikið eftir dómum, sem ganga móti geðþótta hans.

Það liggur í augum uppi, að það, sem farið er fram á með þessu frv., er að auka vald dómsmrh. enda þótt hann sjálfur viðurkenni, að aldrei hafi verið þörf fyrir að beita því valdi, sem hann hefir nú. Samt heimtar hann, að valdið verði ekki einasta aukið, heldur eytt þeim hömlum, sem verið hafa á því fram að þessu, að því valdi yrði misbeitt, þær hömlur, sem bæjarstjórnirnar í landinu hafa getað sett á dómsmrh. með því að neita honum um að fjölga lögreglunni, og einnig með því að setja kostnaðinum engin takmörk. Ég held, að þá sé eins hyggilegt að breyta til um dómsmrh., en hafa ekki þann, sem lýst hefir því yfir, að hann muni ekki breyta eftir l. í þessu landi.

Það sýnir bezt skoðun þm. á þessu frv., að enginn einasti þm. utan stjórnarandstæðinga skuli hafa tekið til máls, ekki einu sinni til að reyna að verja það, að undanteknum dómsmrh., og sýnir það á hryggilegan hátt þá niðurníðslu, sem Alþingi er komið í fyrir spillinguna, sem er í núv. stjórnarflokkum, sem nú eru valdhafarnir í þjóðfélaginu. Vegna þess að þessi spilling viðgengst í óvilja allra landsmanna, þá hraða flokkarnir sér nú sem mest að skapa slíkt vald sem ríkislögregluna. Það er ekki, eins og hæstv. dómsmrh. hélt fram, stofnað til þess að vernda sjálfstæði landsins, heldur er með þessu stofnað í hættu því frelsi, sem landsmenn hafa notið fram að þessu. Það kemur glöggt fram af frv. Með því er mönnum, sem fara gerræðislega með valdið, veitt meira vald en nokkrum manni hefir verið gefið hér á landi, að undanteknum Danakonungum, meðan þeir voru hér einvaldir. Þetta er sannleikurinn um þetta mál.

Ég ætla ekki að sinni að orðlengja þetta frekar. Það er sýnt, ef ætti að dæma um það eftir þeim rökum, sem fram hafa komið í sambandi við þetta frv., hvaða afgreiðslu það ætti að hlíta, en vegna þess, að um þetta mál, eins og fleiri ill mál á þessu þingi, hefir verið samið bak við tjöldin, þá býst ég við, að það komi til með að fá sína afgreiðslu. Það verður til þess, að einstakir menn sölsa nú enn frekar undir sig völdin í þessu landi og til að auka á það gerræði, sem fólkið hefir orðið að búa við undanfarið, og breyta þessum málum yfir höfuð að öllu leyti til hins verra.

***Héðinn Valdimarsson:** Hæstv. dómsmrh. fór aftur með í þessari síðustu ræðu sinni nokkrar rangfærslur. Hann vill gera mér upp orð, sem ég hefi alls ekki sagt, sem sé, að hann myndi ekki fara eftir dómum félagsdóms. Það sagði ég ekki, en ég sagði, að hann mundi ekki þurfa þess, en að því valdi, sem hann hefði í sinni ríkislögreglu, mundi hann geta beitt áður en dómur gengi um það, hvort vinnudeila væri lögleg eða ekki. Það mundi hafa verið gert áður, t. d. í *Hafnarfjarðardeilunni. Eftir þá yfirlýsingu*, sem hæstv. dómsmrh. hefir gefið, þá mætti auðvitað bæta því við, að hann myndi ekki frekar fara eftir dómum félagsdóms en eftir landslögum, ef hann dæmdi ekki eftir vilja þeirra, sem fara með völdin.

Það er athugandi, hve mikið kapp er lagt á að setja þessi l. nú fyrir jólin, og sé ég ekki betur en að það sé í beinu sambandi við það, sem ég hefi áður skýrt frá. Með vinnul., sem dómsmrh. vísar alltaf til, að tryggi verkamönnum svo mikil réttindi, er yfirleitt mikill réttur tekinn af verkalýðsfélögunum í mörgum atriðum, og verkalýðsfélögin voru líka öll á móti þeim. Nú á að fara að gera greinarmun á löglegum og ólöglegum vinnudeilum, einmitt þegar gengisl. eru í gildi, sem banna verkalýðnum að reyna að hækka kaup sitt um lengri tíma. Nú þegar kaupgjaldshækkunin er ólögleg, er einmitt ágætt tækifæri fyrir hæstv. dómsmrh. að skakka leikinn eftir því, sem atvinnurekendurnir óska, en til þess þarf hann að hafa meira vald en hann hefir haft hingað til, og hann má ekki þurfa að sækja aukningu lögreglunnar undir þær bæjarstjórnir, sem hann hefir algerlega á móti sér. Því kemur þetta frv. nú, þegar til er sterkur þingmeirihluti, sem hefir þó lítið kjósendafylgi, enda er verkalýðurinn þessari ríkisstjórn og flokkum hennar sérstaklega andstæður vegna þeirra bragða, sem hún hefir beitt hann.

Það *sýnir glögglega*, hve slæma samvizku þeir menn hafa, sem standa að þessu frv., að enginn þeirra hefir tekið til máls nema hv. flm. og faðir þessa frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 91. fundi í Nd., 23. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 604).

66. Héraðsskólar.

Á 77. fundi í Ed., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um héraðsskóla (þmfrv., A. 382).

Á 78. fundi í Ed., 7. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 8. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

***Flm. (Jónas Jónsson):** Þar sem þessu máli fylgir svo ýtarleg grg. sem ég hefi getað gert, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um það nú, en óska eftir, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn.

***Brynjólfur Bjarnason:** Mér finnst alveg ófært að þetta mál fari svo áfram, að ekkert sé um það rætt. Er þetta ekki 6. dagskrármálið? (Frv. um ráðstafanir vegna núverandi styrjaldarástands). **(Forseti:** Nei, það er 8. dagskrármálið, frv. um héraðsskóla). Ég bið afsökunar, — ég var ekki við, þegar málið var tekið fyrir, og hélt, að það væri 6. dagskrármálið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 382, n. 443, 459).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Þá var og of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 459. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Eins og nál. ber með sér, var menntmn. sammála um aðalefni frv. En 2 af nm. vildu gera við það einhverjar breyt. Og ég mundi við 3. umr. e. t. v. gera einhvern smáviðauka, en sem nokkuð er háður því, hvernig fer um brtt. á þskj. 459.

Það sem við nm. í menntmn. vorum yfirleitt sammála um, var, að það væri ómaksins vert að gera þá aðaltilraun, sem frv. fer fram á um að auka verklega kennslu í héraðsskólunum, sem að vísu mundi ekki koma allt í einu, og ennfremur vorum við sammála um aðrar breyt., eins og það að tryggja betur en nú, að kennarar skólanna yrðu þar heimilisfastir, þannig að skólaheimilin yrðu sterkari heild heldur en með núverandi skipulagi, því að starfslið skólanna þarf að tengjast meira heimilisböndum við skólana.

Þeim nm., sem um þetta hafa talað, finnst sjálfsagt og eðlilegt, að ekki muni vera hægt að koma betur fyrir gistihúsamálum í dreifbýlinu heldur en með því að hlynna að þessum stofnunum á þann hátt, sem hér er talað um, og mun ég víkja að því aftur, þegar hv. flm. brtt. hefir lokið máli sínu. Vænti ég þess, að þá muni ég sannfæra hv. þd. um það, að hans till. sé ekki alls kostar heppileg.

Ég get sagt í viðbót við það, sem útskýrt er í rökstuðningi frv., að menn hafa við reynsluna komizt á þá skoðun, að þegar orðið væri svona mikil skólaganga eins og nú er hér á landi, að 600—700 unglingar fara árlega í heimavistarskóla í sveitum, þá verði fyrir mörgu af þessu fólki þetta aðalmenntunin, sem það fær. Og eins og lífsbaráttan í landinu er, þá sýnist ekki vera hægt að búast við því, að svo mikill fjöldi sé aðallega upptekinn af andlegum fræðum ásamt íþróttum. Menn hafa séð, að af þessum tiltölulega stóra hóp hafa verið margir, sem í raun og veru vildu öllu fremur og hefðu gagn af því að njóta a. n. l. verklegrar kennslu, og að þeir væru ekki alveg móttækilegir fyrir það, jafnvel þó þeir vildu, að fá eingöngu bóklega fræðslu ofan á barnafræðsluna. Ennfremur er það þannig, að nauðsynin krefur ýmiskonar verklegrar kennslu. Og frv. gerir ráð fyrir tvennskonar vinnukennslu, í fyrsta lagi fyrir pilta, og fyrir stúlkur annarsvegar, og yrði það eftir till. frv. 12 klst. á viku, sem yrði ekki nákvæmlega 2 tímar á dag, heldur stundum meira og stundum minna.

Það, sem á að nást með þessu, er í raun og veru ekki neinn faglærdómur, heldur að þeir, sem eru nokkuð verklagnir, geti komizt betur áfram, svo að þetta fólk verði betur fært um það að vinna að sínum heimilum og bjarga sér heldur en annars. Náttúrlega er ekki hægt að búast við, að menn komist mjög langt á ekki lengri tíma.

Ég get sagt það um Laugaskóla — ég tek hann sem dæmi, af því að ég þekki þar bezt til —, þar er Þórhallur Björnsson kennari, sem er hvorttveggja í einu, listamaður og smiður. Honum hefir tekizt að láta nemendur sína í kennslutímum t. d. smíða óaðfinnanleg skrifborð, ennfremur borð og stóla og ýmiskonar áhöld, þannig að í Þingeyjarsýslu sér maður mjög víða á bæjum húsgögn, sem eru frá Laugum eftir skólapilta. Þau eru náttúrlega ekki alveg sambærileg við dýr húsgögn héðan úr Reykjavík t. d. En að þau eru tiltölulega góð, er af því, að kennarinn er óvenju góður maður á sínu sviði. Og það, sem má gera á einum stað í þessu efni, má gera víðar. Ég held, að þar sem aðstaðan er sú, að vinna á húsgögnum er í langflestu tilfellum mjög dýr, þá sé afleiðingin sú, að menn kaupi svo sem engin húsgögn, og ef menn kaupa þau, þá helzt útlenda stóla, sem eru bæði veikir og ósmekklegir. Og mér kemur það svo fyrir sjónir, að sem stendur sé það hér um bil útilokað, að meginþorri manna í sveitum kaupi húsgögn frá iðnaðarmönnum, sem vinna í bæjunum, þó með einstaka undantekningum. Niðurstaðan í heild er því sú, að mér virðist, að ákaflega lítið er um ný húsgögn í nýjum sveitabæjum. Þá má segja, að heimilin séu í tvennu lagi, annarsvegar stór vönduð hús, sem byggð eru þá oft á kostnað ríkissjóðs, en svo eru húsgögnin þar inni úr gömlu bæjunum, sem þá eiga miður vel við. Og svo koma þá næst ódýrustu útlendu húsgögnin. Úr þessu er ekki hægt að bæta nema að tiltölulega litlu leyti með því, sem stefnt er að í þessu frv., en þó í áttina.

Eins og frv. ber með sér, er þar gert ráð

fyrir, að það geti verið lengri námskeið fyrir pilta sérstaklega, hálfur vetur, heill vetur eða jafnvel tveir vetur.

Ég get bezt gefið hv. þdm. hugmynd um þetta með því að segja þeim frá því, hvernig þetta hefir verið í Reykholtsskóla, þar sem það er lengst komið. Þar var fyrst ekkert sérstakt verkstæði. En ráðamenn þar keyptu hlöðu úr bárujárni og timbri og færðu heim að skólanum. Síðan komu þeir fyrir upphitun í þessu húsi. Kjallara hafa þeir gert þar undir úr steinsteypu, sem þeir nota fyrir trésmíða- og járnsmíðaverkstæði. Svo er loft þarna, og þar á að vera verkstæði.

Þá hafa og bændur í Reykholtsdal gert samning um, að þeir gætu gert innkaup fyrir unga menn í dalnum, sem gætu lært þarna svo mikið, að þeir gætu síðan byggt hjá sér sjálfir. Einn af samnm. minum var e. t. v. ekki viss um, að þetta væri heppilegt fyrirkomulag. En ég get sagt það, að einn af nefndarmönnunum í stjórn Reykholtsskóla, Jón í Deildartungu, vildi alls ekki halda fram, að þetta væri að reka samkeppni við iðnað bæjanna. Þeir yrðu aldrei þess megnugir með þessu móti, en hinsvegar, að þetta yrði einskonar samhjálp fyrir sveitirnar.

Ég býst við, eins og ég tók fram áðan, að þegar flm. brtt. hefir skýrt frá sinni afstöðu til málsins, muni ég tala nokkur orð um það, að hverju leyti ég álít, að hans brtt. setji tilgang frv. í hættu.

*__Árni Jónsson:__ Herra forseti! Ég hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, en fyrirvari minn lýtur að brtt. þeirri, sem ég skal síðar koma að.

Eins og menn sjá, er alllítill tími til stefnu með þetta frv., sérstaklega ef ætlunin er að ljúka þingi fyrir jól. Enda er það svo, að við höfum ekki rætt frv. sérlega mikið í n. Við höfum þó farið yfir frv. og borið það saman við l. Eins og hv. frsm. tók fram vorum við allir á einu máli um það í n., að það væri ómaksins vert, að frv. gengi fram, af minni hálfu að tilskyldri þeirri breyt., sem ég ber fram, og ef til vill fleirum.

Þetta frv. er borið fram af þeim manni, sem hefir barizt einna bezt í þessum héraðsskólamálum. Eins og við vitum, hefir viðleitni Alþ. gengið mjög í þá átt að sporna við því, að fólkið streymdi eins úr sveitunum og verið hefir, og ein merkasta ráðstöfunin, sem gerð hefir verið til að halda fólki í sveitunum, er stofnun héraðsskólanna. L. um héraðsskóla eru 10 ára gömul. Það er enginn vafi á því, að sveitamenn hafa haft og hafa enn mikinn áhuga fyrir starfsemi þessara skóla. Aðsóknin hefir verið mikil að þeim og framlög einstakra héraða mikil. Og um þessa viðleitni er ekkert nema gott eitt að segja. En reynslan hefir því miður sýnt, að þrátt fyrir dýrar og veglegar byggingar, og þrátt fyrir það, að þessir skólar hafa átt kost á og notið starfskrafta margra ágætra kennara, þá hafa þeir ekki svarað tilgangi sínum að því leyti, að fólkið hefir haldið áfram að streyma úr sveitinni, og það meira að segja svo, að nú eru uppi raddir um það, að gripa verði til sérstakra ráðstafana til að stemma stigu fyrir þeim straumi.

Ég er enginn skólamaður, en á fund okkar í menntmálan. kom fræðslumálastjórinn, Jakob Kristinsson, sem hefir verið kennari við alþýðuskóla. Ég er honum kunnugur og tel hann í hópi samvizkusömustu og gagnmenntuðustu kennara landsins. Eftir honum hefi ég það, að þessari breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, muni verða vel tekið í sveitunum, en vitanlega væri tilgangslaust að gera þessar breyt. á l., ef þær yrðu til þess, að fólkið hætti að sækja skólana. En eftir því, sem fræðslumálastjóri sagði, er mikill áhugi í sveitunum fyrir því að fá þessar breyt. á.

Frv. þetta gerir einnig nokkra breyt. á kjörum kennara. Þeim er sem sagt lögð sú skylda á herðar að dvelja á skólasetrunum allt árið, mótsett því, sem nú er. Í fljótu bragði hefði mátt halda, að kennararnir væru ekki hrifnir af þessari breyt. Við spurðum fræðslumálastjóra um álit hans á þessu. Hann tjáði okkur, að engin hætta væri á slíku, því kennurunum myndi einmitt líka þetta betur. Ég tel þetta vel farið, því ef þessir skólar eiga að koma að fullum notum, þá er það mikilsvert, að kennararnir gangi þar á undan með góðu eftirdæmi, þeir ílengist þarna og taki sér þar bólfestu og verði sveitamenn af lífi og sál.

Sú breyt., sem hér er gerð á kennslunni, er aðallega í því fólgin, að verkleg kennsla er stórum aukin. Ég held ég fari rétt með það, að núna séu 2 tímar ætlaðir til verklegrar kennslu, en í frv. er þeim fjölgað upp í 12 tíma á viku. Með þessu er ætlazt til, eins og skemmtilega er komizt að orði í frv., að þeir piltar, sem útskrifast frá þessum skólum, verði búhagir. Ég tel þetta mjög vel til fallið, og það er einmitt þetta, sem getur valdið miklu um það, að fólkið kunni við sig í sveitunum, að heimilin geti orðið vistlegri en þau nú eru, og það er ekki hægt að gera með hægu móti nema með því að menn læri að vinna að því sjálfir.

Ég ætla ekki að fara mikið inn á að ræða einstakar gr. þessa frv., en ég er flm. sammála um það, hvað íþróttir snertir, að ég álít, að kapp ætti að leggja á það að viðhalda hinni gömlu og fögru íþrótt, íslenzku glímunni, í héraðsskólunum. Þetta er vafalaust mikil nauðsyn, því sú hætta virðist beinlínis vofa yfir, að þessi gamla þjóðaríþrótt sé algerlega að falla úr sögunni.

Ég skal svo snúa mér að þessari brtt., sem ég hefi gert við frv. Hún er á þá leið, að óbreytt verði það ákvæði, sem er í núgildandi l. um héraðsskóla, að framlag af hálfu ríkisins sé helmingur á móti framlagi frá héraði. Í frv. er ætlazt til, að héruðin leggi ekki fram nema ¼. Ég skal nú fara nokkrum orðum um þetta.

Um þessar mundir eru gerðar miklar og margvíslegar till. um að draga úr opinberum kostnaði og reyna að lækka útgjöld ríkisins eins og verða má. Og mér hefir skilizt, að flm. frv. sé einn af þeim, sem virðist hafa mjög opin augun fyrir því, að ekki megi svo til ganga framvegis, að menn geri sífellt kröfur á hendur ríkinu, en hætti að gera kröfur til sín sjálfs. Hér er þó verið á þessari braut. Skólarnir hafa hingað til getað komizt af án þess að ríkið legði fram meira en helming stofnkostnaðar þeirra. Nú er með þessu

frv. ætlazt til, að skólunum verði komið í það horf, með eigin vinnu, að þeir geti verið gistihús á sumrin, og vitanlega er þá tilætlunin, að þeir hafi einhverjar tekjur af þessu. Ég held þess vegna, að skólarnir ættu að vera betur staddir eftir að þetta frv. er gengið í gegn, án þessa ákvæðis, sem ég vil breyta, heldur en þeir nú eru, svoleiðis að þess vegna sé ekki ástæða til að auka þetta framlag til þeirra. Og ef það er svo, sem mér hefir heyrzt á flm., að mikill áhugi væri í sveitunum fyrir því, að sú breyt. verði gerð á fyrirkomulagi kennslunnar, sem hér er gert ráð fyrir, þá hygg ég, að þeir menn, sem að skólunum standa, muni fúslega leggja á sig þær byrðar, sem þeir hafa haft af þessu. Nú liggja ekki fyrir upplýsingar um, hverju þetta muni nema fyrir ríkissjóð nú í bili, hvað þá heldur í framtíðinni. Fræðslumálastjóri hefir lofað að útvega okkur upplýsingar um, hverju þetta muni nema, en við lauslegt yfirlit, sem var gert á fundi n., kom það í ljós, að skuldirnar, sem hvíla á héraðsskólunum, muni vera hátt á 4. hundrað þús. krónur. Mér skilst þess vegna, að ríkissjóður muni taka á sig með þessum l. upp undir 100 þús. kr. Það er því auðsætt, að ríkissjóður er að binda sér þarna bagga, sem virðist ganga mjög í öfuga átt við það, sem mikið er rætt um nú, að reyna að draga sem mest úr útgjöldunum.

Ég vil svo áður en ég sezt niður, samræmisins vegna, benda hv. flm. á það, að hann á hér till. á þskj. 414 við „höggorminn". Síðasti liðurinn í þeirri till. er um það, að þeir, sem eiga að fá inngöngu í menntastofnanir, verði að hafa vottorð frá formanni búnaðarfélags í sveit um, að þeir hafi dvalið, eftir 13 ára aldur, árlangt í sveit og fengið góðan vitnisburð. Ef nemandinn hefir ekki fengið góðan vitnisburð, getur hann ekki komizt inn í skólann. Nú er ég ekki fylgjandi þessari brtt. Þess vegna mun ég ekki þurfa að flytja brtt. við hana, en samræmisins vegna ætti hv. flm. að flytja brtt. við hana um það, að þeir, sem vilji fá inngöngu í héraðsskóla, skuli hafa unnið árlangt í kaupstað við algeng störf og fengið vottorð þar um frá t. d. sjómannafélagi eða öðru slíku félagi, þar sem fram væri tekið um vitnisburð o. s. frv. Mér finnst þetta sjálfsagt, og þegar maður fer að hugsa betur um þetta, þá er raunar ekki víst nema það sé töluverð „raison" í þessu. Við skulum hugsa okkur t. d., að ég á 13 ára pilt, sem ég vil koma í skóla. Ég kem honum til kunningja míns uppi í sveit, en tek þá ef til vill son hans í staðinn, til þess að hann geti búið sig undir að fara í héraðsskóla. Vitanlega fer það svo eftir vitnisburðinum, sem ég gef honum, hvort hann fær inngöngu í Laugarvatnsskólann. Þessu vildi ég beina til hv. flm., til þess að hann geti undirbúið þessa till. fyrir 3. umr.

*Frsm. (**Jónas Jónsson**): Það fór eins og ég bjóst við, að síðasti ræðumaður myndi koma með ýms rök fyrir sínu máli. Og þó ég ætli ekki að ræða neitt verulega það mál, sem hann kom inn á, en er annars þessu máli óviðkomandi, þá verð ég að segja það, að hann hefir þar nokkuð til síns máls. Það er ágætt fyrir sveitafólkið að kynnast kaupstaðarlífinu, en það gerir það bara sem stendur án þess að því hafi verið gefin skipun um það. Í þessu sambandi vil ég benda hv. þm. á það, að það hefir tíðkazt talsvert mikið, að stúlkur hafa verið einn vetur eða svo í kaupstað, og margar þeirra hafa án efa lært þar mjög margt gott, alveg eins og ætlazt er til, að bæjarbörnin geri í sveitinni. Ég get ennfremur sagt hv. þm., að þegar ég kenndi börnum fyrir 25 árum, þá var einn drengur hjá mér í nokkur ár, sem var einhver sá óþægasti, sem ég hafði með að gera, en hinsvegar mjög skemmtilegur að mörgu leyti. Síðar fór hann upp í sveit og hefir orðið þar myndarmaður, hefir verið bæði hreppstjóri og oddviti í sinni sveit og gert miklar og góðar jarðabætur. Þegar ég sé þennan mann, þá segi ég stundum við hann, að hann eigi sjálfsagt mikið af sínu gengi í sveitinni að þakka því, sem hann lærði á götunni í Reykjavík. Ég hefi aldrei neitað því, að bæjarlífið getur kennt mönnum ýmislegt, t. d. hvernig það eigi að vara sig á ýmsum freistingum.

Ég skal svo víkja mér að því máli, sem til umr. er.

Ég vil fyrst byrja á því að útskýra dálítið, hvers vegna ég álít það óheppilegt, ef brtt. hv. 9. landsk. yrði samþ. Ef við athugum, hvað hefir breytzt síðan þessir skólar voru stofnaðir, þá kemur þetta í ljós. Það, sem menn höfðu þá í huga, voru unglingaskólar fyrir sveitirnar. Fyrir stofnun þessara skóla var þá mikill áhugi og menn lögðu á sig miklar fórnir til að hægt væri að koma þeim upp. Ég nefni til dæmis Borgarfjörð. Það voru mörg félög og einstaklingar í héraðinu, sem gáfu stórgjafir til þess að byggja Reykholtsskóla og stuðluðu að því á annan hátt. Þetta hérað hefir lagt mest til síns héraðsskóla, en önnur héruð hafa lagt fram mikið fé til skólabygginga í héruðunum. En síðan þetta gerðist hefir aðstaðan breytzt. Þessir skólar voru byggðir flestir á heitum stöðum. Og þetta leiddi til þess, að þegar búið var að byggja þá, fór að myndast sú krafa, að þessir staðir tækju á móti gestum á sumrin. Þetta kom í raun og veru af sjálfu sér, og þetta var ekki beinlínis gróðavegur fyrir stofnanirnar, því að enginn skólinn hefir í raun og veru haft tekjur af þessu, nema þá Laugarvatnsskólinn, og hann þó ekki eins mikið og menn skylu halda. En þarna kom nýtt „problem" til sögunnar. Þessir skólar voru orðnir gistihús án þess að við því væri búizt fyrirfram. Það eru að vísu myndarleg hús á þessum stöðum og fullsæmilegur útbúnaður, eða a. m. k. útbúnaður, sem skólafólk sættir sig við, en hann er náttúrlega öðruvísi en venja er á hótelum. Þau húsgögn, sem upphaflega voru keypt í þessa skóla, standast ekki þær kröfur, sem gestir gera til gistihúsa, og þetta er ósköp eðlilegt. Fátækt þessara stofnana hefir líka orðið meira áberandi fyrir það, að á fyrstu árum þeirra kom kreppan, sem gerði það að verkum, að ekki hefir verið hægt að ljúka við neinn af þessum skólum. Nú vil ég benda hv. 9. landsk. á það, að jafnvel í Reykjavík var ekki hægt að koma upp því eina gistihúsi, sem sómasamlegt má teljast til að taka á móti t. d. erlendum gestum, án þess að fá bæði ábyrgð bæjarsjóðs og ríkissjóðs. Og þó lítur nú

út fyrir, að sá maður, sem réðst í að byggja þetta hótel, sem mun hafa lagt í það talsvert af sínum eignum, hann muni tapa öllu sínu í þetta, og nú liggur það fyrir þinginu, hvernig eigi að hjálpa til þess, að þetta hótel geti haldið rekstri sínum áfram. Nú vil ég spyrja hv. 9. landsk., hvort honum finnst von til þess, úr því að ekki var hægt að koma þessu gistihúsi upp án opinberrar aðstoðar, að þá sé hægt að ætlast til þess, að hægt sé að starfrækja gistihús í héraðsskólunum til mikils hagnaðar. Það kann að vera, að einhver segi, að úr því svona hótel beri sig ekki, þá hafi verið ástæðulaust að vera að byggja það. En þarna kemur bara annað til greina, og það er metnaður bæjarins og landsins. Ég man eftir, að Kristján Albertson sagði einu sinni við mig: „Ég verð oft að segja við vini mína erlendis, að ég vilji ekki, að þeir fari heim, því ekkert gistihús sé til í Reykjavík.“ Þannig var ástandið. Bærinn var í heild sinni orðinn miklu myndarlegri en þau gistihús, sem hér voru. Þetta var að mínu áliti alveg rétt hjá Kristjáni Albertsyni. Ég vil nú segja við 9. landsk., að þetta nýja hlutverk, sem héraðsskólarnir hafa fengið, er landinu nauðsynlegt, alveg eins og það var nauðsynlegt að byggja hótel í Reykjavík. Það er nauðsynlegt að hafa einn stað í hverju héraði, sem er fullkomlega í samræmi við okkar nútímalíf. En eins og lífið er orðið í landinu, þá er erfitt að samrýma gistihúshaldið búskapnum á sveitabæjunum; slíkt samrýmist ekki nútímabúskaparháttum. Þórhallur biskup sagði fyrir mörgum árum, að hann vildi láta ferðamannastrauminn fara eftir vissum leiðum, en ekki vera um sveitabæina. Hann hefir verið forsjáll. Metnaður þjóðarinnar hlýtur að krefjast þess, að við getum tekið sómasamlega á móti erlendum ferðamönnum, sem hingað koma. En þetta getum við naumast eins og nú háttar. Einn hv. þm. sagði mér frá því, að einn þýzkur kunningi sinn, sem mikið væri búinn að ferðast hér á landi, hefði kvartað undan því, að hann hefði hvergi fengið nægilega löng rúm. Það er út af fyrir sig ekkert við þessu að segja. Við hér heima erum vön þessum rúmum, en útlendingar, sem öðru eru vanir, geta ekki sofið í þeim.

Ég á einn góðkunningja í Englandi, sem er hár maður vexti, álíka hár og hv. 9. landsk. Hann hefir gist víða á sveitabæjum hér á landi, því að hann er mikill laxakongur. En þegar búið er að vísa honum til sængur, fer hann með rúmfötin niður á gólf og lokar herberginu, til að leyna því, að hann sofi á gólfinu og hringi sig þar saman. Svo er hann kominn upp í rúmið aftur áður en stúlkan kemur á morgnana til að færa honum kaffi, því að fyrir kurteisis sakir vill hann ekki láta húsbændurna verða vara við, að hann sofi á gólfinu.

Af skiljanlegum ástæðum getur enginn sveitabær verið hótel með Evrópusniði, því að við höfum ekki aðstöðu til þess, en úr því að við Íslendingar erum farnir að reyna að vera nútímaþjóð, verðum við að fara eftir því, sem ferðamenn krefjast. Það er mikið happ fyrir landið, að eiga eitt nýtízku hótel, Hótel Borg í Reykavík. Héraðsskólarnir hafa yfirleitt verið byggðir þannig, að þeir geta rekið gistihús á sumrin sér að útlátalausu, eða jafnvel sér til stuðnings. Þetta eru raunar engin hærra stigs hótel, þau eru rekin vegna þjóðarnauðsynjar, en ekki sem gróðafyrirtæki. Ég tek t. d. einn hinn stærsta þessara skóla, héraðsskólann í Reykholti; hann hefir verið leigður góðri veitingakonu yfir sumartímann fyrir 700 kr. Þetta er stærðar hús, og það er lagt til gufa og rafmagn, svo að heita má, að hún hafi öll gæði, en þó held ég, að hún geti ekki borgað meira sér að skaðlausu.

En í viðbót við þetta vil ég segja það, að ég held, að þjóðarnauðsyn krefjist þess, að þessir skólar geti orðið sæmileg gistihús. Að vísu er ekki ætlazt til þess, að þeir geti keppt við hótel annarstaðar en í sveit, t. d. alls ekki við hótel í höfuðstað landsins, hvað allan algengan aðbúnað snertir. En enginn maður mun vera óánægður yfir því að geta haft þar nægilegt fæði og annan þann útbúnað, sem nauðsyn er til að skólatímanum loknum. Þegar ferðamannastraumur frá útlöndum kemur hingað, sumpart með skipum og sumpart með flugvélum, munu þeir ferðast víða um landið og skilja eftir peninga, en í raun og veru eru það ekki gistihúsin, heldur eins mikið verzlanir, sem græða á því.

Þá vildi ég ennfremur víkja að fleiri atriðum í ræðu hv. 9. landsk. Ég er honum þakklátur fyrir skilning hans og samúð bæði á þessu, sem um talsverðar breyt. á íþróttamálum, fullkomna íþrótta- og vinnuskyldu. Ég held, að af því að héraðsskólarnir eru svo fátækir, verði þeim ómögulegt að bæta á sig mjög miklu átaki, eins og gera þyrfti til þess að koma 600 manns á ári að vinnunámi þar. Það hefir verið talað um það sem stórt átak að koma upp 60 nemenda vinnuskóla að sumri til, en það væri afarmikilsvert, ef hægt yrði að koma 600—700 manns til nokkurra verka í 1—2 vetur, án meiri tilkostnaðar eða áhættu en hér er farið fram á. Ég óttast það, að ef brtt. frá hv. 9. landsk. yrði samþ. um leið og kröfurnar til skólanna eru auknar, yrði þessu nýja kerfi ekki komið á. Skuldir hvíla á skólunum, sem nú þrýsta þeim niður.

Ég get nefnt það fyrir þá, sem ekki eru þessum málum kunnugir, að það þarf að koma upp mjög ódýrum vinnuskúrum, sem eru upphitaðir. T. d. hefir á einum stað verið reistur vinnuskúr fyrir 20 menn, sem kostaði litið, — eitthvað um tvær þúsundir kr. Grindin var af einfaldri gerð, klædd pappa og bárujárni að utan, en rafmagnsljós og upphitun var í góðu lagi. Þetta hús er hlýtt og bjart, að vísu ekki fínt, en þó vel hægt að nota það. Ég býst við, að eins og nú standa sakir, sé mikil nauðsyn að koma upp svona skólum með ýmiskonar áhöldum, sem þörf er að hafa við kennsluna.

Ég ætla síðar að taka eitt dæmi, að vísu af einum skuldugasta skóla landsins, Laugarvatnsskólanum. Ég get tekið annan skóla fyrst, héraðsskólann á Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, sem skuldar um 55 þús. kr., og varð auk þess fyrir óhappi út af rafstöðinni, er þar var sett upp, svo að hennar vegna komst hann í 22 þús. kr. skuld, þar sem maðurinn, sem samið var við um rafveituna, var „ósólid“, en líklegt má telja, að skólinn sleppi við þá skuld með því, að helm-

ingur þeirrar upphæðar verði borgaður, eða um 10 þús. kr. Þetta er skóli, sem hefir ekki neitt svo teljandi sé upp úr sér á sumrum, og það er erfiðleikum bundið fyrir hann að borga þessar 65 þús. kr., því að heita má, að hann hafi ekki aðrar tekjur en kennslugjaldið.

Nú ætla ég að taka dæmi af stærsta héraðsskólanum, sem skuldar helmingi meira, en hefir 160 nemendur, og er nú eini héraðsskólinn, sem er e. t. v. of stór, eða sem a. m. k. enginn óskar eftir að verði stærri. Hann stendur nærri Reykjavík, hefir verið talsvert sóttur þaðan, og hefir mesta aðsókn af skólum þessa lands. Hagur hans er þannig, að bygging hans kostaði nærri ½ millj. kr., og var þess fjár sumpart aflað með gjöfum og samskotum; lagt fram um 60 þús. kr. af einstökum mönnum, sýslunni og hreppnum. Svo var tekið lán til skólans að upphæð 150 þús. kr. Það, að núverandi skólastjóra, Bjarna Bjarnasyni, tekst að halda þessu gangandi, stafar aðeins af dugnaði hans. Hann hefir haft leigu fyrir húsið á sumrum, en þó hygg ég, að hreinar tekjur af gistihúsinu á Laugarvatni hafi að jafnaði aðeins numið 10—12 þús. kr. á ári. Húsið þar er ekki heldur sambærilegt við hin stóru hótel í Reykjavík, sem hafa haft aðstöðu til að velta fram skuldum.

Svo að ég taki aðeins eitt dæmi, þá vantaði stóla á Laugarvatni. Skólastjórinn tók sig þá til og lét smíða 100 stóla, en efnið í þá kostaði 700—800 kr. Þótt ekki væri nema að smíða stóla, myndu nemendur spara skólunum stórfé. Ég hygg, að þarna veiti ekki af 600—700 stólum í viðbót til að fullnægja bæði vetrarþörfum og sumarþörfum.

Í Laugarvatnsskólanum eru venjulega um 150 nemendur, þar af hérumbil 40 úr Árnessýslu, þ. e. a. s. nálægt fjórði hlutinn. Þá kemur þetta spursmál: Á hún að standa straum af skólanum ein, þó að það séu um 110 nemendur árlega, sem eru annarstaðar að af landinu; margir úr Rangárvallasýslu, sem ekki hefir lagt neitt fé fram til byggingar skólans, Vestur-Skaftafellssýsla ekki heldur og Reykjavík ekki neitt, nema að því leyti, sem skólinn hefir verið byggður á kostnað ríkisins?

Ég hefi skotið þessu til hv. 9. landsk. Málstaður þessa hv. þm. er ekki eins sterkur og hann gæti virzt í fyrstu. Hvaða ástæða er til þess, að Árnessýsla kosti Laugarvatnsskólann að öllu leyti, aðalsumargististað Reykvíkinga og þar sem ¾ af þeim nemendum, er sækja skólann, eru annarstaðar að af landinu? Það má Árnessýsla hafa. Hún á engan lögfræðilegan kröfurétt til að fá þetta endurgoldið.

Sama á við um alla hina héraðsskólana; þetta eru orðnar landsstofnanir. Mér finnst það nærri þakkarvert við héruðin, ef þau hafa getað lagt fram ¼ af stofnkostnaði. Þetta eru orðnar svo að segja alþjóðlegar stofnanir á sumrin, og verða það meir og meir. Ef ekki hefði komið stríð, myndi Esja hafa flutt 150 manns á viku milli Íslands og útlanda, og skip Eimskipafélags Íslands meira hálfsmánaðarlega. Sannleikurinn er sá, að það má vel vera, að héraðsskólarnir séu hentugir gististaðir fyrir fólk, sem vill koma hingað. En ég vil spyrja: Til hvers er að hafa byggt sérstaklega fínt skemmtiskip fyrir svona fólk, þegar aðbúnaðurinn er þannig á gististöðunum, að það verður að taka rúmfötin úr rúmunum og hringa sig eins og litlir seppar á gólfinu í þeim herbergjum, sem það fær? Getum við annars í alvöru tekið á móti erlendum gestum, þegar allt er svona óundirbúið?

Ég hefi ferðazt nokkuð í Noregi og hefi lagt mig fram að kynnast því, sem þar er helzt sjónarvert viðvíkjandi móttöku ferðamanna. Mín reynsla frá Noregi, þar sem landshættir eru líkir og hér á Íslandi, um það, hvernig þeir ferðast, og hve miklar kröfur eru gerðar á sumargististöðum, til þess að mæta þörfinni, er sú, að íslenzku héraðsskólarnir muni geta staðizt samkeppni við þá norsku, ef við hlúum að þeim svipað því, sem þar er gert.

Auðvitað er það mjög mikilsvert atriði, að nemendur skólanna eiga að starfa, þeir eiga að smíða og hjálpa upp á skólana á ýmsan hátt, eins og ég hefi sagt. Ég hefi nefnt eitt dæmi um smíði húsgagna á Laugarvatni. Ég talaði við núverandi skólastjóra þar, Bjarna Bjarnason, í gær og spurði hann, hvernig hann héldi, að skóli hans stæði, ef þetta frv. næði fram að ganga hér á Alþ. með þeim auknu kröfum og breyt., sem í því felast, ef unnt væri að létta skuldunum af skólunum eða færa þær þannig til, að þeir þyrftu ekki að öllu leyti að standa straum af þeim. Hann sagðist alls ekki óska eftir að fá þessar auknu kröfur, því að hvernig ætti hann að geta staðið undir hinum nýju kröfum, ef hann yrði að basla áfram með þessar gömlu skuldir?

Ég vildi spyrja hv. 9. landsk., hvort hann gæti ekki hugsað sér að ljá þessu máli stuðning sinn, til þess að það gæti gengið áfram, og það af þeim rökum, sem ég hefi fært fyrir því, — þó að till. hans yrðu ekki samþ. Það er athugavert, hvort þessar óhjákvæmilegu endurbætur, sem gerðar verða fyrir þjóðina, verða henni ekki ofviða, hvort hún getur staðið undir þeim. Þar þarf að koma fleira til.

Forseti (EÁrna): Ég vildi mælast til, að hv. dm. vildu greiða fyrir því, að umr. yrði lokið, því að það er aðeins hálf klst. eftir þar til slíta verður fundi.

Þorsteinn Þorsteinsson: Það er ekki í fyrsta skipti, sem hæstv. forseti mælist til þess við mig að vera stuttorður, og skal ég að vísu verða við þeirri beiðni, enda get ég sagt það, að ég er yfirleitt samþykkur þessu frv., að undanteknu því ákvæði, sem er í 13. gr. Ég verð að segja það, að ég óska þess, að hér í sambandi við þetta frv. verði skýrt frá, hve há upphæð stofnkostnaður þessara skóla hefir verið, svo að unnt sé að segja til um, hvort á að láta þá fá meiri styrk. Ég vil fá að vita þetta, til þess að ég geti gert mér grein fyrir þessu máli. (**JJ:** Ég held, að þeir skuldi alls um 400 þús. kr.). Mat á þessum framlögum héraðanna er að sjálfsögðu oft mikið álitamál. Ég hefi ekki séð neitt, sem gæti orðið til að rengja áætlanir hv. þm. S.-Þ. um fjárhagshlið þessa máls, en vitanlega verður hæstv. ríkisstj. að láta meta vinnuframlögin og fleira. Eitthvað hefi ég heyrt talað um hitaveitur. Ef ríkis-

stj. er búin að samþ. ákveðna veitingu, er kannske ekkert um það að tala, en þó finnst mér Alþ. eiga heimtingu á, að skuldaskýrslur skólanna séu lagðar fram, svo að ljóst sé, hvað þörf er að greiða fyrir skólana. Einn litill héraðsskóli, skólinn á Núpi í Dýrafirði, mun ekki skulda nema 5—6 þús. kr. (**JJ**: Hann skuldar um 10 þús. kr.). Hann myndi þá e. t. v. fara að leggja í sjóð, ef hann væri búinn að fá allar þessar greiðslur. Mér virðist eftir frv. að dæma, að ríkissjóður eigi jafnt að borga ¼ af stofnkostnaði héraðsskólanna, hvort sem skólarnir skulda svo mikið eða ekki. En mér finnst satt að segja nú vera þeir tímar, að nauðsyn beri til að fara gætilega í það, að leggja byrðar á ríkissjóð, því að vel kann svo að fara, að skólarnir gangi mjög fast eftir því, að ríkissjóður greiði annaðhvort þessi framlög í peningum sem allra fyrst, eða þá að ríkið taki á sig eitthvað af skuldum skólanna, en ég tel hér um bil sama, hvort af þessu tvennu er. Það er einkum héraðsskólinn í Árnessýslu, sem er mjög skuldugur. En eins og tímarnir eru nú, tel ég ekki rétt fyrir ríkissjóð að taka á sig þau útgjöld, sem ekki eru bráðnauðsynleg, en hinsvegar, ef eitthvað rofar til, þá er allt öðru máli að gegna, og þá gæti maður reynt að hjálpa héraðsskólunum eftir því sem ástæður leyfðu.

***Árni Jónsson**: Ég vil þakka hv. 5. landsk. fyrir undirtektir hans undir þá till., sem ég flyt. Hann er einn þeirra, sem sæti eiga í fjvn., sem nú hefir gerzt mjög umsvifamikil á þessu þingi, einkum um sparnað, m. a. hjá ýmsum opinberum stofnunum. En það má heita, að þessir skólar séu það; og hér er ekki lagður til sparnaður af ríkisins hálfu.

Hv. þm. S.-Þ., sem ber fram þetta frv., hefir látið mjög ýtarlega grg. fylgja því. Mér finnst, að þessi hv. þm. sé þar ekki í fullu samræmi við stefnu sína. Ég vil ekki fallast á, að rétt sé að fara nú að auka byrðar ríkissjóðs. Mér finnst þetta frv. ekki vera í fullu samræmi við stefnu hv. þm. S.-Þ. eins og hún kemur fram í „höggorminum" og ýmsu öðru, því að mér virðist ekki nauðsynlegt að leggja þær nýju byrðar á ríkissjóð, sem þar er farið fram á.

Hv. þm. S.-Þ. sagði, að þegar l. um héraðsskóla voru sett, hefði verið sterkur áhugi fyrir því í sveitum landsins, að þessir skólar kæmust á fót. Mér skildist helzt, að hann vildi fóðra þessar auknu kröfur á hendur ríkissjóði með þeirri linku í stefnunni, að áhuginn fyrir þeim sé nú minni í sveitunum en áður. (**JJ**: Nei nei.) Ég get ekki með neinum rökum komizt að annari niðurstöðu. En eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, þá liggur ekkert fyrir, er bendi til, að svo sé. Mér skildist á honum sjálfum, ekki síður en fræðslumálastjóra, að áhuginn væri mikill fyrir þessari breyt., og það myndi sízt verða til þess að draga úr aðsókn að héraðsskólunum, ef þessi breyt. kemst á. Mér fannst það koma ljóst fram í seinni ræðu hv. þm. S.-Þ., að þetta væri ekki síður frv. um sumargistihús heldur en frv. um héraðsskóla. (**JJ**: Já, það er alveg rétt.) Mér fannst það augljóst, að hér var um frv. um sumargistihús að ræða, því að öll ræða þessa hv. þm. fjallaði um það, að bæta yrði aðbúnað héraðsskólanna, en þó átti ekki að miða þær umbætur við þarfir nemenda, heldur við þarfir þeirra ferðamanna, sem hingað sækja. Hann ræddi mikið um það, hve sumir ferðamenn hefðu orðið að sætta sig við slæman aðbúnað. En þá ræðu flutti hann í fyrravor í sambandi við skip Eimskipafélagsins, um Englendinginn, sem aldrei gat fengið nógu langt rúm og alltaf þurfti að hringa sig á gólfinu. Ég hefi orðið fyrir þessu sama. Þegar ég var einu sinni faktor á Vopnafirði, eins og hv. þm. S.-Þ. hefir getið um, góðrar minningar, þá kom til mín gamall karl, sem var kallaður Ólafur þögli. Hann átti dóttur eina barna, og ætlaði að gefa henni efni í sængurver. Ég spurði hann, hvað þann þyrfti mikið. „Svo sem tvær álnir," svaraði hann. „Nei," það er allt of lítið," sagði ég, „þér veitir ekki af 8—10 álnum." „Nei," sagði hann, „tvær álnir eru alveg nóg, hún getur þá legið kreppt." Það er þetta, sem hv. þm. S.-Þ. vill koma í veg fyrir, að ferðamenn þurfi að verða fyrir, og ég er alveg með honum í því. En með því fyrirkomulagi, sem farið er fram á í þessu frv., sem sé að auka verklega kennslu í héraðsskólunum, þá virðist mér vera séð sæmilega vel fyrir því, að hægt sé að búa til sæmilega góð rúm, sem séu nógu löng handa flestum hóflega stórum ferðamönnum. Ég býst ekki við, að hann ætlist til þess, að þau séu hótel fyrir „luxus"-flakkara, heldur þægileg gistihús, sem aðeins séu rekin á sumrin. Eins og hann gat um og mér er kunnugt, hefir verið svo mikið gert að smíðum á Laugaskólanum, að maður getur ferðazt víða þar um sýsluna, þar sem maður sér ekki annað en heimaunnin húsgögn, sem eru mjög smekkleg. Einkum á þetta við um sveitaheimilin kringum Laugaskóla, og sjálfsagt eru þau húsgögn sízt lakari, heldur sterkari og varanlegri en erlend húsgögn. Með þeim breyt., sem lagt er til að gerðar verði á héraðsskólunum með þessu frv., skilst mér, að yfirleitt verði séð fyrir því, að hægt verði að hýsa þar alla yfir sumartímann nema „luxus"-flakkara, með örlitlum tilkostnaði.

Ég hygg, eftir því, sem fræðslumálastjóri segir, að þá sé áhuginn óbilaður fyrir því í sveitum landsins að styrkja héraðsskólana, og ég vona, að svo sé. Ég sé enga ástæðu til að gera ráð fyrir þeirri linku, að þeir, sem að skólunum standa, muni ekki framvegis standa undir sínum skuldbindingum, eins og þeir hafa gert undanfarin ár. Hv. þm. S.-Þ. ræddi ekki um þetta sem skólamál, heldur gistihúsamál. En einmitt á þessum tímum, þegar verið er að bera fram frv. um sérstakar ráðstafanir vegna styrjaldarástands, og um að fresta framkvæmd ýmsra l. vegna stríðsins, sem nú geisar, tel ég að ekki hefði verið síður ástæða til að fresta því að setja l. um sumargistihús sveitanna, því að ein afleiðing þeirra l., ef samþ. verða, verður vitanlega sú, eins og tekið er fram í nál., að um leið og ferðamannastraumur frá útlöndum fer aftur að aukast, verður farið að nota héraðsskólana sem sumargistihús. Ég sé enga ástæðu til að halda þessu máli til streitu nú, því að þörf ferðamanna gefur enga ástæðu til þess, því að með gistihúsrekstrinum er ekki verið að leggja neina kvöð á skólana. (**JJ**: Þeir

gera það nú eiginlega af sjálfsskyldu). Það getur vel verið að það þurfi að styrkja gistihús í sumum héruðum, en það mál liggur ekki fyrir hér nú. Hv. þm. S.-Þ. kom með það, hvaða ástæða væri fyrir Árnessýslu að vera að sjá Reykvíkingum fyrir sumargistihúsi. En hann hefir sjálfur upplýst, að það hafi gefið arð. Hann sagði, að það hefði orðið 10 þús. kr. hagnaður af rekstri gistihússins á Laugarvatni árlega, og það er ekki lítið, að hafa þarna 10 þús. kr. afgang á hverju sumri.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta öllu meira. Ég vil þó aðeins benda á það, að eins og nú er, hafa skólarnir sjálfir getað lagt fram helming stofnkostnaðar, og með þessu frv., ef samþ. verður, er miklu betur séð fyrir skólunum fjárhagslega, ef þeir eru haganlega reknir. Ég tel það ganga of langt, ef nú á að fara að létta miklu meiru af héraðsskólunum en áður.

Þrátt fyrir það, þó að sveitirnar eigi við ýmsa örðugleika að stríða, eru samt alltaf að koma fram kröfur um nýja héraðsskóla, og mér virðist ekkert benda til þess, að sveitunum eigi ekki að vera fært framvegis að standa undir sínum héraðsskólum eins og hingað til, og tel ég, að með þessu frv. sé gert ráð fyrir meiri linku heldur en nokkur ástæða er til.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Hæstv. forseti óskaði eftir, að þessar umr. færu að styttast. Ég skal hafa mína ræðu frekar stutta. Ég hefi skrifað undir nál., sem fylgir þessu frv., með fyrirvara, en hefði þó getað geymt þann fyrirvara til 3. umr., ef ég hefði ekki orðið að taka afstöðu til brtt., sem hér liggja fyrir. Áður en ég kem inn á efni þessa frv., vil ég geta þess, að ég hygg, að það sé í öllum aðalatriðum gott mál. Mér finnst, sem ég sjái þar hinn gamla mann. (__ÁJ:__ Hinn unga mann). Já, eins og hann var ungur átti ég við, því að þá var afstaða hans til ýmsra mála svipuð og þetta. Ég hygg, að með þessu frv. sé algerlega stefnt að því rétta marki, sem sé að auka verklega kennslu í alþýðuskólum, og að manna æskulýðinn til þess að meta vinnuna öllu meira en hann kannske gerir nú. Ef það tekst, að gera ungu kynslóðina vinnufúsa, þá er það mikil framför, og þá væri ekki til einskis barizt með þessum skólum. Minn fyrirvari var ekki viðvíkjandi efni þessa frv., heldur aðeins um einstök atriði, sem ég skal greina frá við 3. umr. Það er ýmislegt, sem ég tel, að mætti fetta fingur út í, út af reglugerðarákvæðum þessa frv., svo sem við 3. gr.

Ég skal leiða hjá mér þann ágreining, sem komið hefir upp milli meðnm. minna, og vikja orðum mínum að þessari brtt. Ég hefi lýst því yfir í n., að ég gæti fylgt ákvæði frv. um það, að ¾ hlutar af stofnkostnaði skuli lagðir úr ríkissjóði, og byggði ég það á tvennu eða þrennu. Í fyrsta lagi á því, að reynsla er fengin fyrir því, að skólarnir eiga margir við fjárhagsörðugleika að stríða. Í öðru lagi byggi ég það á því, að ég tel, að fræðslustarfsemin eigi eftir sem áður að vera að mestu leyti kostuð af ríkinu, en sem minnstar byrðar eigi að leggja á einstaklinginn, og allra sízt eigi að auka þær byrðar, sem bændurnir hafa af skólum landsins, heldur eigi að jafna það misræmi, sem er á kostnaðinum við skólana í sveitunum, en hann bera bændurnir að nokkru leyti, en í kaupstöðum og kauptúnum eru skólarnir kostaðir af ríkis- eða bæjarsjóði. Það samræmi næst ekki að mínu áliti nema með því, að ríkið taki meiri þátt í starfrækslu skólanna en verið hefir.

Þá er ætlazt til hér, að haldið verði uppi fleiri námsdeildum en nú er ætlazt til af starfandi ríkisskólum hér í höfuðstaðnum og víðar. Ég skal játa, að farið er hér fram á aukin framlög úr ríkissjóði, en ég tel, að það réttlætist af því, sem áður er greint.

Frv. ætlast til þess, að aukið verði verklegt nám í skólunum, en það leiðir af sér, að auka styrk ríkissjóðs til að koma þeim húsakynnum upp. Ég get því ekki fallizt á till. frá hv. 9. landsk., þar sem hann vill láta minnka þennan styrk. Ég varð var við, að ágreiningur var innan n. um þetta atriði. Það má segja, að það sé að fara aftan að siðunum, þegar menn tala svo mikið um allskonar sparnað, en ég ætla að sýna með mínu atkv. í þessu máli, að ég er ekki með sparnaði, sem getur orðið til þess að draga úr því, að þjóðin komist til meiri þroska og mennta, því ég tel, að öll menning, hvort sem hún er bókleg eða verkleg, sé undirstaðan undir giftu þjóðarinnar.

Ég vil skjóta því til hv. flm. um leið og hann fær þessar undirtektir frá mér, að ég vona, að hann líti sömu augum á þetta og ég, og að hann telji rétt og skilji það, að ekki þarf síður að búa menn undir starf sitt og líf, þótt þeir búi við sjó. Ég hefi farið fram á það, svo ekki sé tekin ein stétt þjóðfélagsins fram yfir aðra, að byggður verði myndarlegur skóli fyrir sjómennina. Að vísu hefir hv. flm. ekki lagt á móti því máli, en hann hefir ekki heldur lagt því verulegt lið.

Ég þarf svo ekki að tala um þetta frekar. Ég tel, að frv. stefni til umbóta á fræðslunni í landinu, og mun ég, með nokkrum breytingum, verða því fylgjandi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—12. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 459 felld með 8:4 atkv.
13. gr. samþ. með 8:4 atkv.
14. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
__já:__ ErlÞ, HermJ, IngP, JJ, MG, PHerm, SÁÓ, EÁrna.
__nei:__ BSn, ÞÞ, ÁJ.
BrB, PZ greiddu ekki atkv.
3 þm. (JJós, MJ, BSt) fjarstaddir.

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 382, 486, 491).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 486 og 491. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég hefi, eins og ég gerði ráð fyrir við 2. umr., bætt við fáeinum brtt., sem ég sé ekki þörf á að fjölyrða mjög mikið um. Það kom í ljós, að sumir hv. þm. óttuðust, að ef frv. yrði samþ., fengju sumir skólarnir endurborgað fé, sem þeir þyrftu ekki að nota til bygginga. Mér þótti þá rétt að gera viðbót og bæta við 13. gr. þessari málsgr.: „Þegar ríkissjóður greiðir héraðsskóla stofnstyrk, má aðeins verja því fé til húsabóta og annara umbóta á skólasetrinu, í samráði við kennslumálaráðherra og með eftirliti húsameistara ríkisins." — Þetta ætti að nægja til að koma í veg fyrir misnotkun.

Þá þótti mér eðlilegt, að í frv. væri samþykkt fyrir því, að ríkisstj. léti nefnd 3 manna meta til peningaverðs allar eignir héraðsskólanna eins og þær eru nú, náttúrlega með hliðsjón af því, sem þær hafa kostað, en mikið af því er gjafavinna og fleira, sem erfitt er að ákveða í peningum, en er allt skráð. — Um þetta fjallar fyrri málsgr. 3. brtt. Og er lagt til, að einn nefndarmanna sé útnefndur af kennslumálaráðh., annar af fjármálaráðh. og hinn þriðji af húsameistara ríkisins.

Síðari málsgr. 3. brtt. tekur fram, að skólanefnd skuli, fyrst um sinn, vera heimilt að lengja fyrir eitt ár í senn sumarleyfi einstakra skólastjóra og kennara fram yfir þann tíma, sem ákveðinn er í 7. gr. Meðan hér var verið að fjalla um málið, kom það fram, að kennarar við einn skóla misskildu frv. og fóru að sjá eftir sínu árlega sumarleyfi og létu í ljós óánægju yfir því, að það styttist. Þó að aðalatriðin, sem fyrir þessum kennurum vaka, séu grófur misskilningur, þykir mér rétt að taka það tillit til einstakra röksemda þeirra, sem gert er í brtt. Ákvæði frv. um þessi efni voru hugsuð nokkuð rúmt, gert ráð fyrir, að einstakir kennarar t. d. tækju að sér yfirumsjón með rekstri gistihúss, eða að sinna skógrækt og garðyrkju, starfa að byggingum og smíðum vegna skólans eða semja kennslubækur í þágu hans. Þetta yrði að vera samkomulagsmál við hvern einstakan kennara, og þá hygg ég, að það yrði til stórkostlegra umbóta.

Til þess að tefja ekki tímann við brtt. hv. 2. landsk. vil ég segja það strax, að þær eru mjög vinsamlegar í sjálfu sér, en ég er ekki viss um, að þær séu til bóta. Honum finnst það ekki viðkunnanlegt að ákveða í l. um ræsting nemenda á skólanum og framreiðslu við máltíðir, heldur eigi að hafa þetta í reglugerð. Það gæti náttúrlega komið að sama gagni, enda hefir þetta verið föst venja við skólana. En ég vil heldur, að það standi, því að ég legg áherzlu á, að þetta eru vinnuskólar, og það verður eflaust tekið upp viðar, m. a. til að venja menn af tepri.

Þá er brtt. um að orðin „húsagerð og" falli niður í 2. málsgr. 9. gr., þar sem rætt um fullkomið sérnám í smíðum, og hv. þm. heldur, að það verði til að skapa samkeppni við iðnstéttir bæjanna. En ég get sagt honum, að sá varningur, sem íslenzkir iðnaðarmenn framleiða, er svo dýr, að hann sést hvergi í sveitum landsins; aftur sér maður breiðast út frá einstöku skóla húsgögn, sem þar er tekið að smíða. Og líkt er um húsagerð. — Jón Hannesson í Deildartungu sagði við mig, þegar við vorum að undirbúa þetta: „Við skulum reyna að hafa vinnuskóla, en ekki reyna að keppa við iðnaðarmenn bæjanna, ekki hafa námstímann svo langan. Þó að piltar séu ekki nema einn vetur við það, geta margir þeirra byggt á eftir hús í sveitum." — Ég vona, að iðnstéttir bæjanna misskilji aldrei þessi mál svo, að þær fari að neyða þá, sem hafa verknám sitt úr héraðsskólunum, út í samkeppni við sig. — Annars skal ég ekki fjölyrða um þessar brtt.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Hv. 1. þm. S.-Þ. hefir vikið lítið eitt að þeim brtt., sem ég flyt á þskj. 491. Hann minntist þó ekkert á fyrstu brtt., um að heimilt skuli að víkja frá 16—17 ára aldursmarkinu fyrir kennslugjaldsskylda nemendur, ef sérstaklega stendur á, að dómi skólanefndar og skólastjóra. Þó að æskilegt sé, að unglingarnir komi allþroskaðir í skólana, verður að gæta þess, að um 16—17 ára aldur eiga margir þeirra miklu síður heimangengt en árin á undan. Þá eru þeir yfirleitt farnir að geta innt af hendi þau störf, sem unnin eru í sveitum, og foreldrarnir eiga ekki á öðrum vinnukrafti völ, svo að freisting er fyrir þá að nota hann, þótt það verði til að fyrirmuna börnunum alla skólavist. Þess vegna legg ég til, að undanþága sé lögð á vald skólanefndar og skólastjóra.

Síðari liður þessarar brtt. er um að ákveða um innanhússtörf nemenda í reglugerð, en ekki frv.; mér finnst það atriði dálítið óviðkunnanleg rekistefna í lögum, þótt eðlilegt sé og þegar orðinn fastur siður í slíkum heimavistarskólum. Það getur verið svo miklu fleira en að bera á borð og þvo gólf, sem nauðsyn er að venja menn við, en nægir að fyrirskipa í reglugerð, og hjákátlegt er að hafa sumt í l., en sumt í reglugerðinni.

Þá er það brtt. um að fella burt það atriði í sérnámi við héraðsskólana, sem á að gera nemendur færa til að standa fyrir húsabyggingum. Ég get fullvissað hv. flm. um það, að brtt. spratt ekki af neinum ótta hjá mér við samkeppni móti iðnstéttum bæjanna. Þessi tilsögn í héraðsskólunum getur ekki orðið það mikil, að menn þaðan geti þekkingar vegna keppt við iðnlærða menn í húsagerð. Hinsvegar lít ég svo á, að nauðsyn sú, sem er á því að reisa vönduð hús í sveitum, hús reist fyrir ókomnar kynslóðir með atbeina byggingar- og landnámssjóðs og nýbýlasjóðs, ætti að knýja menn til varfærni í því að láta aðra standa fyrir byggingum en þá, sem hafa til þess fullkomna kunnáttu. Það ætti að banna að veita lán og styrki úr opinberum sjóðum til bygginga nema þetta frumatriði, sérþekkingin, sé tryggt. — Annars er óljóst, hvernig hv. flm. hugsar sér þetta húsagerðarnám. Eiga nemendur að vinna að henni, þegar frost er og snjór er yfir allt, eða, eiga þeir að verða smiðir á því að hlusta á fyrirlestra? (**JJ**: Nei, þeir verða látnir vinna upp á kraft). Úti í snjónum? (**JJ**: Þeir steypa steina). Það er svo. Sjálfsagt geta menn lært með stuttu námi að byggja útihús sín sjálfir, hesthús, hlöður og fjós. En alltaf var það venjan, þegar sjálfur bærinn var byggður, að fengnir væru til þeir menn, sem bezt voru að sér í byggðarlaginu í þeim efnum. Ég þori

að staðhæfa, að með þessari kröfu um sérnám til að standa fyrir húsagerð er skotið yfir markið — þessir menn geta ekki orðið færir um það á stuttum námskeiðum þennan tíma árs. Og sú fjarstæða nær engri átt, að óttast verði um, að með þessu séu iðnstéttirnar settar út úr spilinu. — Hinsvegar er ég sammála hv. þm. um það, að hægt sé að kenna smíði hinna einfaldari húsgagna á þessum námskeiðum. Ég er ekki í vafa um, að það myndi prýða margt sveitaheimilið, ef menn fengju þarna tækifæri til að læra að smíða húsgögn. — Þá held ég, að ég hafi gert nokkra grein fyrir því, sem fyrir mér vakir.

*Árni Jónsson: Ég gat þess við 2. umr., að ég væri lítt fróður um málið og færi eftir umsögn mér kunnugri manna, en þar sem svo vel vildi til, að hv. flm. var form. menntmn., væru hæg heimatökin að fá allar upplýsingar, sem þyrfti. Ég taldi þá aðalbreytingu heppilega, að mjög yrði aukið hið verklega nám, en dregið nokkuð úr því bóklega. Að þessu leyti var ég frv. fylgjandi. Ég gat þess, að í frv. væru ákvæði, sem snertu nokkuð hag kennarastéttarinnar, og bað um upplýsingar því viðvíkjandi, hvort kennarastéttin stæði að þessu frv. Eftir þeim upplýsingum, sem n. fékk, varð ekki annað séð en að kennararnir mundu ekkert hafa við það að athuga og taka því fegins hendi.

Mér kom þess vegna mjög á óvart, þegar Alþingi barst skeyti, þar sem allt annað varð uppi í teningnum. Frá kennurum stærsta héraðsskólans barst í fyrradag símskeyti það, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Okkur kennurum héraðsskólans á Laugarvatni hefir borizt í hendur frv. til l. um héraðsskóla, ásamt grg. Þar sem þetta mál snertir okkur öðrum fremur, leyfum við okkur að skýra hinu háa Alþingi frá áliti okkar um það. Sérstaklega viljum við vekja athygli Alþingis á því, að þar sem frv. krefst þess, að við vinnum í þjónustu skólans þann tímann, sem hann starfar ekki, er okkur gert ókleift að sinna nokkrum öðrum störfum. Nú er launakjörum okkar þannig háttað, að flestir okkar hafa orðið að nota sumartímann að nokkru leyti til þess að sjá sér farborða. Það er sérstaklega tilfinnanlegt að vera sviptur þessum möguleikum á þessum tímum, þegar allar nauðsynjar eru að hækka í verði. Auk þess höfum við verið ráðnir hingað aðeins til að kenna, og það hlyti að koma harðast niður á kennslu okkar og nemendum, ef okkur gefst ekki tími til að auka menntun okkar og halda okkur andlega vakandi. Í grg. frv. er þannig að orði komizt, að þetta sé gert til þess, að kennarar skólanna ráfi ekki um eins og skuggar á sumrin og verði leiðir á lífinu. Við getum ekki séð, að slík hætta sé á ferðum með okkur, þar sem við höfum allir haft einhver störf með höndum í sumarleyfinu, ýmist andlega eða verklega. Auk þess hafa flestir okkar farið utan og dvalið við erlendar menntastofnanir í sumarleyfunum. Með þessu frv. er með öllu skotið loku fyrir slíkt. Ennfremur viljum við benda á það, að Laugarvatnsskólinn er eini skólinn, sem rekur bú og getur veitt kennurum verkefni á sumrin. Af grg. verður ekki annað séð en þeim kennurum, sem þegar hafa bú á skólajörðum, t. d. í Reykholti, verði leyft að stunda þann atvinnurekstur framvegis. Og væri það allmikið misrétti, ef kennurum sumra skólanna væri leyft að stunda frjálsa atvinnu, en kennurum annara skóla meinað slíkt. En hinsvegar teljum við æskilegt, að skólar þeir, sem ráða yfir einhverri atvinnu, láti kennara skólanna sitja fyrir henni, að öðru jöfnu, en þó einkum, að þeir eigi kost á landi til ræktunar, ef þeir vilja stunda garðrækt eða smábúskap. Að öllu þessu athuguðu viljum við skora á hið háa Alþingi, að það láti í engu ganga á rétt okkar kennara við héraðsskólana, enda mun það einsdæmi, að skólanefndir eða skólastjórar geti skipað kennurum til hverra verka sem þeim sýnist, utan skólatíma. Er okkur ekki kunnugt um, að slíkt fyrirkomulag sé í nokkru lýðfrjálsu landi, hvað sem tíðkast kann í Rússlandi eða Þýzkalandi. Auk þess er margt í meðferð málsins og efni frv., sem er aðfinnsluvert. Sjálfsagt er, að afgreiðslu frv. á Alþingi sé frestað, svo að skólanefndum og kennurum skólanna gefist kostur á að láta álit sitt í ljós um nýjungar þess, áður en það er samþykkt.

Laugarvatni, 16. des. 1939.

Guðmundur Ólafsson, Bergsteinn Kristjánsson, Þórður Kristleifsson, Björn Jakobsson, Ólafur Briem, Ragnar Ásgeirsson."

Þetta skeyti kemur algerlega í bága við það, sem haldið var fram, að frv. mundi ekki sæta aðfinnslum frá kennurum, þótt það gengi fram óbreytt. Nefndinni hafa verið gefnar rangar upplýsingar.

Nú hefir hv. flm. ofurlítið reynt að bæta úr þessu með brtt. á þskj. 486. En mér finnst þær upplýsingar, sem skeytið gefur, benda til þess, að málið sé ekki eins vel athugað og látið er í veðri vaka við nefndina og að fleiri mótmæli eigi eftir að koma úr kafinu. Þegar af þeim ástæðum er full ástæða til að hefta framgang frv. að sinni. Ennfremur skortir gögn um það, hvernig þeir menn, sem eiga að halda skólunum uppi, mundu taka þessum breytingum. Óstaðfest ummæli vil ég ekki taka gild um það lengur, frekar en um hitt.

Við 2. umr. beitti ég mér aðeins gegn einu atriði frv.; ég vildi ekki, að þeim auknu byrðum væri bætt á ríkissjóð að greiða ¾ af stofnkostnaði skólanna í stað ½ áður, enda var ekki einu sinni upplýst með vissu, hve miklu fé þetta næmi. Mér fannst þetta brjóta í bág við þá stefnu, sem uppi er nú í þinginu, og ekki sízt þá, sem hv. flm. gengst fyrir, í orði kveðnu. Nú endurtek ég spurning mína: Hve mikil aukin útgjöld mundi leiða af þessu fyrir ríkissjóð? Ég vildi fá nákvæma sundurliðun og ýtarlegar áætlanir um þessi efni. Ekkert slíkt liggur fyrir. Hinsvegar hefir hv. flm. gert brtt. við 13. gr. um nýtt viðbótarákvæði, sem á að tryggja, að tillag ríkissjóðs sé notað til bygginga og umbóta. Ég vil benda honum á það, að brtt. stingur í stúf við sjálfa 13. gr., eins og hann hefir hana í upphafi. Meðan ekki er fellt úr gildi upphaf gr., að ríkissjóður taki þátt í stofnkostnaði skóla, hvers eðlis sem sá kostnaður er, hefir þessi brtt. enga þýðingu. Ég sé því ekki ástæðu til, að hún nái hér samþykki.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Áðan var verið að ræða um það hér í þd. að stofna brúasjóð, því að nú er svo komið — eftir að Skjálfandafljótsbrúin var reist, eins og hv. flm. má vera kunnugt um, önnur stórbrúin á fáum árum yfir það vatnsfall, — að það fæst ekki fé í nokkra stórbrú á Íslandi, svo að einstakir þm. neyðast til að fara fram á að stofna sérstakan sjóð í þeim tilgangi. Þetta gefur nokkuð til kynna, hvernig ríkissjóður er staddur. Því að *enginn ágreiningur er um það, hver nauðsyn er* að brúa ýmis vötn, og ekki sízt þau fljót í Skaftafellssýslu, sem hv. 2. þm. N.-M. nefndi. Þá þykir mér það hart, að hv. flm. skuli nú fara fram á stórauknar greiðslur úr ríkissjóði og geta ekki einu sinni upplýst, hve miklu þær nema.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Ég ætla að segja nokkur orð út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann hélt því fram, að það væri ósamkvæmni hjá mér að gera ráð fyrir því, að létt verði af héruðunum nokkru af þeim byrðum, sem lagðar voru á þau með héraðsskólal. 1929, en vera svo með því, vegna yfirstandandi ástands, að taka að ýmsu leyti öðruvísi á hlutunum en gert hefir verið. *Við erum auðvitað báðir fylgjandi því, að byggðar séu stórar brýr*, en þar koma ekki aðeins til sparnaðarástæður, heldur einnig efnislegar ástæður. Það er fjarstæða hjá hv. þm., að þó við getum ekki byggt mikið af húsum eða brúm, eða þó við verðum að hætta við hið fyrirhugaða skip Eimskipafélags Íslands, af því það er of dýrt að byggja skip, að þá höfum við ekki efni á að haga kennslu fyrir um 600 unglinga þannig, að hún samsvari kröfum þeim, sem landið og þjóðin gerir til þeirra.

Ég vil benda hv. þm. á, að ég hygg, að hann hafi fyrir nokkru samþ. hér í hv. d., að ríkið gangi í ábyrgð fyrir vanskilaskuldum milli sveitarfélaga. Ég vil segja hv. þm., að af glöggum *mönnum er talið*, að þetta geti orðið um 300 þús. kr. á ári. Ég get skilið afstöðu hv. þm. í þessu máli. Hann greiðir atkv. með þessu, ekki af því, að hann sé ekki sparnaðarmaður, heldur af því, að hann telur þetta nauðsynlegt. Mér finnst aftur á móti, að það ætti að vera tilvinnandi að leggja á sig einhverja byrði til þess, að 600 ungmenni, sem eru að byrja lífið, geti fengið hagnýta fræðslu, svo þau geti síðar starfað eins og þörf er á, til þess að geta verið sjálfbjarga lýður.

Þetta kemur einmitt inn á það svið, þar sem ég vil spara. Hv. þm. hefir verið með í því að gera merkilega tilraun viðvíkjandi framfærslumálunum, sem gerir það mögulegt, að menn, sem *ekki vinna, en geta unnið, fái að vinna*. Ég skal ekki segja, hvað úr þessu verður, en þetta er tilraun.

Ég vil, til þess að fyrirbyggja misskilning hjá hv. þm., segja honum, að héraðsskólafrv. er einmitt í samræmi við hina lífrænu stefnu, sem ég hygg, að ríkisstj. öll og meiri hl. þingsins vilji styðja, að leggja fé í gagnlegar framkvæmdir í landinu, en vera á móti eyðslu eins og kemur fram í því, að ríkið gangi í ábyrgð út af vanskilaskuldum vegna niðursetninga.

Ég vil minna hv. þm. á, ef honum er umhugað um að auka sparnaðinn, að fyrst voru veittar í jöfnunarsjóð 250 þús. kr., en svo var það aukið upp í 700 þús. kr. Ofan á það kemur svo þessi ábyrgð. Þetta er fé landsmanna. Þetta er kannske nauðsynleg fjárveiting, en hún er ekki ánægjuleg, því hún er í sambandi við vinnuleysi og það, að hlutirnir bera sig ekki.

Ég hygg, að það sé langt frá því, að með þessu frv. sé verið að styðja eyðslu. Hér er verið að gera þá stórfelldustu tilraun, sem gerð hefir verið á Alþ., *til þess að búa æsku landsins í stórum stil undir þá lífsbaráttu*, sem tímarnir krefjast af okkur.

Ég sýndi fram á það við 2. umr., hvaða ástæður lægju til þess, að hinn fjárhagslegi léttir á skólunum og hinar auknu byrðar yrðu að fara saman. Hvers vegna á t. d. Árnessýsla að taka á sig helming kostnaðar á Laugarvatni, þar sem eru 110 nemendur úr öðrum sýslum, af 150 nemendum alls?

Af því að þetta hús var byggt af nokkurri þekkingu og fyrirhyggju, þá hefir það orðið landinu til mikils sóma, á meðan sumar þær byggingar, sem byggðar hafa verið af mönnum, sem standa hv. þm. nærri, hafa staðið auðar á sumrin. *Ég vil víkja því til hv. þm.*, að reynslan hefir sýnt, að sú tilraun fátækra manna í héruðunum og annara forgöngumanna, að byggja héraðsskóla, stendur mjög hátt fyrir ofan megnið af þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið hér á landi á síðari árum. Þeir menn, sem lögðu á móti skólunum og ofsóttu þá, standa nú illa að vígi, þegar það kemur í ljós, að þessar stofnanir standast málið miklu betur en margar aðrar, sem meir hefir verið gumað af í byrjun. Ég vil með fullri alvöru víkja því til hv. þm., að þeir menn, sem stóðu að héraðsskólunum, þurfa ekki að bera kinnroða fyrir verk sín, því þetta eru þær einu skólastofnanir, sem lifið heimtar til notkunar svo að segja allt árið.

Hv. þm. hefir tekið það ráð að vera á móti því, að þessari auknu verklegu kennslu væri komið á, þar sem hún hefir í för með sér aukinn tilkostnað. Ég vil taka það fram, að þessir skólar eru þeir einu af slíkum skólum, þar sem borguð eru skólagjöld, 60 kr. fyrir hvern nemanda. Í skólanum á Akureyri leggur ríkið til heimavist fyrir ekki neitt. Er það vöntun á ráðdeild, að héraðsskólarnir eru byggðir þannig upp, að gert er ráð fyrir, að nemendurnir verði að borga nokkuð fyrir húsnæði og kennslu? Ég segi nei. Ég segi, að þessir skólar séu byggðir upp með fullkominni ráðdeild, og það mun vera erfitt fyrir hv. þm. að etja kappi um það, ef þessir skólar eru bornir saman við ýmsar aðrar stofnanir.

Í síðustu ræðu hv. þm. kom fram góðvilji hans í garð þessa máls, þar sem honum fannst mikil fyrirhyggja koma fram í skeyti, sem nokkrir kennarar á Laugarvatni *hafa sent hingað*, en það skeyti er byggt á vanþekkingu frá þeirra hálfu. Það, sem gert er ráð fyrir í frv., er nýbreytni, sem þessir góðu menn kæra sig ekki um. Það eru ekki kennararnir á Laugarvatni, sem byggt hafa upp skólann. Það er einn maður, sem unnið hefir mest að því, en það er Bjarni Bjarnason skólastjóri. Ég vil skýra frá því, að í sumar,

sem leið, vann Bjarni Bjarnason hvern einasta dag fyrir skólann. Hann vann þar moldarverk með piltum sínum, stækkaði fjósið, svo það tekur nú 40 kýr í staðinn fyrir 14. Hann stækkaði hlöðuna og heyjaði bæði heima og niðri í Ölfusi.

Það, sem við meinum með þessu frv., er, að við viljum hafa slíka menn við skólann. Við viljum ekki hafa menn, sem þurfa að hafa margra mánaða sumarfrí. Hv. þm. veit, að í frv. er gert ráð fyrir 6 mánaða uppsagnarfresti, og ef það verður deila milli þessara kennara og skólanefndarinnar út af þessu, þá verður auðvitað niðurstaðan sú, að þessir kennarar verða að fara.

Ég vil segja hv. þm. það, að þetta frv. er byggt á því, að til séu í landinu menn, sem þora að vinna og vilja leggja það á sig að vinna. Hitt gegnir furðu, ef hv. 9. landsk. álítur, að inn í svona kerfi, sem snertir 600 ungmenni í landinu, eigi að koma duttlungar frá einstökum mönnum, eins og t. d. um langt sumarfrí. Við skulum taka hv. 9. landsk. sem starfsmann hjá fisksölusamlaginu. Hann fær þar ekki 4—6 mánaða sumarfrí. Ég hygg, að hann fái ekki nema hálfan mánuð. Prófessorarnir við landsspítalann hafa einn mánuð, en hjúkrunarkonurnar þar hafa hálfan mánuð.

Það, sem hefir gripið þessa menn, er það, að þeir halda, að það sé einhver goðgá, ef þessar stofnanir eiga að tengja við sig starfsemi allt sumarið.

Það mun ekki hafa áhrif á þetta mál, hvað kennararnir á Laugarvatni segja. Ef það kemur í ljós, að þeir geta ekki unnið eins og skólastjórinn þar, þá verða þeir að fara. Skólastjórinn vinnur alltaf fyrir skólann, ekki aðeins við það að kenna, heldur er hann líka fremsti maður í moldarvinnu, steypuvinnu og öðrum slíkum störfum, og þegar gestir koma að Laugarvatni, bæði útlendir og innlendir, þá finna þeir, að hann er þar fremsti maður í öllu.

Mér er engin ánægja í því að fá þetta frv. fram, ef það á að vera einhver tuskuskapur í því, sem tryggir það, að sumir kennararnir, áhugamennirnir, eins og t. d. Bjarni Bjarnason, megi vinna, en svo ætti að vera sérstakur letigarður fyrir aðra menn, sem ekki nenntu að vinna.

Hv. 9. landsk. verður að skilja, að þetta frv. er ávöxtur af langri reynslu. Í þessu frv. er byggt á sumu af því, sem ég skrifaði um fyrir 20 árum. Það er byggt á viðræðum við Jón í Deildartungu og aðra slíka menn, sem barizt hafa fyrir því að halda uppi hinum erfiða fjárhag skólanna. Mér hefir ekki dottið í hug að tala við þá menn, sem standa í þeirri meiningu, að þeir eigi aðeins að vinna þarna fyrir vissu dagkaupi. Þetta geta verið beztu menn, en ég hefi ekki áhuga fyrir því að tala við þá um þessi mál, því það er svo mikið til af slíkum mönnum, en slíkir menn hafa ekki þýðingu fyrir hin stóru átök.

Ég skil það vel, að hv. 9. landsk. er á móti málinu. Hann vill vinna því tjón. Hann var líka á móti því við 2. umr., og nú notar hann skeyti frá mönnum, sem virðast vera á allt annari bylgjulengd en sá maður, sem stjórnar skólanum, sem þeir kenna við. Ég óska hv. þm. til hamingju með þennan félagsskap. Þeir vilja hafa langt sumarfrí.

Ég ætla að segja nokkur orð út af ræðu hv. 2. landsk. Hans gagnrýni er af öðrum toga en hv. 9. landsk. Ég er á móti 1. till., en ég vil að nokkru leyti fallast á till. hans, þar sem hann vill ekki, að það sé gert að föstu skilyrði, að engir piltar yngri en 17 ára og engar stúlkur yngri en 16 ára fái inngöngu í héraðsskólana. Það er rétt, að sumir óttast, að einhverjir unglingar, sem vilja komast í héraðsskóla, en fá ekki inngöngu vegna þess, hvað þeir eru ungir, komi þá ekki síðar. Ég er á móti þessari till. sem kennari, því ég veit, að það er bezt fyrir skólana, að hún verði ekki samþ. En þar sem nokkur stuðningur er á bak við hana frá því fólki, sem notar skólana, þá hefi ég ekkert á móti henni.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil segja fáein orð um þetta frv. Það er flutt að tilhlutan kennslumrh., en vinnuna við frv. og tilhögun þess hefir hv. flm. og frsm. frv. algerlega annast.

Þetta mál hefir verið rætt mjög mikið að undanförnu meðal allra landsmanna, og ég veit, að ég tala þar fyrir munn mjög margra, þegar ég segi, að mjög mikill áhugi sé fyrir þessu frv.

Ástæðurnar til að ég tel, að þetta frv. eigi að ganga fram, eru hinar sömu og lágu til þeirra breyt., sem gerðar voru á bændaskólal., þegar komið var þar á meiri vinnu. Það er skoðun mín og ég trúi því, að við þurfum í þessu landi að hafa skóla fyrir vinnu, ekki síður en fyrir bóklega fræðslu. Vinnan er svo stór þáttur í lífi okkar, sem lifum að mörgu leyti við erfið skilyrði í þessu landi, að við þurfum á því að halda að kenna mönnum að vinna og kenna þeim að vinna réttilega. Ég hefi ekki trú á, að sú tækni, sem nú er almennt nauðsynlegt að nota, verði gerð tiltækileg okkur á annan hátt en þann, að útfæra hana á vinnuskólum.

Ég býst ekki við, að við þurfum að fara um þetta mörgum orðum. Sjálfsagt eru hv. þm. alveg sammála um þetta atriði. Það hefir líka fengizt nokkuð mikil reynsla í þessu. Við vitum, að þeir menn, sem fengið hafa búfræðimenntun og stundað hafa vinnunám erlendis, skera sig úr meðal þeirra manna, sem búfræðikunnáttu hafa í þessu landi. Þeir eru langsamlega fremstir og hugkvæmastir í öllu því, sem þessari starfsgrein við kemur. Sú sama var reynslan af skóla Torfa í Ólafsdal. Þeir, sem þaðan komu, skáru sig úr meðal búfræðinga hér á landi.

Það er enn meiri þörf á vinnuskóla nú, þegar nútíminn býður upp á margskonar tækni, sem ómögulegt er að læra á hinum einstöku heimilum í sveitum landsins, heldur verður að stofna sérstök heimili í sveitunum til þess að kenna fólki að notfæra sér þessa tækni.

Margt af því fólki, sem útskrifazt hefir frá þessum skólum, hefir lagt meiri stund á fræði, sem því er ekki nauðsynlegt að hafa þekkingu á til þess að gegna þeim störfum, sem skólunum er ætlað að búa það undir. Það vill því stundum verða þannig, að sumir af þessum skólum verði áfangi yfir í annað.

Ég held, að þær breyt., sem hér eru gerðar, séu til stórfelldra bóta, ef rétt er á haldið, og þó þær hafi nokkurn aukinn kostnað í för með sér, þá álít ég, að við megum ekki horfa í þann kostnað. Það má að vísu um þetta deila á tímum eins og þeim, sem nú eru. Þeir, sem andmæla þessu á þeim grundvelli, hafa auðvitað nokkuð til síns máls. En ég held, að það megi ekki horfa í þann kostnað, sem í þetta fer. Þess ber líka að gæta, að svo gætilega er ákveðið í frv., að útborgun þessa fjár fer eftir ákvæðum fjárl. og er skipt niður á langt tímabil.

Ég geri ekki ráð fyrir, að mikið fé verði veitt til þess að stækka skólana á meðan hinir erfiðu tímar eru, því það er ekki hagkvæmt, þegar búast má við því, að hverjar 3 kr., sem settar eru í byggingar á meðan á stríðinu stendur, jafngildi 1 kr., þegar stríðinu léttir af. Að vísu mun það vera svo, að eitthvað af stofnkostnaðinum myndi ríkið þurfa að taka að sér eftir að lögin hefðu fengið staðfestingu.

Ég vil líka benda á það, sem fært hefir verið fram til stuðnings þessu máli, að það sé sanngirnisatriði, að ríkið hlaupi hér undir bagga, þar sem þessir skólar hafa orðið aðal-hótelin úti um sveitir landsins, sem kaupstaðarbúum og öðrum þykir þægilegt að dvelja á. Það er ekki sjáanlegt, að það verði fundnar heppilegri leiðir til þess að byggja upp hótel í sveitum landsins.

Þegar talað er um eyðslu í þessu sambandi, þá er í raun og veru ekki rétt að kalla þetta því nafni. Það er ekki vafi á því, að við erum hér að ræða um það mál, hvernig eigi að koma í veg fyrir, að fólk flytji úr sveitunum. Það hefir verið samþ. till., þar sem veitt er heimild til að flytja þann vinnukraft til, sem safnazt hefir fyrir í bæjunum. Þetta frv. er spor í þá átt, að fólksstraumurinn til bæjanna verði stöðvaður að einhverju leyti, þar sem hér er verið að stuðla að því, að hægt sé að búa þetta fólk þannig undir lífið, að það sé fært um að taka að sér störf í sveit og geti lifað þar viðunandi lífi. Ég álít, að þetta frv. sé verulegur þáttur í að fyrirbyggja það misvægi í þjóðfélaginu, sem rætt hefir verið um í sambandi við framfærslul., og við vorum einnig að tala um, þegar rætt var um að setja byggðaleyfi. Það er þáttur í að forða bæjunum frá því öngþveiti, sem þar hefir skapazt með aðstreymi fólks úr sveitum landsins. Það stefnir að sama marki og ýmislegt annað, sem hér hefir verið gert, að laga það ósamræmi, sem orðið er á vinnukraftinum í landinu, þar sem fólki í kaupstöðum er haldið uppi með atvinnubótavinnu á meðan sveitirnar vantar vinnukraft. Það verður ekki hjá því komizt, að ríkissjóður taki á sig einhverjar byrðar til þess að laga þetta ósamræmi.

Ég er fylgjandi þessu frv. líka af því, að ég álít, að það geti orðið drjúgur þáttur í að koma í veg fyrir þessa flutninga úr sveitunum til kaupstaðanna.

Ég verð að viðurkenna, að þetta símskeyti frá kennurunum á Laugarvatni skyggir á þetta mál fyrir mér, ekki af því, að ég taki það sem rök, heldur af því, að til skuli vera sá hugsunarháttur að mótmæla þessu frv., sem tvímælalaust gengur í umbótaátt, á þeim grundvelli, að þessari stétt sé ekki ætlað nema mánaðar sumarfrí. Margir í þessari hv. d. og mjög margir aðrir þegnar þjóðfélagsins myndu telja vel viðunandi fyrir sig, ef þeir fengju mánaðar sumarfrí. Á hitt ber auðvitað að líta, sem ég er ekki nægilega kunnugur, hvernig launakjör þessara kennara eru. Það er sjálfsagt að taka það til athugunar. En að mótmæla þessu á þeim grundvelli, að stéttin eigi ekki að fá nema mánaðar sumarfrí, er sorglegur hugsunarháttur. Ég þykist ekki hafa neitt sérstaklega mikið að gera og ekki meira en margir aðrir, en ég myndi samt telja þakkarvert, ef ég gæti tekið mánuð á hverju sumri til þess að hvíla mig. — Sá hugsunarháttur þarf að vera til staðar í kennaraliðinu, og hann er í raun og veru eina tryggingin fyrir því, að frv. komi að fullum notum. Það er ómögulegt að neita því, að honum er ábótavant í okkar þjóðlífi, ef til vill vegna þess, að lífið er nú einu sinni þannig, að það gengur mikið í öldum. Það er eins og hræðsla eða geigur við vinnuna sé til hjá landslýðnum og er slíkt ákaflega hættulegt fyrir þjóðlíf okkar. Ég held, að það stafi af þeirri ofþjökun vinnunnar, sem þjóðin varð að líða um margra alda skeið. Eins kann það að vera þess vegna, hve mönnum hér gengur ákaflega illa að hlýða öllum yfirvöldum og fyrirskipunum og líta þau hornauga. Þessi óbeit á vinnunni er nú ríkjandi hugsunarháttur í okkar þjóðfélagi, og honum þarf að útrýma. Með þessu frv. er gerð tilraun til þess að gera fólkinu skiljanlega blessun þá, sem vinnan veitir. Ég álít, að ef þetta frv. verður framkvæmt eins og ég vona að verði, geti það orðið stór þáttur til umbóta í okkar þjóðlífi. Þess vegna vil ég mæla með frv. eins og það liggur fyrir.

*Árni Jónsson: Ég er hæstv. forsrh. sammála um það, að auka beri vinnuna og virðingu fyrir henni. Vinnuaðgerðir eiga að koma í veg fyrir það, að fólkið streymi úr sveitunum, og þeir, sem fara í sveitaskólana, séu betur undirbúnir í verklegum efnum en verið hefir hingað til. Ég er líka sammála honum og hv. flm. um það, að ákvæði frv., sem miðar að aukinni vinnukennslu í skólum, sé til mikilla bóta, og er fylgjandi frv. að efni til. En það er misskilningur hjá hv. þm. S.-Þ., og það kom einnig fram hjá hæstv. ráðh., að ég væri á móti þessu frv. vegna þeirrar efnisbreytingar, sem snertir kennara í skólum. Það er ekki þess vegna. Ég benti á það í n., að ef svo væri, að kennarar vildu ekki sætta sig við þau kjör, að fá aðeins einn mánuð frí, í staðinn fyrir 6 mánuði, væri ekki til neins að lögleiða eins mánaðar frí, vegna þess að kennarar eru ráðnir upp á að hafa frí í 6 mán. En þegar ég hreyfði þessu í n., var alveg tekið fyrir það af hv. flm., að þetta gæti valdið árekstri og kennarar vildu ekki sætta sig við það. Ég ber það undir þá, sem með mér unnu í n., hvort hér sé ekki rétt með farið frá minni hálfu.

Ég spurðist fyrir um það í n. og ítrekaði þá spurningu áðan, hverju myndi nema sá kostnaður fyrir ríkissjóð, sem af frv. leiddi. Hv. flm. gerði nokkra tilraun til að svara í n. og tók upp úr vasa sínum skjal, sem gaf þær upplýsingar,

að stofnskuldir skólanna mundu nema 400 þús. kr. Nú bað ég hann áðan að gera nánari grein fyrir þessum kostnaði ríkissjóðs, að þurfa að greiða framvegis ¾ stofnkostnaðar í stað þess að greiða ¼, eins og hann gerir nú. En í stað þess að svara þeirri spurningu, talaði hann um fátækraframfæri og ríkisábyrgð. Mér hefði þótt nær að heimila einhverja ákveðna upphæð heldur en blanda óskyldum efnum inn í þessa umr. Mér lízt svo, að þetta frv. geti ekki náð fram að ganga, nema með því móti, að ríkið taki á sig stórauknar byrðar vegna kennslunnar í skólunum. Ég hefi ekki orðið var við, að neitt hafi komið fram, sem sýni, að héruð þau, sem nú standa undir skólunum, myndu ekki vera eins fær um það þrátt fyrir skipulagsbreytingu þá, sem hér er gerð. Það vantar allar upplýsingar um það. Nú er líka svo, að þetta framlag ríkissjóðs er ekki réttlætt með því; það var það ekki við 2 umr., og er ekki enn. Þetta framlag er ekki veitt vegna skólanna sjálfra, heldur til þess að hægt sé að starfrækja þá sem gistihús á sumrin. Ég benti á það um daginn, að því aðeins færu skólarnir að reka gistihús, að þau bæru sig, og því er minni ástæða fyrir ríkissjóð að auka framlag til þeirra skóla, sem búið er að snúa í gistihús.

Ég ætla nú ekki að hafa þetta öllu meira. Ég hefi ekki fengið réttar upplýsingar hjá formanni menntmn. um undirtektir manna, sem frv. snertir. Samkv. upplýsingum hans var leitað álits kennara um málið, en það er þegar komið í ljós, að svo hefir ekki verið gert. Í frv. eru ákvæði, sem koma algerlega í bága við vilja þeirra, og nú þegar hafa borizt mótmæli frá einum þessara skóla. Má búast við, að fleiri skólar sendi mótmæli, þegar tími hefir unnizt til þess, en sá, sem mótmælin sendi, hefir beztar samgöngur við Reykjavík. Ég verð að telja, að við höfum fengið rangar upplýsingar um þetta. Í öðru lagi tel ég, að form. menntmn. hafi ekki nægilega upplýst þann mikla kostnað, sem af þessu leiðir. Þess vegna álít ég, að ekki sé rétt að láta málið ganga lengra að þessu sinni en þegar er orðið.

*__Sigurjón Á. Ólafsson:__ Það, sem hefir gefið mér tilefni til þess að standa upp, eru ýms ummæli, sem hafa fallið hjá síðustu ræðumönnum. Ég skal þá fyrst svara hv. 9. landsk., þar sem hann spyr um réttlæti þeirra orða, sem fallið hafa í n. gagnvart kennurum. Ég hygg, að það sé ekki rétt hjá form. n., þegar hann taldi, að það væru engin tvímæli á, að fullt samkomulag hefði fengizt um þetta milli kennara. Það var nú einmitt út af þessum blessuðum kennurum, sem ég vildi segja nokkur orð og um ummæli hv. flm., þm. S.-Þ. Hann gaf í skyn, að þessir kennarar, sem hefðu sent skeyti til Alþ. frá Laugarvatni, — og var þungi í orðum hans, er hann mælti á þá leið — gætu fengið sinn „reisupassa“, ef þeir vildu hafa hátt um sig. Ég á erfitt með að þola þennan tón gagnvart starfandi mönnum í þjóðfélaginu, hvort sem það eru kennarar eða ekki. Mega menn ekki hafa skoðun á einhverju máli og senda mótmæli til Alþ. án þess að það kosti þá atvinnuna. (__JJ:__ Ef kennarar vilja heldur fara, þá það). Þeir hafa aldrei talað um það, að þeir ætli að fara frá skólunum, því engan langar til að gerast atvinnulaus. Það getur vel verið, að kennarar hafi ekki fengið fullkomnar upplýsingar um málið og hafi þess vegna gert þessi mótmæli. En þeir telja, að nokkuð sé gengið á þeirra rétt, að lengja starfstímann um 5 mán. án þess að nokkrar bætur komi fyrir. Þetta er ekki nema mannlegt. En ef kennarar svo mótmæla einhverju, þá er bara sagt við þá: Ef þið leyfið ykkur að segja nokkurt orð, þá getur það kostað ykkur atvinnuna. — Það er þessi tónn, sem ég þoli ekki, hvar sem hann kemur fram. (__JJ:__ Hv. þm. breytir ekki lögum landsins). Nei, ég breyti þeim ekki, ekkert frekar en hv. flm., en það er talað um, að hér sé málfrelsi og ritfrelsi. Þess vegna á mönnum að vera frjálst að láta skoðanir sínar í ljós án þess að vera ógnað með atvinnusviptingu.

ATKVGR.

Brtt. 491,1.a samþ. með 8 shlj. atkv.
— 491,1.b felld með 8:5 atkv.
— 491,2 felld með 9:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
__já:__ ErlÞ, MG, SÁÓ, BSn.
__nei:__ HermJ, IngP, JJ, MJ, PHerm, ÞÞ, ÁJ, BSt, EÁrna.

PZ greiddi ekki atkv.
2 þm. (JJós, BrB) fjarstaddir.
Brtt. 486,1 samþ. með 8:4 atkv.
— 486,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 486,3 samþ. með 10 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 506).

Á 88. fundi í Nd., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til menntmn. með 17 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 506, n. 538).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

__Frsm. (Bjarni Bjarnason):__ Frv. það, sem hér liggur fyrir, um héraðsskóla, felur í sér verulegar breyt. til hagsbóta fyrir skólana, ef það yrði að l. Ég vil því þakka flm., hv. þm. S.-Þ., fyrir að hafa gert till. til breyt. á núverandi héraðsskólalögum í þá átt, sem frv. þetta gengur. Það var raunar eðlilegt, að þessi hv. þm. flytti frv. til breyt. á núverandi l. um héraðsskóla, að fenginni 10 ára reynslu þeirra, því að hann var ásamt hv. þm. V.-Ísf. aðalhvatamaður að setningu l. um héraðsskólana.

Ég vil nú leyfa mér að víkja nokkrum orðum að frv. og einstökum atriðum þess, en til þess að stytta mál mitt svo sem verða má, mun ég

sérstaklega halda mér við þau atriði, sem skipta verulegu máli og fela í sér aðalbreyt. frá núverandi löggjöf.

1. gr. er algerlega í sama anda og má heita samhljóða l., þ. e. a. s. l. um breyt. á héraðsskólalögunum, sem gerðar voru fyrir 2 árum, sem sé um að ákveða þá staði, þar sem héraðsskólarnir skuli vera.

Í 2., 3. og 4. gr. felst aðaltilgangur þessa frv. Þær eru um kennslugreinar, aldurstakmark og skólatíma. Í þessum gr. er ekki sérstakt nýtt annað en þetta tvennt: Í fyrsta lagi, að aldurstakmarkið er sett nokkru hærra en venja hefir verið í skólunum á undanförnum árum. Það er að vísu ekki tekið fram í l., hversu gamlir nemendur skuli vera, en það hefir orðið að samkomulagi undanfarna vetur að taka ekki yngri nemendur en 16 ára, nema þá með sérstökum undantekningum. En það mun vera reynsla flestra *kennara, að betra sé, að nemendurnir séu heldur* eldri. Fæst af því fólki, sem héraðsskólana sækir, nýtur annarar skólamenntunar en 2 ára skólavistar þar. Þess vegna er það áreiðanlega betra, að nemendurnir séu komnir til nokkurs þroska, en undir venjulegum kringumstæðum verður að telja, að þeir hafi fengið hann 16—17 ára gamlir. Og ég tel það betra, því eldri sem þeir eru, fram að tvítugsaldri, en til skaða fyrir skólana og nemendurna, að þeir séu yngri en 16 ára. Vitanlega eru einstaka undantekningar, þegar um sérstaka námsmenn er að ræða. Hitt atriðið, sem skiptir máli í sambandi við kennslufyrirkomulagið, er það, að með frv. þessu er stefnt að meiri verklegri kennslu. Reynslan mun vera sú, að vinnustöðvar héraðsskólanna, bæði stúlkna og pilta, eru vel sóttar. Ég get sagt mína reynslu á þessu frá Laugarvatni, en hún er sú, að auk fastra tíma, sem nemendunum eru ætlaðir vikulega, þá fá þeir að koma til vinnunáms hvenær sem þeir hafa tíma til, og þessar stofur, sem verklega kennslan fer fram í, eru einlægt fullar af nemendum. Þessi breyt. myndi því áreiðanlega vera í samræmi við óskir nemendanna. Og ég tel, að auk þess sem áhugi fyrir verklegu námi er fyrir hendi hjá nemendunum, þá sé þetta *mjög gagnlegt og því stefnt mjög í rétta átt með* ákvæðum 3. gr. frv. En vitanlega hefir þetta nokkra aukna verklega kennslu í för með sér. Einnig er það vitað, að flestir skólanna muni hafa helzt til lítil húsakynni og tæki til að geta mætt þeim kröfum nú þegar, sem 3. gr. gerir, enda er sleginn varnagli við því og gert ráð fyrir, að það komi jafnskjótt og því verður við komið, eins og segir í gr. Hvað viðvíkur auknum kostnaði af þessari fyrirkomulagsbreytingu, þá eru ákvæði um það á öðrum stað í frv.

Í 5. gr. er nokkur breyt. frá l. Það er ákveðið, að auk þeirra aðila, sem hér eru taldir, sem eru *félög stofnenda, ábyrgðarmanna og sýslunefnd*ir, þá hafi einnig nemendasamböndin rétt til að taka þátt í kosningu skólanefnda. En vegna þess hve nemendurnir eru dreifðir víða um land, þá tel ég rétt að hverfa frá þessu og taka upp það fyrirkomulag, sem lagt er til í 5. gr. frv.

6. gr. er að mestu leyti óbreytt frá því, sem l. eru nú. Þó er tekin upp í þessa gr. nokkur aukin trygging fyrir kennarana. Ég skal geta þess, að kennarar við héraðsskólana hafa oft haft orð á því, að þeir væru ekki eins fastir í stöðum eins og gerist um aðra starfsmenn hins *opinbera, þar sem væri hægt að segja skólastjór*anum upp starfi með 1 árs fyrirvara, og kennurum með 6 mánaða fyrirvara, en annars eru skólanefndirnar alveg sjálfráðar um það, hvernig þær haga þessu, en í 6. gr. þessa frv. hefir verið tekið upp, að auk skólanefnda skuli koma til samþykki kennslumálastjórnarinnar, bæði um ráðningu og uppsögn kennara og skólastjóra. Þetta ákvæði var fyrir í l. að því er snertir skólastjóra, en því er nú bætt við, eftir till. menntamn., að þetta skuli einnig ná til kennaranna. Ég er þakklátur meðnm. mínum fyrir velviljaða þátttöku í því að flýta fyrir málinu.

7. gr. *felur í sér allverulegt nýmæli, sem sé* það, að kennarar séu fastir starfsmenn skólanna árlangt. Í l. er ekkert um þetta, en venjan hefir verið sú, að lítið hefir verið þannig á, að þeir væru ekki fastir starfsmenn skólanna, nema þann tíma, sem kennsla stæði yfir. Nú er það bæði, að þessir skólar hafa margháttuð störf önnur að leysa af hendi en sjálfa kennsluna og þurfa í því sambandi á margháttuðum vinnukrafti að halda, og svo er það einnig, að ég álít, að það sé nauðsynlegt, að það séu fyrst og fremst kennararnir, sem beri hag þessara stofnana fyrir brjósti. Og ég vil spyrja um það, hvort ekki sé skynsamlegt og réttmætt að gera þá kröfu til þeirra manna, sem ætla sér að hafa lífsframfæri af starfi sínu við þessar stofnanir, að þeir *hlynni að þeim á allan hátt, eftir megni.* Það er enginn skráður eigandi þessara skólastofnana. Þær eru kallaðar sjálfseignarstofnanir. Og hvað verður svo um þær, ef kennararnir vilja ekki ljá þeim allt sitt lið og alla sína starfskrafta. Fyrir 11 árum hóf ég skólastjórn við skólann á Laugarvatni. Ég var ráðinn þangað aðeins meðan skólinn starfaði að kennslu, en mér varð það brátt ljóst, að skólinn þurfti á þeim kröftum að halda, sem ég gat látið honum í té. Ég hefi því þessi ár unnið við skólann bæði vetur og sumar, eftir getu, en þó ekki krafið yfirmenn mína um neitt kaup þar fyrir. Mér fannst það *vera skylda mín að vinna fyrir stofnunina* eins og ég hafði vit og getu til, og þess vegna vona ég, að mönnum finnist það ekkert óeðlilegt, að það sé skoðun mín, að aðrir starfsmenn ættu að gera slíkt hið sama, þar sem það er sannfæring mín, að þá sé stofnuninni bezt borgið og ekki séu líklegri aðrir starfsmenn en kennararnir til að gera meira gagn. Hitt er svo annað mál, hvort menn skuli skilyrðislaust skuldbundnir til þess. Einmitt með tilliti til þess hefir verið sett bráðabirgðaákvæði við frv. og því nokkuð breytt af meðnm. mínum og mér, en þennan varnagla, sem sleginn er við þessu ákvæði 7. gr., *er að finna í* 7. brtt. n., b-lið, sem hljóðar svo: „Ákveða má í reglugerð, að skólanefnd skuli heimilt að undanþiggja kennara, að nokkru eða öllu leyti, störfum fyrir skólann utan reglulegs kennslutíma.“ Ef þessi brtt. verður samþ., þá er þetta algerlega eftir samkomulagi kennara og hlutaðeigandi skólanefndar, smátt og smátt verði svo kennurunum gert að skyldu að vinna eingöngu í þágu skólanna, sé þess þörf, og ég er

sannfærður um, að um þetta atriði tekst góð samvinna og verður skólunum og starfsmönnum þeirra til góðs. Ég vil benda á það og ekki á neinn hátt draga það í hlé, að ýmsir kennarar, og sérstaklega mínir kæru samstarfsmenn, hafa ekki litið þannig á þetta ennþá. Þeir hafa sent Alþ. símskeyti og þm. bréf, svo að hv. þm. eru skoðanir þeirra kunnar á þessu máli. Ég hygg, að það sé sérstaklega þetta atriði í 7. gr., sem þeim fellur ekki, en ég get ekki skilið, að góðir starfsmann sjái ekki, að athuguðu máli, að þetta er rétt stefnt. Ég skal hinsvegar játa, að mér kom það dálítið á óvart, að einmitt þessir kennarar skyldu senda erindi sín beint til Alþ. án þess að leita fyrir sér, hvort ég gæti ekki lagað þetta eithvað, en ég hygg, að þett starfi fremur af því, að þeir hafi haldið, að þetta væri venjan, en að þeir hafi ætlað að senda mér nein ónotaskeyti. Það getur ekki samrýmzt okkar góðu samvinnu og sambúð um margra ára skeið. Ég skal einnig geta þess, að í gær barst mér í hendur símskeyti frá kennurum Reykholtsskóla, þar sem farið er lofsamlegum orðum um frv. og það látið í ljós, að í því séu ákvæði, sem hafi stórkostlega þýðingu. En þeir telji, að eitt og annað sé að athuga við frv., og vilja gjarnan að málinu verði skotið á frest. En ég vil aftur á móti geta þess, að ef málið, sem nú er komið í gegnum 4. umr., ætti nú að dragast á langinn og bíða þangað til í sumar, svo hægt væri að ná saman kennurunum til að ræða málið, þar sem þingið í vetur verður ef til vill síðasta þing á kjörtímabilinu, þá teldi ég frestinn hreint óvit. Ég vil þess vegna vænta þess, að hv. dm. haldi áfram sínum góða stuðningi við málið, í trausti þess, að þeir, sem eiga að framkvæma l., við nánari athugun fallist á, að hér sé skynsamlega í haginn búið. Og ég þykist bæði mikið um þessi mál hafa hugsað og hafa mikla reynslu í þeim, og þess vegna engin hætta á því, að ég beiti mér fyrir atriðum, sem ekki er nokkuð öruggt, að verði skólunum og kennurunum til góðs. Og fyrst og fremst get ég þó sagt þetta um hv. flm. og hv. þm. V.Ísf., sem eru frá fyrstu tíð forystumenn héraðsskólanna og velferðamála þeirra, en þeir eru báðir stuðningsmenn þessa frv.

Um 8. gr. er fátt eitt að segja. Þar er að mestu tekin upp sama reglan og er í l. Í l. stendur, að fyrir 15—20 nemendur skuli greiða 6000 krónur, en í 8. gr. frv. stendur, að fyrir 15 fyrstu reglulega nemendur skólans skuli greiða 6000 kr. og síðan 250 kr. vegna hvers nemanda, þar til komnir eru 40, en 200 kr. úr því. Þarna eru þá fimm nemendur, sem hverjum eru ætlaðar 250 kr., eða 1250 kr. umfram það, sem er í gildandi l., því að samkv. gildandi l. fá héraðsskólarnir 11000 kr. fyrir fyrstu 40 nemendurna, en samkv. þessu frv. 12250 kr. Að öðru leyti eru styrkreglurnar alveg eins í þessu frv. sem í gildandi l.

Ég sé ekki sérstaka ástæðu til þess að fjölyrða um einstakar gr. þessa frv. frekar, nema 13. gr. Að vísu er í 9. gr. vikið nokkru nánar að því, hvert stefnt skuli að því er snertir verklegt nám, starfrækslu kennslubúa, námskeið og þ. h. Ýmsum hv. þm. þykir e. t. v. nokkuð hátt sett markið, en það stendur þó í byrjun síðari málsgr. 9. gr. frv. „Þar, sem því verður við komið, skal starfrækja kennslubú í sambandi við héraðsskóla.“ Þessu er þannig varið, að vitaskuld eru ekki gerðar sterkari kröfur til skólanna en möguleikar þeirra skapa, en ég tel það rétt og æskilegt að stefna að því, að þessir skólar geti stutt nemendur verkl. að því að geta bjargað sér sem allra mest sjálfir, að því leyti, sem snertir smíðar bæði á húsum og húsgögnum og öðru því, sem þarf til þess að reisa heimili í sveit.

Sú gr. þessa frv., sem lengst gengur í umbótum fyrir héraðsskólana, og þar af leiðandi gengur lengst í því að íþyngja ríkissjóði, er 13. gr., og mig undrar það alls ekki, þótt ýmsir hv. þm. staldri þarna við til athugunar á því, hvort þetta sé réttmætt, og enda þótt það sé réttmætt, hvort það sé kleift fyrir ríkissjóð að mæta því, sem þar er farið fram á. Það væri næsta óeðlilegt, ef það væri ekki athugað, hvort þetta sé ósanngjarnt gagnvart ríkissjóði og öðrum skólum, einkum ef athugað er, hvernig ástatt er, sem sé þannig, að þótt ákvæðið sé í l. um héraðsskóla, að ríkissjóður leggi til helming stofnkostnaðar, en helmingur þess kostnaðar komi annarstaðar frá, þá hefir reynslan orðið sú yfirleitt um framlög þau til stofnkostnaðar héraðsskóla, er koma eiga í móti tillagi ríkissjóðs, að forustumenn skólanna og héruðin hafa ekki haft önnur ráð en að taka lán til móts við ríkissjóðsstyrkinn, enda var þetta talið heimilt. Af þessu leiddi, að héraðsskólarnir komust í skuldir, sem þeim er mjög erfitt að rísa undir, og hafa þeir orðið að hafa í frammi ýms ráð, svo sem að reyna að afla fjár með námskeiðum og gistihúsrekstri. Hvernig þetta hefir tekizt, fer vitanlega eftir því, hvernig skólarnir liggja í héraðinu, og einnig eftir því, hvaða önnur skilyrði þeir hafa til þess að geta gefið slíkar aukatekjur. Sumum skólum hefir gengið þetta allvel, þeir hafa haft allverulegan létti af gistihúsrekstri, og svo mikinn, að ég tel sjálfsagt, að haldið verði áfram á þeirri braut fyrst um sinn, þar sem það hefir sýnt sig, að mikil þörf er fyrir slíka staði til að taka á móti gestum. Ég sé ekki, að það sé annað en gott fyrir ferðafólk, að skólarnir starfræki gistihús á sumrin. En seinna, þegar tímar líða, fjárhagur skólanna batnar og gistihúsum fjölgar í landinu, þá er mjög sennilegt og skynsamlegt, að skólarnir breytist aftur í sumarskóla og námskeiðstímabil og þess háttar starfsemi. Ennfremur hefir hér verið færð fram sú ástæða fyrir auknum framlögum ríkissjóðs til héraðsskólanna, að þá skóla sæki nemendur úr öllum landshlutum. T. d. er því þannig farið um Laugarvatnsskólann, að Árnessýsla hefir lagt fram 60—70 þús. kr. til skólabyggingarinnar, en ekki nema hér um bil ¼ hluti af nemendum skólans er úr Árnessýslu, og þá vil ég spyrja: Hvernig stendur á því, að þess er krafizt, að Árnessýsla leggi fram helming stofnkostnaðar, þar sem aðeins ¼ hluti nemenda skólans er úr þeirri sýslu? Það er alls ekki ósanngjarnt að hugsa sér þetta svona samkvæmt 13. gr. þessa frv. Skólinn er fyrir ríkið í heild sinni, ekki sérstaklega fyrir Suðurlandsundirlendið, heldur fyr-

ir allt landið. Flesta vetur hafa verið þar fleiri eða færri nemendur úr öllum sýslum landsins. Ég verð því að telja það, að þó að sú breyt., sem hér er farið fram á að gera á 13. gr. frv., sé borin fram af víðsýni og velvilja hv. þm., sé hún samt byggð á sanngirni, enda býst ég við, að hér komi til fullkomlega sanngjarnt sjónarmið hjá hv. þm., en ég get vel skilið hitt, að þeir athugi, hvort ríkissjóði verði þetta kleift. Ég geri ráð fyrir, að umr. verði hér á Alþ. um þetta framlag, og jafnvel sérstaklega um 13. gr. þessa frv., og mun ég þá e. t. v. geta gefið upplýsingar eftir því, sem kynni að koma fram, en mun ekki að þessu sinni fara fleiri orðum um þessa gr.

Ég vil aðeins með örfáum orðum víkja að brtt. frá menntmn. á þskj. 538, og þá fyrst geta þess, að þessar brtt. eru algerlega byggðar á samkomulagi menntmn., og ég held, að þær séu allar heldur til lagfæringar, en þær breyta þó á engan hátt *formi frv. Að vísu hafa tveir nm.* skrifað undir með fyrirvara, hv. þm. V.-Sk. og hv. 4. þm. Reykv., en sá fyrirvari snertir aðeins 13. gr., eins og getið er um í nál., og ég vil vona að þeir sjái sér fært a. m. k. að vera hlutlausir að því leyti, sem þá gr. snertir. Ég geri vitaskuld engar kröfur; mér þykir alls ekki óeðlilegt, þó að þeir eða aðrir hv. þm. flytji brtt. við þá gr., enda þótt ég óski þess alveg sérstaklega, vegna þeirrar góðu samvinnu, sem ég hefi átt við þá, að þeir verði ekki fyrstir til þess.

Ég held, að ekki þurfi að skýra brtt. Þær eru mjög ljósar og skýrt orðaðar. Ég tel sjálfsagt að lengja mál mitt ekki meira að þessu sinni. Ég get lokið ræðu minni með ósk um það, að við atkvgr. nái þetta frv. fram að ganga og því verði að umr. lokinni vísað til 3. umr.

***Einar Olgeirsson**: Herra forseti! Það er mjög nauðsynlegt að athuga dálitið í sambandi við þetta frv., enda þótt brtt. frá menntmn. séu að mörgu leyti til bóta. Í fyrsta lagi er það athugavert viðvíkjandi 6. gr., hvernig skólastjórar og kennarar við héraðsskóla eru ráðnir. Af hverju ættu skólastjórar og kennarar við héraðsskólana að hafa allmiklu ótryggari stöður heldur en skólastjórar og kennarar við aðra skóla landsins? Hvaða ástæða er til þess fyrir ríkið, úr því að á annað borð er viðurkennt, að héraðsskólarnir séu hagnýtur og mjög nauðsynlegur liður í uppeldi landsmanna, að láta kennara og skólastjóra við þá skóla hafa lakari kjör en aðra? Það er alveg gefið, að það er jafnmikil þörf á því fyrir þessa kennara sem aðra að vera sæmilega öruggir með sitt starf, en að öðru leyti er það vitanlegt, að ríkið fær því aðeins beztu mennina til að starfa þar, að þeir hafi vissu fyrir því, að sitja þar áfram, ef þeir standa vel í stöðu sinni og verða ekki sekir um neitt, sem þarf til þess að verða vikið frá embætti.

Þá brtt., sem menntmn. flytur við 6. gr. frv., tel ég dálitið til bóta, en þó enganveginn fullnægjandi. Ég álít, að þar ætti að standa: Skólastjórar og kennarar við héraðsskólana hafi sömu réttindi sem almennt tíðkast við skóla, — og vildi ég mælast til þess, að hvatamenn frv. athuguðu, hvort þetta ákvæði mætti ekki vera þannig.

Í sambandi við 7. gr. frv. vildi ég sérstaklega gera að umtalsefni ákvæði síðari málsgr.: „Skólanefnd ákveður árlega, í samráði við skólastjóra, hverskonar störf kennaralið skólans skuli inna af hendi við andlega eða líkamlega vinnu hvert vor og sumar, þegar kennsla fer ekki fram í skólanum.“ *Þetta álít ég bókstaflega mjög varasamt atriði, og ákvæði, sem í raun og veru beri* að fella burt. Að vísu gerir brtt. við þessa gr. þetta að samningsatriði, en eftir því, sem mér skilst, mun ætlazt til þess með þeirri till., eftir því, sem hv. 2. þm. Árn. sagði, að kennarar héraðsskólanna eigi að inna þessa vinnu af hendi, en skólanefnd semji við kennarana um, hverskonar störf þeir skuli vinna, og geti þeir því að nokkru leyti valið um, hverskonar störf þeir taka að sér. Kjör héraðsskólakennara eins og annara kennara eru yfirleitt þannig, að þeim veitir alls ekki af því að hafa það frí, sem þeir fá nú á sumrin. Nokkrir hv. þm. munu sjálfsagt hafa fengizt við kennslustörf, og munu manna bezt geta dæmt um, hvort mönnum, sem hafa starfað að kennslu í 7—8 mánuði á ári, og eru yfirleitt tiltölulega mjög illa launaðir, eins og kennarar hér á landi eru almennt, muni veita af að verja sumarmánuðunum til þess að þroska sig andlega og búa sig betur undir kennslustarfið og ef laun þeirra eru fram úr hófi lág, verða þeir oft að vinna einhverja vinnu um svo sem tveggja mánaða tíma, til þess að bæta ofurlítið sín kjör.

Hv. 2. þm. Árn. var að tala um, að kennarar við héraðsskólana ættu að vinna við þá sjálfa. Ég held, að þetta sé mjög þröngur skilningur á hlutverki kennara, að ætlast til þess, að þeim yrði falið að vinna í görðum eða önnur líkamleg störf í þágu skólastofnananna. Það, sem fyrst ber að gera, er að sjá um, að þeir, sem færir eru og geta sinnt líkamlegri atvinnu, geri það, ef þeir þurfa og vilja, en þeir verði við andleg störf, sem færastir eru þar, og þeir hafi til þess þann tíma, sem þeir hafa frí frá kennslustörfum.

Kennslustörfin eru venjulega harla þreytandi störf, og kennurum veitir ekki af að hafa frí á sumrin, til þess að geta hlúð að andlegum hæfileikum sínum og staðið betur í stöðu sinni við kennsluna. Ég býst við, að flestir, sem hafa fengizt við kennslu, þreytist á því starfi til lengdar, og fjöldinn allur af kennurum verður „stagneraður“. Þeir vinna sitt verk næstum eins og vélar, og verða leiðinlegir, í stað þess að kennslan á að vera lifandi. Sá maður, sem sljóvgast svo andlega, er glataður kennari. Ég tel, að með þeirri stefnu væri að mörgu leyti gefið slæmt fordæmi, ef farið yrði að heimta af kennurum við héraðsskólana, að þeir vinni líkamlega vinnu að meira eða minna leyti, og þá má ósköp vel ganga út frá því, að þeir yrðu valdir eftir öðru en andlegum hæfileikum.

Mér virðist, að ef ber að skilja þetta ákvæði þannig, eins og það liggur hér fyrir, megi alveg eins ganga út frá því, að með þeirri stefnu, sem uppi er hjá Alþ., yrði bráðlega farið fram á hið sama við kennara við barnaskóla landsins

og aðra skóla. Ég held, að þessu athuguðu, að þvert á móti beri að hlynna að því, að þeir geti sjálfir ráðstafað tíma sínum yfir sumarið, hvort sem er til að bæta hag sinn eða til að þroska sjálfa sig til þess að geta betur innt af hendi sitt starf.

Því miður er raunin sú, að hætt er við, ef þetta yrði að l., að hið sama yrði leitt yfir barnakennarana, að þeir yrðu skyldaðir til að vinna ókeypis t. d. vegavinnu fyrir ríkið yfir sumartímann. Ég ætla mér að bera fram brtt. um, að síðasti liður 7. gr. falli niður.

Einnig er athugavert ákvæði í 2. málsgr. 3. gr. um nám erlendra mála í héraðsskólunum, en ég skal taka það fram, að ég veit ekki, hvernig það er í hinum eldri l. um héraðssk. En í þessu frv. stendur þessi setning, sem ég ætla að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta: „Erlend tungumál má ekki kenna í héraðsskólum öðrum nemendum en þeim, sem staðizt hafa sérstakt próf í íslenzkum fræðum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur.“ Ég álít, að þetta nái ekki nokkurri átt eins og það stendur, og ekki batnar við þær lítt uppfyllanlegu kröfur, sem neðst á 5. bls. grg. eru fyrirhugaðar við þessi próf.

Hvað þýðir þetta fyrir þjóð, sem eins er ástatt fyrir sem okkar þjóð, að afarmiklir erfiðleikar eru á því að gefa út bækur, þrátt fyrir allt tal menntamálaráðs um að gefa út margar og ódýrar bækur? Hvað þýðir það, að banna mönnum sérstaklega að læra erlend tungumál, nema þeir standist sérstakt próf í ísl. fræðum, eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setur? Okkar tunga er svo skyld Norðurlandamálunum, að það er afar auðvelt fyrir unglinga 12—13 ára að aldri að læra dönsku með góðri kennslu. Ég skil ekki, að hægt sé að benda á, að slík dönskukennsla þurfi að spilla okkar íslenzka máli. Þess vegna álít ég, að ekki nái nokkurri átt að setja svona ákvæði í l. Það ákvæði væri beinlínis ráð til þess að draga úr menningu okkar þjóðar. Það er vitanlegt, að fjöldinn allur af þeim ritum, sem við Íslendingar þurfum þjóðmenningar okkar vegna að lesa, er skrifaður á erlendum málum. Ég vil minna á, að jafnvel rit um Ísland, sögu þess og íslenzkar bókmenntir, einkum bókmenntir 19. aldar, eru til ýtarlegri á erlendum málum, einkum á þýzku (t. d. eftir Poestion og Herrmann) en íslenzk rit, sem til eru um íslenzkar bókmenntir á sama tíma. Ég álít því, að ákvæði þetta myndi í reyndinni verða til þess að bægja efnilegum nemendum beinlínis frá því að læra nokkurt erlent mál. Þetta er hættulegt, og ég tel, að slíkt ákvæði ætti ekki þarna heima, og þetta sé engum hentugt og síður en svo til fyrirmyndar.

Ég vil ennfremur benda á það, að í upphafi 3. gr., þar sem stendur: „Héraðsskólar skulu vera samskólar pilta og stúlkna“, væri réttast að bæta við orðunum: „að jafnaði“. Ég sé ekki, að nein ástæða sé til að fyrirskipa slíkt, enda þótt alveg sjálfsagt sé, að stúlkur hafi jafnan aðgang að héraðsskólunum sem piltar. En ef engin stúlka væri í viðkomandi héraði, sem vildi ganga á slíkan skóla, virðist það alls ekki skynsamlegt að setja ákvæði í l., er skyldu einhverja stúlku til þess.

Um 9. gr. frv. er það að segja, að það hefir komið fram brtt. við hana frá hv. 2. landsk. (SÁÓ) hvað snertir ákvæðið um sérnám í húsagerð, og er ég henni að vissu leyti sammála. Það má telja vonlaust, að nemendur, sem ekki hafa aðra sérmenntun eða æfingu en þessi námskeið, geti staðið fyrir að reisa hús. — Ég held, að það sé rétt fyrir okkur að ganga þannig frá þessu máli, að ekki verði farið óþarflega langt inn á það svið, að gera húsabyggingar í sveitum landsins að meira eða minna leyti að fúski. Ég sé ekki, hvernig slík lagafyrirmæli ættu að geta náð tilgangi sínum. En hinsvegar gæti það komið að gagni, að nemendur lærðu þar að smíða húsgögn í sveitaheimilin. Ég vil því taka undir brtt. hv. 2. landsk. um það, að í stað orðanna: „svo fullkomnu sérnámi í húsagerð .. geti staðið fyrir að reisa venjulegar byggingar og smíða innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum landsins“, komi: „geti smíðað innanstokksmuni fyrir heimili í sveitum landsins“.

Ég vil svo um leið og ég segi álit mitt viðvíkjandi frv. til l. um héraðsskóla, taka það fram, að ég tel, að nauðsynlegt sé, til þess að þessir skólar verði sem bezt úr garði gerðir, að ríkið skeri ekki of mikið við neglur sér framlög til stofnkostnaðar eða rekstrar þeirra. Ég tel, að það sé ekki nema eðlileg krafa af hálfu þjóðarinnar, að þessum skólum sé stjórnað þannig, að landsmenn allir hafi þar jafnan rétt, og þar verði ekki beitt neinu ranglæti eða ofsóknum gagnvart einstökum nemendum, og ekki reynt að koma burtu þeim, er hafa einhverja skoðun, sem valdhöfunum er ekki þóknanleg. Þær tilhneigingar, sem fram hafa komið í slíka átt, hafa mætt ákveðinni mótspyrnu hjá þjóðinni, og ég vænti þess, að svo verði framvegis.

*Pétur Halldórsson: Herra forseti! Mér þykir hlýða að segja nokkur orð um þetta frv., með því að ég hefi í menntmn. þurft að taka afstöðu til þess, bæði fjárhagsatriða og skipulags, farið yfir það og kynnt mér það dálítið.

Ég vil þá byrja með því að benda hv. þdm. á grg., sem fylgir þessu frv., að þeir lesi hana sér til skemmtunar, þótt ekki væri annað. Það má draga af henni ýmsar ályktanir. Ég hefi getað leitt af henni tvær ályktanir. Þessum stofnunum, héraðsskólunum, hefir verið komið upp meira af kappi en forsjá, þegar í það var ráðizt á árunum. Það virðist koma í ljós af grg. þessa frv., að hvorttveggja þurfi breyt. við, bæði kennslan í þeim og sá fjárhagsgrundvöllur, sem þeir voru reistir á. Það er mjög sterkt að orði kveðið í grg. frv., t. d. þessi orð: „Allir héraðsskólar eru nú í tilfinnanlegum skuldum, og geta hinir smærri alls ekki haldið við byggingum og munum svo sem vera ætti, auk þess verður að koma veruleg breyt. á fyrirkomulag skólanna.“ — Nú verður að segja það, að mér sýnist, að þessar breyt. hljóti að ganga í rétta átt yfirleitt. Þess vegna má nú að vísu fagna framkomu þessa frv., er var flutt í hv. Ed. af þeim hv. þm., sem mest hefir komið við sögu þessara héraðsskóla, og stóð þar í mjög mikilli baráttu og stímabraki út af þeim málum. Hann fékk fyrir það mikla gagnrýni úr ýmsum áttum,

og það kemur nú í ljós, að sú gagnrýni hefir að miklu leyti verið réttmæt á sínum tíma. Við því er ekki annað en gott að segja, að hann hefir *lært af reynslunni og vill reyna að koma því í betra horf*, sem miður fór. Það hefði að sjálfsögðu verið mikill kostur, að þetta frv. hefði komið fram svo tímanlega, að það hefði mátt senda það skólastjórum og skólastjórnum héraðsskólanna til athugunar og umsagnar, en þess er nú ekki völ. En þá er bótin, að hægt er að fá upplýsingar hjá formanni menntmn., sem er líklega allra manna fróðastur um þessi mál, þar sem hann er sjálfur forstjóri stærsta héraðsskólans. Mér þykir líklegt, að við það megi hlíta. Ég trúi því, að e. t. v. hefði mátt taka fyllra tillit til sérstöðu hinna einstöku héraðsskóla *en hér er gert í frv.* Það getur vel hugsazt að ekki henti alveg hið sama í öllum skólunum, og þá finnst mér sjálfsagt að taka tillit til séróska þeirra, ef einhverjar eru. En ég vil ekki leggja neitt sérstakt kapp á þetta atriði, því ég hygg, að þeir menn, sem fjallað hafa um þetta mál, séu því allra manna kunnugastir, en það eru hv. form. menntmn. og fyrrv. fræðslumálastjóri. Enda kemur þetta í ljós seinna, því nú á bæði að breyta kennslufyrirkomulaginu og fjárhagsgrundvelli skólanna.

Hvað kennslufyrirkomulagið snertir, þá held ég, að þeir, sem eru þessum hnútum kunnastir *megi vera einráðir um*, hvað hentar bezt í þeirra héraði, og ég verð að segja, að ég tel rétt að breyta kennslunni í hagnýtari átt en verið hefir, eins og gert er með þessu frv. Það hefir að vísu aukinn kostnað í för með sér að breyta þannig um kennsluhætti, og er það líka á þeim grundvelli, sem frv. fer fram á, að fjárframlag ríkissjóðs hækki. Sérstaklega eykst kostnaðurinn vegna aukinnar verklegrar kennslu, enda farið fram á, að lagðar verði 25 kr. með hverjum nemanda, sem skólana sækir. Við þessu hefi ég ekki annað að segja en það, að ég tel réttlátt, að ríkissjóður hjálpi til við þessa breyt. á *fyrirkomulagi kennslunnar*, þar sem hún verður mjög kostnaðarsöm.

Ég hefi verið að vonast eftir svari við öðru veigamiklu atriði í sambandi við frv. Það er, hve mikinn kostnað það hefir í för með sér, ef það er samþ. Í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir, að ríkið leggi fram ¾ hluta stofnkostnaðar skólanna, en hingað til hefir það veitt helming hans. En það er ekki vitað með vissu, hve allur sá stofnkostnaður er mikill. Það á að skipa nefnd til þess að finna þessa fjárupphæð og gera grein fyrir, hve stofnkostnaðurinn er samtals, en ég verð að segja, að mér þætti betur fara á því, að Alþingi vissi, hvaða bagga það tekst á herðar með því að hækka stofnkostnaðarframlag ríkissjóðs úr helmingi í ¾ hluta. Það er um 7 skóla að ræða, sem allir eru miklar og fínar byggingar, svo það er ekki óverulegt atriði, hverju stofnkostnaðurinn nemur. Þá er það ekki upplýst, að skólarnir geti ekki staðið undir þeim skuldum, sem á þeim hvíla. Það hefir tekizt til þessa, e. t. v. með nokkrum erfiðleikum, að halda jafnvægi í reikningum þessara skóla og láta tekjur þeirra nægja fyrir öllum kostnaði, þar á meðal kostnaði af þeim lánum, sem hvíla á stofnununum. Við höfum fengið skýrslu um þau lán, sem á skólunum hvíla enn, og muna þau vera samtals um 400 þús. kr., en það segir ekkert um, hver stofnkostnaður skólanna er samtals. Þess vegna er ekkert komið fram, jafnvel nú við næstsíðustu umr. málsins í þinginu, um það, hvað Alþingi tekur á sig mikinn kostnað með því að samþ. frv. Það hefir ekki heldur verið gerð grein fyrir rekstrarkostnaði skólanna, til þess að vita megi, hvort einhverjir þeirra eða allir geti ekki annazt sjálfir kostnaðinn við byggingar og kaup á áhöldum til verklegrar kennslu. Mér þykir betur fara á því, að Alþingi ákveði ekki að hækka framlag sitt fyrr en þetta er vitað og fyrir liggur nánari grg. um það, hvernig rekstur skólanna gengur árlega og hver sá stofnkostnaður er, sem hér á að fara að greiða hluta af til viðbótar úr ríkissjóði.

Ég hefi hugsað mér að flytja skrifl. brtt. við 3. umr. við 13. gr., um stofnkostnaðarframlagið, svo að ekki verði a. m. k. tekin ákvörðun um þetta að þessu sinni, áður en fyrir liggur nákvæmari grg. um það, hve mikil útgjaldaaukning þetta verður fyrir ríkissjóð.

Ég fellst á það með hv. form. menntmn. Nd., að það sé óeðlilegur grundvöllur, sem þessir skólar hafa verið reistir á í byrjun, eins og t. d. það, að til þessa hefir Árnessýsla borgað tugi þúsunda til skólans á Laugarvatni, en nýtur hans ekki að sama skapi, þar sem aðeins lítill hluti nemendanna er úr sýslunni og skólinn því meira fyrir alla landsmenn en Árnessýslu. Að þessu leyti kemur í ljós, að grundvöllurinn fyrir fyrirkomulaginu hefir verið alrangur, að sínu leyti eins fjárhagslega og kennslufyrirkomulagið var það, sem nú á að breyta.

Annars vildi ég aðallega boða brtt. þá við 13. gr., sem ég mun bera fram.

Forseti (GSv): Hér hefir verið lögð fram skrifl. brtt. af hv. 5. þm. Reykv., og þarf tvennskonar afbrigði til að hún megi koma til álita.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 543) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Ásgeir Ásgeirsson: Ég hefi ekki getað hlustað á allar umr., en vildi þó leyfa mér að mæla með þessu frv., sérstaklega vegna þess, að stofnkostnaðarstyrkinn skuli auka úr ½ í ¾. Sumir héraðsskólarnir eiga ákaflega erfitt, og þessi ríkisstyrkur er tillag, sem flestir þeirra geta ekki komizt af án. Þeir eru nú búnir að fá öll þau framlög frá félögum, einstaklingum, hreppum og sýslum, sem nokkur von er á að þeir fái, og má því fullyrða, að stofnkostnaðurinn, sem ógreiddur er, muni lenda á ríkinu fyrr eða síðar. Ég tel einmitt nú rétta tímann til að bera fram slíkt frv. sem þetta, og vona ég, að fram séu komin þau rök fyrir því, að þessi stofnstyrktarauki verði samþ. Þetta er höfuðatriði frv.

Að öðru leyti er ekki margt í frv., sem ekki mætti framkvæma með reglugerð. Að vísu fannst okkur í n. of fast kveðið á í frv. um suma þá hluti, sem gætu verið reglugerðaratriði, og reyndum við að milda það eftir föngum með

brtt., með því að gera þessi ákvæði að heimild og bæta viðeigandi orðum inn í gr.

Ég verð að telja 7. gr. frv. varhugaverðasta, sem er um, að kennarar skuli vera bundnir við skólana allt sumarið, en í framkvæmdinni sé ég ekki, að þetta verði svo erfitt, ef brtt. okkar við bráðabirgðaákv. verður samþ. Yfir reglugerðunum ræður kennslumálarh. og fræðslumálastjórn, sem er nákunnug öllum þörfum og aðstæðum skólanna, svo að ef heimild er til að setja ákvæði í reglugerð um, að undanþiggja megi þá kennara störfum yfir sumarið, sem skólinn ekki hefir þörf fyrir, eða þeim, vegna persónulegra kringumstæðna er erfitt að inna slík sumarstörf af hendi, þá er ég ekkert hræddur um, að menn verði beittir neinum þeim brögðum, sem þeir þurfi að una illa við.

Það stendur einnig í sambandi við þetta ákvæði, að auka verður styrk til skólanna, því aukinni vinnu kennaranna hlýtur auðvitað að fylgja hækkað kaup, sem hlýtur auðvitað að standa í hlutfalli við lengdan vinnutíma þeirra, þótt það verði e. t. v. ekki hækkað í beinu hlutfalli við kaup þeirra yfir vetrarmánuðina. Til samkomulags í n. féll ég frá till. um að hækka framlagið, enda má benda á, að tekjur skólanna aukast um 1250 kr., þar sem ákveðið er, að ríkisstyrkur skuli greiddur fyrir hverja 15 nemendur, er svari því, sem greitt var áður fyrir hverja 20. Af þessari upphæð er hægt að greiða fyrir aukin störf kennaranna.

Ég sé ekki ástæðu til að geta um fleira í sambandi við þetta frv., en héraðsskólunum mundi verða það mikið lið, ef hæstv. Alþingi sæi sér fært að samþ. þetta frv.

***Eiríkur Einarsson:** Þótt mér þyki sitthvað í þessu frv. þannig, að betur mætti fara á annan hátt, þá vil ég lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég tel, að í frv. séu ýmsar umbætur frá þeim lögum, sem fyrir eru, og að frv. eigi fullan rétt á sér.

Ég vil geta þess, að það, sem ég tel aðalkost þessa frv., er sú viðleitni, sem þar kemur fram til að auka nám á hagnýtum fræðum og í verklegum greinum og auka yfirleitt verklega þekkingu manna, en hana þarf einmitt að glæða. Sé ég svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta atriði, — það skýrir sig sjálft.

Þá er annað atriði í frv., sem ég tel fela í sér mikla réttarbót, og það er ákvæðið um fjárreiður skólanna og aukin framlög ríkissjóðs. Ég segi þetta ekki af því, að ég telji hag ríkissjóðs standa með svo miklum blóma, að fært sé beinlínis að leggja á hann ný útgjöld, heldur af því, að ég sé ekki, hvernig slíkur kostnaður á að greiðast annarstaðar frá. Það hefir verið tekið fram, að þungar byrðar væru lagðar á sum sýslufélög vegna héraðsskólanna, en það hefir verið lagt nokkuð af handahófi á þau, en slíkt getur ekki gengið til langframa án þess að leitað verði lagfæringar á því, annars verður það til að auka leiðindi og misrétti. Þetta er réttarbót að því er ég tel, og næg ástæða til þess, að frv. ætti að ná fram að ganga. Því vil ég segja, að þótt ég sé ekki allskostar ánægður með frv., þá sé ég mér ekki annað fært en að greiða atkv. með því.

Eins og ég gat í upphafi máls míns, tel ég vera sitthvað í frv., er skjóti skökku við, og vil ég í því sambandi minnast á það ákvæði frv., er fjallar um ráðstöfun á orku skólastjóra og kennara yfir þann tíma, sem ekki standa yfir námskeið í skólanum. Það er auðvitað ekki nema eðlilegt, að þessir menn eyði mestum starfstíma sínum í þágu stofnananna og einnig þeim tíma sumarsins, sem þeir ekki þurfa til annara starfa. En ég tel það of strangt að setja í l., að kennarar séu skyldir til að inna þessi störf af höndum þann tíma, sem skólarnir starfa ekki, störf, sem þeir eru e. t. v. á engan hátt sérlega vel hæfir til. Ég tel, að það hljóti að hafa veruleg áhrif á afkomumöguleika kennaranna, því þeir eru með þessu sviptir möguleikanum til að vinna sér eitthvað inn með sjálfstæðu starfi í sínum frítíma. Þá yrði a. m. k. að bæta kjör þeirra svo, að þeir gætu af launum sínum haft lífsframfæri handa sér og sínum af kennslunni, hafi þeir ekki getað það áður. Laun þeirra verða að stillast svo í hóf, að öruggt sé, að þeir geti séð sér og sínum farborða.

Það er líka í sambandi við þetta atriði, sem ég tel varhugavert orðalagið í niðurlagi brtt. hv. menntmn., um það, hvað ákveða megi með reglugerð viðvíkjandi sumarskyldum kennaranna. Þetta getur orðið svo mikið hagsmunamál fyrir kennarastéttina, að þar megi engin tilviljun ráða eða það verða neitt náðarbrauð að fá slíka undanþágu. Ég tel af tvennu illu, að betra sé að lögfesta þetta, og tel málið því betur komið, sem það er fastar bundið.

Eins og ég hefi áður getið, þá tel ég ýmsar þær réttarbætur felast í frv., sem geri það að verkum, að ekki megi tefja málið; þá tel ég, að þegar að fara á að semja slíkan lagabálk um marga skóla, þá megi færa rök fyrir því, að þar megi varhugar gæta að taka þessa stefnu á núverandi stigi málsins. Af því, sem fram hefir komið hér, og einnig liggur það í hlutarins eðli, þá stendur fyrir dyrum, að eftir kröfu almennings í landinu fari fram athugun á því, hvort ekki væri til bóta að sameina ýmsa skóla undir einu og sama þaki og breyta þeim á róttækan hátt.

Það, sem vakir fyrir mér og þeim, sem flutt hafa þetta frv., svo og öðrum, sem áhuga hafa fyrir þessu máli, er, að breyta eigi kennslunni meir og meir í þá átt að auka verklegt hagnýtt nám fyrir sveitafólkið í þessum skólum, og það er að breytast æ meir í þá átt í öllum skólum. Þar sem flestir sveitaskólarnir eru miðaðir við þarfir fólks úr bændastétt, þá er maður kominn að þeirri spurningu, hvort ekki sé rétt að draga þá meira saman og samræma þá. Ég miða t. d. við það, að í frjósömu héraði eins og Borgarfirði, þar er stór héraðsskóli í Reykholti, búnaðarskóli á Hvanneyri og húsmæðraskóli á Staðarfelli. Er þá ekki möguleiki fyrir að sameina þá undir einu og sama þaki, þar sem skólarnir eru allir að færast meir og meir í sama form.

Þótt ég hafi aðeins orð á þessu sem framtíðardraum um þessi málefni, þá vildi ég láta þess getið, því ég er viss um, að þetta mál verður rætt á Alþingi áður en langt um líður.

Ég vildi óska, að áhugi yrði til staðar fyrir slíku frv., er það kemur fram á Alþingi, ekki síður en fyrir þessu frv., sem vissulega horfir til umbóta, þótt ég hefði óskað, að þar væri lengra farið en reynd er á orðin.

Ég vil alls ekki sýna neina andstöðu gegn frv., þótt ég hafi þessar skoðanir um einstök atriði þess.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Ég er þeim þakklátur, sem tekið hafa til máls og mælt hlýlega til þessa frv. En mér þótti miður, að hv. 4. þm. Reykv. skyldi boða brtt. við 13. gr., en í því eru engin brigðmæli af hans hálfu, því hann hefir bæði getið þess í samtali og í nál., að svo gæti farið.

Ég hefi því engu verulegu við það að bæta, sem ég hefi sagt um þetta mál, en vildi þó benda hv. 4. þm. Reykv. á það, að hann sagði í ræðu sinni að það sýni sig nú, að skólarnir hefðu að ýmsu leyti verið reistir á röngum grundvelli, bæði að því er snertir kennslufyrirkomulag og hvað snertir stofnkostnað. Þetta finnst mér heldur mikið sagt, því nú eftir 10 ára reynslu af héraðsskólal. er breytingin á kennslufyrirkomulanginu ekki gagngerð, en það er gert ráð fyrir, að kennslan sé bæði verkleg og munnleg ásamt iþróttakennslu. Það er aðeins í þessu frv. farið lengra í verklegri kennslu en í gildandi l. frá 1929, og af því leiðir auðvitað, að bóklega námið minnkar nokkuð. Er ætlunin, að það yrði sérstaklega hvað erlendu málin snertir. Ég tel, að það sé í samræmi við það, sem reynslan hefir kennt okkur, en hinsvegar sé ofmælt, að þessi starfsemi hafi í upphafi verið reist á skökkum grundvelli. Hvað snertir stofnkostnaðinn, þá reyndist það svo, að framlag á móti ríkissjóðsstyrknum fékkst ekki eins mikið og menn höfðu vænzt, þegar l. voru sett. Og þar sem það er nokkuð mikil krafa, að sýslufélög, hreppsfélög eða einstaklingar leggi fram helming stofnkostnaðar, þá þarf menn ekki að undra, þótt tekjuvonirnar brygðust. Mér finnst þessi breyt. eðlileg, þar sem reynslan hefir sýnt, að þetta atriði var í upphafi rangt hugsað. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að þetta mál hefði í upphafi verið sótt meira af kappi en forsjá, og þau ummæli eru í samræmi við það, sem hann sagði um kennslufyrirkomulagið og stofnkostnaðinn. Ennfremur sagði hv. þm., að það væri erfitt fyrir Alþ. að fallast á þau fjárframlög úr ríkissjóði, sem gert er ráð fyrir í 13. gr. Ég tel það í sjálfu sér ekki óeðlilegt að einstakir þm. líti þannig á. Samkv. yfirliti, sem nú liggur fyrir um skuldir héraðsskólanna, eru þær um 400 þús. kr., eða nánar tiltekið 402736 kr. Þótt yfirlit þetta sé e. t. v. ekki alveg nákvæmt, þá mun það þó vera nærri því rétta. Og ég vil geta þess, að stofnkostnaður skólanna mun vera um 1,5 millj. kr., eða rúmlega það, með því þó að fara eftir mati á einstökum stofnunum, sérstaklega í sambandi við Laugarvatn. Hinir skólarnir hafa gefið upp stofnkostnað sinn. En ég treysti mér ekki vel til þess, en gaf upp það, sem bækur sýna, að eignir skólans eru virtar, en það er rétt undir 500 þús. kr. Ef við nú reiknum ¼ hluta stofnkostnaðarins, sem að framan greinir, þá verður hann um 380 þús. kr., m. ö. o., það er hér um bil sama, hvort teknar eru skuldir skólanna eða ¼ hluti stofnkostnaðar þeirra og lagt til grundvallar fyrir gerðum væntanlegrar matsnefndar. Þessa vildi ég geta, til þess að menn sjái, að ekki skiptir máli, hvor leiðin er farin. Hinsvegar er ekki gerandi lítið úr því, að þetta verða alltaf töluverð fjárútlát fyrir ríkissjóð.

Ég get hugsað mér að einhverjir spyrji, hvernig ég hugsa mér, að þessi ¼ hluti stofnkostnaðarins eða skuldirnar verði greiddar. Mér finnst eðlilegast skv. frv., að ríkissjóður taki að sér þennan hluta stofnkostnaðarins. Hinsvegar játa ég, að þetta atriði hefir ekki verið athugað til hlítar, og ég vil ekki segja ákveðið um það, hvernig ég teldi, að þessu bæri að haga, og vænti ég, að ég hljóti ekki ámæli fyrir það.

Ég hefi svo ekki meira fram að taka í sambandi við þetta mál, þar sem ég býst við, að framkomnar brtt. verði teknar aftur til 3. umr., og hv. 4. þm. Reykv. hefir einnig boðað, að hann muni þá flytja brtt. við frv. Þó þykir mér rétt að geta þess í sambandi við það sem fram kom um tungumálanámið, að hv. þm. verða að gera sér ljóst, að fjöldinn af því fólki, sem héraðsskólana sækir, býr yfir mjög takmarkaðri þekkingu á sínu eigin móðurmáli. Ég held, að það sé heilbrigt og rétt að gera vissar kröfur til stafsetningarkunnáttu og lestrar, áður en nemendum er leyft að hefja erlent tungumálanám. Eftir minni reynslu get ég fullyrt, að mörgum nemanda er það fyrir beztu, að honum sé leiðbeint með það í fullri alvöru, að ekki sé heppilegt fyrir hann að byrja að erfiða í erl. málanámi með mjög takmarkaða þekkingu á eigin tungu sem undirstöðu. Fyrir það fólk, sem ekki hefir lært að lesa sæmilega sitt eigið móðurmál, er ekki eyðandi tíma og orku í að læra erlend mál. Það mun því verða nokkur hvöt fyrir fólk til að læra sitt eigið mál, ef það veit, að ekki fæst að hefja nám í erlendum málum fyrr en sæmilega góðum árangri er náð í íslenzku. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál meira að sinni.

***Einar Olgeirsson:** Ég stend upp til þess að lýsa yfir því, að ég mun taka brtt., sem ég flyt, aftur til 3. umr.

En út af því, sem hv. frsm. menntmn. sagði um erlenda tungumálanámið í héraðsskólunum, þá finnst mér, að það þurfi mikillar íhugunar áður en farið er að bægja mönnum frá slíku, og mér er alls ekki ljóst, hvert stefna á með slíku. Hvað þýðir það að banna mönnum, sem orðnir eru yfir 18 ára gamlir, að læra undirstöðuatriði í erlendum málum, nema þeir standist próf í íslenzkri málfræði? Hvað er erlend tungumálakunnátta fyrir okkur yfirleitt? Hún er aðeins lykill að ákveðnum fræðum, sem ekki er unnt að kynnast með móðurmálskunnáttunni einni saman nema að litlu leyti. Við skulum athuga, hve margt af því bezta, sem til er í íslenzkri sveitamenningu, er einmitt því að þakka, að íslenzkir bændur hafa aflað sér nokkurrar þekkingar á erlendum málum og getað tileinkað sér það bezta í erlendri samtíðarmenningu. Af því að hv. þm. S.-Þ. er flm. þessa frv., þá skulum við

athuga, hvernig ástandið er hjá Þingeyingum í þessu efni. Við getum t. d. tekið Benedikt á Auðnum. Hann vann að því að útbreiða meðal Þingeyinga þekkingu á erlendum félagsmálefnum, þegar hann var ungur. Ég vil benda mönnum á það, að í bókasafninu á Húsavík er að finna bezta safn félagsfræðibókmennta á Íslandi. Þar eru næstum því allar bækur um þetta efni á erlendum málum. En þær hafa eigi að síður verið lesnar úti um alla Þingeyjarsýslu. Ég skal viðurkenna, að e. t. v. hefir þetta átt sinn þátt í að skapa þá róttækni, sem þar hefir legið í landi og hv. þm. S.-Þ. þykir nú orðið nóg um. Ég vil ennfremur benda á það, að bændur, sem hafa áhuga fyrir sinni starfsgrein og vilja afla sér þekkingar í efnafræði, verkfræði og ýmsu fleiru, sem þýðingu hefir fyrir okkar landbúnað, þurfa að kunna undirstöðuatriði erlendra mála til þess að geta kynnt sér bækur, sem um þessi efni fjalla. En með því móti geta þeir e. t. v. gert uppgötvanir, sem gagnlegar eru starfi þeirra. Í grg. frv. er talað um þessa „lítilfjörlegu byrjun á erlendum málum", sem hafi ill áhrif á nám í íslenzku. Ég get viðurkennt, að það geti verið hagkvæmt fyrir nemendurna að beina huga sínum aðeins að einu erlendu máli, en byrja ekki samtímis á t. d. ensku, dönsku og þýzku. En það er hinsvegar vitanlegt, að eftir tveggja vetra tilsögn t. d. í dönsku og þýzku hafa menn öðlazt þá þekkingu, sem nauðsynleg er til þess að þeir geti stundað sjálfsnám í þessum greinum og aflað sér frekari þekkingar tilsagnarlaust, og notfært sér það, sem á þessum málum er ritað. Menn geta verið skussar í íslenzku, þótt þeir séu fullfærir um að læra eitt erlent mál,

Ég held, að menn ættu mjög að athuga þetta atriði áður en það er gert að lögum. Það eru t. d. engar skýrslur um það, hve margt fólk í sveitum landsins getur yfirleitt hagnýtt sér erlendar bækur, t. d. hve margir Þingeyingar geta lesið dönsku. Þar, sem ég hefi farið um Þingeyjarsýslu, hefi ég séð á heimilum engu minna af erlendum bókum en innlendum. Ég vil ennfremur minna á það, að erlendir ferðamenn, sem hingað koma, eru yfirleitt undrandi á því, hve margir alþýðumenn geta lesið eitthvert erlent tungumál. Það ætti síst að gera leik að því að leggja stein í götu þessarar menningar. Það er enginn efi, eins og ég áðan sagði, að eftir tveggja vetra nám í dönsku eða þýzku geta menn haft not af lestri bóka á þessum málum. Ég viðurkenni, að enskan er þyngri; og margir nemendur myndu ugglaust vilja leggja á sig nokkra aukavinnu til þess að geta fengið tilsögn í einhverju af þessum málum. Hitt tel ég rétt, að erlendu málin eigi að vera valgreinar, þ. e. nemendunum eigi sjálfum að heimilast að velja, hvaða algengt tungumál þeir vilja stunda, eða hvort þeir yfirleitt kæra sig um það. Ég vil eindregið skora á hv. þm. að athuga þetta atriði fyrir 3. umr. — Fleira er það þá ekki, sem ég þarf að ræða að þessu sinni. Þær brtt., sem ég tók aftur, munu koma til umr. síðar.

ATKVGR.

Brtt. 543 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 538,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 538,2 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 22 shlj. akv.

Brtt. 538,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 538,4 samþ. með 21 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 538,5 samþ. með 22 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

10.—14. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 538,6 samþ. án atkvgr.

15. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

16. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 538,7.a samþ. með 19 shlj. atkv.

— 538,7.b samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 22. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 548, 543, 549, 550).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og einnig lágu fyrir skrifl. brtt. frá menntamn. (sjá þskj. 561) og þm. Ísaf. o. fl. (sjá þskj. 562). — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

*__Finnur Jónsson:__ Ég á, ásamt hv. þm. Snæf. og hv. þm. Barð., skrifl. brtt. við 3. gr. frv., 2. mgr., um að síðasti málsl. þeirrar málsgr. orðist á þá leið, að erlend tungumál skuli kenna í héraðsskólunum eftir reglum, sem fræðslumálastjórnin setji. Okkur flm. þessarar till. þykir mjög óviðkunnanlegt, svo að ekki sé meira sagt, orðalag þessarar greinar og höfum viljað færa það í þann búning, sem við teljum viðunandi. Það hefir lengi verið svo, að við höfum hælt okkur af okkar alþýðumenntun, og það er vitanlegt, að bókakostur á íslenzka tungu er ekki það mikill, að menn geti notið verulegrar menntunar nema því aðeins, að þeir kunni eitthvað í erlendum tungumálum. Nú er vitanlegt, að tungumálakennsla í héraðsskólunum getur aldrei orðið fullkomin, en flestir ættu þó að geta lært að lesa a. m. k. eitt norðurlandamál. Eins og frv. nú er orðað, getur verið alveg girt fyrir tungumálanám í héraðsskólunum, en það teljum við óviðunandi. Við teljum fyllilega séð fyrir því, að menn læri móðurmálið, þótt l. verði orðuð á þann hátt, sem við leggjum til. Ég viðurkenni auðvitað þá nauðsyn, sem er á því að leggja mesta áherzlu á móðurmálskennsluna, en að banna hinsvegar kennslu erlendra mála er ekki rétt. Það getur vel komið fyrir, að í héraðsskólana komi menn, sem litillar tilsagnar hafa notið í íslenzku, en eru hinsvegar það færir til náms, að þótt þeir standist ekki inntökupróf, þá geti þeir auðveldlega lært samtímis íslenzku og t. d. eitt norðurlandamál, án þess að þeim sé í nokkru ofboðið. Ég tel alveg ófært að banna beinlínis kennslu erlendra tungumála í héraðsskólunum og vona, að háttv. deild sé okkur samdóma um það.

*Helgi Jónasson: Ég á hér, ásamt hv. þm. V.-Sk., brtt. á þskj. 550, við 1. gr. frv. Er hún um það, að á eftir orðunum „Reykholti í Borgarfirði", þar sem taldir eru upp skólastaðirnir, komi: „og á hentugum stað innan Rangár- og Skaftárþinga".

Við athugun sjáum við, að þessi tvö héruð eru mjög afskipt hvað skóla snertir, þar sem á þessum slóðum eru hvorki héraðsskólar eða aðrir skólar. Þessu unum við mjög illa, og er nú vaknaður almennur áhugi í Rangárvalla- og V.-Skaftafellssýslu fyrir stofnun héraðsskóla. Enn er málið ekki komið svo langt, að staður hafi verið ákveðinn fyrir skólann, en áhugi er mikill, og vænti ég, að við verðum látnir njóta sama réttar og aðrir í þessum efnum, og að okkar skóli komist á sínum tíma undir ákvæði laga þessara. Ég hefi borið efni þessarar brtt. undir hv. flm. þessa frv., hv. þm. S.-Þ., og er hann því ekki mótfallinn, að hún verði samþ. Skólastjórinn á Laugarvatni, hv. 2. þm. Árn., er einnig hlynntur því, að till. þessi verði samþ. Það má segja, að Laugarvatnsskólinn sé stór skóli, en hann er meira landsskóli en héraðsskóli, því að vegna sinna góðu skilyrða er hann mjög sóttur af mönnum úr öllum landshlutum. Er hann því ekki frekar fyrir Rangæinga og Skaftfellinga en aðra landsmenn.

Ég orðlengi ekki frekar um þetta, en vona, að hv. þm. sjái sér fært að samþ. þessa brtt.

*Einar Olgeirsson: Ég vil lýsa ánægju minni yfir brtt. þeirri, sem fram er komin frá hv. þm. Ísaf. o. fl. viðvíkjandi tungumálakennslunni í héraðsskólum. Ég vakti máls á þessu atriði við 2. umr. og hefi flutt um það brtt., en þar sem ég treysti því, að brtt. hv. þm. Ísaf. og félaga hans nái fram að ganga, tek ég hér með 2. lið till. á þskj. 543 aftur.

Um annað það, er brtt. á þskj. 543 fjallar, þarf ég ekki að vera margorður nú. Ég minntist á það við 2. umr. Sérstaklega er það í sambandi við 7. og 9. gr., um kjör kennara, að ég álít sjálfsagt, að þeir geti notað sitt sumarfrí og séu ekki bundnir við að vinna fyrir skólann.

Um brtt. á þskj. 550 vil ég geta þess, að ég álít ekki nema sjálfsagt, að sem víðast á landinu fái menn að njóta þess réttar, sem héraðsskólalögin veita. — Ég vil endurtaka það, að ég álít mikla bót að till. um tungumálakennslu skuli vera fram komin, og það hefði raunar gengið hneyksli næst að banna kennslu erlendra tungumála í þessum skólum.

*Pétur Halldórsson: Herra forseti! Við 2. umr. boðaði ég, að ég og hv. þm. V.-Sk. myndum flytja brtt. við 13. gr. frv. Þessi till. liggur nú fyrir á þskj. 549 og er um það, að ríkissjóður leggi fram helming stofnkostnaðar þessara skóla, en ekki ¾ hluta (Forseti: Ég vil biðja hv. þm. að gefa hljóð í d.) Ég skal reyna að hafa hærra, svo að fleiri en ég geti talað í einu. Þessi brtt. er flutt vegna þess, að ekki hefir verið gerð nægilega glögg grein fyrir því, hvern kostnað það hefði í för með sér að samþ., að ¾ hlutar þessa kostnaðar greiðist úr ríkissjóði, — þótt nokkrar upplýsingar hafi að vísu komið fram um það. Virðist eftir þeim, að ef þetta ákvæði um greiðslu ¾ hluta kostnaðarins væri látið standa í lögunum, myndi ríkissjóður, til viðbótar við áður greiddan stofnkostnað skólanna, þurfa að láta af hendi til þeirra um 400 þús. kr. Þetta er ekki lítið fé, allra síst á þeim tímum, sem nú eru, þegar reynt er að skera öll útgjöld ríkissjóðs niður, jafnvel hin nauðsynlegustu, og stöðva fjárausturinn eftir föngum. Ég vil, að það sé vel athugað, hvort í raun og veru sé nauðsynlegt fyrir ríkissjóð að bæta nú á sig þessum mikla kostnaði eins og sakir standa. Það er játað, að sú breyting, sem samkv. þessum l. á að gera á héraðsskólunum, muni hafa allverulegan aukinn kostnað í för með sér. En er rétt að leggja í slíkan kostnað einmitt nú? Þegar litið er á það, hvernig ríkissjóður býr að gagnfræðaskólum landsins, þá kemur í ljós, að framlög til þeirra eru miklu minni en til héraðsskólanna. Ég vil ekki þar með segja, að ekki sé eðlilegt, að ríkissjóður greiði eitthvað meira til héraðsskólanna en hinna, vegna þess að þeir kunna að vera fremur skólar fyrir landsmenn alla án tillits til þess, hvar í héruðum þeir standa. En kaupstaðaskólarnir eru eðlilega mest notaðir af bæjarbúum sjálfum. Eins og hv. þdm. vita, greiðir ríkissjóður aðeins ⅗ hluta kostnaðar við byggingu skólasetra fyrir gagnfræðaskóla, en þessir skólar eiga að fá ¾ hluta stofnkostnaðar greiddan. Ríkissjóður greiðir þar að auki lægri framlög til kennslu í gagnfræðaskólum en hér er gert ráð fyrir. Að þessu athuguðu tel ég rétt, að það verði ekki ákveðið nú, hvort ríkissjóður tekur á sig hin nýju útgjöld vegna skólanna. Mér finnst, að áður en slík ákvörðun er tekin, þurfi að liggja fyrir yfirlit um stofnkostnaðinn í heild og einnig rekstrarreikningur þessara stofnana. Ég legg því til við d., að hún samþ. þessa brtt. mína.

*Thor Thors: Hér er komin fram brtt. á þskj. 550 um að fjölga héraðsskólunum og bæta við einum skóla á Suðurlandi. Ég get verið því hlynntur, að þeim sé fjölgað, en þá vil ég jafnframt, að tekið verði tillit til fleiri héraða en hér er gert ráð fyrir. Það hefir lengi verið öflug hreyfing um það á Snæfellsnesi, að þar risi upp héraðsskóli, og vil ég leyfa mér að bera fram skriflega brtt. þess efnis, að einum slíkum skóla verði bætt við þar.

*Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Snæf., og vil leita samþykkis fyrir því, að hún megi koma til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 563) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

*Bergur Jónsson: Ég ber fram brtt. við brtt. á þskj. 550, um það, að bætt verði við héraðsskóla að Reykhólum í Reykhólasveit. Reykhólar voru keyptir af ríkissjóði samkv. heimildarlögum frá 1937. Þetta er ljómandi skemmtileg jörð og fallegur staður. Jarðhiti er þarna nægur, og má það teljast einn mesti kostur á skólasetri. Ríkið sem eigandi jarðarinnar verður að ráð-

stafa henni á einhvern hátt og hefja á ný til forns vegs. Þetta er eitt af helztu höfuðbólum landsins. Ég vil þar að auki benda á það, að ungmennasamband Norður-Breiðfirðinga hefir ár eftir ár skorað á Alþ. að stofna héraðsskóla á þessum stað. Ég mun ekki leggja á móti sjálfri till. á þskj. 550, en ég vil benda á það, að flm. hennar hafa ekki neina rikisjörð, sem geti jafnazt á við Reykhóla í þessu skyni. Þessi skóli yrði fyrir Breiðfirðinga alla, og er því till. hv. þm. Snæf. óþörf, ef mín verður samþ.

Þá vil ég minnast á till. þá, sem ég ásamt hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Snæf. flyt hér. Mér finnst það allt of harðleikið að banna kennslu erlendra tungumála í héraðsskólunum. Slíkt ákvæði er alveg neikvætt og óviðeigandi. Aftur á móti er samkv. okkar till. hægt að setja um kennslu þessara greina þær reglur, sem heppilegastar eru taldar.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Barð., og vil leita leyfis til, að hún megi koma til umr. hér.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 564) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þær brtt., sem fram eru komnar frá hv. þm. Snæf. og hv. þm. Barð. Þeir bera fram till. um skólasetur svo nálægt hvort öðru, að þeir eru í mestu vandræðum með, að skólarnir verði ekki settir hvor ofan á annan. Um þessa staði, sem þeir bera fyrir brjósti, gegnir líka allt öðru máli en Rangár- og Skaftárþing, þar sem ungmennaskóli er í Stykkishólmi. — Hvað það atriði snertir, að við höfum enga rikisjörð upp á að bjóða sem skólasetur eins og Reykhóla, þá er því til að svara, að við höfum nógar jarðir, sem fást munu þegar þar að kemur, þótt ekki séu það ríkisjarðir. En um Reykhóla er það kunnugt, að þeir eru að heita má í eyði og að enginn vill búa þar. Og um Snæfellssýslu má benda á, að þar er miklu hægara um vik, þar sem eru þorp og kaupstaðir, heldur en hjá okkur Rangæingum og Skaftfellingum, þar sem lítið er af skólum. Enda er ekki hægt að mæla á móti því, að Rangárvalla og Skaftafellssýslur eru stærstu sveitirnar, þar sem enginn skóli er, og ég tel sanngjarnt, að svo fjölmennir landshlutar fái líka skóla. Það er nú svo með Laugarvatn, að vegna sinna góðu skilyrða er sá skóli meira landsskóli en héraðsskóli. Þangað sækja nemendur alstaðar að af landinu. Hvað snertir það atriði, að það vanti jörð, get ég fullvissað hv. þm. Barð. um það, að við höfum jörð, sem ekki er eftirbátur Reykhóla. Reykhólar eru kannske góð jörð, en undanfarið hefir enginn viljað hafa með þá að gera, og þó jörð sú, er við höfum, sé ekki ríkisjörð, eru engin vandræði með það. Ég skal ekki hafa á móti því, að till. hans verði samþ., en ég legg aðaláherzluna á það, að tillaga á þskj. 550 verði samþ., því hún á meiri rétt á sér.

***Thor Thors:** Ég vil leyfa mér að mótmæla því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að það væri leikaraskapur í þeirri till., sem ég bar fram. Það hafa um mörg ár verið ákveðnar raddir í Snæfellsnessýslu um að fá skóla þar. Ég veit ekki betur en að í Sunnlendingafjórðungi sé stærsti skóli landsins, nfl. á Laugarvatni. Samt mun ég ekki leggja á móti því, að héruðin hafi heimild til þess að koma sér upp sérstökum skólum, en vil mikið fremur mæla með því, að þetta hérað hafi leyfi til þess að koma sér upp skóla.

Nú vill svo til með Snæfellsnessýsluna, að til er staður í héraðinu, sem hefir sögulegar minningar, þar sem er Helgafell. Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, og till. hans um, að Snæfellingar legðu í skóla á Reykhólum, vil ég segja það, að Snæfellingar munu ekki frekar sækja skóla að Reykhólum en í Reykholt. Það er eindregin ósk þeirra að eignast sinn eiginn skóla heima í héraði, og því ber ég fram þessa tillögu.

***Jón Pálmason:** Ég veit ekki hvort það er af því, að kominn sé jólahugur í þingmenn, hve mikið kapp er um að fá lögfesta skóla, en mér er kunnugt um, að það er annars meiri þörf en að fá lögfesta fleiri skóla.

Hér er gert ráð fyrir einum nýjum skóla á Varmahlíð í Skagafirði. Þótt ég hafi tilhneigingu til að óska Skagfirðingum alls hins bezta, tel ég varhugavert að fara að stofna þar nýjan skóla, og hvað þá ef á að fara að stofna 3 nýja skóla í viðbót. Ég tel meiri þörf á öðru í okkar fjármálum en að bæta þar við. Vildi ég mælast til þess, að þingmenn létu það ekki henda sig að fara að samþ. það, sem hér um ræðir. Viðvíkjandi frv. vil ég segja það, að ég tel það mjög miklar framfarir, að gert er ráð fyrir að auka mikið verklega kennslu, og tel mikla von um, að með því að gera þessar menntastofnanir meira gagnmenntandi en verið hefir, megi koma í veg fyrir, að þær verði millistöð fyrir fólk til þess að flytja úr sveitunum til staða, sem hafa meiri lífsþægindi. Því er ekki hægt að neita, að í sambandi við héraðsskólana hefir risið upp spurning um það, hvort hér sé stefnt í rétta átt.

Nú liggur fyrir þinginu frv., þar sem farið er fram á að hækka stofnstyrk skólanna frá því, sem verið hefir. Ég veit, að héruðin hafa erfiðleika í sambandi við skuldir, sem hefir verið stofnað til í sambandi við héraðsskólana. Tel ég hyggilegra að sjá framan í það, hverjar þær skuldir eru, og gera þær upp á sínum tíma, heldur en að vita ekki, hvað mikla gjaldaupphæð verið er að samþykkja, þó þessar upphæðir samanlagðar máske færu fram úr tugum þúsunda. Því vil ég, að brtt. hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Sk. verði samþ. jafnvel þótt ýmsir menn telji, að hér sé sérstök þörf vegna þeirra sveitarfélaga, sem hér eiga hlut að máli. Þó að með þessu frv. sé gert ráð fyrir að bæta talsvert fyrirkomulag skólanna, tel ég, að hér sé lagt út í óþarflega mikið, ef menn ætla að fara að lögfesta að stofna hér marga nýja skóla, einkum ef miðað er við ástæður þær, sem við höfum.

***Bergur Jónsson:** Ég kann ekki við það hjá hv. 2. þm. Rang. að tala um leikaraskap í sam-

bandi við till. þá, sem ég ber hér fram, því ef hægt er að tala um leikaraskap í sambandi við nokkra till., er það langsízt í sambandi við till. um Reykhóla, því þar ræðir um jörð, sem ríkið hefir viðurkennt, að sjálfsagt sé fyrir það að eiga og hefir alla þá kosti, sem héraðsskólajörð á að hafa: Jarðhita, möguleika til rafmagnsvirkjunar og er á sérstaklega fögrum stað.

Út af því, sem hv. þm. Snæf. segir, mun ég draga það mjög í efa, að Snæfellingar vildu ekki taka höndum saman við aðra Breiðfirðinga um héraðsskóla á Reykhólum. Ég hugsa þennan skóla sem héraðsskóla fyrir alla Breiðfirðinga og tel betra fyrir Snæfellinga og Dalamenn að sækja skóla að Reykhólum en á nokkurn annan stað. Ef um nokkurn nýjan skóla á að vera að ræða, koma Reykhólar fyrst og fremst til álita.

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Fyrir liggja nú nokkrar brtt., og eru 3 af till. um nýjar skólastofnanir.

Í sjálfu sér er ekki gott um það að segja, hvort allir þessir skólar mundu vera fullir af nemendum, ef þeir væru til. Það getur vel verið. Íslenzk æska er fús til skólagöngu og náms, svo vel má vera, að skólarnir fyllist, þó þeim fjölgi, svo það getur vel hugsazt, að það sé ástæða til fyrir velviljaða skólamenn að gera tillögur um skólastofnanir. Þó finnst manni þetta nokkuð langt gengið. Ég man eftir því, þegar breytt var héraðsskólalögunum og Reykholtsskólinn og Varmahlíðarskólinn voru teknir inn sem væntanlegir héraðsskólar, kom til mála, að Reykhólar væru einnig tekir inn sem væntanlegur héraðsskóli, og þá voru þingmenn yfirleitt þeirrar skoðunar, að tæplega kæmi til mála að fjölga skólum á vesturhluta landsins umfram það, sem orðið var. Við höfum þar nú 3 skóla, þar sem eru Núpsskóli, Reykjanesskóli og Reykjaskóli í Hrútafirði, svo koma húsmæðraskólarnir og Reykholtsskóli. Þó vil ég alls ekki fullyrða um það nema nemendum fjölgaði, sem sæktu slíka skóla, en tæplega samt svo, að hægt væri að fylla í þessum landshluta 2 skóla í viðbót. Því ber ekki að neita, að staðurinn, sem hv. þm. Snæf. minnist á, er frægur sögustaður, en hitt, að skilyrði þar eru ekki svo æskileg sem skyldi um skólasetur, mælir, að ég held, sérstaklega á móti því, að sú till. verði samþ. Eins er um Reykhóla. Þeir hafa ekki nægilega kosti sem skólasetur.

Ég hefi ekkert látið uppi um það, hvort ég væri sérstaklega hlynntur till. um skóla í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum, en það er augljóst, að í samanburði við fólksfjölda er minni skólakostnaður á Suðurlandsundirlendinu heldur en annarsstaðar á landinu. Þar er t. d. enginn húsmæðraskóli, nema einn lítill einkaskóli í Ölfusinu, en á Norður- og Austurlandi eru líka húsmæðraskólar fyrir utan hina skólana. Eini skólinn á Suðurlandi, sem getur tekið á móti nemendum, er Laugarvatnsskólinn, en ég efast um, að hann fullnægi kröfum héraðsins. Ég er þess fullviss, að ef skóli væri í Rangárvallaeða Skaftafellssýslu, mundu fleiri sækja hann. Hv. 2. þm. Rang. vísaði til flm. og mín, að við værum hvorugur andvígur þessu. Ég mun ekki fjandskapast við þessa till. frekar en aðrar, sem koma fram, en tel það ekkert vit að samþ. nú 3 nýja héraðsskóla til viðbótar því, sem áður hefir verið.

Í till. um skóla á Snæfellsnesi kemur ekki fram, að sá skóli skuli vera á Helgafelli. Í sambandi við skólastofnun fyrir Rangárvalla- og Skaftafellssýslu er vert að geta þess, að þeir höfðu á sínum tíma lögum samkv. leyfi til þess að stofna skóla, og var þá allmikið rætt um þetta mál og hefir verið þrisvar sinnum leitað álits atkvæðisbærra manna um, hvort þetta ætti að koma til framkvæmda, en ekki komið fram nógur áhugi til þess, að fullnægjandi atkvgr. fengist. Má vera að áhuginn sé til þrátt fyrir það. Ég vil biðja hv. þm. að athuga þetta og ætla ekki að fara að lengja mál mitt um þessi atriði, því ég býst ekki við að hafa þau rök á takteinum, sem geti breytt þeirri skoðun manna, sem þeir hafa myndað sér. Ég vænti þess, að hv. þm. ætli ekki að fara að gera því frv., sem hér er fram komið, neinn bjarnargreiða, og að þessar till. séu ekki settar fram til höfuðs því. Annars er það vitanlegt, að hægt er að eyðileggja mál á síðustu stundu, því þau verða oft ekki aðgengileg eftir að búið er að samþ. við þau ýmsar breytingar.

Vildi ég nú víkja að brtt. við 2. málsgr. 3. gr. Ég held, að flm. hennar skilji í raun og veru ekki, hvað hér er um að ræða. Ég held, að þeim sé ekki ljós sú nauðsyn, sem það er fyrir slíkt nám, að íslenzkukunnátta sé í góðu lagi. Ég tel, að það verði að setja lágmarkskröfur, sem þeir verða að uppfylla, er vilja njóta kennslu í erlendum tungumálum við héraðsskólana. Það er misskilningur, að þetta sé sett til höfuðs málalærdómi og til þess að eyðileggja hann. Þeir geta fengið að læra mál, sem vilja og eru hæfir til þess. Ég get fullvissað þingmenn um, að fjöldi nemenda í þessum skólum, sem ekki hafa fengið aðra menntun en barnaskólamenntun, eru alls ekki færir um að lesa erlend tungumál, og þeim tíma, sem í það fer, er heldur illa varið. Það gæti líka farið svo, að fyrir þetta skilyrði legðu menn meira kapp á að læra heldur betur sitt eigið móðurmál en hingað til hefir verið.

Það kom fram í umr., að þingmenn telja, að hér sé verið að bægja öllum fjölda nemenda frá tungumálanámi, og var vitnað í landskunna gáfumenn, hvernig hefði farið fyrir þeim, ef þeir hefðu ekki notið tungumálakennslu. Þessi dæmi áttu ekki við, því þeir hefðu áreiðanlega fengið aðgang að málakennslu í skólanum. Það er ekki rétt að miða við próf, þegar komið er í skólann. En kennarinn sér strax, hvort lélegt próf er fyrir hæfileikaleysi eða skort á góðum undirbúningi. Ég tel ákvæði frv. betri en brtt., en í báðum tilfellum geng ég út frá því, að fræðslumálastjórnin setji reglur um, hverjir skuli koma til greina.

Sú till., sem skiptir mestu, er frá hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Sk., við 13. gr., um það, að í staðinn fyrir að gert er ráð fyrir í frv., að ¾ kostnaðar séu greiddir úr ríkissjóði, þá verði tekið upp ákvæði eins og í gildandi lögum um, að það sé helmingur. Þetta frv. verður til gagns

eða ógagns fyrir skólana aðeins eftir því, hvort þessi till. verður samþ. eða ekki. Ég tel ekkert vit í að samþ. þetta frv. og gera það að lögum með þeim auknu skyldum og tilslökunum, sem það gerir ráð fyrir, nema fast ákvæði sé til fyrir því að bæta fjárhag skólanna. Væri það því hinn mesti bjarnargreiði að fá þetta frv. lögfest og samþ. till hv. 4. þm. Reykv. og hv. þm. V.-Sk., og vil ég vænta þess, að á þetta verði litið með þeirri sanngirni, að þessi brtt. verði felld. Það er að mörgu leyti rétt, sem hv. þm. sagði, að það er óvíst, hversu mikið verður lagt á ríkissjóð af skólum, en ég færði nokkur rök fyrir því í ræðu minni við 2. umr. þessa máls, sem voru í aðalatriðum þau, að margir af þessum skólum og flestir væru raunverulega ekki héraðsskólar, og aðeins nokkur hluti nemenda þeirra, sem sækti skólana, væri úr héraðinu sjálfu. Í skóla þann, sem ég starfa við, hefir Árnessýsla lagt 60—70 þús. kr., og átti hún að leggja helminginn, en hinsvegar á sýslan ekki nema ¼ af nemendum skólans. Í Laugarvatnsskóla er ¾ nemenda hvaðanæva af landinu. Allmargir úr Reykjavík og yfirleitt alstaðar að, og sést á þessu, hve réttlát sú krafa er, að ríkissjóður kosti byggingu skólanna að langmestu leyti, en ekki einstök héruð.

Ég vil þá rifja upp fyrir hv. þm. aftur, að samkv. því, sem við höfum fengið upp, eru skuldir héraðsskólanna um 400 þús., og af því er búið að greiða ¼ í stofnkostnað. Ríkissjóður þyrfti ekki að leggja út alla skuldina, en aðeins að taka að sér nokkurn hluta hennar, því skólarnir skulda það mikið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vænti þess, að hv. þdm. leiði þetta mál farsællega til lykta.

*__Ísleifur Högnason__: Ef litið er á grg. þessa frv., verður ekki annað séð en að í þessum skólum verði um hálfgerða fúskkennslu að ræða. Ef á að fara yfir öll þau fög, sem ætlazt er til, að kennd verði, getur ekki orðið um að ræða nema mjög ómerkilega yfirborðsfræðslu. Ég vil aðeins nefna sem dæmi, að það á að minnka bóklega námið, kenna mikið af iðróttum og allskonar vinnu, kenna járnsmíði og trésmíði, steinsmíði og að nota steinana til að gera ýmisskonar hús, smíði einfaldra húsgagna, að búa til stóla, bekki og borð og að mála. Stúlkum á að kenna hreinlega umgengni, matargerð, saumaskap og prjón, barnagæzlu og aðferðir við að kenna smábörnum. Í bóklegum fræðum á að kenna móðurmálið og íslenzkar bókmenntir, Íslandssögu og mannkynssögu, yfirlit um stjórnarhætti, landafræði, og í náttúrufræði um heimsbygginguna og þróunarfræðina, að bera kennsl á jurtir og dýr. Þá á að kenna frumdrætti úr stjörnufræði, jarðfræði, efnafræði, eðlisfræði, líffræði og sálarfræði. Auk þess á að kenna reikning, bókfærslu og söng. Loks á að kenna íslenzka glímu, en þó þannig, að menn glími í buxum, eins og í gamla daga, það á að kasta burtu glímubeltinu. Í grg. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslenzk glíma var særð holundarsári, þegar beltin voru tekin upp af nokkrum sérstökum orkumönnum snemma á þessari öld. Með því gerbreyttist glíman. Í stað léttleikans, sem einkennt hafði þessa íþrótt í margar aldir, komu nú tröllaukin bolabrögð. Sterkir, harðæfðir menn tóku nú veikari leiknauta í fang sér, eins og þegar kolalyfta læsir nokkur vagnhlöss af eldsneyti í greipum sínum. Beltið er nálega búið að drepa íslenzka glímu. Nú á að kasta glímubeltinu út í yztu myrkur og sýna þann þjóðarmetnað að láta glímuna vera í öndvegi meðal íslenzkra íþrótta og kenna hana á þann hátt sem forfeðurnir hafa varðveitt íþróttina frá því á landnámsöld. Hinir endurbættu héraðsskólar munu fá þá skyldu lagða sér á herðar að hefja íslenzka glímu að nýju til vegs og virðingar".

Eftir þessu er það ærið margt, sem þarna á að kenna. En til andsvara því, sem sagt hefir verið, að ekki eigi að útiloka kennslu í erlendum tungum, vil ég benda á þau skilyrði fyrir slíku námi, sem hv. flm. setur í grg. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Er ætlazt til, að þeir nemendur þekki aðalefni í Íslendingasögum, Sturlungu, Heimskringlu og hafi lesið það helzta, sem til er eftir skáld 19. og 20. aldarinnar" (kannske bæði hérlend og erlend). „Auk þess verða þeir nemendur að kunna öll frumatriði íslenzkrar málfræði og skrifa ritvillulítið íslenzkt mál".

Á því er nú enginn vafi, að mikill hluti æskulýðsins hefir meiri áhuga á því að nema erlend tungumál en flest annað, og ef það nám væri útilokað, gæti farið svo, að skólarnir yrðu lítið sem ekkert sóttir. Annars geri ég þá athugasemd við 11. gr., þar sem stendur: „Nú fækkar nemendum í héraðsskóla um þriðjung eða meira ... — að þar eru ekki sett nein takmörk fyrir því, hversu mjög nemendum má fækka til þess að ekki megi greiða þeim þennan tveggja ára styrk.

Ég get verið með því að láta fleiri héruð koma undir ákvæði 1. gr., eins og till. hafa komið fram um, þar sem hér er ekki um annað en heimild að ræða.

Svo ætla ég ekki að láta fleiri orð falla um þetta að sinni, en aðeins taka það fram, að ef á að kenna allar þessar námsgreinar í skólunum, þá getur það aldrei orðið annað en kákkennsla.

ATKVGR.

Brtt. 563 felld með 16:6 atkv.
— 564 felld með 13:6 atkv.
Brtt. 550 samþ. með 16:5 atkv.
— 543,1 felld með 16:3 atkv.
— 562 felld með 15:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, FJ, GG, HV, ÍslH, JakM, StgrSt, TT, VJ, ÁÁ, BJ, BÁ, EOl.

nei: EystJ, GSv, HelgJ, JÍv, JPálm, PHann, PHalld, PO, SEH, SkG, StSt, SvbH, ÞBr, BjB, JörB.

EE greiddi ekki atkv.
4 þm. (GÞ, HG, ÓTh, SK) fjarstaddir.

Brtt. 561,1 samþ. án atkvgr.
— 543,2 tekin aftur.
— 543,3 felld með 16:3 atkv.
— 561,2 samþ. án atkvgr.
— 543,4 felld með 20:3 atkv.

Brtt. 561,3 samþ. án atkvgr.
— 549 felld með 15:10 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 92. fundi í Ed., 23. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A.565).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr. (A. 565, 586).
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Þá var og of skammt liðið frá útbýtingu brtt. 586. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Árni Jónsson:** Þetta frv. hefir legið fyrir n. skamman tíma, þó hafa verið gerðar við það margar brtt. Ég bar fram brtt. við 13. gr., um það, að stofnkostnaður við skólana yrði greiddur áfram að helmingi úr ríkissjóði og helmingi frá hlutaðeigandi héraði. Þessi till. fékk ekki samþykki, og nú kemur frv. aftur frá Nd.
Nú hefir mér dottið í hug að bera fram brtt. þessa á þskj. 586, sem er miðlunartill. Þó að flm. frv. hafi ekki séð sér fært að fylgja till. minni á dögunum, vil ég ekki að óreyndu fullyrða, að þeir slái hendinni á móti þessari till. Það er nú svo, að stjórnarsamstarfið verður að grundvallast á því, að um gagnkvæma tilhliðrun sé að ræða í því starfi. Ég vona, að hv. flm. sýni hér tilhliðrun í því að styðja þessa till. mína, og að hér geti verið opin leið á báðar hliðar til samkomulags.

***Frsm. (Jónas Jónsson):** Eins og hv. 9. landsk. sagði, hafa verið gerðar breyt. á frv. í Nd., en þær snerta engin aðalatriði. Frv. var vel tekið í Nd. eins og í þessari hv. d. Ég verð að segja það, að ég gat ekki búizt við, að frv. yrði tekið svona vel af þm., og eins má segja, að verið hafi úti um landið, fyrir utan nokkra kennara, sem ekki áttuðu sig á því, að þetta leiddi til uppbyggingar fyrir stofnanirnar.
Það hefir verið dálítið um það talað, hvort það væri rétt, að ríkið tæki meiri þátt í stofnkostnaðinum. Hv. 9. landsk. virðist beita sér fyrir því, að það verði ekki gert. Ég vil aðeins benda á það, að það stendur óhrakið frá fyrri umr., það sem ég sagði þar, að svo framarlega sem við hugsum okkur í framtíðinni að leysa á ódýran hátt sumargistihússpursmálið, þá höfum við ekki aðra leið heppilegri.
Ég vil víkja aftur að því með Hótel Borg, sem ríkið og bærinn lögðu í stórfé, til þess að hægt væri að koma upp fínu hóteli hér í bænum. Það hefði reynzt erfitt fyrir þingið að leysa þetta spursmál nú, þegar sá maður, sem lagði aleigu sína í þetta fyrirtæki, hefði tapað henni. Ég vildi þess vegna biðja menn að athuga það, að sá sami metnaður, sem kom Reykvíkingum til að koma upp viðunandi hóteli, hann er nú einnig fyrir hendi hjá landsmönnum til að koma upp viðunandi gistihúsum úti um landið. Ég tek fram t. d. með bændaskólana á Hólum og Hvanneyri, en annar liggur nú reyndar ekki vel við í þessum efnum, — þetta eru ríkisstofnanir, sem engum manni hefir dottið í hug að nota í þessu skyni. Við munum sýna mesta hagsýni í því að nota slíkar stofnanir til þess að bæta úr gistihúsaþörf landsins, og koma þar að auki 600—700 mönnum í aukna vinnukennslu.
Ég vil minna svolitið á Núpsskólann í þessu sambandi; hann skuldar lítið nema það, sem ekki er talið fram. En hvernig er sá skóli settur? Þar vantar leikfimishús, hús fyrir kennarana, heimavist fyrir nemendur o. s. frv. Nú mundi hv. 9. landsk. segja, að ekkert væri til fyrirstöðu, að Vestur-Ísfirðingar legðu meira fé til skólans. En þeir eru þegar búnir að leggja fram það, sem þeir geta, og engin von til þess, að þeir leggi meira fram. Séra Sigtryggur er búinn að leggja fram það, sem hann hefir getað.
Ég tek þá næst Reykjanesskólann, þar sem fátækur skólastjóri með samhug allra manna í N.-Ísafjarðarsýslu er að reyna að basla upp skóla með sjálfboðaliðsvinnu. En það kemur alltaf að því sama, — áhuginn er meiri í héraðinu en peningarnir. Það er verið að reyna að þoka þessu áfram smátt og smátt, og maður getur sagt um þessa staði, að þeir eru vel hálfgerðir, því geta héraðanna er ekki meiri.
Ég vona, að hv. d. afsaki, þó að ég segi frá einu litlu dæmi í viðbót frá einum stærri héraðsskólanna, það er í Borgarfirði. Þessar tvær sýslur tóku hvor um sig 30 þús. kr. lán og lögðu í skólann, ungmennafélögin lögðu fram 20 þús. kr. Þetta sýnir fórnarlund héraðsbúa. En ef hv. 9. landsk. kæmi í Reykholt, þá myndi hann sjá stóra og myndarlega byggingu, og ef hann athugaði betur, myndi hann sjá, að þar væri sundlaug, sem er of heit, af því að þar er of lítið kalt vatn. Það hefir ekki verið hægt að gera leiðslu fyrir kalda vatnið, vegna fjárskorts. Ég vil bæta því við, að það er alveg óhugsandi að bjóða Reykholt sem sumargistihús fyrir útlendinga, nema gerð verði vatnsleiðsla, sem skólinn hefir ekki ráð á ennþá. Ég tek þetta sem dæmi. Það stendur við það sama eins og verið hefir; ég þekki vel til á þessum stöðum og veit, að engin af þessum stofnunum hefir ráð á því að sinna þessum auknu verkefnum, nema með því að fá til þess stuðning ríkisins. Það er því sanngjarnt að mæla með þessari leið, sem frv. gerir ráð fyrir.

***Árni Jónsson:** Það mætti skilja það svo á ræðu hv. frsm., að ágreiningur væri um það, hvort þessi tilhögun um aukið verklegt nám væri til bóta eða ekki. Ég get lýst því yfir, að ég tel, að hið aukna verklega nám myndi verða til bóta, enda hefi ég ekki heyrt nein andmæli gegn því; en hér er um að ræða fjárhagsspursmál. Hv. þm. vildi slá því föstu, að héruðin gætu ekki staðið undir þeirri byrði, sem þau hafa gert. (**JJ:** Með þessum breyttu kringumstæðum, sem koma). Það liggur ekkert fyrir um það, og verður að álíta, að ríkissjóður geti ekki heldur staðið undir sinni byrði og eigi alveg eins erfitt með að auka sínar byrðar eins og héruðin. Annars var nokkuð erfitt að fylgja röksemdafærslu hv. þm. S.-Þ. Í öðru orðinu virðist manni þetta fyrst og fremst flutt sem gistihúsmál, og í raun og veru í sama tilgangi og þegar Hótel Borg var stofnuð fyrir nokkrum árum. Nú er það að vísu svo, að það er mjög

þægilegt að geta notað héraðsskólana sem sumargistihús fyrir útlenda ferðamenn. En ég vil benda hv. þm. á það, að í sömu andránni koma fram till. um að leggja niður ferðaskrifstofu ríkisins, og hefir jafnvel verið borin fram till. um að fækka fólki, sem starfar við millilandasiglingar, og borin fram sú ástæða, að ferðamannastraumur frá útlöndum muni stöðvast til landsins. Þess vegna er það ekki sjálfu sér samkvæmt, ef ríkið hefir hugsað sér að taka upp þessa gistihúsastarfsemi fyrst nú. Þá yrði þeim styrk frestað, sem þarf vegna þessa útlendinga, á næstu árum.

Mér skildist á hv. þm. S.-Þ., að menn væru ekki eins fúsir nú að fórna miklu fyrir héraðsskólana eins og þeir voru áður, og gæti það þá bent til þess, að reynsla sú, sem fengizt hefir af héraðsskólunum, væri ekki eins ákjósanleg og menn hefðu búizt við.

Viðvíkjandi Árnessýslu benti hv. þm. á, að ef 150 nemendum, sem væru þar nú, væru ekki nema 40 úr sýslunni. Nú er þetta, eins og nafnið bendir til, héraðsskóli. Hann er stofnaður sem héraðsskóli Árnessýslu. Ég hygg, að hv. þm. S.-Þ. hafi fengið ekki lítið af heiðrinum fyrir, að þessum skóla var komið upp. (**JJ**: Og dálitið meira). Hvaða yfirlýsing er það þá, sem hann gefur nú? Hann gefur yfirlýsingu um það, að skólinn sé fjórum sinnum stærri en þörf er á.

Ég ætla svo ekki að segja meira um þetta. Ef hv. þm. S.-Þ. vill taka í hina framréttu hönd og greiða atkv. með þeirri miðlunartill., sem ég hefi borið fram, þá mun ég greiða atkv. með frv. og reyna að beita áhrifum mínum til þess, að frv. fái greiðan gang í gegnum þingið. Ég skora því á hv. þm. að gera þessa miðlun.

***Frsm. (Jónas Jónsson)**: Það er aðeins örstutt aths. Það er ekki alveg rétt athugað hjá hv. þm., að af því að Laugarvatnsskólinn fær 150 nemendur og af þeim eru ekki nema 40 úr Árnessýslu, þá sé hann of stór. Hann er að því leyti of lítill, að aðsóknin hefir verið meiri en svo, að hægt væri að taka við öllum. Ef hv. þm. athugar þetta nánar, þá mun hann komast að raun um, að skipulag þessara skóla er ekki þannig, að þeir séu lokaðir fyrir nemendum úr öðrum héruðum en þeim, sem skólarnir eru í. Þetta er líkt og með háskólana í Þýzkalandi, sem eru þannig, að stúdentar geta gengið úr einum háskóla í annan. Þetta frjálslega skipulag gerir það að verkum, að margir nemendur geta verið einn vetur í þessum skóla og annan vetur í hinum. Í skólann á Laugarvatni koma nemendur alstaðar að af landinu, og með þessum nemendum verður Árnessýsla í raun og veru að borga. Nemendurnir vilja nú einu sinni vera þarna, en það hefir kostnað í för með sér. Þessi æskilegi hlutur, að taka upp verklega kennslu, er ekki tóm ánægja, heldur hefir það aukinn kostnað í för með sér. Jarðhitinn hjálpar að vísu mikið til, svo þar er hægt að koma upp mjög sómasamlegum vinnuskálum, sem ekki þurfa að vera mjög dýrir.

Ef þetta frv. verður að l., þá er með mikilli sparsemi hægt að koma því þannig fyrir, að skólarnir hafi minni skuldir að dragast með. Ég get því ekki fallizt á lækkunartill. hv. þm. Hans till. er ekki miðuð við hag skólanna, heldur aðeins það, að spara. Þegar verið er að hugsa um að spara, þá líta menn auðvitað mismunandi augum á, hvað eigi að spara. Ég greiði atkv. með þessu. Hann hefir greitt atkv. með því, að ríkið taki á sig ábyrgð á vanskilaskuldum milli sveitarfélaga, sem búizt er við, að geti orðið há upphæð. Hann hefir gert það með það fyrir augum, að hann álítur, að bæjar- og sveitarfélög geti ekki staðið undir þessu. Í þessu kemur því ýmiskonar sannfæring manna til greina.

Hv. þm. var að tala um útlendingana. Ég geri ekki ráð fyrir mörgum útlendingum hingað á næstu árum. Ef við tökum Hótel Borg, sem er nú aðalhótelið hér á landi, þá er ástandið svo, að henni er ekki haldið við fyrir fátæktar sakir. Og ef það er svo með hið græna tréð, hvað má þá segja um hið visna?

Það mun ekki veita af fyrir þessa skóla að koma sér upp rúmum, borðum og stólum, sem þeir þurfa að hafa, ef þar eiga að vera sumargistihús. Þó ekki komi útlendingar hingað á næstu árum, þá munum við bæjarmennirnir hafa þörf fyrir að nota þessa staði á sumrin.

Ég álít, að það eigi einmitt að vinna að þessu nú. Ég geri ekki ráð fyrir skammvinnu stríði. Ég veit, að þessar fátæku stofnanir verða mörg ár að koma fjárhag sínum í gott lag, þó þær verði studdar þannig. Ef frv. verður samþ. óbreytt, þá munu þessar stofnanir eftir nokkur ár vera orðnar þannig, að þær geti á viðunandi hátt starfað vetur og sumar, svo að þær geti bætt úr þörfum nemendanna á veturna, en því, sem hægt er að kalla þörf landsins, á sumrin.

***Árni Jónsson**: Það eru aðeins örfá orð. Ég hefi flutt þessa brtt. sem miðlun í þessu máli, þar sem geti verið um viðunandi úrlausn að ræða til bráðabirgða, svo skólarnir geti haldið áfram eins og verið hefir.

Ég hefi með þessu viljað reyna á, hvað hv. þm., sem mun telja sig einn aðalmanninn í því, að komið hefir verið á samstarfi milli aðalþingflokkanna, vill gera til þess að þetta almenna samkomulag geti haldizt. Ég efast ekki um, að hann geti komið þessu frv. gegnum þingið, en það væri ánægjulegra ef algert samkomulag gæti orðið um það, og sérstaklega ætti það að vera fyrir hv. þm. S.-Þ., sem hefir talið sig framarlega í hópi þeirra manna, sem reynt hafa að auka samvinnuna milli aðalþingflokkanna. Hann er einnig með því að vilja binda ríkissjóði þarna aukna bagga, í ósamræmi við stefnu sína um almennan sparnað.

Ég bauð hv. þm. S.-Þ. framrétta hönd í þessu máli. Hann hefir ekki viljað taka í þessa framréttu hönd. Ég segi því að lokum: Biddu þangað til ég býð þér hana aftur.

ATKVGR.

Brtt. 586 felld með 8:5 atkv.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já. IngP, JJ, PHerm, SÁÓ, BSt, ErlÞ, HermJ, EÁrna.

nei. MG, ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB.

PZ, MJ greiddu ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 605).

67. Heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir.

Á 66. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir (þmfrv., A. 323).

Á 68. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Vilmundur Jónsson): Þegar núgildandi l. um heilbrigðissamþykktir voru sett 1905, var heilbrigðislöggjöfin næsta fáskrúðug og lítið annað en almenn sóttvarnarlög. Fæstu öðru var ætlað rúm í heilbrigðissamþykktum einstakra sveitarfélaga.
Síðan hefir þessi löggjöf aukizt mjög, og hafa nú verið sett sérstök l. um margvísleg heilbrigðismálefni, sem áður voru ákveðin í heilbrigðissamþykktum. Þetta hefir leitt til þess, að mörg ákvæði heilbrigðissamþykkta eru mjög í ósamræmi við gildandi l., enda nokkrum erfiðleikum bundið fyrir einstakar sveitarstj. að *semja slíkar samþykktir, vegna þess, að þær hafa* ekki nægilega fullkomið yfirlit yfir heilbrigðislöggjöfina. Er ætlazt til, að þetta frv., ef að l. verður, ráði nokkra bót á þessum vandkvæðum, *og er gerð ýtarleg grein fyrir því í grg. frv.*
Ég hirði ekki um að rekja það nánar nú við þessa umr., en óska, að frv. verði að umr. lokinni vísað til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 323, n. 472).

Frsm. (Vilmundur Jónsson): Ég vil leyfa mér að skýra frá því, að allshn. leggur til, að frv. verði samþ. að heita má óbreytt, eða aðeins með breyt. þeim, er getur á þskj. 472, sem ekki þurfa skýringar við. Ég vil einnig geta þess, að í frv. eru tvær smávægilegar prentvillur, önnur í 1. og hin í 3. gr. frv., sem ég mun vekja athygli skrifstofunnar á.
Ég vona, að frv. fái sömu afgreiðslu í hv. deild og í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 472,1—2 samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 472,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
7.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3 umr. (A. 505).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 88. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 89. fundi í Ed., 20. des., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 23. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 505, n. 566).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Eins og fyrirsögn þessa frv. ber með sér, er það frv. til l. um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Löggjöf um þetta efni er orðin nokkuð gömul, þ. e. a. s. frá 1905, og er því ekki óeðlilegt, þó að á henni þurfi að gera nokkrar breyt.
Það má segja um þetta frv., að það miðar nákvæmlega að því sama og gildandi löggjöf um þessi efni, sem sé að tryggja eftirlit með heilbrigði í landinu. En aðalbreyt. í frv. eru tvær, án þess þó að stefnan sé í nokkru breytt frá núgildandi löggjöf. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að skipaðar verði heilbrigðisnefndir, er svo setji heilbrigðissamþykktir, en í gildandi l. er þetta nokkuð á annan hátt. Í öðru lagi er hér miklu ýtarlegar fram tekið en í gildandi l., hvað skuli og hvað megi taka í slíkar heilbrigðissamþykktir, og er það eðlilega sniðið eftir breyttum staðháttum, því að meira fjölmenni er í kaupstöðum landsins nú heldur en var 1905, þegar núgildandi l. um þetta efni voru samin. Og einnig er þetta sniðið eftir þeirri reynslu, sem fengizt hefir síðan 1905. Í þriðja lagi er þetta sniðið eftir þeim framförum, sem orðið hafa, bæði í þekkingu læknavísindanna og reynsluþekkingu manna á því, hvernig haga beri ráðstöfunum til þess að gæta sem bezt heilbrigði manna.
Allshn. hefir ekki fundið neitt athugavert við þetta frv. og leggur til, að það verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 607).

---

68. Tollskrá o. fl.

Á 8. fundi í Ed., 1. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um tollskrá o. fl. (þmfrv., A. 24).

Á 9. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Það er ekki ástæða til að fjölyrða mikið um þetta mál, og mun ég því geyma umr. um það þangað til það kemur aftur frá n. Mér finnst þó óviðkunnanlegt að láta samt ekki nokkur orð fylgja því til þeirra hv. þdm., sem eiga ekki sæti í n. og gefa vildu því einhvern gaum, meðan starfað er að því í n.

Eins og menn sjá, er höfuðbreytingin í því fólgin, að öll þau l., sem áður giltu um innheimtu tolla, eru hér felld saman í eina heild, eina tollskrá, og skal ég ekki fara að telja upp, hvaða l. hafa áður gilt um það, en aðeins nefna þau helztu. Eru það fyrst og fremst gömlu tollalögin og þar næst öll ákvæði um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll, 25% gengisviðaukinn og 12% viðauki þar á ofan, ennfremur viðskiptagjald. Þetta er allt runnið saman í eina tollskrá.

Ég held, að ekki orki tvímælis, að þetta er mikil framför. Hvað sem annars má segja um verk mþn., þá held ég, að ekki sé hægt að neita því, að þessi breyt. gerir alla innheimtu miklu auðveldari, og sömuleiðis er miklu aðgengilegra fyrir þá, sem eiga að greiða gjaldið, að geta séð auðveldlega, hvaða gjald á hverri vöru er, í stað þess að nú þarf að slá upp í mörgum stöðum til þess að sjá, hvað mikinn toll á að greiða af hverri vörutegund. Þá tel ég ekki hvað sízt til bóta fyrir löggjafann, að þessi breyt. sé gerð. Sannleikurinn er sá, að það hefir í raun og veru verið ómögulegt á undanförandi þingum að gera sér fullkomlega grein fyrir, hvaða afleiðingar hafa orðið af einstökum breyt. á tolllögunum en hér eftir ætti það verk að vera tiltölulega auðvelt, því að jafnframt því sem innflutningsgjaldið er hér sett í eina tollskrá, er meiningin, að verzlunarskýrslurnar verði hér eftir að verulegu leyti lagaðar eftir henni.

Af þessu, sem ég hefi nú sagt, sjá hv. þdm., að öll aðflutningsgjöld, að undanteknu gjaldi af benzíni, eru sameinuð í eitt í þessari skrá.

Nú vill kannske einhver segja, að það sé hart að lögfesta nú fyrir fullt og allt þá bráðabirgðatolla, sem hingað til hafa verið lögfestir frá ári til árs. Þar til er því að svara, að þótt einhver af þessum l. hefðu verið látin gilda áfram sem bráðabirgðalög, þá eru eins og nú standa sakir engar líkur til annars en að hvort sem var hefði orðið að framlengja þau. Vilji nú einhver spara útgjöld og þar af leiðandi lækka innflutningsgjöldin, þá er það verk ekki erfiðara fyrir hann en áður, því að þá er ekki annað en annaðhvort lækka allan hálkinn um vissa hundraðstölu, eða þá hitt, sem mér finnst liggja fullt svo nærri, að taka einhverja stóra vöruflokka og færa niður innflutningsgjöldin af þeim. Nm. eru með þessu á engan hátt að láta í ljós, að þeir vilji, að þessir tollar, sem hingað til hafa gilt til bráðabirgða, skuli gilda áfram og áfram, heldur er það aðeins viðurkenning þeirra á því, að eins og nú standa sakir verði að framlengja þessa tolla.

Ég skal ekki fjölyrða mikið um fyrirkomulag þessarar tollskrár. Tollskrár má semja á tvennan hátt. Það má raða vörutegundum eftir stafrófsröð, og hefir það oft verið gert; er þá handhægt að slá upp í skránni. En þá koma í ljós mjög áberandi gallar. Þá er ekki hægt að raða vörunum niður í neinu samhengi. Upphafsstafurinn í nafni vörunnar er einn látinn ráða, en ekkert farið eftir verðlagi eða vörutegund. Því er það, að vilji einhver vita um toll t. d. á ávöxtum, vefnaðarvöru eða einhverju slíku, þá verður hann að leita gegnum alla skrána til að vera viss. Það er því bersýnilegt, að heppilegast er að raða eftir tegundum, enda er það gert í þessari skrá, enda hefir n. sú, sem þjóðabandalagið skipaði til þess að athuga slík mál, komizt að þeirri niðurstöðu, að bezt sé að raða eftir vörutegundum. Norðurlandaþjóðirnar, sem hafa tollskrár, stefna líka að því að raða þannig. Kostinum við að raða eftir stafrófsröð er líka hægt að ná með því að láta stafrófsskrá fylgja tollskránni. Vegna tímaskorts er hún ekki komin enn, en henni mun verða útbýtt vélritaðri, svo fljótt sem hún verður tilbúin. Af praktiskum ástæðum er hún ekki prentuð, því að ef þingið breytti skránni, þá breyttist þessi með. Er því rétt að ganga ekki alveg frá henni nú þegar.

Þá vil ég aðeins minnast á tolltaxtann. Menn sjá, að á flestum vörutegundunum eru 2 tolltaxtar, en til mála gat komið að hafa hann aðeins einn, og miða þá annaðhvort við vörumagnið eða þá verð vörunnar. Ég skal ekki fara langt út í það, hvor tolltegundin sé hentugri, en n. komst að því eftir allnákvæmar umr., að báðir þessir flokkar hefðu sína kosti og sína galla. Vörumagnstollurinn hefir þann stóra kost, að hann er auðveldur í framkvæmd. Þá þarf ekki annað en að ganga að vörunni og mæla hana eða vega og reikna tollinn þar af, og þurfa þar engar skýrslur að koma til. Aftur á móti hefir hann þann stóra galla, að þá fer tollurinn ekkert eftir verðmæti vörunnar, og þyrftu þá að vera ákaflega margir tolltaxtar til þess að hægt yrði að komast nálægt því, sem skynsamlegt væri í þessum efnum, og þótt stórbreytingar yrðu á verðlagi, — t. d. verð stórhækkaði —,

þá gæfi það ekki ríkissjóði neitt auknar tekjur. Annars á ríkissjóður vitanlega mikið undir því, hvert verðlag er á vörunni. Er því óhentugt að *miða tollinn við vörumagnið eitt. Hinsvegar* er verðtollurinn að þessu leyti hentugur, en hann hefir þann ókost í framkvæmdinni, að hann verður að byggjast meira og meira á skýrslum, sem gefnar eru, og því fylgir sá sami ókostur sem öllum skýrslum, að hafa verður miklar gætur á, að þær séu réttar. En sannleikurinn er sá, að eftir því sem meira er gefið út af slíkum skýrslum, því auðveldara er að framkvæma þetta. Það vekur fljótt athygli, ef varan hjá einhverjum einstökum innflytjanda er miklu ódýrari en hjá öðrum. Aðstoðarmaður n., sem er þessum málum mjög kunnugur, segir frá því, að í Svíþjóð séu 3 menn, sem hafi þetta *eftirlit* með höndum og komist vel yfir það og komist mjög fljótlega að því, ef einhver ætlar að flytja vöru inn með miklu lægra verði en aðrir. Þessi meginókostur er því ekki eins hræðilegur og mönnum kynni að virðast í fljótu bragði, og það verður aldrei hægt til lengdar að skjóta sér undan að greiða verðtoll með því að gefa upp rangar tölur.

N. hefir því reynt að sameina þessar 2 tollaaðferðir. Eins og hv. þdm. sjá, eru hér tveir dálkar í frv. Í þeim fremri er vörumagnstollur, en í þeim síðari verðtollur, og allur þorri þeirra vara, sem í þessari skrá eru, er undir þessum 2 tegundum tolla.

Að öðru leyti komu til greina tvær breyt., sem gera mætti á núverandi aðferð við tollálagninguna. Annað er það, að hingað til hefir verðtollurinn verið reiknaður af fob-verði í stað þess að reikna hann cif, þ. e. a. s. miða við verð vörunnar, þegar hún er komin á ákvörðunarstað. N. féllst á að hverfa frá hinni fyrri aðferð til hinnar síðari, sem sé að reikna eftir cif-verði, sem er í raun og veru sú eina aðferð, sem vit er í, því að það er það raunverulega verð, sem varan kostar, þegar hún er komin á þann stað, þar sem tollurinn er lagður á, en ekki því verði, sem er á henni, þegar hún af hendingu fer frá öðrum löndum og um borð í skip. Annars mætti í raun og veru láta í ljós vafa um, hvar fob-verðið ætti að reikna. Ókosturinn er sá, að það verður að reikna allan tollinn upp. Með *óbreyttum tolli reiknað cif*, verður hann allt of hár. Það varð því að reikna allt upp af því upphaflega verði að viðbættum flutningsgjöldum og vátryggingargjaldi. Í framkvæmdinni reyndist það þannig, að vátryggingargjaldið var í flestum tilfellum svo lítið, að það skipti nálega engu máli, þegar tollurinn var endanlega „afrúnnaður". Það, sem lagt var til grundvallar, voru flutningsgjöld með skipum Eimskipafélagsins frá Kaupmannahöfn, og eftir því er allur tolltaxti reiknaður um, og má sjá þann útreikning á fskj. 1.

Hin breyt., sem gat komið til mála, var að *reikna vörutollinn alltaf af nettóþyngd vörunnar*. Þetta er í vissu falli skynsamlegast. Í raun og veru er ekki vit í að tolla umbúðir þannig, að vara, sem er í sterkum umbúðum, verði hærra tolluð en sú, sem vafin er innan í striga, en n. sá sér samt ekki fært að fara inn á það sérstaklega, því að ennþá er svo erfitt um útreikninga, vegna þess hvað verzlunarskýrslurnar eru óðruvísi flokkaðar en tollskráin. N. taldi réttara að *gera ekki* allar þessar breyt. í einu. Þegar þessi tollskrá kemur til framkvæmda og verzlunarskýrslurnar verða í samræmi við hana, verður hægara að breyta þessu. N. hvarf því frá að gera þessa útreikninga og auka þar með þá margvíslegu óvissu, sem er í útreikningum hennar um, hvað þessir nýju tolltaxtar muni gefa.

Ég skal svo ekki fara mikið fleiri orðum um þetta mál, því að ég held, að varla sé ástæða til að gera annað nú en að gera mönnum auðveldara fyrir um nokkur atriði. Langmestur vandi var fyrir n. að gera sér grein fyrir, hvaða afleiðingar þessi breyt. hefði fyrir hag ríkissjóðs. *Þessi vandi stafaði bæði af því*, að nokkrar breyt. höfðu verið gerðar á tolltaxtanum og sömuleiðis af því, að fyrirkomulagið er breytt, og getur þetta breytt nokkuð, hve miklar tolltekjur fást af vörunum. T. d. varð að samræma taxtann á vörunum, sem sumstaðar eru a. m. k. 2. Fyrst er 25% tollur og svo þar ofan á 12%. Við þetta komu fram mjög hjákátlegar tölur og fjöldi af smábrotum, en n. setti sér það mark, að hafa þetta alltaf heilar tölur. Það tókst að vísu ekki alveg, en þó að mestu leyti, því að n. færði taxtann til, eins og sjá má á fskj., ýmist upp eða niður, eftir því hvort nær var, eða eftir því, sem henni fannst eðlilegast í hvert skipti. Allt þetta hafði í för með sér nokkrar breytingar, sem ekki er auðvelt að gera sér fulla grein fyrir. Ýmsir tolltaxtar hafa verið lækkaðir af n., þannig að enginn yrði hærri en 90%. Má kannske deila um það út af fyrir sig, hvort þetta hafi verið rétt. Annars hefir n. birt mikið fylgiskjal með frv., til þess að hv. þm. geti sem bezt fylgzt með því, sem n. hefir gert. 1. fylgiskjal er reiknað út eftir tölum verzlunarskýrslna fyrir 1937, en n. þótti þó vissara að láta líka reikna þetta fyrir árin 1935 og 1936, þó að þeir reikningar séu ekki birtir í slíkri heild sem hinir. Síðan var svo áætlun fjárl. fyrir 1939 lögð til grundvallar með þeim skakka, sem venjulega kemur fram í reynslunni, og þegar þetta allt var borið saman, fekkst út sú tala, sem n. miðaði við. Að vísu stendur þetta ekki alveg heima, en ég er ákaflega lítið hörundsár fyrir því, þó að muna kunni 200—300 þús. kr. á svona hárri upphæð, því að við þekkjum allir, hve erfitt er að láta slíkar áætlanir standast að fullu.

Það var tilgangur n. og ósk að gera þessa breytingu þannig, að nokkurn veginn væri öruggt, að ríkissjóður biði ekki halla af, og sjálfur álít ég, að tollskráningin sé nokkurn veginn rífleg, svo að fremur litlar líkur séu til, að hún fái ekki staðizt.

Mun ég svo ekki fjölyrða um þetta að þessu sinni. Ég vil þó geta eins atriðis, þó að ef til vill sé ekki ástæða til að nefna það hér. Eins og hv. þm. mun vera ljóst, hefir milliþn. sjálf *ekki getað annað því geipilega starfi*, sem hér hefir verið framkvæmt, því að hér hefir það starf verið unnið á mjög skömmum tíma, sem annarstaðar hefir tekið nokkur ár. Samning slíkrar tollskrár er feiknamikið verk, því að ekki er hægt að taka upp óbreyttar tollskrár annara

landa, þó að vitanlega sé að þeim mikill stuðningur. Verð ég að segja, að ég er alveg hissa á því, hversu fljótt starfið vannst. N. hefir haft sér til aðstoðar fasta starfsmenn, eins og til dæmis Sigtrygg Klemensson, sem hefir unnið feiknaverk. Við getum gefið honum þann vitnisburð, að hann sé afburðastarfsmaður. Aðrir hafa líka unnið mikið verk, eins og t. d. tollstjórinn í Reykjavík, sem hefir einstaka þekkingu á þessum málum. Þá hefir n. um einstaka þætti skrárinnar notið aðstoðar sérfræðinga, svo sem kemiska kaflann, þar sem við stóðum uppi sem glópar, og get ég raunar sagt fyrir mig, að ég skil þar engu meira nú en áður.

Þegar hv. þm. fara að lesa skrána, munu þeir sjá, að ekki er alstaðar málið á henni fallegt, og stundum er það beinlínis ljótt. En hér var ekki um annað að velja, t. d. í kemiska kaflanum. Í slíkum tilfellum verður að nefna nöfn, sem menn þekkja. Það er tilgangslaust að búa til nýyrði í tollskrár. Því notuðum við víða hin íslenzkuðu útlendu orð. En í sérstakri fylgiskrá er sjálfsagt að taka upp eins mörg íslenzk heiti og hægt er að fá.

Þó að fjhn. Ed. flytji frv. þetta, geri ég ráð fyrir því, að fjhn. beggja deilda verði að starfa saman að þessum málum, og fyndist mér það í alla staði eðlilegast.

***Fjmrh. (Eysteinn Jónsson):** Á það hefir oft verið bent, að tollkerfi okkar væri orðið úrelt. Í sambandi við það og svo hitt, að tollgæzlukerfið er ekki eins og það ætti að vera, ákvað fjármálaráðuneytið 1937 að fá ungan lögfræðing til að fara utan og kynna sér þessi mál með öðrum þjóðum. Varð það úr, að Sigtryggur Klemensson færi utan til þessa. Þá ákvað síðasta þing að skipa milliþn. til að fjalla um þessi mál. Í henni voru bæði stjórnmálamenn og embættismenn, svo sem skattstjórinn og tollstjórinn. Venjulega hafa slíkar n. verið skipaðar stjórnmálamönnum eingöngu, og hafa þeir svo farið í smiðju til sérfræðinga um þau atriði, þar sem þeir voru ekki heima sjálfir. En ég held, að þetta nýja fyrirkomulag hafi reynzt vel í þessu máli, og væri ekki úr vegi að reyna það frekar í öðrum málum.

Verkefni slíkrar n. til að endurskoða skatta- og tollakerfið allt og tollgæzluákvæðin var vandasamt, og sérstaklega hlýtur byrjunin að vera erfið í slíkum málum. En það varð hér ofan á að byrja á því að endurskoða löggjöfina um aðflutningsgjöld. Árangrinum hefir nú verið skilað til þingsins sem frv. um tollskrá, enda þótt ekki hafi enn verið endurskoðuð öll skatta- og tollalöggjöfin. Hefði mátt hugsa sér, að engu frv. væri skilað til þingsins, fyrr en búið væri að endurskoða þetta allt, en hitt ráðið hefir nú verið tekið. En ráð er fyrir því gert, að n. starfi áfram og taki til endurskoðunar fyrir næsta þing aðra löggjöf um skatta.

Eins og hv. frsm. benti á, má telja það undarlega mikinn hraða í störfum, að hægt skyldi vera að skila þessu frv. nú. Danir hafa haft fasta n. til að endurskoða sína skatta- og tollalöggjöf. Hefir hún setið í tvö ár, en hefir ekki skilað áliti enn. Svo flókin eru þessi mál viðureignar. Ég vil því láta koma fram á Alþingi þakklæti ráðuneytisins til n. fyrir störf hennar.

Ég hefi óskað eftir því, að n. tæki næst til athugunar, hvort ekki væri hægt að breyta lagaákvæðum þannig, að tryggt væri, að beinir skattar kæmu réttlátlega niður, svo að t. d. vaxtafé geti ekki sloppið við skatt, en slíkar till. gætu víst ekki komið á þessu þingi.

Hv. frsm. hefir gert skýra grein fyrir einstökum atriðum þessa máls, svo að ég þarf þar engu við að bæta. En ég tek undir við hann um það, að það myndu verða heppilegustu vinnubrögðin, að fjhn. beggja deilda störfuðu saman að þessu frv.

***Brynjólfur Bjarnason:** Á því er enginn vafi, að mikil nauðsyn var á svona löggjöf, og ég býst við, að allir séu sammála um það, að n. hefir unnið mikið starf á skömmum tíma, þar sem með þessari tollskrá hefir verið komið skipulagi á glundroðann í tollalöggjöf landsins. Loks er ekki að harma, þó að með þessu frv. sé bundinn endir á þá hræsni í löggjöfinni, að mikill hluti þeirra tolla, sem nú eru í gildi, hafa verið kallaðir bráðabirgðatollar.

En ég hefði litið svo á, að verkefni þessarar n. hefði verið það, að koma á skipulagi í tollalöggjöfinni einungis, en ekki það, að koma með till. um hækkun tolla, eins og hér er gert. Það kemur sem sé greinilega fram í nál., að tolltekjurnar samkv. tollskránni myndu verða miklu meiri en nú. Eina rétta aðferðin til að reikna þetta er sú, að taka ákveðið ár og reikna tollinn þá og bera síðan saman við það, sem áætlað er samkv. tollskránni. Þetta hefir n. gert, og þá kemur í ljós, að hækkun tollteknanna nemur ca. 700 þús. kr. Hlýtur þetta að koma sérstaklega hart niður á ýmsum nauðsynjavörum almennings. Samkv. till. n. er gert ráð fyrir hækkun tolla t. d. á leðri, skófatnaði, hveiti, kaffi, og sykri. Hinsvegar hefir n. jafnframt gert till. um lækkun tolla á ýmsum efnivörum til iðnaðar, og eru þessar síðarnefndu till. orð í tíma talað. Ég hefi að vísu ekki haft tíma til að athuga þetta svo, að ég geti dæmt um, hvort þetta verk hafi verið unnið til fullnustu. Annars er það svo mikið verk að fara gegnum þessa tollskrá, að ekki er þess að vænta, að þm. hafi enn gert það eða séu undir það búnir að gera endanlegar till. um þessi mál. En við 2. umr. mun ég bera fram till. um lækkun á ýmsum tollum á nauðsynjavörum. Hygg ég, að það muni vera óhætt, ef verkefni n. hefir ekki verið það að hækka tollaupphæðina, heldur fá fram upphæð, er sé sem næst þeirri, er núverandi tollalöggjöf gefur.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Sannleikurinn í þessu máli er sá, að útreikningur á því, hvað tollskráin muni gefa miklar tolltekjur, er mjög margbrotinn og erfiður. En frá mínu sjónarmiði a. m. k. var tilgangur þessarar löggjafar sá, sem hv. 1. landsk. þm. taldi, að vera ætti, sem sé sá, að samræma tollalöggjöfina, en ekki hækka tollana. Annað mál er það, hvernig þetta hefir tekizt. Ég taldi rétt að haga áætluninni þannig, að um það mætti segja eins og Englendinginn: „You are on the safe side“, þannig að

tryggt væri, að ekki yrði halli á. Eins og sjá má af nál. bls. 13 og fylgiskjölum, eru útreikningar n. við það miðaðir, að út fáist sama tollaupphæð og verið hefir. Einn nm. gerði að vísu nokkurn ágreining, og býst ég við, að hv. 1. landsk. hafi átt við það, er hann var að tala um 700 þús. kr. hækkun á tolltekjunum. Ég skal játa, að það er nokkuð veikur grundvöllur, sem n. hefir byggt á, en ef tekin er áætlun fjárl. fyrir 1939 og þar við bætt þeirri upphæð, sem meðaltal undanfarinna ára sýnir, að tolltekjur hafa farið fram úr áætlun, þá kemur fram upphæð sú, sem tollskráin gefur. Getur verið mikill vandi að ákveða þetta rétt, og vildi ég óska, að þetta væri varlega reiknað hjá n. Væri það þá ekki verra fyrir þingið, ef það hefði möguleika til að slaka á sumstaðar.

En ég hefi litið á þetta starf á sama hátt og hv. 1. landsk., að það ætti að gefa út tollskrá, sem væri ekki annað en samræming á þeim ákvæðum, sem nú gilda.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 24, 139).

*Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. hefir haldið allmarga fundi um þetta mál, lesið þetta langa frv. og gert sínar aths. við það. Á fundum með fjhn. hefir verið ritari milliþn. í tolla- og skattamálum, Sigtryggur Klemenzson lögfræðingur. Það þótti og hentugt, að fjhn. Nd. sæti með á fundum, svo að yfirferðin yfir frv. gæti komið þeirri n. að gagni líka. Það er þó svo, að brtt. eru vitanlega bornar fram af fjhn. þessarar d., og nm. úr fjhn. Nd. munu svo bera fram sínar brtt.

Brtt. n. eru prentaðar á þskj. 139. Þær eru að vísu nokkuð margar, en flestar smávægilegar og engar þeirra um nein grundvallaratriði, svo að í raun og veru leggur n. til, að málið verði afgr. óbreytt í aðalatriðum.

Fyrstu 2 brtt. eru við 1. kafla frv., að nr. 5 verði orðað um, og sömuleiðis, að á eftir nr. 10 verði bætt inn lið, sem ekki skiptir miklu máli, en er rétt að taka með. — Þá er brtt. í 5 liðum við 3 kafla, að í stað 1—3 í kaflanum komi 5 liðir. Það er vegna þess, að það, að leggja þennan toll á nýja síld og nýjan fisk, mundi vera nýmæli, sem gæti rekizt á samninga við önnur ríki og á þá framkvæmd, sem verið hefir á fiskiveiðalöggjöfinni. Við skulum taka til dæmis, þegar samningur er gerður um, að Norðmenn megi leggja á land síld. Þetta mundi vera talið brot á slíkum samningi, ef svo ætti að taka hinn háa toll. Það hefir líka verið litið svo á, að eftir fiskiveiðalöggjöf vorri sé ekki hægt að meina skipum að leggja á land úr einum túr, og er sá fiskur tollfrjáls. Það er líka litil hætta því samfara, að hafa nýja síld og nýjan fisk tollfrjálst. Á hinn bóginn er engin ástæða til að leggja ekki toll á þessa vöru, þegar hún er tilreidd á annan hátt, ísvarin, fryst, þurrkuð eða reykt. Þessi brtt., sem er ein af þeim merkari, er bara til að halda óbreyttu því ástandi, sem verður að vera áfram.

4. brtt. er við 7. kafla, nr. 1., þ. e. a. s. kartöflutollinn. Mþn. hafði ákveðið hann 7 aura þungatoll á hvert kíló. Okkur var ljóst, að þetta yrði nokkur hækkun, og n. fékk upplýsingar hjá grænmetisverzlun ríkisins um, að þessi hækkun mundi vera allveruleg. Þetta fer dálitið eftir verði og fragt, en lætur nærri, að meðaltal verði þannig, að sé svipað og nú er. Þetta getur eftir verzlunarháttum munað dálitlu. N. lét stjórnast af því einu, að leitast við að halda þessu verði sem minnst breyttu. Sumir gætu hugsað sér að hafa allmikinn verndartoll á kartöflum, en þá kom annað til greina þar á móti, að kartöflur eru ekki ræktaðar nægilega mikið handa öllu landsfólki, en eru hinsvegar mikil nauðsynjavara. — 5. brtt. er afleiðing af hinni.

Þá er 6. brtt. Hún er ekki annað en umorðun, og þarf ég ekki að fjölyrða um hana.

7. og 8. brtt. eru í raun og veru líka bara betra orðalag. Eins og menn sjá af tollskránni, er sett N á eftir þeim vörutegundum, þar sem reiknað er af nettóþyngd vörunnar, og ef N er sett á eftir öllum vörutegundum í 22. kafla, þarf ekki annað. Það kemur fram í 8. gr. frv., og má þá spara aths.

Næst er 9. brtt., um hækkun á vindlatolli. Menn skyldu nú ætla, að það væri óþarfi, en tóbakseinkasala ríkisins hefir bent n. á, að lækkunin úr kr. 22,40 á kg í kr. 22,00 rækist á álagninguna, sem er á þessari vöru. Álagningin var í hámarki, svo að lækkunin í 22 kr. hefði haft í för með sér lækkað verð. N. varð við óskum tóbakseinkasölunnar að setja tollinn í 25 kr., sem að vísu kynni að leiða til þess, að verð á vindlum hækkaði, en verð á vindlum er ekki eins hátt og verð á sígarettum, og er vel hægt að fallast á, að eigi að vera samræmi þar á milli.

10. brtt. er um mikilsverða vörutegund, nefnilega sement. Eftir þeim reglum, sem mþn. fór eftir, þegar hún jafnaði tolltaxtana, hefði sementið átt að fara upp í 100 aura, en það var allt of hátt, svo að það var sett í næstu tölu við, nefnilega í 7 úr 6,7. Aftur á móti var verðtollurinn, sem áður var 8,96, settur í 8, en það er mikill vafi um þessa vöru, vegna þess hve erfitt er að reikna út fob-taxta í cif-taxta. Eins og ég skýrði frá við 1. umr., aflaði n. sér upplýsingar um meðalfragttaxta, og er ekki fjarri sanni að leggja til grundvallar fragttaxta Eimskipafél. frá Kaupmannahöfn. En þegar nú kemur vara eins og sement, er allt erfiðara, því að fragtin er svo mikill hluti af verðinu. Fjhn. fannst mþn. hafa sett vörumagnstollinn of háan. Þess vegna ákvað hún að bera fram brtt. um, að hann yrði 55 aurar. Það var eingöngu gert með tilliti til þess, að hann sé eins nærri núverandi tolli og hægt er. Það fer eftir ástæðum, hvort tollurinn verður hærri eða lægri, en það munar aldrei því, að verulegu máli skipti fyrir byggingar.

Þá er 11. brtt., og er bara venjuleg tilfærsla. Beinkol eru felld niður og tekin upp í 12. brtt. við 30. kafla.

13. brtt. er við 30. kafla. Hún er borin fram vegna þess, að n. fékk upplýsingar um, að litir

þeir, sem um ræðir, væru stundum fluttir inn þurrir, og er því rétt að sleppa fyrirsögninni: Votir litir. Tolltöxtunum er haldið, svo að þetta er einungis breyt. á formi.

14. brtt. er við 32. kafla, um véla- og vagnáburð. Þar er verðtollurinn lækkaður með tilliti til þess, hvað hér er um nauðsynlega vöru að ræða og mikið notaða.

33. kaflinn er um ostaefni. Þar er smávægileg brtt. Mþn. ákveður verðtollinn 8, en fjhn. hefir fært hann upp í 15, og er það nokkurskonar verndartollur. Hér er um að ræða efni, sem hægt er að nota í ýmislegt og væri eflaust hægt að framleiða hér á landi.

Þá er brtt. fjhn. nr. 16, við 37. kafla nr. 8 og 9, er orðist svo: Nr. 8 Allskonar töskur, veski, buddur og hylki, ót. a. Vörumagnstollur 7 aurar. Verðtollur 50%. Nr. 9. Skrifmöppur og bókabindi, ót. a. Vörumagnstollur 7 aurar. Verðtollur 50%, í stað 70%, er í frv. sjálfu stendur. Hér er um allmargar vörutegundir að ræða, og mestur hluti af þeim, er búinn til í landinu sjálfu. Þótti fjhn. ekki ástæða til að setja 70% verðtoll á þessar vörur. Svo afarmikill verðtollur á þær tel ég, að ekki komi til mála. Verðtollur á að miðast að miklu leyti við það, hvort um þarfar eða óþarfar vörur er að ræða, og sumt af því, sem talið er undir þessum lið, eru nauðsynlegir hlutir, og allmikið innlend framleiðsla, svo að afarhár verðtollur á þeim yrði sennilega til þess eins að hækka verð á innlendum vörum.

Þá er 17. brtt. frá fjhn., sem er aðeins orðabreyt., sem sé að í stað fyrirsagnarinnar — gúmmífatnaður, nema skófatnaður við nr. 16—18 í 39. kafla komi: kátsjúkfatnaður, nema skófatnaður.

Alveg sama er að segja um 21. brtt., að þar er aðeins um orðabreytingu að ræða, sem sé þá, að í stað gúmmí komi kátsjúk, því að lærðir menn segja, að hið síðarnefnda sé viðtækara orð og því réttara að nota það.

18. brtt. er, að í nr. 2 og 3 í 40. kafla falli niður „ót. a.“ Það var vegna þess, að við þá breyt., er gerð var, urðu þessi orð óþörf, og n. leggur til, að þau falli niður.

19. brtt. er við 45. kafla nr. 5, er orðist svo: Teiknibækur handa börnum með eða án texta. Mþn. hafði lagt til, að verðtollur af þeim yrði 35%, en fjhn. leggur til, að verðtollurinn verði lækkaður niður í 10%, því að þetta má telja til kennsluáhalda.

Næsta brtt., nr. 20, er við 52. kafla nr. 38 og er í samræmi við þá brtt., er var gerð við 37. kafla nr. 8 og 9, sem sé að af bréfaveskjum, skrifmöppum, bréfamöppum, bréfabindum skjalatöskum, kventöskum og öðrum þvílíkum veskjum, bréfum og skrínum verði verðtollurinn lækkaður úr 70% niður í 50%, og fyrir því eru þær sömu ástæður, sem ég gat um áðan.

Um 22. brtt., við 58. kafla nr. 17, er það að segja, að n. leggur til, að hann orðist svo: Vegg- og gólfflögur, svo og þakhellur. Þetta eru hagnýtir hlutir, sem eru allmikið notaðir við byggingu steinsteypuhúsa, og þótti þess vegna rétt að setja þakhellur í sama flokk sem vegg- og gólfflögur.

Þá er 23. brtt. við 60. kafla nr. 16. Þar eru taldar mjólkurflöskur, 1 l. og ½ l. N. leggur til, að mjólkurflöskur yfirleitt verði í þessum lága tolli, og býst ég við, að menn muni yfirleitt geta fallizt á það.

Næsta brtt., nr. 24, er, að 63. kafli nr. 25 orðist svo: Mjólkurbrúsar og aðrir brúsar og lok á þá, stærri en 10 l., — og á að lækka verulega toll af þeim. Mjólkurbrúsar eru ekki búnir til hér á landi, og þeir eru alldýrir og ganga mikið úr sér. Þess vegna munar það allverulegri fjárhæð fyrir mjólkurframleiðendur, ef þeir þurfa að borga af þeim háan toll, og fjhn. leggur því til, að verðtollur af þeim verði lækkaður niður í 2%.

Þá er 25. brtt. nr. 86 um blikkdósir og kassa, ef þeir eru máladir, áletraðir, lakkaðir eða skreyttir, verði vörumagnstollur 7 aurar og verðtollur 20%, annars verðtollur 15%. Fjhn. var bent á það, að þetta væri talsverð lækkun á verðtolli, og þar af leiðandi minnkaði sú vernd, sem innlend dósagerð nyti. N. féllst á þetta og færði verðtollinn upp í 20%, sem nærri því er eins og áður. Fjhn. þótti ekki ósanngjarnt að veita þessum iðnaði þessa vernd.

Þá er 26. brtt., við 72. kafla nr. 2 og 3, sem eru um saumavélar og prjónavélar og hluta til þeirra. Mþn. um skatta- og tollalöggjöfina hafði sett 8% verðtoll á þessa hluti, en fjhn. taldi rétt, að verðtollurinn af þessum hlutum yrði aðeins 2%. Þessi breyt. getur þó orkað nokkurs tvímælis. Allmikið af sauma- og prjónavélum er notað í verksmiðjum og vinnustofum, og flestar þeirra myndu vel geta borið þennan toll, en hinsvegar er ekki unnt að greina þær sauma- og prjónavélar frá hinum, sem ætlaðar eru til heimilisnotkunar, því að sannleikurinn er sá, að saumavél verður að vera til á hverju heimili, og það er mjög gott að prjónavélar séu á sem flestum heimilum. Hinsvegar eru þetta dýrir hlutir, einkum prjónavélarnar. Þessi lækkun verðtollsins mun áreiðanlega verða til þess að létta undir með þeim, sem vilja útvega sér þessar vélar, og þetta mun því ekki verða óvinsæl brtt.

Næst kem ég að 27. brtt., sem er, að á eftir nr. 30 í 72. kafla komi nýr liður, sem verður nr. 31, og breytist þá auðvitað tölusetning næstu liða í samræmi við það. Þessi liður nr. 31 er að á kúlu- og keflalegum verði vörumagnstollur 2 aurar og verðtollur 8%. Það er dálítið vandasamt við þetta að eiga, því að kúlulegur eru notaðar í ákaflega marga og mismunandi hluti, að ég held, og er ég þó enginn fagmaður á því sviði. Kúlulegur eru notaðar í lítt þarfa hluti, sem lítil ástæða er til að hlífa við háum verðtolli, svo sem reiðhjól, en þær eru líka notaðar í ýmsa mótora, sem eru nauðsynlegir og menn mundu gjarnan vilja hlífa við háum verðtolli, og þar sem mótorar eru þar að auki alldýrir, verður hár verðtollur tilfinnanleg byrði. Það mætti hugsa sér að leggja mismunandi háan toll á kúlu- og keflalegur, sem færi eftir því, í hvað þær eru notaðar í hvert skipti, en það myndi verða hér um bil ómögulegt að greina það með nokkurri vissu. Að vísu er unnt að sjá, hvort um stórar kúlulegur er að ræða, sem notaðar eru í stórar vélar, eða litlar kúlulegur, sem notaðar

eru í barnavagna. En hinsvegar segja þeir, sem hafa fengizt við þessa hluti, að það sé ákaflega erfitt að greina sundur til hvers þær eru notaðar. Hér er um alveg sérstaka hluti að ræða, sem búnir eru til í sérstökum verksmiðjum erlendis, og þeir koma alltaf tilbúnir frá útlöndum. Fjhn. þótti því full ástæða til að setja þessa hluti á sérstakan lið í tollskránni. Töluvert er alltaf flutt inn af þessum vörum, einkum vegna stórra kúlulega, sem notaðar eru í mótora og ganga allmikið úr sér; hár tollur á þeim er því nokkuð tilfinnanlegur fyrir þá, sem eiga mótora, og varla er unnt fyrir þá að komast hjá honum. Fjhn. valdi þá leið, að setja heldur lágan tolltaxta á þessa hluti í heild sinni. Auðvitað þori ég ekkert að segja um þetta sem fagmaður. en mér þykir næsta líklegt, að kúlulegur geti orðið mjög dýrir hlutir. Oft eru þær raunar hluti af stærri vélum, og eru þá taldar sem varahlutir til þeirra og koma þá undir þann lið í tollskránni, þar sem þessar eða hinar vélar eru taldar. En stundum getur verið, að þessar kúlulegur séu fluttar inn alveg sérstakar, og þótti fjhn. því nauðsynlegt, að þær væru tollaðar alveg sér.

Þá er 28. brtt., að á eftir nr. 46 í 72. kafla komi nýr liður, svo hljóðandi: Nr. 47. Sjálfvirk löndunartæki. Vörumagnstollur 2 aurar, verðtollur 8% Fjhn. þótti rétt að setja sérstakan tolltaxta á sjálfvirk löndunartæki. Hér mun vera átt við tæki til að landa síld í verksmiðjur, og fjhn. áleit varla hægt að setja þessi feikna stóru tæki undir nokkurn annan lið í tollskránni, — ef til vill væri helzt hægt að setja þau undir lyftur yfirleitt, en þó ekki lyftur til mannflutninga. Þessi tæki gætu þá lent í 7 aura vörumagnstolli og 8% verðtolli, en þar sem hér mun vera um þau miklu bákn að ræða, sem notuð eru við síldarverksmiðjurnar, þótti ekki annað rétt en að ákveða, að tollur af þeim skyldi vera nokkru lægri en af lyftum.

Þá er 29. brtt. við 73. kafla nr. 38, er orðist svo: — ræsar (gangsetjarar) allskonar og viðnám. Vörumagnstollur 7 aurar, verðtollur 10%. Ég skal játa það, að ég veit ekki, hvað viðnám er. Ég hefi tekið það trúanlegt, að það sé réttasta orðið yfir þessa hluti, og þar sem rétt áður er talað um ræsa í sömu gr., tel ég, að þarna sé um hliðstæða hluti að ræða; mér þykir mjög sennilegt, að það séu bremsur, annars myndi það ekki vera sett undir þennan lið í tollskránni.

Þá er 30. brtt. við 73. kafla nr. 38, sem er smávægileg. Þar er farið fram á dálitla hækkun á tolli af hitunar- og suðutækjum, og þótti samræmi í að setja þetta hvorttveggja í sama lið í tollskránni og að tollurinn af þessum tækjum yrði jafnhár.

Þá er 31. brtt. við 73. kafla nr. 58, sem er gerð vegna iðnaðarins, að lækka verðtoll af vinnulömpum úr 30% niður í 10%, og er þetta sanngjörn till.

Ég held, að ég sé nú búinn að fara yfir allar brtt. fjhn. við 1. gr. frv. Við 2. gr. eru engar brtt., en við 3. gr. eru nokkrar brtt. Fyrsta brtt. við 3. gr. er aðeins orðabreyt. Greinin orðist svo: Skylt er að endurgreiða aðflutningsgjöld af sykri og kryddi, sem notað er við verkun síldar til útflutnings, svo og aðflutningsgjöld af sykri, sem notaður er við verkun þorskahrogna til útflutnings. Eins og gr. var orðuð áður var hér aðeins um heimild að ræða. Þótt að vísu mætti segja, að það væri nóg, því að það lægi í hlutarins eðli, að skylt væri að gera það, þótti samt réttara að taka það skýrt fram. Sama er að segja um það, að endurgreiða aðflutningsgjöld af síld og skelfiski, sem inn er flutt til beitu, en þó hefir það aðeins verið orðað sem heimild, af því að annars yrði hér um endurtekningu á orðalagi að ræða.

Aðalbreyt. fjhn. er undir b-liðnum, og er þar um talsvert nývirki að ræða í þessu frv. Sú breyt. er flutt aðeins út frá þeim forsendum, að láta sömu reglur gilda um bifreiðar og bifhjól, sem erlendir ferðamenn flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, sem gilda í mörgum af nágrannalöndum okkar. Það tíðkast nú meir og meir í öðrum löndum, að ferðamenn fari á bifreiðum sínum land úr landi, og hefir þess vegna orðið óhjákvæmilegt að setja sérstök lagaákvæði um notkun þeirra. Þetta er raunar ómögulegt hér á landi vegna legu lands okkar, því að land okkar er ekki áfast við önnur lönd á löngu svæði, eins og mörg önnur lönd eru, en þrátt fyrir það er rétt, að settar séu fastar reglur um bifreiðanotkun erlendra ferðamanna hér á landi, m. a. sett ákvæði til þess að tryggja það, að þessir ferðamenn — eða ökumenn þeirra — aki sjálfir bifreiðum sínum og hafi þær með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað. Fjhn. þótti sjálfsagt, að settar verði fastar reglur um þessi efni og þar verði stuðzt við ákvæði í samskonar l. hjá öðrum þjóðum, er hafa meiri reynslu þar að lútandi.

Undir tölulið c. er brtt. um, að fjármálaráðuneytinu sé heimilt: Að heimta ekki aðflutningsgjöld af sýrum til votheysgerðar, sem inn eru fluttar af áburðarsölu ríkisins. Að vísu er ákaflega erfitt að leggja tolla á vörur eftir því, til hvers þær eru notaðar, og yfirleitt má segja, að alveg sé ómögulegt að vera viss um að einhver ákveðin vörutegund verði aðeins notuð í einum tilgangi og ekki til neins annars, en þó virtist fjhn. það mögulegt í þessu tilfelli, með því skilyrði, að þessi vörutegund yrði einungis flutt inn af áburðarsölu ríkisins, og væri þá leitazt við að sjá um, að sýrurnar yrðu aðeins notaðar til votheysgerðar, því að ætla má, að áburðarsala ríkisins hafi jafnan eftirlit með því, að kaupendur færi líkur fyrir því, að þeir noti þær til þess eins. Að vísu kynni að mega nota þær til fleiri þarfa, en þá þyrftu kaupendur að tilkynna áburðarsölunni það, svo að hún geti vitað það.

Ég bið afsökunar á því, ef ég hefi gleymt að geta um einhverja brtt. frá fjhn. Ég vil svo mælast til, að frv. verði samþ. með þessum brtt.

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Herra forseti! Þær brtt., sem hér liggja fyrir frá fjhn. á þskj. 139, eru eingöngu brtt., sem allir nm. voru sammála um. Hinsvegar eru, eins og tekið er fram í grg. frv. á þskj. 24, einnig til brtt. við frv., sem einstakir nm. standa að. Ég hefi hér tilbúnar nokkrar brtt. við þetta frv., en þar sem hv. *form. fjhn. og hæstv. fjmrh. mæltust mjög til*

þess, að þetta frv. yrði tekið til 3. umr. og form. fjhn. gaf loforð um, að fjhn. héldi fundi milli 2. og 3. umr. þessa frv., taldi ég ekki rétt að koma með brtt. minar núna, heldur bíða þar til þær hefðu verið lagðar fyrir fjhn., og sjá, hvort ekki fengist samkomulag í n. um þær.

Hv. 1. landsk. hefir komið með nokkrar brtt. við þetta frv. á þskj. 144, og nokkrar af minum brtt. fara nokkurnveginn í sömu átt sem brtt. hans. Ég vildi mælast til þess, að hann tæki sínar brtt. aftur til 3. umr. þessa frv.

Ég held að ég hafi ekki ástæðu til þess á þessu stigi málsins að fara nánar út í þær brtt., sem fjhn. hefir gert við þetta frv. frá þeirri mynd, sem það var afgr. í frá mþn. í skatta- og tollamálum. Ég mun geyma mér þann rétt, að ræða frv. frekar, til 3. umr. þess, og þá munu þær brtt. koma til umr., sem ég hefi nú minnzt á.

Forseti (EÁrna): Brtt. á þskj. 144, frá hv. 1. landsk., eru of seint fram komnar, og þarf því afbrigði til þess að þær megi koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Brynjólfur Bjarnason:** Ég get byrjað á því að lýsa því yfir, að ég mun verða við þeim tilmælum hv. 10. landsk., að taka brtt. minar aftur til 3. umr. þessa frv., til þess að hægt verði að athuga þær í fjhn. í sambandi við þær brtt., sem hv. 10. landsk. hefir borið fram við þetta frv. En þó vildi ég við þessa umr. málsins nota tækifærið til þess að tala ofurlítið um þessar brtt. Ef ég notaði sömu aðferð sem hv. 1. þm. Reykv., að taka hverja grein út af fyrir sig og rökstyðja hana ýtarlega, myndi mér naumast endast dagurinn til þess, og þess vegna verð ég hér að stikla meira á stærri atriðunum og ræða aðeins um nokkur aðalatriði í þessum brtt. Ég vil svo biðja hv. dm. að athuga nokkur einstök atriði nánar. Ég minntist á það hér í d. við 1. umr. þessa frv., að í frv. því, sem kom frá mþn. í skatta- og tollamálum, hafa tollar á nauðsynjavörum verið hækkaðir stórlega frá því, sem áður var. Ég hélt því einnig fram þá, að þetta væri algerlega röng stefna, og fyrir því liggja nú enn ríkari ástæður en þá var, þar sem gengi íslenzkrar krónu hefir verið lækkað um 22%. Þess vegna er nú ennþá meiri ástæða til þess en áður að lækka tolla á nauðsynjavörum, vegna þeirrar verðhækkunar, sem gengislækkunin hlýtur að hafa í för með sér. En það hefir ekki verið gert, því að háu tollarnir á nauðsynjavörum eru látnir haldast, til þess að auka dýrtíðina enn meira, auk þess sem verðtollurinn hækkar raunverulega með hækkuðu gengi.

Í samræmi við þetta, sem ég hefi nú sagt, hefi ég borið fram allmargar brtt. við frv. um að lækka tolla á þeim vörum, sem eru brýnustu nauðsynjar. Í þessum brtt. eru fyrst taldar kartöflur, kaffi, hveiti og sykur. Þessar vörur eru lífsnauðsynjar hinna fátæku, og hvað kartöflurnar snertir hefir komið till. frá fjhn. um að lækka toll af þeim, eins og ég hefi farið hér fram á, og er sú brtt. mín því fallin burt. Þetta er það, sem ég vil segja um brtt. minar viðvíkjandi lækkun tolla á nauðsynjavörum. En hvað tollskrárfrv. fjhn. snertir eru það einkanlega tollar á vörum til landbúnaðar og sjávarútvegs, sem hafa verið færðir í allmjög sanngjarnara horf en áður var, og vil ég síst amast við því. En hinsvegar hefir iðnaðurinn orðið mjög afskiptur, þótt þar væri þörf mikilla úrbóta. Þess vegna hefi ég gert allmargar brtt. um lækkun tolla af vörum, sem til iðnaðar eru notaðar, og ætla ég nú að víkja nánar að þessum brtt. Þar eru fyrst taldar járnvörur til skipasmíða, og legg ég til, að tollur af þeim verði allmikið lækkaður, svo sem af skrúfum, fleinum, boltum, skrúfboltum og róm; ég legg til, að vörumagnstollur af þeim verði aðeins 2 aurar og verðtollur enginn. Það eru ekki líkur til þess, að þessar vörum verði framleiddar hér á landi, og í þessum brtt. minum er tollurinn af þeim færður til samræmis við toll af óunnu járni í stöngum. Samkv. tollskránni er lækkaður tollur af sumum vörum til bátasmíða, t. d. er lagt til, að eik verði tollfrjáls, en til þess að þær brtt. nái tilgangi sínum, þá þarf líka að gera þær breyt., að annar trjáviður en eik verði tollfrjáls, enda er gert ráð fyrir því í brtt. minum, en í frv. eins og það kemur frá fjhn. er aðeins lagt til, að þilfarsplankar verði tollfrjálsir.

Einnig legg ég til, að tollur á sementi verði lækkaður að miklum mun. Í till. frá fjhn. er lagt til, að ofurlítil lækkun verði gerð á tolli af sementi frá því, sem var í till. mþn. í skatta- og tollamálum, en ég tel, að sú lækkun muni hafa tiltölulega litla þýðingu. Hinsvegar myndi það muna miklu, ef vörumagnstollur af sementi yrði lækkaður niður í 20 aura af hverjum 100 kg., og verðtolli algerlega sleppt. Sement er efni, sem er bráðnauðsynlegur liður í einum aðalatvinnuvegi íslenzku þjóðarinar, sem sé atvinnu við byggingar, og tel ég nauðsynlegt, að það sé ekki hátollað. Það, sem ég hefi nú minnzt á, tel ég einna þýðingarmestu brtt., sem ég flyt við tollafrv.

Þá er lagt til, að tollur á baðkerum, salernum, vatnskössum, þvagskálum, þvottaskálum, eldhúsvöskum og hlutum til þeirra verði lækkaður að miklum mun, þar sem þetta eru nauðsynlegar hreinlætisvörur í allar byggingar. Sömuleiðis er lagt til, að tollur af vaxi verði lækkaður að allmiklum mun og fært til samræmis við aðra nauðsynlega feiti til iðnaðar. Vax er notað til ýmislegs iðnaðar, t. d. í skósvertu og bón.

Þá er lagt til, að lækkaður verði tollur á vélum til iðnaðar til samræmis við toll á vélum til landbúnaðar og sjávarútvegs. Einnig er lagt til, að tollur á smíðatólum verði færður til samræmis við toll á verkfærum til landbúnaðar.

Þá er lagt til, að tollur á kalkerpappír verði færður til samræmis við toll á ritvélapappír, og tollur á cellofanpappír verði eins og á öðrum umbúðapappír.

Þá er loks ein till. til hækkunar. Er lagt til, að tollur á bátum verði hækkaður dálítið, þ. e. a. s. bátum, sem hægt er að smíða hér á landi.

Þá er till. um, að nokkrar vörur verði tollfrjálsar. Það er lyf og lækningatæki. Ég tel þetta sjálfsagða till. af þjóðfélagslegum ástæðum, sem engin ástæða sé til að rökstyðja nánar.

Með þessum till. er mjög langt frá, að tollskránni séu gerð þau skil, sem ég vildi gert hafa, en þetta eru þó mjög þýðingarmikil atriði, sem ég vil láta nægja í bili.

Ég endurtek, að ég er mjög fús að taka till. minar aftur til 3. umr., svo að hægt verði að athuga þær í sambandi við till., sem fram koma milli umr.

Frsm. (Magnús Jónsson): Þar sem þessum brtt. hefir ekki verið útbýtt fyrr en nú á fundinum, eftir að ég var búinn að tala, hefi ég ekki getað athugað þær nema mjög lauslega. Þar sem þær eru allmargar og sérstaklega þar sem þær hafa nú verið teknar aftur til 3. umr., mun ég ekki ræða um þær frekar að svo komnu.

ATKVGR.

Brtt. 144 teknar aftur til 3. umr.
— 139,I.1—2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 139,I.3 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 139,I.4 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 139,I.5 samþ. án atkvgr.
— 139,I.6 samþ. með 13:1 atkv.
— 139,I.7 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 139,I.8 samþ. án atkvgr.
— 139,I.9 samþ. með 12:3 atkv.
— 139,I.10 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 139,I.11—12 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 139,I.13 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 139,I.14 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 139,I.15 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 139,I.16 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 139,I.17 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 139,I.18 samþ. án atkvgr.
— 139,I.19 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 139,I.20 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 139,I.21 samþ. án atkvgr.
— 139,I.22 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 139,I.23 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 139,I.24 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 139,I.25 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 139,I.26 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 139,I.27 samþ. með 12:1 atkv.
— 139,I.28 samþ. með 10:1 atkv.
— 139,I.29 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 139,I.30 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 139,I.31 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 139,II (ný 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
5.—6. gr. samþ. með 11 shlj. atkv
7.—9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
10.—17. gr. samþ. með 11 shlj atkv.
18. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
19.—29. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 40. og 41. fundi í Ed., 15. og 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Ed., 8. nóv., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 152, 144, 154, 155, 156, 158, 160, 271).

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Fyrir þingfrestun hafði fjhn. þetta mál, sem hér liggur fyrir, til meðferðar og ræddi það og athugaði á allmörgum fundum. Þá var frv. allt gegnumgengið og sömuleiðis mikið af bréfum og till., sem komið höfðu til þingsins. Einnig átti nefndin þá viðtal við allmarga menn og vann yfirleitt töluvert að þessu máli. Það varð þá að samkomulagi að fresta allmiklu af afgreiðslu frv. þar til eftir þingfrestun. En brtt., sem n. hafði borið fram á þskj. 139, voru allar samþ. Og frv., sem nú liggur fyrir, er því hið upphaflega frv. með þeim breyt., sem felast í brtt. á þskj. 139. Að öðru leyti var afgreiðslu á öllum brtt. frestað þá, af því að sýnt þótti, að málið yrði ekki afgr. fyrir þingfrestun. Og það þótti heppilegra, að milliþn. fengi þessar till. til meðferðar ásamt öðru, sem kæmi fram um málið á milli þinga.

Milliþn. í skatta- og tollamálum hefir starfað töluvert að málinu, fengið afarmikið af bréfum og till., sérstaklega að því er snertir iðnaðinn, og hefir hún nú sent þinginu þessar till. allar og svo sínar eigin till., sem flestar ganga út á það að hliðra til um toll á efnivörum til iðnaðar.

Fjhn. hefir nú hnigið að því ráði að afgreiða þetta mál tiltölulega fljótt. Það var um tvennt að velja fyrir n. Annað að taka málið allt nú til nýrrar yfirvegunar og eiga tal við marga menn og ganga í gegnum allan þann sæg af till., sem sérstaklega komu frá iðnaðarmönnum. Þetta mundi hafa tekið mikinn tíma. Hinsvegar er málið stórt og á eftir að koma fyrir hina hv. þd. Ennfremur er ætlazt til, að þingið verði ekki langt, og er þá hæpið, að hægt hefði verið að afgreiða málið frá þinginu nú, ef fjhn. hefði haldið málinu lengi. Fjhn. tók því þann kostinn að bera fram brtt. milliþn. Eina þeirra tók n. ekki upp. En brtt., sem prentaðar eru á þskj. 271, eru þær brtt. milliþn., sem fjhn. ber fram.

Um þessar brtt. verð ég annars að segja það, að enda þótt mér sé ekki kunnugt um, að ágreiningur sé um þær, þá voru þær ekki bornar undir atkv. í n. hver um sig, og hafa nm. því óbundnar hendur um atkv. sín um einstakar till. af þeim. Hygg ég þó, að n. sé þeim yfirleitt meðmælt.

Með þessari aðferð, sem ég hefi getið um viðvíkjandi afgreiðslu þessa máls, ætti að vera flýtt töluvert fyrir afgreiðslu þess. En hinsvegar er ekki neinum möguleikum til lagfæringar á málinu glatað, þó að þessi aðferð sé höfð. Því að vitanlega má ganga að því sem gefnu, að einhverjar brtt. komi fram við frv. frá fjhn. Nd., meðan málið er þar, þannig að þessi hv. d. fær málið vafalaust aftur. Ég get ekki hugsað mér, að hv. Nd. afgreiði málið nokkru sinni alveg óbreytt. Og þá kemur málið til fjhn. aftur, og getur n. þá athugað það betur.

Ég vil benda á eitt fyrirkomulagsatriði, sem mælir með þessari aðferð. Það er það, að þetta langa og stóra frv. kostar mikið fé í prentun, ef á að prenta það oft upp á milli umr. Á hinn bóginn verður málið fremur óaðgengilegt með því að prenta það oft upp.

Þá vil ég aðeins minnast á brtt. á þskj. 271, og get þó verið tiltölulega stuttorður og miklu fáorðari um þær brtt. en vænta mætti eftir fjölda þeirra. En það er vegna þess, að þær eru lang-

flestar eða meginþorri þeirra í raun og veru ein og sama brtt. Þ. e. a. s. þetta eru brtt. um lækkun á tolli vegna þess að milliþn. sannfærðist um það, að þar væri um hráefni til iðnaðar að ræða. Við auknar skýrslur og upplýsingar frá ýmsum fyrirtækjum kom það upp, að þessi efni voru allmiklu fleiri en n. gerði ráð fyrir í fyrstu. Og n. færði þetta í vörumagnstoll 7 og verðtoll 8. Og hv. þm. munu sjá, að h. u. b. allar brtt. á þessu þskj. ganga út á að taka vörutegundir og færa þær í þessa tollaflokka, 7 og 8. Flest af þessum vörum er efni, sem ég held, að við séum litlu nær þó að lesin séu upp. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða um, hvort þau séu réttilega talin hráefni eða ekki. Mun ég láta nægja, að milliþn. og þeir fagmenn, sem hún hafði sérstaklega til aðstoðar, hafa sannfærzt um, að hér væri um hráefni að ræða. Þær fáu brtt., sem víkja frá þessu, eru t. d. fyrsta brtt., um hunang og hunangslíki, sem gerð er í samræmi við ákvæði frv. um aðrar sykurvörur.

17. brtt., sem er um að lækka verulega toll af vitissóda, er fram komin út frá því, að þetta efni er mjög mikið notað við lýsisvinnslu, og liggur hér fyrir brtt. frá hv. þm. Vestm. (JJós) á þskj. 156 um að endurgreiða skuli lýsisframleiðendum aðflutningsgjöld af þessu efni. N. vildi koma á móti þessum óskum hv. þm. í þessu efni.

Þá er 43. brtt. um lækkun tolls á sólaleðri og bindsólaleðri að töluvert miklum mun, vegna þess að þetta leður er ekki hægt að framleiða í landinu, og því er ástæða til þess að taka það út úr og hafa á því lægri toll. Það gætu sjálfsagt komið fram fleiri brtt. viðvíkjandi skófatnaði. T. d. er tilfinnanlega hár tollur á gúmmístígvélum. En engar till. liggja fyrir um það frá n.

44. brtt. er um vaxbornar umbúðir um frystan fisk til útflutnings. Þessi brtt. er gerð vegna þess, að hér er um útflutning að ræða og til þess að létta undir með útflutningnum.

45. og 46. brtt. eru skyldar og um það, að lækka verulega toll á ullargarni og bómullargarni, og fram komnar út frá því, að klæðaverksmiðjur og þeir, sem vinna úr þessum vörum á heimilum sínum, kvarta mjög undan því, að hár tollur sé á þessum vörum, sem ómögulegt er að komast hjá að flytja inn. Bómullargarn er ekki framleitt hér á landi. Vefjartvist er ekki hægt að hafa án þess að flytja hann inn. Og mörgum kemur saman um, að ómögulegt sé að vinna þá dúka, sem kambgarn er haft í, nema með því að flytja það garn inn. Það mætti virðast svo, að skilgreina mætti þetta nánar og taka t. d. út úr vefjartvist í lækkun á tollinum. En þeir, sem með tollmálin fara, segja, að ómögulegt sé í innheimtu tolls að greina hann frá öðru bómullargarni.

Brtt. 47, b er smálagfæring til samræmingar.

48. brtt. er leiðrétting.

49. brtt. er um það að taka stýrisvélar undir liðinn þar sem talað er um akkerisvindur, lóðarvindur, togvindur og aðrar skipavindur og setja þær í toll þar með.

Loks eru svo þrjár síðustu brtt. Þær eru allar ákvæði viðvíkjandi framkvæmd tollinnheimtunnar. T. d. brtt. við 7. gr., að lágmarksgjald af vörum eins og í þeirri brtt. er tiltekið skuli vera kr. 0,50. Því að með þeim tolli, sem ákveðinn er, gæti annars komið út sem tollur mjög lágt gjald, sem varla tæki að innheimta.

Eins er brtt. III. við 13 gr. Það er fyrirkomulagsatriði um það, hvernig tilgreina skuli verð vöru o. fl.

Brtt. IV. kemur út af því, að ef maður getur ekki lagt fram reikning um verð vörunnar, sem tolla á, þá kostar það mjög mikla fyrirhöfn að taka upp úr umbúðum hvern hlut og virða hann og meta, og því þótti rétt að ákveða, að sá, sem ekki gæti lagt fram skýra reikninga yfir vörur, sem hann flytur inn og tolla á, greiði aukagjald fyrir tollskoðun af því að hann hefir ekki full skilríki í höndum. Hygg ég, að þetta geti ekki orkað tvímælis að rétt sé að samþ., og sama hygg ég um allar brtt. n.

Hér liggja svo fyrir brtt. á öðrum þskj. Skal ég ekki fara út í þær að svo komnu. Það er ekki búið að mæla fyrir þeim, nema ég held ég fari rétt með það, að flm. brtt. á þskj. 144 og 158 hafi verið búinn að mæla nokkuð fyrir sínum brtt. Hann mun og sjá á till. n. nú, að það er komið nokkuð á móti honum í þessu máli. M. a. er einn liður í hans brtt. um lækkun á tolli á sumum efnivörum til iðnaðar, og brtt. n. koma til móts við þær brtt., svo langt sem það nær.

Að öðru leyti vil ég segja það um þær brtt., sem miða mikið til lækkunar á tolli, að það væri náttúrlega gleðilegt að geta samþ. þær. Því að það er ekki gleðilegt að þurfa að tolla fjölda af vörum svo og svo hátt. En ranghverfan á því máli verður að skoðast líka, þ. e. þörf ríkissjóðs fyrir að fá tekjur. Og þó að það sé sjálfsagt eftir flokksstefnu þessa hv. þm. (BrB) að hafa tolla og óbein gjöld ekki mjög há, þá hlýtur það líka að vera í samræmi við stefnu hans flokks, að hið opinbera hafi yfir miklu fé að ráða. Því að það er stefna hans flokks, að draga mjög margt frá einstaklingunum í þjóðfélaginu og leggja undir hið opinbera, með allri þeirri tekjuþörf, sem af því hlýzt. Og þegar komið er svo, að það má heita, að gjöldin séu farin að reka sig upp undir, bæði þegar talað er um gjöld til ríkis og bæjarfélaga, þá er ekki gott að sjá, hvar ríkið á að taka tekjur til framkvæmda, ef ekki með tolli af þessum innfluttu vörum. Það hljómar náttúrlega fallega, að það eigi að tolla sem allra minnst nauðsynjavörur. En þegar komið er svo eins og hjá okkur, að bægja verður frá landinu innflutningi af öðrum vörum en þeim, sem eru meira eða minna nauðsynlegar, hvar á þá að taka tolla af vörum annarstaðar en af þeim vörum, sem eru meira eða minna nauðsynlegar? Annars er reynt að láta tollinn koma mest niður á þeim vörum, sem menn án hættu fyrir líf og heilsu geta frekast dregið við sig.

Ég hefi áður minnzt á það, að ein brtt. n. kemur mjög á móts við brtt. á þskj. 156, frá hv. þm. Vestm. Og hann á nokkrar till. einnig hér á þskj. 160. Ég get sagt það sama um þær brtt. eins og brtt. hv. 1. landsk. (BrB), að það er töluvert komið til móts við þær með lækkun á tolli á ýmsum efnivörum til iðnaðar. Skal ég

að öðru leyti ekki fara út í að ræða um þær brtt., nema sérstaklegt tilefni gefist til þess.

Um till. hv. 10. landsk. (ErlÞ) á þskj. 154 má segja það, að þar er alveg um grundvallaratriði að ræða. Og vil ég í því sambandi lýsa því áliti milliþn., að atriði nákvæmlega samhljóða var gert að ágreiningsatriði í milliþn. af einum meðlimi þeirrar n. og rætt af honum þar. Og ég held bara, að atkvæði verði að skera úr um það efni, sem sé það, að hafa tollinn yfirleitt töluvert lægri til að byrja með, og hafa svo heimild til þess að hækka hann um ¼ hluta hans með einföldu lagaákvæði.

Um brtt. sama hv. þm. á þskj. 155, þar sem hann tekur mjög margt af nauðsynlegum matvörum og gerir till. um, að þær verði alveg tollfrjálsar, vil ég bara segja það, að það væri náttúrlega mjög gott að geta farið þannig að. Ég get verið sammála hv. þm. um það, að það væri bezt að geta flutt þetta allt inn tollfrjálst, en þá verður að haga störfum ríkissjóðs öðruvísi en nú.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en vil aðeins óska þess, að hv. d. vildi feta í fótspor n. og afgr. málið fljótt til Nd., svo að það geti fengið sína meðferð þar. Ég vil svo bara segja það, að hv. þm. má öllum vera það ljóst, að það væri alveg sama, hvað lengi við hefðum þetta mál til meðferðar, þá myndu alltaf koma fram brtt. við það. Þetta er mál, sem grípur svo inn í hagsmuni fjöldans. Ég held þess vegna, ef þingið vill í grundvallaratriðum aðhyllast þetta, þá sé bezt að afgr. málið fljótt og láta reynsluna síðan skera úr um einstök atriði.

***Brynjólfur Bjarnason:** Frá því þetta frv. var til 2. umr. á þinginu í vor, hafa gerzt stórkostlegir atburðir, sem hafa raskað þeim grundvelli, sem tollskráin var byggð á. Ég lagði fram allmargar brtt. við 2. umr., bæði til lækkunar á almennum lífsnauðsynjum og svo efnivörum til iðnaðarins. Ég tók svo þessar till. aftur til 3. umr., þannig að þær koma til atkv. nú. Allar þessar till., sem ég þá flutti, eru í fullu gildi enn og hniga ennþá sterkari rök að nauðsyn þess að samþ. þær nú en þá. Það er ennþá meiri ástæða til þess nú en þá að forðast að hækka tolla á nauðsynjavörum, til þess að ríkisvaldið stuðli a. m. k. ekki að því að auka dýrtíðina, sem við nú þegar eigum við að búa og yfir okkur vofir í ennþá ríkari mæli. Og það er ennþá augljósari nauðsyn þess nú en þá, að reyna að hlúa að íslenzka iðnaðinum með því að lækka tollana á efnivörum til hans. — Ég fylgdi þessum till. úr hlaði í vor og þarf ekki að endurtaka það. Ég læt nægja að vísa til þess, sem ég þá sagði.

Hvað viðvíkur athugasemdum hv. frsm., þá þykir mér það vel, að það skuli hafa verið komið ofurlítið til móts við þessar till. mínar að því er snertir vörur til iðnaðarins.

Hv. frsm. sagði, að það, sem ég bæri fram, væri allt gott og blessað, ef ekki væri þörf fyrir þessar tekjur í ríkissjóð.

Við erum ekki sammála um það, þessi hv. þm. og ég, hvernig skuli afla tekna í ríkissjóð, og hirði ég ekki að fara nánar út í það. En viðvíkjandi því, sem hann var að tala um, að ég vildi auka íhlutun þess opinbera um það, sem einstakir menn hafa nú með höndum, og að þetta myndi hafa talsverðan aukinn kostnað í för með sér, þá held ég nú, að það þyrfti ekki að vera svo mikið. En eitt er víst. Það væri hægt að færa rök að því, að það mætti lækka að verulegu leyti útgjöld ríkissjóðs án þess að það kæmi að sök. Það má hafa miklu ódýrari ríkisstjórn, og það er ýmislegt fleira í sambandi við ríkisreksturinn, sem má spara að skaðlausu. Út í það skal ég ekki fara nú. (**BSt:** Það er gott að fá till. um það á sínum tíma). Við sósíalistar höfum þegar lagt fram margar till. um þetta, og það getur verið, að við leggjum fleiri fram síðar.

Viðvíkjandi tekjuhlið þessa máls er annars rétt að benda á það, að með þessari tollskrá er heildarupphæð tollteknanna hækkuð verulega, þannig að það getur ekki farið hjá því, að tollur á ýmsum vörum hlýtur að hækka ekki svo lítið. Annars hefir orðið svo mikil röskun á öllum viðskiptum og verðlagi, einkum farmgjöldum og vátryggingum, vegna stríðsins, að ég álít, að það nái ekki nokkurri átt að samþ. tollskrána nú í því formi, sem hún liggur fyrir. Samkv. henni, ef að l. verður, er horfið frá því ráði að miða tollinn við fob-verð og horfið að því að reikna hann út miðað við cif-verð. Eftir að búið er að umreikna tollinn yfir í cif-verð, kemur í ljós, að samkv. tollskránni hækkar tollupphæðin verulega frá núgildandi tolllöggjöf, miðað við verð, sem var áður en það hækkaði vegna stríðsins, og þau farmgjöld, sem þá voru. Nú hafa bæði verð og farmgjöld hækkað svo gífurlega, að tollskráin eins og hún er hlýtur að hafa í för með sér óbærilega hækkun tolla á nauðsynjavörum. Í síðustu styrjöld munu farmgjöldin hafa tífaldast til fimmtánfaldast, og ef styrjöldin stendur lengi, þá er engin ástæða til að efast um, að þau muni hækka á sama hátt, þannig að ef tollskráin yrði samþ. í því formi, sem hún er, gætum við átt von á ófyrirsjáanlegri hækkun á tollum. Og þetta kemur einmitt sérsaklega þungt niður á öllum nauðsynjavörum.

Það er þess vegna till. mín, að umr. um þetta mál verði frestað og frv. aftur vísað til n., en hún sjái svo um, að tollskráin verði aftur umreiknuð í fob-verð, eða a. m. k. verði sett um það bráðabirgðaákvæði, að miða skuli við fob-verð á öllum nauðsynjavörum og öðrum vörum, sem líkur eru til, að farmgjöld hækki tilfinnanlega á og hafa mest áhrif á tollinn. Ég held, ef viljinn er með, þá sé það vinnandi vegur að ljúka þessu verki svo snemma, að hægt verði að afgr. frv. á þessu þingi. Náttúrlega getur sú n., sem um málið hefir fjallað, betur sagt um það en ég, hvort þetta myndi verða vinnandi vegur. En ef nú svo færi, að d. vildi ekki fallast á þessa till. mína, þá myndi ég freista að bera fram rökst. dagskrá um að fresta málinu til næsta þings.

***Frsm. (Magnús Jónsson):** Ég skal ekki lengja umr. mikið.

Hv. 1. landsk. talaði um, að stríðið hefði raskað mjög grundvelli tollskrárinnar. — Mér finnst nú, að stríðsástandið hafi ekki raskað að

neinu leyti grundvelli tollskrárinnar. Hitt er annað mál náttúrlega, að stríðsástandið leiðir það af sér, að tollar á ýmsum vörutegundum hækka að verulegu leyti. En ég álít, að hjá því sé ekki hægt að sneiða. Ég vil bara benda hv. þm. á það, að ef till. þessa hv. þm. yrði samþ., þá myndi það hafa slíka röskun í för með sér, að það yrði eintómur ruglingur á tollskránni, af því að þær eru alls ekki tæmandi. Ég er ekkert að setja út á þetta. Ég veit ósköp vel, að það er ekki á nokkurs manns færi um þingtímann að vinna úr þessum málum. Það verður að vera verkefni mþn. Það er ófær málsmeðferð, ef þingið á að fara að krukka í tollskrána bara svona af handahófi. Með því móti yrði einlægt ósamræmi í henni. Einnig er á það að líta, að ef till. þessa hv. þm. yrði allar samþ., myndi það hafa í för með sér stórkostlega lækkun á tekjum, en það er vissulega einn af stærstu erfiðleikunum, sem við nú horfum fram á, hvernig við getum á þessum erfiðu tímum aflað nægilegra tekna til að standast útgjöld ríkisins. Ég hefði gaman af að leita um það álits fjármálayfirvaldanna, hvort þau byggjust við, að nokkrar afskaplegar tekjur muni flæða inn í ríkissjóðinn á þessum tímum. Mér virðist, að það muni vera alveg þvert á móti. Mér virðist menn líta svo á, að það verði að framkvæma stórkostlegan niðurskurð á útgjöldum ríkisins á móti hallanum á tekjunum, sem verður vegna styrjaldarinnar. Þetta leiðir af sjálfu sér í landi, sem byggir tekjur sínar svo mjög á tollum af innfluttum vörum. Ég held þess vegna, að tollskráin með cif-verðinu geti einmitt orðið til þess, að ríkissjóður haldi svo miklum tekjum, að niðurskurður verði framkvæmanlegur á móti hallanum, sem sennilega verður.

Ég fyrir mitt leyti álít það hina réttu aðferð, að reikna toll af vörunni miðað við cif-verð. Mér finnst það eigi að leggja tollinn á vöruna með því verði, sem hún hefir, þegar hún fer yfir tollmörkin. Menn athugi, að ef miðað er við fob-verð, þá verður tollurinn mismunandi, eftir því, hvar vörunni er skipað út. Það er ekkert réttlæti í því að þurfa að borga hærri toll af vöru, sem keypt er í Indlandi, heldur en t. d. í Englandi. Það eina, sem hér er hægt að miða við, eru tollmörkin sjálf. Enda hygg ég, að allar þjóðir, sem hafa tekið upp verðtoll, hafi hallazt að þessari reglu.

Hv. þm. sagði: Þetta er allt gott og blessað út af fyrir sig, en það má bara ekki skella þessu á meðan stríðsástandið er. Ég vildi nú næstum snúa þessu við. Einmitt stríðsástandið hefir leitt í ljós, hvað þetta er miklu réttlátara og sjálfsagðara. Það er einmitt það, sem hefir orsakað þessi háu flutningsgjöld og miðar að því að draga úr innflutningnum. Hinsvegar er tekjuþörf ríkissjóðs sú sama. Þess vegna koma hin hækkuðu flutningsgjöld og tryggingargjöld í viðbót við verðtollinn, og verður það til að bæta ríkissjóði upp hallann, sem skapast af þessu ástandi. Ég vildi skjóta því til hv. þm., að ef þessi tollskrá væri búin að vera í gildi t. d. í 10 ár, þá myndi engum detta í hug að umreikna hana í fob-verð vegna hækkaðra flutningsgjalda vegna styrjaldarinnar. Ef þetta kemur til með að hafa óhæfileg áhrif á einstakar vörur, þá verður bara að lækka tollinn af þeim vörum, en ekki láta ástandið hafa þau áhrif, að fara að umbylta tollskránni allri.

Annars get ég upplýst, að mþn. lét gera nokkra dreifikönnun á því, hvaða áhrif þessi hækkun á flutningsgjöldum myndi hafa á tollupphæðina. Og án þess að ég ætli að fara að lesa upp þessar tölur, þá get ég upplýst það, að hækkunin virðist verða tiltölulega lítil. (**BrB**: Við hvað mikla hækkun á farmgjöldum var þetta miðað?). Það var miðað við 50—100% hækkun. Næstum því eina varan, sem n. reiknaðist til, að þetta kæmi verulega niður á, var sement, af því að þar er flutningsgjaldið svo hátt samanborið við verð vörunnar. En ef það þykir ekki rétt að láta sement hækka svona mikið, þá er einfaldasta ráðið að lækka tollinn á sementi, en kippa ekki grundvellinum undan löggjöfinni í heild, ef menn á annað borð fallast á, að hann sé heilbrigður.

Viðvíkjandi till. hv. þm. um að vísa málinu aftur til n. er það að segja, sem ég hefi nú þegar tekið fram, að ég er á móti því. Þar að auki álít ég, að sú töf myndi af því verða, að óhugsandi væri, að hægt yrði að afgr. málið á þessu þingi. Ef þess vegna menn vildu hverfa að því að fresta málinu, þá er eðlilegast að láta það aftur í hendur mþn. og láta hana vinna að því. Ég vil þess vegna eindregið mótmæla þessari till. og vildi fyrir mitt leyti óska eftir að fá hana strax borna undir atkv.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson)**: Ég stend aðeins upp til þess að taka þátt í umr. um eitt atriðið í þessu frv. Það er það atriði, hvort reikna eigi tollinn af cif-verði, eins og gert er í þessu frv., eða hvort reikna eigi hann af fob-verði, eins og áður hefir verið gert. Ég álít þessa breyt. í frv. mjög til bóta. Það er einmitt núna mikill kvíði í mönnum um það, að tolltekjurnar muni lækka, vegna minnkandi innflutnings, eins og fram kom hjá hv. frsm. Í þessu sambandi líta menn hýru auga til tollskrárinnar og vona, að hún muni geta bætt eitthvað upp af þeirri lækkun, vegna þess að miðað er við cif-verð í henni. En mér finnst það vera nauðsynlegt, að menn reyni að gera sér grein fyrir því, hvað þessi farmgjaldahækkun hefir mikil áhrif á tolltekjurnar. Ég vildi því beina því til hv. fjhn., að taka til athugunar, að reynt væri að áætla, hvað þessi flutningsgjaldahækkun myndi hafa miklar aukatekjur í för með sér, miðað við nokkurnveginn sama innflutning og verið hefir undanfarin ár. Ég sé ekki, að þetta þyrfti að seinka neitt afgreiðslu málsins.

Ég vil að lokum segja það fyrir mitt leyti, að ég verð skilyrðislaust að telja það kost við þetta frv., að það hafi í för með sér auknar tekjur fyrir ríkissjóðinn, umfram það, sem upphaflega var gert ráð fyrir. En það er auðvitað gefið mál, að vegna styrjaldarástandsins verður tollhækkunin meiri en upphaflega var gert ráð fyrir.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Það var aðeins þetta eina atriði, sem ég vildi minnast á.

Forseti (EÁrna): Þar sem þetta er 3. umr. málsins og komið hefir fram till. um að fresta

umr., tel ég rétt, áður en lengra er haldið í umr., að bera þessa till. upp, til að fá úr því skorið, hvort þm. vilja fara þá leið að fresta umr. Læt ég því fara fram atkvgr. um þessa munnlegu till.

ATKVGR.

Till. frá 1. landsk. þm. um að fresta umr. og vísa málinu aftur til n. felld með 11:1 atkv.

Forseti (EÁrna): Það hefir nú verið felld till. um að fresta umr. og vísa málinu til n. aftur, en með því að einn hv. dm., sem er fjarstaddur, hefir óskað eftir að geta haft tækifæri til að vera við afgreiðslu málsins, þá vil ég verða við tilmælum hans og fresta umr. um málið nú í dag. Er því umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Ed., 9. nóv., var fram haldið 3. umr. um frv.

***Brynjólfur Bjarnason:** Herra forseti! Það er nú orðið of seint að ræða þá till., sem ég flutti um að vísa málinu til n., þar sem búið er að fella hana, en gagnrýni hv. 1. þm. Reykv. (MJ) á till. minum vil ég svara að því er snertir málið sjálft. Hann sagði, að ef þær gengju fram og ýmsir liðir tollskrárinnar væru þannig lækkaðir, mundi það valda ósamræmi í skránni, því að brtt. minar væru ekki tæmandi. Í sömu ræðu sagði hann, að þótt við sætum allt þingið yfir því að finna lagfæringar, sem gera mætti á tollskránni, yrðu þær aldrei tæmandi. Sannleikurinn er sá, að á einu þingi, er ekki hægt að gera allar þær breytingar, sem gera verður, en fyrir þær sakir látum við ekki niður falla allar endurbætur á tollskránni. Ég hélt, að brtt. minar væru þar undir sama lögmáli og brtt. hv. fjhn., sem einnig skilja eftir sig nokkurt ósamræmi, — þótt þær verði samþ. af því, að þær eru spor í rétta átt. Og þannig verður að halda áfram með umbæturnar.

Þá kem ég að því atriði, hvort gera eigi þá breyt., að miða tollinn við cif-verð, en ekki fobverð, eins og hingað til hefir verið. Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að ríkið þyrfti á þeim tekjum að halda, sem af því leiðir, ef innheimtur er tollur af farmgjöldunum auk kaupverðs vörunnar. En hér er ekki aðallega um það að ræða, hvort heildarupphæð tolla er hækkuð með þessu eða ekki, heldur það, að nauðsynjar almennings og önnur þungavara, svo sem sement, timbur og járn o. þ. h., hlýtur að hækka í verði við það, að tollur er tekinn af farmgjöldunum, en léttari og dýrari vörur, sem síður eru í alþýðu þarfir, sleppa með lítið farmgjald og verða því ekki fyrir tollhækkun. Nú eru farmgjöld margfölduð vegna styrjaldarinnar, og þetta er spurning um það, hvort nota eigi það ástand til að hrifsa af almenningi margfaldan toll. Þetta hlýtur að vera öllum ljóst, enda vék hv. þm. Reykv. að hinu breytta ástandi í ræðu sinni, og svo mörg rök hníga að því að taka ekki upp, meðan það ástand helzt, þá nýjung að reikna tollinn með cif-verði, að mig furðar á því, að till. mín skyldi vera felld, um að vísa málinu til nefndar til athugunar á þessu atriði. En úr því að svo er komið, verður að taka næstbezta úrræðið, — að fresta þessu máli öllu til næsta þings, síðar í vetur. Því ber ég fram rökst. dagskrá um þetta efni og afhendi forseta.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi dagskrá:

„Þar sem mjög mikil hækkun hefir orðið á farmgjöldum og ófyrirsjáanlegt, hversu mjög farmgjöld kunna að hækka vegna styrjaldarinnar, telur deildin ekki rétt að gera nú þá breyt. á gildandi tollalöggjöf, að hverfa að því ráði að miða verðtollinn við cif-verð vörunnar, enda hefir að öðru leyti orðið stórfelld röskun á öllu verðlagi og viðskiptum, sem gefur tilefni til að taka frv. það um tollskrá, sem fyrir liggur, til nýrrar meðferðar. Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi nýtt frv. um tollskrá fyrir næsta Alþingi, þar sem tekið er tillit til þessara breyttu aðstæðna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Liggur nú dagskrá þessi einnig fyrir til umræðu.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Þessi tollskrá, sem hér er til umr., hefir verið að nokkru leyti mjög svo rækilega undirbúin, og liggur í því mikið starf, a. m. k. í því að samræma ýmsa tolla, sem áður voru dreifð og ósamkvæm ákvæði um. Það kemur fram í áliti milliþn., hve mikið af starfi hennar hefir verið falið í því að samræma núgildandi tollákvæði og að það var einmitt hlutverk hennar. En hún hefir farið út fyrir þetta verksvið og gert tillögur um stórkostlegar hækkanir. Á hinn bóginn hefir hún ekki athugað nema nokkurn hluta þess, sem henni var falið. Hún hefir ekki enn lagt fram nein frv. um gjöld af innlendum framleiðsluvörum, sem nauðsynlegt var, að kæmu fram um leið og skrá um toll af erlendum vörum. Og hún hefir ekki skilað neinu um skattalög að öðru leyti. En ef þau yrðu í sama anda og tollskráin, mundu tekjur ríkissjóðs aukast allverulega.

Eins og kunnugt er, var talsverður ágreiningur innan n. Meiri hl. virðist hafa álitið, að tekjuþörf ríkisins yrði mun meiri eftirleiðis en nú. Nefndin gerði áætlun um þetta efni fyrir árið 1940, á fundi sínum 24. jan. síðastl., og gerði ráð fyrir 15% hækkun umfram yfirstandandi ár. Í samræmi við það áætlar hún síðan, hvað tollarnir þurfi að vera háir, og leggur toll á vörur, sem þyrftu helzt að vera tollfrjálsar. Það er náttúrlega kostur, hvað létt er að innheimta tolla. En þeir koma mjög óréttlátt niður, og því hærri sem þeir eru á nauðsynjum almennings, því óhæfari eru þeir á þeim vörum.

Nefndin hefir lagt fram rækilegt álit, sem ég geri ráð fyrir, að þm. séu búnir að kynna sér. Við hækkanir hennar á tollum er margt að athuga. Vörumagnstollurinn er alstaðar hækkaður. Þar sem hann var 6 au. á kg. — eða 6.72 au. með bráðabirgðaálagi — verður hann alstaðar 7 au. á kg., og þessar hækkanir nema yfirleitt miklu á nauðsynlegum vörum. Þá er það tollurinn á farmgjöldunum, sem hækkuð eru um mörg hundruð %, eins og nú er komið. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort reikningar n. eru

réttir, það sem þeir ná í þessu efni, en þar er ekki gert ráð fyrir meir en 50—100% hækkun á farmgjöldum. En ég veit, að t. d. til Vesturheims hafa farmgjöldin hækkað um 300—400% og ekki ólíklegt, að sama verði lagt til grundvallar um farmgjöld þaðan hingað. Ég veit, að síðastl. ár var t. d. hægt að senda síldartunnuna vestur fyrir 1.25 dollara, en nú ekki fyrir minna en 3.75 dollara eða 4 dollara hjá Eimskipafélaginu. Þá býst ég við, að farmgjaldið vestan verði 180—190 kr. t. d. á hvert sykurtonn, og geta menn þá reiknað út, hver tollurinn af því farmgjaldi muni verða; mér virðist hann verða nær 2 aurum á kg. af sykri.

Þá er fólgin hækkun á breytingum eða umreiknun á tolli, þar sem meiri hl. n. reiknar út þungatollinn eftir verzlunarskýrslum, en í skýrslunum er, eins og fram er tekið í grg. minni hl., Jóns Blöndals, reiknað með nettóþunga, en ekki brúttó. Nú eru margar nauðsynjavörur í þungum umbúðum, sem vörumagnstollur verður reiknaður af samkv. tollskránni. (**MJ**: Það er nú engin breyting.) Að vísu ekki, en tollaukningin er meiri, þegar hún er reiknuð eftir nettóþunga og lögð á brúttóþungann, og það er beint tölufals hjá nefndinni, að láta sem það geri ekki teljandi mun á heildinni. Eða var henni ofætlun að gera sér sjálf grein fyrir mismuninum á því?

Í brtt. mínum á þskj. 154 og 155 fylgi ég áliti minni hl., Jóns Blöndals. Hann hefir rökstutt skoðanir sínar vel og rækilega.

Með því að bera saman fylgiskjölin, þar sem reiknaður er út tollur af hverri vörutegund um sig, sést, að brtt. mín myndi hafa í för með sér, að tollurinn myndi lækka sem svarar þeirri umframgreiðslu, sem meiri hl. n. bætti við, og ekki meira. Hinsvegar væri tilgangi hinnar rökst. dagskrár náð, ef mín brtt. yrði samþ.

Brtt. á þskj. 155 fer í þá átt, að tollur á kaffi og sykri lækkar niður í það, sem hann er nú. Einnig, að kornvörur allar yrðu tollfrjálsar, eins og verið hefir, að undanteknu því, að fyrir 2—3 árum var lagt viðskiptagjald á nokkrar kornvörur. Þá er gert ráð fyrir því, að öll lyf séu tollfrjáls, og ættu allir að vera sammála um það.

Hv. fjhn. hefir tekið hér eina till. til greina, og er það till. nr. 3 við VI. kafla, og fellur þá þessi till. mín burtu. En ég varð undrandi yfir því, að hv. mþn. og fjhn. skyldu ekki geta tekið til greina 4. og 5. lið, sem eru eins.

Þá geri ég ráð fyrir, að 10. gr. breytist nokkuð. Þar er ætlazt til þess, að ef greidd eru flutningsgjöld eða farmgjöld, sem eru undir venjulegum flutningsgjöldum eða farmgjöldum, þá sé greiddur tollur eins og um væri að ræða venjulegan flutnings- eða sendingarkostnað. Nú er ekki getið, hvort ætlazt er til, að lögð séu til grundvallar flutningsgjöld með flutningaskipum almennt. Hinsvegar er þetta óréttlátt, þegar um er að ræða flutninga, sem hægt er að fá með venjulegu tækifærisverði, að greiddur sé tollur í ríkissjóð af verði, sem ekki var greitt í raun og veru fyrir flutningana.

Það kann að vera, að það sé eðlilegra að innheimta tolla af cif-gjaldi en fob-gjaldi, en ég held þó, að það ætti að fresta því að innheimta tolla af cif-gjaldi, meðan farmgjöld eru jafnóeðlileg og nú. Þetta gæti verið til athugunar í Nd., sem fær frv. til athugunar, og svo aftur hér í d., því að Nd. mun vitanlega gera einhverjar breytingar á því.

Þá er það líka athugavert, að tollar af öllum útgerðarvörum hafa hækkað mikið. Við síðustu umr. hér var samþ., að skylt skyldi að endurgreiða toll af sykri, kryddi og öðru því, sem notað er í vörur til útflutnings. Ég hefi nú hugsað mér að leggja til í samræmi við það, að síldarkrydd sé algerlega tollfrjálst, en legg ekki þá till. fram að þessu sinni, vegna tilmæla hæstv. forseta, — geri það líklega síðar. Till. þessi er byggð á því, að síldarkrydd er flutt inn í sérstökum umbúðum, og væri skrítið að innheimta toll af þeim og endurgreiða hann síðan.

Hin brtt., sem ég legg fram á þskj. 154, er um það, að allir taxtar lækki um 20%, en ný gr. komi inn, þar sem heimilað er að hækka taxtana til eins árs í senn. Allar tollabreytingar, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, hafa verið samþ. með það fyrir augum, að þeim yrði létt af svo fljótt sem auðið væri; þær hafa verið samþ. sem bráðabirgðal. Væri því undarlegt, ef festa ætti þessa tolla til frambúðar og með mikilli hækkun á helztu nauðsynjum. Ég geri því ráð fyrir, að þessi till. muni ná samþykki og geri ráð fyrir stuðningi frá hv. 1. þm. Reykv., sem alltaf hefir samþ. þesskonar hækkanir með því fororði, að um bráðabirgðahækkanir væri að ræða. Hinsvegar geri ég ráð fyrir, að hækka mætti gjaldskrána upp í 25%.

Á það má einnig benda, að meiri hl. milliþn. miðar alla tolltaxta við árin, þegar innflutningshöftunum hefir verið harðast beitt og minnst verið flutt inn af þeim vörum, sem gefa tolla í ríkissjóð. Ef til þess kemur, að fjárhagsástand ríkisins batnar, sem gera verður ráð fyrir, að einhverntíma verði, þá hljóta tolltekjurnar að aukast alveg gífurlega með rýmkun innflutningsins, og býst ég ekki við, að hv. n. hafi gert sér grein fyrir þessu.

Um aðrar brtt. get ég verið fáorður. Ég fylgi brtt., er hv. fjhn. hefir samþ., enda er þar um að ræða lagfæringu á frv. Þá vil ég samþ. brtt. á þskj. 156, frá hv. þm. Vestm., þar sem gert er ráð fyrir, að lýsisframleiðendum sé endurgreiddur tollur af lýsissóda. Að vísu hefir milliþn. lækkað tollinn, en mér finnst ekki nema sjálfsagt, að tollur af þessari vöru sé endurgreiddur eins og af öðrum vörum, sem hafðar eru til framleiðslu á útflutningsafurðum.

***Frsm. (Magnús Jónsson)**: Við ræddum hér í gær að nokkru brtt. hv. 1. landsk., svo að ég þarf nú fáu að svara.

Ég vil leiðrétta það, sem hv. þm. hafði eftir mér, að þó að við störfuðum mörg ár að tollskránni, þá myndi hún samt standa til bóta. Ég sagði, að við mættum bíða í mörg ár eftir því, að enginn gæti komið með brtt. við tollskrána, því að fulltrúar einstakra stétta eða hópa manna munu alltaf koma með brtt., enda mun skráin löngum standa til bóta. En munurinn á till. okkar fjhn.-manna og till. hv. þm. er sá, að okkar till. miða allar til aukins samræmis, en till. hans

miða burt frá samræmingu, kippa hinu og þessu út úr og setja í lága hráefnataxta.

Hv. þm. ræddi aftur um cif-verðið og þá gífurlegu tollahækkun á matvælum, sem af því leiddi. Hér hefir nú verið útbýtt til hv. þm. útreikningi, þar sem miðað er við 100% álagningu, og það sýnir sig, að þar er um svo litla hækkun að ræða, að hæpið er, að hún komi fram í vöruverðinu. Náttúrlega gætu farmgjöldin hækkað um mörg hundruð prósent, og yrði þá að taka þetta aftur til athugunar. En með 100% hækkun er það nú ekki stórkostlegra en þetta, svo að farmgjöld verða að hækka mjög mikið, ef það á að hafa áhrif á útsöluverð vörunnar. Það er náttúrlega leitt, að hækkunin skuli þurfa að lenda á þessum nauðsynjum. En ef svo herðir að, að ekki verður flutt til landsins annað en nauðsynjar, hvar á þá að taka tollana, ef ekki af nauðsynjunum? Verðhækkunin nemur hér meira. Hún hækkar verðtollinn án tillits til þess, hvort reiknað er cif eða fob. — Ég þarf ekki að ræða um rökstuddu dagskrána. Hún gengur út á það sama og till. hv. þm., sem felld var hér í gær.

Þá talaði hv. þm. um, að vont væri að innleiða svona breytingar eins og nú stæði á. Það er rétt, að auðvitað væri betra að geta miðað löggjöfina við venjulegt ástand. En ég tel, að n. hafi verið svo íhaldssöm sem hægt var í þessu efni, þó að ég viti ekki, hvort það eru meðmæli í augum þessa hv. þm.

Hv. 10. landsk. taldi hækkunina mjög mikla á tollum yfirleitt. En hér er í rauninni bæði um hækkun og lækkun að ræða. Menn eru yfirleitt nærmari á hækkanirnar. Í grg. n. má sjá, að víða hafa verið gerðar lækkanir. Að vísu er gert ráð fyrir allmikilli hækkun á vefnaðarvöru og skófatnaði, en þar eru líka lækkanir á stórum vöruflokkum. Sumstaðar stafar þetta af því, að n. reyndi að fá tolltaxtana færri en áður, og tel ég það kost.

Hv. þm. sagði, að ekki hefði komið frá milliþn. annað en þessi tollskrá. Það er rétt, en n. er að starfa að öðrum verkefnum sínum. Og ég held, að það verði að teljast æríð verk að skila þessu frv. til tollskrár á einu ári, því að samning tollskrár hefir alstaðar reynzt geysimikið verk.

Mér kemur það á óvart, ef hv. þm. er á móti því að reikna tolla af cif-verði, því að í fjhn. hefir hann einmitt mælt með þessu. Hygg ég því, að hann sé ekki á móti þessu nú fremur en áður, en blandi saman þeirri grundvallarreglu að reikna tolla af cif-verði og þeim örðugleikum, sem stafa af því, að nú er stríðsástand. Þetta ástand ruglar auðvitað margt, en því má ekki blanda saman við þá meginreglu, sem lögð er til grundvallar við tollaútreikning.

Um einstakar till. hv. 10. landsk. á þskj. 155 þarf ég ekki að ræða. Það er um það að ræða að lækka kaffi- og sykurtoll og taka tollinn algerlega af kornvöru. Hv. þingd. verður að taka afstöðu til þess, hvort hún treystir sér til að gera þetta, hvort hún sér það fært fjárhagsins vegna. Þá er gert ráð fyrir því, að niður sé felldur lyfjatollur. Þetta hljómar að vísu vel, og hefir milliþn. fengið bréf frá stj. sjúkrasamlaganna, þar sem farið er fram á þetta. Hér er raunar ekki að ræða um vörutegundir, sem séu meiri nauðsynjavörur en allar aðrar. Það er einn ókostur við sjúkrasamlögin, sá, að menn eta og drekka ósköp af meðulum, án þess að ég sé að mæla á móti sjúkrasamlögum að öðru leyti. En það eru til mörg hundruð vörutegunda, sem eru nauðsynlegri en lyfin, og ég held, að þjóðin væri litlu lakar sett hvað heilsufar snertir, þó að 90% væru tekin burt af meðulunum. Hv. þm. ætti að lesa ritgerð eftir flokksbróður sinn, landlæknirinn, um nauðsyn meðala. Auk þess eru fremur vægir tollar á meðulum. Fyrir sjúkrasamlögin geta þeir raunar numið allmiklu, en fyrir einstaklinga breyta þeir ekki miklu.

Hv. þm. efast um, að milliþn. hafi gert sér grein fyrir þeirri hækkun, sem breytingin í cif-verð orsakaði. Hún gerði sér nú þá grein fyrir þessu, að hún lét reikna alla liði tollskrárinnar eftir því, og er þetta prentað í fylgiskjölunum, sem tollskránni fylgja. Er ekki hægt að gera sér betur grein fyrir þessu en á þann hátt.

Þá hvarflaði hv. þm. aftur að stríðsástandinu og spurði, hvort ekki sé hægt að leggja til grundvallar venjulegar „fragtir", sem gilda á eðlilegum tímum. Þetta mætti auðvitað gera, — en hví þá ekki líka að leggja til grundvallar normalt vöruverð, þar sem líka flutningskostnaður er hverfandi lítill hlutfallslega. Annars sé ég ekki, hvernig ætti að framkvæma slíkt. Það yrði þá að nema allt úr gildi viðvíkjandi faktúrum og svo framvegis.

Þá taldi hv. þm. það líka lakara, að n. hefði lagt til grundvallar þau árin, sem innflutningshöftin voru sem mest og innflutningur þess vegna lítill. Það er rétt, að n. hefir miðað við þessi ár. Hún tók ástandið eins og það er og sá ekki að hægt væri að leggja til grundvallar aðra tíma en voru, er hún var að starfa, og verða myndu auðsjáanlega enn um nokkurt skeið. Ég er sjálfur andvígur innflutningshöftum, en álít þó, að innflutningur myndi ekki aukast verulega, þó að höftin væru afnumin nú þegar. Það dugar ekki að gera sér hillingar um eðlilegt ástand og miða áætlanir um tolltekjur ríkisins við það. Ég veit líka, að hv. þm. myndi aldrei fara þannig að, ef hann ætti að bera ábyrgð á fjárhag ríkissjóðs. Honum myndi ekki detta í hug að byggja ráðstafanir sínar á normalástandi.

Hv. þm. spurði, af hverju ætti ekki að lækka eins toll á öllu leðri. Það er vegna þess, að sóleður er ekki hægt að framleiða hér, en aftur á móti fullyrða menn, að ýmsar aðrar leðurtegundir, svo sem vatnsleður o. fl., megi framleiða hér.

Þá er síðasta brtt. hv. þm., er hann vill breyta orðunum „skal allt að einu" í: er allt að einu heimilt, o. s. frv. Hann spurði í þessu sambandi, hvort ætti að reikna eftir farmgjaldataxta gufuskipafélaganna, sem sigla hér í föstum ferðum, eða eftir þeim farmgjöldum, sem gerast þegar um er að ræða, að heilir farmar eru fluttir af einhverri einstakri vörutegund.

Sem stendur á að reikna eftir almennum sendingarkostnaði. Séu það vörur eins og t. d. síldartunnur eða sement, sem hvorttveggja kemur oft í heilum förmum, þá ber að reikna hið venjulega flutningsgjald á slíkum flutningum. Það væri ekkert vit að reikna eftir meira eða minna

tilbúnum töxtum. Þá vil ég benda hv. þm. á, að breyting sú, sem hann hyggst gera með brtt. sinni, er alls engin; það yrði í báðum tilfellum ekki annað en heimild til að reikna eftir öðrum taxta. Og hvaða vald er það, sem úrskurðar, hvort reikna skuli eftir öðru gjaldi en tilgreint er? Það er alveg sama vald, sem ákveður, hvort um óeðlilegan flutningskostnað sé að ræða, og ákveður því, hvort nota skuli heimildina til að leggja annað verð til grundvallar við útreikning tollsins. Þetta breytir sem sé engu; tollyfirvaldið hefir í báðum tilfellum heimild til að meta kostnaðinn og hvort hér sé verið að skjóta undan tolli.

Þá vil ég minnast á till. á þskj. 154. Ég minntist að vísu lítilsháttar á hana í gær, þótt hv. flm. væri þá ekki viðstaddur. Vegna þess að þetta er tillaga, sem kunn er úr áliti minni hl. milliþn., er þetta, eins og ég minntist á áður, atriði, sem aðeins verður skorið úr með atkvgr., hvort menn vilja í orði kveðnu lækka alla tolla um einhvern ákveðinn hundraðshluta, eða hvort menn vilja gefa heimild til þess að hækka þá með fjárlagaákvæði. Ég hefi tvennt við þetta að athuga. Annað er það, að þar yrði farið inn á nýstárlega braut, ef þingið færi að leggja skatta á með fjárlagaákvæði. Sú venja er á komin, að fjárlögin sæta sérstakri meðferð hér á Alþingi; þau eru aðeins rædd við þrjár umr. í Sþ., og er það gert vegna þess, að fjárl. eru sérstök að eðli til og þykja frekar versna við fleiri umr. Að taka svo jafnvandasama löggjöf og skattalöggjöfina og láta hana sæta sömu meðferð og fjárlögin, því tel ég ekkert vit í. Með því mundi hverfa einn aðalkostur tollskrárinnar, sem sé það, að hægt er þar að sjá í einu lagi, hvað á að borga af hverri vöru. Með hinni aðferðinni kæmist aftur á sami glundroðinn. Fyrst legðust 10% á hér, svo 11 og 12%, og svo yrði að fara að reikna allt út aftur. Ég er hræddur um, að gleði hv. flm. brtt. og annara, sem brtt. kunna að fylgja, yrði skammvinn þegar framkvæma ætti þetta. Ætli ekki yrðu lögð á 25% í fyrstu fjárlögum? Mér sýnist útlitið þannig, að þeim, sem ábyrgð bera á tekjum ríkissjóðs, þyki ekki vanþörf á að bæta kjör hans. Og hverju væru menn þá bættari með það, að færa þetta ákvæði þannig fram og aftur?

*__Erlendur Þorsteinsson:__ Við hv. 1. þm. Reykv. gætum vafalaust stælt nokkuð lengi um þessa brtt. mína og ýmislegt annað í því sambandi. En ég vil leyfa mér að benda á, að það er mikill munur á því, hvort tollur hækkar ákveðið um 25%, eða hvort heimild er til þess, sem ekki yrði notuð nema sérstakar ástæður væru fyrir hendi, eins og e. t. v. má segja, að séu nú. Ég fæ ekki séð, að ekki sé betra að greiða háan toll í eitt ár en að fastbinda þá hækkun fyrir framtíðina, eins og verða mundi eftir till. milliþn. Ég hygg, að hver einasta lækkun á tollum sé til góðs.

Út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um brtt. mína, um muninn á heimild og skyldu, þá er þar á reginmunur að mínum dómi. Þar sem skylda hvílir á, er það ófrávíkjanlegt skilyrði, að svona skuli eitt eða annað vera, en sé það heimild, er hægt að láta ákvæðið gilda. Ég vil láta breyta þessu vegna þess, að ef einhverjir komast að betri kjörum með flutningskostnað en algengt er, þá fái þeir að njóta þess, en menn verði ekki neyddir til þess að greiða ákveðið gjald. Væri frv. samþ., yrði að gera það, vegna þess að það væri skylda.

Hv. 1. þm. Reykv. var að bera blak af milliþn. um það, að hún hefði ekki gert sér grein fyrir muninum, sem er á því að reikna toll af cif-verði í stað fob-verðs. Ég hefi ekkert á móti því, að það sé reiknað af cif-verði, en tel hinsvegar, að nefndinni hafi borið skylda til þess að gera grein fyrir, hverju munurinn á þessu tvennu nemur, sérstaklega áður en milliþn. ber fram frv. um tollahækkun á ýmsum nauðsynjavörum, sem eru þungavörur. Á fundi hjá okkur í fjhn. mætti forstjóri grænmetisverzlunar ríkisins. Hann lagði fram útreikninga og tölur og sýndi fram á, að tollur af ýmsum vörutegundum væri 15—20% hærri skv. tollskrárfrv. milliþn. heldur en áður hefir verið, og svo mun vera um enn fleiri vörutegundir. En rétta leiðin til að fá rétta mynd af þessum mun, sem milliþn. fór þó ekki, hefði verið að láta nokkrar verzlanir reikna út, hver tollurinn er á hverri ákveðinni vörutegund, og fara svo eftir því.

Þá mun og koma fram tollahækkun á fleiri vörutegundum en milliþn. vill vera láta.

Ég ætla ekki að fara að stæla um nauðsyn lyfja, það er ekki sök milliþn., þótt einstöku læknar eða lyfsalar kunni að misnota innflutning þeirra, en allir munu viðurkenna, að lyf, a. m. k. sum lyf, eru ómissandi, og hár tollur á þeim kemur mest niður á þeim, sem fátækastir eru og bágast eiga, því fæstir neyta þeirra aðrir en þeir, sem sjúkir eru, og þá oftast um leið báglega staddir að öðru leyti.

Ég vil benda hv. 1. þm. Reykv. á, að ekki er nema eðlilegt, að milliþn. komi með nokkur rök fyrir því, hvers vegna eðlilegt sé, að hún miði innflutninginn við það, sem hann hefir verið lægstur. Það þarf hreint ekki svo mörg ár aftur í tímum til þess að meiri innflutningur komi í ljós en sá, sem hún miðar við, og þarf ekki heldur að verða langt í land með að innflutningurinn aukist frá því, sem nú er.

Ég man ekki, hvort það var nokkuð annað, sem sérstaklega þurfti að taka fram í sambandi við ræðu hv. 1. þm. Reykv., en vona, að hv. þdm. sjái nauðsyn þess að samþykkja brtt., sem ég hefi lagt fram.

*__Brynjólfur Bjarnason:__ Herra forseti! Ég hefi því miður ekki tíma til þess að fara nákvæmlega út í það, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni áðan. Ég vil aðeins segja það, að ég get ekki skilið, í hverju það liggur, að mín brtt. valdi meiri ruglingi og ósamræmi í tollskránni en till. fjhn. Till. mín fer aðeins fram á að lækka tolla á ýmsum nauðsynlegum þungavörum til iðnaðar. Ef samræma á alla tollskrána, þá þyrfti að gera miklu fleiri till. en hv. fjhn. hefir gert, en það er hægt að laga smátt og smátt, með því að bera fram brtt. jafnóðum og frv. um tollskrá kemur til meðferðar og tími vinnst til að athuga það.

Viðvíkjandi farmgjöldunum og því, hvort eðlilegt sé að reikna toll af cif-verði, vil ég leyfa mér að segja, að eðlilegt er, enda þótt hv. 1. þm. Reykv. vilji ekki skilja það, að tollur sé ekki reiknaður af farmgjaldi eins og það er nú, né af stríðsvátryggingu, þar sem með því er verið að hækka óheyrilega dýrtíð á flestum nauðsynjavörum, en tollurinn þá ekki lengur miðaður við eðlilegt verð varanna. Er þá komið inn á allranglátan grundvöll, ef taka á toll af flutningsgjöldum nauðsynjavara til landsins. Ég tel ekki, að ástandið sé enn svo slæmt, að um slíkar ráðstafanir þurfi að ræða. En fari svo, að slíks gerist þörf, þá verður það áreiðanlega síðasta ráðstöfunin, sem gera á að mínum dómi, sem sé að grípa til þess að auka dýrtíðina í landinu til þess að auka tolltekjurnar. Ef slíkt þarf að gerast, þá verðum við að taka öll okkar fjármál til rækilegrar endurskoðunar, sem og fjárlögin, en hitt ætti að vera það síðasta, sem gert yrði.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. landsk. þm. felld með 10:1 atkv.

Brtt. 144 tekin aftur.

— 154,I felld með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BrB, ErlÞ, SÁÓ.

nei: ÞÞ, ÁJ, BSt, BSn, HermJ, IngP, MG, MJ, PHerm, PZ, EÁrna.

Tveir þm. (JJ, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 271,I.1 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 155,I.1 felld með 10:3 atkv.
— 158,I.1 kom ekki til atkv.
— 155,I.2 felld með 10:3 atkv.
— 158,I.2 felld með 9:1 atkv.
— 155,I.3 felld með 9:3 atkv.
— 158,I.3 felld með 9:1 atkv.
— 160,I.1 felld með 9:3 atkv.
— 271,I.2 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 271,I.3—5 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 158,I.4 kom ekki til atkv.
— 160,I.2 felld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, PZ, SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ.

nei: MJ, PHerm, ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, EÁrna.

Tveir þm. (JJós, JJ) fjarstaddir.

Brtt. 160,I.3 felld með 9:5 atkv.
— 155,I.4 felld með 10:3 atkv.
— 158,I.5 kom ekki til atkv.
— 158,I.6 felld með 9:1 atkv.
— 271,I.6—10 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 271,I.11—28 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 155,I.5 (fyrri liður) felld með 9:4 atkv.
— 155,I.5 (síðari liður) felld með 10:3 atkv.
— 158,I.7 þar með fallin.
— 158,I.8 felld með 9:1 atkv.
— 271,I.29—42 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 160,I.4—10 felld með 9:1 atkv.
— 155,I.6 felld með 9:3 atkv.
— 158,I.9 þar með fallin.
— 271,I.43 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 155,I.7 felld með 9:3 atkv.
— 155,I.10 þar með fallin.
— 158,I.11 felld með 9:1 atkv.
— 160,I.11 felld með 9:2 atkv.
— 158,I.12 felld með 9:1 atkv.
Brtt. 271,I.44 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 271,I.45 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 271,I.46 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 158,I.13—14 kom ekki til atkv.
— 271,I.47 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 158,I.15 felld með 9:1 atkv.
— 158,I.16 felld með 9:1 atkv.
— 158,I.17 felld með 9:1 atkv.
— 155,I.8 felld með 9:3 atkv.
— 158,I.18 felld með 9:1 atkv.
— 158,I.19 felld með 9:1 atkv.
— 271,I.48 samþ. án atkvgr.
— 158,I.20 felld með 9:1 atkv.
— 158,I.21—22 felldar með 11:1 atkv.
— 271,I.49 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 158,I.23 felld með 10:3 atkv.
— 160,I.12 felld með 9:5 atkv.
— 160,I.13—14 felldar með 9:3 atkv.
— 158,I.24 felld með 10:1 atkv.
— 158,I.25 felld með 11:1 atkv.
— 160,II felld með 9:4 atkv.
— 158,II felld með 10:1 atkv.
— 156 kom ekki til atkv.
— 271,II samþ. með 13 shlj. atkv.
— 155,II felld með 10:1 atkv.
— 271,III samþ. með 12 shlj. atkv.
— 271,IV samþ. með 12 shlj. atkv.
— 154,2—3 teknar aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 58. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 280).

Á 59. fundi í Nd., 14. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég sé í raun og veru enga ástæðu til að ræða mikið um þetta mál.

Þetta frv. er samið af milliþn. í skatta- og tollamálum og er undirbúið að öllu leyti af þeirri n. Vil ég leyfa mér að mælast til þess, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til *fjhn.*

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 280, 309, n. 460).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég mun ekki gera frekari grein fyrir brtt. n. heldur en þá, sem gerð er í nál. Sú grg. er stutt, og munu þm. kynna sér hana. N. leggur til, að frv. verði samþ. vegna þeirra höfuðkosta, sem því fylgja. Hér eru öll tollalög sett saman í einn bálk, bæði gömlu tollalögin og önnur viðskiptalög, sem nú gilda. Þetta veldur miklum þægindum fyrir þá, sem hafa framkvæmd tollalöggjafarinnar á hendi, og er líka þægilegra fyrir þá, sem hafa innflutning með höndum. Þá má segja, að það valdi ekki

síður þægindum fyrir löggjafann að laga síðar það, sem miður kann að fara í tollalöggjöfinni.

Það liggur í augum uppi, að um svona lagabálka geta aldrei allir orðið sammála. Það má líka búast við, að þó að frv. sé rækilega undirbúið, kunni að felast í því gallar, sem ekki verða leiðréttir fyrr en þeir, sem framkvæmdina hafa með höndum, hafa sannfærzt um, að annað mætti betur fara. N. hafa borizt margar aths. frá ýmsum iðnfyrirtækjum, og hefir hún leitazt við að afgr. þessi erindi með einni till. Efni þessarar till. er það, að áður en næsta reglulegu Alþingi er lokið, megi endurgreiða tolla, ef það sannast, að hrávörur fyrir innlendan iðnað sæti lakari kjörum en fullunnin samskonar vara af erlendum uppruna. Ég held þessi breyt. n. megi sætta flesta þá, sem stunda íslenzkan iðnað, við afgreiðslu frv. eins og nú er.

Í frv. er aðallega gengið út frá vörumagnstolli og verðtolli. Þessir tollar hafa hvor sinn kost og standa vel hvor með öðrum. Það er ekki nema sanngjarnt, að verðtollur breytist við það, að innkaupsverð — og þá einnig fragt — eykst, því að ríkissjóður stendur sannarlega ekki fyrir utan allt, sem skeður í þjóðfélaginu. Þvert á móti vex útgjaldaþörf ríkisins við það, að allt verð hækkar. Þar má m. a. nefna skyldur ríkisins til þess að hækka laun starfsmanna sinna, þegar það verðlag, sem þeir hafa átt við að búa, hækkar. Ég treysti því, að ríkið verði sæmilega við slíku ákvæði. Það er ekki nema sjálfsagt, að reynt sé að sjá svo um, að ríkistekjurnar séu sem eðlilegastar og að þær fari hækkandi miðað við dýrtíðina.

Ég skal nú ekki fara neitt sérstaklega út í hvern einstakan lið þessa frv. eða þær brtt., sem fram eru komnar. Það liggur í augum uppi, að það má lengi deila um einstaka liði, og að miklu leyti er svona lagabálkur eins og þessi ekki aðallega viðfangsefni þingn., heldur fyrst og fremst milliþn. Þegar um það er rætt, hvort ríkið eigi að fá meiri eða minni tekjur af slíkum breyt., má halda mörgu fram. Ég býst við, að flestir muni telja, að eftir þessu frv. verði tekjurnar snöggt um meiri en verið hefir eftir eldri tollalögum. Það er mjög erfitt að áætla um slíkt; það getur skakkað hundruðum þús. Út í þá hluti skal ég ekki fara nánar hér, en það eitt er víst, að eftir öllu því ástandi, sem nú ríkir í heiminum, og að nokkru leyti á okkar landi, mun ríkið þurfa meiri tekjur á næsta ári en verið hefir hingað til.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta frv. Þótt ýmislegt megi að því finna, hefir það slíka kosti í allri framkvæmd, bæði fyrir þá, sem innheimta tollana, og eins fyrir hina, sem eiga að greiða þá, að n. hefir orðið sammála um, að það beri að afgr. það á þessu þingi.

***Ísleifur Högnason:** Síðan tollskráin var lögð fyrir þingið, hafa orðið allmiklar breyt. á öllu verðlagi. Þess má geta til dæmis, að verð á kornvörutegundum hefir tvöfaldazt, og má búast við, að næsta sending verði allt að því þrefalt dýrari en áður en stríðið brauzt út. Þessi verðhækkun stafar m. a. af því, að flutningsgjaldið hefir margfaldazt á þessum tíma. Ef frv. hefði verið samþ. eins og það lá fyrst fyrir, hefði hækkunin numið um 700 þús. kr. Með því að verðtollurinn er miðaður við verð vörunnar kominnar hingað til landsins, hlýtur þessi breyt. ein að leiða af sér hækkun á tollvöru, sem nemur þúsundum ef ekki miljónum króna. Þinginu barst frá ölgerðinni Agli Skallagrímssyni sú niðurstaða af rannsóknum hennar, eð efnivörur myndu hækka mikið, og kemst þetta fyrirtæki að þeirri niðurstöðu, að hækkunin mundi nema um 73%. Það kann að vera, að þarna sé um meiri hækkun að ræða en meðallag af allri tollskránni, en samt sem áður sér hver maður, að breyt., sem orðið hefir á flutningsgjaldi, hlýtur að raska öllum útreikningum, sem gerðir voru þegar tollskráin var samin. Við höfum leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 309, sem er shlj. þeirri brtt., sem hv. 1. landsk. bar fram við tollskrána í Ed.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns, hefir verð á kornvöru hækkað geysilega. Það er líka vitað, að laun verkamanna, þeirra, sem lægstar tekjur hafa, hafa ekki hækkað. Það er því alveg sýnilegt, að með þessari verðbreyt. getur þetta fólk ekki einu sinni keypt nægilega mikið af kornvörutegundum, og eins og nú standa sakir, er skortur tilfinnanlegur meðal fátæka fólksins. Það er ekki útlit fyrir atvinnuaukningu á næstunni, meira að segja við afgreiðslu fjárl. er búizt við því, að vinna við ýmsar verklegar framkvæmdir verði minni en árið, sem leið.

Það hníga því öll rök að því, að þingið verði að gera það, sem hægt er til þess að minnka dýrtíðina, en ekki að auka hana, eins og farið er fram á með tollskránni. Aftur á móti er hér á Alþingi komið fram frv. um að auka lögregluna, sem mun ef til vill kosta stórfé, kannske milljónir króna. Nú veit maður ekki, hvað til stendur, en það má gera ráð fyrir, að varalögreglan muni verða notuð út í yztu æsar.

Aðrar breyt., sem mestu skipta í brtt. okkar, eru þær, að verðtollur á ýmiskonar fatnaði, sokkum, vettlingum, innri og ytri fatnaði, verði lækkaður frá því, sem tollskráin gerir ráð fyrir, eða úr 50% í 20%. Hækkunin, sem tollskráin ákveður, kemur mjög tilfinnanlega niður á vinnandi fólki í landinu, og álítum við þess vegna nauðsynlegt að breyta þessu atriði. Ef ekki verður samþ. veruleg lækkun við þessa umr. samkv. okkar till., þá munum við þegar til 3. umr. kemur, flytja dagskrártill. um að fresta afgreiðslu málsins til næsta þings, en þangað til sé málið rannsakað að nýju af milliþn., með tilliti til þeirra breyt., sem orðið hafa á verðlagi síðan tollskráin var samin.

Jón Ívarsson: Ég álít, að því beri að fagna, að fyrir þinginu liggur nú frv. til nýrrar tollskrár, fyrst og fremst vegna þess, að á síðustu árum hefir verið bætt tollum á tolla ofan, og fer naumast hjá því, að tollinnheimtan víða um land hafi verið í miklu ósamræmi, vegna þess ruglings, sem hinir margskonar tollar sköpuðu. — Þetta er, eins og öllum er ljóst, stórt og merkilegt mál og mjög þýðingarmikið, hvernig því reiðir af á þessu þingi. Hinsvegar er tími orðinn naumur

til afgreiðslu þess. Þetta mál er jafnvel meira stórmál en sjálf fjárlögin, vegna þess að það grípur inn í allan innflutning til landsins.

Þess er varla að dyljast, að frv. hefir í för með sér miklar tollahækkanir, enda hefir milliþn. sjálf, sem undirbjó frv., gert ráð fyrir því, jafnvel þótt miðað væri við verðlag fyrir stríð, hvað þá nú, með því verðlagi, sem orðið er, og þar sem sú regla hefir verið upp tekin að leggja cif-verð vöru til grundvallar tollútreikningi, í stað fob-verðs áður. Hér er því um hið mesta vandamál að ræða, sem menn þó ekki geta skotið sér undan.

Ég ætla ekki að ræða hér, hvernig vörum er skipt í tollflokka, en mér finnst það þó hart, ef nauðsynlegt er að hafa byggingarvörur hátt tollaðar. Við vitum, að okkar land er snautt af þessum efnum, og verðum við því að flytja byggingarefni til landsins frá öðrum löndum. Það er því harðleikið að þurfa að tolla sement og algengt timbur mjög hátt. Eins og tollskráin nú liggur fyrir, er ætlazt til, að vörumagnstollur af sementi nemi af 100 kg. 55 aurum og 8% verðtollur. Á timbri á að verða 10 aura vörumagnstollur á teningsfet og 8% verðtollur. Tollur á einni tunnu af sementi myndi með þessu móti verða allhár, eða 90 aur. til 1 kr. vörumagnstollur. *Hitt er ekki gott að áætla, en gera má ráð* fyrir, að tollurinn alls verði allt að 3 kr. á tunnu. Þetta þykir mér býsna há fjárhæð, þegar litið er á það, að timbrið er líka hátollað. Það má svara því, að núverandi tollur sé hár, en hingað til hefir tollurinn verið miðaður við fobverð, en ekki cif-verð. Nú þegar við tvöfalt verð vegna stríðsins bætist flutningskostnaður, sem taka á tillit til þegar tollur er reiknaður, þá er hér um mikla tollhækkun að ræða. — Um þetta atriði mun ég ekki hafa fleiri orð, en önnur atriði frv. vil ég minnast lítilsháttar á.

Það er þá fyrst í sambandi við cif-verðið. Þegar vörur eru fluttar inn í stórum stíl, margar tegundir í einu, þá er ekki fragtin sundurliðuð fyrir hverja vörutegund, heldur einn reikningur gerður fyrir öllu saman. En til þess að fá út hinn rétta grundvöll fyrir tollálagningu eftir þessu frv., þarf að ákveða flutningsgjald hverrar vörutegundar fyrir sig. Þetta verður að minni hyggju mjög mikið verk, og er það afleiðing þess, að cif-en ekki fob-verð er lagt til grundvallar. Annað er það, að ekki er ætlazt til, að raunveruleg flutningsgjöld, sem greidd eru á hverjum tíma, séu lögð til grundvallar við tollálagningu, heldur það flutningsgjald, sem almennt er talið gildandi. Ef eitthvert fyrirtæki kemst að sérstaklega hagkvæmum samningum um flutningsgjöld, þá fær það ekki að njóta þeirra við tollútreikninginn, heldur verður þá farið eftir almennum flutningsgjöldum. Þetta virðist mér vera galli á löggjöfinni, sem þurfi að taka til athugunar áður en málið fær *fullnaðarafgreiðslu* á þinginu. Það er algengt, að menn fá stundum mikinn afslátt af vörum, sem keyptar eru frá útlöndum. Getur þessi afsláttur numið jafnvel 50% af verði því, sem reikningar hljóða um eða meira jafnvel. Samkvæmt tollskránni á ekki að taka tillit til þessa afsláttar, heldur miða við brúttóverð á innkaupsreikningi. Með þessu er ekki miðað við hið raunverulega verð, þar sem ekki er leyft að taka tillit til afsláttarins. Þetta getur munað allmiklu þegar um verðháar vörur er að ræða. — Þá þykja mér það ennfremur gallar á þessari löggjöf, að innflytjendur skuli þurfa að afhenda tollyfirvöldum afrit eða samrit af innkaupsreikningum, — *ekki aðeins meðan á tollútreikningi* stendur, heldur alveg til eignar og umráða, ef svo mætti kalla, svo eiga tollyfirvöld að hafa aðgang að verzlunarbókum manna og bréfaviðskiftum milli seljanda og kaupanda vöru eftir geðþótta tollmanna. Ég get búizt við, að ýmsum verzlunum þyki bæði þessi atriði óaðgengileg, og mér finnst þau þannig vaxin, að full ástæða væri til þess, að n. athugaði þau nánar, enda eru um þau skiptar skoðanir. Enn er það í sambandi við flutningsgjöld varanna, að sumstaðar hagar svo til, að kaupa þarf dýran flutning á þeim milli hafna innanlands. Ég hefi ekki getað gert mér alveg ljóst, hvort tollskráin ætlast til, að þetta flutningsgjald verði einnig lagt til grundvallar þegar verðtollur er reiknaður, en þó skilst mér, að svo muni vera. Ef svo er, þá er þetta ákvæði afaróaðgengilegt. Fyrst þurfa þær hafnir, sem verr liggja við skipaleiðum, að greiða hærra flutningsgjald, og ekki nóg með það, heldur verður þetta aukaflutningsgjald til þess, að hærri verðtollur kemur á vöruna líka. Í 10. gr. stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Ef vara er send lengra en til fyrstu tollhafnar, er hægt hefði verið að afferma hana, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað, sem sá framhaldsflutningur hefir valdið, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.“ Eftir þessu er heimilt að taka tillit til aukafarmgjaldsins, en eigi skylt. Nú teldi ég æskilegra, að n. tæki þetta atriði til athugunar fyrir 3. umr., því að svo ósanngjarnt sem það kann að virðast að leggja cif-verð til grundvallar verðtollsálagningu, þá er þetta þó svo ósanngjarnt, að það má með engu móti standa í frv. eins og það verður endanlega afgr. frá Alþingi.

Vil ég þá ekki að þessu sinni þreyta d. á lengri umr.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Út af ræðu hv. þm. A.-Sk. vil ég lýsa yfir því fyrir hönd n., að hún mun á milli 2. og 3. umr. taka nokkur atriði þessa máls til athugunar, og þá m. a. það, sem hv. þm. drap á. En ég hygg, að erfitt muni vera að fara eftir hans óskum að öllu leyti, eins og t. d. því, að láta menn við tollgreiðslu njóta þess, ef þeir hafa náð sérstaklega hagkvæmum samningum um flutningsgjöld. Ákvæðið er svona orðað í frv. til þess, að undir öllum kringumstæðum sé hægt fyrir lögreglustjóra eða tollstjóra að hindra tollsvik. Tollgæzlumönnum er vel kunnugt um það, hver eru algeng flutningsgjöld, bæði með skipum, sem sigla reglubundið, *og hinum, sem leigð eru sérstaklega til flutninga.* Það er engin ástæða til að ætla annað en að menn njóti allra eðlilegra kjara, sem þeir hafa aflað sér um flutningsgjöld. — Um afsláttinn er það að segja, að menn eru og verða látnir greiða verðtoll af réttu verði varanna, þótt þeir kunni að fá frá því einhvern afslátt. Er þetta gert til þess að koma í veg fyrir, að menn fái uppgef-

inn allskonar afslátt, sem raunverulega væri svo ekki til annars en að villa tollgæzlumönnum sýn. — Hvað snertir heimild til að skoða verzlunarbækur og bréfaviðskipti kaupenda og seljenda vöru, þá er það ákvæði hliðstætt t. d. heimild skattyfirvalda í sambandi við eftirlit um, að tekjuskattslögum sé fylgt. Það er nauðsynlegt að hafa um svona hluti mjög almenn og víðtæk ákvæði til þess að öruggt sé, að komast megi fyrir lagabrot, ef grunur leikur á um slíkt. Í framkvæmdinni er þetta hinsvegar allt mildara en sjálfur lagabókstafurinn gefur beint tilefni til að halda. — Um aukaflutningsgjaldið milli fyrstu tollhafnar og endanlegs ákvörðunarstaðar er gert ráð fyrir, að verðtollur verði aldrei reiknaður af því. En orðalagið á 10. gr. frv. um tollskrá er svona vegna þess, að það þarf að leggja sönnunarskyldu á vörueigandann um það, hve aukaflutningsgjaldið sé mikið. En þó er þetta til athugunar, hvort ekki megi í meðferð málsins breyta orðinu „má“ í „skal“. Þó tel ég réttara að setja um þetta reglugerðarákvæði en breyta lögunum.

Finnur Jónsson: Ég vil beina því til hv. frsm. n., hvort hann vilji ekki athuga til 3. umr. tvö atriði varðandi síldarútveginn sérstaklega. Ég hygg, að á bls. 5 í tollskránni, ef ég man rétt, sé talið upp allskonar krydd og hversu það skuli tollast. Í frv. er hinsvegar gert ráð fyrir því, að toll af kryddi, sem fer til síldarverkunar, megi endurgreiða. Nú er það orðin venja, að síldarkryddið er flutt inn blandað í stað þess að blanda það hér, og tel ég, að komast mætti hjá vafningum og fyrirhöfn bæði fyrir fjármálaráðuneytið og aðra hlutaðeigendur, ef ákveðið væri í tollskránni, að blandað síldarkrydd skyldi vera tollfrjálst.

Í tollskrárfrv. er gert ráð fyrir 15% verðtolli af herpinótabátum. Nú er reynslan sú, að ekki hefir tekizt að smíða þessa báta innanlands svo að þeir jafnist á við hina erlendu. Ég hefi látið gera tvær tilraunir í þessu efni, og alls ekki getað fengið báta, sem jafngilda erlendum að efni og smíði. Ég vil því beina því til hv. frsm., hvort ekki væri rétt að hafa á bátum þessum sama toll og á skipum, þ. e. 2% í stað 15%.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. A.-Sk. sagði um flutningsgjaldið, þá tek ég undir það, að allhættulegt geti verið að reikna með almennri „fragt“ við verðtollsútreikning. Ef t. d. ætti að leggja til grundvallar fyrir alm. flutningsgjaldi gjaldskrá Eimskipafélagsins, þá yrðu þeir hart úti, sem flytja inn vörur í heilum skipsförmum. Mikið af þeim vörum, sem fluttar eru til landsins, er flutt fyrir gjald, sem er miklu lægra en Eimskipafélag Íslands tekur. Ég vil beina því til frsm., að athuga í n., hvort ekki sé hægt að ákveða, að leggja skuli samninga um flutningsgjald til grundvallar við tollálagningu, því að vitanlegt er, að í hvert skipti, sem skip er leigt til flutninga, er gerður um það sérstakur samningur, sem ekki eru nokkrar líkur til, að sé falsaður. En ef slíkir samningar eru lagðir fyrir tollyfirvöld og skyldu reynast nokkru lægri en hið almennt gildandi farmgjald, þá er harðleikið, að ekki skuli mega taka tillit til þess við tollákvörðun. Ég vil eindregið skora á hv. frsm. að athuga þetta fyrir 3. umr. Mætti þá skjóta ákvæði inn í frv. á viðeigandi stað um það, að farmgjaldssamningar skyldu lagðir til grundvallar við tollútreikning, þegar þeir væru fyrir hendi, þar eð þessir samningar eru þess eðlis, að engar líkur eru til þess, að ekki sé í þeim tiltekið hið rétta farmgjald.

Jón Ívarsson: Ég get að mestu fallið frá því, sem ég ætlaði að segja, því að hv. þm. Ísaf. hefir tekið af mér ómakið. Það virðist sjálfsagt að taka hið raunverulega flutningsgjald til greina þegar tollur er lagður á. — Ég þakka frsm. undirtektir hans undir þau atriði, sem ég beindi til hans, og vona, að n. geri nokkrar breyt. á þessu fyrir 3. umr. En hvað því viðvíkur, að setja um það reglugerðarákvæði, að taka skuli aukaflutningsgjaldið hafna á milli til greina, verð ég að telja mjög vafasamt, að unnt sér að setja slíkt ákvæði afdráttarlaust í reglugerð, þar sem lögin orða þetta aðeins sem heimild. Teldi ég réttara að eiga ekkert á hættu með þetta, en taka skýrt fram í lögunum sjálfum, að þetta flutningsgjald skyldi draga frá áður en til tollálagningar kemur.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Í frv. er, eins og bent hefir verið á, ekki gengið út frá því sem ófrávíkjanlegri reglu, að tollur sé greiddur af því flutningsgjaldi, sem út hefir verið lagt. Hafa tveir þm. bent á tvö atriði, sem að þeirra dómi mæla gegn þessu. Er þá fyrst og fremst það, að komið geti fyrir, að menn fái hagkvæmari flutningsgjöld en venja er til að greiða, og sé því ekki nema sanngjarnt, að menn fái að njóta þess, og svo hitt, að ef ætti að miða t. d. við farmgjöld Eimskipafélags Íslands, þá gæti það orðið ósanngjarnt. Nú kemur það sjálfsagt ekki til greina að miða einungis við farmgjöld Eimskipafélagsins, nema þá við tollun þeirra vara, sem að öllum jafnaði koma með skipum þess félags. En þar fyrir utan eru margar aðrar vörur, eins og kol, olía, salt og byggingarefni, sem oftast kemur með skipum, sem sérstaklega eru leigð í því augnamiði, og myndi í framkvæmdinni verða gerður greinarmunur á þessu. En það, sem ég vildi taka fram, er það, að þótt eitthvað kunni að mæla á móti því að hafa þessa reglu í frv., þá vil ég biðja n. að athuga það til 3. umr., að eitt atriði a. m. k. mælir með því, að þessari reglu sé fylgt. Eins og við vitum eru flutningsgjöld nokkuð misjöfn til ýmissa staða á landinu. Sumar hafnir eru álitnar svo hættulegar, að skipaeigendur vilja fá hærri gjöld fyrir vörur þangað en til annara staða, og þannig mun það vera um allmargar smáhafnir. Þess vegna verður það svo, að í mörgum tilfellum verða menn að leigja skip til þessara hafna og fá fluttar þangað vörur með lakari kjörum en t. d. til Reykjavíkur. Í þessum tilfellum finnst mér sanngjarnt að reikna ekki með raunverulega flutningsgjaldinu til þessara hafna, heldur almenna gjaldinu. Það er ósanngjarnt, að ofan á hærra flutningsgjald bætist einnig það, að þurfa að greiða hærri verðtoll. (**FJ:** Það er einmitt þetta, sem við óttumst.)

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vil benda á það í sambandi við tollskrárfrv., að það hljóta að stafa mikil vandræði af því að miða við cif-verð í tollútreikningi. Viðvíkjandi því, sem sagt hefir verið um flutningsgjaldið og kvartað undan því, að menn fengju ekki að njóta hagkvæmra „fragt" samninga þegar tollur væri reiknaður, þá finnst mér ósanngjarnt, að stórverzlanir, sem leigja sjálfar skip mjög ódýrt, skuli þess vegna einnig eiga að greiða lægri toll. Í samkeppninni myndi þetta verða þannig, að aðstaða hinna smærri atvinnurekenda yrði ennþá erfiðari en áður. Auðvitað má segja, að þetta flýtti fyrir þeirri þróun, sem er í þjóðfélaginu, en engu að síður kemur það óréttlátt niður. Það hefir verið minnzt á farmgjald Eimskipafélagsins. Það farmgjald er ekki hægt að leggja til grundvallar, því að þeir, sem mest flytja með skipum félagsins, fá geysimikinn afslátt. Það verður alltaf óréttlátt að miða við cif-verð, hvort sem óréttlætið kemur niður á stórum eða smáum. Það er því sjálfsagt að reikna með fob-verðinu, eins og lagt hefir verið til af þm. Sósíalistafl. Þá myndu menn einnig sleppa við þá gífurlegu verðhækkun, sem leiðir af því að reikna með cif-verði.

Finnur Jónsson: Ég vil gera lítilsháttar aths. út af ræðu hæstv. viðskmrh. Hann virtist skilja 10. gr. frv. þannig, að hægt væri að beita henni á þá leið, að reikna toll af lægra flutningsgjaldi en raunverulega hefði verið greitt. Ég tel, að alveg vanti ákvæði um þetta í 10. gr. Með leyfi hæstv. forseta segir svo í 10. gr.: „Þó að greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi, eða þó að greiddur sé annar sendingarkostnaður, sem er undir almennum sendingarkostnaði, skal allt að einu hið almenna flutningsgjald eða annar almennur sendingarkostnaður talinn í því tollverði, sem greiða skal af."

Hér er alstaðar talað um hækkun flutningskostnaðar, en ekki lækkun. Ef það er ætlun hæstv. viðskmrh., að hægt sé að láta greiða toll af lægri flutningskostnaði en raunverulega þarf að greiða til sumra staða, þá þarf að bæta í frv. ákvæði á þá leið, að ef greitt hafi verið hærra en almennt flutningsgjald, þá skuli tollgreiðsla samt sem áður miðast við almenna flutningskostnaðinn.

Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég gekk út frá því, að heimilt væri samkv. frv., að reikna eftir alm. flutningsgjaldi, hvort sem það væri hærra eða lægra en það, sem greitt hefði verið. En nú sé ég af því, sem hv. þm. Ísaf. segir, að ekki er öruggt, að ákvæði frv. verði skilin á þann veg, og vildi ég því alveg sérstaklega benda n. á að athuga málið með þetta í huga, og hvort ekki væri rétt að slá því föstu, að fjmrh. gæti ákveðið, að reikna skuli með almennu flutningsgjaldi, hvort sem hið raunverulega greidda gjald er lítilsháttar fyrir ofan eða neðan í einstökum tilfellum. Ég held, að þetta verði eina sanngjarna lausnin.

Menn finna að því hér, að sú regla var upp tekin að miða við cif-verð í stað fob-verðs. Ég á minn þátt í þessu, því að frv. þetta var undirbúið meðan ég var fjmrh. Þetta atriði var rætt mjög ýtarlega í n., og að vel athuguðu máli voru allir á einu máli um það, að þrátt fyrir það ranglæti, sem það hefir að sumu leyti í för með sér að reikna með cif-verði, þá sé það þó betra heldur en miða við fob-verð. Þegar miðað er við fob-verð, fer verðtollurinn raunverulega eftir því, hvar í heiminum varan er keypt, og hve mikill hluti verðs hennar er flutningskostnaður þegar hingað kemur, — hvort hún er keypt í upprunalandinu eða í landi, sem keypt hefir hráefnin og síðan unnið vöruna.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. Mín skoðun er sú, að komast megi hjá ósanngirni einmitt með því að miða við almenna farmgjaldið á hverjum tíma, þrátt fyrir alla farmgjaldssamninga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Nd., 18. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 309,I.1 felld með 19:4 atkv.
— 309,I.2 felld með 20:3 atkv.
— 309,I.3 felld með 26:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, HV, ÍslH.

nei: PHalld, PO, SEH, SK, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BÁ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, JÍv, JPálm, ÓTh, PHann, JörB.

4 þm. (GÞ, GG, HG, JakM) fjarstaddir.

Brtt. 309,I.4 felld með 20:3 atkv.
— 309,I.5 felld með 21:3 atkv.
— 309,I.6 felld með 20:3 atkv.
— 460,I.1 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 460,I.2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 309,I.7 felld með 21:3 atkv.
— 460,I.3 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 460,I.4 samþ. með 23:1 atkv.
— 309,I.8 felld með 21:3 atkv.
— 309,I.9 felld með 21:3 atkv.
— 309,I.10 felld með 21:3 atkv.
— 309,I.11 felld með 20:2 atkv.
— 309,I.12 felld með 19:4 atkv.
— 309,I.13 felld með 18:3 atkv.
— 460,I.5 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 309,I.14 felld með 21:3 atkv.
— 309,I.15 felld með 20:3 atkv.
— 309,I.16 felld með 19:3 atkv.
— 460,I.6 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 309,I.17 (3.—5. tölul. 54. kafla) felld með 19:3 atkv.
— 460,I.7 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 309,I.17 (7.—10. tölul. 54. kafla) felld með 21:3 atkv.
— 309,I.18 felld með 20:3 atkv.
— 309,I.19 felld með 19:3 atkv.
— 309,I.20 felld með 16:3 atkv.
— 309,I.21 felld með 16:3 atkv.
— 460,I.8 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 309,I.22 felld með 17:3 atkv.
— 460,I.9 samþ. með 18:2 atkv.
— 309,I.23 felld með 20:3 atkv.
— 309,I.24 felld með 18:1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 21:2 atkv.

Brtt. 460,II samþ. með 16:2 atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 460,III samþ. með 19 shlj. atkv.
— 309,II felld með 17:3 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
5.—17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 460,IV samþ. með 22 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
19.—29. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 460,V (ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22: 1. atkv.

Á 87., 88 og 89. fundi í Nd., 19., 20. og 21. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Nd., 22. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 501, 504, 509, 510, 540).

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Fjhn. hefir borið fram nokkrar brtt. við frv. þetta að þessu sinni, og er aðalbrtt. á þskj. 504, þar sem gert er ráð fyrir við verðtollsálagningu, að miðað sé við flutningsgjöld eins og þau voru fyrir stríð. Er till. þessi borin fram skv. ósk margra deildarmanna. Búast má við, að flutningsgjöld hækki enn nokkuð og gætu því valdið truflun við tollaálagningu, en hitt heldur nefndin fast við, að verðtollur leggist á ámóta há farmgjöld og voru fyrir stríð. Geri ég ráð fyrir, að hv. deildarmenn séu sammála um þessa till.

Þá er brtt. á þskj. 540, sem gerir ráð fyrir því, að verðtollur á sementi lækki úr 8% í 2%, og þar sem nefndin hefir borið fram þessa till., vænti ég, að flm. að brtt. á þskj. 510 geti fallizt á að taka sína till. aftur.

Ennfremur gerir nefndin það að till. sinni, að landabréf af Íslandi, þar með talin sjókort, verði gefin tollfrjáls. Hafði danska herforingjaráðinu verið lofað því, að landabréfin væru tollfrjáls, enda ekki nema eðlilegt, þar sem við getum ekki gert kortin sjálfir.

Ég hygg, að ekki þurfi að tala mikið fyrir till. n. um toll af hettum á mjólkurflöskur, akkerisvindum og herpinótabátum. Herpinótabátarnir eru hér settir í flokk með skipum, því að þeir þykja betri, sem keyptir eru frá útlöndum, en þeir, sem eru smíðaðir hér.

Þá er till. n., að skylt sé að endurgreiða aðflutningsgjöld af sykri og kryddi, sem notað er við verkun síldar og hrogna til útflutnings, og sömuleiðis af kryddvörum og sykri, sem notað er við niðursuðu matvæla til útflutnings. Þetta er í samræmi við ákvæðið um síldina og hrognin og er jafnnauðsynlegt, því að annars geta innlendar niðursuðuvörur ekki keppt við niðursuðuvörur á erlendum markaði.

Þá er III. brtt. á þskj. 540, sem gerir ráð fyrir því, að tollar hækki ekki, þótt greiða verði hærra flutningsgjald á einstaka stað vegna erfiðrar aðstöðu við affermingu. Tel ég, að þessi till. nái sama tilgangi og till. á þskj. 509 er ætlað, en hana má ekki samþykkja, því að hún truflar allt álagningarkerfi milliþinganefndar um verðtolla.

Mun ég svo ekki ræða till. fjhn. frekar, en óska eftir því, að flm. till. á þskj. 509 og 510 taki þessar till. sínar aftur.

***Steingrímur Steinþórsson:** Við 2. umr. var samþ. brtt. við 3. gr. frv. að undanþiggja aðflutningsgjaldi sýrur til votheysgerðar, efni til varnar gegn kartöflusýki og vökva til fiturannsókna á mjólk, sem áburðarsala ríkisins flytur inn. Nú hefir mér verið bent á, að heppilegra hefði verið að orða till. svo, að undanþiggja aðflutningsgjöldum efni til varnar gegn sjúkdómum í nytjajurtum almennt. Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, leyfa mér að bera fram svohljóðandi skriflega brtt. við 3. gr., að stafliður c. orðist svo: „Að heimta ekki aðflutningsgjöld af sýrum til votheysgerðar, efnum til varnar gegn sjúkdómum í nytjajurtum, svo og Höjbergsvökva til fiturannsókna á mjólk, sem áburðarsala ríkisins flytur inn".

Þetta er lítil efnisbreyting, frekar leiðrétting, svo að ég vænti þess, að hv. deild samþ. þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 567) leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég á brtt. ásamt þm. A.-Sk. (JÍv) á þskj. 509, og er það brtt. við 10. gr. frv. Í 4. málsgr. 10. gr. er ákvæði um það, að þótt greitt sé flutningsgjald, sem er undir almennu flutningsgjaldi eða sendingarkostnaði, skuli allt að einu leggja til grundvallar hinn almenna sendingarkostnað við álagningu verðtolls. Við höfum borið fram þessa brtt. til frekari skýringar og samþykkt hennar á að fyrirbyggja það, að innflytjendur þurfi að greiða hærra flutningsgjald en almennt gerist, t. d. vegna þess að þeir flytja inn til hafna, þar sem affermingarskilyrði eru slæm, eða flytja inn minna vörumagn heldur en aðrir, sem geta tekið heila skipsfarma á sama stað. Fjhn. hefir ekki getað fallizt á að mæla með till. okkar eins og hún er orðuð, en hinsvegar hefir n. tekið að nokkru leyti til greina okkar sjónarmið í einni brtt., sem hún ber fram á þskj. 540. Ég get lýst því yfir fyrir hönd okkar flm., að við getum tekið þessa brtt. okkar aftur, ef við fáum samþ. brtt. við till. fjhn., sem við ætlum að bera fram. En þessi nýja brtt. okkar er skrifleg. Hún er við 3. lið brtt. n. á þskj. 540 og er þannig, að á eftir orðunum „sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu" komi: eða vegna þess að skip affermir á fleiri höfnum en einni. Málsgr. myndi þá, þegar þessi breyt. væri komin, hljóða þannig: „Þá skal og heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds, sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess, að skip afferma á fleiri höfnum en einni, ef gerð er fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka." — Til frekari skýringar get ég bent á það t. d., að ef frv. hefði verið samþ. eins og það var eftir 2. umr., mátti gera ráð fyrir, að þeir sem flytja inn byggingar-

efni til smærri hafna, hefðu orðið að greiða hærri verðtoll heldur en þeir, sem flytja inn til stærri staða. Hinsvegar taldi n. ekki rétt. að þeir, sem verða að greiða hærri gjöld, verði einnig að greiða hærri verðtoll, og þessi brtt., ef samþ. verður, á að fyrirbyggja, að slíkt komi fyrir. Ég vil því afhenda forseta þessa skrifl. brtt. okkar hv. þm. A.-Sk., og tökum við um leið aftur brtt. okkar á þskj. 509, í trausti þess, að þessi skrifl. brtt. verði samþ.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt., sem hv. þm. V.-Húnv. flytur ásamt hv. þm. A.-Sk., svo hljóðandi: [sjá þskj. 568].

Brtt. er einnig of seint fram komin og þarf tvenn afbrigði til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Jón Ívarsson: Herra forseti! Ég gat þess við 2 umr. þessa máls, að mér þætti vænt um það, að tollal. væru sameinuð og tekin upp þessi tollskrá. Áður voru þetta mörg l., en nú koma þau fram í einu lagi. Þetta hefir leitt til ósamræmis, sem hefir átt sér stað um tollgreiðslu. Hinsvegar er þess ekki að dyljast, að mér hrýs hugur við tollal. eins og þau koma fram í hinni nýju tollskrá. Ég óttast mjög, að hún hafi í för með sér mjög hækkandi tolla, og einkum eru sumir þeir tollar, sem hún gerir ráð fyrir á nauðsynjavöru, matvöru og byggingarefni, háir. Ef litið er á álit mþn. í skatta- og tollamálum, virðist svo sem mþn. hafi áætlað, að vörumagnstollurinn mundi verða ca. 6. millj. kr. og verðtollurinn 4½ millj. kr., sé miðað við það verð, sem var 1937. Nú hefir orðið mikil breyting um þetta; verð er nú orðið miklu hærra, og er sennilegt, að reikna megi með því, að verðlag hafi tvöfaldazt frá því 1937, og ætti því verðtollurinn, ef innflutningur væri hinn sami, að komast upp í 9 millj. kr. úr 4½ millj. kr.

Vörumagnstollurinn var áætlaður um 6 millj. kr. Það má vera, að eitthvað dragi úr honum vegna minnkandi innflutnings, en ef innflutningurinn héldist hinn sami, má gera ráð fyrir, að verðtollur og vörumagnstollur samanlagður komizt upp í 15 millj. kr. Þetta er geysileg hækkun frá því, sem hefir verið, og hlýtur að koma hart niður á fjölda manna í landinu. Ég hefi þess vegna borið fram brtt., sem snertir að nokkru leyti eina tegund af matvöru og byggingarefni.

Eins og hv. þm. munu hafa tekið eftir, þá er eina kornvaran, sem er undir vörumagnstollinum, hveiti, — engin önnur kornvara er skyld undir vörumagnstollinn. Hefi ég lagt til, að sá tollur sé afnuminn. Þetta er vitanlega allmikil upphæð yfir árið, ef hann er felldur þetta mikið niður frá því, sem n. áætlaði. En þegar á það er litið, að um nauðsynjavörur er að ræða fyrir allan almenning, virðist mér ekki ástæða til þess að setja vörumagnstoll frekar á þessa kornvöru heldur en aðrar, t. d. rúgmjöl.

Og þegar svo er orðið sem nú, að við verðum að beina okkar viðskiptum vestur um haf, er sennilegt, að hlutfallið milli innflutnings á rúgmjöli og hveiti breytist þannig, að hveitiinnflutningurinn aukist, en rúgmjölið minnki. Mér hefir því virzt ekki fjarri lagi að sleppa þessum vörumagnstolli, og reikna með verðtolli einum á hveitinu. — Nú sé ég, að n. hefir gert till. um að ganga til móts við mig að nokkru leyti. Hún leggur til í brtt., sem hún ber fram. að tollur af ómöluðu hveiti falli niður.

Þá eru það mínar till. viðvíkjandi byggingarefni. Þær eru í 2 liðum. Fyrst er brtt. um það, að á sement skuli lagður vörumagnstollur, sem nemur 60 aur. á 100 kg. Aftur hefir hv. fjhn. lagt fram brtt. um, að vörumagnstollurinn verði 55 aur. af 100 kg., og verðtollurinn 2%. Af því að n. sýnir þarna vilja á því að ganga til samkomulags, vil ég verða við þeirri ósk að taka þessa brtt. mína aftur, þar sem bilið hefir minnkað á milli till. minnar og till. nefndarinnar.

Þá er 5. liðurinn um timbur. Þar er lagt til í minni till., að vörumagnstollurinn verði 10 aur. á teningsfet, og er það óbreytt frá till. mþn. Mér er fullkomlega ljóst, að það skiptir miklu máli fyrir allan almenning á landinu, hvernig verðlag er á þessari vöru. Eins og við vitum, er byggingarefni sú vara, sem við erum til neyddir að flytja til landsins. Við framleiðum mikið af matvöru, en aftur á móti framleiðum við enga byggingarvöru, og er því sanngjarnt að hafa vægan toll á þessari vöru. Þess vegna vil ég vænta þess, að hv. d. fallist á mína till. um að lækka verðtoll á timbri eins og hér er farið fram á, úr 8% niður í 2%. Eins og brtt. ber með sér, er hér um að ræða borð, símastaura, girðingarstaura o. fl. Þetta eru þær tegundir af timbri, sem ómögulegt er að vera án og hlýtur að verða flutt inn, þó að verðlag hækki.

Ég vil vænta þess, að hv. dm. taki þessar till. með velvilja, og óska þess, að hún nái fram að ganga við þessa umr. málsins.

Þá er 6. liðurinn um það, að verðtollur skuli innheimtur með 20% frádrætti. Nú hefir fjhn. borið fram till., sem gengur í þá átt að koma til samkomulags við mína till., og vil ég þess vegna gjarnan taka 6. lið minnar till. aftur, þar sem ég hefi ekki von um, að hann verði samþ. Ég vænti þá hinsvegar, að þessi till. n. verði samþ. og að það verði gildandi ákvæði.

Ég vænti, að hæstv. forseti hafi tekið eftir því, að ég tek aftur 4. og 6. lið till. minnar, og koma þeir væntanlega ekki til atkv. Í stað þess vil ég mæla með till. fjhn. Hinsvegar óska ég eftir, að hinar till. komi til atkv. Þess er ekki að dyljast, að ef mínar till. verða samþ., myndu þær draga úr þeirri tollahækkun, sem í tollskránni felast eins og hún liggur fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í brtt., sem við hv. þm. Húnv. flytjum, þar sem hv. þm. hefir þegar gert þær að umtalsefni, og læt máli mínu lokið að þessu sinni.

***Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson):** Ég ætla aðeins að lýsa því yfir fyrir hönd n., að hún leggur til, að till. hv. 2. þm. Skagf. verði samþ. Einnig leggur n. til, að brtt. hv. þm. V.-Húnv. og hv. þm. A.-Sk. verði samþ. að nokkru leyti. Að vísu

telur n. ekki mikla þörf á þessum till., þar sem samskonar ákvæði eru í frv. Ég vil lýsa því yfir, að fjhn. er því meðmælt, að fyrsta brtt., I.1, á þskj. 510 verði samþ. — hún er um að lækka toll á hveiti —, en n. leggur til, að aðrar till. á þessu þskj. verði felldar. N. sá ekki ástæðu til að lækka toll á öðru en hveitikorni, og ef við aukum stórkostlega innflutning á hveiti vegna Ameríkusambandsins, má telja, að við höfum hér góða aðstöðu. Sérstaklega vill n. þó mæla á móti síðustu brtt. á þskj. 510.

Annars þarf varla að ræða mikið í sambandi við þessar brtt. við þessa umr. Ég vildi þó, að það kæmi í þingtíðindunum, að orðið „farmgjöld" í brtt. á þskj. 504 þýðir vitanlega það sama eins og „flutningsgjöld" annarstaðar í frv.

ATKVGR.

Brtt. 510,I.1 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 510,I.2 felld með 15:9 atkv.
— 510,I.3 felld með 15:5 atkv.
— 540,I.1 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 510,I.4 tekin aftur.
— 510,I.5 felld með 15:10 atkv.
— 540,I.2 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 540,I.3 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 540,I.4 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 540,I.5 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 540,I.6 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 540,II samþ. með 24 shlj. atkv.
— 567 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 509 tekin aftur.
— 568 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 540,III, svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
— 504 samþ. með 29 shlj. atkv.
— Brtt. 510,II tekin aftur.

Frv., svo breytt, samþ. með 24:3 atkv. og endursent Ed.

Á 97. fundi í Ed., 28. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. A. 583).

Á 98. fundi í Ed., 29. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 646).

---

69. Dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimta o. fl. í Reykjavík.

Á 67. fundi í Ed., 23. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík (þmfrv., A. 326).

Á 69. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Frv. þetta felur í sér breytingar á gildandi l. um dómsmálastarfa, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Aðalbreytingin er sú, að starfi lögreglustjóra er skipt í tvö sjálfstæð embætti. Það þarf ekki skýringa við fyrir hv. þd., að miklir örðugleikar eru á því að hafa ákæru- og dómsvald í lögreglumálum í höndum sama embættismanns, eins og verið hefir í Reykjavík. Úti á landi er vegna fámennis ekki hægt að haga þessu á annan hátt, en ég hygg, að þess muni ekki vera dæmi meðal annara þjóða, að í 37 þús. manna bæ séu þessi störf í höndum sama embættismannsins. Sem yfirmaður lögreglunnar í Rvík er lögreglustjórinn ákærandi í hverju sakamáli, en hann er jafnframt dómari í þeim sömu málum. Það verður að teljast eðlileg þróun í þessum málum, að fyrir fjölmennis sakir o. fl. sé nú breyting gerð á skipan þessara mála og þau falin tveimur sjálfstæðum embættismönnum. Þegar ég gegndi lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, varð ég oft var við undrun hjá þeim útlendingum, sem af einhverjum ástæðum komu hér fyrir rétt, þegar þeir fréttu, að **lögreglustjórinn** ætti að dæma um mál þeirra, enda þekkist slíkt fyrirkomulag ekki meðal annara þjóða.

Hæstaréttardómararnir hafa gengið frá frv. þessu í sinni núverandi mynd. Það hefir verið sent hlutaðeigandi embættismönnum til athugunar og umsagnar, og geta þau svör, er borizt hafa, orðið n., sem mun fjalla um málið, til leiðbeiningar. Frv. var einnig sent lagadeild háskólans til umsagnar, en svar deildarinar barst ráðuneytinu svo seint, að eigi var unnt að prenta það sem fskj. með frv., eða geta þess í grg., sem þá var fyrir löngu fullsamin og prentuð. Deildin bendir réttilega á, að þótt frv. þetta verði að lögum, þá vanti enn sérstakan ákæranda, eins og tíðkast víða annarstaðar, til að fylgja málum eftir. Skipting þessarar starfsgreinar er því orðin enn fullkomnari þar. Ég hefi hinsvegar ekki talið fært að ganga lengra en gert er með þessu frv.

Þróunin í rekstri lögreglustjóraembættisins hefir orðið sú, að starfið hefir greinzt í tvennt: Annarsvegar löggæzlan í bænum með yfirlögregluþjón til aðstoðar lögreglustjóra, og hinsvegar rannsóknarlögreglan og tveir fulltrúar til aðstoðar við dómarastarfið. Þannig hefir starfið raunverulega skipzt í tvær deildir fyrir eðlilega þróun, þótt lögreglustjórinn sé yfirmaður beggja starfsgreinanna. Þótt stórt spor væri stigið í rétta átt í þessum málum 1928, þegar bæjarfógetaembættinu var skipt, þá hefir fólksfjölgun í bænum og vaxandi annríki við þessi störf gert frekari aðgreiningu þeirra nauðsynlega. Það er naumast hægt að ætlast til þess, að fundinn verði maður, sem er jafnhæfur til þess að gegna bæði löggæzlu- og dómarastarfinu. Til hvors starfans um sig þarf sérmenntun og auk þess sérstaka skapgerð og hæfileika, sem erfitt getur orðið að krefjast af sama manni. Það þarf ekki að fara saman að vera góður dómari og að vera góður að stjórna lögreglumönnum og þeim málum, sem þeirri starfsgrein eru nátengd. Einnig verður að telja alveg óvíst, að góður lögreglustjóri sé jafnframt góður dómari. Það eru þessar orsakir m. a., sem liggja til þess, að frv. er fram

komið. Tollstjóri hefir nú þegar sitt afmarkaða starfssvið og sömuleiðis lögmaður, sem fer með dómsvald í einkamálum, ásamt nokkrum umboðsstörfum, en starf lögreglustjórans hefir ávallt verið ofið úr tveimur ólíkum þáttum. — Auk skiptingar dómsvalds og lögreglustjórnar milli tveggja embættismanna eru ráðgerðar smærri breytingar, t. d. flyzt lögskráning skipshafna til tollstjóra — en hann hefir nú alla gæzlu við höfnina í sambandi við skip, — og ennfremur flyzt skipaskráning til hans. Ég vil benda hv. allshn. á það — því að ég geri að till. minni, að sú n. fái málið til athugunar, — að lagadeild háskólans telur betur fara á því, að barnsfaðernismál og meðlagsúrskurðir falli undir starfssvið sakadómara en lögmanns, því að oft þurfi aðstoðar lögreglunnar við upplýsing slíkra mála, en lögmaður hefir sem kunnugt er enga lögreglu sér til aðstoðar.

Ég mun svo ekki fjölyrða frekar um þetta frv., vil aðeins vænta þess, að greitt verði fyrir málinu eftir föngum og að það fái góða afgreiðslu í hv. d.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 326, 362, n. 467).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Frv. þetta er borið fram af hæstv. forsrh., og er ætlazt til, að það komi í stað l. frá 1928 um dómsmálastarfa lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík. Á þessum 11 árum síðan hafa orðið margvíslegar breytingar. Fram til 1917 var þetta allt í höndum bæjarfógetans í Reykjavík. En þá hafði bærinn vaxið svo, að ekki þótti fært lengur án breytinga, og var sett á stofn lögreglustjóraembætti við hlið bæjarfógetans og skipt starfinu í tvennt. Að 11 árum liðnum hafði bærinn stórum vaxið og kröfur orðið háværar um að skipta lögreglustjóra- og bæjarfógetaembættunum að nýju. Þá var lögtekið, að embættin yrðu þrjú, eins og nú er. Enn hefir vöxtur bæjarins verið geysiör, og er svo komið, að fullur þriðjungur landsmanna er hér saman kominn. Það er full ástæða til þeirrar þeytingar, sem frv. fer fram á, sem er, að stofna skuli sakadómaraembætti í Reykjavík og skipa verkum með sakadómara og hinum öðrum embættismönnum. Hann skal fara með opinber mál, rannsókn þeirra fyrir dómi og utan dóms og dómsuppsögn, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhússins. Lögreglustjóri fer eftir sem áður með lögreglustjórn, að því leyti sem hún heyrir ekki undir sakadómara, ennfremur strandmál, útlendingaeftirlit, heilbrigðismál og útgáfu vegabréfa. Annars sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þá skiptingu. Nefndin hefir reynt að gera sér grein fyrir því, hver þörf sé á breytingunni, og spurzt í því skyni fyrir hjá lögreglustjóra Reykjavíkur og hæstv. dómsmrh., einnig hefir hún fengið umsögn lagadeildar háskólans og forseta hæstaréttar, Þórðar Eyjólfssonar, en það voru dómarar hæstaréttar, sem lagt höfðu á frv. síðustu hönd. Í frv. eru aðallega tilfærðar þær ástæður, að nauðsyn sé að greina sundur dómsvald og löggæzlu. Hvort um sig heimtar mikla sérþekkingu, og er erfitt að fá menn, sem hafi hana til brunns að bera á báðum þeim sviðum. Nefndin telur auk þess, að störf lögreglustjóra séu orðin of umsvifamikil fyrir einn og það eitt næg rök til að skipta. Í því felst ekki nokkurt vantraust á núv. lögreglustjóra, sem virðist vera starfi sínu mjög vel vaxinn. En öllum má ofbjóða.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþ. með tveim lítilsháttar breytingum, eins og sést á þskj. 467. Fyrri breyt. þar er þess efnis, að barnsfaðernismál og uppkvaðning meðlagsúrskurða skuli lögð undir sakadómara, en ekki lögmann. Þetta eru að vísu einkamál að lögum, en meðferð þeirra er svo lík því, sem er við sakamál, að þetta virðist hagkvæmara, með því að sakadómari, en ekki lögmaður, hefir aðgang að rannsóknarlögreglunni. Hin breytingin er, að mæling og skráning skipa skuli ekki fara fram hjá tollstjóra, heldur lögmanni, og er það gert til þess, að fullt samræmi sé milli skipaskráningar og veðmálaskráningar, svo að auðvelt sé fyrir menn að sjá það á einum og sama stað á hverjum tíma, hver hefir eignarréttinn á skipi og hvaða veð hvíla á þeim eignum sem öðrum.

Í frv. því, sem fyrir liggur um meðferð opinberra mála, er, sem kunnugt er, lagt til að skilja alstaðar ákværuvaldið frá dómsvaldinu í opinberum málum. Það er líklegt, að það dragist ekki ákaflega lengi, að þetta nái samþykki, því að svo ljóst er mönnum, hve stórfelld endurbót það væri. Nú hefði verið æskilegt að koma á um leið aðskilnaði ákæruvalds og dómsvalds í Reykjavík. Nefndinni þótti þó rétt að láta þetta mál ekki bíða neitt eftir afgreiðslu frv. um meðferð opinberra mála né breyta til samræmis við það, heldur afgreiða það þegar. — Sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég álít, að brtt. hv. allshn. séu til bóta á frv. frá því, sem var. Eins og fram var tekið í framsögu, var frv. borið undir þá aðila, sem bezta þekking hafa á málinu, og m. a. einmitt með það fyrir augum, að skiptingin milli embættanna yrði sem eðlilegust og hagkvæmust í framkvæmd. Frá upphafi var um það talað af öllum þessum aðilum, og kemur einkum greinilega fram í áliti lagadeildar, að rétt mundi að fela sakadómara barnsfaðernismál og meðlagsúrskurði. Og ég held það sé rétt, því að enda þótt þetta heyri nú undir dómsvald lögmanns, er vitað mál, að oft þarf talsvert miklar rannsóknir, sem eðlilegra er, að sakadómari framkvæmi en lögmaður, vegna sambands síns við rannsóknarlögregluna. Ég viðurkenni einnig, að það er rétt, sem og var bent á í bréfi lagadeildar, að hentara muni, að skráning og mæling skipa fari fram hjá lögmanni, þar sem svo margur maðurinn þarf að leita sér upplýsinga um eignarheimildir og veð, bæði fasteigna og skipa, og getur þá fengið nauðsynleg vottorð um það á einum stað.

Enn eitt atriði kæmi til mála að færa undir valdsvið sakadómara, og það eru úrskurðir í fátækramálum. Þau eru oft dálítið flókin, eins og menn vita, og stundum nokkuð erfitt fyrir lögmann án lögregluaðstoðar að komast að hinu sanna, ekki síður en í barnsfaðernismálum. Rannsókn getur þar jafnvel verið óframkvæmanleg án rannsóknarlögreglu og þá ekki gott að fella úrskurði með rökum.

Það er rétt, sem segir í bréfi lagadeildar, að þessum embættum þarf að skipta meira og aðskilja þá að fullu ákæruvald og dómsvald, eins og tíðkast víðast erlendis. En tilkostnaðurinn yrði of mikill til þess, að þetta sé fært að svo stöddu. Hjá sýslumönnum er hvorttveggja þetta vald í eins manns höndum. Í Reykjavík er gert ráð fyrir, að sá, sem færi með löggæzluna, eða fulltrúi í sambandi við hann, gæti verið opinber ákærandi. En starfsaukningin yrði mikil, hvernig sem því væri fyrir komið. Sama daginn geta farið fram þrenn réttarhöld, sum frá morgni til kvölds, og við hvert mál yrðu þrír menn uppteknir. Það yrði að hafa bæði opinberan ákæranda og verjanda við hlið hvers dómara í öllum málum, þar sem nú er dómarinn einn. Ég viðurkenni umbótaþörfina, en treysti mér ekki til þess nú vegna kostnaðar, sem yrði alltaf 100—200 þús. kr. á ári, að fylgja frv. um meðferð opinberra mála. — Ég vildi að lokum biðja nefndina að taka atriðið, sem ég nefndi í fátækramálum, til athugunar.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Við, sem erum í fjvn. og eigum sæti í þessari deild, höfum borið fram brtt. á þskj. 362 við 10. gr. Það hefir verið talað um nauðsynina, sem sé á því að breyta fyrirkomulagi þessara mála hér í Reykjavík. Ekki hefir verið nefnt, hvað breytingin kosti á ári. Og ég vil ekki gizka á neitt ákveðið; nógu verður það hátt, þó að maður gefi því ekki byr undir báða vængi, að það hljóti að verða dýrt. En þá finnst okkur rétt að athuga, hvort ekki geti eitthvað komið í staðinn til hagsmuna fyrir ríkissjóð.

Brtt. okkar fer fram á, að heimilað sé að kveðja þá embættismenn, sem frv. ræðir um, og fulltrúa þeirra til setudómarastarfa án annarar endurgreiðslu en útlagðs ferðakostnaðar, enda haldi þeir launum sínum meðan á setudómarastörfum þessum stendur. Þetta er hliðstætt við skyldur sýslumanna til setudómarastarfa án sérstakra launa — nema 6 kr. ferðakostnaður á dag. Engin gild ástæða er til að undanþiggja þessa embættismenn í Reykjavík öllum slíkum skyldum, eins og gert hefir verið. Það hefir alloft komið fyrir, að ráðuneytið hefir orðið að sæta afarkostum í samningum við þá um, að þeir tækju að sér setudómarastörf, sem ekki þótti öðrum treystandi til en reyndum dómurum. Hér er aðeins um heimild að ræða. Dómsmrh. hefir óbundnar hendur um að bæta þessum mönnum upp störf sín í setudómi, ef það vill. — Ég tel fara betur á því í mörgum málum, að ráðuneytið eigi vísan aðgang að æfðum mönnum án þess að greiða stórfé. Eftir undanfarinni reynslu gæti þetta orðið ekki svo lítill sparnaður. Það þýðir kannske ekki að berja höfðinu við steininn og tala hér um sparnað. En ég sé enga ásæðu til annars en að tryggja dómsmrn. aðstoð þessara hæfu manna. — Taka má fram, að ef ólöglærður maður verður lögreglustjóri, eins og talað er um, liggur í hlutarins eðli, að ekki verður hann skipaður setudómari.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er náttúrlega alveg rétt, að nokkur kostnaður fylgir þessu frv., líklega 20—30 þús. kr. á ári, til þess að nefna tölur, sem standast. En mönnum má ekki koma það á óvart, þótt hann aukist, og það nokkuð verulega. Síðan 1928 hefir Reykvíkingum fjölgað úr 25 þús. í 37 þús. manns, eða um 12 þús. Og allir, sem þekkja til slíkra hluta, vita vel, að þörfin fyrir aukna löggæzlu vex hraðar en fólksfjöldinn í bæjum á þessu reki og með líkri stærð og Rvík. Ég vil benda á þetta, að þrátt fyrir sparnaðarvilja er ekki hægt að komast hjá að sinna þeirri þróun, sem verður í okkar þjóðfélagi. Og það er mikils virði, að góð löggæzla sé í þessum bæ, þar sem ekki á einungis heima fullur þriðjungur landsmanna að tölu til, heldur og fjöldi ungra námsmanna af öllu landinu, sem síðan hafa áhrif, hvar sem þeir setjast að.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 362 vil ég fyrst benda á, að í 10. gr. er sagt, að fulltrúa megi aðeins skipa „til að framkvæma sérstök störf". Reglan hefir verið sú, að fulltrúar væru skipaðir til að framkvæma þau störf almennt, sem til falla, í umboði embættisins. Líklega ber að skilja frv. svo, að fulltrúa skuli skipa eins og hingað til. — Brtt. fer fram á, að bæði þeim og embættismönnunum, sem um ræðir, skuli skylt að taka ókeypis að sér setudómarastörf. Það er ekki hægt að neita því, að stundum er mönnum illa við að taka á sig þau störf, og að því leyti fengi þetta ákvæði dómsmrn. meira vald en það hefir nú. En hvað það snertir, að þeir fái ekki sérstök laun fyrir þessi setudómarastörf, þá er þess að gæta jafnframt, að þegar þessir menn eru teknir til starfa hjá þessum embættismönnum, þá eru þeir teknir í þær stöður, sem krefjast þess, að þeir séu við störf sín svo að segja frá morgni til kvölds. Það er þannig, að menn brjóta í dag og menn brjóta á morgun, svo að þessir menn eru störfum hlaðnir frá morgni til kvölds. Það yrði því að setja aðra menn í staðinn fyrir þessa fulltrúa, þegar þeir væru sendir út á land.

Þessi brtt. er sjálfsagt flutt úr frá því sjónarmiði, að þeir, sem eru fulltrúar lögreglustjórans í Rvík og eiga að verða setudómarar, ef till. yrði að l., hafi meiri æfingu og séu þess vegna hæfari til að taka að sér setudómarastörf úti á landi, en við störfum þeirra tækju óæfðir menn, sem ynnu þá undir stjórn æfðs manns, sem lögreglustjóri hlýtur að sjálfsögðu að vera. — Hv. d. tekur auðvitað afstöðu til þessa um leið og hún greiðir atkv. um þessa till.

Ég mun svo ekki ræða um þetta frekar.

***Jónas Jónsson:** Ég ætla aðeins að bæta örfáum orðum við það, sem meðflm. minn um þessa till. sagði um þetta atriði, sem hæstv. forsrh. minntist nú á.

Það, sem vakir fyrir okkur, sem flutt höfum

þessa till., er, að eftir þessum l. verði nokkrir fulltrúar hjá þessum embættismönnum í Rvík. sem gegni setudómarastörfum úti á landi. Eins og menn vita, þá hvílir sú skylda á sýslumönnum að vera setudómarar í öðrum héruðum með þeim kjörum, sem hér er talað um. Það hefir komið fyrir, að þessir starfsmenn í Rvík hafi verið setudómarar, og það jafnvel yfir lengri tíma, án þess að þurft hafi að taka menn í þeirra stað. Þetta hefir oft orðið mikill útgjaldaliður fyrir ríkissjóðinn. Við álítum þess vegna rétt, að setja þessa menn ekki hærra en sýslumenn og gera ráð fyrir, að þeir gegni setudómarastörfum án þess að fá sérstök laun fyrir.

Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að þetta er hliðstætt því, þegar ætlazt er til, að lögreglan í bæjunum sé flutt til eftir þörfum. Hér er um aukna hreyfingu að ræða, og ég geri ráð fyrir, að þetta geti orðið til ánægju, þegar þetta er komið á.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Brtt. 467,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 467,2 (ný 3. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 467,3 samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.
6.—9. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 362 (ný 10. gr.) samþ. með 6:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já. JJ, MJ, PZ, ÞÞ, BSt, BSn.
nei. IngP, MG, SÁÓ, EÁrna.
HermJ, PHerm, ÁJ, BrB, ErlÞ, greiddu ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
11.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 448).

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi skrifl. brtt. frá allshn.: [sjá þskj. 498].

Brtt. er of seint fram komin og auk þess skrifleg, og verður því að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum til þess að hana megi taka til meðferðar.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Gíslason): Þessi brtt., sem er skriflega borin fram af hálfu allshn., varð eiginlega af vangá útundan, þegar n. afgreiddi brtt. sínar fyrir 2. umr. Þá hafði verið um það rætt, að taka upp sama orðalag og var um þetta í l. frá 1928. Álit n. var, að með þessu væri ekki gerð nein efnisbreyting, heldur aðeins orðabreyting. Því að hundraðsgjöld af því, sem innheimt er, teljast til aukatekna eins og hvað annað. Nú hafa l. staðið 11 ár og framkvæmdin orðið sú, að sumar þessar tekjur hafa runnið til embættismannanna; það mun stafa af þeirri venju, að þegar embættismanni hefir verið veitt embætti með ákveðnum aukatekjum, þá verða þær ekki af honum teknar. — Að öðru leyti þarf ekki umr. um þetta.

ATKVGR.
Brtt. 498 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 499).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Manni virðist svo, að hér í þinginu sé mikið talað um sparnað og það, hve óhjákvæmilegt sé að skera niður útgjöld, sem virðast bráðnauðsynleg. Þess vegna væri ekki nema eðlilegt, að einhverjar útskýringar kæmu frá hálfu þeirra manna, sem flytja frv. um að stofna í landinu ný embætti. Það væri einnig sjálfsagt, að almenningur og þingheimur fengi að vita, að hvaða leyti þetta er nauðsynlegt. Þessi embættaskipun í landinu hefir stórkostlegan kostnað í för með sér, og þar að auki, frá margra manna sjónarmiði, ekki heppileg. Ef ég á að lýsa afstöðu minni til þessara mála álít ég ekki rétt að fjölga embættum og auka þannig útgjöld ríkisbúsins; finnst mér frekar liggja fyrir að draga úr þeim. Við heyrðum það ekki alls fyrir löngu, þegar rætt var um, að sjómenn fengju uppbót á laun sín, að slíkt þótti hin mesta fjarstæða, en nú koma valdhafarnir með mál sitt um aukin útgjöld ríkissjóðs, án þess að hafa náð um það samkomulagi við fjárveitinganefnd. Með frv. er stofnað til útgjalda í stórum stíl, og það er ekki einu sinni haft svo mikið við að koma með rök fyrir því, að þetta sé nauðsynlegt. Ég er ekki aðeins á móti frv. frá sjónarmiði sparnaðarins, heldur álít ég líka, að með því sé verið að skapa sterkari ofbeldistæki en áður hafa verið notuð af íslenzku ríkisvaldi. Í frv. er ekki gert að skyldu, að sá maður, sem fer með lögreglustjórn í Reykjavík, sé lögfræðingur, heldur gengið út frá, að það sé maður, sem reynist hæfur til þess að stjórna her. Þetta vildi ég láta koma fram um leið og frv. fer til 2. umr. og til n.

Ég hefi nú lýst afstöðu minni gagnvart ríkislögreglufrv. og skal ekki fjölyrða frekar um það, en mun greiða atkv. móti því við þessa umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16:2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Nd., 27. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 499, n. 576).

Frsm. (Bergur Jónsson): Allshn. hefir athugað þetta frv., og leggur hún til, að það verði samþ. með 3 breyt., sem eru prentaðar með nál. hennar.

1. brtt. er um það, að setja inn í frv. veitingarskilyrði fyrir þau embætti, sem um er að ræða. Þó þótti rétt að veita heimild til þess að veita undanþágu frá dómaraskilyrðum að því er snertir lögreglustjóra, enda séu þá sett sérstök skilyrði fyrir veitingu þess embættis með konunglegri tilskipun. Þetta er gert með tilliti til þess, að í frv. er allmikið breytt um verksvið lögreglustjóra, og það minnkað mikið frá því, sem nú er. Hinsvegar taldi n., að hér væri um svo mikilsvert embætti að ræða, að óhjákvæmilegt væri að hafa það sem aðalreglu, að menn yrðu að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um venjuleg héraðsdómaraembætti.

2. brtt. er aðeins leiðrétting. Það var einu sinni borið fram í þinginu frv. um að löggilda Viðey sem verzlunarstað, en það var fellt. Viðey er því ekki verzlunarstaður.

3. brtt. er um að færa 10. gr. í sama horf og hún var í frv. upphaflega. N. telur, að ákvæðin, sem sett hafa verið inn í 10. gr., séu sízt til bóta. Það er hægt að taka þessa fulltrúa, sem hér um ræðir, inn í launalögin, ef þingið vill, en það þarf ekki að setja ákvæði um þetta inn í þetta frv. Það fé, sem veitt er í fjárl., kemur þá ranglega fram, þar sem þessum embættismönnum er veitt skrifstofufé og af því greiða þeir fulltrúum sínum.

Hvað það snertir, að þessir fulltrúar séu skyldir að taka að sér setudómarastörf, þá er ekki frekar ástæða til að binda þá í því efni en aðra embættismenn, sem fullnægja skilyrðunum til að vera setudómarar.

N. leggur því til, að frv. verði samþ. með þessum breyt.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég tel rétt að gera grein fyrir því, hvers vegna ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Ég skal lýsa því yfir, að ég er út af fyrir sig því samþykkur, að þessar breyt. verði gerðar á þessari löggjöf, og ég er líka samþykkur því, að þessi skipting fari fram á þessum embættum.

Það má að sjálfsögðu deila um, hvaða verkefni heyri undir hvern einstakan af þessum embættismönnum, því það hefir verið nokkuð sitt á hvað. En þeir menn, sem þetta snertir, hafa látið þá skoðun í ljós, að það fari bezt á því að hafa þetta svona.

Það var eitt ákvæði, sem vantaði inn í frv., þegar það kom frá hæstv. ráðh., að þessir embættismenn hefðu lögfræðipróf og fullnægðu þeim skilyrðum, sem sett eru til þess að geta gegnt dómarastörfum. Þannig kom frv. líka frá Ed. En eins og hv. frsm. hefir skýrt frá, þá hefir n. gert þá breyt., að þessir menn skuli fullnægja almennum dómaraskilyrðum. Frá þessu er þó gerð undantekning að því er snertir lögreglustjóra, að það megi veita ólöglærðum manni það embætti. Nú verður að telja það sjálfsagt, að allir þessir menn séu lögfræðingar. Það á að vera sjálfsögð krafa, því fyrir alla þessa menn hljóta að koma atriði, sem þarf lögfræðiþekkingu til að leysa úr.

Nú mun ráðh. að sjálfsögðu ekki nota þessa undanþáguheimild til þess að skipa ólöglærðan mann lögreglustjóra, án þess að sérstaklega standi á. Hinsvegar eru engin ákvæði í frv. um það, hvenær standi svo sérstaklega á, að ráðh. sé heimilt að nota undanþáguna.

Nú hefir það verið gamall siður hér á landi, sem því miður hefir þó breytzt í seinni tíð, að þegar slík embætti sem þetta losna, þá sé þeim slegið upp og mönnum veitt heimild til þess að sækja um þau. Nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vilji lýsa því yfir á Alþ., að hann muni ekki nota þessa heimild, sem honum er veitt til þess að skipa ólöglærðan mann lögreglustjóra, nema fyrst að hafa slegið embættinu upp til þess að vita, hverjir sækja um það.

Ég heyrði það á hæstv. ráðh. í Ed., að hann taldi, að það mundu geta verið vandkvæði á að fá hæfan lögfræðing til að gegna þessu embætti og það gæti viljað svo til, að það yrði að setja í það ólöglærðan mann.

Ég hefi ekki trú á því. Ég vil benda á, að enn hefir ekki verið skipað í lögreglustjóraembættið, svo hæstv. dómsmrh. er í raun og veru lögreglustjóri. Það embætti mun ekki hafa verið betur launað, þegar hann var skipaður í það, heldur en það embætti verður eins og það er nú fyrirhugað. Hann mun því geta sagt sér það sjálfur, að það hafi þó valizt góður maður í það á sinni tíð, þegar hann var skipaður í það af þáverandi dómsmrh. Ég hefi ekki trú á því, að í svona virðulegt embætti megi ekki fá góðan og gegnan lögfræðing, eins og t. d. var hægt að fá hann, þegar hæstv. dómsmrh. var skipaður í það. Ég vil ekki, að þetta frv. gangi í gegnum þingið svo, að það komi ekki fram, hvort hæstv. ráðh. vill lýsa því yfir, að það sé meining hans að nota ekki undanþáguna nema svo sé, að ekki fáist annar hæfur maður í embættið. Ég vil því biðja hæstv. ráðh. að gefa yfirlýsingu um þetta.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Þessi breyt., sem hér hefir verið rætt um að gera á frv., er þannig, að ég get fellt mig við hana. Þó álít ég, að hún sé ekki til bóta. Þetta ákvæði í frv., eins og það var lagt fyrir Ed., var í l. frá 1928. Það var ekkert ákvæði í þeim l. um það, að þeir menn, sem skipa þessi embætti, þurfi að hafa lögfræðipróf. Viðvíkjandi tveimur embættunum, sakadómara- og lögmannsembættinu, þá leiðir það af öðrum l., að þeir verða að hafa þetta próf. Viðvíkjandi tollstjóra- og lögreglustjóraembættinu, eins og þau verða, ef þetta frv. verður að l., gegnir nokkuð öðru máli. Þess vegna var þetta ákvæði í frv. borið fram eins og það var í l. frá 1928. Það getur vel verið, að hægt sé að finna hæfari mann í tollstjóraembættið, sem ekki er lögfræðingur, heldur en mann með því prófi. Ég get vel hugsað mér, að til væru þeir menn, sem hefðu svo góða menntun og væru að öðru leyti svo vel hæfir, að það eitt út af fyrir sig ætti ekki að vera afgerandi, hvort þeir hefðu lögfræðipróf. Ég held því, að þetta ætti að vera óbundið. Hann þarf að vísu einstaka sinnum að kveða upp úrskurði um það, hvernig beri að skilja tollalögin, en um slíkt getur hann vel myndað sér skoðanir, þó hann hafi ekki lögfræðipróf.

Mér finnst ósköp eðlilegt, að þessi stétt manna,

lögfræðingarnir, vilji gera þessa kröfu, til þess að tryggja það, að þetta embætti verði veitt lögfræðing. Því er ekki heldur að neita, að það er verulegur ávinningur fyrir mann, sem gegnir þessu starfi, að vera lögfræðingur. Ég álít samt eðlilegra, að þetta sé óbundið.

. Viðvíkjandi hinu atriðinu, um lögreglustjóranann, þá er það starf þannig, ef frv. verður að l., að ekkert er í því starfi, sem er lögfræðilegs eðlis. Það er löggæzlan, sem er skilin eftir, en dómsvaldið er flutt til sakadómarans. Það, sem var af lögfræði viðvíkjandi starfi lögreglustjóra, er þannig flutt yfir til sakadómarans. Það er þess vegna ekki gefið, heldur langt frá því, að sá heppilegasti maður, sem hægt er að fá í það embætti, sé maður, sem hefir lögfræðipróf.

Nú hefir verið borin fram sú fyrirspurn, hvort ég myndi ekki sem ráðh. veita manni með lögfræðiprófi þetta starf. Það þýðir ekkert að draga dul á það, að þegar á að fá mann í slíka stöðu, þá verður að fá mann til þess að undirbúa sig undir að taka þetta starf að sér. Sannleikurinn er líka sá, að lögreglustjóraembættið er ekki sérlega vel launað. Þegar ég tók við því starfi, þá var það vegna þess, að það var umfangsmikið starf og skemmtilegt starf fyrir þann, sem hafði ánægju af að byggja það upp. Það var þó þannig, að ég taldi mig frekar hafa óhag af að taka við því. Það er líka þannig með marga lögfræðinga, sem eru þekktir og reyndir, að þeir eru venjulega komnir inn í aðrar greinar, sem eru þessu starfi ekki nægilega skyldar. Reynslan er sú, að það þarf að láta menn búa sig undir slíkt starf, og ef ég á að fara að gefa upplýsingar um þetta hér á A]þ., þá getur það ekki orðið nema á þann veg, að slíkar ráðstafanir hafi þegar verið gerðar.

Ég hygg, að reynslan myndi verða sú, að þó leitað væri meðal þeirra málafærslumanna í þessum bæ, sem unnið hafa sér nafn, þá myndi enginn þeirra vilja taka að sér þetta starf, því þeir eru við störf, sem þeir álíta betri og eru tekjumeiri.

Ég álít þess vegna, að þetta eigi að vera óbundið, enda er það í samræmi við þær ráðstafanir, sem þegar hafa verið gerðar í þessu máli.

***Garðar Þorsteinsson:** Hæstv. ráðh. hefir óbeint svarað þeirri fyrirspurn, hvort hann myndi slá upp embættinu, á þann veg, að hann muni líta í kringum sig eftir hæfum manni í þetta starf. Hinsvegar fékkst hann ekki til að lýsa því yfir, að þessu embætti myndi verða slegið upp og það síðan veitt eftir hæfileikum umsækjendanna. Það á að vera sjálfsögð regla, þegar embætti eru veitt, en það á ekki að viðhafa þá reglu, að ráðh. líti í kringum sig og veiti svo embættið eftir því, á hvað hann kemur auga við að líta í kringum sig. Það á að gefa mönnum tækifæri til þess að sækja um embættið. Hæstv. ráðh. lýsti því þó yfir, að það væri verulegur ávinningur fyrir þann, sem gegndi þessu embætti og tollstjóraembættinu, að hafa lögfræðipróf. Mér finnst þá, að hann hefði fyrst og fremst átt að líta í kringum sig meðal lögfræðinga. En ég verð að draga í efa, að hæstv. ráðh. hafi gert það. Ég er sannfærður um, ef hæstv. ráðh. vill slá upp þessu embætti, að þá muni sækja um það lögfræðingar, sem að hans áliti eru vel hæfir til að gegna embættinu. (**Forsrh.**: Vill hv. þm. sækja?). Vill hæstv. ráðh. auglýsa embættið? Ef ég lýsti því yfir, að ég myndi sækja og taka við embættinu, ef hæstv. ráðh. vildi veita mér það, þá myndi hann kannske álíta sig að einhverju leyti bundinn við að veita mér það, svo ég vil ekki binda hann neitt í þessu efni, því það yrði kannske til þess, að hann hætti við að slá embættinu upp.

Það er, eins og hæstv. ráðh. sagði, verulegur ávinningur fyrir mann í þessu starfi að hafa lögfræðipróf, svo þess vegna væri það útlátalaust fyrir hæstv. ráðh. að leita fyrst og fremst meðal lögfræðinga. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðh., að það þurfi að vera meðal málflutningsmanna í Rvík. Úti á landi eru margir hæfir menn, sem gegna sýslumannsstörfum, sem ekki er óliklegt, að vildu sækja um þetta starf. Hæstv. ráðh. stendur hér illa að vígi, þar sem hann sjálfur sótti um hliðstætt starf á sínum tíma.

Hæstv. ráðh. segir, að það verði að fá mann til að undirbúa sig undir þetta starf. Það má vel vera. En það eru ekki rök fyrir því, að það sé ekki lögfræðingur, sem gegnir þessu starfi. Það mætti að sjálfsögðu fá lögfræðing til þess að undirbúa sig undir það. Það gæti líka verið þannig, að lögreglustjórinn sjálfur væri löglærður maður, en sá, sem stæði fyrir lögreglunni, væri ólöglærður maður, sem starfaði undir stjórn lögreglustjóra. Ég hygg, að það hafi verið þannig, þegar hæstv. ráðh. gegndi lögreglustjóraembættinu, að þá hafi ákveðinn maður, Erlingur Pálsson, staðið fyrir hinni daglegu stjórn lögreglunnar. Þetta eru þess vegna engin rök gegn því, að ekki eigi að fylgja hinni almennu reglu, að lögfræðingur skuli gegna embættinu.

Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekkert lögfræðilegt efni skilið eftir fyrir lögreglustjórann. Þetta er ekki rétt. Hann veit, að það koma svo að segja daglega fyrir atvik, sem lögfræðing þarf til að skera úr um. Það er satt, að hann á ekki að hafa dómsvald, en hann þarf að geta kveðið upp formlega úrskurði, sem almenna menntun í lögfræði þarf til. Ég vil t. d. benda hæstv. ráðh. á lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Það koma fyrir ótal tilfelli, þar sem lögreglustjórinn verður að skera úr um starfsemi lögregluþjónanna og lögfræðiþekkingu þarf til. Við skulum taka sem dæmi, að lögregluþjónar séu kallaðir inn á heimili að næturlagi. Þá þarf lögfræðing til að skera úr um það, hvað langt lögregluþjónarnir megi ganga í þeirri deilu, sem kann að vera risin upp á heimilinu. Heimilin eru eins og menn vita friðhelg og þar verður að fara að með hinni mestu varkárni. Það er þunglamalegt, ef verður að kalla á sakadómara og láta hann kveða upp formlega úrskurði um það, hvað langt lögreglan megi ganga í hverju einstöku tilfelli.

Við skulum hugsa okkur, að kallað væri á lögregluna og það væri borið upp á mann, að hann hefði stolið einhverjum hlut og falið hann inn á sér. Hvað á lögreglan að gera í þessu tilfelli? Hún hefir gegn mótmælum mannsins ekki leyfi

til að leita á honum. Ef lögreglustjóri má ekki skera úr þessu, þá verður að leita úrskurðar sakadómara. Það er því augljóst, hvað maður, sem hefir lögfræðipróf, stendur þarna betur að vígi.

Það má vel vera, að hæstv. ráðh. geti borið um það, að menn vilji ekki fara úr góðum og vel launuðum embættum í þetta starf. Um það skal ég ekkert segja. Starfið er samt ekki illa launað, og það er þó virðulegt starf og margir gefa nokkuð fyrir það. Það er þess vegna að mínu áliti fjarstæða að halda því fram, að úr hinum stóra hópi lögfræðinga, sem margir hafa litla atvinnu, en eru þó vel hæfir og greindir menn, fáist ekki menn, sem vilja sækja um þetta embætti. Það er þá hægur vandi fyrir hæstv. ráðh., ef embættið hefir verið auglýst og enginn maður með lögfræðiprófi hefir sótt um það, að veita það ólöglærðum manni. Ég verð að segja það, að hinn ólöglærði maður má hafa mikla hæfileika til að bera, ef það á að vera réttlætanlegt að taka hann fram yfir lögfræðing. Mér finnst það „hasarderað", ef menn slá því föstu án þess að hafa litið í kringum sig, að ekki megi finna hæfan lögfræðing til að takast þetta embætti á hendur. Mér finnst a. m. k. sjálfsagt, að ráðh. hreinsi hendur sínar með því að auglýsa embættið laust til umsóknar og sjá hverjir sækja. Ef það sýnir sig, að enginn hæfur lögfræðingur sækir um starfið, þá er a. m. k. nógur tími að fara að hugsa um að setja í það ólöglærðan mann. Mér finnst útlátalaust fyrir hæstv. ráðh. að lýsa yfir því, að hann muni taka hæfan lögfræðing fram yfir ólöglærðan mann við veitingu þessa embættis. Og þótt ráðh. vilji e. t. v. ekki gefa slíka yfirlýsingu, þá veit ég, að það verður þessi „praksis", sem tekin verður upp. Ég veit ekki, hvers þeir menn ættu að gjalda, sem árum saman hafa kostað sig í dýrum skólum við sérfræðinám, ef þeir mættu ekki koma til greina þegar embætti eins og þetta losnar. Það er hart, ef fyrirfram á að slá því föstu af veitingarvaldinu, að enginn af slíkum mönnum sé fær um að gegna þessu starfi og að fá þurfi ólögfróðan mann til að gegna því. Hugsum okkur ef beita ætti t. d. læknastéttina samskonar brögðum, eða hverja aðra stétt sem væri, allt frá verkamönnum til lækna t. d. Það er ekkert eðlilegra en að læknar og aðrar stéttir séu látnar sitja fyrir þeim störfum, sem þeirra þekking nær sérstaklega til, en ekki teknir fram yfir þá einhverjir „outsiders".

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það má segja, að þessar umr. séu komnar út fyrir efnið, þegar farið er að ræða um, hvort eigi að auglýsa eða ekki auglýsa lögreglustjóraembættið. Ég hefi í sjálfu sér ekki mikið um þetta að segja. Vil þó aðeins taka það fram, eins og ég raunar gerði áðan, að það er orðið lítið eftir af lögfræðiatriðum, sem tilheyra þessu embætti. Hvað snertir stjórn lögreglunnar, þá eru þau atriði afarfá í því sambandi, sem útheimta lögfræðimenntun. Auðvitað þurfa menn að þekkja lögreglusamþykktina og vita, að það er refsivert að stela. Þetta þurfa lögregluþjónarnir úti á götunni líka að vita, — og gera það líka og starfa í samræmi við það. Ef fyrir koma tilfelli, þegar vafamál er, hvort lögreglusamþykktin hefir verið brotin eða ekki, þá myndi hlutaðeigandi maður vitanlega verða kærður og síðan myndi sakadómari skera úr um sýknu eða sekt. Ég man eftir tveimur slíkum tilfellum. Maður vildi ekki viðurkenna brot sitt á lögreglusamþykktinni, svo að dómur var látinn ganga. Ef þurfti að leita á manni eða gera húsleit, þá mátti lögreglan ekki snerta við því. Það þurfti að koma til bæjarfógeta, eins og nú yrði komið til sakadómara, og biðja um leyfi samkvæmt þeim gögnum, sem lögreglan hafði í höndum. Síðan var kveðinn upp úrskurður, sem haldið var leyndum unz leit eða húsrannsókn hafði fram farið. Lögregluþjónarnir verða, ef þeir þurfa að gera meiri háttar rannsókn, að fá aðstoð sakadómara. Þannig er sáralítið orðið eftir af lögfræðistörfum hjá þessum embættismanni. Þess vegna veltur orðið miklu meira á ýmsu öðru en lögfræðimenntun, hvort maðurinn reynist nýtur í starfinu eða ekki. Ég mun því ekki ræða þetta mál frekar. Ég vænti þess, að menn fallist á þau rök, sem ég hefi fram borið. Hinsvegar skil ég afstöðu hv. síðasta ræðumanns, að lögfræðingar vilja halda til sinnar stéttar þeim störfum, sem þeir teljast færir um að gegna. En ég lít svo á, að þetta starf, eins og það nú er orðið, sé ekki fyrst og fremst fyrir lögfræðinga. Ég tel till. heldur til miska og vil heldur hafa þetta óbundið. Þó mun ég auðvitað láta það afskiptalaust.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég álít ekki ástæðu til að koma með fyrirspurn í þessu sambandi um það, hvernig ráðh. ætlar að haga embættaveitingum yfirleitt. Um slíkt mætti auðvitað gera sérstaka fyrirspurn, en ég sé ekki, að hún eigi rétt á sér í sambandi við þetta mál. — Ég vil geta þess út af því, sem hæstv. forsrh. tók réttilega fram, að í lögunum frá 1928 um embættismenn í Reykjavík eru ekki sett skilyrði um menntun þeirra. En það var vegna þess, að allir gengu út frá því, að sömu kröfur yrðu gerðar til þeirra og til bæjarfógetans áður, og var þó ólöglærður dómsmrh. þá. Brtt. er til bóta. Þar eru sett fram viss skilyrði, sem þó má veita undanþágu frá, ef sett eru sérstök skilyrði að því er lögreglustjóra varðar í konunglegri tilskipun. Um hin embættin gildir það, að ekki má setja í þau aðra en þá, sem fullnægja dómaraskilyrðum. Gildir þetta engu síður um tollstjóraembættið. Ég hefi verið fulltrúi þess embættismanns í fjögur ár og veit vel, að mikið af hans störfum er beinlínis lögfræðilegs eðlis.

ATKVGR.
Brtt. 576,1 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Brtt. 576,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
8.—9. gr. samþ. með 22:2 atkv.
Brtt. 576,3 (ný 10. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:2 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 28. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:2 atkv. og endursent Ed.

Á 97. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 98. fundi í Ed., 29. des., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Þorsteinn Þorsteinsson:** Ég vil geta þess, að mál þetta hefir skemmzt nokkuð við að fara til Nd. Úr 10. gr. þess hefir verið sleppt töluvert mikilvægum ákvæðum að mínu áliti, þar sem gert var ráð fyrir, að dómsmrn. gæti haft miklu betri aðstöðu til að reka mál á kostnaðarminni hátt fyrir ríkissjóð en verið hefir, og þyrfti eigi að sæta afarkostum frá þeim mönnum, er slík störf tækju að sér. En vera má, að ráðun. hafi nú á að skipa svo ágætum setudómara, að það sé ánægt með frv. eins og það er nú, og fyrst ráðun., sem ég hélt að myndi taka þessu atriði feginsamlega, hefir ekki lagt neitt orð í belg um þetta efni, þá vil ég ekki vera að berjast fyrir brtt., e. t. v. í óþökk ráðun. En ég get hinsvegar ekki látið frv. fara svo framhjá mér, að ég lýsi ekki óánægju minni yfir þessu atriði, og mun með þessu óbeinlínis stofnað til töluverðrar eyðslu fyrir ríkissjóð.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 647).

---

70. Útvarpsrekstur ríkisins (frv. fjhn. Ed.).

Á 91. fundi í Ed., 22. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins (þmfrv., A. 555).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:1 atkv. og til menntmn. með 11 shlj. átkv.

Á 92. fundi í Ed., 23. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 555, n. 579).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Aðeins örfá orð. — Þetta frv. er, eins og sjá má, aðeins nokkrar orðabreyt. við 3. gr. l., og í 1. mgr. er aðeins því sleppt niður, að launin, sem þar eru ákveðin, eru ekki tekin upp í frv. En svo mun þó vera til ætlazt, að þau laun, sem nú hafa verið greidd til útvarpsstjóra, verði einnig greidd áfram.

Í 2. mgr. 1. gr. frv. er um nokkra breyt. að ræða, því að þar er gert ráð fyrir, að ráðh. sé heimilt að gera fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild undir stjórn útvarpsráðs, og ennfremur, að ráðh. sé heimilt að semja við blöð lýðræðisflokkanna um þátttöku í starfrækslu slíkrar fréttastofu. Þetta er veigamikil breyt.

Ég tel óþarft að halda hér langa ræðu um tildrög þess, að hnigið hefir verið hér að þessu ráði. En m. a. býst ég við, að hér liggi á bak við nokkur sparnaðarhugsun, með því að koma megi við skynsamlegri tilhögun við útvarpið en verið hefir. Því að því ber ekki að neita, að hér er nokkuð dregið úr því valdi, sem útvarpsstjóri hefir haft samkv. núgildandi l.

Við athugun frv. í n. gátum við nm. ekki séð, að hægt væri að koma þessu fyrir á annan einfaldari hátt, eins og sakir standa, heldur en hér í frv. er gert ráð fyrir, og mælir n. með því, að þessi breyt. á l. verði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.

2. gr. samþ. með 11:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Ég vil ekki tefja umr. að þessu sinni, en vil lýsa því yfir, að ég mun gera aths. við þetta frv. við næstu umr. Með tilliti til þess, að það er Þorláksmessukvöld, mun ég ekki lýsa afstöðu minni til þessa máls að sinni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 27. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:2 atkv. og til menntmn. með 16:2 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 28. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 555, n. 615).

Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Eins og sést á þskj. nr. 615, sem er nál. menntmn., hefir n. athugað þetta mál og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Það, sem ég vildi gera að umræðuefni í sambandi við þetta mál, sem nú á fram að ganga hér í þinginu, er það nýmæli, að gera skuli fréttastofu útvarpsins að sérstakri deild, er starfi í sambandi við blöð lýðræðisflokkanna. Þetta er í fyrsta skipti, sem lagt er til hér á Alþingi að setja þannig ákvæði í l., að einhver sérréttindi skuli gilda fyrir ákveðna flokka eða ákveðna menn í þessu landi, eftir því hvaða skoðanir þeir hafa, eða réttara sagt, eftir því hvaða skoðanir valdhafarnir álíta, að þeir hafi, eða vilja telja, að þeir hafi. Hingað til hefir það að vísu þekkzt á Alþingi, að skipaðar væru hinar og þessar n., t. d. eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Um það getur ekki verið neinn efi, hverjir eru þrír stærstu þingflokkarnir, þótt fyrsti og annar þingflokkurinn geti e. t. v. verið jafnstórir. En þegar ákveðið er, að fréttastofa útvarpsins skuli vera sérstök deild, sem semji við blöð lýðræðisflokkanna um þátttöku, þá er auðséð, hvað stendur á bak við. Það á að taka útvarpið enn meir en gert hefir verið í þjónustu núverandi ríkisstj. til þess að flytja áróður, sem er henni að skapi, eða er þeim flokkum, sem hana styðja, til pólitísks framdráttar og aukinna áhrifa á landsmenn.

Það er vitanlegt, hver áhrif er hægt að hafa með fréttaflutningi útvarpsins á landsmenn. Það er enginn efi á því, að útvarpið er sterkasta áróðurstækið, sem til er, e. t. v. að undanteknum skólunum, sem keppa nokkuð við það úti til sveita.

Fram til þessa, frá því útvarpið var stofnað hér, hefir verið álitið, að aðalgrundvöllur þess og ein höfuðreglan í öllum þess rekstri ætti að vera pólitískt hlutleysi. Nú er vitað, að þótt slíkar reglur séu settar, er alltaf um það deilt, hvernig slíkt skuli framkvæmt og hvort framkvæmd útvarpsins á þessum reglum þess hafi ekki komið í bága við þau lög og reglur, sem því eru sett. Það er alkunnugt, að mikið hefir verið deilt um, að útvarpið hafi verið misnotað og hefir verið deilt mjög skarpt á það, bæði í blöðum Sjálfstfl. og blöðum verkalýðsflokkanna. Hinsvegar hefir það alltaf verið viðurkennd regla, að útvarpið ætti að vera pólitískt hlutlaust og að það ætti að gera mönnum jafnhátt undir höfði, án tillits til þess, hvaða skoðanir þeir hefðu, sem sé, að útvarpið ætti að byggja á sama grundvelli og almennt lýðræðisskipul.; að menn eigi að vera jafnir fyrir lögunum. Eins og reglur útvarpsins benda til, eiga allir landsmenn, hvaða skoðun, sem þeir kunna að hafa á hinum eða þessum málum, að standa jafnt að vígi gagnvart útvarpinu. Nú þegar komið er með sérstök ákvæði um, að fréttastofa útvarpsins skuli starfa í sambandi við ákveðin blöð í landinu, þá nægir ekki, að það sé í sambandi við eitt eða fleiri ákveðin blöð, heldur við blöð ákveðinna pólitískra flokka. Nú gætu verið hér, eins og er víða úti um heim, blöð, sem formlega eru óháð pólitískum flokkum, en eru einkaeign einstakra manna eða félaga, og þótt þau hafi ákveðnar pólitískar stefnur, þá þarf það ekki að þýða, að þau standi í þjónustu ákveðinna flokka. Þegar sett eru l., þá verður að ganga út frá ástandinu eins og það getur orðið, en ekki eingöngu eins og það er nú, þegar blöðin tilheyra pólitískum flokkum.

Þá eru blöðin hér á Íslandi yfirleitt ekki eign pólitísku flokkanna. T. d. er stærsta blaðið — Morgunblaðið — eigna ákveðins hlutafélags, og mér er ekki kunnugt um, að Sjálfstæðisflokkurinn sem flokkur eigi meiri hluta hlutabréfa í því, eða hafi á nokkurn hátt fullkomin ráð á því undir öllum kringumstæðum, ef t. d. væri stofnaður nýr flokkur, sem eigendur blaðsins tilheyrðu, og vildi reka aðra pólitíska stefnu en Sjálfstfl.

Ef hafa á samvinnu við blöðin almennt um fréttastofu útvarpsins, þá kemur ekki til mála að einskorða það við blöð, sem eru eign vissra flokka, eða við blöð flokka, sem hafa einhverja vissa skoðun. Þess vegna er hér í þessu frv. farið mjög fjarri því, sem virðist sómasamlegt og rétt að gera. Ef vanda ætti meir til fréttaflutnings útvarpsins en gert hefir verið og þess vegna að stofna til þessarar samvinnu, þá ætti auðvitað að hafa samvinu við öll blöð í landinu, og sízt af öllu að setja ákvæði um, að einungis mætti hafa samvinnu við þau blöð, sem tilheyra einhverjum ákveðnum flokkum. Það mundi þýða, að einungis pólitísk blöð hefði áhrif á fréttaflutninginn.

Ég veit, að hv. þm. skilja þetta flestir hverjir, þegar þeir athuga málið og þeir sjá, að það er ekki vansalaust fyrir Alþingi út frá heilbrigðri skynsemi að setja inn þetta ákvæði, ef það á annað borð ætlar sér með því að vanda fréttaflutninginn. Til þess á að hafa samvinnu við öll blöð í landinu svo hægt sé að notfæra sér þeirra fréttasambönd.

Þá kem ég að síðara atriðinu í þessu sambandi. Í frv. er tekið fram, að það eigi að hafa samvinnu við blöð lýðræðisflokkanna í landinu. Þarna er notuð skilgreining, sem alveg má deila óendanlega um. Það er ekkert til í okkar löggjöf, sem ákveður, hvaða flokkar séu lýðræðisflokkar og hvaða einkenni þeir skuli hafa til þess að teljast það. Sú lagalega skilgreining á orðinu lýðræði held ég að sé ekki heldur til í okkar núgildandi löggjöf, en setji menn einhver ákvæði í l., þá verður þó að ætlast til, að þeir viti, hvað þeir eru að fara.

Ég skal nú taka þessi orð, lýðræði og lýðræðisflokkar, fyrir og athuga þau.

Við vitum allir, hvaðan þau eru upp runnin og hvað er meint með þeim. Það er útlenda orðið „demokrati", upprunnið úr grísku, sem er þýtt með orðinu lýðræði. Meiningin með orðinu er réttur lýðsins til að ráða í mótstöðu við yfirstéttirnar, „aristokrati". Þetta er sá skilningur, sem lá í orðinu í gamla daga í Grikklandi, og það er sá skilningur, sem barizt er fyrir, þegar verið er að reyna að koma á lýðræði. Nú geta

menn litið mismunandi á, hvaða fyrirkomulag er átt við með orðinu lýðræði. Ég skal fyrir mitt leyti lýsa því yfir, að ég álít ekki neitt lýðræði fullkomið meðan nokkur maður er þannig settur í þjóðfélaginu, að aðrir menn hafi möguleika til að útiloka hann frá eða svipta hann möguleikum til að leita sér hamingju og gæfu í lífinu.

Ég vil í þessu sambandi minna á þá fyrstu skilgreiningu á orðinu lýðræði, sem þeir, sem staddir voru við setningu háskólans í haust, áttu kost á að heyra og lesin var upp af próf. Ágúst H. Bjarnasyni. Hún sýndi, að þeir, sem börðust fyrir því lýðræði, sem við nú njótum, hafa hugsað sér það miklu fullkomnara og ekki með þeim skerðingum, sem vald auðmagnsins hefir valdið. *Það er ekki fullkomið lýðræði fyrr en það vald*, sem nú ræður flestöllum framleiðslutækjum, er horfið. Fullkomið lýðræði er alls ekki hugsanlegt fyrr.

Ég veit, að meiri hl. þeirra hv. þm., sem hér eiga sæti, eru á annari skoðun um, hvað sé lýðræði, og nú vil ég spyrja, þar sem ekkert er til í núgildandi löggjöf, sem festir þetta hugtak, — eftir hverju á að dæma, þegar farið er að dæma um, hvað séu lýðræðisflokkar og hvaða blöð séu blöð lýðræðisflokka hér á Íslandi?

Eins og nú er í pottinn búið, er það lagt á vald ríkisstj. að ákveða, hvað henni þóknast að álíta um þetta. Ef. t. d. sú ríkisstjórn, sem situr að völdum á Íslandi, álítur, að Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl. séu ekki lýðræðisflokkar, hvorki að því er snertir stefnuskrá þeirra eða framkvæmdir þeirra, þar sem þeir hafa gert hinar og þessar skerðingar á réttindum manna hér á Íslandi, þá mundi það þýða, að þessi stjórn, sem slíka skoðun hefði, gæti útilokað þessa flokka frá því að hafa nokkur áhrif á fólkið í sambandi við þessa fréttastofu.

Ef svo í öðru lagi sú stjórn, sem sæti við völd, *áliti, að einungis Framsfl. og Alþfl. væru* lýðræðisfl., en ekki Sjálfstfl. og Sameiningarflokkur alþýðu, þá er það skoðun, sem hvað eftir annað hefir komið fram í blöðum eins og Tímanum og Alþýðublaðinu, sérstaklega í sambandi við kosningar til Alþingis, t. d. nú við síðustu kosningar var það brýnt fyrir mönnum, að ef Sjálfstfl. kæmist í meiri hl. á Alþingi, þá væri lýðræðið afnumið. Þessu var t. d. haldið fram af þeim mönnum, sem nú eru ráðh. Alþfl. og Framsfl. Skýring stjórnarvaldanna á því, hvað séu lýðræðisflokkar og hverjir ekki, fer því einungis eftir geðþótta stjórnarvaldanna og pólitiskum hagsmunum þeirra. Hv. þm. ættu að hugleiða vel, hverjar afleiðingar geta orðið af því að samþ. l. eins og þessi, sem sé, að ríkisstj. úrskurði á hverjum tíma, hvaða flokka beri að telja lýðræðisfl., og að þau blöð, sem hún telur að hafi til þess sérstaka verðleika, hljóti þau sérstöku réttindi að hafa samvinnu við fréttastofu ríkisútvarpsins.

Þegar svo á sama tíma eru aukin áhrif ráðaneytisins á rekstur útvarpsins, og eins og nú var gert fyrir skömmu hér á Alþingi, skipun útvarpsráðs lögð í hendur pólitískra flokka, en útvarpshlustendur sviptir öllum rétti til að ákveða, hvernig útvarpsráð skuli kosið, þá er auðséð, að hverju stefnir. Það á að gera ríkisútvarpið að áróðurstæki í höndum núverandi ríkisstj., og henni og hennar flokkum á að gefa vald til að gera það, sem þeim þóknast viðvíkjandi fréttaflutningi og áróðri í útvarpinu. Það er m. ö. o. verið að víkja af þeim grundvelli, sem útvarpið var byggt á, og það eru fulltrúar íslenzku þjóðarinnar á Alþingi, sem eru að gera það. Það er verið að skapa nýjan grundvöll, þannig að hægt sé að nota ríkisútvarpið sem áróðurstæki fyrir hina pólitísku stjórn í landinu og hennar flokka.

Þetta er ekkert einstakt fyrirbrigði í veröldinni. Þetta fyrirbrigði, sem nú er að gerast hér, hefir gerzt í fasistalöndunum, og það er verið að vinna að hinu sama hér og þar hefir verið gert undanfarin ár. Það á að koma á á Íslandi *einræði fámennrar valdaklíku, sem byggir sína* stjórnmálastefnu og framkvæmdir á einu einasta atriði, en það er að viðhalda og hylma yfir það hneyksli, sem Kveldúlfsskuldirnar í Landsbankanum eru orðnar, og afstýra því, að þjóðin komist að nokkru um það. Út frá þessum grundv. á að halda við valdi þeirra manna, sem hafa sölsað *undir sig aðalatvinnuv. landsins, og með* þeim tökum, sem þeir hafa á bönkum landsins, eru að ná harðvítugum tökum á mestallri framleiðslu og verzlun í landinu, sem þeir einoka meir og meir fyrir sig. Það er stefnt að því að skapa og viðhalda einræði þessara manna. Einn þátturinn í því að reyna að sætta þjóðina við yfirráð þessara manna er að taka útvarpið miklu meira en verið hefir í þjónustu þeirra. Það, sem verið er að koma á hér á Íslandi með öllu því baktjaldamakki og þeim handjárnum, sem smeygt hefir verið upp á flesta þm., er að koma á einræði nokkurra skuldakonunga og reyna svo að þrælbinda þjóðina, bæði andlega og líkamlega, með aðferðum eins og þeim, sem nú á að framkvæma í sambandi við ríkisútvarpið, þrátt fyrir andstöðu meiri hluta landsmanna.

Það *einasta*, sem skilur á milli um aðferðir fasistanna í Evrópu og valdaklíkunnar á Íslandi, er það, að fasistarnir ganga hreinna til verks, en reyna ekki að hafa á sér yfirskin lýðræðisins um leið og verið er að kyrkja það. Þess vegna vildi ég sérstaklega gera að umtalsefni þetta ákvæði um blöð lýðræðisflokkanna, sem *setja á inn í l., því að hver maður veit, hvernig* það verður notað, hvernig á að nota það að yfirvarpi til þess að útiloka hina eiginlegu fylgjendur lýðræðisins og lýðinn sjálfan frá öllum áhrifum á ríkisútvarpið.

Ég vil svo að endingu geta þess, að jafnslæmur og tilgangurinn er með þessi frv., jafnhroðalegur er frágangur þess, þar sem engin skilgreining er til á því atriði, sem hér liggur fyrir, heldur á hún að fara eftir geðþótta þeirra, sem fara með völd á hverjum tíma.

Ég vil svo að endingu lýsa því yfir, sem ég hefi áður gert, að sá flokkur, sem ég tilheyri, — Sósialistaflokkurinn, — er samkv. sinni stefnuskrá lýðræðisflokkur, og að *mínu áliti fullkomnari* lýðræðisflokkur en allir þeir aðrir, sem hér eiga fulltrúa. Vil ég um leið mótmæla því, sem ég veit, að verður gert af hálfu núv. ríkisstj., að skilgreina sem lýðræðisflokka aðeins þá flokka, sem eru fylgjandi núverandi auðvaldsskipulagi, og blanda oft saman því tvennu, sem ekki er

rétt að blanda saman; annarsvegar því skipulagi, sem er byggt á eignarrétti auðmannanna, og hinsvegar því skipulagi, sem byggist á almennum mannréttindum og felst í orðinu lýðræði. Það, hvernig þessu tvennu er oft blandað saman, stafar af því, að þeir menn, sem telja sig í orði kveðnu lýðræðissinna, geta ekki hugsað sér lýðræði án þess, að auðvaldið ráði að meira eða minna leyti. Það eyðileggur lýðræðið um leið. Ég hefi oft rakið það hér í þessari hv. deild, hvernig auðvaldið hefir eyðilagt lýðræðisóskir fólksins og afnumið lög þingsins eða með hótunum hindrað, að þau næðu fram að ganga, eins og t. d. krafan um, að fyrirtæki, sem skulda yfir 150000 kr., birtu efnahagsreikninga sína. Það þarf ekki heldur að leita langt til þess að finna dæmi um það, hvernig auðvaldið eyðileggur lýðræðið. Á síðasta áratug hafa flokkar alþýðunnar hér á Íslandi brugðizt algerlega stefnuskrám sínum og gengið á mála hjá auðvaldinu. Það skýtur því skökku við, þegar þessir flokkar ætla sér undir yfirskini lýðræðisins að sölsa undir sig ríkisútvarpið og færa það af grundvelli þess pólitíska hlutleysis, sem allt lýðræði stendur og fellur með. Með því marka þessir flokkar þann áfanga, sem þeir eru komnir til á leiðinni frá að vera flokkar alþýðunnar og sveitafólksins og til að verða flokkar Kveldúlfs og Landsbankans.

Ég vil mótmæla þessu frv. og greiði atkv. á móti því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15:3 atkv.
2. gr. samþ. með 15:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 96. fundi í Nd., 29. des., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég talaði hér nokkuð í gær um þetta mál og vakti m. a. eftirtekt á því, hvernig þessi orð, sem notuð eru í 2. gr. frv. um „blöð lýðræðisflokkanna“, mundu geta gefið tilefni til útlagningar á þeim alveg eftir geðþótta þeirra valdhafa, sem væru í hvert skipti. Og ég nefndi þess ýms dæmi, hvernig hægt væri fyrir valdhafa, sem beita vildu gerræði, að misbeita þessu ákvæði. Það leið heldur ekki á löngu áður en það sýndi sig, að þessi viðvörun til hv. þm., líka þeirra, sem eru í öðrum flokkum en okkar sósialista, mundi hafa við rök að styðjast. Í ræðu, sem haldin var hér í nótt sem leið, kom fram ákveðin skilgreining á því, hvernig þeir menn, sem völdin hafa í landinu að því er virðist og ráða meiri hluta þingsins, hugsa sér að skilgreina orð eins og þessi og nota sér slík orðatiltæki, sem hér eru sett fram, til þess að geta misnotað það vald, sem í útvarpinu felst. Hv. form. Framsfl., þm. S.-Þ., talaði hér í nótt í Sþ. mjög ákveðið og skilmerkilega um það, að það munaði nú bara 2 atkv., að kommúnistar væru í meiri hl. hér í þinginu í vissu máli, og hann lýsti því mjög skilmerkilega og lifandi, hvernig það hefði verið gerð hér greinileg árás, innan þings og utan, til þess að afhenda frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar í hendur Háskóla Íslands, og ég veit ekki hvað og hvað, og hann nefndi þar sérstaklega hv. þm. N.-Ísf. og ég held hv. 11. landsk. og einhverja fleiri þm. Það leið þess vegna ekki á löngu, þangað til þessi maður, sem eins og kunnugt er, á aðalupptökin að „höggormínum“ og þessum parti af honum, sem nú liggur hér fyrir, gaf vísbendingu um það, hvernig þetta orðalag mundi verða notað. Því að þetta frv. er einmitt eitt af því, sem þessi hv. þm. hefir sérstaklega óskað eftir að fá samþ., til þess að geta komið ár sinni betur fyrir borð um það, að einoka fyrir sig og eina einkastefnu það mál, sem hann ræddi þá, sem áróðurstæki í þessu þjóðfélagi. Það er vitanlega öllum kunnugt, hvað til stendur og hefir staðað hér á Alþ. viðvíkjandi menntamálaráði. Og nú liggur hér fyrir önnur till., upprunnin frá sömu rótum, frá hv. þm. S.-Þ. Og hann gaf í nótt mjög eindregna skýringu á því, hvernig hann ætlar sér að túlka þetta orðalag frv., sem ég minntist á áðan, nefnil. „blöð lýðræðisfl.“ Ég vil nú biðja hv. þm. að athuga það, að þegar skilgreiningar á orðunum kommúnistar, lýðræði og öðru þess háttar, sem mikið tíðkast nú á dögum í tali manna, eru notaðar á samskonar hátt og hv. formaður Framsfl. gerði í nótt og gerir yfirleitt, og eins og Hitler hefir notað þær síðustu 6 ár, þá býst ég við, að ekki aðeins við sósialistar, sem oft erum kallaðir kommúnistar, heldur og margir aðrir muni sjá, að þegar á að fara að samþ., að fréttastofa útvarpsins eigi sérstaklega að semja við blöð lýðræðisflokkanna, þá eigi það, eins og ég sýndi fram á í gær, að vera alveg undir geðþótta ríkisstj. komið. Og hún er vitanlega ekki alveg sjálfráð verka sinna, heldur eru það einhverjir aðrir, sem stjórna henni. Og þá held ég, að við getum búizt við, að menn eins og hv. þm. S.-Þ. geti fengið ríkisstj. til þess að koma sínum málum fram, samkvæmt skilgreiningu hv. þm. S.-Þ. á því, hvað eru lýðræðisfl. og ekki lýðræðisfl. og kommúnistar og annað slíkt. Þessi hv. þm. (JJ) þarf líklega ekki meira til þess að hafa áhrif á ríkisstj. en að segja við ráðh., t. d. atvmrh., að hann vilji koma á einhverri breyt., til þess að fá hann á sitt mál. Og hann mun ekki þurfa meira að hafa fyrir því við suma aðra hv. þm., til þess að fá sínum vilja framgengt. Við höfum fengið dæmi um þetta, sem við ættum að láta verða okkur til varnaðar.

Ég vil beina því til hv. þm., að þeir athugi málið mjög vel áður en þeir ganga að því að samþ. þetta. Það getur farið svo fyrr en varir, að það vopn, sem þeir hv. þm., sem telja sjálfa sig tilheyrandi því, sem þeir vilja kalla lýðræðisflokka, ætla að beita gegn sósialistafl., snúist í höndunum á þeim og það verði notað gegn þeim og þeim stefnum, sem sérstaklega kenna sig nú við lýðræði. Það, hvernig geðþótti og gerræði er farið að grípa um sig, utan þings og innan, gefur okkur fullkomið tilefni til þess að vera á verði um að gefa ekki valdhöfunum annað eins vopn í hendur og það, sem hér liggur fyrir, ef frv. verður að l.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 648).

71. Ríkisborgararéttur (frv. eftir þinghlé).

Á 76. fundi í Nd., 6. des., var útbýtt:
Frv. til l. um veiting ríkisborgararéttar (þmfrv., A. 388).

Á 78. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Nd., 9. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 11. des. var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 81. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 388,422).
Of skammt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 422. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Umr. frestað.
Á 83. fundi í Nd., 14. des., var frv. tekið til frh. 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 84. fundi í Nd., 15. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

***Jón Pálmason:** Eins og hv. dm. munu hafa tekið eftir, þá hefi ég flutt brtt. við þetta frv. á þskj. 422, um að Oskar Sövik, rafveitustjóra á Blönduósi, verði veittur ríkisborgararéttur. Þannig er varið um þennan mann, að hann vantar tæplega hálft ár til þess að vera búinn að dvelja hér á landi í 10 ár, en sýslunefnd A.-Húnavatnssýslu og rafveitustjórnin á Blönduósi leggja ákaflega mikla áherzlu á, að manni þessum sé veittur ríkisborgararéttur, vegna þess, að hans er áfram þörf við gæzlu stöðvarinnar. Hann hefir haft þetta starf á hendi síðan stöðin tók til starfa. Þarna er um að ræða vélar, sem eru að verðmæti um 80 þús. kr. Þeir, sem hlut eiga að máli, leggja mikla áherzlu á að fá að njóta áfram starfs þessa manns, sem vel hefir reynzt. Nú er það svo, að heimilt er samkv. l. að veita mönnum ríkisborgararétt, ef þeir hafa um 5 ára skeið starfað í þágu hins opinbera, en þessi maður hefir þarna verið í þjónustu sýslufélags og rafstöðvar, sem rekin er í sambandi við kvennaskólann á Blönduósi og sjúkrahúsið, og eru báðar þessar stofnanir hálfopinberar, þ. e. a. s. styrktar af ríkinu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta mál fleiri orðum, en vænti þess, að menn líti með velvilja á brtt., þar sem svo stendur á, að það vofir yfir, að þessi maður verði kvaddur til Noregs vegna stríðsins. Að öðru leyti vil ég vísa til hæstv. forsrh., sem er þessu máli kunnugur og hefir haft það með höndum.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Allshn. hefir athugað allar umsóknir, sem borizt hafa og getið er um á þskj. 388, og hafa þeir menn, sem þar eru greindir, fullnægt öllum settum skilyrðum í l. nr. 64/1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa. — Sömuleiðis hefir n. athugað umsókn, sem borizt hefir frá Oskar Sövik og hv. þm. A.-Húnv. flytur nú brtt. um á þskj. 422. — Eins og flm. brtt. tók réttilega fram, þá vantar þennan mann hálft ár til þess að hafa dvalið hér 10 ár, en hefir hinsvegar ekki starfað í þjónustu ríkisins eða ríkisstofnana, og telur allshn. því ókleift, með tilliti til þeirra reglna, sem fylgt hefir verið um hvern einasta umsækjanda síðan l. frá 1935 voru sett, að mæla með því við þingið, að þessum manni verði veittur ríkisborgararéttur. N. hefir fylgt um þessi efni ströngum reglum og oft neitað mönnum af smávægilegum ástæðum um að taka umsóknir þeirra til greina. N. getur ekki séð annað en að ef gengið er einu sinni inn á þá braut, að krefjast ekki stranglega, að öllum settum skilyrðum sé fullnægt, þá verði gersamlega óstætt við afgreiðslu þessara mála. Enda myndu ýmsir, sem áður hafa fengið neitandi svör hjá n., telja hér um mikið ranglæti að ræða gagnvart sér. En auk þess sem maður þessi hefir ekki enn fullnægt skilyrðinu um lengd dvalartíma, þá fullnægir hann ekki heldur því atriði, að sýna vottorð um þann tíma, sem hann hefir dvalið í landinu. Hann kveðst hafa verið hér síðan 1930, en 1933 gekk hann í þjónustu rafveitunnar á Blönduósi. Það er þó a. m. k. óhjákvæmilegt að krefjast þess, að fyrir liggi hegningarvottorð fyrir árin 1930—1933, og vottorð um, hvort maðurinn hefir þegið sveitarstyrk á þessum árum, ef taka ætti tillit til umsóknarinnar. Samkv. símskeyti frá sýslumanni Húnavatnssýslu hefir maður þessi unnið hjá Stefáni Runólfssyni áður en hann réðst til rafveitunnar á Blönduósi, en vottorð er ekki fyrir hendi. Annars vil ég segja það almennt um þetta mál, að gildandi l., frá 1935, voru á sínum tíma borin fram af allshn. Ed. eftir tilmælum hæstv. þáv. og núv. dómsmrh., og það var samþ. af öllum hv. þm. mótatkvæðalaust, að þeim skilyrðum, sem sett eru, yrði framfylgt í öllum tilfellum, og er sérstaklega sterkt kveðið að orði í grg. um þann glundroða, sem fram að þeim tíma ríkti um þessi mál, og að nauðsynlegt sé að hindra, að menn, sem aðeins hafi haft hér stutta viðdvöl, geti öðlazt ríkisborgararétt. Frv. fór upphaflega fram á 15 ára dvalartíma sem skilyrði fyrir ríkisborgararétti. Ég vil taka það skýrt fram fyrir hönd allshn., að okkur er alls ekki stætt á nokkrum reglum um þessi

mál, ef byrjað er á að veita undanþágur og ekki lengur haldið sér við lagabókstafinn. Hitt er annað mál, ef þingið vill nú taka upp þá stefnu að gera ekki eins harðar kröfur og gert hefir verið síðan 1935, en láta t. d. 5 ára búsetu nægja fyrir þá, sem ekki hafa verið starfsmenn hins opinbera, ekki einungis ríkisins, heldur og allra sýslu-, bæjar- og sveitarfélaga á landinu. Ef þessi stefna yrði upp tekin, þá yrði að breyta gildandi l.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég get ekki neitað því, að sjónarmið n., sem kemur fram í ræðu hv. þm. Barð., er alveg rétt, og það er líka rétt, að ég beitti mér fyrir samþykkt þeirra l., er nú gilda um þetta efni, en það gerði ég vegna reynslu minnar sem lögreglustjóri í Reykjavík. Það hafði komið mikið af útlendingum inn í landið án þess að um það giltu nokkrar fastar reglur, hverja við tókum og gerðum að ríkisborgurum hér. Þess vegna játa ég fyllilega, að frá almennu sjónarmiði er afstaða n. rétt, En vitanlega voru þessi l. fyrst og fremst sett til þess að vernda íslenzka hagsmuni, og ef það eru hagsmunir Íslands, að vikið sé frá hinum ströngustu skilyrðum l. í einstökum tilfellum, þá tel ég, að það sé réttlætanlegt. Nú neita ég því hinsvegar ekki — og ég veit, að hv. þm. Barð. talar þar af reynslu —, að ef gerðar eru undantekningar frá reglu, þá verður undantekningin að reglu. En ástæðan til þess að ég tek hér til máls, er sú, að framkvæmdastjórn rafveitunnar á Blönduósi, Jónatan Lindal, Steingrímur Davíðsson og Pétur Theódórs, hefir ritað mér bréf, og fært fram ýmsar ástæður fyrir því, að rétt sé að veita þessum manni ríkisborgararétt. Þessar ástæður eru aðallega fjórar: 1) Að maðurinn hafi reynzt ágætlega við sitt starf, og þess vegna alveg sérstök áherzla lögð á það nú á stríðstímum, þegar erfitt er að fá nýja vélahluti, að þessi maður, sem er vélasamstæðunum þaulkunnugur, geti haldið áfram gæzlu þeirra. Vélarnar kosta um 80—90 þús. kr., og er talið hætt við, ef nýr maður tæki við gæzlunni, að eitthvað færi verr úr hendi hjá honum heldur en þessum manni. Hann hefir verið síðan rafmagnsveitan tók til starfa og hefir reynzt sérstaklega vel. Þetta eitt út af fyrir sig eru nokkuð sterk og sérstæð rök. — Í annan stað eru þeir hræddir um það, að nú geti svo farið, að vegna þess að ófriður geisar í Norðurálfu og skandinavísku þjóðirnar eru að búa sig undir það, að sá ófriður geti færzt nær þeim, þá megi búast við, að þessi maður verði kallaður til herþjónustu, ef hann fær ekki ríkisborgararétt nú. Þetta er líka sérstök ástæða. — Í þriðja lagi gera þeir ekki ráð fyrir að geta fengið hæfan mann íslenzkan til starfsins, en ég fullyrði ekki, að sú staðhæfing sé rétt. Mér skilst, að fyrir liggi hjá n. bréf frá rafvirkjum um, að hægt sé að fá mann til þessa starfs, en það gerir ekki að engu þá röksemd, að þeir geti ekki fengið mann, sem er tryggur, því þeir bera fram aftur á móti, að síðastl. vor hafi Jakob Gíslason skýrt þeim frá því, að það væri enginn maður til nú, sem ótvírætt væri treystandi. — Í fjórða lagi þarf að gera spennubreyt. á stöðinni nú í vor, og þeir gera ráð fyrir, að þessi maður hafi rétt til að framkvæma þessa breyt.,en gera ekki ráð fyrir, að það sé til laus maður, sem þeir geti fengið til að framkvæma þetta verk, ef þessi maður er frá þeim tekinn. Nú mun ekki vera hægt að breyta því, sem líka var tekið fram af frsm. n., að þegar talað er um það í lögunum, að þeir menn, sem hafa unnið 10 ár hjá ríkinu, geti fengið ríkisborgararétt, ef önnur skilyrði eru fyrir hendi, þá mælir margt með því, enda þótt á lögunum sé ekki hægt að sjá annað en að eingöngu sé átt við ríkisstofnanir, að þetta sé einnig látið gilda um bæjarfélög. Og mér finnst, að þegar maðurinn hefir verið hér á landi í 10 ár í vor og svona sérstakar ástæður eru fyrir hendi, að tæplega vera hægt að líta svo á, að þær reglur, sem ríkið hefir sett um 10 ára búsetu, séu brotnar, þótt þessi maður fái rétt samkv. lögunum. Tíminn er örstuttur og líkur til, að hann verði búinn að vera 10 ár, þegar lögin ganga í gildi, og þessar sérstöku ástæður vegna ófriðarins, sem gera það því ólíklegra, að nokkurn tíma standi þannig á um undantekningu eins og stendur á um undantekningu fyrir þennan mann. Þess vegna er ég því frekar meðmæltur, að þessi maður fái ríkisborgararétt, þó ég gangi algerlega inn á rök n. og vilji á engan hátt ganga gegn þeim, því það eru þau rök, sem ég færði hér fram þegar lögin voru sett, en mér virðist ekki, að þessi undantekning geti verið hættuleg fyrir lögin eða að hún geti skapað nokkurt fordæmi, því mér þykir ólíklegt, að það komi nokkur dæmi, sem yrði svona sérstæð.

Ég mæli því með því, að þessi maður fái ríkisborgararétt samkv. beiðni framkvæmdastjórnar rafstöðvar Vestur-Húnavatnssýslu í bréfi því, sem ég minntist á.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég vil leyfa mér að gera nokkrar aths. við ræðu hæstv. forsrh. Hann gekk nú alveg inn á þau rök, sem ég færði fram og viðurkenndi afstöðu okkar, að við vorum neyddir til þess að halda okkur að lögunum. Honum virðist samt, að í þessu tilfelli standi sérstaklega á. Hann minntist og á, að þarna væri um mann að ræða, sem er í þjónustu sýslufélags. Hann viðurkenndi það réttilega, að samkv. lögunum er einungis talað um ríkið og ríkisstofnanir. En ef við ætlum að færa fram þá skýringu, að það megi lögjafna fyrir sýslufélög, hreppsfélög, rafmagnsveitur o. s. frv., vil ég benda á, að það hefir aftur og aftur verið beðið um ríkisborgararétt af þeim ástæðum. Ég man eftir manni, sem vann við rafmagnsveitu Reykjavíkur og óskað var eftir, að fengi ríkisborgararétt, en fékk hann ekki, og býst ég við, að hv. allsherjarnefndarmenn muni eftir þessu. Við höfum orðið að halda okkur við lögin.

Ég get ekki tekið til greina, hvað stuttan tíma vantar upp á búsetu; það er alltaf hægt að teygja það, hvaða tími sé langur og hvaða tími stuttur. Hann minntist á, að þetta yrði aðeins undantekning frá aðalreglunni. En við verðum að líta svo á, að eins og sakir standa liggi ekki fyrir nægileg skilríki um þessi 3—4 ár áður en hann kom til rafveitu Blönduóss. Ég vil minna á, að einn velmetinn borgari hér í Reykjavík,

sem aldrei hefir þurft á opinberum styrk að halda, sótti um ríkisborgararétt. Allshn. sá sér ekki annað fært en að senda umsókn hans aftur til skrifstofu bæjarins, af því að það vantaði vottorð um, að þessi velmetni borgari hefði ekki þegið sveitarstyrk, og ennfremur um það, að honum hefði ekki verið refsað, enda þótt við værum vissir um, að svo hefði ekki verið. Ég vil benda á þetta af því, að afleiðingar þess, að maður verður að halda sig við lögin, eru þær að eitt verður yfir alla að ganga.

Ég vil og minna á það, að allshn. hafa borizt mótmæli frá rafvirkjafélagi Reykjavíkur um, að þessum manni verði veittur ríkisborgararéttur. Náttúrlega mundum við ekki vera á móti því þess vegna, en ég vil benda á það, að svona mótmæli eru komin fram og ástæða til, ef farið er að draga fram óskir rafveitustjórnar Húnavatnssýslu og Blönduóss, að draga eins fram þær raddir, sem hafa komið fram um, að maðurinn eigi ekki að hafa atvinnu hér á landi. Auðvitað er hægt að veita honum ríkisborgararétt, þótt hann hafi ekki atvinnuréttindi. Þeir taka það fram, að hægt sé að fá færa fagmenn til þess að annast þetta starf. Ég skal ekki dæma um það. Það liggur ekki fyrir allshn. og er fremur ráðuneytisins að dæma slíkt. En að svo komnu máli sé ég ekki hægt að leggja með því, að þessi maður fái hér ríkisborgararétt, a. m. k. ekki fyrr en hann hefir fullnægt settum skilyrðum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Eins og hv. d. sér, ber hér ekki mikið á milli. Ég er þakklátur n. fyrir það, að hún hefir staðið vel á verði um, að fullnægt sé þessum lögum um 10 ára skilyrðið. Það, sem hér ber á milli og hv. d. verður að gera upp við sig, það er, hvort þessi sérstaka undantekning, þegar ófriður ríkir og þeir álíta sig ekki geta fengið mann, sem geti farið með þessar vélar, og jafnvel ekki fengið mann, á að takast til greina. Þá er spurningin, hvort við eigum að halda svo strangt við þetta ákvæði, að maðurinn sé látinn fara, og við viljum taka á okkur þá áhættu, að skipa þeim að taka annan. Ég skal taka það fram, að ég vil ekki líta á þetta sem undantekningu frá 10 ára reglunni. Það, sem d. verður að gera upp við sig, er það, hvort hægt sé að gera þessa undantekningu án þess að það þurfi að gera undantekningu framvegis. Ég held, að það sé óhætt án þess að það skapi fordæmi. Lögin eru til fyrir þetta land, en ekki til þess að lögin séu reglur. Ef nauðsynlegt er fyrir okkar hagsmuni að víkja frá þeim, þá gerum við það, ekki sízt ef við gerum það án þess að brjóta niður regluna. Ég er á sömu skoðun og hv. þm. Barð. um það, að ekki sé hægt að lögjafna ákvæðið um 5 ára búsetu fyrir þá, sem vinna hjá ríkinu, og fyrir þá, sem vinna hjá stofnunum ríkisins. Ákvæðið er það skýrt, að ekki er hægt að lögjafna frá því, til þess að það sama eigi að gilda um bæjarfélögin. En þá er ekki hægt að neita því, að starfa rafveitunnar njóta hálfopinberar stofnanir, eins og t. d. kvennaskólinn á Blönduósi, sem mundi líða við það, ef eitthvað bæri út af með gang rafstöðvarinnar.

Mér finnst standa svo sérstaklega á hér, að ekki sé sköpuð nein regla um 10 árin, þótt þessi undantekning sé gerð, og þetta það eina, sem ber á milli, og þetta er það, sem hv. d. verður að gera upp við sig. Ég mundi ekki vilja gera þessa undantekningu, ef það væri að víkja frá 10 ára reglunni um búsetu. Þetta, sem hér ber á milli, er svo lítið, að ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég vil nota tækifærið til þess að minna hv. deild á, að það eru skiptar skoðanir um það, hvort það sé svo nauðsynlegt fyrir rafveitustjórnina að halda þessum manni, og kemur það fram í bréfi rafvirkjafélags Reykjavíkur, svo deildin verður að gera út um það, hvort hún vill halda sér við ákvæði laganna um þetta efni.

ATKVGR.
Brtt. 422 samþ. með 14:11 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 463).
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 27. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 463, n. 588)

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Frv. það, sem hér er til umr., hefir borizt frá Nd. Er þar lagt til, að 6 þar greindum útlendingum verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur. Frv. fylgja umsóknir frá öllum þessum mönnum og ýms önnur plögg, til að sanna það, að þessir menn uppfylli þau skilyrði, sem l. gera ráð fyrir, til þess að þeim verði veittur ríkisborgararéttur. Allshn. hefir athugað frv. og öll þessi skilríki og hefir ekki getað fundið, að neitt skorti á þau sönnunargögn, nema hjá 6. manninum í frv., er til þarf, svo hann geti öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt. Hann telur sig hafa flutt hingað til landsins sumarið 1930, og 3 næstu árin kveðst hann hafa starfað að því að setja upp rafstöðvar hingað og þangað um land. Það vantar upplýsingar um, hvar á landinu hann hefir dvalið þennan tíma og hvort hann á þessum 3 árum hefir ekki notið sveitarstyrks eða orðið brotlegur við landslög. Vottorðin, sem fylgja umsókninni um það, að hann hafi ekki þegið sveitarstyrk og ekki verið refsað, ná aðeins yfir tímann frá 1933 til þessa dags. En það er ákveðið skilyrði í l., ef útlendingur vill fá ríkisborgararéttindi, að hann hafi ekki allan dvalartímann gerzt styrkþurfi eða orðið brotlegur við landslög, en á þetta skortir sem sagt hjá þessum manni. Þótt hann gæti lagt fram tilskilin vottorð, þá vantar nokkuð

upp á, að hann hafi dvalið hér lögmætan tíma. Er það hálft ár, sem til vantar.

N. er þeirrar skoðunar, að þessi l. og tilefnið til þeirra sé þannig, að það verði að fara stranglega eftir ákvæðum þeirra í þessu efni. Ef farið er að veita undanþágu í einu eða öðru tilfelli, þá er komið inn á hættulega braut, og fleiri munu þá sækja á sama lagið. Aðalástæðurnar fyrir því, að nauðsynlegt er að halda sig stranglega við l., eru, að allmikið atvinnuleysi er víða hér á landi, svo sízt er ástæða til að leyfa útlendum mönnum að ófyrirsynju dvöl og ríkisborgararétt í landinu, sem vinna að þeim starfsgreinum, sem nógir menn eru í fyrir. Það vill svo til, að þessi maður er rafvirki, en af þeim er nóg í landinu, og þeir hafa látið það uppi hér við hæstv. Alþingi, að ekki sé nægilegt fyrir þá að starfa, svo sízt er ástæða til að veita útlendingi rétt til að taka brauðið frá þeim.

Þegar sú styrjöld er úti, sem nú geisar, eru miklar líkur til, að skapist líkt ástand og eftir síðustu styrjöld, að jafnvel milljónir manna verði landflótta og reyni að koma sér fyrir hvar sem þeir geta fengið friðland, svo hætt er við, að hér sem annarstaðar verði að taka við slíkum mönnum. En hvernig ættum við að taka við slíkum fjölda? Því verður nú þegar að gjalda varhuga við að skapa fordæmi, er geri slíkum mönnum auðveldara fyrir að taka sér hér bólfestu.

Það má einnig telja það vafasamt, hvort það sé vinsamlegt gagnvart þjóð, sem við höfum vinsamleg viðskipti við, að leyfa borgurum þeirrar þjóðar að fá ríkisborgararétt hér á landi.

Af þessum ástæðum hefir n. lagt til að fella niður 6. manninn, og að honum verði ekki veittur hér ríkisborgararéttur, fyrr en hann hefir dvalið hér tilskilinn tíma og getur lagt fram sönnunargögn um, að hann hafi uppfyllt öll skilyrði laganna allan tímann, sem hann hefir dvalið í landinu. Gæti það þá væntanlega orðið á næsta þingi, ef skilyrðin eru fyrir hendi.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það er ekki í raun og veru hægt að bera fram neinar aths. við þetta nál. Það er fullkomlega í samræmi við þau l., sem hér voru samin vegna þess, að mönnum þótti oft of langt gengið, þegar útlendingum var veittur ríkisborgararéttur, er þeir höfðu dvalið hér 1 eða 2 ár. Því var sett sú regla, að menn yrðu að hafa dvalið hér 5 ár í þjónustu ríkisins, en ella 10 ár, áður en þeir fengju þennan rétt, en ekkert er tekið fram um dvalartíma þeirra manna, sem hér starfa í þjónustu hins opinbera. Í raun og veru er ekki hægt að skýra l. svo, þótt það væri eðlilegt, að hið sama gilti fyrir þá menn, sem starfa hjá hinu opinbera, og það, sem tekið er fram í l. um starfsmenn ríkisins. En með þennan mann, sem hér er um að ræða, stendur svo á, að glögglega kemur fram, að l. verða ekki alltaf eins í framkvæmd eins og þau eru hugsuð. Þessi maður hefir verið hér 9 ár, þar af 5 ár í þjónustu hins opinbera norður á Blönduósi, og stjórn rafveitunnar þar hefir sent mér bréf, sem ég ekki finn í augnablikinu, þar sem færð eru nokkuð mikil rök fyrir því, að þeim sé mjög umhugað um að halda þessum manni, og er það ástæðan fyrir því, að hv. Nd. hefir vikið frá hinum settu reglum. Ég lít þannig á, að það sé rétt hjá allshn., að það megi yfirleitt ekki víkja frá reglunni um 10 ára búsetu. En þessi maður verður búinn að vera hér á landi 10 ár í vor, þegar þessi l. ganga í gildi, ef frv. verður að l. Þess vegna er ákaflega mjótt mundangshófið í þessu máli. En ef þannig yrði litið á málið af n. og þm., að brotin væri 10 ára reglan að ástæðulausu með því að samþ. þetta frv., og gerð hér undantekning vegna þess, hve mikil nauðsyn er að hafa þennan mann við þetta starf, og svo litlu munar, að hann sé búinn að vera hér 10 ár, þá tel ég, að þetta sé ekkert hættulegt fordæmi. — Það þarf að breyta stöðinni þarna á Blönduósi í vor, og annar maður getur ekki gengið í það verk.

Þá bendir n. á það, að það vanti vottorð um dvalarstað þessa manns hér í 3 ár, og einnig um það, að hann hafi ekki fengið framfærslustyrk þessi ár, og ennfremur vanti hann hegningarvottorð.

Ég vil leggja til, að málinu verði frestað til morguns; ég er ekki vanur að tefja mál hér á Alþingi, og að áður en þm. tækju afstöðu til málsins um það, hvort þessa undantekningu á að gera eða ekki, sem ég tel þó enga undantekningu frá meginreglu l., þá vil ég vita, hvort það kemur í ljós, að hægt sé að útvega honum vottorð þangað til, því ég get skilið, að n. vilji ekki, ef þessi vottorð fást viðvíkjandi þessum þremur árum, láta samþ. frv. fyrr en þau eru fengin. En það, sem vantar upp í þessi 10 ár, er sama sem ekki neitt. En ef þeir á Blönduósi geta ekki útvegað þessi vottorð fyrir morgundaginn, þá fer ég ekki fram á frekari frest.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Hæstv. forsrh. minntist á það, að það mætti kannske álykta þannig, að þessi maður, Oskar Sövik, hefði verið 5 ár í þjónustu sýslufélags eins í landinu, og þess vegna mætti telja, að hann hefði verið í þjónustu þess opinbera þennan tíma. En ákvæði l. eru svo skýr í þessu efni og ótvíræð, að það virðist ekki vera hægt að koma við neinni annari skýringu en að það sé eitt skilyrðið, að maðurinn hafi verið í þjónustu ríkisins í 5 ár, ef hann á að fá ríkisborgararétt eftir þann tíma.

Það kemur berlega fram í grg., sem fylgdi frv., sem lagt var fyrir þingið 1934 og varð þá að l., að flm. hafa lagt mikla áherzlu á, að stranglega yrði farið eftir þeim reglum, sem þar eru settar. Upphaflega var þessi tími 15 ár, og þótti ekki fært að hafa hann styttri, til þess að fyrirbyggja, að það yrði misnotað af útlendingum. Þessu var síðan breytt í 10 ár og lögfest ákvæðið um, að útlendingar, sem mætti álíta, að ríkinu væri nauðsynlegt að hafa í þjónustu sinni, þyrftu ekki að vera hér búsettir nema í fimm ár, og mætti því grípa til þess að veita slíkum mönnum eftir þann tíma ríkisborgararétt. En til þess að geta fært þetta yfir á bæjar- og sveitarfélög, þarf að hafa sömu ástæðu fyrir því. Þá eru það fyrst og fremst miklu fleiri, sem kæmu til greina, ef bæjar- og sveitarfélög kæmu hér inn í. Það er miklu minni ástæða til þess að halda, að sérfróðan mann þyrfti í þjónustu bæjar- og sveitarfélags en ríkisins. Hæstv. forsrh.

sagði, að það væri slæmt fyrir Blönduósinga að missa þennan mann nú, af því að það stæði til að breyta stöðinni þar og forráðamenn treystu honum bezt til þess. Þetta getur vel verið, en ég sé ekki, að það þyrfti að veita honum ríkisborgararétt fyrir því, því ég sé ekki betur en hann hafi atvinnurétt í landinu, og skipti því hvorki til né frá, hvort það dregst eitt ár eða svo að veita honum ríkisborgararétt, úr því að hann hefir leyfi ríkisstj. til þess að starfa að þessu verki.

Hvað það snertir að fresta málinu til morguns, þá hefi ég ekkert á móti því, en það breytir ekkert minni skoðun á málinu; jafnvel þótt þessi vottorð fengjust, sem hæstv. forsrh. nefndi, þá mundi ég ekki samþ., að honum væri veittur ríkisborgararéttur fyrr en hann hefði verið hér á landi þessi 10 ár, sem gert er að skilyrði fyrir því.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég hefi ekkert að athuga við afstöðu n. í þessu máli; hún er í samræmi við gildandi l. Einnig er það rétt hjá frsm. allshn., að það er átt við, að menn þurfi að hafa verið í þjónustu ríkisins til þess að geta öðlazt réttinn eftir aðeins 5 ára dvöl hér. Og það er hæpið að lögjafna þessu ákvæði til hins opinbera. En við megum ekki gleyma því, að þó að við höfum verið strangir í að veita ekki svona rétt, og við viljum vera strangir í því, að menn flytji ekki hingað til lands, sem við höfum þó kannske ekki verið nógu strangir með, þá vil ég benda á það, að þessi ákvæði um 5 og 10 ára búsetu hér á landi eru fyrst og fremst orðin til fyrir íslenzka hagsmuni. Og ef við sjáum ástæðu til að gera frávikningu frá þeim l., þá höfum við leyfi til að gera það, en eingöngu fyrir íslenzka hagsmuni.

Ég mun svo ekki lengja umr. um þetta. Ég þakka fyrir þann frest, sem málið hefir fengið.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti! Ég tek undir það sem frsm. n. sagði í sinni ræðu. Þau rök, sem hann færði fram, eru í nafni n. töluð.

Það er sjálfsagt að fara að ósk hæstv. ráðh., að fresta málinu til morguns, en þá er líka nauðsynlegt að fá hegningarvottorð frá Noregi frá árunum 1931—1933, því þessi maður dvaldi þar þá um tíma. Að öðru leyti vildi ég segja það, að ég tel, að eins og nú standa sakir, sé það varhugavert að ganga lengra en l. heimila.

Ég minnist þess, að um eitt skeið talaði ráðh. um það, að enginn gæti fengið ríkisborgararétt, nema hann hefði afsalað sér honum í sínu landi. En hve miklar líkur eru til, að þessi maður hafi afsalað sér þeim rétti?

Það er spursmál, hvort við eigum að gera Norðmönnum þann greiða eða ógreiða að festa þennan mann hér á landi, sem þeir þurfa kannske að kalla hvenær sem er í stríðið.

Þá vildi hæstv. ráðh. benda á það, að þessi l. væri fyrir íslenzka hagsmuni. Það er alveg rétt. En þegar litið er á það, hve mikil völ er hér á mönnum með slíka sérkunnáttu, sem þessi maður, þá fer það að vera vafasamt, hve miklir hagsmunir það eru fyrir okkar þjóðfélag að halda sérstaklega í hann.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vildi aðeins minnast á það, að það hefir verið gengið mjög ríkt eftir því við okkur, sem förum með völdin að leyft sé að koma hingað mönnum í tugatali í samræmi við það, sem er á Norðurlöndum, sem við höfum ekkert með að gera, en það er litið svo á, að þetta sé siðferðisleg skylda vegna mannúðar og af því fólkið hefir verið hér mikið. Og geri ég ráð fyrir, að hér stöndum við nokkuð jafnfætis við aðrar Norðurlandaþjóðir.

Ég legg ekki svo mikið upp úr vottorðum frá rafvirkjum hér um, að þeir séu eins færir um að taka þetta starf eins og þessi maður, enda búast Blönduósingar við að loka stöðinni í vor, ef hann fær ekki að vera hér.

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Ed., 28. des., var fram haldið 2. umr. um frv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Þetta mál var tekið af dagskrá í gær og umr. frestað eftir beiðni hæstv. forsrh., með það fyrir augum, að fengin yrðu vottorð, sem vantaði þá, um dvöl Oskars Sövik hér á landi fyrir 3 fyrstu árin, sem hann dvaldi hér, 1930—1933. Nú rétt í þessu var mér að berast hegningarvottorð fyrir þennan mann frá borgarstjóra Reykjavíkur, þar sem vottað er, að hann hafi ekki sætt refsingu fyrir nokkurt brot í Reykjavík. Sömuleiðis fylgir þar með vottorð frá borgarstjóra um, að honum hafi ekki verið veittur framfærslustyrkur í Reykjavík. En í þessu vottorði stendur, að það verði ekki séð af manntali bæjarins, að þessi maður hafi verið búsettur eða hafi dvalið í Reykjavík hin síðari ár. Svo að ef hann hefir verið hér á landi þessi 3 ár, sem um er að ræða, þá hefir hann ekki verið þau ár í Reykjavík, og er óupplýst, hvar hann þá hefir dvalið, og er þá einsætt, að hann hefir ekki sætt ákærum eða refsingu hér á landi þessi ár, ef hann alls ekki hefir verið í landinu.

Þess vegna sé ég ekki, að að fullu sé bætt úr því um vottorð fyrir þennan mann, sem í gær var áfátt. Vottorð um dvöl hans allan tímann frá 1930 þurfa að vera fyrir hendi.

Auk þess sé ég ekki, að til sé hegningarvottorð fyrir hann frá Noregi fyrir þessi ár, en hann hefir á þeim farið tvisvar eða þrisvar þangað. Ennfremur hefir hann ekki dvalið þau 10 ár, sem löggjöfin tiltekur, að menn skuli hafa dvalið í landinu áður en þeir geti öðlazt ríkisborgararétt.

Þegar alls þessa er gætt, get ég ekki fallizt á, að þessum manni verði veittur ríkisborgararéttur að þessu sinni, og mun ég halda mér við þá brtt., sem allshn. hefir gert í málinu.

ATKVGR.

Brtt. 588 (ný frvgr.) samþ. með 9:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 29. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 631)

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 96. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 97. fundi í Nd., 2. jan., var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 661).

---

72. Skattgreiðsla útgerðarfyrirtækja.

Á 45. fundi í Nd., 21 apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, nr. 93 11. júní 1938 (þmfrv., A. 184).

Á 46. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Með l. nr. 93 11. júní 1938 var útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa veitt heimild til að draga frá skattskyldum tekjum sínum tap það, sem orðið hefði á rekstri þeirra frá 1. jan. 1931, og skyldi heimild þessi gilda árin 1938 til 1942, að báðum meðtöldum. Í þessum l. var sömu fyrirtækjum einnig heimilað að draga frá skattskyldum tekjum sínum 90% þeirrar fjárhæðar, sem þau leggja í varasjóð af árstekjum sínum.
Ég hefi ásamt hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Borgf. borið hér fram á þskj. 184 frv. um viðauka við þessi l., sem ég hefi nefnt, sem felur það í sér, að ákvæðið um frádrátt á tillagi til varasjóða skuli einnig gilda um útgerðarfyrirtæki íslenzkra línuveiðara og vélbáta á sama tímabili. Teljum við það rétt og sanngjarnt, að þau fyrirtæki njóti sömu hlunninda eins og útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa. En í þessu frv. okkar er einnig ákvæði um það, að ef nokkur fjárhæð úr varasjóði verður síðar notuð til úthlutunar til hluthafa eða yfirleitt varið til annars en greiðslu á stofnkostnaði eða rekstrarhalla fyrirtækjanna, þá verði sú upphæð talin til skattskyldra tekna hjá viðkomandi fyrirtækjum á því ári. Á þetta að fyrirbyggja það, að þessi varasjóður, sem fyrirtækin hafa skattfrjálsan að 9/10 hlutum, verði notaður á nokkurn annan hátt en til stuðnings útgerðinni.
Ég vildi leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Einar Olgeirsson: Það er í raun og veru ekki mikið um þetta frv., sem er breyt. á l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja, að segja. En fyrst á annað borð er verið að gera breyt. á l. þessum, sem samþ. voru á síðasta Alþ., þá er ástæða til að minnast á þau í heild, því mér virðist, að þörf hefði verið á að gera meiri breyt. á þeim en þarna er gert ráð fyrir.
Það var svo í gamla daga, að aðalsmenn og kirkja voru skattfrjáls, og þótti slæmt. Hér á landi virðist stefnt að því að gera stórútgerðina og okraravaldið hér á landi skattfrjálst að lögum. Og það virðist af hálfu þingsins ýmislegt vera gert til þess að hindra það, að lagt sé á sumt af stærri fyrirtækjum og beinlínis reynt að fella niður undan skatti tekjur þeirra. Ég hygg, að það hefði frekar verið ástæða til að breyta l. um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja frá síðasta Alþ. þannig, að þessi fyrirtæki greiddu a. m. k. skatt þegar þau eiga að gera það l. samkvæmt.
Það virðist ekki verða ofaná hér hjá hv. þm., þótt gott sé að sjá þessa litlu viðleitni í rétta átt, að koma í veg fyrir það hinsvegar, að útgerðarfyrirtæki botnvörpuskipa noti sér allt of skarplega þá tilhliðrun, sem þeim var sýnd í fyrra með þessum l. En þegar þau l. voru samin, var það álitið, að það væri til þess að bæta henni það upp, að hún fekk ekki að ráða yfir sínum gjaldeyri.
Nú, þegar búið er að láta alþýðu blæða svo millj. skiptir fyrir stórútgerðina, þá virðist, að það hefði átt að gera annað til breyt. á þessum l. heldur en þetta.
Ég vildi beina því til þeirrar n., sem frv. fer til, hvort það væri ekki viðkunnanlegra fyrir virðingu Alþingis að láta stórútgerðina bera eitthvað af því, sem allir eru nú látnir bera, eftir að henni hefir verið veittur sá stuðningur, sem búið er að veita henni nú á þessu Alþ.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 18 shlj. atkv.

Á 50., 51., 76., 77. og 78. fundi í Nd., 24. og 25. apríl, 6., 7. og 8. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 79. fundi í Nd., 9. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 184, n. 221, 229).

Skúli Guðmundsson: Ég á brtt. við frv. þetta, á þskj. 229, ásamt þm. Ísaf. og þm. Borgf. Það hefir orðið að samkomulagi milli okkar að taka brtt. aftur til 3. umr., og sé ég því ekki ástæðu til þess að ræða um hana að sinni, þar sem gefast mun kostur á því síðar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 184, 229).

Skúli Guðmundsson: Ég vil þakka hv. fjhn. fyrir, að hún hefir mælt með, að þetta frv. á þskj. 184 nái fram að ganga, sem flutt er af

mér, hv. þm. Ísaf. og hv. þm. Borgf. Eins og hv. þdm. er kunnugt, er lagt til með þessu frv., að l., sem nú gilda um skattgreiðslu útgerðarfyrirtækja íslenzkra botnvörpuskipa, skuli einnig gilda um línuveiðiskip og vélbáta.

Við flm. frv. höfum einnig leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 229, sem er um að þau fríðindi, sem útgerðarfyrirtækjum eru veitt samkv. þessum l., skuli bundin því skilyrði, að fyrirtækin stilli í hóf launagreiðslum til einstakra starfsmanna, þannig að enginn fastur starfsmaður fái meira en 10 þús. kr. árslaun, eða tilsvarandi fyrir hluta úr ári, og þar með talin hverskonar hlunnindi og þóknun, sem starfsmönnum er veitt. Ég tel rétt, að um leið og útgerðinni er veittur þessi stuðningur, sem ég álít sanngjarnt að veita henni, vegna þess mikla taps, sem hún hefir orðið fyrir að undanförnu, þá séu um leið reistar skorður við, að nokkuð af þeim ágóða, sem þessi fyrirtæki kunna að hafa, verði á næstu árum látin ganga til að greiða óhæfilega há laun til einstakra starfsmanna. Ég vænti því, að þessi till. verði samþ. og frv. með þeirri breyt. afgr. úr þessari deild.

Pétur Ottesen: Ég vil mjög taka undir það með hv. þm. V.-Húnv., að þakka þeirri n., sem hefir haft þetta mál til meðferðar. Frv. var borið fram á fyrri hluta þessa þings, og var meiningin, að það gengi þá fram. En svo varð ekki, því að sú brtt., sem hv. þm. V.-Húnv., hv. þm. Ísaf. og ég fluttum við frv., olli þá ágreiningi; annars hefði málið þá fengið afgreiðslu.

Ég get vel tekið undir það með hv. þm. V.-Húnv., að sjálfsagt sé að gera þá kröfu til þeirra fyrirtækja, sem á að veita stuðning og fríðindi, að þau stilli í hóf með greiðslur eins og þær, sem hér er um að ræða. En ég fyrir mitt leyti vil þó heldur draga þessa till. til baka en að láta till. valda miklum deilum og eiga kannske á hættu, að það hindri framgang frv., því að það er svo um bátaútveginn, að þau fríðindi, sem þarna eru veitt, hjálpa mjög mikið til, að útvegurinn geti notið þeirra ákvæða, sem fólust í gengislögunum að því er snertir skattgreiðslu, og eru mjög réttmæt hlunnindi. Þess vegna er mjög mikilsvert fyrir bátaútveginn að fá ákvæði sem þessi í l. tekin, svo að sá ávinningur, sem gengisbreyt. hefir fært þeim með verðhækkun, sem fellur þeim í skaut, verði ekki aftur af þeim tekinn með skatti, því að ef þeir fá auknar tekjur, þegar ekkert kemur til frádráttar á fyrsta ári, þá mundi svo og svo mikið af þessum hagnaði fara beint í ríkissjóð sem skattur, og þá er ekki náð því marki, sem að er stefnt, að gera útgerðinni mögulegt að létta af sér þeim mikla skuldaþunga, sem á henni hvílir. Ég vil því, þó að ég sé sammála því, sem sagt hefir verið um þessa till., heldur falla frá að halda henni til streitu en stofna málinu í tvísýnu hennar vegna. Ég vil af þessum sökum leitast eftir því hjá hv. þm. V.-Húnv., hvort hann geti orðið mér sammála um að draga þessa till. til baka, og ég ætla, að hv. þm. Ísaf. mundi líka geta verið því samþykkur. En ef hv. þm. V.-Húnv. vill ekki ganga inn á þetta, þá verður till. að koma undir atkv.

Skúli Guðmundsson: Ég vil út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, taka fram, að vitanlega ráða hv. meðflm. mínir, hvað þeir gera í þessu efni, en ég get ekki fallizt á að taka till. aftur, og ég vona fastlega, að hún spilli ekki fyrir þessu máli. Ég hefi ekki orðið þess var og geri ekki ráð fyrir, að ágreiningur verði um, að þetta ákvæði verði sett í l., svo að ég vænti fastlega, að málið nái fram að ganga, þó að þessi brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 229,1 samþ. með 15:2 atkv.

— 229,2 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., 12. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 426).

Á 83. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vil vekja athygli deildarinnar á því, að inn í frv. er komið ákvæði um, að enginn fastur starfsmaður, sem vinni við fyrirtæki, er koma undir þessi lög, megi hafa yfir 10 þús. kr. hámarkslaun. Þegar stóð á samningum um stjórnarsamvinnu í fyrra, var samskonar ákvæði sett í lögin um gengisbreytingu, en fellt niður aftur af því að samkomulag náðist ekki um það, og þar með samþ., að slíkt ákvæði skyldi ekki lögfest, enda mjög tilgangslítið og ekki skiljanlegt, hvað vakir fyrir þeim mönnum, sem halda fram þessu ákvæði. Ég vil vekja athygli á því, að ef þetta atriði verður lögfest, þá eru sviknir samningarnir um þjóðstjórnarmyndun, þótt í litlu sé. Og þótt ég í sjálfu sér telji einskis virði, hvort þetta atriði stendur í lögunum eða ekki, get ég ekki látið vera að krefjast þess, að samningurinn sé haldinn, því ef byrjað er að svíkja hann í smáu, má eins gera það í stóru. Óska ég, að nefndin, sem fær þetta mál til meðferðar, grennslist eftir því, hvort það er ekki rétt, sem ég hefi sagt um samninginn. Vil ég einnig sérstaklega vísa um þetta atriði til hæstv. forsrh., sem ég man mjög vel eftir, að var við þetta riðinn á sínum tíma. Að öðru leyti finnst mér frv. vera réttmætt. Það hefir nú þegar verið lögleitt, að stórútgerðarfyrirtæki njóti vissra ívilnana um skattgreiðslu undir vissum kringumstæðum, og ég sé enga ástæðu til að láta þau ein njóta þessara fríðinda, þar sem vitað er, að þörf smærri útgerðarfyrirtækjanna er engu minni í þessu efni. Ég er því meðmæltur, að frv. nái fram að ganga. Vil ég beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væri rétt að vísa því til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Ed., 27. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 426, n. 600).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Fjhn. hefir orðið ásátt um að gefa út um þetta mál nál. það, sem birtist á þskj. 600, og að bera fram þær brtt., sem þar gefur að líta. — Tveir nm. hafa skrifað undir með fyrirvara, og munu þeir gera grein fyrir því.

Brtt. eru tvær. Sú fyrri er við 1. gr. og er eiginlega ekki annað en leiðrétting eða skýrara orðalag á gr. Hún er um þá undanþágu, sem var veitt með l. nr. 93 frá 1938, og er fyrra ákvæðið um, að draga megi frá skatti þau töp, sem togaraútgerðarfélög hafa orðið fyrir síðan 1931, en síðara ákvæðið er um að undanþiggja það skatti, sem lagt hefir verið í varasjóð.

Eins og frv. er orðað, virðist undanþága línubáta og mótorbáta eiga einungis við fyrra ákvæðið, en meiningin með frv. er, að þessir bátar skuli njóta sömu réttinda og togaraútgerðarfélög. Meiningin með brtt. er því að orða þetta svo skýrt, að ákvæði gr. nái ótvírætt jafnframt til vélbáta og línuskipa.

Hin brtt. er við 2. gr. og er um að fella niður það ákvæði, sem sett var inn í frv. í hv. Nd., um ákvæði í l. um viss skilyrði um kaupgreiðslu við fyrirtæki, sem njóta skattfrelsis. Það virðist að vísu ekki óeðlilegt, þótt sett væru einhver ákvæði um, hvað þau fyrirtæki, sem eiga að njóta skattfrelsis, megi greiða í laun, en við teljum ekki heppilegt að lögfesta neitt um þetta. Hér getur bæði verið að ræða um stór og smá fyrirtæki, og sum þeirra eru jafnvel stofnsett af mörgum fyrirtækjum, svo það er mikill vafi á, að það sé alltaf heppilegt að ákveða með l., hvað þessi fyrirtæki eiga að borga í laun. Það getur verið, að fyrirtæki, sem er í fjárþröng, hafi jafnmikla þörf á að velja úr mönnum til að stjórna fyrirtækinu, og þá er fullt eins eðlilegt, að fyrirtækið ákveði það sjálft eða einhverjir þeir, sem rétt geta talizt hafa til þess, eins og t. d. lánardrottnar þess, hve mikið mönnum sé borgað, sem fyrir fyrirtækjunum standa. N. taldi einnig vafasamt, hvort allir tillm. legðu svo mikla áherzlu á, að þetta atriði yrði í l. Hinsvegar höfum við lagt til, að nýtt atriði væri sett í staðinn, og kemur það fram í till. okkar um, að síðari málsl. 2. gr. l. verði orðaður um. Það stendur í l., að verði heimild þessi ekki notuð, þá megi ekki leggja hærra útsvar á þau en sömu fyrirtæki borguðu 1938. Þetta á við togarafélögin, og við það er ekkert að athuga, en togarafélög munu ekki gera út nema á eitthvað 4 stöðum á landinu. En þetta ákvæði viljum við einnig láta ná til línubáta og mótorbáta, því það er ómögulegt að ákveða, að öll þessi fyrirtæki skuli undanþegin því að greiða hærra útsvar en þau greiddu 1938. Mörg bæjar- og sveitarfélög á landinu hafa sínar aðaltekjur af mótorbátum, og það er ekki hægt að setja á slíkt bann í þessu efni. N. leggur til, í samræmi við vilja hv. flm. í Nd., að þetta verði eftir sem áður látið ná til togaraútgerðarfélaga, en verði heimildin ekki notuð, má leggja á línubáta og mótorbáta eins og þörf bæjar- eða sveitarfélagsins krefur.

Ég hygg, að brtt. sé svo ljós, að ekki sé ástæða til að gera frekari grein fyrir henni, og get því látið máli mínu lokið.

ATKVGR.

Brtt. 600,1 samþ. með 10 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 600,2 (ný 2. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 614).

Á 95. og 96. fundi í Nd., 28. og 29. des., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Nd., 2. jan., var frv. enn tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 672).

---

73. Landsbanki Íslands.

Á 94. fundi í Ed., 27. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands (þmfrv., A. 610).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þetta mál er flutt, eins og grg. ber með sér, að tilmælum form. landsbankan. N. hefir ekki enn komizt til að athuga málið, enda þótt hún flytji frv., og bera það saman við gildandi l. um sama efni.

Ég vildi gjarnan, að n. gæti fengið tækifæri til þess að athuga frv. milli umr. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en vil leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Allshn. hefir yfirfarið frv. í fundarhléinu og borið það sam-

an við l. Landsbanka Íslands frá 15. apríl 1928. Breyt. þær, sem hér er um að ræða, eru við 3. gr. l. og stefna í þá átt að gera það kleift undir öllum kringumstæðum að halda löglegan bankanefndarfund. Í l. er gert ráð fyrir, að bankanefndarfundur sé haldinn mánuði eftir að þing kemur saman, og er þá miðað við 15. febr. Ennfremur er gert ráð fyrir því, að boða skuli til fundarins með mánaðar fyrirvara. Nú hefir þetta stundum rekizt þannig á, að þeir nm., sem búsettir eru út á landi, hafa verið fallnir úr nefndinni, þegar þeir hafa komið til bæjarins. Eins er það, ef þinghald er framkvæmt að hausti, að þá er lítt mögulegt að framfylgja ákvæði laganna.

Ákvæði frv. eiga að ráða bót á þessu og gera ráð fyrir, að forseti n. boði til fundar með nægum fyrirvara, þegar reikningar bankans liggja fyrir, en eitt af verkefnum n. er að úrskurða reikninga bankans.

Kjörtímabilið er óbreytt, eða 6 ár. — 3. gr. frv. kveður á um kosningu forseta n. og er í samræmi við hinar gr. frv.

Í bráðabirgðaákvæðum er gert ráð fyrir því, að þeir nefndarmenn og varamenn, sem kjósa átti á væntanlegu vetrarþingi, skuli kosnir fyrir áramót. Styttist þá kjörtímabil þeirra, er úr n. áttu að ganga nú, að sama skapi, og sömuleiðis hinna tveggja nefndarþriðjunga síðar meir.

Allshn. er á einu máli um að mæla með því, að þessar breytingar á landsbankalögunum verði samþ., því ella gæti svo farið, að erfitt reyndist að halda löglegan bankanefndarfund.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 94. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 95. fundi í Nd., 28. des., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Nd., 2. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 610, n. 643).

Frsm. (Sveinbjörn Högnason): Eins og nál. allshn. ber með sér, leggur hún til, að frv. verði samþ. Frv. hefir aðeins inni að halda breyt. á ákvæðinu um kjörtíma landsbankanefndarinnar. Það var áður ákveðið, að kjörtímabilið væri til 6 ára, en er nú miðað við almanaksár. Var kjörtími landsbankanefndarmanna oft breytilegur, vegna þess hve Alþingi starfar oft á mismunandi tímum.

Þá er einnig lagt til að fella burt fyrirmæli laganna um, að aðalfund skuli boða með mánaðar fyrirvara, vegna þess, að það hefir oft viljað gleymast fyrir mönnum að sækja fundi, sem boðaðir eru með svo löngum fyrirvara.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 3. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 685).

---

74. Rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna.

Á 91. fundi í Ed., 22. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands (þmfrv., A. 553).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

***Frsm. (Bernharð Stefánsson):** Ég taldi nú eðlilegast, að það mál, sem var á dagskrá næst á undan þessu, þ. e. frv. um fiskimálanefnd, færi til n., þar sem nokkur ágreiningur er um málið. En um hin málin, það sem nú er á dagskrá og tvö þau næstu á eftir, er öðru máli að gegna. Ég veit ekki annað en það sé samkomulag um þau mál á milli þeirra þriggja flokka, sem styðja stj. Ég vil nota tækifærið til þess að skýra frá því, að ég mun ekki greiða atkv. með því, að þessu máli og 2 þeim næstu á eftir verði vísað til n., enda þótt ég sjái ekki neina sérstaka ástæðu á móti því.

***Árni Jónsson:** Ég mun eindregið halda mér við till. um það, að vísa öllum þessum málum til n., vegna þess að hér varð mikil andúð gegn meðferð á þessum málum. Þm. eiga ekki að gefa tilefni til frekari andúðar með því að vísa þess-

um málum ekki til viðkomandi n., og ættu heldur að reyna að láta þau sæta þinglegri meðferð í deildinni.

*Erlendur Þorsteinsson: Hv. 9. landsk. hefir tekið mest það fram, sem ég ætlaði að segja. Ég tók það fram í dag, að þótt fjhn. hafi fyrir beiðni ríkisstj. flutt þessi mál, hefir hún ekki haft þau til meðferðar. Hér er um að ræða breyt. á gildandi l., og er ég eindregið með því, að þessu máli og þeim, sem á eftir eru á dagskránni, verði vísað til viðkomandi n.

*Jónas Jónsson: Ég vil spyrja hv. 9. landsk., hvernig hann hugsi sér þau vinnubrögð og þá rannsókn, sem hann vill vera láta hér í þessu efni. Nú er komið fast að jólum og almenn skoðun, að þingið þurfi ekki að vera — nema því sé seinkað viljandi — lengur en til áramóta. Og nú eru eftir allmörg stór mál, sem þarf að afgr.

Ég get ekki skilið hv. 9. landsk. öðruvísi en svo, að hann ætli með þessu að gera drátt á þessum málum. Það er vitanlegt, að hér verður engin rannsókn á þessum málum, ef þau koma á dagskrá strax á morgun. Hv. 9. landsk. er ekki svo sérstaklega skyni skroppinn, að hann geti ekki áttað sig á málinu nú, og þm. vita nokkurn veginn um efni þessa máls. En ég vildi benda á þetta, til þess að það komi fram, hverjar hvatir hans eru gagnvart þessu máli, að hann ætlar að láta þingið standa langt fram í janúar, því að það eru engar líkur til, að því verði slitið fyrr en þessi mál hafa gengið í gegn.

*Frsm. (Bernharð Stefánsson): Þeim ummælum hv. 10. landsk., að þessi mál hafi ekki verið rannsökuð í fjhn., vil ég mótmæla. Ég veit ekki betur en þau hafi verið til meðferðar á tveim fundum í n., og þá ætla ég, að öllum sé það kunnugt, að þessi mál hafa verið til sérstakrar athugunar innan hv. ríkisstj. Og maður skyldi þá ætla, að ríkisstj., sem skipuð er fimm ráðh. úr þrem stærstu þingflokkunum, væri eins fær um að athuga málið eins og þingn. Þótt ég játi, að athugun fjhn. á þessu máli hafi ekki verið sérstaklega nákvæm, án þess þó að kannast við, að hún hafi engin verið, — þá vil ég ekki játa það, að nefndarmenn sem einstakir þm. hafi ekki haft fyllsta tækifæri til þess að athuga málið hver í sínum flokki, þar sem þessi mál hafa hvað eftir annað verið rædd á flokksfundum þeirra.

*Árni Jónsson: Það kom fram hjá hv. þm. S.-Þ., að það kynnu að vera einhverjar illar hvatir bak við það, að ég fór fram á, að þessu máli yrði vísað til n. Það er þvert á móti. Og ég vildi í því sambandi benda hv. þm. S.-Þ. á það, að sú n., sem ég álít, að málið eigi að fara til, sé menntmn., en þar myndum við meiri hl., hv. þm. S.-Þ. og ég, og yrði þá þessu máli vísað til merkustu n. Alþ., eða næstmerkustu n., þar sem sami formaðurinn er fyrir báðum þessum n. Það, sem aðallega vakir fyrir mér, er það, að bæla niður þá gagnrýni gagnvart þeirri lítt þinglegu meðferð, sem frv. frá upphafi hefir fengið, og af því þessi hv. þm. hefir verið í broddi þeirra manna, sem hafa leitt höggorminn út úr þykkninu inn í Paradísina, þá finnst mér, að honum ætti að vera það áhugamál, að málin sættu hinni allra þinglegustu meðferð.

Við skulum láta eitt yfir þessi mál ganga og láta þau ganga til n. Við skulum láta okkur koma vel saman, og þó að við getum ekki afgr. þau á morgun, þá vil ég benda hv. þm. á, að hér verður fundur á miðvikudaginn, og þegar við erum búnir að ganga frá þeim, er ég ekki neitt hræddur um, að við getum ekki afgr. þau á einum degi hér í d. Hv. Nd. ætti að geta afgr. þessi mál á stuttum tíma, þar sem við höfum oft fengið fjölda mála þeirrar d., sem við höfum orðið að afgr. í mesta skyndi.

Ég vil þess vegna halda mér við þá till., að láta þessi mál fá eins þinglega meðferð og hægt er.

*Erlendur Þorsteinsson: Ég var búinn að lýsa meðferð þessa máls í fjhn. Hún var þannig, að við fengum vélrituð blöð, sem sett voru svo í prentun án þess að nokkur sérstakur flm. væri eða nokkur grg. Þetta var allt gert í þeim mesta flýti, alveg án þess að bera þau saman við gildandi l., eins og venja er til. Það getur verið, að hv. 1. þm. Eyf. hafi gert það, því hann er einn af hinum réttu feðrum fyrsta frv.

Ég hygg, að það sé venja, að n., sem um mál fjalla, lesi þau yfir og beri þau saman við gildandi l., jafnvel þó að þau komi frá hæstv. ríkisstj. Þannig hefir það verið með bandorminn o. fl. frv.; þau hafa verið borin saman við gildandi l., til þess að vita, hvort ósamræmi væri milli þeirra og gildandi l. Sé ég ekki ástæðu til þess að fara öðruvísi að nú.

Jónas Jónsson: Ég ætla þá aðeins að tilkynna hv. meðnm. mínum í menntmn., að ef þessu máli verður vísað til þeirrar n., þá vil ég kveðja þá á nefndarfund þegar að þessum þingfundi loknum; og við ljúkum þá þessu af í kvöld. Vill hv. þm. þá koma á fund? (ÁJ: Já, svo fljótt sem hægt er).

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til menntmn. með 10 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 23. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 553, n. 581).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:1 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 12:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.
Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 94. fundi í Nd., 27. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 14:9 atkv.

Á 95. fundi í Nd., 28. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 553, n. 617).
Of skammt var liðið frá 1. umr. og útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. (Pálmi Hannesson):** Menntmn. hefir haft frv. þetta til meðferðar og varð ásátt um að gera á því nokkrar breyt., sem eru þó meira forms- og orðavalsatriði en innihalds- og efnisatriði. Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem hún hefir gert á því.

ATKVGR.
Brtt. 617,1 samþ. með 17 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 617,2 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Brtt. 617,3 samþ. án atkvgr.
4. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Ísleifur Högnason: Herra forseti! Ég gerði í gær hér í þessari hv. d. athugasemd utan dagskrár og bað um úrskurð forseta viðvíkjandi afgreiðslu þessa máls og þriggja annara (sjá B. 384), og var mér lofað þeim úrskurði af hálfu hæstv. forseta.

Forseti (JörB): Ég svaraði hv. 4. landsk. í gær, er hann hreyfði þessu, að ég skyldi athuga meðferð málanna, en gaf ekki loforð um neinn úrskurð. En þetta hefir þó borið á góma milli okkar forseta þingsins. Ég vil aðeins taka það fram, að þegar leitað er afbrigða, þá er það gert til þess að flýta fyrir meðferð málanna. En oft kemur það fyrir, að ekki er hægt að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru þegar afbrigði eru veitt, eins og t. d. að fá samþykki ráðherra. Þá er venja að fara ekki stranglega í þær sakir, og það hefir verið látið átölulaust, þótt bókstaf laganna væri ekki með öllu fylgt. Því að afbrigði hafa auðvitað engin áhrif á afgreiðslu málanna eða úrslit. Ég vona, að hv. 4. landsk. láti sér þetta nægja.

Ísleifur Högnason: Úr því að hæstv. forseti hefir ekki viljað kveða upp úrskurð í þessu máli, þá vil ég leyfa mér að skírskota til 48. gr. stjskr. sem bindandi fyrir Alþingi og mótmæla afgreiðslu málsins í deildinni og áskil mér rétt til þess að fara með mál mitt lengra, ef frv. ná samþykki þingsins.

Á 96. fundi í Nd., 29. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 633).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 98. fundi í Ed., s.d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 99. fundi í Ed., 2. jan., var frv. tekið til einnar umr.

***Magnús Jónsson:** Mér hefir verið bent á það, sem ég vildi vekja athygli á, að í 5. gr. þessa frv. stendur: Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1940. — Þar sem nú er komið fram yfir 1. jan. 1940, vil ég vekja athygli hv. þd. á því, hvort henni finnist það ekki óviðkunnanlegt, að láta þetta standa í l., að þau öðlist gildi áður en þau verða til. Vafalaust mætti leiðrétta þetta með skrifl. brtt. og láta í staðinn fyrir þessi orð koma: Lög þessi öðlast þegar gildi. Það mundi kosta, að frv. færi til Nd. aftur, en ég sé ekki annað en að það sé meinlaust, því að hér væri ekki um aðra breyt. að ræða en formsbreyt.

Forseti (EÁrna): Það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv., að þetta frv. þarf þeirrar leiðréttingar við, sem hann minntist á, og svo mun vera um fleiri frv., sem fyrir þinginu liggja. Ég bjóst við, að brtt. um þetta mundi koma frá n., sem hafði þetta mál til meðferðar — — og mér hefir nú verið afhent skrifl. brtt. frá menntmn., svo hljóðandi [sjá þskj. 659].
Brtt. er of seint fram komin, og auk þess skrifleg. Þarf því að veita tvenn afbrigði frá þingsköpum, svo að brtt. megi taka til meðferðar nú.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 659 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 98. fundi í Nd., 3. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 660).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 686).

75. Síldarverksmiðja á Raufarhöfn o. fl. (frv. ÓTh).

Á 72. fundi í Nd., 30. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði (þmfrv., A. 358).

Á 73. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 74. fundi í Nd., 4. des., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Með þessu frv. er farið fram á, að heimilað verði að reisa á Raufarhöfn síldarverksmiðju með 5 þús. mála afköstum á sólarhring, og ennfremur að stækka síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði svo, að afköstin aukist um 2500 mál síldar á sólarhring, auk þeirra 2400, sem heimilað er að auka þar við með l. nr. 10 13. jan. 1938. Til þessara framkvæmda er ríkisstj. heimilað að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 1700 þús. kr., til viðbótar þeirri 1½ milljón kr., sem heimilað var að taka í l. frá 1938.

Ástæður til þessa frv. eru raktar í grg., svo að ég get leyft mér að stikla aðeins á því stærsta. Samkv. nefndum l. frá 1938 var þegar í byrjun þess árs útvegað 27 þús. £ lán í Englandi til þeirrar 2400 mála stækkunar, sem lögin ráðgerðu á Siglufirði. Framkvæmd var þegar hafin og lokið fyrir byrjun síldarvertíðar 1938. Kostaði það verk liðugar 600 þús. kr. Hinsvegar hefir ekki enn farið fram sú verksmiðjubygging, sem frv. ráðgerði á Raufarhöfn. Það stafar sumpart af því, að í ársbyrjun 1938 þótti nokkuð seint að ráðast í verkið til þess, að það kæmi að gagni á síldarvertíð þess árs. En síðan var lántökuheimildin til verksmiðjunnar felld inn í heimild til 12 millj. kr. lántöku, sem ekki hefir orðið úr.

Þótt þessi stækkun hafi farið fram á Siglufirði, hefir mönnum síðan orðið ljóst, að ekki sé vanþörf á að hrinda í framkvæmd báðum þeim stækkunum, sem 1. gr. þessa frv. ræðir um. Það er eins og hv. þm. vita, að slíkar stækkanir geta ekki farið fram án samþykkis Alþingis. Ríkisstj. hefir samt sem áður leyft sér að gera í þá átt ýmsar ráðstafanir, sem þó má losa út úr, ef vilji þingsins reynist annar, án þess að nokkur skaði falli á ríkisverksmiðjurnar. En að ríkisstj. greip til þessara úrræða án þess að spyrja Alþ., stafaði af því, að á síðastl. sumri þótti einsýnt, að þá þegar yrði að hefjast handa um framkvæmdir í þessu efni, ef ekki ætti að verða veruleg hætta á því, að þetta nauðsynjaverk myndi dragast úr hömlu. Því fremur þótti ástæða til að hverfa að þessu ráði, þar sem ástandið í alheimsmálunum var mjög ískyggilegt og ríkisstj. þóttist sjá fram á, að ef voðinn skylli yfir, sem nú raunar hefir skollið yfir, þá myndi verða verðhækkun á aðkeyptu efni, sem til framkvæmdanna þyrfti. En ríkisstj. taldi sig fremur mega hefja þessar ráðstafanir fyrir það, þó hún hefði ekki stuðning Alþ. fyrir því að forminu til, að henni höfðu áður borizt umsagnir frá miðstjórn Sjálfstfl. og einnig frá miðstjórn Alþfl. um það, að þær hefðu fyrir sitt leyti skuldbundið sig til þess, að samþykki þingsins fengist fyrir að stækka Raufarhafnarverksmiðjuna úr 2400 upp í 5000 mála afköst, og þá jafnframt leitað umsagnar margra manna, sem til náðist, um fyrirhugaða stækkun á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði. En auk þess var sérstaklega spurt um afstöðu miðstjórnar Framsfl., því frá henni hafði ekki fallið umsögn samskonar og frá miðstjórnum Sjálfstfl. og Alþfl., en hún tjáði sig samþykka þessari ráðstöfun, og þar með var talið fullvíst, að Alþ. myndi undir öllum kringumstæðum ljá lið slíkri löggjöf, sem hér er farið fram á.

Ríkisstj. tók svo þá ákvörðun, eftir að hafa komizt að þessari niðurstöðu, og þá sumpart fyrir ítrekaðar áskoranir frá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, að senda úr landi 2 menn, til þess að þeir fyrir hönd ríkisstj. hæfu samninga, annarsvegar um kaup á nauðsynlegum efnivið og vélum, en hinsvegar um fjáraflanir í þessu skyni. Án þess að fara lengra út í þá sálma, þá má fullyrða, að þessum sendimönnum ríkisstj., þeim Ásgeiri Ásgeirssyni bankastjóra og Jóni Gunnarssyni framkvæmdarstjóra, hafi tekizt prýðilega að leysa það verkefni, sem þeir tóku að sér. Þeir festu kaup á um 85% af þeim erlendu vörum, sem þarf að kaupa í þessu skyni, og tókst að fá lán fyrir miklum hluta af erlendu efni og afla frekari lánstilboða. Og eins og stendur í grg., þá tókst að gera þetta án þess að á þessar vörur félli sú verðhækkun, sem annars yfirleitt hefir fallið á flestar vörur, eftir að styrjöldin brauzt út.

Ég hygg, að þessi ráðstöfun hafi verið skynsamleg og muni mælast vel fyrir. Ég vænti þess vegna, að hv. Alþ. leggi á þetta samþykki sitt, en verði þetta að l., þá er nauðsynlegt að veita ríkisstj. heimild til þess að stækka þá lántöku, sem fyrirhuguð var í sambandi við stækkunina á síldarverksmiðjum ríkisins úr 1½ millj. upp í 3,2 millj. Þessi upphæð sundurliðast þannig: Stækkun á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði kr. 600000. Ný síldarverksmiðja á Raufarhöfn með 5000 mála afköstum á sólarhring kr. 2000000. Stækkun á síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði um 2500 mála afköst á sólarhring kr. 600000. Þetta er samtals 3200000. Það eru 1700000 kr. ofan á þá 1½ millj. kr., sem l. heimila ríkisstj. að taka í þessu skyni.

Ég skal svo aðeins til frekari rökstuðnings þörfinni í þessu efni leiða athygli hv. þd. að því, að það hefir alltaf komið berar og berar í ljós, að það er mest þörf á því með hliðsjón af smáskipaflotanum, að hafa alla hluti og aðstöðu til vinnslu á síldinni á Raufarhöfn, því mörg ríkustu síldarmiðin liggja austan Raufarhafnar, svo erfitt er að sækja með þá veiði, sem aflast þar, alla leið til Siglufjarðar. Það myndi reynast mikil úrbót í þessu efni, ef stór verksmiðja væri rekin á Raufarhöfn. Það þykir því ekkert

áhorfsmál fyrir ríkið að ráðast í þessa framkvæmd.

Nái þetta frv. samþykki, sem ég leyfi mér að vona, þá standa til þess allar vonir, að verkið verði framkvæmt nægilega snemma til þess, að þessi aukning geti komið að notum á næstu síldarvertíð.

Án þess að hafa um þetta frekari hugleiðingar, þá hygg ég, að takist okkur á annað borð að flytja að þungavöru til þess að reka atvinnurekstur á sjónum, þá muni aukin afköst síldarverksmiðjanna öðru fremur verða til þess að bæta afkomu þjóðarinnar.

Ég tel svo ekki nauðsynlegt að láta frekari greinargerð fylgja frv. á þessu stigi, en legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 19 shlj. atkv.

Á 77., 78. og 79. fundi í Nd., 7., 8. og 9. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 11. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 358, n. 384).

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Sjútvn. hefir athugað þetta frv. og er sammála um, að samþ. beri verksmiðjuaukningu þá, sem þar er um að ræða, en leggur hinsvegar til, að nokkrar formsbreyt. verði gerðar á frv., og eins, að frv. verði talið breyt., en ekki viðauki á l. þeim, sem hér er um að ræða. Með þessum breyt. leggur n. til, að frv. verði samþ.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Sjútvn. hefir, eins og sést á nál. á þskj. 384, talið betur fara á að umorða þetta frv., en hinsvegar munu till. ekki gera efnisbreyt. á því. Ég tel fyrir mitt leyti, að á engan hátt fari betur á, að brtt. n. verði samþ. Ég hefi borið það undir skrifstofustjóra Alþ., sem er manna kunnugastur í þessu efni og formfastastur. Hann hefir staðfest þetta álit mitt, að það fari a. m. k. ekki betur á því, að brtt. verði samþ. Legg ég þess vegna til, að þær verði felldar, en get til samkomulags samþ. síðustu brtt., af því að vel getur verið, að ekki sé verra, að fyrirsögn frv. verði talið breyt., en ekki viðauki við l. Ég held, að þess þurfi ekki, en ef n. finnst það viðfelldnara, þá er ég ekki á móti því. Hitt kann ég ekki við, að farið sé að breyta hverri einustu gr. frv. alveg að nauðsynjalausu.

Ég legg þess vegna til, að brtt. verði felldar, sem ég ítreka, að allir eru sammála um, að eru engar efnisbreyt.

***Frsm. (Bergur Jónsson):** Ég get ekki tekið undir það með hæstv. atvmrh., að þessar breyt. séu alveg nauðsynjalausar. N. er sammála um, að þær færi frv. til betra forms en það hafði áður, sérstaklega viðvíkjandi því, að þetta sé breyt., en ekki viðauki.

Það, sem gert er með brtt., er að draga saman l. nr. 10 frá 1938 og frv. það, sem fyrir liggur, þannig að l. verði í sem fæstu máli. Annars sker hv. d. úr því, hvernig þetta form skuli vera, en það er áreiðanlega réttast að kalla þetta breyt., en ekki viðauka, því að hvort sem brtt. verða felldar eða ekki, þá er þetta breyt., en ekki viðauki.

ATKVGR.

Brtt. 384,1 felld með 12:5 atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 384,2—4 teknar aftur.

2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 384,5 (ný fyrirsögn) samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði.

Á 81. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr. (A. 424).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 82. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 84. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Ed., 21. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 424, n. 534).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Þetta mál hefir legið fyrir sjútvn., en er flutt af hv. þm. G.-K., núv. atvmrh. Í frv. er aðeins farið fram á að ákveða í l. ráðstafanir, sem nú mun vera að miklu leyti búið að undirbúa. N. fekk þær upplýsingar, að allar ráðstafanir hefðu verið gerðar um aukningu á Raufarhöfn og að nokkru leyti á Siglufirði. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að Raufarhafnarverksmiðja verði aukin allt upp í 5000 mál, en aukningin á Siglufirði á að nema 2000 málum. Um þetta hefir staðið allmikill styrr á þingi og í blöðum, en með þessu virðist málið vera komið í örugga höfn.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég geri ráð fyrir, að um það verði ekki frekar deilt í þessari hv. d. en í hinni d., sem var alveg sammála um að samþ. þetta frv., með þeim ráðstöfunum, sem því er ætlað að lögfesta.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

***Jónas Jónsson:** Það er eitt atriði viðvíkjandi þessari verksmiðjubyggingu á Raufarhöfn, sem mig hefir lengi langað til að hreyfa á Alþingi, og ég hefi hugsað mér að gera skrifl. brtt. í þá átt við þessa umr.

Ástæðan er fyrst og fremst sú, að þeir, sem vel eru kunnugir á Raufarhöfn, óska ekki, að það fólk, sem safnast þangað vegna hinnar nýju verksmiðju, verði að föstum íbúum þorpsins. Ég vil færa að þessu nokkur rök. Ég get kannske bezt skýrt málið með því að segja, að Siglufjörður hafi í sumu versta aðstöðu til að vera síldarstöð, vegna atvinnuleysis meginhluta árs eftir að þar hefir myndazt stór bær, en bezt gefizt að hafa síldarverksmiðjur á eyðistöðum eins og Djúpuvík eða Hjalteyri, af því að þar er ekki um nokkurt þorp að ræða og vandkvæði, sem því fylgja. Kristján Bergsson, forseti Fiskifélagsins, hefir lengi haldið þessu fram, að það væri hættulegt, hve fólkið þyrpist saman þar, sem að vísu er mikil vinna á sumrin, en ekki á veturna, og ekki hægt að koma við ræktun, sem ber sig, a. m. k. hvergi nærri í nógu stórum stíl, eins og er á Siglufirði eða Raufarhöfn. Mér er sagt, að ef samþ. hefðu verið lög um byggðarleyfi, mundi Presthólahreppur áreiðanlega hafa hindrað það, að þorp skapaðist við þessa stækkun verksmiðjunnar. Það er af því, að bændurnir hafa ekkert haft nema erfiðleika af verksmiðjunni. Hún er aðeins byrði á þeim. Þangað hefir leitað fólk, sem ekki hefir getað séð fyrir sér þá tíma ársins, sem atvinnu skortir. Það er ekki beinlínis sagt til að ásaka fólkið á Raufarhöfn, því að þar eru ekki nein ræktunarskilyrði og því óhjákvæmilegt, að ekkert sé að gera yfir veturinn.

Nú þegar sýnt er, að myndun þorps á staðnum væri hvorki velgerningur við sveitina né sjálft fólkið, sem þarna yrði hneppt í atvinnuleysið, og úr því að hreppsnefnd hefir ekki vald til að takmarka innflutninginn, væri kannske hægt, og fyllilega réttmætt að takmarka hann á annan hátt.

Í sambandi við menn í síldariðjunni hefir nú verið rætt um að tryggja þarna atvinnu námsmönnum, sem eru nokkuð lengi við nám, og hefir verið snúizt að því að ræða framkvæmd þess við stjórn síldarverksmiðjanna. Áður hafa nokkrir námsmenn haft þar vinnu, og hefir það ekki reynzt illa. Hin skrifl. brtt. mín er á þá leið, að bæta inn nýrri 4. gr. í frv. um, að þegar nýja Raufarhafnarverksmiðjan tekur til starfa, skuli yfirstjórn hennar láta efnalitla, duglega nemendur í lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum njóta allt að ¾ þeirrar almennu vinnu í verksmiðjunni, sem af stækkun hennar leiðir. — Vitanlega er ekki ástæða til að tryggja efnuðum piltum atvinnu. Það á ekki að taka brauðið frá þeim, sem þurfa þess mest, eins og nú er barizt um hverja hugsanlega atvinnu. Ég held það sé rétt að setja þetta ákvæði. Með því er ekkert þrengt að þeim, sem haft hafa vinnu við verksmiðjuna, þar sem ákvæðið nær aðeins til aukningarinnar. Vona ég, að till. verði vel tekið.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég vil ekkert um það segja, hvernig sjútvn. muni taka þessari brtt., en mér skilst hún sé þess eðlis, að rétt sé að hafa allan fyrirvara á að samþ. hana. Hún er að kalla óskyld málinu, sem fyrir liggur, og hún gefur tilefni til sérstakra umræðna. Nú þegar komið er að þinglokum, geta till., sem orka mjög tvímælis, orðið nytjamálum eins og þessu að fjörtjóni, og ég vil vara við því, að hér hljótist illt af.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 560) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Árni Jónsson:** Ég vil benda hv. flm. brtt. á, að í henni ætti að standa „háskólanum“ í staðinn fyrir „háskólans“. (**JJ:** Já, það er alveg rétt). Að efni til er ég alveg sammála þessu. Ég er viss um, að ákvæðið getur komið að miklu gagni fyrir námsmenn. Hinsvegar er ég ekki viss um, að þetta ákvæði þurfi að standa í lögum, þar sem hið opinbera ræður reglugerðum verksmiðjanna. Og sérstaklega er óviðfelldið, að þetta nái aðeins til þessarar einu verksmiðju og ekki til annara verksmiðja ríkisins. Ég vildi gjarnan sætta mig við, að málið yrði afgr. á þann hátt, að hæstv. atvmrh. lýsti yfir því, hvað hægt væri að taka marga atvinnulausa nemendur í ríkisverksmiðjurnar, ekki aðeins á Raufarhöfn, heldur á öllum stöðunum, og að greitt muni verða fyrir þessum piltum eins og hægt er. Þá held ég, að heppilegast væri að setja þetta ekki í lög.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég hefi ekki haft tækifæri til að gera mér grein fyrir þessari brtt., sem ég hefi nú heyrt í fyrsta sinni, og hlustaði ekki á, þegar flm. hennar mælti fyrir henni. Að litt athuguðu máli get ég um sumt tekið undir það með hv. 9. landsk. (ÁJ), að það væri að ýmsu leyti viðfelldið að geta greitt fyrir fátækum og efnilegum námsmönnum einmitt á þann hátt, sem hv. flm. fer fram á.

Ef þetta er vilji þingsins, er hægast að koma því í framkvæmd í nýrri verksmiðju, vegna þess að við hinar verksmiðjurnar, eins og þær eru nú, mun vera fastráðið til allra starfa og menn heldur tregir til þess að víkja þeim mönnum frá, sem hafa notið atvinnunnar hingað til.

Ég leyfi mér að mælast til þess, að málið verði tekið af dagskrá í dag, til þess að mér gefist kostur á að ráðfæra mig við stjórn síldarverksmiðjanna um það, hvort nokkrir sérstakir annmarkar séu á þessu frá þeirra sjónarmiði. Ég hygg, að það sé hvorttveggja gagnlegt, sem fyrir hv. flm. vakir, að stöðva vöxt þorpsins og að ívilna hinum ungu námsmönnum. Mér er kunnugt um það, hve eftirspurnin eftir þessari atvinnu hefir verið mikil af þeirra hálfu. Verksmiðjustjórnin hefir gert tilraun til að verða

þeim að liði og mun verða tillögugóð í þessu máli. Að fengnu svari hennar vildi ég taka til athugunar, hvort ekki er hægt að leysa málið með öðru formi en hér er farið fram á, því að ég segi eins og hv. 9. landsk., að mér þykir frekar óviðkunnanlegt að hafa þetta í lögum, ef hægt er að hafa það öðruvísi.

***Jónas Jónsson:** Ég er þakklátur bæði hv. 9. landsk. og hæstv. atvmrh. fyrir þær aths., sem þeir hafa gert við brtt. Það er betra, af því að ekki er svo naumt með tíma, að athuga þetta nánar með síldarverksmiðjustjórninni. Ég gat aðeins talað við suma í henni, og þeir voru þessu hlynntir.

Ég var að tala um það, áður en hæstv. ráðh. kom, að verksmiðjur Alliance's og Kveldúlfs væru að þessu leyti til fyrirmyndar, að þær eru reistar á eyðistöðum, þar sem ekki eru líkur til, að þorp skapist og ný vandræði komi til, en á Siglufirði hafa mjög athugulir menn játað, að verksmiðjustækkanir, sem þar eru framkvæmdar, og tilsvarandi atvinnuaukning að sumrinu hafi orðið til að draga að nýtt og nýtt fólk og magna í rauninni atvinnuleysið og vandræðin. Það er fjarstæða, og ég álít, að þjóðfélagið eigi ekki að stuðla að því, að láta fólkið þyrpast saman á stöðum, þar sem það hlýtur að verða atvinnulaust. Með því að lögfesta þetta ákvæði er hægt að koma í veg fyrir, að Raufarhöfn vaxi. — Þegar hæstv. atvmrh. hefir talað við verksmiðjustj., vona ég, að hann hafi sannfærzt um, að það dugir ekki til lengdar að hafa ekki þetta ákvæði í lögum. Það verður pressað á verksmiðjustj. af mönnum, sem komnir eru á Raufarhöfn eða vilja komast þangað, og henni verður varla stætt án lagastoðar í málinu. Ég vona, að þessu verði vel ráðið til lykta, þegar þar að kemur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mér skilst, að málið muni fá þá meðferð að verða tekið af dagskrá. Einn hlut finnst mér vanta til þess, að hægt sé að skapa sér skoðun á því. Hve mikill atvinnuauki má búast við, að skapist þarna? Námsmannafjöldann, sem til álita kemur, get ég farið nærri um. En meðan spurningu minni er ósvarað, get ég ekki vitað, hvort ¾ er rétt *hlutfall* eða ekki.

***Erlendur Þorsteinsson:** Herra forseti! Ég verð að taka undir það með hv. 9. landsk., að það hljóti að vera mjög svo vafasamt, hvort brtt. eigi að koma inn í þessi lög. Þó hefir mér skilizt, að brtt. sé sérstaklega stefnt að því að fella úr gildi það samkomulag, sem nú er fyrir hendi á þeim stöðum, þar sem ríkisverksmiðjur eru, um hlutfallið *milli* heimamanna og námsmanna í vinnunni. Á Siglufirði t. d. eru um það ákveðnir samningar, hve margir námsmennirnir megi vera á hverjum tíma, mig minnir allt að 24. Á Raufarhöfn munu gilda svipaðir samningar, og þykir vafalaust hart undir því að búa, ef verkamenn á staðnum eru sviptir viðurkenndum samningsrétti um málið í framtíðinni.

Áður en hæstv. atvmrh. lýsir afstöðu sinni í málinu, að fengnum tillögum síldarverksmiðjustj., ætti hann að gefa upp, hversu margir námsmenn hafa haft atvinnu á Hjalteyri og hvernig hlutfallið verður þar í samanburði við hlutföll í samningum verkamanna við hinar ýmsu ríkisverksmiðjur. Ég hygg, að einkafyrirtækin hafi engu betur hjálpað námsmönnum en samningar verklýðsfélaganna hafa gert.

Umr. frestað.

Á 92. fundi í Ed., 23. des., var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 424, 560).

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Þetta mál var tekið af dagskrá í gær, til þess að ég gæti aflað mér upplýsinga hjá stjórn síldarverksmiðja ríkisins, hvort hún sæi annmarka á því, að brtt. hv. þm. S.-Þ. væri samþ. Að vísu hefi ég ekki getað fengið upplýsingar frá verksmiðjustj. sem heild, en ég hefi átt tal við nokkra af stjórnarmeðlimunum og fengið þær upplýsingar, sem ég tel fullnægjandi.

Í verksmiðjunni á Raufarhöfn vinna nú 37 manns og í hinni fyrirhuguðu verksmiðju munu vinna 77 manns; en afleiðingin af þeirri breyttu tilhögun er sú, að þá þurfa ekki nema 26 manns að vinna í gömlu verksmiðjunni, svo að raunveruleg fjölgun verður 66 manns.

Nú hygg ég, að ekki muni óhætt að ganga inn á, að ¾ hlutar af fjölguninni yrðu námsmenn, eins og till. hv. þm. S.-Þ. gerir ráð fyrir, því að sumir þessara manna eru fagmenn eða vinna störf, sem ekki eru ætlandi ungum námsmönnum, svo sem verksmiðjustjóri, efnafræðingur, verkstjóri, kyndari, aðstoðarmaður við vélar, pressumenn, kvarnamenn, smiðir. Ennfremur lýsismenn, mjölmenn, þróarmenn, útimenn og birgðaverðir, eða samtals 48 menn. Ég hygg, að óhætt myndi að hafa 33 námsmenn af þessum 48, eða sem nemur helmingi aukningarinnar.

Vildi ég því leggja til, að brtt. hv. þm. S.-Þ. yrði samþ. með smávægilegri breyt. Vil ég með leyfi hæstv. forseta lesa meginmál brtt., svo hljóðandi: „Þegar komin er í framkvæmd stækkun sú á síldarverksmiðjunni á Raufarhöfn, sem lög þessi heimila, skal verksmiðjustjórnin láta efnalitla, duglega nemendur úr lærdómsdeildum menntaskólanna og háskólanum sitja fyrir um *allt að ¾ hlutum þeirrar aukningar á almennri* vinnu í verksmiðjunni, er af stækkun hennar leiðir.“ Legg ég til, að fyrir „¾ hl. þeirrar aukningar á almennri vinnu í verksmiðjunum“ komi: ½ af vinnu í verksmiðjunni, því að það gæti auðveldlega orðið að þrætuepli milli verksmiðjustj. og verkalýðsfélaganna, hvað teldist almenn vinna. Fyrirspurn hv. 2. þm. N.-M. í gær er þar með svarað. En út af fyrirspurn hv. 10. landsk., að hjá ríkisverksmiðjunum *muni* vinna eins margir námsmenn eða fleiri en hjá einkaverksmiðjunum vil ég gefa þessar upplýsingar.

Á Siglufirði unnu í fyrra um 160 almennir verkamenn og þar af 10 námsmenn, eða um 6%. Á Hjalteyri unnu 70—80 manns, þar af 12—15 námsmenn eða hlutfallslega helmingi fleiri en í ríkisverksmiðjunum. Ég hefi hinsvegar ekki getað aflað mér upplýsinga um, hvernig þessu var háttað í Djúpuvík.

***Jónas Jónsson:** Ég vil geta þess, að ég er mjög ánægður með þá meðferð, sem málið hefir fengið hjá hæstv. ráðh., og get fallizt á brtt. hans.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég gat þess í gær, að ég mundi geyma mér að tala þar til brtt. hefði verið lýst. Nú hefir tillögumaður gert grein fyrir efni till., og sömuleiðis hefir hæstv. atvmrh. borið fram brtt. sama efnis. Ég get með hvorugri brtt. verið, því ég álít, að hér sé gengið inn á það svið, sem ekki hefir áður þekkzt í löggjöfinni, að einhverri sérstakri stétt manna eru fengin í hendur forréttindi til almennrar vinnu. — Ég veit ekki betur en að námsmönnum, sem hafa viljað stunda líkamlega vinnu, hafi ekki gengið verr að komast að almennri vinnu en öðrum verkamönnum, enda eru þeir oft betur settir. Nú er þessi vinna á þessum tíma árs, þegar allir leita starfs, sem það geta, og álít ég, að með þessu ákvæði, ef samþ. verður, sé verið að bægja hinni eiginlegu verkamannastétt frá þessari föstu vinnu, sem skapast í kringum verksmiðjurnar. Ég vil ekki á nokkurn hátt amast við því, að námsmenn fái vinnu, en ég álít, að þeir eigi að verða sér úti um vinnuna án nokkurrar ívilnunar þeim til handa, enda eru þeir sízt verr settir en atvinnulausir verkamenn, og hafa oft betri aðstöðu til þess með tilstyrk þeirra, sem að þeim standa.

Það er rétt að minnast á í þessu sambandi, að það er verið að tala um að gera ráðstafanir til þess, að hægt sé að flytja menn út í byggðir landsins upp til sveitanna, og þar eiga þeir að vinna fyrir litlu eða engu kaupi. En á sama tíma og þetta á að gerast, á að draga úr þeim möguleikum, sem kynnu að skapast fyrir menn til þess að vinna fyrir sér við sjávarsíðuna. Það er of gott fyrir verkamennina að fá vinnu við verksmiðjuna. Ég get ekki verið með þessu. Ég er kannske ekki nógu kunnugur þessum málum, en ég hefi orðið þess var, að námsmenn hafa komizt með góðu móti í ýmsa atvinnu að sumarlagi, svo sem vegavinnu og síldarvinnu, og einnig hafa þeir komizt í ýmiskonar verzlunarstörf. Þetta er talið sjálfsagt, að menn reyni að ota sér fram eftir því, sem unnt er. Hér á svo að bægja verkamönnum frá þeirri vinnu, sem þeim raunverulega ber, og það er ekki nema eðlilegt, að slíkt veki andúð meðal verkamanna, — það er enginn hlýleiki, sem kemur fram hjá flm. til þeirra. Ég lít svo á, að ef ríkið ætlar að auka framleiðsluna, ætti það fyrst og fremst að koma verkamönnunum til góða. Mér sýnist það ekki rétt stefna að ganga framhjá verkamönnum, ef um einhverja aukna atvinnumöguleika er að ræða.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. frá atvmrh. (sjá þskj. 591) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Árni Jónsson:** Ég skal játa, að þessi skrifl. brtt. atvmrh. bætir nokkuð úr till., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. S.-Þ. En þó svo sé, get ég ekki greitt atkv. með henni. Mér finnst það varhugaverð braut, sem verið er að ganga inn á hér. Ég vil benda á það, að ef rétt er að gera ráð fyrir auknum atvinnuvandræðum —, og það er rétt að gera ráð fyrir því, — þá er hætt við því, að komi til árekstra um þessa atvinnu milli fátækra fjölskyldumanna og einhleypra manna. Ég held, að fyrir þá ríkisstj., sem vill hafa góðan stuðning og reyna að fá traust sem flestra, sé það varhugavert að ganga inn á þessa braut. Það, sem hér er gert ráð fyrir, er, að þeir, sem lokið hafa gagnfræðaprófi og stúdentsprófi gangi fyrir öðrum mönnum um þessa vinnu. Þetta er óeðlilegt að binda í l.

Svo vil ég víkja að því, sem hv. 2. landsk. talaði um. Hann benti á það réttilega, að það tíðkaðist nú, að námsmenn hér geti haft aðgang að atvinnu við vegavinnu, símavinnu o. fl. Ég álít það mjög heppilegt, að þetta gæti haldið áfram, en hvort við erum nokkuð betur settir, þó að þetta ákvæði verði að l., tel ég mjög vafasamt. En ef hér á að fara að koma upp menntamannaverksmiðju, þá gæti ég ímyndað mér, að ýmsir, sem annars hefðu tekið námsmenn í vinnu, myndu segja við námsmenn: Það er bezt fyrir þig að snúa þér til Raufarhafnar. — Ég álít því varhugavert að samþ. þessa brtt., frá hvaða sjónarmiði sem hún er skoðuð. Ég tel þó brtt. hæstv. atvmrh. til mikilla bóta.

ATKVGR.
Brtt. 591 samþ. með 9:1 atkv.
— 560, svo breytt, samþ. með 9:6 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 592).
Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 94. fundi í Nd., 27. des., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Finnur Jónsson: Ég vildi óska þess, að sjútvn. fengi þetta mál til athugunar. Ed. hefir gert á því verulega breyt., sem getur haft mikla þýðingu fyrir verksmiðjureksturinn, án þess að hafa borið það undir verksmiðjustjórnina. Ég vil því óska eftir, að n. fái málið til athugunar.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 95. og 96. fundi í Nd., 28. og 29. des., var frv. enn tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 97. fundi í Nd., 2. jan., var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 592, 612, 625, 630).

Frsm. (Bergur Jónsson): Meiri hl. sjútvn., allir nema hv. þm. Ísaf., hefir borið fram brtt. á þskj. 625 við 4. gr. frv. Í Ed. bættist inn í frv. ákvæði um að láta fátæka, efnilega námsmenn sitja fyrir vinnu, allt að helmingi þeirrar aukningar, sem yrði á atvinnu við Raufarhafnarverksmiðjuna, þegar sú aukning er komin, sem frv. gerir ráð fyrir. Við fengum þær upplýsingar, að það myndu vera um 40 menn, sem bættust við af starfsmönnum við þessa aukningu, og okkur finnst óeðlilegt, að meira en ⅓ af þessari tölu yrðu fátækir, efnilegir námsmenn. Það er kunnugt, að margir þeirra manna, sem ganga gegn-

um langt nám, eru svo fátækir, að þeim veitir ekki af að fá sumaratvinnu, og okkur fannst ekki rétt að loka alveg leiðinni fyrir þeim. Okkur fannst einnig ekki ástæða til, að verkamenn yrðu óánægðir með þetta, þó að þessi hlunnindi séu veitt fátækum námsmönnum, með tilliti til þess, að hér er aðeins um að ræða 13 menn. Ég legg svo til, að þessi brtt. verði samþ.

***Finnur Jónsson:** Ég hefi borið fram 2 brtt. við þetta frv., og eru þær á þskj. 612. Þær eru um það, að 4. gr. falli niður. Ég hefi talið ástæðulaust að vera að lögfesta nokkuð um þetta, því það hefir sýnt sig, að ekki hafa verið nein vandkvæði með það að fá samninga af frjálsum vilja hjá ýmsum verksmiðjum um að láta fátæka námsmenn fá vinnu. Í hverri verksmiðju og í hverju fyrirtæki, sem hefir verið sett á stofn, hafa nokkrir námsmenn komizt að vinnu. Ef farið væri að lögfesta eitthvað um þetta atriði, gæti það orðið til þess, að heldur yrði farið að amast við námsmönnum af hálfu verkamannanna, sem hér eiga hlut að máli. Ennfremur tel ég, að það sé ekki hlutfallið milli atvinnulausra verkamanna og námsmanna, sem réttlæti það, að helmingur af viðbótinni við verksmiðjuna komi úr hópi námsmanna. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hefi fengið frá forstjóra síldarverksmiðjanna, verður bætt við um 40 mönnum. Það yrði ekki hjá því komizt, að margir verkamenn yrðu atvinnulausir, ef helmingurinn af viðbótinni kæmi úr hópi námsmanna, utan Raufarhafnar. Í flutningi frv. kemur fram ósamræmi frá hálfu einstakra þingmanna. Sá sami þm. vill nú ákafur lögfesta ákvæði um, að námsmenn gangi fyrir vinnu, sem gert hefir itrekaðar tilraunir til þess að loka menntastofnunum fyrir þeim, sem þangað vilja sækja. Það er lítið samræmi í því, að gera það að skilyrði fyrir að fá vinnu, að sækja menntastofnanir landsins, en vilja þó loka þessum skólum. Ef hv. þd., mót von minni, fellst ekki á, að 4. gr. verði felld burt, hefi ég til vara flutt aðra brtt. á þskj. 630. Hún er á þá leið, að inn í gr. bætist á eftir orðunum „verksmiðjustjórnin láta“: „utanhéraðsverkamenn, þar á meðal“. Nokkur hætta gæti orðið á því, að menn þyrptust til Raufarhafnar í von um vinnu við hina nýju verksmiðju. Þess vegna væri þörf á að koma í veg fyrir með lagaákvæði, að þorpið yfirbyggist, og leyfa utanhéraðsverkamönnum að ganga fyrir vinnu. Ég ber þessa till. aðeins fram sem varatill., en mun fylgja minni aðaltill. á þskj. 612, um að Alþ. fari ekki að blanda sér inn í þessi mál. Það hefir sýnt sig, að þar sem síldarverksmiðjur hafa verið reistar, hafa gengið mjög greiðlega samningar við verklýðsfélögin um að veita utanhéraðsmönnum nokkra vinnu, og eins námsmönnum. Ég fyrir mitt leyti tel, að sú reynsla, sem fengizt hefir í þessu efni, sýni, að engin þörf er á löggjöf um þetta og að bezt muni vera, að atvinnurekendur og verkamenn semji á frjálsan hátt um þetta sín á milli. Ég vænti þess svo, að hv. þdm. greiði atkv. með till. minni um að fella niður 4. gr., en ef hún yrði felld, þá að styðja brtt. mína á þskj. 630, um að utanhéraðsmenn megi ganga fyrir vinnu.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Þessi brtt., sem deilan stendur um, var sett inn í frv. í Ed. af hv. þm. S.-Þ. Fyrir honum vakti að koma í veg fyrir, að óeðlilega mikið aðstreymi yrði að verksmiðjunni á Raufarhöfn, vegna þeirrar sumaratvinnu, sem verksmiðjan hefir í för með sér. Einnig vakti fyrir honum að tryggja fátækum námsmönnum atvinnu að nokkru leyti. Ég bar fram brtt. í Ed. við brtt. hv. þm. S.-Þ., að tala þeirra námsmanna, sem hefðu aðgang að vinnunni, yrði færð niður úr ⅔ í ½. Fyrir mér vakti, að með brtt. vildi ég viðurkenna grundvallarhugmyndina um nauðsyn þess að tryggja námsmönnum aðgang að þessari vinnu, en fannst of langt gengið með till. hv. þm. S.-Þ. Nú kom till. um að fella þetta ákvæði alveg niður, og ég vil taka það fram, að ég er alveg andvígur henni. Sú till. fullnægir öðrum tilgangi, og þó hún veiti námsmönnum nokkur friðindi, þá er hún alls ekki trygging fyrir atvinnu þeirra. Þess vegna er ég andvígur henni. Þriðja till. er frá 4 nefndarmönnum sjútvn., á þskj. 625, og er um það, að færa tölu námsmanna, sem atvinnu fá við verksmiðjuna, niður í ⅓. Ég mun ekki sækja fast að greiða atkv. gegn henni, en mun þó halda mig við það, sem er í frv. Það má deila um, hvort skynsamlegra og réttara sé að ganga svo langt sem gert er með minni till. eða samþ. till. sjútvn. Ég er sannfærður um, að það er ekki rétt hjá hv. þm. Ísaf., að ef ákvæði þetta yrði lögfest, myndi draga úr viðleitni manna til þess að hjálpa þessum ungu, efnilegu mönnum til að standast kostnaðinn af námi sínu. Mér finnst, þó að þessar till. verði samþ., að þær gangi ekki á neinn hátt út yfir verkamenn né dragi úr atvinnumöguleikum verkalýðsins. Ungir, fátækir námsmenn þurfa oft að liggja uppi á foreldrum sínum, og þeir þurfa að veita þeim aðstoð sína til þess að geta lokið námi. Ég held því síður en svo, að það sem fer til fátækra námsmanna, sé tekið frá verkamönnum.

Ég legg eindregið til, að samþ. verði till. meiri hl. sjútvn.

Frsm. (Bergur Jónsson): Ég vil geta þess, að við bárum fram till. á þskj. 625 vegna þess, að okkur fannst þörf á að lækka tölu þeirra námsmanna, sem aðgang hefðu að þessari vinnu, úr ½ niður í allt að þriðjungi, með tilliti til annara starfsmanna. Ég vil minnast á eitt atriði í ræðu hv. þm. Ísaf., þar sem hann sagði, að sá þm., sem upphaflega hefði flutt þessa brtt. við frv., — ég hygg, að hann hafi átt við hv. þm. S.-Þ., hafi með því komizt í ósamræmi við fyrri yfirlýsingar sínar um, að hann vildi takmarka tölu nemenda í framhaldsskólum. Aðsókn að þessum skólum er mjög mikil, og mér finnst ekkert ósamræmi í því, þó að þessi hv. þm. vilji sjá fyrir því, að þeir, sem komist þessa leið, geti tekið á sig hið dýra nám án þess að vera styrkþurfi vandamanna sinna.

Ég mun því halda fast við miðlunartill. meiri hl. n., þótt ég geti sætt mig við ákvæði frv. eins og þau eru nú.

***Finnur Jónsson:** Í hinum upprunalegu till., hv. þm. S.-Þ. var svo ákveðið, að námsmenn

skyldu allt að ¾ ganga fyrir vinnu í þeirri atvinnuaukningu, er myndi leiða af stækkun síldarverksmiðjunnar á Raufarhöfn. Ég vil nú ekki fara að vekja deilur út af þessu máli eða leiða asnann inn í herbúðirnar að því leyti. En þó vil ég geta þess, að ég hefi borið mig saman við framkvæmdarstjóra verksmiðjunnar um þetta mál, og taldi hann það mjög varhugavert, að fjöldi þeirra námsmanna, er vinnu fengi við verksmiðjuna, yrði ⅓ allra verkamanna, er þar ynnu. Hann kvað það vera nauðsynlegt, að meiri hluti verkafólks við verksmiðjuna væri vanir verkamenn. Þá má og í þessu sambandi geta þess, að allflestir námsmenn fara burt í byrjun september, ef ekki á að rekast á hjá þeim vinna og nám. En það er hinsvegar augljóst, að óheppilegt er að missa ⅓—½ vinnuaflsins frá verksmiðjunni áður en veiðitíminn er útrunninn.

Ég benti á, að hættulegt væri fyrir námsmenn, ef farið væri að amast við þeim á veiðistöðunum, ef farið er að gera þeim áberandi ívilnanir um vinnu. Alstaðar á þessum stöðum, þar sem fyrirtæki þessi hafa verið stofnuð, eru þau bundin samningum við verkalýðsfélögin, og það er ástæða til að óttast, að kurr gæti komið upp milli hinna félagsbundnu verkamanna á vinnustaðnum og námsmanna. Ég get því ekki séð nokkur nýtileg rök fyrir því, að ákveða eigi tölu námsmanna við vinnu í verksmiðjunum með lögum frá Alþingi. Ég vil líka benda á óréttlætið í því að ákveða hlutfallið milli atvinnulausra menntamanna og verkamanna til helminga. Þetta er ranglátt bæði gagnvart fjölda verkamannanna og gagnvart þessari atvinnugrein. Hvers vegna má þá ekki eins ákveða sömu hlutfallstölu á skipum, við heyvinnu, vegavinnu, o. s. frv.? Það getur ekki orðið neitt stefnuskráratriði að ákveða, hve margt menntamanna og námsmanna eigi að fá vinnu við verksmiðjurnar. Það liggja engin skynsamleg rök að því að gera þetta að löggjafaratriði, þótt einhverjum þm. hafi dottið þetta í hug án þess að hafa skilning á því, sem um er að ræða.

*__Einar Olgeirsson:__ Ég vil ekki láta þetta mál fara athugasemdalaust út úr deildinni frá minni hálfu. Því fer fjarri, að ég sé því mótfallinn, að ríkisstjórnin auki síldarverksmiðjurnar á Siglufirði og Raufarhöfn. En ég vil vekja athygli á því, sem gerzt hefir í sambandi við forsögu þessarar aukningar, Rauðkumálsins á Siglufirði. Stjórnin hefir sýnt sig vera mjög meðmælta byggingu síldarverksmiðju sem einkafyrirtæki. En gagnvart Siglufirði er farið illa að ráði sínu. Siglufjarðarbæ er varnað þess að koma sér upp síldarverksmiðju, er geti unnið úr 5000 málum síldar, enda þótt lánið til byggingarinnar væri fengið. Ríkisstj. hefir þarna beitt gerræði við Siglufjarðarbæ og notað vald sitt til að neita um heimild til lántökunnar og hindrað þannig hið mesta nauðsynjamál bæjarins. Svo framarlega sem Alþingi hefði staðið á verði gagnvart valdamönnunum í sambandi við þetta mál allt, þá hefði það þegar tekið málið til umræðu. Það væri æskilegt, að svo yrði gert við eldhúsumr., ef flokkar þeir, sem standa að stj., hindra þá ekki, að þær fari fram. Ég býst raunar við, að hlutaðeigandi ráðherra komi sér hjá að svara til saka í þessu máli. En ég vildi ekki láta þetta mál fara svo út úr deildinni, að ég lýsti því ekki, hvernig stjórnin kom í veg fyrir byggingu síldarverksmiðju á Siglufirði, þetta versta hneyksli, sem enn hefir komið upp á ferli núv. ríkisstjórnar. Það er hart að heyra talað um vandræði atvinnulífsins og að stjórnin sé reiðubúin til að auka atvinnuna í landinu og skipta henni réttlátlega, en á sama tíma er komið fyrir kattarnef stórkostlegu fyrirtæki, sem veitir fjölda manna vinnu og atvinnuvegunum erlendan gjaldeyri. Já, það er hart að þurfa að standa sjálfa ríkisstjórnina að slíku verki. En ástæðan fyrir þessu hermdarverki er sú, að fámenn klíka hefir náð tökunum á raunverulegu valdi yfir atvinnutækjum þjóðarinnar og að samvinnan er svo náin milli ríkisstj. og eigenda síldarverksmiðjanna. Á þetta vildi ég minnast áður en málið færi út úr þinginu.

Ég er sammála brtt. hv. þm. Ísaf. og ég vil ekki endurtaka rök hans. Ég álít ekki ástæðu til, meðan atvinnuleysi er eins mikið og nú, að setja sérstök lagafyrirmæli um að útiloka almenna verkamenn frá þeirri atvinnubót, sem frv. hefir í för með sér. Þó er það skiljanlegt, hvers vegna hv. þm. S.-Þ. kemur fram með þessi ákvæði. Svo framarlega sem verkalýðnum, þar sem hann fer með völd, hefði verið leyft að koma sér upp slíku fyrirtæki, ef Siglufjörður, sem stjórnað er af verkalýðsflokkunum, hefði fengið leyfi til að byggja síldarverksmiðjuna, þá skyldi koma fram till. sem þessi. En það kemur úr hörðustu átt, þegar þeir sömu menn, sem hafa varnað verkalýðnum þess að koma sér upp fyrirtækjum, skuli reyna að koma að lagaákvæðum, sem útiloka verkamenn frá atvinnutækjunum. Hvað nemendurna snertir, þá álít ég sízt of mikið, þótt þeim yrði séð fyrir vinnu af því opinbera. En hið opinbera verður að finna aðra leið til þess en þá, að skerða vinnu verkalýðsins og ætla að troða nemendum inn á kostnað verkamannavinnunnar. Þeir, sem bera umhyggju fyrir efnalitlum nemendum, verða að útvega þeim vinnu án þess að taka frá fátækum verkamönnum. Þeir, sem vilja sýna námsfólki umönnun, ættu að hafa það hugfast, að rausnarlegast, eðlilegast og sanngjarnast er að auka framlögin til nemendanna og hækka fjárframlög til verklegra framkvæmda og ætla nemendum sinn rétta hlut af þeirri vinnu, er við það skapast.

*__Pálmi Hannesson:__ Ég er samþykkur frv. eins og það liggur fyrir og er því meðmæltur, að brtt. verði felldar. Ástæðan til þess er sú, að eins og kunnugt er, koma menntamenn hér á landi frá öðrum stéttum en annarstaðar er siður. Erlendis er það algengast, að stúdentar og menntamenn komi frá hinum efnaðri stéttum. En hér á landi hefir þetta frá byrjun verið með öðrum hætti, þótt dregið hafi úr því á síðari árum; hér hafa margir menntamenn komið frá hinu vinnandi fólki, og þeir hafa getað unnið fyrir sér og kostað námið sjálfir. Á síðari árum hefir þetta orðið erfiðara. Verkalýðsfélagsskapur hefir hvarvetna risið upp og skyldað vinnandi menn til að standa í honum, og þeir látnir sitja fyrir vinnu.

Hinir ungu námsmenn hafa því ekki átt greiðfærar götur til að kosta nám sitt. Hér hefir því þokað upp á siðkastið inn á sömu braut og erlendis, að nemendur háskólanna koma aðallega frá efnaðra fólki. Ég álít, að þetta sé til tjóns fyrir þjóðfélagið, því að það er eðlilegast, að *menn geti notið menntunar óháð því*, frá hvaða stétt þeir koma. Jafnframt þessu er hætt við, að takmarkanirnar á upptöku í skólana bægi fátækum nemendum frá skólunum, ef þeir geta ekki unnið fyrir lífsuppihaldi sínu.

Það er auðvitað ekki nema eðlilegt, að verkamenn og fulltrúar þeirra vilji halda vinnunni fyrir sína stéttarbræður. En það er hinsvegar ekki réttlátt að útiloka nemendur frá störfum hins opinbera. Mér er kunnugt um það, að erfiðleikarnir fara vaxandi meðal skólafólks, fátækir og duglegir nemendur, sem leitað hafa sér atvinnu, hafa mjög átt undir högg að sækja. Og ég veit til þess, að hægara og betra er að koma nemendum í vinnu hjá einkafyrirtækjum heldur en hjá því opinbera, og hefir þó verið leitað fastast á hjá opinberum fyrirtækjum.

Þegar hér liggur fyrir aukning á atvinnurekstri ríkisins, þá hefir verið farið fram á, að nokkur hluti fátækra námsmanna fái þar vinnu. Þetta er þó ekki nema lítið brot af þeim þurfandi nemendum, sem munu geta komizt þarna að. Vinna við síldarverksmiðjur er talin góð og gefur þeim, sem við þær vinna, eitthvað í aðra hönd. Þessir ungu nemendur hafa gott af erfiðisvinnu, og ég sé ekki neina ástæðu til að bægja þeim frá að fá aðgang að henni. Og mér virðist það með öllu sanngjarnt, að atvinnulausum nemendum sé tryggð atvinna við þessi fyrirtæki. Ég skal játa, að ég skil ekki röksemdir þeirra hv. þm., sem fram koma á þskj. 625, að í stað þess, að allt að helmingur verkamanna eigi að vera nemendur, komi allt að þriðjungur, því að ég fæ ekki betur séð en að með ákvæði sjálfs frv. sé leiðrétt það misrétti, sem á sér stað í úthlutun vinnunnar og færast mun í aukana eftir því, sem harðnar deilan um atvinnuna í landinu. Ég vil bæta því við, að mér finnst það ekki nema eðlilegt, að ríkið sé a. m. k. ekki erfiðara en einkafyrirtæki í skiptum sínum við nemendur, sem eiga eftir að verða embættismenn þess. Ég mælist því til, að brtt. verði felld, en frv. samþ. óbreytt.

***Einar Olgeirsson:** Að því er nemendur snertir komst hv. 1. þm. Skagf. að þeirri niðurstöðu, að nemendum úr verkamannastétt færi fækkandi. Orsakirnar til þessa liggja í því, að innganga í marga skóla er takmörkuð, og fátækt fólk brestur fé til að búa börn sín undir skólana. Fyrir þessa sök hefir yfirstéttin fengið forréttindi fyrir börn sín í eldri skólum landsins. Þetta eru ástæðurnar til, að börn verkalýðsstéttarinnar komast ekki í skóla. Það er þess vegna að snúa málinu við, þegar hv. 1. þm. Skagf. kennir verkalýðssamtökunum um erfiðleika fátækra námsmanna. Það eru þær takmarkanir, sem ríkisvaldið hefir sett á inngöngu í skólana, sem veldur þessum breytingum í félagslegum uppruna *menntamanna, en ekki* verkalýðsfélagsskapurinn. Versnandi afkoma verkalýðsstéttarinnar gerir henni ókleift að undirbúa börn sín til skólagöngu, svo að þau megi standast inntökuprófið. Sökin liggur hjá núverandi ríkisvaldi og ráðamönnum þess, er verkamenn eiga fáa unglinga í hinum æðri skólum landsins.

Hugsunarháttur hv. 1. þm. Skagf. er harla einkennilegur að því er þetta mál snertir. Hann talaði um það hjartfólgnum orðum, að tryggja þyrfti nemendum atvinnu. En þessi sami maður, sem vill tryggja nemendum atvinnu, heldur því fram og flytur frv. um það, að flytja skuli atvinnulausa verkamenn upp í sveit og láta þá vinna þar. *Hvers vegna er nemendum meiri* vorkunn en atvinnulausum verkamönnum, sem engin úrræði hafa, að fara upp í sveit sér til bjargar? Ef ætlazt er til, að verkamenn vinni fyrir 4—6 fjölskyldumeðlimum uppi í sveit, hvers vegna geta þá ekki einhleypir nemendur unnið þar líka fyrir sér?

Ég álít, að það, sem ríkið eigi fyrst og fremst að gera fyrir nemendurna, sé að opna skólana fyrir þá og gera þessum fátæku nemendum, sem þessir hv. þm. vilja bera fyrir brjósti, mögulegt að verða nemendur, og í öðru lagi að hafa sérstaka styrki handa þessum nemendum, það mikla, að fátækir nemendur geti verið í skóla, en sé ekki bægt frá því sökum efnaskorts. Það má líka af hálfu þess opinbera sjá til þess, að þeir fái vinnu, en það á ekki sérstaklega að lögbjóða, að þeir gangi fyrir um vinnu, sem fjölskyldumönnum veitir alls ekki af. Hinsvegar er af formælendum þessa máls gert allt of mikið úr því, hvað nemendum liggi sérstaklega á að fá þessa verksmiðjuvinnu, um leið og þeir gleyma, hvernig þúsundir verkamanna bíða eftir að fá vinnu. Nemendur eru ekki útilokaðir frá vegavinnu, enda hefir verið þar mikið af þeim. Sömuleiðis hafa þeir talsvert fengið vinnu á síldveiðiskipum. Þetta, sem þarna er um að ræða, er sérstök tegund vinnu. Vegna þess að þetta er stærsti atvinnureksturinn hér á landi, hafa verkalýðssamtökin orðið þar sterkust, og vegna þess að ákveðnum mönnum er illa við þau, mönnum, sem eru frumkvöðlar að þessari gr., vilja þeir höggva skarð þar í með því að taka menn í þessa vinnu án þess að verkalýðsfélögin geti haft nokkuð um það að segja. Ég veit ekki betur en að nemendur hafi fengið atvinnu þarna með samkomulagi við verkalýðsfélagið á Siglufirði. Hvaða ástæða er þá til að lögbjóða, að þeir eigi að ganga fyrir svo og svo mikilli vinnu þar á Raufarhöfn? Ég veit ekki betur en alltaf séu nokkuð margir nemendur í verkalýðsfélaginu og fái þar vinnu eins og allir aðrir félagar þess. Ég veit ekki betur en að verkafólkið hafi, þrátt fyrir mikla þörf á atvinnu, alltaf reynt að hliðra til, eftir því sem fært var. En það veit hver maður, að atvinnulausum fjölskyldumanni er ennþá meiri þörf á vinnu heldur en nemanda, þó að hann hafi þess einnig mikla þörf. Nei, þeir, sem álíta, að aðalúrræðið fyrir atvinnulausa fjölskyldumenn sé að senda þá upp í sveit, hvers vegna senda þeir ekki nemendurna upp í sveit og lofa fjölskyldumönnunum að fá þá betur borguðu vinnu við verksmiðjurnar? Ég kemst ekki hjá að álíta, þegar þessu er svo hart haldið fram af hálfu Framsfl., að ástæðan til þess sé

sú, að þessum komandi embættismönnum ríkisins eigi að tryggja friðindi frá upphafi til þess að geta haft nægileg áhrif á þeirra pólitisku skoðun, en útiloka verkamenn meira og meira frá vinnu og reyna að brjóta skörð í samtök þeirra og rýra vald samtaka þeirra. Umræður þær, sem fram hafa farið um þetta mál, gefa a. m. k. fullkomna ástæðu til þess, að menn láti sér detta í hug annað eins og þetta.

*__Finnur Jónsson:__ Ég vil leiðrétta eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Skagf. Ég vil lýsa því yfir sem alveg ósönnu máli, að verkamenn hafi amazt við námsmönnum um að fá vinnu í landi. Ég vil í því sambandi benda honum á, að það hafa verið í gildi um nokkurt skeið samningar við verkamenn á Siglufirði, að verksmiðjustjórnin hefði jafnan rétt til að láta 10 námsmenn, sem heima eiga utan Siglufjarðar, fá vinnu í verksmiðjunum. Þetta hefir fengizt alveg með frjálsum samningum við verkamannafélagið, og það hefir aldrei komið fram krafa um, að þessi réttindi námsmanna yrðu afnumin. Auk þessara 10 námsmanna, sem eiga heima utan Siglufjarðar, er svo meira og minna af námsmönnum, sem eiga heima á Siglufirði sjálfum, og eru þeir að sjálfsögðu í verkamannafélaginu þar og ganga þar fyrir vinnu sem heimamenn og meðlimir í verkamannafélaginu. Ég veit ekki til, að nokkru sinni hafi verið á neinn hátt amazt við námsmönnum þarna, hvorki innan- né utanbæjarmönnum, enda liggur í hlutarins eðli, að þeir námsmenn, sem þarna eru til vinnu, eiga aðgang að sínu stéttarfélagi og öðlast á þann hátt vinnuréttindi. Það er eins og hv. 1. þm. Skagf. hafi ekki vitað um þetta, þessa sjálfsögðu reglu, sem alstaðar gildir, að menn teljast verkamenn, þó að þeir stundi nám á vetrum, og geta þannig öðlast sín vinnuréttindi eins og ég hefi þegar bent á. Annað mál er það, að löggjöfin ætli að þröngva þessari tölu námsmanna inn í það, sem viðurkennt er arðsamasta vinna á landinu, meðan þús. verkamanna ganga atvinnulausir á sama tíma.

Þessi hv. þm. hlýtur, ef hann er á móti öllum brtt., að vera líka á móti brtt. sjútvn. Ég sé, að það er enginn af þessum flytjendum í d. og vildi því benda hv. 1. þm. Skagf. á, að brtt. um að færa tölu námsmanna úr helmingi niður í þriðjung er fyrst og fremst komin fram fyrir mótmæli framkvæmdarstjóra verksmiðjanna, því að hann telur mjög erfitt að reka verksmiðjuna með svo mörgum óvönum mönnum. Ennfremur er það, sem ég hefi bent á, að æðimargir af þessum námsmönnum þurfa að fara burt í byrjun sept., áður en vinnutíminn er úti í verksmiðjunum, og er því erfitt að hafa svona marga menn, sem geta ekki verið allan tímann. Og þó að hann meti þetta að engu, þá liggja fyrir mótmæli frá verkamönnum á Raufarhöfn, hreppsnefnd Presthólahrepps og þm. kjördæmisins, sem er veikur og getur því ekki komið hingað til þess að berjast fyrir máli kjördæmis síns. Má vel vera, að hann meti þetta einskis, en ég vona, að meiri hluti hv. þm. taki þetta þó til greina.

*__Pálmi Hannesson:__ Hv. þm. Ísaf. virðist í þetta sinn hafa komizt út úr sínu venjulega geðspektarástandi, því að hann hóf ræðu sína á því að lýsa yfir, að það væri ósatt, að verkamenn ömuðust við, að námsmenn væru teknir í vinnu. Ég hélt því heldur aldrei fram, heldur að það væri alltaf erfiðara og erfiðara fyrir námsmenn að komast inn, vegna þess að félag verkamanna af skiljanlegum ástæðum beitti sér fyrir að halda vinnunni að sínum félögum. En fyrst hann kemur inn á þetta atriði, að upplýsa um þessa 10 námsmenn á Siglufirði, þá skal ég upplýsa um þetta mál nú. Málið er þannig vaxið, að 10 nemendur frá háskólanum og menntaskólunum geta komizt að við vinnu þarna á Siglufirði, ekki af því, að það hafi verið boðið, heldur hefir verið beðið um það. Er þetta þó aðeins örlítill hluti af því, sem hefir verið beðið um. Það skiptir ekki miklu máli, heldur hitt, hvernig með þessi pláss er farið. Verksmiðjustjórnin hefir ekki spurt um, hverjir væru mest þurfandi fyrir vinnuna. Nei, ónei. Ég man eftir því á síðasta sumri, að þá átti ég mörgum sinnum tal við hv. þm. Ísaf. út af einum námsmanni, sem var sérstaklega áríðandi að geta fengið vinnu við verksmiðjurnar, af því að hann ætlaði að nema verksmiðjufræði við háskóla erlendis. Það tókst ekki, af því að pólitískir aðstandendur þessa hv. þm. og annara, sem sjá um þetta fyrirtæki, lögðu undir sig þetta vinnupláss. Það var ekki spurt, hverjir væru mest þurfandi fjárhagslega, heldur pólitískt, en það var ekki það, sem óskað var eftir, heldur hitt, að þeir, sem frá fjárhagslegu sjónarmiði væru mest þurfandi fyrir vinnuna, fengju hana.

Ég skil ákaflega vel, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, að verkamannafélögin og þeirra forsvarsmenn reyni að halda vinnunni til sinna manna eins og þeir geta. Það er vitanlegt, að vinnuekla er mikil, en hitt er Alþingis, að skera úr, hvort verkamenn eiga einir að hafa aðgang að öllum vinnuplássum, sem það opinbera veitir, eða hvort það megi taka 10 nemendur á Siglufirði og 20 á Raufarhöfn.

Hv. þm. Ísaf. segir, að námsmennirnir geti farið í vegavinnu. Já, þeir hafa líka komizt þar að, en þá fá ekki verkamenn þau pláss. Það, sem um er deilt, eru þá þessi mismunandi vinnupláss og hverjir eigi að fá þau.

Ég vil leyfa mér að beina því til hæstv. atvmrh., hvort hann sjái sér ekki fært, ef til kæmi, að leita umsagnar fyrirsvarsmanna menntaskólanna og stúdentaráðs um, hvaða námsmenn mundu hafa mesta þörf fyrir vinnuplássin, áður en þeim yrði úthlutað. Það teldi ég mjög mikils virði.

Hv. þm. Ísaf. gat um, að verksmiðjustjórnin teldi erfitt að reka verksmiðjuna með helmingi manna, sem væru ekki vanir starfinu. Þá virðist mér hann gera ráð fyrir, að engir af þeim námsmönnum, sem hér er um að ræða, séu vanir slíkum störfum. Þetta er algerður misskilningur. Hv. þm. sagði líka sjálfur, að þarna væru 10 námsmenn á hverju sumri. Skyldi enginn þeirra vera vanur vinnunni? Ég get því ekkert gert úr þessari röksemd.

Þá taldi hann það mikið til andmæla, að þessir menn færu í byrjun sept. Venjan er sú, að ef þeir fá vinnuna lengur, þá þiggja þeir hana og

þakka sínum sæla fyrir. Ég hygg því, að þessi verksmiðjustjórn og hreppsnefnd, sem standa að þessum andmælum, geti haft rólega nótt af þeim ástæðum. Með tilliti til þess get ég ekki séð, að nein ástæða sé til að færa töluna úr helmingi niður í þriðjung.

Ég skal aðeins ljúka máli mínu með því að segja, að frá hálfu Alþingis finnst mér fullkomin meinsemi gagnvart þessum ungu mönnum, sem við mikla erfiðleika eru að berjast til manns, að hindra þá í að geta notið þessa litla hlutar af þessari beztu atvinnu, sem ríkið hefir yfir að ráða.

***Finnur Jónsson:** Ég vil bara segja hv. 1. þm. Skagf. það, að mér er ekki kunnugt um, að neinn úr verksmiðjustj. eigi neinn aðstandanda í þessum skólaplássum, nema þá ef til vill einn af hans flokksmönnum. Þar er enginn, og hefir aldrei verið. En það ræður af líkum, að það er ekki hægt að taka fleiri en 10 menn í þessi nemendapláss, fyrst það er ákveðið, að þeir skuli vera 10, og þau rúm hafa ætíð verið fyllilega skipuð. En auk þeirra hafa venjulega verið teknir 4 menn, sem stundað hafa iðnfræðinám í verksmiðjum, til þess að hafa á hendi efnarannsóknir þá um leið. Þannig hafa starfað við ríkisverksmiðjuna umfram þessa 10 a. m. k. 4 menn síðasta ár.

Út af því, sem hann talaði um, að þessu væri ef til vill eitthvað misskipt, þá væri kannske rétt að flytja till. um, að þetta færi fram eftir úthlutun menntamálaráðs, eða að menntamálaráð yfir höfuð réði menn í síldarverksmiðjurnar hér á landi, hvort sem þeir væru skólagengnir eða ekki. Annars er það ekki verksmiðjustjórnin, sem hefir lagt á móti því, að þessi hlutföll yrðu, heldur forstjóri verksmiðjunnar, sem hefir bent á, að óhentugt sé að reka verksmiðjuna með óvönum mönnum, því að reynslan er sú um skólamenn, að jafnan losnar um helmingur af þeim skólaplássum, sem eru við verksmiðjurnar á Siglufirði, svo að ef þar eru 10 menn, þá er þar venjulega skipt um helminginn á hverju ári.

Ég get vel tekið undir með hv. 1. þm. Skagf. um hans kveinstafi vegna þeirra fátæku námsmanna, en ég vil um leið minna bæði þennan hv. þm. og aðra hv. þm. á, að það eru líka til kveinstafir frá atvinnulausum verkamönnum, og þeir eru kannske enn sárari en frá námsmönnunum, þó að þeir láti þá ekki heyrast hér í þingsalnum.

***Sigurður E. Hlíðar:** Herra forseti! Hv. síðasti ræðumaður var að kveina yfir því, að enginn tillögumaður sjútvn. væri nú hér í d. Þetta var ekki rétt hjá honum, því að ég er einn þeirra manna. Við höfum fjórir af fimm nm. sjútvn. lagt til þá breyt. á frv., að í staðinn fyrir ½ komi ⅓, þ. e. a. s. að einn þriðji hluti af þeim vinnuplássum, sem verða á Raufarhöfn vegna stækkunar síldarverksmiðjunnar þar, skuli falla í hlut námsmanna við lærdómsdeild menntaskólanna eða við háskólann. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að vísu frá einum úr stjórn síldarverksmiðjanna, mun þessi aukning nema um 40 manns. Ef námsmenn fá ⅓ hlutann, þá er þar um að ræða 12—13 menn. Það er allt og sumt, sem hér er farið fram á. Hv. þm. Ísaf. er þessu mjög mótfallinn, sýnilega fyrir þá sök, að hann vill ekki láta lögfesta þetta. Það virðist vera aðalatriðið hjá honum. En svo kom í ljós, hvar refurinn var falinn, því að þessi hv. þm. sagði, að þessir námsmenn þyrftu ekki annað en að fara í verkalýðsfélag, ganga í Alþýðusambandið, þá væri þeim opin leið til þess að fá vinnu. M. ö. o., það á að þvinga námsmenn til að ganga inn í verkamannafélögin, sem er pólitískur félagsskapur, og skólastjóri menntaskólans á Akureyri hefir fyrirboðið nemendum skólans að taka þátt í pólitískum félagsskap. Þeir yrðu því að brjóta í bága við þær reglur, sem þeim hafa verið settar, ef þeir yrðu að ganga í þessi pólitísku félög til þess að geta fengið vinnu við verksmiðjurnar. En þetta er það, sem hv. þm. Ísaf. vill þvinga þá til, og ef þeir geri það, þá geri ekkert til, þó að þeir taki vinnuna frá þeim fátæku fjölskyldumönnum, sem hann telur sig bera fyrir brjósti. Ég held, að það sé miklu heppilegri leið að hafa ákvæði í l. um að opna leið fyrir þessa menn til að stunda vinnu yfir sumartímann, því að það er vitað, að allur hávaðinn af þessum námsmönnum er bláfátækir menn, og þó að nokkrir þeirra eigi efnaða aðstandendur, þá eru þó flestir þeirra fátækir. Mér finnst aðbúnaður námsmanna ekki vera svo góður, að ekki megi sýna þeim þessa hjálparviðleitni, að veita 12—13 mönnum úr þeirra hópi vinnu við þessa verksmiðju. Þess vegna held ég fast við það, sem meiri hl. sjútvn. hefir lagt til, að námsmenn fái ⅓ af þessum vinnuplássum, og er það nokkuð í samræmi við það, sem hv. 1. þm. Skagf. fer fram á.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Síðar á sama fundi var fram haldið einni umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 612 felld með 16:9 atkv.
— 630 felld með 17:8 atkv.
— 625 samþ. með 19:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 100. fundi í Ed., 3. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 669).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Frsm. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Herra forseti! Þegar þetta mál var hér síðast í deildinni til umr., andmælti ég þeirri till., sem þá kom fram, að láta efnalitla nemendur sitja fyrir vinnu, samkv. ákvæði í l. Ég benti á, að þetta gæti orðið vafasamur greiði fyrir þessa nemendur, að setja þá út í sérstakt horn, og í öðru lagi benti ég á það, að þetta væri móðgun við verkalýð landsins, þar sem það væri tryggt, að þeir gætu ekki komizt að þessari vinnu. Ég sé, að hv. Nd. hefir gert breyt. á þessari till. og fækkað þeim úr helmingi niður í ⅓. Það er að sjálfsögðu um færri menn að ræða, en þrátt fyrir það vil ég mæla á móti þessu. Ég vil benda á, að það

hefir verið venja, að þessir ungu námsmenn hafi notið ýmissa áhrifamanna í þjóðfélaginu og að þeir hafa ekki verið hornreka með að komast að störfum, en þetta mundi hafa það í för með sér, að það yrði ekki lengur hægt að koma þeim á þá staði, þar sem þeir hafa flotið inn, og þá er búið að gera þeim bjarnargreiða. Ég geri ráð fyrir, að þótt ekki stæði neitt um það í lögum, mundu þessir menn að sjálfsögðu taka tillit til þess og mundu skjóta þeim þarna inn. Það mundi horfa öðruvísi við. Ég vil því eindregið mælast til þess, að brtt., sem ég leyfi mér að leggja fram fyrir forseta frá mér og hv. 10. landsk., verði samþ. Þessi brtt. er um það, að þessi 4. gr. frv. falli niður, því að ég tel hana óþarfa og varhugaverða gagnvart þeim, sem hún á að koma að gagni.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 679) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 679 felld með 9:4 atkv.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 688).

76. Meðferð einkamála í héraði.

Á 60. fundi í Ed., 14. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði (þmfrv., A. 287).

Á 61. fundi í Ed., 15. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Flm. (Magnús Gíslason):** Með þessu frv., sem er flutt af hv. 2. þm. S.-M. og hv. 10. landsk., auk mín, er ætlazt til, að breytt verði 56. gr. l. nr. 85 frá 1936, um meðferð einkamála í héraði, eða breytt þeim skilyrðum, sem þar eru sett fyrir því, að lögfræðingar, sem stundað hafa málflutning, geti haldið áfram þeim störfum sínum, auk þess, sem nýtt ákvæði er sett í gr. um, að lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í föst dómaraembætti, eða skipa má í þau, þurfi ekki að ganga undir prófraun þá, sem getur um í gr., til þess að geta flutt mál fyrir undirrétti.

Ég skal þá fyrst og fremst skýra grg. fyrir frv., en að öðru leyti aðeins fara um það örfáum orðum.

Með l. um meðferð einkamála í héraði frá 1936 voru settar nýjar og strangari reglur um það, hverjir skyldu hafa rétt til að flytja mál fyrir héraðsdómi. Þau l. voru sett, að enginn mætti flytja mál fyrir þeim rétti fyrr en hann hefði fengið lögfestingu eða flutt 4 prófmál, og þar af hefðu a. m. k. 2 verið munnlega flutt.

Þeim lögfræðingum, sem starfað höfðu sem málaflutningsmenn fyrir héraðsrétti áður en l. gengu í gildi, var þó heimilt að starfa áfram með því skilyrði, að þeir hefðu gengið undir prófraun og lokið henni innan þriggja ára frá því, að l. gengu í gildi, eða frá 1. janúar 1936, þannig að þeim fresti er lokið 1. janúar næstk., svo að þeir, sem þá hafa ekki lokið prófrauninni, missa réttinn til að flytja mál fyrir héraðsdómi.

Nú hafa nokkrir þessara manna lokið prófrauninni, en það eru nokkuð margir, sem ekki hafa haft tækifæri til þess, og er ástæðan sú, að þeim mun ekki hafa gefizt kostur á að fá þau mál til flutnings, sem að dómi réttarins hafa þótt hæfa sem prófmál, því að ef þetta ákvæði á ekki að verða nafnið tómt, verður að velja til prófflutnings mál, sem eru torveld og flókin, svo að réttinum gefist kostur á að dæma um, hvort þeir, sem málin flytja, hafa þá lögfræðiþekkingu og leikni, sem að þeirra dómi þarf til að flytja mál fyrir héraðsdómi. Loks eru slík mál ekki auðfengin, einkum fyrir þá lögfræðinga, sem hafa lítið að gera eða stunda lögfræðistörfin í hjáverkum. Margir þessara manna hafa þung heimili og mega illa við því, að þessi réttur sé af þeim tekinn.

Þetta ákvæði, að sett sé skilyrði fyrir því, að maður geti haldið atvinnuréttindum, sem hann hefir haft áður, er algert nýmæli í l. hér. Hæstv. Alþingi hefir einmitt fylgt þeirri reglu, þegar sett hafa verið l. um atvinnurekstur, að taka fram, að þeir, sem rétt hefðu samkv. eldri lögum, skyldu halda honum. Slíkt ákvæði var sett í iðnaðarlögin frá 1937, í l. um lækningaleyfi frá 1932 og l. um atvinnu við siglingar frá 1936. Í öllum þessum l. er skýrt fram tekið, að þau hafi engin áhrif á réttindi þeirra manna, sem öðlast höfðu réttindi sín áður en l. gengu í gildi. Virðist ástæðulaust að gera undantekningu með héraðsdóm og engin ástæða til að gera um það strangari kröfur en aðrar atvinnugreinar.

Við höfum ekki gengið lengra en það í frv. að fara fram á, að l. skuli ekki ná til þeirra, sem 3 ár samfleytt hafa stundað málflutning fyrir héraðsdómi áður en l. gengu í gildi, svo að þeir, sem bætast við nýir, verða allir að taka þetta próf.

Hitt ákvæði frv. er um það, að þeir, sem gegnt hafa dómaraembætti eða skipa má í föst dómarasæti, skuli hafa rétt til þess að flytja mál fyrir héraðsdómi án þess að þurfa að taka sérstakt próf. Byggist það atriði á því, að það virðist óeðlilegt, að dómarar skuli þurfa að taka slíkt próf, þar sem l. heimila þeim að skera úr um, hvort þeir, sem óska lögfestingar, skuli öðlast hana eða ekki. Enda ekki óeðlilegt, að þeim mönnum sé betur trúandi til að flytja mál fyrir héraðsdómi. Þá er og óviðfelldið að krefjast þess af eldri dómurum, sem látið hafa af starfi, t. d. hæstaréttardómurum og sýslumönnum, að þeir fái ekki að flytja mál fyrir héraðsdómi, nema þeir leysi áður af hendi sérstakt próf. Það getur og orðið erfitt fyrir dómara eins og aðra að fá þau mál til meðferðar, sem teljast hæf prófmál.

Ég vil leyfa mér að taka fram, að ef hv. d. verður okkur flm. sammála um, að rétt sé að breyta l. eins og frv. fer fram á, þá væri æskilegt, að málið færi greiðlega í gegnum hv. d. Ef þetta á að koma að liði, þarf að samþ. frv. á þessu þingi, því um næstu áramót er réttur þessara manna glataður.

Svo vil ég leyfa mér að óska, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., 14. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 287, n. 430, 444).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 444. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Ég skal vera stuttorður um þetta frv. Allshn., eða meiri hl. hennar, leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og sjá má á þskj. 430, en einn af þremur nm., hv. 2. landsk. (SÁÓ), skrifaði undir nál. með fyrirvara og hefir nú lagt fram brtt. á þskj. 444.
Um efni frv. og orsakir þess vil ég fyrst og fremst vísa til grg. og skýrslu, sem ég gaf um það við 1. umr. Ég vil leggja áherzlu á, að það er komið fram til að leiðrétta misræmi í l. um meðferð einkamála frá 1936, þar sem tekinn er af lögfræðingum, sem starfað hafa að málfærslu áður en lögin gengu í gildi eða gegnt dómaraembættum, réttur til að starfa að málfærslu eftir 1. jan. 1940, ef þeir hafa þá ekki lokið þeirri prófraun að flytja 4 prófmál fyrir héraðsdómi. Þetta ákvæði er í ósamræmi við alla hliðstæða löggjöf um atvinnuréttindi, þar sem um er að ræða rétt manna til að halda áfram starfi, er þeir hafa stundað, svo sem löggjöf um siglingar, lækningaleyfi o. s. frv. Nú eru margir lögfræðingar, sem hafa ekki lokið flutningi þessara 4 mála og eru því að missa réttindi sín, þeir munu vera um 25, bæði í Rvík og annarstaðar á landinu. Eftir ósk þeirra er frv. borið fram. Það er ekki nein skynsemi í því að gera strangari kröfur til málfærslumanna fyrir undirrétti en að þeir hafi lögfræðipróf og annaðhvort ljúki prófrauninni eða, eins og hér ræðir um, hafi minnst 3 ára starfsreynslu að baki. Það er ekki vit að gera til þeirra aðrar og strangari kröfur en t. d. skipstjóra eða lækna, sem halda rétti til sömu starfa og þeir stunduðu áður en lög voru sett um atvinnugreinar þeirra. Auk þess er í frv. gerð sú breyt., að lögfræðingar, sem skipaðir hafa verið í dómaraembætti eða skipa má í föst dómarasæti samkv. 32. gr. l. um meðferð einkamála, skuli undanþegnir prófrauninni. Það kemur nokkrum sinnum fyrir, að dómarar, sem látið hafa af störfum, hafa haft nokkra atvinnu af að flytja mál, eða þá gert það í greiðaskyni við vini og kunningja. Það er óviðkunnanlegt og næstum því broslegt, að reyndir og ráðsettir dómarar, jafnvel menn, sem setið hafa í hæstarétti, eða þá prófessorar í lögfræði, megi ekki taka að sér mál fyrir undirrétti nema ganga undir próf. Slíkar hömlur eru ekki aðeins ástæðulausar, heldur þvert ofan í alla skynsemi, þegar t. d. þess er gætt, að það eru dómararnir, sem eiga að gefa úrskurð um það, að prófraun lokinni, hvort lögfræðingur hafi náð því þroskastigi og þekkingar, sem þarf til málfærslu, þótt lögin, eins og þau eru, virðist ekki treysta dómurunum til að hafa náð því stigi. Og þessi varfærni laganna á að vera til öryggis almenningi í landinu.
Ég get ekki verið sammála brtt. hv. 2. landsk., því að hún breytir ekki því „principi", sem ég vil breyta í lögunum, því ranglæti, sem fólgið er í hömlum þeim, er ég hefi lýst. Auk þess nær hún ekki til þeirra manna utan Reykjavíkur, sem ekki hafa lokið þessari prófraun og mundu nú missa réttindi sín.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Eins og sjá má á þskj. 430 og 444, er ég sammála meiri hl. um, að frv. gangi fram, en þó svo, að 1. gr. sé breytt og orðuð um. Ég hefi innan n. bent á, að það er óþarft að breyta l. með tilliti til þeirra, sem búa utan Reykjavíkur, því að ljóst er í lögunum, að prófraun þarf ekki að inna af hendi nema til málfærslu í Reykjavík. Ég hefi kynnt mér það, að þetta ákvæði l. er sett af Einari Arnórssyni prófessor, sem samdi fyrstu drög frv., og milliþinganefndin, sem fjallaði um frv. á eftir, hefir alls ekki breytt því. Bak við það liggur sú skoðun, að fyllsta ástæða sé til þess, að lögfræðingar hafi innt af hendi prófraun og sýnt, að þeir séu hæfir til málfærslu, áður en þeir fá viðurkenndan rétt til hennar. Það hefir mikið gildi fyrir allan almenning. Það hefir líka þýðingu fyrir dómarana sjálfa, að málfærslumenn séu svo færir um starf sitt, að nokkurn veginn megi við una.
Mín till. gengur út á það, að lögfræðingar fái eins árs frest til að ljúka þessari prófraun. Ég hefi aflað mér upplýsinga um, hve margir menn komi hér til álita. Það eru einir sex, sem þegar hafa byrjað og eru búnir með ein tvö eða þrjú af fjórum tilskildum prófmálum. Það er ekki nema eðlilegt, að þeir fái framlengdan frest til að ljúka sér af. Í grg. frv. er mikið úr því gert, hve erfitt geti orðið að fá til flutnings hæf prófmál. En það er venja, að lögfræðiskrifstofurnar skiptast á um mál til að flytja, svo að aldrei mundi standa lengi á því að útvega lögfræðingi prófmál. Sé það hinsvegar af getuleysi, sem lögfræðingur hefir ekki lokið prófraun í tæka tíð, — skyldi almenningi þá vera gagn í, að hann fái réttinn gefins? — Ég held ekki.
Annað atriði, sem lagt er til að breyta í frv., er, að allir þeir dómarar, sem hugsanlegt er, að vildu flytja mál, öðlist rétt til þess. Af þeim uppgjafaembættismönnum, sem hér er helzt um að ræða, mun það vera aðeins einn, sem mun hafa viljað flytja mál í Rvík og flytur nú mál fyrir undirrétti, þótt utan bæjarins sé. Flestallir þeir menn eru komnir á eftirlaun og mundu þá heldur leita sér að öðrum störfum en þessum. Ég held það sé því tilefnislaust að víkka þessi ákvæði frv. svo, að þau nái til þeirra. Hér eru nákvæmlega sömu ákvæði og um hæstarétt. Það eiga allir að inna af höndum prófraun, sem þar ætla að stunda málfærslu. Með því að samþ. frv. óbreytt yrði þarna skapað misræmi.
Af því að ég hefi nokkur kynni af málfærslu, veit ég, að það er nauðsyn að gera strangar kröfur til undirbúnings þeirra, sem flytja eiga mál fyrir dómstólum. Málfærslumannafélagið er,

eftir því sem ég veit bezt, móti þessu frv. nálega sem einn maður. Stéttinni er það aðallega metnaðarmál að gera til sín strangar kröfur, en mótstaðan gegn frv. ekki af því, að þeir óttist menn, er ekki hefir tekizt að ljúka prófraun, sem hættulega keppinauta.

***Frsm. (Magnús Gíslason):** Ég ætla að taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, að frv. fer alls ekki fram á að fella niður prófraunina. Auk þeirra dómara og reyndu lögfræðinga, sem barnalegt væri að heimta prófraun af, nær frv. aðeins til lögfræðinga, sem stundað hafa málflutning fyrir héraðsdómi sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálaflutningsmanna minnst þrjú ár samfleytt fyrir 1. jan. 1937. Þessir menn höfðu réttinn áður en lögin gengu í gildi, og þeir eiga að halda honum. Annað fer frv. ekki fram á.

Hv. 2. landsk. sagði, að frv. þyrfti ekki að ná til manna utan Reykjavíkur, því að þar væri prófraun ekki heimtuð. En þá fengi enginn þeirra að flytja mál í Rvík eftir 1. jan. næstk. Það er ósanngjarnt, þar sem þeim hefir enginn kostur gefizt á því að ganga undir prófraun á Akureyri eða Siglufirði eða annarstaðar, þar sem þeir hafa dvalið og starfað. Um það, hve prófraunin hafi mikið gildi til öryggis fyrir almenning, er kannske gott eitt að segja, en ég hygg það sé enginn sérstakur vandi að standast raunina fyrir þann lögfræðing, sem á annað borð hefir fengið hæf prófmál. Þá mun hann að jafnaði geta fengið skirteini, sem gefur honum málfærsluréttindi. Hitt er ekki síður ósanngjarnt fyrir því, að setja lög um, að réttindi, sem menn hafa haft og í engu fyrirgert, skuli af þeim tekin. Um líkt leyti voru sett ný lög um siglingar. Þá höfðu sumir skipstjórar aðeins rétt til að stjórna skipum undir 60 smál. Síðan voru auknar þekkingarkröfur til skipstjórnarmanna, en 60 smál. hámarkið hækkað upp í 75 smál. Þá fengu þeir skipstjórar, sem réttinn höfðu áður, ekki aðeins að halda honum, heldur fengu hann aukinn, þannig, að ef þeir gátu sýnt, að þeim hefði ekki hlekkzt á síðustu 5 ár, gátu þeir fengið réttindi til að fara með skip allt upp í 75 smál. stærð. Ég held, að hv. 2. landsk. hefði barizt móti því með hnúum og hnefum, ef þeir hefðu ekki mátt vera formenn á sínum skipum áfram, nema með því að taka fyrst nýtt próf. Hann hélt því fram, að rétturinn, sem frv. veitti fyrrv. dómurum, næði ekki nema til eins manns. Ég vona þá, að það verði ekki til mikils atvinnuspillis fyrir neinn, þótt það verði samþ.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Réttindi skipstjóra, sem hv. frsm. var að bera saman við málfærslumennina, eru ekki sambærileg í þessu máli. Hér er ekki um námspróf að ræða, heldur að ákveðin reynsla sé fengin, ákveðin verkefni leyst af hendi á viðunandi hátt. Reynslan hefir gefið gömlum skipstjórum það, sem einmitt er ætlazt til, að prófraunin gefi lítt reyndum lögfræðingum, en engin trygging er fyrir, að óákveðin reynsla fyrir 1937 sé neitt sambærileg við reynslu skipstjóranna. Dæmið, sem hv. frsm. tók um þá, er óheppilegt fyrir hann, því að einmitt ákvæðum, sem hann vitnaði í, hefir nú verið breytt. Ég get ekki fallizt á, að hér sé hægt að tala um, að nokkur maður sé sviptur rétti, sem hann hefir haft. Menn geta áreiðanlega náð sér í nóg prófmál og ekki vorkennandi að standast prófið, ef þeir eru hæfir á annað borð. Í prófrauninni er þó nokkurt öryggi fyrir almenning. Sá frestur, sem ég tel sjálfsagt að veita, ætti að nægja þeim mönnum, sem er alvara að gera þetta að lífsstarfi sínu, þeim ætti að vera það í lófa lagið að ljúka þessu. Annars skal ég ekki vera að pexa við hv. frsm. um málið, bezt að atkvgr. skeri úr.

ATKVGR.
Brtt. 444 felld með 8:1 atkv.
1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
2. gr. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 85. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar (A. 287).
Á 86. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 29. des., var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 97. fundi í Nd., 2. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 287, n. 628).

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Meiri hl. allshn., þ. e. a. s. allir nm. nema hv. 7. landsk. þm., leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt. Okkur virðist svo, að hér sé um réttarbót að ræða, þar sem fylgt verður sömu reglum um þá menn, sem hafa fengið rétt til þess að flytja mál í hæstarétti áður en l. um einkamál í héraði voru sett. Ég legg þess vegna til, að frv. verði samþ. óbreytt.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég hefi ekki skilað sérstöku nál. hér, en mun bera fram brtt. við frv. við 3. umr. Að ég gat ekki fylgt samnm. mínum, var ekki af þeirri ástæðu, að ég vilji fella frv., heldur af því, að ég vil hafa það í öðru formi, á þann veg, sem ég skal nú skýra. Sá frestur, sem tiltekinn er í réttarfarslögunum, var útrunninn í gær. Ég vil að hann verði framlengdur þannig, að þeir, sem hér eiga hlut að máli hafi sömu aðstöðu til að ljúka þessu prófi

og þeir höfðu fyrir 1. jan. Það er engin ástæða til þess, að þessir menn hafi sérstöðu, þar sem þeir hafa sömu reynslu og aðrir lögfræðingar. Ég vil benda á það, að það er sett sem skilyrði til að verða málaflutningsmaður í hæstarétti, að hafa 1. einkunn. Nú er það svo, að ýmsir lögfræðingar höfðu ekki 1. einkunn, þegar l. öðluðust gildi, en fengu þó sama rétt og þeir, sem höfðu 1. einkunn, til þess að leysa prófraun sína.

Það er sanngjarnt af ástæðum þeim, sem skýrt er frá í grg. frv., að tryggja það, að þessir menn geti lokið prófi sínu. Ég mun því við 3. umr. bera fram brtt. um, að fresturinn verði lengdur um 2—3 ár. Hinsvegar sést við nánari athugun, að þessi leið er ekki farin í frv., og gert er ráð fyrir, að þessum mönnum verði veittur meiri réttur en áður.

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Með því að hv. 7. landsk. þm. hefir ekki borið fram brtt. að þessu sinni, er ekki ástæða til að halda uppi umr. um þetta. Ég vil aðeins geta þess viðvíkjandi síðustu málsgr. frv., að varla getur komið til mála, að þeir menn, sem hafa verið í embætti og hafa fengið réttindi og skyldur til þess að dæma í héraðsdómi, séu skyldir til þess að taka þetta próf. Ég hefi svo ekki um þetta fleiri orð að sinni.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég vil aðeins benda þessum hv. þm. á það, að í l. var ekki gerður neinn greinarmunur á því, hvort þeir lögfræðingar, sem tækju þessi próf, hefðu áður gegnt dómarastörfum eða ekki. Vitanlega eru margir menn hér í Rvík, sem hafa gegnt dómarastörfum, og ef þessir menn vildu fá réttindin, urðu þeir að taka þetta próf, allt fram á þennan dag. Ég sé ekki ástæðu til þess, ef nýir menn koma með sömu skilyrði, að þeir ættu frekar að sleppa. Það er allt annað að vera málaflutningsmaður eða dómari.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Nd., 3. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Garðar Þorsteinsson:** Ég gat þess við 2. umr., að ég myndi bera fram brtt. við frv. og hvernig sú brtt. yrði að efni til, sem sé, að ekki yrði vikið frá þeirri reglu, sem sett var í l. 1936, að þeir, sem vilja fá skírteini sem málflutningsmenn fyrir undirrétti, þreyti prófraun, sem ákveðin er í l., sem sé að þeir sýni með flutningi 4 mál, að þeir séu hæfir til starfsins. Í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er þetta skilyrði fellt niður og þeim mönnum veittur skilyrðislaus réttur til málflutnings, sem hafa verið sjálfstæðir málflutningsmenn í 3 ár fyrir 1. jan. 1937 eða fulltrúar málflutningsmanna fyrir sama tíma. Sömuleiðis er lögfræðingum, sem skipaðir hafa verið í dómaraembætti, veittur sami réttur til þess að flytja mál. Nú er Alþ. það sjálfsagt kunnugt, að þetta skilyrði var almennt, þannig að þessi skylda hvíldi jafnt á öllum, sem ekki voru hæstaréttarmálflutningsmenn, hvort sem þeir höfðu verið fulltrúar málflutningsmanna lengri eða skemmri tíma eða stundað sjálfstæðan málflutning. Það mætti, ef þörf þætti, benda á marga málflutningsmenn í Reykjavík, sem höfðu stundað málflutning lengi fyrir 1. janúar 1937, sem samt urðu að þreyta þessa prófraun. Ég get þess vegna ekki séð, hvers vegna nú ætti að breyta þessu þannig, að nokkrir málflutningsmenn, sem ekki hafa af einhverjum ástæðum haft dug í sér til að ljúka þessari raun, fengju undanþágu frá þessari skyldu. Ég vil þess vegna bera þá brtt. fram, að málflutningsmenn, sem stundað hafa málflutning fyrir 1. janúar 1937, verði eftir sem áður að þreyta þessa prófraun, sem hefir sýnt sig að ekki er erfið, með því að flytja 4 mál, en hinsvegar vil ég ganga inn á, að sá frestur, sem settur var í l. frá 1936, verði framlengdur til 1. janúar 1942. Ég hygg, að það sé vandalaust fyrir þá menn, sem þarna koma til greina, að þreyta þessa prófraun á næstu 2 árum. Ég sé ekki, hvaða réttlæti væri í því að hafa lagt þessa skyldu á herðar allra málflutningsmanna í Reykjavík, sem hafa stundað málflutning í fjöldamörg ár, en hinsvegar setja allt í einu l. um það, að einhverjir, sem ekki hafa orðið við þessari skyldu, skuli geta orðið málflutningsmenn án prófraunar. Mér skilst, að l. eigi í þessu tilfelli sem öðrum að ná jafnt yfir alla. Ég legg hinsvegar einnig til, að þeir, sem hafa stundað málflutning við héraðsdóm utan Reykjavíkur, skuli hafa sama rétt, en það var gert að skilyrði í l. frá 1936, að viðkomandi hefði stundað málflutning fyrir héraðsdómi í Reykjavík. Ég legg til, að þessir menn hafi sama rétt hvar á landinu sem er til að ljúka þessari prófraun fyrir hvaða héraðsdómi sem er. Í öðru lagi legg ég til, að síðari málsl. 1. gr. frv. falli burt, en þar segir, að lögfræðingar, sem skipaðir hafi verið í dómaraembætti eða skipa megi í föst dómarasæti, skuli undanþegnir þessum ákvæðum. Ég sé enga ástæðu til að veita þessum mönnum undanþágu frá að þreyta prófraunina. Ég fæ ekki séð, að lögfræðingar, sem eru svo heppnir að vera skipaðir í dómaraembætti t. d. í 4 mánuði, eigi að hafa rétt til að flytja mál fyrir undirrétti án þess að hafa flutt nokkurt mál á æfi sinni, eða dómari, sem hefir haft embætti úti á landi, sé skilyrðislaust hæfur til að flytja mál. Ef þessir menn vilja taka að sér málflutning í Reykjavík, er ekki til of mikils mælzt, að þeir flytji 4 prófmál og fái vottorð um, að þeir séu hæfir til starfsins. Ég fæ ekki séð, ef á annað borð er fallizt á, að prófraunir eigi rétt á sér, að þá eigi að mismuna mönnum eins og gert er ráð fyrir í frv. Ég þekki t. d. einn málflutningsmann, sem hefir stundað málflutning samfleytt hér í Reykjavík frá því árið 1917 og haft hér opna málflutningsskrifstofu allan þann tíma, og hann varð að flytja fjögur mál sem prófmál fyrir héraðsdómi, og hann varð að ljúka þeirri prófraun fyrir 1. jan. 1940. En hins-

vegar er enginn vafi á því, að slíkur maður, sem hefir stundað málflutning svona lengi, hefði alveg eins átt að komast undir þá undanþágu, sem hér er farið fram á. Þó að það kunni að vera einhverjir menn, sem hafa stundað málaflutning sjálfstætt í þrjú ár samfleytt fyrir 1. jan. 1937, þá er ekki til of mikils mælzt, þótt þess sé krafizt, að þeir ljúki þessari prófraun á næstu tveim árum. Þeir menn, sem hafa gegnt dómaraembættum um lengri eða skemmri tíma, eiga einnig að ljúka svona prófi. Engin ástæða er til þess að létta á þessum skilyrðum, því að ekki á að opna málflutningsstörf fyrir héraðsdómi fyrir hverjum sem er. Ákvæðin um próf fyrir slíka menn eru sett til þess að vinza þá menn úr, sem hafa hæfileika til þess. Ef lögfræðingar ættu yfirleitt að öðlast slík réttindi, ef þeir hefðu verið við málflutningsstörf um nokkurn tíma, eða fulltrúar hjá hæstaréttarmálaflutningsmönnum, myndi það verða ákaflega létt fyrir þá. Það er sjálfsagt að gera þá kröfu til slíkra manna, að þeir flytji prófmál, og sömuleiðis sjálfsagt að gera þá kröfu til þeirra, sem hafa gegnt héraðsdómaraembættum. Ef menn eru sammála um, að ákvæði l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, séu réttmæt, hversvegna á þá að opna allar gáttir fyrir hverjum þeim manni, sem kemst í dómaraembætti, jafnvel þó að hann sé þar e. t. v. aðeins eina viku? Að vísu er sanngjarnt að gefa slíkum mönnum einhvern frest til viðbótar til að ljúka þessari prófraun, en ekki að láta þá sleppa *algerlega við slíkt próf.*

Þegar l. um hæstarétt voru sett árið 1920, þá urðu nokkrir menn aftur úr, sem stundað höfðu málflutningsstörf fyrir yfirdómi, og þeim var veittur ákveðinn frestur til þess að taka próf fyrir hæstarétti. Lögfræðingar höfðu rétt til að flytja mál fyrir yfirdómi, þó að þeir hefðu ekki lögfræðipróf með 1. einkunn, og þeir áttu að fá að flytja mál fyrir hæstarétti, ef þeir hefðu á næstu þrem árum sýnt með flutningi fjögra mála, og eitt þeirra skyldi vera opinbert mál, að þeir væru hæfir til að vera hæstaréttarmálaflutningsmenn. Lögfræðingar luku þá sinni prófraun fyrir hæstarétti, hvort sem þeir höfðu 1. einkunn eða ekki, en þá voru það líka nokkrir menn, sem ekki notuðu þennan frest, vegna þess að þeir voru við önnur störf, og þess vegna voru síðar sett l. hér á Alþ. um að veita þeim framhaldsfrest til að koma þessu í lag. Mér virðist eðlilegt, að Alþ. væri að þessu leyti sjálfu sér samkvæmt, og veitti þeim mönnum, sem hafa dregizt aftur úr og ekki lokið sliku prófi enn, tveggja ára frest til þess, eins og áður var gert, en ekki leyfi til að komast algerlega hjá slíkri prófraun. Hinsvegar tel ég rangt að opna málflutning fyrir héraðsdómi upp á gátt fyrir öllum þeim, sem hafa stundað málflutning í þrjú ár fyrir 1. jan. 1937, eða verið settir í dómaraembætti. Sú till. er ekki í samræmi við ákvæði l. frá 23. júní 1936, og líka í ósamræmi við þá venju, sem myndazt hefir, þegar l. um hæstarétt voru samþ., að veita undanþágu í þrjú ár fyrir þá lögfræðinga, sem ekki höfðu 1. einkunn, en svo sem kunnugt er, er það nú skilyrði til að verða hæstaréttarmálaflutningsmaður, að viðkomandi lögfræðingur hafi lokið prófi með 1. einkunn. Ég vil því leyfa mér að bera fram skriflega brtt., er hljóðar svo: „Við 1. gr. Meginmál greinarinnar skal orða svo: Lögfræðingar þeir, sem stundað hafa málflutning fyrir héraðsdómi sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálflutningsmanna, áður en lög nr. 85 frá 23. júní 1936 öðluðust gildi, skulu hafa rétt til að flytja mál fyrir héraðsdómi fyrst um sinn, en *lokið skulu þeir hafa rauninni fyrir 1. jan. 1942*".

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 681) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Samkv. þeirri brtt., sem hv. 7. landsk. ber hér fram, verður ekki tekið neitt tillit til þess, hvort menn hafa stundað málflutning fyrir héraðsdómi sjálfstætt eða sem fulltrúar málflutningsmanna fyrir 1. jan. 1937, áður en hin nýju l. um meðferð einkamála í héraði gengu í gildi, en samkv. 55. gr. þeirra l. er þeim gert að skyldu að taka héraðsdómslögmannspróf fyrir 1. jan. 1940. En samkv. brtt. frá hv. 7. landsk. er þeim gert að skyldu að hafa lokið því prófi innan næstu tveggja ára. Ég get ekki sagt, að hin langa ræða, sem hv. 7. landsk. hélt, hafi á neinn hátt sannfært mig. Ég var einn af þeim lögfræðingum, sem áttu þátt í að semja l. nr. 85 frá 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði. En ég vil viðurkenna það, að okkur þeim þremur lögfræðingum, sem stóðum að samningu þessa lagafrv., sem Alþ. tók til meðferðar og samþ., hefir skotizt yfir eitt atriði. Þar var reynt að fylgja samskonar reglum, sem yfirleitt giltu í löggjöf, þar sem l. eru sett um einhver atvinnuréttindi í þjóðfélaginu, og ný skilyrði sett frá því, sem áður var. Það má heita undantekningarlaus regla, að þeir, sem áður hafa fengið að stunda þá atvinnu, sem um er að ræða, fái að halda atvinnuréttindum sínum án þess að taka próf eða fullnægja þeim skilyrðum, sem nýjum mönnum eru sett með l. Um þetta atriði vil ég vísa til grg. þessa frv., þar sem það er tekið fram, að þessu var þannig farið samkv. l. um iðju og iðnað, samkv. l. um lækningaleyfi og samkv. l. um atvinnu við siglingar, að þeir menn, sem próflaust höfðu haft atvinnuréttindi í þeim greinum, sem þar ræðir um, halda þeim áfram, enda þótt ný og þrengri skilyrði séu sett til að öðlast þau atvinnuréttindi samkv. hinum nýju l., er nú gilda. En hér var það ekki gert. Mér virðist vera full ástæða til að viðurkenna eina höfuðástæðu til þess, að meiri hl. allshn. hefir gefið samþykki sitt fyrir þessu frv. En jafnframt vil ég geta þess, að mér finnst það vera hrein fjarstæða, og ég verð að andmæla því að réttmætt sé, að þar sem þeir lögfræðingar eru taldir upp í 2. málsl. 1. gr. frv., sem hafa verið skipaðir í dómaraembætti, eða sem skipa má í föst dómarasæti, og til þess verða þeir að fullnægja mjög ströngum skilyrðum samkv. 32. gr. einkamálaréttarins, að það eigi að fara að krefjast sérstakrar prófraunar af þeim, áður en þeir fá leyfi til að flytja mál fyrir héraðsdómi. Hv. 7.

landsk. kom með eitt atriði, sem lítil hæfa er fyrir, að menn kynnu að verða skipaðir í dómaraembætti, og væru þar e. t. v. aðeins eina viku, en samt ættu þeir að fá réttindi til að flytja mál próflaust fyrir héraðsdómi. Mér þætti gaman, ef hann gæti nefnt eitt dæmi um það. Það hefir oft komið fyrir, að menn hafa verið settir í dómaraembætti um lengri eða skemmri tíma, og sumir mjög stuttan tíma, en það er alger undantekning, ef menn hafa verið skipaðir í starf og gegni því ekki nokkuð lengi, svo framarlega sem dauða eða önnur sérstök atvik eigi ber að höndum. Það er varla nokkurt framtíðarstarf svo, að maður reyni ekki að hafa það með höndum nema örskamman tíma, hafi hann t. d. verið skipaður héraðsdómari. Ég held, að það dæmi, sem ég man eftir að maður hafi verið skemmst skipaður sýslumaður, hafi verið Einar Benediktsson skáld, og hann hafði verið yfirdómslögmaður áður. Hann hefir áreiðanlega sýnt fullkomna andlega yfirburði til þess að takast próflaust á hendur málflutning fyrir undirrétti. Það, sem mér virðist sérstaklega ástæða til að undrast yfir í málflutningi hv. 7. landsk. hér í d., er það, að hann skuli bera saman skilyrðin til þess að verða hæstaréttarmálaflutningsmaður og héraðsdómslögmaður, þar sem þessi hv. þm. er hæstaréttarmálaflutningsmaður sjálfur, og ég hefi enga ástæðu til annars en að halda, að hann sé mjög vel hæfur í sínu starfi. Ég skil ekki, hvers vegna hann, sem bæði hefir flutt mál fyrir undirrétti og hæstarétti, heldur, að ekki þurfi þar að gera meiri mun á en hann virðist gera í þessum umr. Þar er alveg gagnólíku saman að jafna. Það er full ástæða til að takmarka þann hóp lögfræðinga mjög mikið, sem hefir réttindi til að flytja mál fyrir hæstarétti, og binda þau réttindi við þá eina, sem eru sérstaklega hæfir til þess. Þetta ber í fyrsta lagi að gera til þess, að ekki hlaðist fleiri lögfræðingar á hæstarétt en svo, að þeir geti allir haft lífsuppeldi af því, og í öðru lagi vegna þess, að til hæstaréttar fara yfirleitt ekki önnur mál en þau, sem þarf að rekja allýtarlega og krefjast mikillar æfingar af málaflutningsmönnum. Ég get í stuttu máli sagt það, að þó að þeir menn, sem í frv. er lagt til að veita undanþágu, hafi annaðhvort stundað málflutning sjálfstætt eða í þjónustu hæstaréttarmálaflutningsmanna, hvort heldur er hjá hv. 7. landsk. eða öðrum, eða þá gegnt dómaraembættum, sé ég ekki, að það sé á neinn hátt hættulegt að veita þeim leyfi til að flytja mál fyrir undirrétti. Hitt atriðið er mjög skylt þessu, að þeim mönnum, sem oft og tíðum hafa kannske haft með höndum dómstörf í erfiðum málum og orðið að leiðbeina og hjálpa til við málflutning, verið dómarar, prófdómarar við þær prófraunir, sem um ræðir í 27. gr. l. um meðferð einkamála í héraði, þar sem svo er mælt fyrir, að menn þurfi að fara gegnum fjögra mála prófraun, áður en þeir fá að flytja mál fyrir undirrétti hér í Reykjavík eða annarstaðar, eða þá prófessorar Háskóla Íslands, sem hafa e. t. v. verið kennarar flestra eða allra þeirra lögfræðinga, sem þarna eiga að vera keppinautar, þeim verði veitt réttindi til að flytja mál fyrir undirrétti án sérstakrar prófraunar. Það eina, sem hægt væri að líta á í því sambandi, hvort slíkum mönnum, sem ég nú hefi talið, skuli veitt undanþága frá sliku prófi eða ekki, er það, hvort svipta skyldi ríkissjóð því gjaldi, sem hann fær fyrir löggildinguna. En mér finnst sú upphæð skipta mjög litlu máli, því að hún er aðeins 50—80 kr. fyrir hvern lögfræðing. Í öðru lagi er hér um mjög takmarkaðan hóp manna að ræða, því að þeir þurfa að hafa stundað málflutning ákveðinn tíma fyrir 1. jan. 1937, eða þá að hafa verið skipaðir í föst dómaraembætti, og fullnægja því mjög ströngum skilyrðum, sem gilda til þess að geta tekið að sér héraðsdómarastörf, eins og hv. 7. landsk. tók fram. Það er á engan hátt verið að vinna að því að afnema próf fyrir þá, sem ætla að verða héraðsdómslögmenn, þótt þetta frv. verði samþ., heldur eingöngu koma því til leiðar, að sömu reglur gildi fyrir þá, sem höfðu öðlazt réttindi til að flytja mál fyrir undirrétti áður en nýju l. um þetta efni gengu í gildi, eins og viðurkenndar eru um veitingu atvinnuréttinda á öðrum starfssviðum. Ég verð þess vegna fullkomlega að mæla á móti því, að þessi brtt. hv. 7. landsk. verði samþ.

*__Garðar Þorsteinsson:__ Eins og hér hefir verið tekið fram, þá er raunverulega um tvö atriði að ræða í þessu frv., sem máli skipta, annarsvegar sú undanþága fyrir málaflutningsmenn, sem frv. fer fram á, að verði veitt þeim, sem hafa stundað málflutning sjálfstætt í þrjú ár fyrir 1. jan. 1937, og hinsvegar að veita þeim mönnum undanþágu, sem hafa verið skipaðir dómarar og uppfylla skilyrðin til þess að vera skipaðir í föst dómaraembætti samkv. 32. gr. l. nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði, sem eru íslenzkur ríkisborgararéttur, óflekkað mannorð og íslenzkt lögfræðipróf, og að hafa gegnt opinberu starfi sem laga- eða hagfræðipróf þarf til, hafa t. d. verið fulltrúi í stjórnarráðinu, bæjarstjóri, bankastjóri, fulltrúi sendiherra eða settur héraðsdómari. Nú ber á það að líta hvað snertir fyrra atriðið, að ef það er talið sjálfsagt, að þeir menn, sem hafa stundað málflutning í 3 ár fyrir 1. jan. 1937, þurfi ekki að taka neitt próf, hvers vegna var þá talið sjálfsagt að setja það ákvæði í l. nr. 85 23. júní 1936? Það er þá sjálfsagt einhver misheppni í l. Ef á að ganga út frá, að svo sé, hvers vegna vaknar þá hv. þm. Barð. við það fyrst nú? Það er undarlegt. En ætli meiningin hafi ekki þá verið, að einmitt svona ættu l. að vera? Hinsvegar ef menn sáu, að þessu þyrfti og ætti að breyta, hvers vegna þurfti þá að narra Gunnar E. Benediktsson til að taka þetta próf, sem hefir stundað sjálfstæðan málflutning síðan 1917—18? En hann varð að flytja fjögur prófmál fyrir héraðsdómi og hafa lokið því prófi fyrir 1. jan. 1940, og hann gerði það. Ég gæti sjálfsagt nefnt fleiri málflutningsmenn, sem svipað stendur á um og hafa einnig orðið að taka þetta próf. Það var engin undanþága veitt eins og sú, sem hv. þm. Barð. fer fram á, fyrir Gunnar E. Benediktsson eða aðra, sem líkt stóð á um og uppfylltu öll skilyrði. Þeir urðu að taka próf fyrir 1. jan. 1940. En hvaða ástæða var til að narra slíka

menn til að ganga undir prófraun, ef öðrum mönnum stendur opinn málflutningur fyrir héraðsdómi án slíks prófs, þótt þeir hafi stundað málflutningsstörf miklu skemmri tíma, e. t. v. lítið meira en þrjú ár, þegar skylda á mann til þess, sem er búinn að stunda málflutning í 20 ár? Hversvegna á að mismuna mönnum þannig? Það er alveg ósamboðið Alþ. að setja það ákvæði í l. árið 1936, að menn skuli ganga undir próf, ef Alþ. ætlar þrem árum síðar að undanskilja menn frá þeirri prófraun, sem eins stendur á með. Þeir verða að vísu að taka próf að mínu áliti, en það er rétt að gefa þeim frest til þess um næstu tvö ár. Hitt er allt annað mál, hvort það hefir verið sanngjarnt frá upphafi að setja þetta ákvæði í l., en þar fyrir er engin ástæða til að segja sem svo, að þeir, sem hafa stundað málflutning ákveðinn tíma, skuli ekki þurfa að taka próf, úr því að þessi regla hefir komizt inn í l. og aðrir menn eru skyldaðir til að taka slíkt próf, sem jafnvel hafa stundað málflutning lengur. Þetta verður að ganga jafnt yfir alla. Annaðhvort var sanngjarnt að setja þetta í l., og þá á það að haldast, eða jafnvel þó að það væri ósanngjarnt, á sú ósanngirni að halda áfram, og láta ekki nokkra menn, sem hafa trassað að taka prófið, fá þá undanþágu, sem hér er farið fram á. Það má vel vera, að þetta skipti minna máli nú en árið 1936, því að þetta nær nú til færri manna en áður, en eigi að síður er það ekki rétt gert af Alþ. að samþ. það.

Svo er hitt atriðið. Samkv. síðari málsl. þessa frv. eiga þeir lögfræðingar að vera hæfir til að flytja mál próflaust fyrir héraðsdómi, sem hafa fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru í 32. gr. l. nr. 85 23. júní 1936, til þess að vera skipaðir héraðsdómarar. Ég skal geta þess, að þar sem ég talaði áðan um að vera skipaðir í héraðsdómaraembætti og verið þar e. t. v. eina viku, er það mismæli, því að það er nóg, að þeir séu hæfir til að vera settir í embættin. En þetta nær ekki nokkurri átt. Í 7. tölul. þeirrar gr. eru talin allmörg skilyrði, sem þarf að uppfylla til að vera „kvalifiseraður" til að vera skipaður í héraðsdómaraembætti. Við skulum taka fyrsta skilyrðið, þ. e. að hafa verið í þrjú ár skrifstofustjóri t. d. í atvinnu- eða fjármálaráðun. En hvaða trygging er fyrir því, að slíkur maður sé hæfur til þess að flytja mál? Eða t. d. fulltrúi í stjórnarráðinu, sem kemur kannske bara ekki nærri lögfræðimálum, — er nokkur trygging fyrir, að hann sé hæfur til að vera málaflutningsmaður án allrar prófraunar? Hvaða trygging er fyrir því, að t. d. bæjarstjóri í litlum bæ, t. d. á Siglufirði, sé endilega hæfur til að flytja mál fyrir héraðsdómi? Hvar hefir hann sýnt það? Hvers vegna á ekki að heimta af honum, eins og Gunnari E. Benediktssyni, að hann flytji fjögur mál, sem séu prófmál? Við skulum halda áfram upptalningunni og hugsa okkur mann, sem hefir verið bankastjóri í þrjú ár, t. d. austur á Eskifirði, — hvaða sönnun er fyrir því, að hann sé hæfur til þess að flytja mál fyrir héraðsdómi? Það er mjög lítið gefandi fyrir þessi ákvæði, ef hægt er að opna málflutning alveg upp á gátt fyrir öllum mönnum, sem e. t. v. hafa starfað að alveg óskyldum málum í 3 ár. Eða t. d. fulltrúi sendiherra, sem kemur einhverstaðar utan úr löndum og er talinn samkv. 7. tölul. 32. gr. hæfur til að vera skipaður héraðsdómari, — á hann þá einnig að vera hæfur til að flytja mál fyrir héraðsdómi án allrar prófraunar, enda þótt hann hafi ekkert kynnzt málflutningi? Hann á þá að mega setja sig niður hér í Reykjavík eða öðrum kaupstað landsins, opna þar málaflutningsskrifstofu og öðlast þann rétt, sem aðrir lögfræðingar hafa orðið að berjast fyrir með því að taka sitt próf. Það er svo mikið ósamræmi í þessu, og slíkt ákvæði sem þetta er svo vitlaust, að það nær ekki nokkurri átt, ef á annað borð próf fyrir málflutningsmenn fyrir héraðsdómi á að vera aðalreglan. Ég vil benda þeim, sem síðar tala í þessu máli, á, að ég var alls ekki að bera saman þær prófraunir, sem hæstaréttarmálflutningsmenn og málflutningsmenn fyrir héraðsdómi eiga að taka. Ég sagði bara, að ástandið var svipað árið 1920, þegar l. um hæstarétt voru sett, eins og nú. Þá var fjölda af lögfræðingum veittur réttur til að flytja mál fyrir hæstarétti, án þess að þeir hefðu 1. eink. við lögfræðipróf, ef þeir flytja fjögur prófmál fyrir hæstarétti, en svo sem kunnugt er, var það tilskilið í l. um hæstarétt, er kom í staðinn fyrir yfirdóm, að þeir, er ætluðu að verða hæstaréttarmálaflutningsmenn, skyldu hafa haft 1. eink. við lögfræðipróf. Svo á nú að gera undanþágu og segja, að þeir menn, sem uppfyllt hafa skilyrðin til að geta verið yfirréttardómarar með því að flytja 4 mál fyrir hæstarétti og þar með sýnt, að þeir eru færir um starfið, skuli geta verið málflutningsmenn fyrir hæstarétti, þótt þeir hafi ekki fengið fyrstu einkunn. Það hefir komið á daginn, að það eru 2 eða 3 menn, sem hafa verið yfirdómsmálaflutningsmenn, sem ekki hafa notað sér þriggja ára frestinn. Svo kemur Alþingi og segir, að það skuli veittur frekari frestur og þeir geti notað hann, sem vilja. Það liggur enginn samanburður í því, hvort sé erfiðara að vera hæstaréttarmálaflm. eða flytja mál fyrir héraðsdómi.

Ég verð að segja, að ég legg minna upp úr því, þótt 1. mgr. frvgr. verði samþ., sem sé að þeir lögfræðingar, sem stundað hafa málflutning fyrir héraðsdómi sjálfstætt eða sem fulltrúar hæstaréttarmálaflm. minnst 3 ár samfleytt fyrir 1. jan. 1937, skuli vera undanþegnir prófraun þeirri, sem um ræðir í 1. gr., þótt þeir fái að öðru leyti þennan rétt skilyrðislaust. Það eru aðeins fáir menn, sem þetta nær til, en ég legg mjög mikið upp úr, að síðari mgr. verði ekki samþ. og þannig opnaður rétturinn til málflutnings fyrir héraðsdómi, svo að bankastjórar, bæjarstjórar o. s. frv. geti skilyrðislaust orðið málflutningsmenn, án þess að leysa af hendi þessa prófraun og án þess að hafa sýnt á nokkurn hátt, að þeir séu hæfir til starfsins. Ég mun bera fram brtt. um, að síðari málsl. 1. gr. verði felldur niður.

Forseti (JörB): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. 7. landsk., sem hann hefir nú lýst. Brtt. er of seint fram komin og skrifl. og þarf tvennskonar afbrigði til þess að taka hana til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 682) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Ég skal ekki lengja umr. mikið, en ég vil taka undir það með 7. landsk. út af brtt. hans, að ég tel þær vera, eins og hann benti á, eðlilega tilliðkun á ákvæðum l., sem nú eru í gildi og við stóðum að á sínum tíma, ég og hv. þm. Barð. Ég vænti, að hv. þm. Barð. geti við nánari athugun fallizt á, að brtt. hv. 7. landsk. séu eðlilegar. **(BJ:** Báðar?). Já, þó fyrst og fremst aðaltill. Ég skal taka það fram, að eins og störfum málaflm. er háttað, þá er hverjum málaflm. útgjaldalaust að taka þetta próf. Ef þeim er ekki sjálfum trúað fyrir málum, sem teljast hæf sem prófmál, þá geta þeir leitað til stóru málaflutningsskrifstofanna í bænum, og þær láta þeim með gleði í té prófmál til að standast þessa raun. Áður hafa margir málaflm. lokið þessu prófi og goldið 50 kr. fyrir leyfisbréf, og er það óréttlátt gagnvart þeim, sem hafa lagt vinnu og peninga í að taka prófið, að hinir, sem hafa trassað að taka það, geti losnað við það. Ég vildi óska, að till. hv. 7. landsk. fengi góðar undirtektir, og ég er viss um, að það verður, ef menn hugsa málið rækilega.

***Frsm. meiri hl. (Bergur Jónsson):** Það er líklega vegna þess að ég hefi gegnt dómaraembætti en ekki málflm., sem mér finnst sérstaklega síðari brtt. 7. landsk. ósanngjörn, þar sem hann vill neita því, að menn fái rétt til að flytja mál fyrir héraðsdómi, þótt þeir hafi verið skipaðir dómarar eða fullnægi dómaraskilyrðum. Það er naumast, að þessum hv. þm. og stéttarbróður hans, hæstv. félmrh., finnst mikið til um að vera málaflm. fyrir undirrétti. Ég hefi séð þá og heyrt flytja mál, og ég verð að segja, að ekki er alltaf mikið varið í málflutning þeirra. Hinsvegar er vitað, að jafnvel ólöglærður maður getur flutt mál sæmilega vel fyrir undirrétti. Hvað viðvíkur þessu dómaraprófi, þá er það líkt með undirréttarpróf og hæstaréttarpróf, að það er mjög lítið að marka það. Það er alveg ómótmælanlegt, að fjöldi manna er vel til þess fallinn að gegna málaflutningsmannsstörfum, og vil ég þó sérstaklega nefna þá menn, sem fullnægja skilyrðunum til að geta verið dómarar og gegna dómaraembætti eða öðrum vandasömum lögfræðilegum embættum, en hafa ekki aðstöðu til að fá erfið mál til flutnings, enda er ekki ástæða til að heimta slíkt af þeim, ef þeir hafa verið færir um að gegna prófdómaraembætti við héraðsdóm og hafa þar getað greitt úr flækjum þeim, sem leiðir af málaflutningi málafærslumanna, og ef þeir eru færir um að fara með vandasöm mál yfirleitt, þá eru þeir fullkomlega eins færir og aðrir um að flytja mál fyrir undirrétti. Þetta er sambærilegt við það, hvernig það gekk til, þegar yfirdómslögmenn voru fluttir til hæstaréttar. Landsyfirdómur og hæstiréttur voru svo líkir dómstólar, því landsyfirdómurinn var raunverulega okkar æðsti dómstóll, að ekki var nema 2 eða 3 málum vísað árlega til hæstaréttar. Eini munurinn var sá, að aðeins var um skriflegan málflutning að ræða fyrir hæstarétti, en það er að sumu leyti léttara að flytja mál munnlega; þar gerir ekki svo mikið til, þótt ýmislegt fljóti með, — það fer venjulega fyrir ofan garð og neðan.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að deila um þetta. En hv. 7. landsk. nefndi einn mann sem dæmi upp á það, að hann hefði ekki fengið neitt mál lengi, sem væri hæft sem prófmál. Ég skal taka það fram, að ég er viss um, að honum hefir verið léttara að fá mál en mörgum öðrum, því hann hefir mikinn málaflutnings-„praksis". En ég býst ekki við, að þessi efnaði og duglegi maður sjái eftir því, þótt aðrir fái þennan rétt án þess að borga 50 kr., og hann hafi orðið að flytja 4 af þeim málum, sem hann fær til meðferðar hvort sem er, sem prófmál til að fá þessa löggildingu.

Það er leiðinlegt, ekki sízt þegar það kemur úr ráðherrastóli, að farið er að flytja mál hér þannig, að eingöngu sé litið á þrengsta hring smásmugulegra hagsmuna þeirrar stéttar, sem hv. ræðum. tilheyrir.

***Garðar Þorsteinsson:** Mér finnst, að hv. þm. Barð. komi nú fyrir hv. d. eins og iðrandi syndari. Hann segir, að ekkert sé upp úr því leggjandi, sem málaflutningsmenn segi, og þykir ólöglærðir menn vel færir til að vera málaflm. Hvers vegna sagði hann þetta ekki 1936? Það er þessi hv. þm., sem samdi þessi l. og setti í þau þetta ákveðna skilyrði um prófið. Ef það hefir verið réttmætt 1936, þá er það svo enn þann dag í dag. **(BJ:** Af hverju sá Alþingi það ekki?). Það hefir látið blekkjast af orðum hv. þm., en Alþingi getur ekki verið svo ósamkvæmt sjálfu sér, að það felli nú niður þá breyt., sem það hefir sjálft gert og skyldað þar með fjölda af mönnum til að gangast undir þessa prófraun. Það skiptir engu máli, þótt enginn hafi fallið við þetta próf, — þeim mun auðveldara er það fyrir þá ólöglærðu að inna það af hendi.

Ef við hæstv. félmrh. erum að gera þetta aðeins vegna hagsmuna málaflutningsmanna, þá mætti álíta, að þessi hv. þm., sem mundi koma undir ákvæði l., væri að hugsa um sjálfan sig, en mér dettur ekki í hug að ætla honum slíkt.

ATKVGR.
Brtt. 681 felld með 18:4 atkv.
— 682 felld með 18:4 atkv.
Frv. samþ. með 17:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 689).

77. Iðnaðarnám.

Á 66. fundi í Nd., 23. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um viðauka við l. nr. 100 11. júní 1938, um iðnaðarnám (þmfrv., A. 324).

Á 68. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Thor Thors): Það þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það miðar að því, að nemendum í iðngreinum skuli vera óheimilt að vera félagar í sveinafélagi. Það má segja, að í raun og veru sé óþarft að setja sérstök l. um þetta. Það liggur í hlutarins eðli, að þessir menn eiga ekki að standa saman í félagsskap. Raunin hefir orðið sú, að sérstök keppni hefir orðið um það af hendi sveinafélaga, að ná í nemendur inn í þeirra félagsskap. En samkv. hlutarins eðli eru leiðir þeirra óskyldar. Nemendur eru tengdir allt öðrum böndum við iðnrekendur heldur en sveinar, og þeir eiga beinlínis á hættu, að þeirra námsferill sé slitinn, ef þeir ganga í sveinafélögin, svo sem raun hefir á orðið.

Ég mælist svo til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til iðnn.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Í sambandi við þetta frv. vildi ég fara nánar inn á þá aðstöðu, sem nemendur njóta í þeim félögum, sem þeir eru í, og hvaða afleiðingar frv. eins og þetta, ef að l. yrði, myndi hafa fyrir þá.

Í fyrsta lagi verð ég að segja það, að frá mínu sjónarmiði finnst mér þetta brot á þeim rétti, sem þeim er heimilaður samkv. stjórnarskránni, ef á að fara að banna nemendum að vera í félagsskap, sem skapaður er af þeirri iðn, sem þeir eru að læra og vinna með náminu venjulega í 4 ár a. m. k. Ég sé ekki betur en að þarna sé verið að vega að einmitt þeim grundvallarréttindum, sem veitt eru í okkar þjóðfélagi, sem verkamenn hafa áunnið sér.

Afleiðingarnar af þessu frv. myndu verða þær, að nemendum yrði gert miklu erfiðara að tryggja sér sæmileg kjör hjá iðnrekendum. Hjá meisturum í iðngreinum er mjög mikil tilhneiging til þess að nota nemendur sem ódýran vinnukraft. Sérstaklega er þetta, þegar nemendur eru búnir að vera svo sem 2 ár í iðninni, að þeir eru þá oft eins dýrmætur vinnukraftur og þeir, sem nýlega eru orðnir sveinar. Það hefir verið tilhneiging til þess hjá meisturum að hafa kjör nemendanna mjög slæm, og þá jafnframt tilhneiging til að hafa sem flesta nemendur. Í sterkum fagfélögum, eins og t. d. hjá prenturum, hafa nemendurnir verið með í félagsskap sveinanna, og það hefir orðið til að bæta kjör nemendanna. Það væri þess vegna með því að banna nemum að vera meðlimir í sveinafélögum verið að þrengja að þeim og rýra þeirra kjör. Ég man t. d. eftir því, að eitt af þeim verkföllum, sem járnsmiðir háðu, var háð til þess að knýja fram betri kjör fyrir nemana.

Hv. þm. Snæf., flm. frv., minntist á, að nemarnir væru tengdir allt öðrum böndum meisturum heldur en aðrir í iðninni. Þetta er ekki nema að nokkru leyti rétt. Aðalböndin milli meistara og nema eru beinlínis kaupsambönd, nemarnir eru eins og hverjir aðrir verkamenn. Ef þetta á að tryggja það, að nemarnir haldi áfram með sína námssamninga, þá finnst mér, ef þingið vill sérstaklega hugsa um hag nemanna, að það ætti að tryggja það, að þó þeir gerðu verkfall, þá hefðu þeir eftir sem áður sama rétt viðvikjandi námssamningunum, að það gefi ekki meisturum átyllu til að rifta námssamningunum. Það er vitað, hver hin beinu áhrif yrðu af þessu, sem sé þau, að hægt yrði að vinna með meisturum og nemum, þó sveinarnir ættu í verkfalli. Þetta yrði þá mjög hættulegt fyrir félagsskap iðnaðarmanna og yrði til þess að veikja samtök þeirra. Með þessu móti er því sérstaklega verið að vega að samtökum faglærðra verkamanna.

Þetta er hinsvegar ekki einstakt fyrirbrigði, að frv. eins og þetta komi fram. Á síðustu árum hefir í raun og veru hvert frv. á fætur öðru komið fram, sem miða í þessa sömu átt, að minnka þau réttindi, sem verkalýðurinn var búinn að ávinna sér fyrir árið 1937. Það eru ekki nema 2 ár síðan iðnaðarlöggjöfinni var breytt á þann veg, að svipta sveinafélögin dýrmætum réttindum, sem þau höfðu áunnið sér, og nú er gengið enn lengra. Í sambandi við þau l. var þannig fyrir séð, að þegar verkfall stæði og engir samningar væru í gildi milli meistara og sveina, þá væri meiri möguleikar en ella fyrir meistara að auka í iðngreinina, taka fleiri nema. Ef nemum væri með þessu fyrirskipað að vinna, þó verkfall væri, þá væri enn meiri hætta á, að fjölgað væri nemum meðan verkfall stæði og þar með reynt að eyðileggja verkfallsvopnið fyrir hinum faglærðu verkamönnum.

Þetta gengur í sömu átt og frv. það, sem samþ. var á þinginu í vetur, gengisl., þar sem félög verkamanna voru svipt réttindum viðvíkjandi kaupgjaldi og reynt var að hneppa í fjötra samtök verkamanna og gera þeim erfiðara fyrir að ná rétti sínum og tryggja sér sanngjarnt kaup fyrir vinnu sína.

Ég er eindregið á móti þessu frv. og mun greiða atkv. á móti því nú. En ef það fer til n., þá vil ég mælast til þess, að sú n., sem fær frv. til athugunar, leggi það fyrir sveinafélögin í bænum og leiti líka til nemanna, því það er rétt að láta þeirra skoðun koma fram á þessu atriði.

***Flm. (Thor Thors):** Ég vil leyfa mér að þakka hv. 5. þm. Reykv. fyrir andmæli hans gegn þessu frv., því þau sýna, að hér er gott mál á ferðinni.

Það er vitanlega eins og hver önnur firra hjá honum, að hér sé að ræða um takmörkun á félagsfrelsi manna, þó nemar megi ekki vera félagar í sveinafélagi. Það væri eins hægt að halda því fram, að það væri takmörkun á félagsfrelsi manna, þó almennur „proletari" eins og hann gæti ekki verið félagi í félagi olíukaupmanna.

Það sjá allir menn, að leiðir þessara tveggja aðila, nema og sveina, fara ekki saman. Hv. þm. sagði, að hér væri verið að takmarka samtakarétt manna. Hann ætti að vita, að nemar gera sérstaka námssamninga við lærimeistara sína undir eftirliti iðnfulltrúa og lögreglustjóra, og þar eru þeirra kjör ákveðin allan tímann, sem þeir eru við nám, svo kjör sveinafélaga hafa ekki minnstu áhrif á kjör nemanna. Ef hv. þm. vildi hafa fyrir því að lesa yfir l. um iðnaðarnám, þá mundi hann sjá í 4. og 6. gr. l., að í námssamningunum eru kjör nemanna sérstaklega ákveðin samkv. samningi 2 frjálsra manna. Á meðan þeir eru nemar, þá kemur þeim ekkert við, hvaða kjör sveinarnir hafa í sínum félags-

skap. Þeir eru búnir með frjálsum samningum að semja um sín kjör í 4 ár. Frv. miðar eingöngu að því, að þessir samningar milli nema og lærimeistara skuli fá að vera í fullu gildi og ótruflaðir af utanaðkomandi öflum.

Það hefir borið talsvert á því undanfarin ár, að sveinafélögin hafa reynt að ginna nemana inn í sinn félagsskap, með þá áhættu fyrir nemana að glata réttindum, sem þeir hafa öðlazt með samningum við lærimeistara sína. En samkv. 13. gr. iðnl. er lærimeistara heimilt að segja upp samningi við nema, ef hann brýtur hann í einhverjum atriðum. Það er ekki hægt að hugsa sér frekara brot á námssamningi en það, að nemi neiti að vinna með lærimeistara sínum. Í mörgum tilfellum hefir þetta orðið til þess, að námsferill þessara manna hefir verið slitinn, og hefir oft hlotizt mikið tjón af því.

Ég vil hiklaust halda því fram, að þetta frv. sé beinlínis til þess að vernda þessa ungu menn, svo þeir geti haldið áfram á þeirri braut, sem þeir hafa hugsað sér. Deilan um kaup þeirra og kjör kemur síðar, þegar þeir eru búnir að öðlast sín réttindi. Þá hafa þeir allar ástæður til að deila um það við þá, sem iðngreininni ráða, hvað kaup þeirra og kjör eigi að vera.

Ég vil svo mælast til þess, að hv. iðnn. athugi ekki aðeins þetta frv. heldur einnig, hvort ekki sé stefnt inn á varhugaverða braut með því að hver iðngrein á fætur annari hefir lokazt á undanförnum árum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til iðnn. með 17 shlj. atkv.

Á 89. og 90. fundi í Nd., 21. og 22. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Nd., 23. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 324. n. 529).

***Frsm. (Emil Jónsson):** Nefndin hefir athugað málið og leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum viðaukatillögum, sem sjá má á þskj. 529. Þær till. eru að miklu leyti komnar frá iðnaðarfulltrúunum, þeim 3 mönnum, sem með síðustu breytingum á l. voru settir til eftirlits með samningum meistara við iðnaðarmenn og nemendur, og er einn valinn af ríkisstj., annar af landssambandi iðnaðarmanna og þriðji af iðnráðinu. Þessir menn eru nú búnir að starfa eitt ár og hafa rekið sig á ýmsa galla eða agnúa, sem þeir leggja til að reyna að losna við með breyt. á l. Sumar þessar brtt. eru aðeins orðabreytingar. Þannig er hin fyrsta (1.a), að í staðinn fyrir: „Þegar iðnaðarmenn taka nemanda —“ komi: „Þegar meistarar í iðnaði taka nemanda —“. Þetta verður skýrara. Líkt má segja um 1.c., um að upphaf 3. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo: „Árlega skulu iðnaðarfulltrúarnir leita álits —“. Þó er ofurlitil efnisbreyting í því, að nægja skuli að leita árlega álits aðila, en þurfi ekki í hvert sinn, sem nýr nemandi er tekinn. Nýtt varúðarákvæði er hinsvegar b-liðurinn, um að einstök félög geti ekki með samþykktum sínum ákveðið, hverjir meistarar taka nemendur til kennslu, og að óheimilt sé að torvelda á nokkurn hátt framkvæmd námssamninganna. Það hefir komið fyrir, að samtök meistara hafa ívilnað einstökum meisturum um nemendur, en meinað öðrum meisturum að taka við nokkrum nemendum.

Þá er brtt. um, að upphaf 2. málsl. 55. gr. l. breytist þannig, að heimilt sé að segja upp námssamningi hvenær sem er á því 3. mánaða reynslutímabili, sem báðir aðilar hafa nú til að ákveða hvort þeir noti uppsagnarmöguleikann. Það virðist ekkert eðlilegra að binda uppsögnina við lok þess tíma en að leyfa meistara og nemanda að skilja fyrr, ef þeir eru búnir að komast að raun um, að þeir eiga ekki saman.

II. og IV. brtt. leiðir af sjálfu sér, en þá er ótalin III. brtt. um nýja málsgr. í 10. gr. l., svo hljóðandi: „Aldrei má meistari hafa fleiri nemendur að vinnu en fullgilda iðnaðarmenn“. Þetta ákvæði kemur varla að sök fyrir nemendur, ef á það er litið, að nú er ekki nema einn nemandi á móti fjórum sveinum hjá meisturum í Reykjavík. Þess vegna hefir nefndin gengið inn á þetta, svo sem hún hefir gengið inn á frv. í aðalatriðunum eins og það kom frá hv. flm., sem sé að nemendum skuli bannað að vera í sveinafélögum. Hv. flm. hefir og fallizt á brtt. n., og innan n. hefir ekki verið mikill ágreiningur um afgreiðslu þeirra. Vil ég því mælast til þess fyrir hennar hönd, að frv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKVGR.

Brtt. 529,I.1 (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 17:1 atkv.

— 529,I.2 (ný gr. verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

— 529,II samþ. án atkvgr.

1. gr. (verður 3 gr.), svo breytt, samþ. með 19:1 atkv.

Brtt. 529,III. (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 18:1 atkv.

— 529,IV. samþ. án atkvgr.

2. gr. (verður 5. gr.), svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 92. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 590).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

***Thor Thors:** Ég þarf ekki að segja mörg orð. Ég hefi til samkomulags gengið inn á brtt. iðnn. og vil aðeins mælast til, að frv. verði samþ.

***Einar Olgeirsson:** Ég vildi bara láta það í ljós, að ég álít þetta frv. vera til hins verra fyrir iðnsveinasamtökin. Það er í þessu frv. gengið lengra en áður hefir verið gert í því að þrengja að þeirra rétti. Hér liggja fyrir mótmæli frá iðnsveinasamtökunum, en ég sé, að n., sem um mál þetta hefir fjallað, hefir ekki tekið tillit til þeirra mótmæla, heldur þvert á móti

gengið heldur lengra með sínum till. en flm. hafði gert. Ég sé hinsvegar ekki, að það sé til neins að koma fram með brtt. Það er aðallega 3. og 5. gr., sem ég álít hættulegar, þar sem að því er auðsjáanlega stefnt að tryggja meisturum, að þeir geti unnið með nemendum í verkföllum. Þetta felst einnig að nokkru leyti í 1. gr. Með henni er rýrður réttur sveinanna til að hafa áhrif á námssamninga. Hinsvegar er það vitanlegt, að sveinafélögin hafa haft mikil áhrif á námssamningana, og hafa meira að segja verið háð verkföll, sem beinlínis hafa verið gerð til að hafa áhrif á námssamninga. Ég mun þess vegna, þar sem frv. miðar að því að rýra réttindi iðnaðarmanna, og ennfremur þar sem ekki hefir verið tekið tillit til mótmæla samtaka þeirra, greiða atkv. gegn þessu frv.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 93. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 94 fundi í Ed., 27. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til iðnn. með 10 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 3. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 590, n. 670)
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

***Frsm. (Bjarni Snæbjörnsson):** Frv. þetta er komið frá Nd. og er upphaflega borið fram af þm. Snæf. Frv. tók nokkrum breyt. í iðnn. Nd. Það var í byrjun eins og 3. og 5. gr. eru nú. Hinar greinarnar bættust við eftir athugun n. í Nd., og voru þær breyt. gerðar í samráði við eftirlitsmenn, sem kosnir voru með lögum á síðasta þingi, og eru breyt. aðallega fólgnar í því, að í A-lið 1. gr. stendur í lögunum „þegar iðnaðarmenn taka nemanda", en í frv. „þegar meistarar í iðnaði taka nemanda". Það er skýrar að orði kveðið, en annars raskast það ekki að neinu. B-liður er að komi ný málsgr., og er það aðallega vegna þess, að það hefir komið á daginn, að ýmsir meistarar væru útilokaðir eða fengju verri kjör en aðrir meistarar, og er þetta gert til þess að fyrirbyggja, að einstök félög geti ákveðið, hvaða meistarar taka nemendur til kennslu. Það á að vera óheimilt og meistarar eiga að ráða því sjálfir. C-liður er líka ofurlítil breyt. á núgildandi lögum. Það er nú þannig: Áður en iðnaðarfulltrúi ritar á o. s. frv. M. ö. o., að þeir eiga í hvert skipti áður en þeir innrita námsmenn að leita álits, en þarna er gert ráð fyrir, að það sé einu sinni á ári, þannig að þeir þurfi ekki að gera það í hvert skipti.
Þá er 2. gr. um það, að í núgildandi lögum er það þannig, að 3 fyrstu mánuði kennslutímans ber að skoða sem reynslutíma fyrir báða, og þegar í stað að þeim tíma liðnum hafa báðir rétt til þess að segja upp samningum án þess að tilgreina ástæðu. En það er þannig þarna, að þetta má á hverjum tíma sem er innan þessara þriggja mánaða. Það er vitanlegt, að þegar það er augljóst meistara, að nemandinn er ekki hæfur til námsins, er það gott að vera ekki skyldur að hafa hann út reynslutímann.
3. gr. er ný málsgr. Þar er tekið fram, eins og var í byrjun málsins, að nemum er óheimilt að vera í sveinafélögum, og félögunum bannað að hafa nema innan sinna vébanda. Þetta er eðlilegt frá sjónarmiði sveinanna, sem hugsa um sína hagsmuni, því að vel getur verið, að sjónarmið þeirra brjóti í bága við sjónarmið meistara, sem taka nema til kennslu, og nemunum er skylt að hlýða meisturunum. Þess vegna getur orðið árekstur, ef þetta er ekki tekið fram í l.
4. gr. segir, að aldrei megi meistari hafa fleiri nemendur í vinnu en fullgilda iðnaðarmenn. Er þetta ákvæði sett til þess, að ekki verði of ör vöxtur í iðngreininni, og til að tryggja það, að meistarar taki ekki frekar iðnnema í vinnu en sveina, svo að sveinarnir verði ekki útilokaðir frá allri vinnu.
5. gr. er ný málsgr., sem er afleiðing af 3. gr., að stjórnendur sveinafélaga sæti sömu hegningu og segir í 20. gr. l., ef brotið er gegn ákvæðum 7. gr., eða m. ö. o. 3. gr. þessa frv., og eins skal sektarfé ráðstafað eins og í núgildandi l. segir.
N. hefir haft þetta frv. til athugunar á fundi og lagt til, að það yrði samþ. óbreytt við þessa umr. Það hefir komið til mála í n. að athuga frv. nánar til 3. umr. upp á væntanlegar brtt., en þó er vafasamt, að þær komi frá n. héðan af.

***Brynjólfur Bjarnason:** Það virðist sem Alþingi ætli að verða seinþreytt á að samþ. l., sem ganga beint á móti hagsmunum iðnaðarmanna og þvert ofan í álit iðnfélaganna. Frá iðnfélögunum hafa komið einróma mótmæli gegn þessu frv., því að það táknar mikla skemmd á iðnlöggjöfinni, sem nýlega var sett, og mikla skerðingu á rétti iðnaðarmanna. Það, sem virðist vera aðalatriði frv. (en það hefir sumpart verið lagað, en sumpart verið teknar upp í það nýjar réttarskerðingar), er að tryggja, að sveinafélögin geti ekki haft áhrif á nemendafjölgunina í iðnaðinum, en í öðru lagi að skerða á ýmsan hátt þann rétt, er nemarnir njóta nú, og í þriðja lagi að banna nemum að vera í sveinafélögum. Er rétt að taka þessi atriði til nokkurrar athugunar, því að um þau hefir mikið verið deilt á Alþingi.
Hví leggja sveinafélögin svona mikið upp úr réttinum til að takmarka tölu nema í iðngreinum? Fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Önnur er sú, sem er mjög veigamikil á atvinnuleysistímum, að ef ekki er hægt að hafa rækilegar hömlur á nemendafjölguninni, þá þýðir það, að svo eða svo mikið af vinnunni er unnið af nemendum, sem notaðir eru sem ódýrt vinnuafl. Fyrir nemana hefir þetta hinsvegar þá afleiðingu, að þegar þeir eru orðnir fullnuma, mega þeir búast við að lenda í atvinnuleysinu sjálfir. Í öðru lagi þýðir það ófullnægjandi kennslu

nemanna, því færri sveinum sem er á að skipa í hverri iðngrein. Því er það brýnt nauðsynjamál bæði fyrir sveina og nema að geta takmarkað nematöluna. Og fyrir þjóðfélagið er það nauðsyn frá því sjónarmiði að hafa á að skipa iðnaðarmönnum, sem hafa lært iðngrein sína til fullnustu.

Hver getur svo verið tilgangurinn með því að taka þennan rétt af sveinunum? Tilgangurinn getur ekki verið annar en sá, að tryggja, að nemendur verði sem flestir í hverri iðngrein vegna hagsmuna meistaranna, af því að þeir geta þá notað nemana sem ódýrt vinnuafl. Í öðru lagi koma til greina hagsmunir atvinnurekenda í iðninni, sem hafa hag af því, að atvinnuleysi í iðninni sé sem mest, svo að auðveldara sé að halda kaupinu niðri. Hér koma fram sjónarmið fjandsamleg iðnaðarmönnum, bæði sveinum og nemendum.

Hvað snertir aðrar takmarkanir í núg. iðnlöggjöf er sama máli að gegna. Þar er tekinn réttur af sveinafélögunum til að ákveða, hvaða meistarar mega taka nemendur til kennslu. En þessi réttur er þýðingarmikill, líka fyrir nemendur, að hægt sé að koma í veg fyrir, að óhæfir menn taki nemendur til kennslu, sem hlýtur að verða til niðurdreps fyrir iðnina. Þá er reynslutíminn afnuminn með 2. gr. og námstímanum má segja upp hvenær sem er. Hv. frsm. sagði, að þetta væri meisturum nauðsynlegt, af nemendur reyndust óhæfir. En hvers vegna var reynslutíminn settur? Til þess, að hægt væri að skera úr um það, hvort menn væru hæfir eða ekki. En hér koma líka fleiri sjónarmið til greina, svo sem hinir og aðrir duttlungar meistaranna, en reynslutíminn var meðal annars til þess að varðveita nemendur fyrir þeim duttlungum. Svo er líka það atriði, sem í upphafi var aðalatriði frv. og felst í 3. gr., að nemendum er bannað að vera í sveinafélögum og þeim félögum bannað að hafa nemendur sem félaga sína. Hv. flm. skýrði tilganginn með þessu, sem sé þann, að meistararnir gætu ráðið að öllu leyti yfir nemendunum, sett þeim alla kosti. Hingað til hefir réttur iðnnema gagnvart meisturunum að því er snertir kjör nemenda verið í því fólginn, að þótt nemarnir séu samkv. l., hafa þeir getað staðið með stéttarbræðrum sínum, sveinunum, í sveinafélögum, og þau hafa haft aðstöðu til að rétta hlut þeirra á ýmsa lund. Því hafa mörg sveinafélög tekið nemendur í meðlimatölu sína. Nú mega þessi félög ekki veita nemendum neina vernd, og sjálfir eru þeir réttlausir gagnvart meisturunum. Tilgangurinn er að gera það auðveldara, ef til verkfalls kemur, að nota nemendurna sem verkfallsbrjóta, því að þótt nemendur hafi áður samkv. löggjöfinni verið skyldir til að vinna, er meistarinn skipaði, þá hafa sveinafélögin þó getað komið með menn til hjálpar til að vernda nemendur frá því, að þeir yrðu gerðir að verkfallsbrjótum. Ástæðan til þess, að svo mikil áherzla hefir verið lögð á sameiginleg félög sveina og nema hefir verið sú, að með því var hægt að torvelda, að nemendur væru misnotaðir sem verkfallsbrjótar. Að þessu leyti stefnir frv. að því að eyðileggja sameiginlegan rétt sveina og nema. Þess vegna mun ég greiða atkv. gegn frv. og mótmæli því sem beinum fjandskap við þá stétt, er það fjallar um.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13:1 atkv.
2. gr. samþ. með 14:1 atkv.
3. gr. samþ. með 13:2 atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
5 gr. samþ. með 15:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14:1 atkv.

Á 101. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 696).

---

78. Fræðsla barna (frv. fjhn. Ed.).

Á 91. fundi í Ed., 22. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna (þmfrv., A. 554).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv. og til menntamn. með 11 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., 23. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 554, n. 580).

Of skammt var liðið frá 1 umr. og frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12:1 atkv.

***Frsm. (Árni Jónsson)**: Það varð dálítill ágreiningur um það, hvort vísa ætti þessu máli og nokkrum fleiri til nefndar, og varð úr, að því var vísað til menntamn. Það voru 3 mál, sem lágu fyrir n., en það tókst samt að afgreiða þau á einni klst., og hygg ég, að þeim tíma hafi verið vel varið, því mér hefði þótt leitt, ef þau hefðu ekki fengið þinglega afgreiðslu.

N. flytur á þskj. 580 brtt. um það, að fá skuli tillögur fræðslumálastjóra áður en kennslumálaráðuneytið sameinar fámenn skólahverfi eins og talað er um í frv.gr. Nefndin var sammála um að leggja til, að frv. næði fram að ganga með þessari brtt., og vonar, að hv. deild taki því vel.

ATKVGR.
Brtt. 580 samþ. með 11 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv.

2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv tekið til 3. umr. (A. 599).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 93 fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 94. fundi í Nd., 27. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19:1 atkv. og til menntmn. með 19:3 atkv.

Á 98. fundi í Nd., 3. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 599, n. 645)

***Frsm. (Bjarni Bjarnason):** Frv. fer fram á þrjár breyt. á fræðslulögunum. Í fyrsta lagi um að heimila samfærslu skólahéraða. Í öðru lagi er heimilað að auka kennslu í móðurmálinu, og loks að taka skuli upp og auka verklegt nám og iþróttakennslu.
Menntmn. lítur svo á, að ekkert sé því til fyrirstöðu, að frv. nái fram að ganga, þrátt fyrir það, þó hún telji, að hægt sé að framkvæma öll þessi atriði að fræðslulögunum óbreyttum.

***Einar Olgeirsson:** Ég skal ekki tefja umr. Ég vildi bara benda á það, að það er dálitið einkennilegt að bera þetta frv. fram sem sérstaka ráðstöfun vegna ófriðarins. Ég get ekki séð, hvað það stendur í sambandi við ófriðinn, hvort bókleg kennsla í einhverjum sérstökum skólum er minnkuð. Í 1. gr. frv. stendur meðal annars: „Ennfremur er ráðh. heimilt að ákveða, að fjölga skuli kennslustundum í íslenzku, taka upp og auka vinnu- og iþróttakennslu, en minnka að sama skapi í öðrum bóklegum fræðigreinum". Ég sé ekki, hvað þetta getur staðið í sambandi við styrjöldina. Í þessu liggur enginn sparnaður. Það er hægt að skilja fyrri hluta gr. um samdrátt skólahéraða, en síðari hlutinn virðist alveg vera út í loftið.

***Finnur Jónsson:** Ég hefi athugað lítilsháttar þetta nál. og mér virðist það bera með sér, að menntmn. áliti þýðingarlaust, að frv. nái fram að ganga. Eftir að þessu er slegið föstu í nál., segir þar, með leyfi hæstv. forseta: „N. vill þó eftir atvikum ekki setja sig gegn því, að frv. þetta nái framgangi á þessu þingi, og mælir með, að það verði samþ. óbreytt að efni og formi, ef það mætti leiða til sérstakrar athugunar þessara mála, enda felst í því aðeins heimild til kennslumálaráðherra til þess að gera gangskör að þessu". Vegna þess að mér finnst, að það komi fram hjá n., að hún áliti þetta frv. algerlega óþarft, en vilji hinsvegar láta það ganga fram sem einskonar áminningu til ríkisstj. um að athuga þessi mál, þá fyndist mér réttast að vísa málinu til ríkisstj. og geri það hér með að till. minni.

ATKVGR.
Till. frá þm. Ísaf. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 14:10 atkv.
1. gr. samþ. með 16:7 atkv.
2. gr. samþ. með 18:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:7 atkv.

Á 101. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 697).

---

79. Hlutarútgerðarfélög.

Á 18. fundi í Nd., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um hlutarútgerðarfélög (þmfrv., A. 50).
Á 21. fundi í Nd., 17. marz, var frv. tekið til 1. umr.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er ekki nema að nokkru leyti nýtt mál. Við flm. þessa frv. höfum á undanförnum þingum flutt frv. um útgerðarsamvinnufélög; er því efni þessa frv., sem hér liggur fyrir, að verulegu leyti það sama og áður, þó að vísu séu á því gerðar nokkrar breyt., m. a. á nafni frv. Það, sem fyrir þeim vakir, sem að þessu frv. standa, er að skapa löggjöf um nýtt form fyrir útgerð, sem mætti verða til þess, að svo miklu leyti sem það er hægt með lagasetningu, að skapa útgerðarrekstri heilbrigðan grundvöll, a. m. k. heilbrigðari en nú er. Það er svo til ætlazt með þessu frv., að ef 5 menn eða fleiri á útgerðarstað gera samtök um að stofna hlutarútgerðarfélag, geti þeir það að fengnu samþykki bæjar- eða sveitarfélags á viðkomandi stað, ennfremur að fengnu samþykki ríkisstj. á samþykktum félagsins, og nýtur þá slíkt félag hlunninda sem gert er ráð fyrir með þessu frv. Um fyrirkomulag slíks félagsskapar er svo nánar ákveðið í frv.

Höfuðatriði, sem í þessu frv. felast, eru þau, í fyrsta lagi, að sú útgerð, sem stofnað er til á þennan hátt, verði sameign þeirra manna, sem að henni vinna bæði á landi og sjó. Í öðru lagi, að þeir, sem mest bera úr býtum, hvort sem það eru sjómenn eða landmenn, eða aðrir, sem starfa hjá útgerðarfélaginu, eigi kaup og kjör undir því, hvernig framleiðslan ber sig á hverjum tíma.

Í þriðja lagi er það eitt höfuðatriði frv., að auk venjulegs tryggingarsjóðs, varasjóðs, er gert ráð fyrir, að safnað sé í tryggingarsjóð til þess að tryggja tekjur þeirra félagsmanna, sem vinna hjá félaginu.

Í þessu frv. eru tvö nýmæli, sem ég vil vekja athygli hv. þdm. á, frá því sem var í fyrra frv., sem ég gat um. Annað er það, að gert er hér ráð fyrir, að stofnaðir séu sérstakir tryggingarsjóðir á þann hátt, að greiddur sé ákveðinn hluti af verði aflans og þar á móti leggi svo viðkomandi hrepps- eða bæjarfélag jafnháa upphæð í sjóðinn, og að þessum tryggingarsjóði sé varið til þess að tryggja þeim, sem við útgerðina vinna, lágmarkstekjur í þeim árum, sem svo lítið aflast, að vinnandi menn við fyrirtækið bera lítið úr býtum. Við höfum orðið varir við, að ýmsir sjómenn töldu það agnúa á eldri frv. um þetta efni, að í þeim árum, þegar illa gengi, gætu þeir, sem við útgerðina vinna, eftir ákvæðum þeirra frv., gengið frá vertíðinni slyppir og snauðir. Nú hefir það því orðið að ráði að leggja til þá breyt. á þessu í frv. Það verður að viðurkenna, að það er ekki óeðlileg krafa frá þeim mönnum, sem leggja fram krafta sína til starfa við þessi félög, að þeir ætlist til þess, að þeim sé veitt slík trygging. Við flm. frv. þykjumst fara eðlilega leið til þess að skapa þessa tryggingu, með því að ætla félaginu þegar vel gengur að leggja nokkuð af sínum tekjum í sjóð í þessu augnamiði, og jafnframt gera viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum að styrkja sjóði þessa. Því að vitanlega er það hagur fyrir viðkomandi bæjar- og sveitarfélög, að slíkur félagsskapur sem þessi rísi upp.

Hitt nýmælið, sem ég vil vekja athygli á, er það, að gert er ráð fyrir, að hlutarútgerðarfélög samkv. þessum l. greiði ekki tekjuskatt til ríkisins af því fé, sem lagt er í varasjóði eða tryggingarsjóði þeirra, og sömuleiðis, að bæjar- og sveitarstjórnum sé heimilt á hverjum tíma að veita slíkum félögum undanþágu frá greiðslu útsvars í bæjar- eða sveitarsjóði.

Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., að allir þeir, sem eru ráðnir hjá félögum slíkum sem þessum, hvort sem þeir vinna á sjó eða landi, séu meðlimir hver í því félagi, sem hann vinnur fyrir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að allir fastir menn hjá slíku félagi taki kaup sitt sem hlut, og að sá hlutur sé full greiðsla á vinnulaunum félagsins til þeirra.

Okkur, sem að þessu frv. stöndum, er það fullkomlega ljóst, að hér er komið inn á nokkuð vandasamt svið með þessu nýmæli. Sérstaklega mun það mega teljast algerlegt nýmæli, að þeir, sem vinna hjá útgerð í landi við skrifstörf, taki kaup sitt á slíkan hátt, sem hlut. En við erum þeirrar skoðunar, að það verði ekki ánægja með þetta hlutaskiptafyrirkomulag, sem hér er gert ráð fyrir, né að slíkt fyrirkomulag geti gengið sem frambúðarskipulag, nema hægt sé að framkvæma það á þennan hátt, þannig að það sé ekki álitið eðlilegt, að þeir séu sjómennirnir einir, sem taka kaup sitt sem hlut, heldur verði aðrir starfsmenn slíkra félaga að gera slíkt hið sama. En þar sem þetta hefir ekki verið áður reynt — hlutaskipti sjómanna hafa að vísu verið framkvæmd — að láta fasta starfsmenn alla taka kaup sitt á þennan hátt, sem gert er ráð fyrir hér, má vel vera, að það sé nokkurt vandaverk að finna fyrirkomulag hlutaskiptanna fyrst um sinn. En ég hygg, að það sé rétt sjónarmið að láta sér ekki vaxa það í augum, þótt slíkt kunni að verða erfitt fyrst í stað, því að enginn vafi er á því, að það er framkvæmanlegt. Og yfirleitt er það svo, að fáum umbótum verður fram komið, hvorki í atvinnurekstri né öðru, ef menn víkja af hólmi fyrir úrlausnarefnunum, sem vandasöm eru.

Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vildi vænta þess, að á þessu þingi og með þeim breytingum, sem á þessu frv. eru orðnar, gangi þetta mál nú greiðlega fram.

Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

***Einar Olgeirsson:** Ég ætla ekki að ræða frv. við þessa umr., en langar aðeins til út af þessu nýmæli að beina þeirri fyrirspurn til hv. flm., úr því að á að lækka kaup þeirra, sem í landi vinna í sambandi við þessa útgerð, hvort ekki væri þá réttara að byrja á þeim endanum, sem digrari er, sem sé bankastjórunum, þeim mönnum, sem hæstv. forseti d. flutti till. um fyrir 6 árum síðan að lækka launin á.

***Flm. (Gísli Guðmundsson):** Við flm. frv. höfum ekki gert ráð fyrir, að bankar yrðu reknir í sambandi við þessi félög, en ef svo væri, yrðu bankastjórarnir þar ráðnir upp á hlut. Það er undarlegt, að þessi hv. þm. telur, að forstöðumenn útgerðarfyrirtækja hér séu svo lágt launaðir, að ekki geti komið til mála að lækka laun þeirra með því að láta þá vinna upp á hlut. Ég hélt, að hann væri þeirrar skoðunar, að í ýmsum tilfellum hefðu að undanförnu verið greidd óþarflega há laun fyrir ýmisleg þess háttar störf.

***Einar Olgeirsson:** Ég býst við, að hv. þm. N.-Þ. sé ljóst, hvað það er, sem hlutarútgerð gildir í smáútgerð hér á landi. Það er, að laun þeirra, sem við þessa útgerð starfa, mundu lækka. Stórútgerð hefir ekki verið rekin hér á landi með hlutaskiptafyrirkomulagi, og ekki líklegt, að það verði gert. En viðvíkjandi því, sem hv. þm. sagði um bankana, þá vildi ég spyrja hann, hvort hann gerði ráð fyrir, að þessi tilvonandi hlutarútgerð yrði rekin bankalaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til sjútvn. með 20 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., 23. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 50, n. 281, 293).

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Það er langur tími liðinn síðan þetta frv. var til fyrstu umr., sem var um miðjan marz síðastl. Sjútvn. hefir tekið það til athugunar, en hefir ekki orðið að öllu leyti sammála. Meiri hl., 4 af 5, leggur til, að frv. verði samþ., eins og þskj. 281 ber með sér, en formaður n., hv. þm. Ísaf., var á öðru máli, og geri ég ráð fyrir sérstöku nál. frá honum, þótt það sé ekki komið fram ennþá. Ég vil nú við þessa umr. fara yfir einstakar greinar frv. og skýra þær nokkuð, og síðan málið í heild.

Í 1. gr. segir um markmið félaganna, að það sé að reka fiskveiðar á hlutaskiptagrundvelli og annast í sambandi við þær innkaup á vörum, hagnýtingu afla, sölu hans o. fl.

Í 2. gr. eru fyrirmæli um, hvernig stofna skuli slík félög. Ef 5 menn eða fleiri verði ásáttir um stofnun slíks félags og að gerast meðlimir þess, skuli þeir, að fengnu samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, setja félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skuli leita staðfestingar ríkisstj. á þeim. Breytingar á þeim samþykktum þurfa einnig samþykkis ríkisstjórnarinnar. — Þetta skilyrði stafar af tryggingarsjóðsákvæðum 7. gr., sem ég kem seinna að.

3. gr. er um það, að þeir einir geti orðið félagar hlutarútgerðarfélags, sem ráðast hjá félaginu á skip þess eða í landi, eða félagsmenn samþykki á félagsfundi, og að skylt sé mönnum, sem hjá félaginu vinna, að gerast félagar, nema þeim, sem ráðnir eru á skip í forföllum annara. Í 4. gr. er fram tekið, að ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins verði aldrei hærri en 300 kr. á hverjum þeirra, ennfremur hvernig fari um skuldbindingar, er maður deyr eða fer úr félaginu. 5. gr. segir svo, að skipverjar og aðrir fastir starfsmenn skuli ráðnir gegn ákveðnum hlut af afla, og skal hluturinn vera full greiðsla fyrir vinnu þeirra. Fyrirkomulag hlutaskiptanna skal ákveðið í samþykktum félagsins. Veiðarfæra- og beitukostnaður, kol, olía og salt greiðist af óskiptum afla.

Þetta hlutaskiptafyrirkomulag er miklu víðtækara en tíðkazt hefir og að því leyti nýmæli. Við vitum, að þessu hefir verið hagað þannig, að fastir starfsmenn útgerðarinnar í landi, svo sem skrifstofumenn og forstjórar, hafa ekki verið ráðnir upp á aflahlut. En flm. þessa frv. álíta, að þannig sé það heilbrigðast, að hlutaskiptin nái ekki síður til þeirra en sjómanna, og til allra landmanna, hvaða verkefni sem þeir hafa hjá félaginu. Ég held, að ekki verði um það deilt, að sanngjarnt sé, að þeir beri sinn hluta af hallanum, eins og sjómennirnir ef illa gengur, og fái sinn hluta af hagnaði, þegar vel árar.

Í 6. gr. ræðir um gjald í varasjóð, 1% af óskiptum ársafla. Í þann sjóð skal og renna árlegur tekjuafgangur félagsins, og ársvextir skulu lagðir við höfuðstólinn. Fé varasjóðs má nota sem veltufé í þarfir félagsins. Úr sjóðnum greiðist tekjuhalli, sem verða kann á rekstri félagsins.

Þá kemur 7. gr., þar sem um algert nýmæli er að ræða, eins og í 5. gr. Til þess að tryggja félagsmönnum árlegar lágmarkstekjur, skal stofna tryggingarsjóð, eftir nánari ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Skal sú reglugerð samþ. af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstj. Tekjur sjóðsins skulu vera: 1. Árlegt gjald, 1% af óskiptum afla félagsins, miðað við verð afla upp úr skipi. 2. Árlegt tillag frá hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi, er nemi jafnhárri upphæð og gjald samkv. tölulið 1. verður árlega.

Heimilt er að ákveða að tillög í sjóðinn skuli vera hærri en að framan greinir, ef þurfa þykir, enda sé það samþ. af hlutarútgerðarfélaginu og viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórn.

Fé sjóðsins skal ávaxta í banka eða annari tryggri peningastofnun, og skulu vextir af því lagðir við höfuðstól um hver áramót.

Hlutarútgerðarfélag eða stjórn þess getur ekki ráðstafað innstæðu tryggingarsjóðs, og óheimilt er að skerða sjóðinn til lúkningar skuldum félagsins, en hætti félagið störfum, skal sjóðurinn ávaxtaður áfram á nafni hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélags, sem getur notað innstæðu hans til að greiða tillög í tryggingarsjóði annara hlutarútgerðarfélaga, sem þar starfa.

Sumir menn hafa minnzt á það, að hér væri verið að leggja of miklar byrðar á sveitarfélögin. Svo getur virzt. En ég geri alls ekki ráð fyrir, að þarna verði ávallt um raunveruleg útgjöld að ræða af bæjar- eða sveitarfélags hálfu. Þau mundu fá þessi sjóðsframlög endurgoldin á einn eða annan hátt í mörgum tilfellum. Ég veit þess mörg dæmi, að sveitar- eða bæjarfélög, þar sem félagssamtök um útgerð hafa verið stofnuð, hafa lagt þeim til fjárhagslegan stuðning og talið það miklu heppilegra fyrir sig en að leggja fram stórfé í atvinnubætur, sem yfirleitt eru bundnar við óarðbærar framkvæmdir. Með því að stuðla að arðbærum atvinnurekstri má spara mikil útgjöld við fátækraframfæri, og þannig gætu bæjar- og sveitarfélög haft bæði beinan og óbeinan hagnað af því fé, sem þau legðu til slíkra tryggingarsjóða.

Staðfesting bæjar- eða sveitarstjórnar á félagssamþykktum samkv. 2. gr. er nauðsynleg m. a. vegna framlags þessa, sem getur í 1. gr. Sá réttur fylgir framlagsskyldunni að hafa eftirlit með því, að samtökin séu stofnuð á heilbrigðan hátt, og þetta er sjálfsagt atriði. Hitt mætti segja, að væri ekki eins sjálfsagt, að ríkisstj. þyrfti að gefa samþykki til félagsstofnunarinnar. En ég geri ekki ráð fyrir, að það ákvæði komi að sök, því að víst má telja, að ríkisstj. muni aldrei hindra slíkan félagsskap. Ákvæðið er aðeins sett til þess, að ríkisstj. geti haft eftirlit með því, að félögin haldi sér á grundvelli laganna. Félögin eiga að öðru leyti að vera frjáls að því, hvernig þau hafa sína reglugerð og samþykktir, aðeins að þau séu innan þess ramma, sem gert er ráð fyrir í frv.

Um það, sem eftir er af frv., 8.—17. gr. þarf ekki miklar skýringar. Þar eru ákvæði um stjórnir félaga, vald félagsfunda og tilhögun í félögunum, um skrásetning félaga og hvað fyrir hana skuli greiða, hvernig félagi megi slíta o. s. frv. Þessi ákvæði munu að mestu leyti vera sniðin eftir samvinnulögunum. Í 15. gr. er gert ráð fyrir, að félögin skuli undanþegin tekjuskatti til ríkisins af því fé, sem þau leggja í tryggingar- og varasjóði, og að heimilt sé bæjar- eða

sveitarstjórnum að veita þeim undanþágu frá útsvarsgreiðslu. Ég sé, að brtt. er komin fram á þskj. 293 frá hv. 6. þm. Reykv., um að fella þá heimild burt. Ég fæ ekki séð, að ákvæðið komi að sök, þar sem það er aðeins heimild, og ekki getur talizt ástæða til að lögbjóða að íþyngja þessum útgerðarfélögum með útsvörum handa þeim sveitar- eða bæjarfélögum, sem leggja þeim til fé í tryggingarsjóð, en vitað um önnur útgerðarfyrirtæki, stofnuð og starfrækt á ólíkan hátt, sem njóta nú mikils gjaldfrelsis af hálfu hins opinbera. Önnur brtt. á þskj. 293 er um að fella orðin „skipaútgerð ríkisins“ niður úr 16. gr., þar sem segir, að félögin skuli vera undir eftirliti ríkisstj., sem geti „falið skipaútgerð ríkisins eða fiskveiðasjóði framkvæmd þess“. Við þá brtt. hefi ég ekkert að athuga, tel það svo lítilvægt atriði.

Ég hefi þá gert grein fyrir einstökum atriðum frv. Eins og fram kemur í grg. þess, er tilætlunin að skapa grundvöll handa sjómönnum til að mynda á félagsskap sín á milli, þar sem þeir geti, ásamt þeim, sem að útgerðinni vinna í landinu, orðið eigin húsbændur.

Á þrem þingum áður hafa þeir sömu þm., sem að frv. standa, flutt hér frv. um útgerðarsamvinnufélög, en það hefir ekki náð fram að ganga. Þetta frv. er í aðalatriðum hið sama, þótt nýmæli séu nokkur, eins og ég hefi skýrt frá, og nafni breytt. Ég tel fyrir margra hluta sakir rétt, að þessi lög séu sett. Með því er ekki verið að þvinga neinn til að taka upp slíkt atvinnurekstrarskipulag, aðeins auðvelda það og setja því heilbrigðar skorður. Um það þarf lög ekki síður en um hlutafélög, samvinnufélög o. s. frv. Ég er ekki í vafa um það, að þetta fyrirkomulag hefir ýmsa kosti umfram þá tilhögun, sem höfð hefir verið á útgerð hér. Það má t. d. minna á, að oft hafa orðið þeir hagsmunaárekstrar milli vinnuveitenda og vinnuþiggjenda við fyrirtækin, að vinnustöðvanir hafa orðið og leitt til stórtjóns fyrir þjóðarheildina og þessa aðilja sjálfa. Meira að segja hefir komið fyrir, að ríkisvaldið hefir orðið að grípa inn í til að setja deilurnar niður með löggjöf. Ég teldi það tvímælalaust heppilegra, að í staðinn fyrir þessa stríðandi aðila kæmu félög, þar sem mennirnir, sem við fyrirtækið vinna, reka það sjálfir, vinnuveitandi og verkamaður sameinaðir í sömu persónu, svo að slíkur ágreiningur gæti ekki orðið. Og þetta er einmitt aðaltilgangur frv., að greiða fyrir því, að þannig félagsskapur geti risið upp. Ég vænti þess, að ef það verður að lögum, muni þess skammt að bíða, að einhverstaðar verði hafizt handa um stofnun slíkra félaga. Það má gera ráð fyrir, að það verði víða erfitt átak, en ég er ekki í vafa um, að það er mögulegt, ef ákveðinn vilji er fyrir hendi.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að málinu verði vel tekið af hv. deild, og að það nái fram að ganga.

Finnur Jónsson: Ég hefi ekki getað orðið hv. meðnm. mínum sammála, af ýmsum ástæðum, m. a. af því, að eins og frv. kemur fram fyrir deildina, tel ég útilokað, að það kæmi að því gagni, þótt að lögum yrði, sem til er ætlazt. Hv. þm. V.-Húnv. taldi nauðsynlegt, að sett yrði ný umgerð fyrir slíkan félagsskap. En mig vantar skýringar á því, hvers vegna slíkur félagsskapur sjómanna getur ekki eins starfað á öðrumhvorum þeim grundvelli, sem fyrir er, annaðhvort sem hlutafélag eða samvinnufélag, eða hvers vegna hann þarf að lúta öðrum lögum en önnur sambærileg fyrirtæki til atvinnurekstrar. Hv. frsm. virtist gefa þær skýringar á því, að oft kæmi ágreiningur milli atvinnurekenda og sjómanna um kaup og kjör, og af þeim ástæðum væri nauðsynlegt að setja upp einhverskonar félagsskap, þar sem slíkt væri útilokað, svo að ágreining og vinnustöðvanir þyrfti ekki að óttast framar. Ég er hræddur um, að vinnudeilur séu hreint ekki afnumdar með þessu frv. Að vísu má sjá einhverja viðleitni í 5. gr., þar sem segir, að um hlutaskiptin skuli ákveðið í samþykktum félagsins. Það verður að skilja svo, að ákvæði um hlutaskipti í þessum félagsskap eigi að draga undan áhrifum verklýðsfélaganna og ganga þar með freklega á þann rétt, sem félögunum var veittur með vinnulöggjöfinni. Nú er það svo, að ég held alstaðar þar, sem hlutaskipti hafa tíðkazt, að um þau gildir hefð, sem yfirleitt er ákveðin af langvarandi samkomulagi og staðfest í samningum útgerðarmanna og sjómanna. Samkv. 5. gr. á ekki að fara eftir þeirri hefð, og til þess að undirstrika þetta ákvæði enn betur, segir í 2. gr., að félagssamþykktirnar þurfi að öðlast staðfestingu bæjareða sveitarstjórnar og síðan ríkisstjórnarinnar, áður en þær fá gildi. Í skjóli þessa lagafrumvarps geta fáeinir einstakir menn, sem vilja taka sig út úr af einhverjum ástæðum og ekki vilja hlíta samþykktum stéttar sinnar á staðnum, brotið þær og hinn umsamda taxta þar. Með því er gengið svo freklega á þann rétt, sem veittur var með vinnulöggjöfinni, að ég tel af þeirri ástæðu einni óverjandi að samþ. frv. eins og það er. Eðlilegast hefði verið að ætlast til þess, að á hverjum stað gilti sú regla áfram um hlutaskiptin, sem gilt hefir þar, milli útgerðarmanna og sjómanna oft árum saman. Þó frv. eins og það er fram borið geti verið til skaða fyrir sjómannafélögin, má teljast kostur, að litlar líkur eru til, að stofnað verði til slíks félagsskapur, með því að sjómönnum hlýtur að vera ljóst, hver hætta samtökum þeirra getur stafað af slíkri félagsstofnun.

Eins og hv. frsm. tók fram, er frv. gamall kunningi. Þó hefir það að ýmsu leyti tekið breytingum til hins verra. Það var t. d. gert ráð fyrir áður, að félög, sem stofnuð yrðu á þessum grundvelli, nytu forgangsréttar til lána úr fiskveiðasjóði. Þetta er numið burt úr frv. Með því að ég tel þetta frv. svo stórgallað og að sumu leyti beint skaðlegt, að það eigi ekki að ganga fram, situr ekki á mér að sakast um, þótt úr því hafi verið fellt það, sem frekar horfði til bóta. Ég er sízt á móti hlutaskiptum í sjálfu sér. En ég held því fram, að verkalýðsfélögin og atvinnurekendur eigi að vera frjáls að semja um þetta sín á milli, þar eigi ekki að vera neinar undantekningar. Undantekning sú, sem gerð hefir verið með löggjöfinni um gengisbreytinguna síðastl. vor, er aðeins tímabundið ákvæði,

sem gert er ráð fyrir, að falli til fulls úr gildi 1. apríl næstk., og gefur enga átyllu til að halda frekar inn á þá braut.

Hlunnindin, sem félögunum eru ætluð, geta reynzt harla lítilsverð, að ég ekki segi einskis virði. Það er gert ráð fyrir framlagi sem svarar 1% af ársafla úr sveitar- eða bæjarsjóði í tryggingarsjóð félagsins. Nú er það vitað, að fjárhagur bæjar- og sveitarfélaga er yfirleitt svo bágur, að leitun er á þeim stað, þar sem fúslega yrði gengið undir slíkan árlegan bagga eða öruggt, að undir honum yrði stöðugt staðið í bæjarfélögum, sem eru að berjast við að fara ekki á landið. Það er rétt, að ýms bæjar- og sveitarfélög hafa veitt slíkum félagsskap fjárhagsstuðning og lagt að sér til þess, en það hefir þá verið leyst af hendi í eitt skipti fyrir öll og ekki sem skyldubundin byrði af óákveðinni stærð um óákveðinn tíma.

Af þeim ástæðum, sem ég hefi greint, að samningaréttur er tekinn af sjómönnum með frv. og að hlunnindi af hálfu þess opinbera eru sama og engin, þá eru ekki líkur til, þótt frv. yrði að lögum, að þau freistuðu manna til félagsstofnana. Lögin um hlutafélög og um samvinnufélög eru hvor um sig heppilegri grundvöllur til atvinnurekstrar en þetta frv., og ég mun greiða atkv. á móti því, í því formi, sem það liggur hér fyrir.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Hv. frsm. minni hl. (FJ) hóf ræðu sína á því, að sig vantaði skýringar á því, hvers vegna slík samtök gætu ekki starfað á grundvelli hlutafélagalaganna eða samvinnulaganna. Því er þar til að svara, að samvinnulögin eru fyrst og fremst miðuð við verzlunarsamtök, og það veit hv. þm. vel, að nokkuð annað á við um verzlunarstarfsemi en útgerðarrekstur. Það er kunnugt, að stofnuð hafa verið víða svonefnd útgerðarsamvinnufélög, sem hafa haldið sig að nokkru leyti á grundvelli samvinnulaganna, en vikið af honum í mörgu, af því að hann hentaði þeim ekki. Því hafa flm. þessa frv. talið þurfa nýtt form fyrir félagsskapinn. Munurinn á þessu frv. og því, sem verið hefir, er t. d. sá, að hlutaskiptafyrirkomulagið hefir ekki náð nema til sjómanna, en á eftir frv. að ná til allra. — Um hitt, að lögin um hlutafélög séu betra form slíks félagsskapar en frv., er varla orðum eyðandi, og ég er hissa á, að hv. þm. skuli halda slíku fram. Mér þykir undarlegt, ef hann telur heppilegra, að hlutafjáreign ráði atkvæðisrétti sjómannanna í fyrirtæki, sem þeir vinna við. Það er rétt, að þetta frv., þó að lögum yrði, myndi fráleitt útiloka vinnudeilur. Það geri ég mér enga von um, þótt frv. verði samþ., að allir hlaupi til að stofna hlutarútgerðarfélög og breyti þannig rekstri allrar útgerðar í landinu í einu vetfangi. Það eru engar hömlur lagðar á þá, sem vilja reka útgerð eins og tíðkazt hefir, með keyptum vinnukrafti, eða hina, sem vilja heldur starfa í annara þjónustu en vera eigin húsbændur.

Hv. þm. fullyrðir, að verulega sé hér gengið á þann rétt, sem veittur hafi verið með vinnulöggjöfinni. Þetta er mesti misskilningur. Því að þeir, sem eiga sjálfir fyrirtækin, sem þeir vinna við, eru hvorki vinnuveitendur né vinnuþiggjendur, og vinnulöggjöfin kemur þeim ekkert við. Eða við hverja er að semja, þegar t. d. 10 menn kaupa bát, gera hann út í félagi og vinna allt að útgerðinni sjálfir? Hafi þeir samið um þetta fyrirfram sín á milli á frjálsan hátt, hvernig hlutum skuli skipt, hvernig þeir fái arð vinnu sinnar, sé ég ekki, að það mál komi verklýðsfélögunum eða atvinnurekendum nokkurn hlut við. Margir menn eru svo gerðir, að þeir kjósa heldur að vera eigin húsbændur en annara þjónar, ef þeir eiga kost á því. Þeir sem heldur vilja halda áfram að selja vinnuafl sitt á grundvelli vinnulöggjafarinnar, geta vitanlega gert það eftir sem áður, og sjómenn geta starfað áfram í sínum sjómannafélögum o. s. frv. Af þeim er enginn réttur tekinn.

Ef hv. þm. vill gera þá breytingu á frv., að hlutarútgerðarfélög fái forgangsrétt til lána úr fiskveiðasjóði, get ég verið með honum í því að reyna að koma þeirri breyt. inn. Hann hafði ekki trú á, að menn vildu stofna slík félög. Ég held aftur á móti, að lögin myndu verða notuð. En ef löggjöfin liggur ónotuð, eins og hann býst við, er hún og öll hennar ákvæði hættulaus sjómönnum og verkamönnum og óþarft að berjast móti henni.

Ég tók það fram, að hér er ekki verið að þvinga ákveðnu skipulagi upp á nokkurn mann. En það gæti farið svo, að fylkingar hinna stríðandi aðila færu að þynnast og að í staðinn kæmu frjáls samtök þeirra manna, sem að útgerðinni vinna, bæði á sjó og landi, þar sem ekki væri við aðra að deila um arðinn af vinnunni, og ég teldi þjóðinni skaðlaust, þó að svo færi.

Finnur Jónsson: Hv. frsm. taldi, að örðugt hefði verið að starfrækja útgerðarfélög á grundvelli samvinnulaganna, því að þau væru fyrst og fremst miðuð við verzlunarrekstur. Ég veit ekki, á hverju hann byggir þetta. Ég hefi stjórnað útgerðarfélagi, sem byggt var eftir þeim lögum, og ekki orðið var við vandkvæði á framkvæmdum laganna vegna. Annað mál er hitt, að útgerðarsamvinnufélög hafa verið stofnuð og starfrækt á krepputímum og aflaleysisárum, svo að þau hafa sízt farið varhluta af þeim vandræðum, sem útgerðarfyrirtæki hafa nú yfirleitt átt við að búa. Versti agnúinn á samvinnulögunum var hin ótakmarkaða samábyrgð. En nú hefir því ákvæði þeirra verið breytt. Og þá sé ég ekki nokkra erfiðleika á að reka samvinnuútgerð eftir þeim lögum. Hv. frsm. þótti það furðulegt, að ég skyldi ekki sjá agnúa á því, að reka slík félög með hlutafélagssniði, og minnti á, að þar væri atkvæðisréttur bundinn við hlutafjáreign. Nú sé ég hvergi tekið fram í þessu frv., að sami maður megi ekki fara með nema eitt atkv. Að vísu segir í 9. gr.: „Atkvæðisrétt á félagsfundum hafa allir meðlimir félagsins". En ekkert er tekið fram um það, að hver þeirra megi ekki eiga nema einn hlut eða fara með nema eitt atkvæði. Það er því alrangt, ef hv. þm. vill halda því fram, að fjármagnið geti ekki ráðið í þessum félagsskap eins og í hlutafélögum. Af þessu er augljóst, að flm. og hv.

meðflm. hans hefir algerlega skotizt yfir að taka fram, að enginn mætti eiga nema eitt atkv.

Hv. þm. hélt því fram í öðru orðinu, að lög um stéttarfélög og vinnudeilur gætu alls ekki náð til meðlima í þessum félögum, en í hinu orðinu hélt hann því fram, að þau lög væru í fullum heiðri höfð í frv. Ég sé ekki, hvernig þetta getur staðizt. Það ber vott um mikinn ókunnugleik, ef hann heldur, að þetta rekist ekki á

Ég vil taka dæmi. Það er greinilegt, að ef margir sjómenn koma sér saman um svona útgerðarfélag, og ákveða lægri taxta heldur en gilti yfirleitt hjá öðrum sjómönnum, að aðrir gætu ekki haldið sömu töxtum og hefðu verið undanfarið. Af þessu ætti þm. að vera ljóst, hvort sem hv. þm. V.-Húnv. er það ljóst eða ekki, að frv. þetta miðar að því, ef það kæmi til framkvæmda, að afnema þann rétt, sem sjómenn hafa haft til þess að semja um kaup og kjör. Mér þykir leitt, að hv. þm. V.-Húnv. skuli vera svo lítt að sér í málum verkamanna og sjómanna, að hann skilji þetta.

Þá vil ég enn ítreka það, að flm. hafa sjálfir mjög rýrt gildi þessa frv. með því að nema úr því ákvæði, sem voru í eldri frv. um að þessi félög ættu að njóta forgangsréttar um lán úr fiskveiðasjóði. Hv. þm. V.-Húnv. gerði mér það tilboð að greiða atkv. með brtt. til að bæta úr þessu, ef ég kæmi fram með hana. Nú skal ég gera honum annað tilboð í staðinn. Ég skal bera fram brtt. um þetta og vera frv. meðmæltur, ef hann vill gangast inn á, að í 8. gr. komi ákvæði um, að á stöðum, sem slík félög starfa, skuli gilda fyrir sjómenn þau hlutaskipti, sem náðst hafa samningar um milli sjómanna og útgerðarmanna, eins og þau eru á hverjum stað og tíma. Ef hv. þm. V.-Húnv. sér sér ekki fært að ganga að þessu tilboði, mun ég halda mér við mína fyrri stefnu og vera á móti frv. Eins mun ég greiða atkv. á móti till., sem hann kynni að koma fram með um, að þessi félög nytu sérstaks forgangsréttar um lán úr fiskveiðasjóði, ef hitt ekki fylgdi með, vegna þess að ég álít, að þessi félög eigi ekki að hafa neinn forgangsrétt umfram önnur félög í þessum efnum eins og frv. er úr garði gert af hálfu flm.

***Sigurður Kristjánsson:** Herra forseti! Ég hefi notað þann rétt, sem nm. áskilja sér í nál. til þess að koma fram með brtt. við frv. Brtt. mínar eru á þskj. 293, og aðalbreyt. er sú, að fella burtu úr 15 gr. ákvæðin um, að bæjar- og sveitarstj. geti undanþegið þessi félög sveitarútsvari. Það er vitað, að bæjar- og sveitarfélög eru í miklum vandræðum vegna þess, að þau geta mörg hver ekki aflað sér tekna til greiðslu á útgjöldum, og það er ekki á þau vandræði bætandi. Hinsvegar hafa verið hér á döfinni till. um það, að útgerðarfélög bátaútvegsins fengju svipaða undanþágu frá opinberum gjöldum eins og togarafélögin. Það er allt annað, þó að útgerðin sé leyst undan gjöldum á sérstökum vandræðatímum, um alveg afmarkað tímabil, heldur en að heimila með l., að slíkt sé gert ótakmarkað. Ég held, að þetta ákvæði freisti til þess að gera mun í þessum efnum á útgerðarfyrirtækjum í sama byggðarlagi, og það er ekki heppilegt. Ég býst ekki við, að það verði mikill ágreiningur um þetta, því að það er flm. ekkert kappsmál að halda þessu ákvæði, þó að þeir kjósi það frekar.

Síðara atriðið er um það, að fella burtu orðin „skipaútgerð ríkisins eða" úr 16. gr. Það hefir orðið misprentun; orðið „eða" hefir fallið burt í brtt. Ég vænti þess, að þetta verði leiðrétt þegar frv. verður prentað, ef brtt. verður samþ. Sú breyting er hvorki fyrirferðarmikil né þýðingarmikil. Mér sýnist það ekki liggja neitt beint við, að skipaútgerð ríkisins fari að hafa eftirlit með fiskveiðum. Mér finnst það liggja miklu nær hlutverki fiskveiðasjóðs.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara neitt verulega út í frv. sjálft, eða einstakar gr. þess. Ég lýsi yfir því eins og sést í nál., að ég er ekkert á móti því, að svona félög hafi heimild til þess að starfa, en ég hefi ekki sterka trú á því, að þessi heimild verði notuð mikið. Ég er ekki heldur á móti því, að menn safnist saman til þess að reka sína eigin útgerð. Það er hætt við, að hin tíðu mannaskipti verði mikill agnúi á þessum framkvæmdum, en reynslan mun skera úr, hvort sá agnúi er svo stór, að svona félagsskapur geti ekki staðizt.

***Einar Olgeirsson:** Viðvíkjandi því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, vil ég leyfa mér í fyrsta lagi að skjóta því fram, að það munu ekki vera til bönn við því, að svona félagsskapur sé rekinn. Það er því ekki þörf á þessu frv. frá því sjónarmiði, að leyfa mönnum að reka slík útgerðarfélög. Ég sé ekki betur en að hver maður geti myndað svona félag, svoleiðis að það er ekki aðalatriðið.

Það, sem hv. frsm., þm. V.-Húnv., var að tala um, var það, að mynda frjálsari samtök fyrir sjómenn, svo þeir gætu rekið sína eigin útgerð og verið sínir eigin húsbændur, þar sem mótsetningin milli atvinnurekenda og verkamanna yrði upphafin og allir yrði frjálsir. Þessi hugsunarháttur ber nokkurn vott um, að honum er ekki fullkomlega ljóst, í hverskonar þjóðfélagi við búum, — þar sem heil stétt manna lifir á því að selja sína vinnu, og eiga ekki neitt nema sinn vinnukraft.

Fyrsta skilyrðið til þess, að þessir menn geti orðið frjálsir, er, að þeir losni úr eignaleysinu og úr þeirri aðstöðu að þurfa að selja sinn vinnukraft til atvinnurekenda. Ég vil spyrja hv. frsm., hvað í þessu frv. miðar að því að losa verkamenn úr þessari tegund þrældóms. Hvaðan eiga menn, sem vilja lifa á því að skapa sér framleiðslutæki, að fá fjármagn til þess? Þeir geta ekki gert það, hafa ekki neina peninga til þess. Í þessu frv. eru bókstaflega engar ráðstafanir til þess gerðar, að menn geti aflað sér fjár. Þess vegna er ekkert í þessu frv., sem miðar að því að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstrinum af stað. Mér finnst því, að hv. þm. V.-Húnv. sé ekki ljóst, í hverju meinsemdin liggur. Á meðan atvinnureksturinn er í höndum auðvaldsins, verður engin leið fundin til þess að leysa þessi mál. Ég býst við, að þessir menn muni benda á það, að hægt sé að snúa sér til bankanna. En

það er nú svo, að það er ekki hægt fyrir fátæka sjómenn að fá lánað fé, hvorki þar né annarstaðar. Og meira að segja, þó að þeir gætu það, þá væri máske þessum flm. ljóst, að renturnar af lánum bankanna myndu verða svo háar, að það mundi beinlínis verða arðrán gagnvart sjómönnum, og þeir myndu verða neyddir til þess að þræla fyrir því og skaffa rentur til handa þeim mönnum, sem eiga fjármagnið. Í öðru lagi talaði hv. flm. um, að verða myndu frjálsari samtök. Það lítur nokkuð einkennilega út, að þetta frv. eigi að vera nokkurskonar tengiliður milli útgerðarfélaganna og ríkisvaldsins. Hver félagalög verður að samþykkja af viðkomandi yfirvöldum. Ég veit ekki til þess, að samvinnufélögunum hafi verið sett þau skilyrði af hendi ríkisins, sem sett eru í sambandi við þessi félög.

Svo er síðasta atriðið í sambandi við þetta, að þó að svona félögum verði lánað fjármagn til atvinnurekstrar, þá eru tvær hömlur eftir, sem gera það að verkum, að samtökin — meðan þjóðskipulagið er svona hjá okkur — yrðu ekki frjáls. Hér eru líka lagðar fjárhagslegar hömlur. Hugsum okkur, að svona félög kæmust á og sjómenn ættu að fara að reka útgerð. Í fyrsta lagi þarf að sjá um kaup á vörum til að reka útgerðina, svo sem kol, salt og annað fleira. Strax í sambandi við öll kaup koma til greina lagalegar og fjárhagslegar hömlur. Þau eru lagalega bundin gjaldeyrisnefnd og ríkisvaldinu, sem myndu neyða þau til þess með l. að kaupa dýrari vörur til útgerðarinnar heldur en þau gætu aflað sér, ef verzlunin væri frjáls. Í öðru lagi yrðu þau fjárhagslega skaðbundin starfsemi auðvaldsins, sem gerir það að verkum, að þau myndu aldrei fá vörurnar með réttu verði. Sjómenn yrðu að tryggja sér land, til þess að geta lagt upp aflann. Sjómenn þekkja, hverskonar einokun hefir skapazt af slíku hér á landi. Þarna kemur aftur að arðráninu á þessum mönnum. Svo kemur til salan á vörunum. Þessi frjálsu samtök, sem hv. þm. V.-Húnv. er að lofa, eru ekki einu sinni svo mikið, að þeir séu frjálsir að því að selja fiskinn. Nú er einokun á öllum íslenzkum fiski af hálfu ríkisins. Þessi hlutarútgerðarfélög hafa engan rétt til að selja fisk. Í viðbót við þessa lagalegu þvingun er svo þrengt að þeirra kosti, að þeir hafa ekki fjármagn til þess að geta komið fiskinum á þann markað, þar sem bezt verð fengist fyrir hann. Það er ekki til neins að vera að tala um frjáls samtök nokkurra fárra sjómanna innan þessa þjóðskipulags, þar sem einokun nokkurra hringa hefir allt á valdi sínu. Þess vegna er undarlegt, að menn sem þykjast í orði kveðnu vilja útrýma þeim meinsemdum, sem nú eru innan þjóðfélagsins, skuli aldrei geta séð, að ekki dugir að láta sitja við orðin tóm. Þegar þeir hafa upprætt meinsemdina, þá fyrst hafa þeir skapað möguleika til þess að sjómenn fái að njóta arðsins af sinni vinnu og að þeir verði þá nægilega sterkir til þess að önnur öfl geti ekki undirokað þá. Það kom fram í ræðu hv. frsm., að sjómenn verði sínir eigin húsbændur, en þetta er hreinasta blekking, sögð út í bláinn, og er það merkilegt af manni, sem hefir verið jafnnákominn musteri íslenzks fjármálaauðvalds og hv. frsm. Saga sú, sem sjómenn hafa af félögum eins og þessum, sannar það líka bezt. Ég fyrir mitt leyti lýsi því yfir, að ég greiði atkv. á móti frv. Ég er hv. þm. Ísaf. sammála um það, að þetta frv. snýst á móti hagsmunum sjómanna og losar þá að engu leyti við vandræðin.

Bergur Jónsson: Ég vil þakka hv. sjútvn., hvað hún hefir tekið vel í þetta frv. — Þessi fróðlega ræða hv. 5. þm. Reykv. gefur ekki tilefni til að ræða mikið í sambandi við þetta frv. Það var eitthvert vonleysishjal. Hann lýsti hinu óskaplega vonleysisástandi hér á landi, og að það þýði ekki neitt að vera með nein frjáls samtök, allt er lögbundið í viðjar kúgunar hér á landi. Hann kom með það sem einhver rök gagnvart frv., að um væri að ræða sérstakt form innan þjóðfélagsins til að skapa ný samtök. Ég skil ekki, hvað hv. þm. meinar með þessu þvaðri. Hvað þýða þessi verkamannafélög og samtök sjómanna, ef allt er í slíkum viðjum? Það þýðir ekki að reyna að lækka verðið, því það eru aðrir, sem hirða arðinn. (**BÁ:** Hvað þýðir „Kron"?) Það liggur beint við, að hv. 5. þm. Reykv. geti gefið upplýsingar um, í hvaða tilgangi „Kron" var stofnað. Er það ekki sjálfsagt í svona hræðilegu þjóðfélagi, eins og hv. þm. er að lýsa, að leggja niður félög eins og Kron? Þýðir nokkuð að geta útvegað meðlimum sínum betri kjör? Geta þau, fremur en þessi hlutarútgerðarfélög, fengið vöru með sæmilegum kjörum? Hv. þm. verður að gæta að því, að þegar verið er að ræða hér á þinginu lagafrv. eða till., verður hann að halda sér við efnið, en ekki vera að ræða um alla heima og geima. Þessum hv. þm. ætti að vera nóg að útlista kenningar Stalins og hans verk í Þjóðviljanum. Það er líklega þá fyrst, þegar slík þjóðskipun er komin á, sem á sér stað í Rússlandi, að slíkt ástand skapast eins og það, sem hv. þm. var að lýsa í sinni ræðu. En ég er bara hræddur um, að ekki þýði að reyna að koma á slíku ástandi undir Rússastjórn. Þegar ég heyri til þessa hv. þm. og flokksbræðra hans, verður mér stundum á að minnast þessara vísuorða úr „Jarlsníði" Gríms Thomsen: „Hákonar af verstu verkum vegsamar hann einum jarl." Hvort sem er í ræðu eða riti, á Alþ. eða í blöðum sínum, vegsama þessir menn einræðisherrann rússneska og öll hans verk, ill sem góð, alveg eins og hann stýri tungu þeirra og penna. Slík framkoma manna, hjá vopnlausri, hlutlausri, lýðfrjálsri smáþjóð eins og Íslendingum, sannar það, að engin leið er til þess að viðurkenna þá sem íslenzka stjórnmálamenn. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir sjóðsmyndun og framlögum til sjóðsins frá bæjar- og sveitarfélögum, sem eiga að hjálpa til að bæta upp kaup félagsmanna, þegar illa árar. Ég og fleiri þm. bárum fram frv., sem fór í líka átt, þar sem voru skilyrðislaus ákvæði um, að hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög væru skyld að leggja fram framlög til félaganna. Vegna þess hvað erfitt var að fá það frv. gegnum þingið, þá leggjum við nú til, að þetta sé aðeins heimilt hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi. Vitanlega vildum við helzt leggja til, að það væri skylda.

Annars er ekki ástæða til að vera að eltast við

það, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði. Hann tók undir það með hv. þm. Ísaf., að með þessu væri verið að brjóta vinnulöggjöfina. Ég vil skora á hv. þm. Ísaf., sem með mikilli vandlætingu var að tala um vanþekkingu annara hv. þm., að benda á ákvæði í vinnulöggjöfinni, sem sé brotið með þessu frv. Í þessum félögum er gert ráð fyrir, að séu menn, sem eingöngu eru eigin atvinnurekendur. Það eru engin ákvæði í frv. um það, hvernig atkvæðisrétturinn eigi að vera í félögunum. En það kemur fram í mörgum gr. frv., að meiri hluti atkv. eigi að ráða úrslitum og félagsmenn séu jafnréttháir. Mér leikur forvitni á að vita, hvort hv. þm. gæti bent á nokkurn hlut í ákvæðum vinnulöggjafarinnar, sem komi í bág við frv. eða fyrirskipi, að menn, sem eru atvinnurekendur, semji við sjálfa sig á ákveðinn hátt. Það væri skárri löggjöfin, sem skipaði útgerðarmönnum sjálfum að hafa sérstök kjör við sjálfa sig! Skyldu ekki allir aðrar en hv. þm. Ísaf. sjá, hvað hann er kominn út á hála braut með þessari kenningu sinni? Hann má vara sig á að vera að sveigja að öðrum mönnum, að þeir sýni vanþekkingu á máli, sem hann fer með aðrar eins staðleysur í.

Sannleikurinn er sá, að það er gengið út frá því, að allir menn í hlutarútgerðarfélögunum séu jafnframt starfandi menn við félögin, séu jafnréttháir eigendur og eigi ekki við neina að semja nema sjálfa sig.

Þó að samþykktir þeirra eigi að vera lagðar undir bæjarstjórnir og ríkisstj., þá skiptir það engu verulegu máli. En úr því hv. þm. Ísaf. kom inn á þá braut, að átelja þau ákvæði frv., þar sem ákveðið er, að samþykktir félaganna skuli staðfestar af bæjar- og sveitarstjórnum og ríkisstj., hvernig stendur þá á því, að hann samþ. l. eins og gengisl., þar sem sett eru ákvæði um kaupgjald í landinu? Ef samtök verkamanna og sjómanna hafa nokkurn tíma verið sett í viðjar, þá hefir það verið gert með þeim l. Hv. þm. Ísaf. var með þeim l., og hann á skilið hrós fyrir það. Hann sá, að það var nauðsyn, en hann á þá að taka rökréttum afleiðingum af þeirri nauðsyn. Hann á þá ekki að vera að tala um aukaatriði eins og það, að samþykktir félaganna eigi að vera staðfestar af bæjar- og sveitarstjórnum og ríkisstj., og tala um, að það sé brot á samtakarétti sjómanna, en vera með gengisl., sem ákveða um kaupgjald í landinu.

Ég veit ekki betur en hann og hans flokkur hafi óskað eftir, að sett væru gerðardómslög á Alþ. út af deilu stýrimanna við Eimskipafélag Íslands. Hvað var þá löggjafarvaldið að gera gagnvart samtakarétti stýrimanna? Ég er ekki að átelja þá afstöðu, sem hv. þm. Ísaf. hefir haft í þessum 2 málum, en ég vil benda honum á, að hann verður að vera sjálfum sér samkvæmur. Hann verður, ef hann vill vera að skjóta því að velmetnum þm. og fyrrv. ráðh., að hann sýni vanþekkingu, að taka sjálfur afleiðingunum af sínum verkum. Hann á þá ekki að sýna skilningsleysi á því sviði, sem hann þykist vera hinn rétti sérfræðingur á.

Hv. þm. Ísaf. lét svo um mælt, að það kæmi tæplega til mála, að þessi l. yrðu notuð, að slík félög, sem þar er gert ráð fyrir, yrðu stofnuð. Ég skal ekkert um það segja, en ég álít, að það væri mjög æskilegt, að slík félög yrðu stofnuð. En ég vil gjarnan ganga lengra og taka höndum saman við hv. þm. Ísaf. og hv. 5. þm. Reykv. um að styðja félögin meira, að gera það t. d. að skyldu, að bæjar- og sveitarfélög greiði framlag til þeirra og þeim sé útvegað fé, t. d. með því að taka upp líkt frv. og flutt hefir verið áður, þar sem gert var ráð fyrir, að samvinnuhlutafélögin fengju sérstök hlunnindi í lánum hjá fiskveiðasjóði. Ég vil gjarnan taka höndum saman við þessa hv. þm., ef þeir vilja ganga inn á þá braut. Það er ekkert, sem stendur í vegi fyrir því, að lán, sem samkv. núgildandi l. eru veitt úr fiskveiðasjóði til báta og skipa, geti ekki fallið í hlut hlutaútgerðarfélaga. En samkvæmt kenningu hv. 5. þm. Reykv. er þetta auðvitað engin hjálp. Sú eina hjálp, sem hann virðist telja nokkurs virði, er að fá 100—200 þús. kr. í gjafaskeytum frá Rússlandi.

Forseti (JörB): Ég vil biðja menn að gæta þess að leiða ekki vinnubrögð erlendra stjórnarvalda inn í umr., þó menn leiði saman hesta sína.

Finnur Jónsson: Hv. þm. Barð. reis upp til að svara fyrir hv. þm. V.-Húnv. Hann minnti mig á, að ég hefi einhvern tíma heyrt sögu um það, að prestur var að spyrja barn, og stóð á svarinu hjá því. Þá reis upp gömul kerling og spurði, hvort hún mætti ekki svara fyrir barnið. En svörin voru þá miklu verri en líklegt var, að þau hefðu verið hjá barninu. Ræða hv. þm. minnti mig á þessi svör. Mér fannst, að til þess að sagan væri fullkomin, þá vantaði hv. þm. Barð. ekkert annað en pilsin.

Hann lagði hart út af því í sinni ræðu, að ég hefði sagt, að í frv. væru engin ákvæði um atkvæðisrétt þeirra manna, sem ættu að vera í þessum félögum. Ég hefi aldrei sagt þetta. En ég sagði, að í frv. væru engin ákvæði um það, að einn maður mætti ekki hafa fleiri atkv. en eitt. Þetta sagði ég að gefnu tilefni frá hv. þm. V.-Húnv., því hann vildi leggja þetta frv. til jafns við samvinnulögin, þar sem enginn maður mætti hafa fleiri en eitt atkv. Ég benti á, að í frv. eru engin ákvæði um, að sami maður megi ekki hafa fleiri en eitt atkv. Það stendur, að á félagsfundi eigi allir meðlimir félagsins atkvæðisrétt, en það stendur ekki, hvað mörg atkv. hver megi hafa. Það stendur líka, að meiri hl. atkv. ráði úrslitum mála. Það eru samskonar ákvæði og gilda hjá hlutafélögum, þar sem einn maður getur haft allt að ⅕ atkv. allra viðstaddra. Ég hefi bent hv. flm. á þessa galla frv., og þeir hafa sagt, að til þess væri ætlazt, að einn maður hefði ekki nema eitt atkv. En það vantar ákvæði um það í frv.

Þá fór hv. þm. Barð. inn á gengisl. Hann benti réttilega á, að með þeim er skertur réttur félaga sjómanna og verkamanna til þess að semja um kaup sitt og kjör. Ég vil ætlast til þess af hv. þm. Barð., að þegar hann er að svara með þjósti og rembingi, þá viti hann, hvað það er, sem hann er að svara. Ég tók það fram um gengisl., að þau hefðu af hálfu flm. verið

flutt sem bráðabirgðaákvæði, sem gilda ættu til eins árs og væru sett af sérstakri þjóðarnauðsyn. Ég veit ekki betur en allir flm. frv. hafi álitið þau ákvæði, sem skerða réttindi sjómanna og verkamanna til að semja um kaup sitt og kjör, sem bráðabirgðaákvæði. Nú segir hv. þm. Barð., að hann áliti, að svo hafi ekki verið. (**BJ**: Hvenær sagði ég það?). Ég mótmælti þessu. Ef einhver undirhyggja hefir fylgt samþykkt frv., þá hefir mér verið það óljóst. Hinsvegar benti ég á, að með þessu frv. er farið inn á þá braut að afnema rétt félaga til að semja um kaup og kjör meðlima sinna á þann hátt, að allir aðilar eru búnir að gera það fyrirfram, þar sem ríkisstj. með samþykki sínu leggur blessun yfir það. Hv. þm. Barð. vildi mótmæla þessu á þeim grundvelli, að ef menn væru orðnir félagar í svona útgerðarfélagi, þá væru menn orðnir atvinnurekendur og gætu því ekki talizt vinnuþiggjendur. En þetta er rangt. Ef 16 menn eru t. d. á einu skipi, sem eiga jafnan hlut í félaginu, þá á enginn það mikið í félaginu, að það réttlæti það, að hann sé ekki jafnframt meðlimur í verkamannafélagi. Í vinnulöggjöfinni segir, að stéttarfélög séu réttur aðili til að semja um kaup og kjör meðlima sinna. Þegar gengið er svo langt, að menn mega ekki semja um kaup sitt og kjör, þá er gengið á þann rétt. Það er sama, hvað mikið af málflækjum þessi dómari kemur með, hann getur ekki hrakið þetta. Hann getur teygt þetta eins og honum sýnist, en hann getur ekki komið með nein rök, sem vega á móti þessu.

Annars er það svo með þetta lagafrv., eins og ég gat um áður, að það getur í framkvæmd orðið stórskaðlegt að því leyti, að það gengur á rétt sjómanna til að semja um kaup sitt og kjör. En á meðan þetta ákvæði er í frv., sem ég hefi nú gert að umræðuefni, þá er það víst, að það fær andstöðu af hálfu sjómanna, einmitt þeirra manna, sem því er ætlað að hjálpa, og þá er það alveg þýðingarlaust. Ef það er alvara hjá flm. að reyna að bæta úr því ástandi, sem þeir hafa talað um, þá verða þeir að gera frv. þannig úr garði, að það geti fengið fylgi þeirra manna, sem ætlazt er til, að taki þátt í þessum samtökum, en ekki fulla andstöðu þeirra.

***Einar Olgeirsson**: Hv. þm. Barð. stóð upp og talaði um það, að menn ættu að halda sér við efnið, þegar þeir væru að tala. Ég býst nú ekki við, að hann hafi sjálfur ætlað að vera þar til fyrirmyndar, því hann fór það rækilega út fyrir efnið. En ég vil leyfa mér að segja honum það, að ef hann vill ræða hér um utanríkispólitík, þá er ég tilbúinn að taka upp umræðum um hana.

En ef við höldum okkur nú við að ræða frv. það, sem fyrir liggur, og það, sem ég gerði sérstaklega í minni ræðu, þau rök, sem hv. frsm. flutti fyrir frv. — þó það sé náttúrlega skiljanlegt, þegar menn eru sérstaklega veikir í því að standa fyrir málstað sínum, að þeir flýi sem lengst burtu frá honum og það jafnvel til Moskva —, þá skulum við nú, þar sem við erum búnir að heyra hv. þm. vera sérstaklega óheppinn í svörum, heyra, hvernig hann svaraði á heppilegan hátt, þegar líkt frv. lá fyrir þinginu, sem flutt var af nokkrum þm. Sjálfstfl. í fyrra eða hitteðfyrra. Ég man ekki, hvað þetta frv. hét á íslenzku, en meðal þm. var það kallað „copartnership“. Frv. var um það, að menn ættu að koma upp félögum og reka útgerð sameiginlega. Hv. þm. Barð. stóð þá upp og hélt stutta og laggóða ræðu. Hann sagði, að það lægi fyrir álit frá togaraeigendum um það, að hallinn af hverjum togara væri 100—120 þús. kr. Það er verið að bjóða mönnum með því að gerast þátttakendur í þessu upp á þau hlunnindi að fá þátt í þeim töpum, sem af þessu myndi hljótast, sagði hv. þm.

Ég býst ekki við, að hv. þm. kæri sig um, að ég haldi áfram að þylja ræðu hans frá fyrra ári. Hann fann til þess, að málstaður hans var ekki góður, og því flúði hann til vinar síns Stalins. Sannleikurinn er sá, að þegar hann vildi bjóða mönnum, sem mynduðu svona félög, upp á hlunnindi, þá mundi hann ekki eftir neinu betra en því, sem fylgdi því að gerast „copartner“ í félögum þeim, sem vinir hans og núv. stjórnarsamvinnumenn í Sjálfstfl. vildu stofna með frv. því, sem þeir fluttu.

Af því að samvizkan var nú svona slæm hjá hv. þm., þá fór hann út í allt aðra sálma og sagði, að fyrst svona félög væru ekki félög sjómanna, þá væri þýðingarlaust að reyna með nokkur frjáls samtök hér á landi. (**BJ**: Ég dró þær ályktanir af ræðu hv. þm.). Því dró hv. þm. ekki réttari ályktanir af ræðu minni? Það er hart, ef samvinnan við íhaldið fer svona með hæfileika hans.

Hv. þm. sagði, að það þýddi ekki að vera með nein frjáls samtök. Er það kannske afleiðing af þessari röksemd, að á síðari árum hefir verið komið með hvert frv. á fætur öðru um að hneppa þessi frjálsu samtök í viðjar, og einmitt þau samtök, sem verkalýðurinn hefir myndað, hafa orðið fyrir því, að reynt hefir verið að hneppa þau í sterkari og sterkari viðjar. Hv. þm. Barð. veit, hvernig farið hefir verið með eitt bezta samvinnufélagið, byggingarfélag alþýðu, sem fyrir gerræði ríkisstj. var svipt réttindum sínum. Verkalýðurinn verður alltaf að vera að verja sín samtök fyrir sífelldum ofsóknum, sem þau verða fyrir. Það er ekki til neins fyrir þennan hv. þm. að reyna að draga dár að þeirri baráttu, sem verkalýðurinn verður þannig að heyja í þessu þjóðfélagi.

Viðvíkjandi þeim útúrsnúningi hv. þm., að rök þau, sem ég kom með í minni ræðu, hefðu ekki átt við frv., þá vil ég geta þess, að ég tók það greinilega fram í ræðu minni, að þau rök, sem ég kom með, væru móti þeim rökum hv. flm., að með þessu væri verið að gera starfsemi sjómanna frjálsa og skapa frjáls samtök þeirra á milli. Ég var að rökræða það, sem mælti á móti því, að hægt væri að samþ. frv. og gera það að l. Það er auðvitað hægt að samþ. hverskonar l. Það er hægt að samþ. l. um hlutafélagsfyrirkomulag í tunglinu. En við erum bara ekki að ræða frv., sem við sjáum ekki, að hafi neina praktiska þýðingu. Og þess vegna erum við að ræða í sambandi við þetta frv. tilganginn með frv. Ég var í minni ræðu að tala um það, að þeim tilgangi, sem hv. þm. V.-Húnv. ætlaði að ná með frv., væri alls ekki hægt að ná með því.

Hv. þm. Barð. virðist ekki sjá, til hvers samtök verkamanna og sjómanna eru. Takmarkið með þessum samtökum er ekki aðeins það, að bæta þeirra kjör í augnablikinu og hækka þeirra kaup, heldur er hið endanlega takmark fyrir þá verkamenn og sjómenn, sem finna til ófrelsis þess, sem þeir eiga við að búa, að eignast framleiðslutækin sjálfir, að gera verkamannaheildina að eiganda framleiðslutækjanna. Þetta verður bezt gert með því, að verkamannastéttin fái ríkisvaldið í sínar hendur og geri framleiðslutækin að sameiginlegri eign, og þau stærri verði rekin af ríkinu, en hin smærri með samvinnufyrirkomulagi. Þetta er það, sem hinar vinnandi stéttir stefna að, og það er þetta, sem framsóknarmönnum var ljóst, áður en þeir drógust niður í það ástand, sem þeir nú eru í. Þeim var það ljóst fyrir 10 árum, þegar Framsfl. var að berjast fyrir því að komast til valda, að það ástand, sem verkalýðurinn átti við að búa, var ein tegund af þrældómi. En það verður ekki leyst úr því á annan hátt en að verkamennirnir eignist framleiðslutækin sjálfir. Þetta verða þeir menn að gera sér ljóst, sem ræða um þjóðfélagsleg vandamál nútímans.

Hv. þm. Barð. segir svo, að ég vilji ekki, að sjómannastéttin sé leyst úr viðjum. Þvert á móti. Við þm. Sósialistafl. höfum barizt á móti því, að samtök verkalýðsins væru hneppt í viðjar, eins og hv. þm. Barð. var að lýsa á hræðilegan hátt í sinni ræðu í sambandi við þá löggjöf, sem samþ. hefir verið á móti hinum frjálsu samtökum sjómanna. Það situr illa á honum að vera að gera gys að þessum samtökum og baráttu þeirra fyrir að halda frelsi sínu.

Þá er það tryggingarsjóðurinn, sem getið er um í 7. gr. frv., sem á að bæta laun sjómanna með, þegar þeir ná ekki því kaupi, sem þeir hafa sjálfir ákveðið og bæjar- og sveitarfélög samþ. Það er gjöf ríkisvaldsins til sjómannastéttarinnar! Það er ekki reiknað í svona smáu, þegar verið er að leggja út fé til þeirra, sem núna eru taldir eigendur togaraflotans, svo að þeir geti haldið áfram að drottna yfir atvinnutækjunum. Þá koma stærri upphæðir til greina en nefna má í sambandi við sjómennina. Ég vil minna hv. þm. á það, sem hann e. t. v. man, að þeim mönnum, sem hafa viljað leggja út í togararekstur á Íslandi, hefir staðið til boða að fá sérstaka styrki, stórfelldar gjafir frá hinu opinbera í þessu skyni, og mér er ekki kunnugt um, að nokkur hafi tekið við þessu fé. Svo á að fara að telja sjómönnum trú um, að 1% í 7. gr. sé slíkt dæmalaust örlæti, að þeir ættu að rjúka til og mynda hlutaútgerðarfélög! Hv. þm. Framsfl. kunnu hér áður að romsa upp, hvað tapazt hefði á sjávarútgerðinni vegna fiskbraskaranna. Þær raddir eru þagnaðar nú, eftir að þjóðstjórnin var mynduð utan um Kveldúlf til þess að viðhalda milljónaskuldunum, — til þess að halda öllu í sama kviksyndinu. En það situr illa á þeim mönnum, sem gefizt hafa upp við að efna kosningaloforðin viðvíkjandi Kveldúlfi, viðvíkjandi sjávarútgerðinni, uppgjöri skuldafyrirtækjanna o. fl., að ætla nú að frelsa sjómenn með þessu frumvarpi um hlutarútgerðarfélög. Ég man ekki dæmi þess í Íslandssögunni eða annarstaðar, að nokkur flokkur hafi verið eins svínbeygður eins og Framsfl. er nú beygður undir ok togaraeigendanna, sbr. Kveldúlfsmálið og ótal margt í því sambandi. Þeir ættu, framsóknarmennirnir, að tala gætilega um þessi mál.

Hv. þm. Barð. kom svo að lokum inn á það, að ekki væri rétt efnilegt að hugsa til samvinnufélaga í einhverju öðru þjóðskipulagi en þessu. Það myndi horfa illa fyrir samvinnustefnunni, ef hún ætti engan betri grundvöll en í auðvaldsþjóðfélögunum, ekki sízt eins og það skipulag hefir reynzt hér á Íslandi í útgerðarmálum. Ég vil upplýsa þennan hv. þm. um það, án þess að brjóta um of í bága við það, sem hæstv. forseti sagði áðan, að í því landi, þar sem sósíalisminn er kominn á, þar sem vinnandi stéttirnar eiga sjálfar framleiðslutækin, þar er samvinnufyrirkomulagið í útgerðarmálum eitt almennasta fyrirbrigðið. Og það er næststærsta eða stærsta útgerð heimsins, sem rekin er með þessu sniði. Þetta gæti hv. þm. kynnt sér nánar, svo að hann talaði ekki oft jafnfávíslega og áðan. Hann ætti að afla sér upplýsinga um, hvar það er og undir hverskonar skilyrðum, sem samvinnuútgerðin blómgast bezt og gefur þeim góðan arð, sem við hana vinna, þótt hún hafi á Íslandi orðið beinlínis til hjálpar við að velta töpum yfir á sjómennina og binda þeim skuldabagga um langan tíma. Það þarf ekki mikla umhugsun til að skilja það, að það er helzt hægt að reka arðvænlega útgerð með því móti að hún sé í nægilega stórum stíl og ráði sjálf nægilega vel yfir aðdráttum og sölu afurða sinna. Þetta er það, sem þarf að athuga, þegar verið er að ræða um útgerðarmál og hvernig eigi að leysa þau. Ég þykist vita, að hv. flm. beri þetta frv. fram að eins til þess að sýnast, af því að flokkur þeirra hefir verið að halda því fram stundum, að þetta fyrirkomulag myndi bjarga útgerðinni, og þess vegna hefi ég farið inn á að ræða þetta atriði við þá.

Það er ekki fleira, að ég held, sem ég þarf að taka fram í sambandi við andmæli hv. þm. Barð.

Bergur Jónsson: Ég er alveg hissa á hv. 5. þm. Reykv., að hann skuli ekki vera með þessu frv., þar sem hann er búinn að lýsa yfir því, að þetta sé alveg eins og í Rússlandi! (**EOl:** Þar er sósíalisminn kominn á, en ekki hér.) Ég skil ekki, hvernig hv. þm. getur staðið sig við að vera á móti svona „rússnesku“ frv., eftir öll þau fríðindi, sem hann hefir fengið frá því landi!

Hv. þm. var að vitna í gamlar þingræður eftir mig. Hann hefir sjálfsagt gott af að lesa ræður mínar, og skilja þær. (**EOl:** Ef þær eru ekki of gamlar!). Ég býst t. d. við, að hv. 5. þm. Reykv. myndi skiljast ýmislegt í þessu máli, ef hann settist við og læsi ræður okkar hv. þm. V.-Húnv., þegar þær koma úr höndum þingskrifaranna.

Þegar hv. þm. var að vitna í ræður mínar frá 1937, mundi hann aðeins eftir útlenda orðinu á skipulagi því, sem þá var rætt um. Mig furðar ekkert á þessu, því þessi hv. þm. talar sjaldan íslenzku hér á Alþ., heldur einhvern blending úr íslenzku og erlendum tungum. — Ég vil mótmæla því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að ég hafi sagzt vera á móti frjálsum samtökum.

Ég hafði aðeins yfir orð hv. 5. þm. Reykv., sem hann sagði í sinni ræðu, og ég skrifaði niður eftir honum, að ekkert þýddi að vera með frjáls samtök hér á landi! Þetta heyrðu allir viðstaddir hv. þm. segja, því að hann margendurtók þetta í ræðu sinni. Nú vill hann eigna mér þessi ummæli og berst á móti þeim í síðari ræðu sinni!

Þá skal ég víkja lítillega að hv. þm. Ísaf. Sagan um pilsið átti auðheyrilega að vera ákaflega fyndin, og má hann skemmta sér yfir því. En nokkrar firrur hans vil ég leiðrétta. Af því að ég minnti þm. á, að hann hefði samþ. gengislögin, sem ákváðu kaup og kjör, þá segir hann, að ég hafi sagt, að þessi lög ættu að gilda um aldur og æfi. Hv. þm. ætlar mig ekki svo heimskan, að ég hafi sagt þetta, enda vitum við, að l. hefir verið breytt að nokkru leyti síðan þau voru sett í upphafi. Ég var ekkert að atyrða hv. þm. Ísaf. fyrir að samþ. gengislögin. Ég álít, að hann hafi með því komið fram sem fyllilega ábyrgur þm., en ég ásaka hann aðeins fyrir að muna ekki eftir þessari fyrri afstöðu sinni, þegar hann dæmir þetta frv.

Hv. þm. Ísaf. talaði um það, að ákvæði vinnulöggjafarinnar; einkum 5. gr. þeirra l., kæmi í bága við þetta frv. Þetta er rangt hjá hv. þm. Vitanlega gildir vinnulöggjöfin ekki, þegar verkamenn og sjómenn eru jafnframt atvinnurekendur sjálfir. Hvað heldur hv. þm. um það dæmi, ef 3—5 menn eiga saman bát, jafnri eign, án þess að nokkur lög væru um það? Hafa þeir ekki rétt til að skipta með sér ágóðanum af útgerðinni alveg eftir vild? Er það brot á vinnulöggjöfinni, að þeir ekki fylgja kaupgjaldsskrá sjómannafélagsins á staðnum? Hv. þm. hlýtur af þessu dæmi að sjá, að hann hefir misskilið vinnulöggjöfina og ákvæði þessa frv. Þessi misskilningur hans kom einnig fram á nefndarfundi, en það gafst ekki tími til að koma honum í skilning um hið rétta í málinu. En aftur í þeim tilfellum, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. 2. mgr., þar sem menn eru ráðnir á skip hlutarútgerðarfélags í forföllum félagsmanna, þá koma þeir undir ákvæði vinnulöggjafarinnar, því að þeir starfa hjá eigendum hlutarútgerðarfélagsins, en eru ekki eigendur sjálfir. Þetta eru aðalatriðin í því, sem hv. þm. Ísaf. var að berjast við, þótt hann færi hvergi nærri eins víða og hv. 5. þm. Reykv., þá fór hann samt með ýmsar vitleysur og bar mig fyrir þeim. Tilgangur þessa frv. er að reyna að skapa sjómönnum tækifæri til þess að eignast sjálfir skip, og að þeir geti sjálfir notið alls þess arðs, sem starf þeirra hefir í för með sér. Þau ummæli, sem hv. 5. þm. Reykv. hafði eftir mér frá umr. um þáltill. fyrir löngu síðan, koma ekkert þessu máli við. Þau miðuðust við alveg sérstaka útreikninga, sem þá lágu fyrir, og ástand í útgerðarmálum þá.

Finnur Jónsson: Út af þeim ummælum hv. þm. Barð., að ég muni ekki eftir afstöðu minni til gengislaganna, vil ég aðeins vekja athygli hans á því, að ég gat þess einmitt í minni fyrstu ræðu, að afstaða mín til þeirra laga hefði miðast við alþjóðarnauðsyn og mjög tímabundið ástand. En á hinn bóginn benti ég á, að engin ástæða væri til þess að taka réttinn til að semja um kaup og kjör af sjómönnunum með lögum, sem eiga að gilda um alveg óákveðinn tíma. Hv. þm. Barð. bað mig að benda sér á þau ákvæði í l. um stéttarfélög og vinnudeilur, sem ég hefði sérstaklega vitnað í. Ég hefi að vísu ekki l. hér við höndina, en ég þykist hinsvegar muna það rétt, að gr. um þetta efni sé á þá lund, að stéttarfélag sé réttur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna. Og það er alveg sama, hvaða skilning hv. þm. leggur í þetta frv.; ef veruleg þátttaka yrði í þessum félögum, þá hlyti mikill hluti sjómanna í stéttarfélögunum að koma þar til greina, og jafnframt yrðu sjómannafélögin svipt því að verða réttur samningsaðili um kaup og kjör meðlima sinna, þar sem í frv. er gert ráð fyrir að ákveða kaup og kjör sjómanna í hlutarútgerðarfélögum í sérstökum samningi, sem leggja á undir úrskurð ríkisstj., og ekki má breyta þeim nema með hennar samþykki.

Bergur Jónsson: Út af því, að hv. þm. Ísaf. telur vinnulöggjöfina koma í bága við þessi l., ef samþ. yrðu, og segir, að meðlimir stéttarfélaga eigi að hlíta þeim kjörum og því kaupi, sem gildir hjá stéttarfélögunum á hverjum tíma, þá fellst ég á, að það sé rétt — svo langt sem það nær. En það nær ekki til þeirra manna, sem alls ekki eru í þeirri starfsgrein, sem stéttarfélögin tilheyra. Hv. þm. Ísaf. heldur því nú fram gegn frv., sem liggur fyrir hv. Ed. um breytingu á vinnulöggjöfinni, að það sé ekki rétt að banna verkalýðsfélögum að hafa að meðlimum menn, sem tilheyra öðrum stéttum en félagið telst fulltrúi fyrir. En um þá menn, sem þannig eru í félögunum, gildir alls ekki, að þeir eigi að hlíta fyrirmælum félagsins um kaup og kjör. Aðalatriði þessa máls er það, að hér er alls ekki verið að ræða um menn, sem eru fyrst og fremst vinnuþiggjendur eða vinnuveitendur, — heldur hvorutveggja, og jafneinfalt atriði og þetta veit ég að hv. þm. Ísaf. mun skilja síðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Nd., 24. nóv., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:5 atkv.

2.—14. gr. samþ. með 18:4 atkv.

Brtt. 293,1 samþ. með 15:5 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 293,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

16. gr., svo breytt samþ. með 18:1 atkv.

17. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:7 atkv.

Á 69. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 70. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 337).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 71. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar (A. 337).

Á 73. fundi í Ed., 30. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Það er um þetta mál að segja, að það er komið til þessarar deildar frá Nd. og er flutt, eins og sjá má af þskj. 50, af þrem hv. framsóknarmönnum. Jafnvel þó þetta mál fari til nefndar, sem ég á sæti í, get ég ekki við þessa umr. látið það svo framhjá fara, að ég minnist ekki á frv. og þá stefnu, sem í því felst. Mér þykja ýmsir ágallar á þessu frv., en í höfuðatriðunum er það sú stefna, sem í því felst, sem ég get ekki fallizt á.

Frv. fer fram á nýjar lögskyldaðar hlutaráðningar í hinum ýmsu tegundum fiskveiðanna. Þar er engin undantekning frá, hvort það eru smábátar, mótorbátar, stærri línubátar eða stór skip, sem gerð eru út til fiskveiða, og á hér með að lögskipa félagsskap, sem hefir þessa ráðningu að aðalmarkmiði.

Það mætti segja langt mál um þá stefnu, sem í frv. felst, og væri það mikið efni, meira en í eina þingræðu, því hér er komið inn á allt fyrirkomulag fiskveiðanna, frá því þær hófust hér og fram á vora daga, og hvort það fyrirkomulag, sem við höfum nú, sé ranglátt.

Ég þori ekki um það að segja, hvort fiskimenn muni yfirleitt nota sér þá lagaheimild, sem hér er gert ráð fyrir, að verði að lögum, eða ekki, en mér er það fullkomlega ljóst, að aðaltilgangur frv. er að fyrirskipa ráðningarfyrirkomulag, þar sem félagsskapur sjómanna og verkamanna getur ekki haft nokkur áhrif á ráðningarkjör, þ. e. a. s. að með þeirri stefnu, sem í frv. felst, er verið að taka upp óbeina árás á verkalýðsfélögin, og hefði ég sízt búizt við, að slíkt gæti komið frá þeim virðulegu framsóknarmönnum, sem að frv. standa, og er það ærin nóg orsök fyrir mig til þess að geta ekki verið með þeirri stefnu, sem í frv. felst.

Fyrir utan þetta er ýmislegt við frv. að athuga. Ég vildi í því sambandi benda á, að þótt hér sé verið að fitja upp á nýmæli, þá á þetta fyrirkomulag sér hvergi stað, svo vitað sé, og mun ég síðar tala um það, því ég hefi tiltölulega nákvæmar skýrslur um það, hvernig fiskveiðar eru reknar hjá nágrannaþjóðunum, og mun ég sýna fram á, að slíkt fyrirkomulag á sér hvergi stað.

Það mun eiga að útvíkka samvinnuna með þessu, en það má útvíkka svo samvinnufyrirkomulagið, að það eigi þar ekki heima, og vil ég benda á þá reynslu, sem hefir fengizt af samvinnufyrirkomulaginu í útgerð hér á landi. Ég bæði sagði það strax og skrifaði um það á sínum tíma og leiddi nokkur rök að, að með tilliti til okkar fyrirkomulags, þá mundi samvinnan ekki ná sínum framgangi í útgerðinni, og reynslan hefir orðið sú, að þau samvinnuútgerðarfél., sem hafa verið stofnuð austur á landi og við Ísafj., eru að því ég bezt veit komin úr sögunni. Það hefir verið reynt við Faxaflóa, og reynslan orðið sú sama, og öll þessi samvinnufélög, sem þutu upp á nokkrum árum í sambandi við örðugleika þá, sem þá voru við útgerðina, eru nú líka dauð, og ég hygg, að fæsta, sem þar komu nálægt, langi til að stofna þau aftur. Spá mín er sú, jafnvel þótt þetta frv. yrði að lögum, sem ætla má, þar sem Sjálfstæðismenn hafa léð því fylgi sitt, að menn fái sig fullreynda á því. (PZ: Það rætast nú ekki allar spár). Já, ég var að tala um spár og hvernig hefði farið um mína spá. Hún hefir bara rætzt. Svo það er hægt að spá um framtíðina, þegar fyrri spár hafa rætzt.

Ég skal svo ekki tala meira að sinni, en geri ráð fyrir að bera fram brtt. við frv. í sjútvn. og mun við 2. umr. gera grein fyrir þeim breyt., sem ég vildi gera á því, og ef þær breyt. ná ekki fram að ganga, þá að lýsa minni andstöðu við frv.

*Ingvar Pálmason: Þó að ég telji, að ræða hv. 2. landsk. hafi ekki haft mikil áhrif á hv. dm., tel ég rétt að fara nokkrum orðum um ýmislegt, er hann sagði. Hann byrjaði með því að segja, að með þessu frv. væri gengið inn á þá braut að lögskipa hlutaskiptafyrirkomulag. En það er misskilningur. Hér er um það að ræða að lögheimila það. Hann sagði, að mér skildist, að hér væri verið að taka upp fyrirkomulag, sem gilt hefði frá alda öðli hér á landi. (SÁÓ: Ég sagði: fyrirkomulag, sem ekki hefði gilt hér á síðari árum). Það er annað mál. Hér er verið að halda inn á braut, sem gengin hefir verið hér á landi frá fyrstu tíð. Spurningin er, hvort ekki sé tími til kominn að athuga, hvort ekki sé hægt að spyrna við fæti um það að halda í gamalt skipulag, sem reynzt hefir vel. Hv. þm. sagði, að verið væri að ráðast á verklýðssamtökin. Ég skil ekki, hvernig hann fær það út. Ég hélt ekki, að þessi maður væri sérstaklega taugaveiklaður, svo að hann þyrfti alstaðar að þykjast sjá árásir á verklýðssamtökin. Þau geta unnið sín verkefni fyrir þessu frv. Ég hélt, að hlutverk verklýðshreyfingarinnar væri víðtækara en það eitt að fást við kaupgjaldsmál. Sannleikurinn er, að hér kemur fram það, sem inni fyrir býr hjá hv. þm. og líklega verklýðshreyfingunni, að vilja afnema alla hlutdeild verkalýðsins í framleiðslunni og láta hann fá fasta borgun fyrir alla vinnu. Hér er það atriði, sem skoðanir skiptast um. Er það þetta, sem koma á í öllum atvinnurekstri, að útiloka, að það, hvernig atvinnureksturinn gengur, geti haft nokkur áhrif á kjör þeirra, sem að honum vinna? Af ræðu hv. þm. var svo að sjá, sem þeir, sem að framleiðslunni vinna, eigi ekki að taka þátt í afkomu atvinnuveganna. Hér er ég á öndverðum meiði við hann. Ég tel, að verkamenn og þeir, sem kallaðir eru atvinnurekendur, hafi hér báðir sömu hagsmuna að gæta. Ég hefi í 35 ár fengizt við útgerð, og alltaf hafa allir mínir sjómenn verið ráðnir upp á hlut. Þeir hefðu ekki viljað hafa það öðruvísi. Ef ekki er hægt að láta atvinnuvegina bera sig á þann hátt, þá er ekki hægt að skipa þeim er að þeim vinna, í tvær deildir, sem hafa ólíkra

hagsmuna að gæta, þar sem hvor togar sinn skækil í sína átt. Ég held því, að ekki sé til neins að eyða um þetta mörgum orðum. Hér verður úr að skera, hvort Alþingi er þannig skipað, að það vilji fremur fallast á stefnu hv. 2. landsk. eða þá stefnu, sem fram kemur í frv.

Hv. þm. sagði einu sinni í ræðu sinni — og það styrkti mig í þeirri skoðun, að honum hefði orðið mismæli áður, — að hér væri verið að fitja upp á nýmæli. En það er fjarri sanni. Þetta hefir viðgengizt í okkar sjávarútvegi öldum saman. Þá gat hann þess, að stofnuð hefðu verið nokkur samvinnufélög um útgerð. Hann hefði spáð því, að þau myndu ganga illa, og það hefði rætzt. Ég fer ekki frekar út í þá sálma; hann getur verið góður spámaður, en ég man ekki, hvernig þessir spádómar hans hafa rætzt. En ef fyrirtækjunum hefir gengið öðruvísi en vonir stóðu til, er sjálfsagt að leita orsakanna, en ekki láta sér nægja að vitna í spár. Ég staðhæfi, að í nokkrum tilfellum hefir ein af aðalorsökunum til þess, að illa hefir farið fyrir þessum samvinnufélögum, verið sú, að þau höfðu ekki hlutaráðningu. Því er ég hræddur um, að spá hans verði honum ekki haldgóð vörn í málinu. Ég þarf ekki að rifja upp sannanir fyrir þessu, en ég held, að ein af stoðum þeim, sem renna undir þetta frv., sé einmitt það, hvernig farið hefir fyrir sumum af þessum samvinnufélögum.

Ég ætla svo ekki að fara út í málþóf um þetta mál, en ég vildi ekki láta þetta frv. fara til atkvgr. nú við 1. umr. án þess að andmæla skoðunum hv. 2. landsk.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Það er óvanal., að hv. 2. þm. S.-M. tali í máli af jafnmiklum hita og mér virðist koma fram í ræðu hans, því að allir þekkja hann að stöku jafnaðargeði. Andmæli mín virðast hafa farið í taugarnar á honum. Hann sagði það rangt hjá mér, að hér ætti að lögskipa hlutaráðningu, hér væri aðeins um heimild að ræða. Það má vera, að þetta sé aðeins heimild, en ef heimildin er notuð, þá er þetta orðin lögskipuð hlutaráðning. Í 2. gr. segir, að þegar búið er að stofna félag, þá sé þar með ákveðið, eftir hvaða reglum það skuli starfa.

Þá tortryggði hv. þm. það, sem ég sagði, að á síðari árum hefði ekki almennt verið ríkjandi hlutaráðningarfyrirkomulag í útgerð, en þetta gæti ég samt rökstutt með því að leggja fram allan þorra þeirra samninga, sem gerðir hafa verið í allri stærri útgerð hin síðari ár. Í smærri útgerð kann hlutaráðning að hafa verið nokkuð almenn, mjög misjafnlega þó, og hefir því verið misjafnlega tekið af sjómönnum, er þeir hafa á þann hátt verið látnir greiða kostnað af útgerðinni. Það má náttúrlega kalla það hlutaskiptaútgerð, er menn voru áður fyrr ráðnir upp á hundraðshluta, en það er ekki hlutaskiptaútgerð í því formi, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það fyrirkomulag, sem ríkt hefir hér frá aldaöðli, þar sem útgerðarmaður tók að sér að greiða allan kostnað við útgerðina og tók hlut fyrir það og leggja til skipið, en aflinn skiptist að öðru leyti milli skipsmanna, það var allt annað form á hlutaskiptaútgerð en þetta, sem hér er gert ráð fyrir. En þetta fyrirkomulag hefir orðið að breytast með breyttum tímum, með stækkandi útgerð, dýrum þilskipum, dýrum vélum, kostnaðarsömum veiðiáhöldum o. s. frv., og hefir þá skapazt nokkur togstreita um það, hversu mikill hlutur fiskimannsins skuli vera af afla, enda hefir hann verið mjög misjafn.

Með þessu frv. er ætlazt til þess, að svo eða svo margir menn myndi með sér félagsskap um að gera út skip, og um stærðina er ekkert ákveðið; það getur verið togari eða minna skip eftir atvikum. Svo er gert ráð fyrir því, að menn í landi, sem ekki vinna að veiðunum, hafi hina andlegu forystu í þessu, a. m. k. er engin skylda til þess, að það séu menn, sem sjálfir vinna að framleiðslunni. Verkafólki í landi hefir eins og kunnugt er verið gefinn frjáls réttur til að semja við atvinnurekendur um það, hve mikið það skuli fá fyrir vinnu sína, án tillits til þess, hversu mikið aflast. Verkamaðurinn vill fá fyrir vinnu sína það, sem hann þarf til að geta lifað, en hefir ekkert að flýja, ef ekki fæst bein úr sjó. Það er auðvitað ekki hægt að komast hjá því, að einhverjir beri þann halla, sem verða kann á útgerðinni. En ef þrengingar eru í þessum atvinnuvegi, þá hefir það verið stefna okkar alþýðuflokksmanna, að sveitarfélögin taki að sér að halda henni uppi. En með þessu frv. er þeim fórnað, sem leggja lífið í hættu á hafinu. Þessi mál er ekki hægt að leysa á sama sátt og áður var. Áður voru það bændur og vinnumenn, sem sjóinn sóttu, leituðu til verstöðvanna til að afla sér búsílags. En nú er ástandið svo í flestum kauptúnum landsins, að þeir, sem sjóinn stunda, verða að lifa af því eingöngu, oftast nær að minnsta kosti. Dæmi frá eldri tímum og nútímanum eru ekki sambærileg í þessu efni.

Hv. þm. vildi láta skína í, að ég vildi afnema alla hlutdeild verkamanna í framleiðslunni. Ég hefi áður sýnt fram á, að það hafi aldrei verið stefna Alþfl., að fiskimenn ættu ekki á neinn hátt að hafa hlutdeild í veiðunum. Hana geta þeir t. d. haft með því að fá hundraðshluta af andvirði þess, sem aflast, til viðbótar lágu kaupi. Í nærliggjandi löndum er talið heppilegt, að verkamenn hafi hlutdeild í framleiðslunni með slíkum hundraðshluta til viðbótar lágu kaupi, til þess að gera þá „interesseraða“ í atvinnurekstrinum. Víðast er og litið á þörf fiskimannsins með því, að honum er tryggt lágmarkskaup, sem fullnægi brýnustu þörfum hans. Ég get þessu til sönnunar lofað hv. þm. að lesa skýrslu frá árinu 1938 um fiskveiðar í nálægum löndum.

Samkv. 5. gr. frv. verður hver maður, sem gengið hefir í svona félagsskap, að sætta sig við, að búið sé að ákveða hans lífskjör með því, að þau miðist við ákveðinn hluta af afla, hvort sem verr gengur eða betur. Þetta vil ég aftur á móti láta vera með öllu frjálst samningsatriði, en ekki þannig, að menn skuli vera búnir að binda sig í allt að því tvö ár með því að ganga í svona félag, án þess að geta með nokkru móti losnað. Það hefir stundum verið haft orð á því, að það væri óþarflega margt, sem lögbinda ætti hér á landi, og er sjálfsagt nokkuð satt í því. Ég held, að

þetta sé eitt af þeim málum, sem ekki eigi að lögbinda. Nú er reynslan sú, að þegar illa gengur, vilja margir útgerðarmenn ráða menn upp á hlut, en þegar vel gengur, vilja þeir gjarnan hafa fast kaup og taka arðinn sjálfir. Sum árin eru góð, önnur vond, og ég tel, að hafa eigi algilda reglu um góð ár og vond. En þetta á þó ekki að gera með l., heldur á það að vera komið undir skilningi manna á hverjum tíma, hvaða fyrirkomulag skuli hafa.

Þá hártogaði hv. þm. orð mín um það, að hér væri verið að ganga á hlut verklýðshreyfingarinnar. En ég fullyrði, að hér er í rauninni verið að ráðast á alla útgerð. Ef hans stefna verður ofan á og allir sjómenn ganga í slík félög sem þessi, þá hafa þeir ekki framar neitt að segja um sín mál, — þá er búið að skipta þeim í smáhópa, þar sem menn geta verið harla óánægðir, án þess að verklýðshreyfingin geti nokkuð við því sagt, því að hér er þá búið að taka fyrir kverkar henni um það að hafa hönd í bagga um lífskjör þeirra, er hún starfar fyrir. Svona hlýtur frv. að verka, ef nokkur vill eftir því fara. En það er vitanlega hægt að lokka menn inn í svona félagsskap eða jafnvel neyða.

Hv. þm. vitnaði í sína útgerð og sagðist jafnan hafa ráðið sjómenn upp á hlut. Ég rengi hann ekki. Hann hefir sennilega sýnt í útgerð sinni réttlæti og sanngirni, eins og honum er lagið í flestu. En hann er bara einn, kannske af fáum, sem sýnt hafa réttlæti og sanngirni.

Hv. þm. vildi ekki ræða um minar spár um það, að samvinnuútgerðin myndi gefast illa, og virtist hann líta svo á, að það hafi orðið þessari útgerð að falli, að þar hefði ekki verið ráðið upp á hlut. Það má vera, að á Austurlandi hafi ekki almennt verið haft hlutaráðningarfyrirkomulag í þessari útgerð, en á Suðurlandi var það aftur á móti reglan. Á einum togara áttu menn t. d. að fá hlut af því, sem afgangs yrði eftir að búið væri að greiða beinan rekstrarkostnað. Menn höfðu þar öll árin yfirleitt 20% lægri tekjur en á öðrum togurum. Og nú hafa þeir afsalað sér togaranum. Ég gæti tekið fleiri dæmi úr samvinnuútgerðinni máli mínu til sönnunar. Það er eins og til þessarar útgerðar geti ekki valizt menn, sem fram úr skara í dugnaði eða heppni — sennilega aðallega heppni —, og liggur það sennilega í þeirri sálfræðilegu ástæðu, að þar, sem allir vilja ráða, þar getur ekkert blessazt. Þar sem allir eiga saman þátt í útgerðinni, vilja allir ráða jafnt, en enginn ræður í raun og veru, og svo gengur allt illa.

Ég ætla svo ekki að ræða þetta frekar hér. Okkur gefst sennilega tækifæri til að ræða málið frekar í n. Þar tekur hv. þm. vafalaust upp hanzkann fyrir sinn flokk. En ég tala hér fyrir þeirri stefnu, sem ég veit, að er almennt ríkjandi meðal sjómanna. Hinsvegar dettur mér ekki í hug að hindra, að málið gangi til n. og hún reyni, ef hægt er, að sníða af frv. verstu agnúana. Ég mun ekki fyrr en að slíkri athugun lokinni geta sagt, hvort ég muni geta fylgt frv. eða ekki.

*__Ingvar Pálmason__: Ég veit ekki, hvort það er til nokkurs að halda áfram umr. um þetta mál. Hv. 2. landsk. hefir viðurkennt, að hér væri ekki um nýmæli að ræða, og er það strax ávinningur. Gæti verið, ef umr. væri haldið áfram, að hann tæki fleira aftur af því, sem hann sagði.

Þó að ræða hv. þm. væri ekki vel ljós, kom það fram í henni, að hann taldi, að hlutaráðning væri ekki heppileg, vegna þess að þá væri hlutverki verklýðsfélaganna lokið. Ég skal ekki segja um það; honum er kunnugra um afstöðu verklýðsfélaganna til þessara mála en mér, en með leyfi að spyrja: Væri nokkur skaði skeður, þótt svo væri?

Hann sagði, að nú á síðari árum hefði það verið meginregla í öllum stærri útgerðum, að menn væru ekki ráðnir upp á hlut. Þetta er rétt; á síðari árum hefir það verið svo í stærri útgerðinni, að menn hafa verið ráðnir upp á fast kaup, en hvaða blessun hefir það haft í för með sér?

Ég ætla ekki að fara frekar út í það hér, en ég held út frá þeim forsendum, sem komu fram í ræðu hv. þm., að allt bendi til þess, að hér stefni í rétta átt, með því að hlutaráðning geti haldizt, hvar sem hægt er að koma henni við. Hv. þm. sagði, að það væri talað um, að við Íslendingar vildum lögbinda flest. Ég ætla ekki að fara út í þá sálma hér, en ég er honum ekki sammála. Ég álít, að hér sé ekki um lögbindingu að ræða, heldur lögheimild. Hann veit sjálfur, eftir að hann hefir lesið frv., að hér kemur ekki annað til greina en heimild samkv. lögum, og ég held, að hann hljóti að skilja það. Ég sé ekki, að það komi því máli við, hvort löggjafarnir gangi fulllangt í því að lögbinda ýms atriði þjóðlífsins. Hér er ekki verið að lögbinda, heldur lögheimila fyrirkomulag, ef vilji er til staðar að nota þessa heimild. Hv. þm. þóttist geta upplýst það, að í nágrannalöndunum væri allt annað fyrirkomulag um ráðningu fiskimanna en hjá okkur, og að hún væri ekki nema að litlu leyti hlutaráðning. Þetta getur vel verið satt, — en hvaða ástæða er fyrir okkur að leita erlendra fyrirmynda, þegar við höfum margra alda reynslu í þessum efnum og vitum, hvað bezt er?

Ég held nú, að þessi hv. þm. sé ekki svo hrifinn af dönsku fyrirkomulagi, að hann fari að leita fyrirmynda úr þeirri átt. Þar fyrir gætum við kannske lært margt af Norðurlöndum, en fyrst og fremst það, sem okkur er til gagns. Hann las upp eina gr. frv. og dró þá ályktun af henni, að ef ekki aflaðist, hefðu hlutaráðningarmenn ekkert upp á að hlaupa. Það er gert ráð fyrir, að reynt verði að safna saman í sjóð til þess að jafna útkomu milli ára. Ég held, að reynt sé í þessu frv. að ganga svo frá, að það sé svo aðgengilegt sem kostur er á. Hinsvegar má gera bætur á því, en hugmyndinni, sem liggur bak við frv., megum við alls ekki sleppa.

Ég læt svo hér með útrætt um þetta, en málið hefir ekki mikið upplýstst við þessar umræður.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 28. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 337, n. 559).

*Frsm. 1. minni hl. (Ingvar Pálmason): Eins og eiginlega séð var fyrirfram við 1. umr., hefir sjútvn. ekki orðið sammála um þetta mál. Hv. 2. landsk. lýsti því yfir strax við 1. umr., að hann gæti ekki fylgt þessu frv. Var því fyrirfram séð, að n. mundi ekki geta staðið saman um málið. Hinsvegar var það svo með hv. þm. Hafnf., að hann að vísu vildi ekki greiða atkv. með frv. í n., en lét í ljós, að það gæti komið til mála, að hann yrði með frv. með einhverjum breyt. á því. Frá honum hefir svo ekkert komið síðan, svo að ég vil ekkert segja um afstöðu hans í málinu.

Ég tel, að þetta mál sé svo mikils virði, að það sé sjálfsagt, að það komi undir úrskurð hv. þd., hvort það eigi fram að ganga eða ekki. Það er náttúrlega nokkur ástæða til þess við þessa umr. að fara út í einstakar gr. frv. En af því að ég veit, að um málið verða einhverjar umr., þá ætla ég ekki að ræða einstakar gr. þess að þessu sinni, nú um leið og ég segi þessi fáu orð um frv., því að ég geri ráð fyrir, að það verði hvort sem er, þegar til þess kemum að svara andmælum gegn frv., tækifæri til að ræða það nánar. Ég vænti að frv. liggi svo ljóst fyrir, að allir hv. þm. hafi áttað sig vel á því.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Ég hefi ekki skilað nál. í þessu máli, af þeirri einföldu ástæðu, að mér var kunnugt um, að það var í raun og veru ekkert samkomulag um málið innan n. Auk þess átti ég þess tæplega von, að málið yrði hespað hér af á síðustu dögum þingsins, og þar með skyldi málinu vera lokið hér.

Ég get sennilega ekki talað hér sem meiri hl. eða minni hl. í n., þar sem mér gefst sennilega enginn kostur á að skila nál. En að því vildi ég vinna í dag, að skila áliti, ef ekki á að hespa málið af á þessum degi.

Áður en ég vík að frv. vildi ég geta þess, að fyrir þessari sömu n. lá nú frv. á þskj. 83, þ. e. a. s. það hefir tekið nokkrum breyt. í hv. Nd., um jöfnunarsjóð aflahluta. Og ég hefi ekki orðið þess var, að ráðstafanir hafi verið gerðar innan n. um að taka það mál til afgreiðslu. En að ég drep á þetta nú, er af þeirri ástæðu, að ég tel hér nokkurn skyldleika á milli þess frv. og frv., sem hér er til umr. þannig að ég álít, að annarhvort ætti að afgreiða bæði þessi mál eða hvorugt þeirra. Vildi ég því, áður en þessari umr. lýkur koma með rökst. dagskrá í þá átt, að þessi mál bæði fái nú nokkru betri undirbúning og kannske mætti samræma þau í einhverri mynd. En til þess vinnst sennilega ekki tími á þessum fáu dögum, sem eftir eru til þingloka.

Um þetta frv. tel ég ekki ástæðu að tala langt mál. Ég gerði nokkra grein fyrir því við 1. umr. hér í hv. d. En sjónarmið hv. minni hl., sem skilað hefir nál., og mitt eru svo gerólík í þessum efnum, að það yrði náttúrlega ekki annað en pex eitt að fara að halda hér hrókaræður um málið. Grundvallarskoðanir okkar á því, hvernig sjómenn skuli vera launaðir, eru og hafa verið svo ólíkar. Og þetta sjónarmið, sem ég er andvígur, kemur svo glöggt fram í þessu frv., sem hér er um að ræða. Ég hefi haldið því fram, að með þessu frv. væri gerð tilraun til þess að lögfesta sérstakt ákveðið launafyrirkomulag. Það mætti alveg á sama hátt gera hér að l. á Alþ., að það skuli hreint og beint enginn maður vera ráðinn á skip, nema hann hefði eingöngu fast kaup eða fast kaup og einhvern hluta af afla. En ég er ekki viss um, að verkalýðurinn yfirleitt teldi það heppilegt fyrir sig að binda það fastmælum með löggjöf, fyrir hvaða kjör hann vildi ráða sig um óákveðinn tíma.

Um hlutaráðningarfyrirkomulagið má náttúrlega tala langt mál. Og eins og oft hefir verið minnzt á hér, hefir hlutaráðningarfyrirkomulagið verið haft hér á landi um margar aldir, en vitanlega með allt öðrum hætti heldur en hér er gert ráð fyrir og nú gæti komið til greina. Áður fóru bændur og bændasynir til sjós til að afla nauðsynja til heimila sinna. Þeir þurftu ekki annað að leggja í kostnað en að leggja sér til föt og fæði. Þetta fyrirkomulag var talið sjálfagt, meðan fiskveiðar voru reknar á opnum skipum viðast hvar um land allt. En með stækkun útvegsins, eftir að hér komu þilskip, og ég tala nú ekki um eftir að eimskipin komu til sögu sem fiskiskip, og með mótorskipaflotanum hefir útgerðarfyrirkomulagið breytzt svo mjög og áhættan við útgerð orðið þeim mun meiri, svo að það hefir yfirleitt ekki verið talin sjálf sögð regla, að menn héldu hlutaskiptafyrirkomulaginu óskorað áfram með vaxandi útgerð, þó að ég játi hinsvegar, að til eru hlutaskipti víða um land við fiskveiðarnar á mótorskipum. Þau hlutaskipti eru með ýmsum hætti. Í Vestmannaeyjum má kalla það slík hlutaskipti, að þar hafa sjómenn vissan hundraðshluta af afla, en hafa ekkert með útgerðina að gera að öðru leyti, og leggur þá útgerðarmaðurinn fram skip, olíu, veiðarfæri o. s. frv.

Við suðurland og vesturland og ég hygg einnig við norðurland eru að vísu til hlutaskipti við fiskveiðar, sérstaklega á smærri skipum. Og undir mörgum kringumstæðum er það þá svo, að sá, sem á skipið, hefir í sinn hlut meira eða minna fyrir áhættunni af því að leggja það fram, sem útgerðin þarf með

Nú er alls ekki ætlazt til þess hér, að hafa sama fyrirkomulag um aflaskipti eins og tíðkazt hefir um slíkt, heldur er hér ákveðið, að ekki þurfi að vera nema 5 menn á einhverjum stað, sem óski eftir að stofna hlutarútgerðarfélag þar, til þess að slíkt félag megi stofna þar, sem þá nýtur fríðinda samkv. þessu frv. Svo þarf leyfi bæjar- eða sveitarstjórnar á viðkomandi stað til þess að þetta félag megi rísa upp. Svo í þriðja lagi, til þess að allar reglur viðvíkjandi

þessari félagsstofnun séu vel uppfylltar, þarf ríkisstj. að samþ. þetta félag. Þetta er flókið kerfi. En það á að ganga svo tryggilega frá þessu kerfi, að þær skoðanir og öfl, sem ríkja yfirleitt hjá stjórnum sveitar- eða bæjarfélaga og ríkisstj., skuli ráða, án tillits til þess, hvernig verkalýðurinn í landinu lítur á þetta mál. Því að það er sérstök stefna og viss vilji, sem á að stjórna hér öllu í útgerðinni. Og þá vitum við yfirleitt, hver skoðun það er. M. ö. o.: Áhættan og skaðinn, þegar hann verður, á að öllu leyti að leggjast á herðar þeirra manna, sem fara út á sjóinn til þess að bjarga sér. Og ef aflaleysi og annað slíkt kemur til greina, — hvað eiga þessir menn þá að hafa til að lifa af? Jú, þá á að flytja þá nauðungarflutningi á einhvert annað landshorn til þess að vinna fyrir sér. Það er þessi stefna, sem hv. flm. þessa frv. beitir sér fyrir, og það kannske án þess að athuga, hvað í þessu frv. felst. Ég veit, að hann muni bera það fyrir sig sem varnir, að hér sé aðeins um heimildarlög að ræða og að enginn þurfi að fara inn á að taka upp þetta fyrirkomulag fremur en hann vilji. En þegar aflaleysi ríkir á einhverjum stað, er hægt að þvinga menn út í það, sem þeim er þvert um geð, til þess að skapa atvinnumöguleika. Slíkt hefir átt sér stað og á sér stað enn. Og þegar menn neyðast til að fara út í svona lagaðan félagsskap, geta menn svo ekki losað sig aftur, a. m. k. ekki fyrr en eftir 2 ár, eftir frv.

Ef tími hefði unnizt til, hefði mig langað að koma með ýmsar till. til breyt. á þessu skipulagi, sem ég er svo mótfallinn eins og raun ber vitni um, t. d. eins og það, að meiri hluti verkalýðsfélagsskaparins á hverjum stað segi til um það, hvort slík félög yrðu mynduð. Ef meiri hl. verkalýðsins á hverjum stað álítur þetta heppilegt, þá er það að vilja verkalýðsins á hverjum stað, að slíkt skuli gert. Um þetta liggur ekki fyrir nein brtt., en ég myndi sennilega reyna að koma henni að.

Þá er ráðningarfyrirkomulagið. Það er gert ráð fyrir því í 3. gr., að óheimilt sé að ráða fasta starfsmenn hjá félaginu nema þeir gerist félagsmenn, nema þá í forföllum. Ég hefi nú mína sorglegu sögu að segja um þetta fyrirkomulag. Ég þekki eitt svokallað samvinnufélag hér á landi, sem oft hefir þurft að gripa til manna, sem ekki voru beinir félagsmenn, en svo hafa verið skráðir ólöglegir félagsmenn til að geta komið þeim undir kjörin, sem félagið hefir haft. Þessir menn hafa ekki verið félagsmenn lengur enn þann tíma, sem vistráðningartíminn stóð. Þessir menn hafa svo ætlað að reyna að leita réttar síns á eftir, en þá voru þeir óviljandi búnir að afsala sér sínum rétti með því að hafa gerzt bráðabirgðafélagsmenn og fengu þar af leiðandi ekki meira en hinir eiginlegu félagsmenn. Reynslan sýnir, að það er hægt að fara í kringum öll l. í þessu efni. Ég kæri mig ekkert um að nefna nöfn í þessu sambandi, en ég get sagt hv. 2. þm. S.-M., að ég er hér ekki að fara með neinar skröksögur. Ég geri ráð fyrir, að reynslan yrði alveg sú sama hjá þessum hlutarútgerðarfélögum eins og þessu samvinnufélagi. Viðvíkjandi föstu starfsmönnunum í landi er það að segja, að ég geri nú ekki ráð fyrir, að það geti orðið margir fastir starfsmenn í landi hjá félagi, sem gerir út t. d. einn bát. Það er yfirleitt illa séð hjá sjómönnum að þurfa að láta marga hluti „dauða" til þeirra, sem í landi eru. Ég álít, að þetta sé fremur vanhugsað. Það er ekki byggt hér á neinni reynslu.

Þá kemur 4. gr. Hún gerir ráð fyrir, að hver einstakur maður skuli bera ábyrgð á 300 krónum. Þetta er að vísu ekki stór upphæð, en hún er nægilega stór fyrir menn, sem ekkert eiga. Eins og ég hefi áður bent á, þá geta þessir menn ekki losað sig við félagsskapinn fyrr en eftir 2 ár. Það er meira að segja svo strangt, að ef maðurinn drukknar, þá er dánarbú hans bundið við skuldbindingar félagsins í 2 ár.

Í 5. og 6. gr. er tekið upp gamla hlutaskiptafyrirkomulagið. Í 6. gr. er gert ráð fyrir, að 1% af óskiptum afla gangi í varasjóð. Við þessu er í sjálfu sér ekkert að segja og sjálfsagt ekki nema hollt að mynda varasjóði í svona félögum.

Þá kemur 7. gr. Hún gerir ráð fyrir stofnun tryggingarsjóðs, sem hafi það markmið að tryggja þeim, sem hjá félaginu vinna, lágmarkstekjur. Þessi gr. leggur mönnum þær skyldur á herðar í fyrsta lagi að taka 1% gjald af óskiptum afla og leggja í þennan sjóð, og svo það, að hreppsfélaginu er gert að skyldu að leggja jafnháa upphæð á móti. Ég get ímyndað mér, að það séu til minni hreppsfélög, sem vildu leggja út í þetta, en ég er ekki viss um, hvort bæjarfélögin vildu ganga inn á þessa braut. Ég benti á, að Reykjavíkurbær hefir gert nokkra tilraun til að stuðla að bátaútgerð hér í bæ, og reynslan er slík, að ég efast um, að bæinn langi að gera margar slíkar tilraunir.

Um aðrar gr. frv. er fátt eitt að segja; í þeim eru ýms ákvæði um, hvernig stjórnir félaganna skuli skipaðar, um endurskoðendur og fleiri ákvæði, sem nauðsynleg eru um öll félög. Það er út af fyrir sig ekki nema gott um það að segja, að slík félög séu mynduð, en þó verð ég að líta svo á, að það geti verið varhugavert að taka menn inn í svona félagsskap beinlínis af því, að þeir telja að með því geti þeir skapað sér atvinnu, sem ef til vill engin verður. Ég hefi áður bent á það, að það, sem á að gera í þessu, er að láta þetta vera algerlega frjálst. Vilji menn hafa hlutaskipti, á að leyfa þeim það. Vilji menn hinsvegar vera upp á fast kaup, þá á það að vera jafnleyfilegt.

Þar sem eftir er ein umr. og mér gefst sennilega tækifæri til að koma fram með brtt., þá get ég stytt mál mitt. Ég vildi ekki láta hjá líða við þessa umr., að fram kæmu mótmæli gegn stefnu þessa frv. og þeim agnúum, sem ég tel, að séu á því og valda því, að ég álít, að það eigi ekki að ganga fram. Ég mun síðar, ef tækifæri verður til, gera mínar brtt., en á þessu stigi málsins vil ég leggja til, að því verði vísað frá með rökst. dagskrá.

*Bjarni Snæbjörnsson: Ég er að mörgu leyti hlynntur ýmsu af því, sem fram kemur í þessu frv., og hefði ekkert á móti því, að slíkt fyrirkomulag, sem þar kemur fram, væri reynt, en

mér þykir viðurhlutamikið að setja um þetta allsherjarlöggjöf fyrir allt landið, því aðstæðurnar eru svo mismunandi eftir landshlutum. Ég minntist á það í n., að ég myndi geta fylgt frv., ef kaupstaðirnir yrðu teknir undan, en mér hefir skilizt bæði á frsm. minni hl., sem hefir skilað nál., og eins flm. frv. í Nd., að þeir vildu ekki hafa slíka breyt. Þess vegna hefi ég ekki komið með neinar brtt., en viðvíkjandi þessari skoðun minni vildi ég aðeins geta þess, að við höfum t. d. í Hafnarfirði haft samvinnuútgerð eins og hér er farið fram á að sett verði l. um, og sú útgerð hefir ekki borið sig. Það hefir meira að segja komið fyrir oftar en einu sinni, að þeir menn, sem hafa verið félagsmenn í þessu fyrirtæki, hafa orðið handbendi bæjarins beinlínis sakir þess, að þeir tóku þátt í þessu fyrirtæki. Það er svo með Reykjavík og Hafnarfjörð sérstaklega, að þessir bær gætu komizt í talsverð vandræði út af þessu fyrirkomulagi. Það má auðvitað segja, að það þarf staðfestingu bæjarstjórnar fyrir svona félagsskap, en það myndi vera afarerfitt fyrir bæjarstjórnir þessara bæja, ef svona heimildarlög væru samþ., að beita sér gegn stofnun slíkra félaga. Hinsvegar hlýtur bæjarfélögunum að vera bundinn talsverður baggi, ef slík útgerð verður rekin í stórum stíl. Auk þess er afarhætt við, að þeir, sem yrðu til að stofna svona félög, yrðu þeir óduglegustu, sem ekki fengju skiprúm annarstaðar. En í smærri kauptúnum horfir þetta allt öðruvísi við. Ég get vel trúað, að þetta fyrirkomulag ætti þar framtíð. Mér finnst það hefði átt að staðbinda þetta við þá staði, sem menn hefðu trú á, að þetta gæti heppnazt. Síðar mætti þá færa þetta fyrirkomulag út, ef vel þætti reynast.

Ég skal ekki fara út í einstakar gr. frv. Þetta er mín meginafstaða til málsins. Ég hefði helzt kosið, að málið hefði fengið betri undirbúning, sérstaklega að það hefði verið rætt í bæjarstjórnum kaupstaðanna og fengið þeirra álit um slíkt fyrirkomulag sem þetta. Mér finnst ekki liggja svo mjög á að afgr. þetta mál, að það þurfi endilega að verða að l. á þessu þingi. Ég vildi láta athuga málið milli þinga og bera það síðan fram í þannig mynd, að fullkominn þingvilji væri fyrir hendi til að samþ. það.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt svo hljóðandi rökst. dagskrá frá hv. 2. landsk. þm. og hv. 10. landsk. þm.:

Þar sem nú liggja fyrir Alþ. tvö frv., er stefna í líka átt, en rétt ber að telja, að mál þessi fái betri athugun og undirbúning, telur d. rétt að vísa þessu máli til ríkisstj. til frekari athugunar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá".

Þessi rökst. dagskrá liggur þá einnig fyrir til umr.

***Frsm. 1. minni hl. (Ingvar Pálmason):** Ég þarf ekki að svara hv. 2. landsk. miklu, því ég skal játa, að eftir að hafa hlustað á hans löngu ræðu, þá er ég jafnnær um hans skoðun á þessu máli, og mér virðist, að sama megi segja um hina rökst. dagskrá. Ég botnaði ekkert í ræðu hans, en það var sérstaklega það, sem hann byrjaði á að segja, sem ég vildi svara. Hann byrjaði á að segja, að honum hefði ekki gefizt kostur á að skila nál. Ég skil ekki, hvernig það hefir getað verið. Það er liðin full vika síðan ég skilaði nál., og það er venjulega talinn nægur tími til að átta sig á nál. Þá minntist hann á það, að fyrir n. hefði legið annað mál, sem væri skylt þessu og þyrfti að fylgja því. Það er að vísu rétt, að málið er skylt, en ég álít, að það hafi ákaflega litla þýðingu, að það mál fylgi þessu, — því hvaða þýðingu hefir að setja l. um hlutaverðlaunasjóð, ef engin hlutaskipti eiga sér stað? Það væri þess vegna eðlilegt, að frv. um hlutarútgerðarfélög gengi fyrst og svo kæmi hitt á eftir. Annars man ég ekki til, að hv. 2. landsk. hafi nokkurn tíma ymprað á því, að þetta frv. þyrfti að afgr., sem hann minntist á, svo það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að tala svona.

Ég sé ekki ástæðu til að fara mikið frekara út í þetta. Hv. 2. landsk. lýsti því yfir, að hann hefði þekkt eitt samvinnufélag, er hefði farið svo hörmulega á hausinn, að þeir, sem að því stóðu, töpuðu allri sinni vinnu, og miklu fé meira að segja. Ég vil treysta því, að hann hafi hér farið með satt mál. En þetta lagaákvæði, sem hér ræðir um, á að setja til þess að fyrirbyggja, að slíkt geti átt sér stað. Þetta dæmi, sem hv. 2. landsk. tók, sýnir, að þörf er á því að setja reglur um það, á hvaða hátt sé heimilt að stofna svona félög. Þetta frv. ræðir um það, að tryggja fyrst og fremst, að ekki sé hægt að stofna samvinnufélög nema með samþykki hlutaðeigandi hlutafélags, og í öðru lagi má ekki heldur stofna samvinnufélög, nema ríkisstj. samþ. það. Þetta finnst mér vera öryggisráðstöfun, sem mér skilst, að hv. 2. landsk. ættu að vera mjög hugþekkar, þar eð þær eru gerðar til þess, að ekki endurtaki sig þetta hörmulega fyrirbæri, sem hann lýsti hér mjög átakanlega.

Hv. 2. landsk. taldi, að í þessu felist þvingunarástand. Ef nokkurt þvingunarástand felst í því, að banna að stofna samvinnufélög án þess að leyfi hlutaðeigandi hlutafélags komi til, get ég ekki annað séð en að það sé alveg réttmæt þvingun.

Hv. 2. landsk. sagði, að ákvæðin um sjóðstofnun væru góð og nauðsynleg, en þetta gæti orðið nokkuð þungur baggi fyrir hlutaðeigandi bæjarfélög. Svo sagðist hann í lok ræðu sinnar geta séð, að þessi sjóður yrði til nokkurs stuðnings. Hvernig er hægt að átta sig á þessari ræðu, þegar hver mótsögnin kemur eftir aðra? Hv. þm. endaði ræðu sína á því að segja, að allt ætti að vera frjálst. Hann vill gjarnan, að heimilað sé að stofna samvinnufélög, er fari á hausinn eins og hann lýsti, hér í Reykjavík eða nágrenni, en hann vill alls ekki, að settar verði skynsamlegar skorður við því, að slíkt eigi sér stað.

Ég hefi lítið svarað ræðu hv. 2. landsk. En að lokum vildi ég aðeins víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm. Hafnf. Hún var mjög hófleg og bar vott um það, sem ég vissi áður, að hann telur, að í raun og veru sé þörf á að hlynna að þeirri hugmynd, sem í þessu frv. felst. En hann óttast, að það sé allt of viðurhlutamikið. Hann

játar, að gott sé, að þessi félög nái yfir landið, en hann heldur, að þetta geti orðið mjög hættulegt fyrir bæina Reykjavík og Hafnarfjörð. Sú skoðun hlýtur að vera byggð á misskilningi, vegna þess að í frv. er það skýrt tekið fram, að ekki sé hægt að stofna samvinnufélag nema viðkomandi bæjarstjórn samþ. það, og af því leiðir, að ekki getur verið um neina hættu að ræða, nema viðkomandi bæjarfélag stofni sér sjálft í hættu.

Í öðru lagi er það byggt á misskilningi hjá hv. þm. Hafnf., að þetta sé ákaflega mikil hætta fyrir bæjarfélögin fjárhagslega. Hann sagði m. a. á þessa leið, en það hlýtur að vera byggt á misskilningi: „Ef allt færi á hausinn með stórtapi, þá yrðu bæjarfélögin að borga brúsann.“ Hv. þm. hlýtur að vera ljóst, að þetta er misskilningur. Það, sem bæjarfélögin eiga að leggja fram til sjóðstofnunar, er 1% á móti aflaupphæð fyrirtækisins, en rekstur fyrirtækisins og afkoma er bæjarfélaginu alveg óviðkomandi. Þess vegna er ekki um mikla fjárhagslega hættu að ræða. Ég gat áðan um, að í þessu frv. er svo frá gengið um þessi félög, ef illa fer, að þá á bæjarsjóður að vísu ekki að fá aftur þessi sjóðstillög, sem *hann hefir innt af hendi á móti 1% af afla fyrirtækisins*. Þessa áhætta er allt og sumt, en meira ekki. Ég verð að segja það, að þó að þarna kunni að vera einhver áhætta fyrir bæjarstjórnir, að ef viðkomandi bæjarstj. álítur, að þeir, sem að því fyrirtæki standa, séu færir um að reka slíkan félagsskap, er sú áhætta ekki mjög mikil.

Ég hygg, að það sé rétt, sem fjöldamargir halda fram, að bæði hér í Reykjavík og öðrum stærri bæjum landsins sé fjöldi fullvinnandi manna, sem ekkert hafa að gera. Ég hefi heyrt, — að vísu getur verið að það sé orðum aukið —, að þess séu ekki fá dæmi, að slíkir menn þurfi að lifa á annara fé, eða m. ö. o. framlagi bæjarsjóðs. Ég veit ekki, hve háar upphæðir þar er um að ræða, en ég gæti hugsað, að þær væru ekki miklu lægri en þótt lögfest yrði þetta 1%, sem frv. fer fram á, að bæjarsjóður leggi í móti aflahluta slíkra fyrirtækja. Ég held því, að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. Hafnf., að varasamt sé að samþ. þetta frv., því að töp eða áhætta fyrir bæjarfélögin ætti hér að vera alveg útilokuð, þar sem viðkomandi bæjarstjórnum er alveg í sjálfsvald sett, hvort þær samþ., að slík fyrirtæki verði stofnuð, eða ekki, og enda þótt svo færi, að bæjarstjórn samþ. það og einhver óhöpp kæmu fyrir, þá gæti ekki verið mikið fé í hættu fyrir bæjarfélagið, þó að fyrirtækið misheppnaðist.

Ég held, að lítill ávinningur verði að því að vísa þessu máli til hæstv. ríkisstj. Að vísu er það kannske mildari aðferð til að gera málið að engu en að fella það með atkvgr. Mér þykir dálítið undarlegt, að afstaða hv. þm. hér í Ed. til þessa máls sé þannig, að þeir telji, að einhver hætta sé á ferðum, ef þetta frv. verður samþ., þar sem svo var ástatt í hv. Nd., að sú d. var nálega óskipt með þessu frv. — Það skal þó tekið fram, að að vísu greiddu kommúnistar og einn eða tveir menn úr þingflokki jafnaðarmanna, sem að líkindum standa næst kommúnistum, atkv. gegn þessu frv. í hv. Nd.

Það, sem fyrir mér vakti með því að láta þetta mál koma fram hér í hv. Ed., var, að ég vildi fá úr því skorið, hvort afstaða hv. dm. væri allt önnur til þess í Ed. en í Nd., því að þar hafði það fylgi langsamlega meiri hl. dm. — Ég mun svo ekki taka aftur til máls um þetta frv., hvort sem aðrir aðilar þykjast hafa ástæðu til þess, þá mun ég láta skeika að sköpuðu, hvernig fer um þetta frv.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti! Ég ætla aðeins að segja örfá orð, ég skal ekki þreyta umr. úr því sem komið er. Hv. 2. þm. S.-M. talaði um, að hann sæi ekki, hvaða hættu væri um að ræða, þó að þetta frv. yrði samþ. Hann skilur málið þannig, en ég varð ekki var við rök í ræðu hans, er réttlætt gætu þetta frv., umfram það, sem hann hefir áður gert. Það kenndi nokkurs misskilnings hjá honum; ég hefi alls ekki ávítað hann fyrir, að þetta frv. kæmi fram, enda er fullkomlega þinglegt að bera það upp nú hér í hv. Ed., því að það er orðinn svo langur tími síðan hv. 2. þm. S.-M. skilaði nál. Ég leit svo á, að málið myndi sennilega koma hér fram, en þar sem jafnmikill ágreiningur var í sjútvn., *sem hafði það til meðferðar, hafði ég ekki búizt* við, að það yrði afgr. (IngP: Ég átti enga sök á því). Það var misskilningur, ég var ekki að ávíta hv. 2. þm. S.-M. fyrir meðferð þessa máls. Um hitt málið er það líka rétt hermt, að það kom hingað til sjútvn. hinn 19. des., en það mál hefir ekki verið tekið fyrir í n. Ég lít svo á, að nauðsynlegt sé, að bæði þessi mál verði athuguð. Ég vil taka undir með hv. þm. Hafnf. um, að þessu máli eigi að fresta. Ég álít rétt, að leitað væri umsagnar hreppstjórna, verklýðsfélaga og bæjarstjórna um það, hvort þær vilji, að lögfesting fari fram á þessu atriði.

Ég vil taka það fram um frv. hv. 6. þm. Reykv. um jöfnunarsjóð aflahluta, að ég tel, að í því væri fólgið töluvert öryggi fyrir alla þá, sem þann atvinnuveg stunda. Um afgreiðslu þessa frv. um hlutarútgerðarfélög er það að segja, að það hefir nú legið fyrir þrem eða fjórum þingum og aldrei fengið byr í hv. Nd., en nú fékk það þá meðferð í Nd., að það var samþ. af einhverri miskunnsemi gegn andmælum minna flokksmanna.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. og 10. landsk. þm. felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSn, ErlÞ, JJós, MG, MJ, SÁÓ.

nei: ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JJ, PHerm, PZ, EÁrna.

2 þm. (ÁJ, BrB) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngP, JJ, PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, HermJ, EÁrna.

nei: MG, SÁÓ, BSn, ErlÞ.

JJós, MJ, ÁJ greiddu ekki atkv.

1 þm. (BrB) fjarstaddur.

2.—17. gr. samþ. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JJ, EÁrna.

nei: SÁÓ[1]), ErlÞ.
MG, MJ, ÁJ, BSn greiddu ekki atkv.
2 þm. (BrB, JJós) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 29. des., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 99. fundi í Ed., 2. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 337, 640).

Sigurjón Á. Ólafsson: Ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að ég mundi bera fram brtt. við 3. umr., sem liggja nú hér fyrir á þskj. 640, fluttar af mér og hv. 10. landsk. þm.

Ég get verið fáorður um þetta mál, þar sem ég gerði allýtarlega grein fyrir afstöðu minni til þess við 2. umr.

1. brtt., a-liður, er við 2. gr. frv., þar sem ég legg til, að í stað 5 menn komi 10 menn, þannig að a. m. k. 10 menn þurfi að vera ásáttir um stofnun slíks félags með sér á hverjum stað til þess að heimilt sé, að það skuli stofnað. Ég tel nokkuð litið, eins og frv. gerir ráð fyrir, að það séu aðeins 5 menn, því það er aðeins undantekning, að bátar séu þannig gerðir út, a. m. k. ef þeir eru af meðalstærð, að á þeim sé ekki nema 5 manna áhöfn. Þetta virðist mér sanngjörn breyt. með tilliti til þess, að í frv. er gert ráð fyrir, að óheimilt sé að ráða fasta starfsmenn hjá slíkum félögum, nema þeir um leið gerist meðlimir í félaginu.

B-liður 1. brtt. ætlast til þess, að hér komi einn aðili til, sem leggi samþykki sitt á stofnun slíks félagsskapar, sem sé verklýðsfélag á félagssvæðinu.

Þeir, sem mest mundu koma til með að eiga undir stofnun og rekstri slíkra útgerðarfélaga, sem hér er gert ráð fyrir, eru vitanlega menn, sem eru í verklýðsfélögunum almennt. Er það því ekki nema eðlilegt, að þessi félög séu ekki stofnuð í andstöðu við vilja þessara verklýðsfélaga. En ég lít svo á, að ef verklýðsfélag á viðkomandi stað telur rétt, að slík tilraun verði gerð að stofna hlutarútgerðarfélag, þá sé ekkert við því að segja. Og ég álít, að verklýðsfélög eigi að hafa jafnmikinn ákvörðunarrétt í þessum málum a. m. k. ekki minni en sveitarstjórnirnar, sem í frv. er ætlazt til, að hafi mikið um það að segja.

2. brtt. mín er við 3. gr. frv. Það má segja, að hún sé að efni til veigamikil, því að þar geri ég till. um, að 3. gr. frv. verði stytt allmikið, og hún er nokkur umorðun á 1. mgr. frv., en sú mgr. frv. gerir ráð fyrir því, að félagar hlutarútgerðarfélags geti þeir einir orðið, sem ráðast hjá félaginu, á skip þess eða í landi. Ég hefi í brtt. minni gert ráð fyrir, að skipverjar yrðu ráðnir upp á hlut. En ég tel ekki heppilegt að setja ákvæði í l. um það, að allir, sem í landi vinna hjá félaginu sem fastir starfsmenn, skuli vera í félaginu. Það má kannske þrátta um það, hvað teljist fastir starfsmenn. En í grg. frv. er gert ráð fyrir, að það sé einmitt verkafólk, sem átt er við með þessu. Ég legg því þann skilning í orðin „fastir starfsmenn", að það sé verkafólk, sem átt er við, bæði karlar og konur, sem vinna við slíkt félag sem þetta í landi. Ég býst þess vegna við, að það gæti orðið allmikill ágreiningur milli hlutarútgerðarfélaga og verklýðsfélaganna um það, hvort ætti að launa verkakonur eða verkamenn, sem t. d. skipa upp salti og fiski o. þ. l. fyrir hlutarútgerðarfélögin, eftir taxta verklýðsfélags á viðkomandi stað eða eftir reglum hlutarútgerðarfélagsins, þannig að það fólk fái hluta úr afla fyrir vinnu sína. Ég legg því til, að þessi 2. mgr. 3. gr. falli niður, en 3. gr. orðist eins og sjá má í brtt. minni.

Ég geri ráð fyrir því í brtt., að inn í þessi hlutarútgerðarfélög megi taka menn, þó að þeir séu ekki virkir þátttakendur, heldur vilji aðeins ganga í félagið af áhuga. En ég álít, að réttur þeirra manna eigi að vera miklu takmarkaðri heldur en þeirra, sem reka fyrirtæki félagsskaparins með það fyrir augum að hafa lífsuppeldi sitt af því.

3. brtt. mín er aðeins viðbót og um, að aftan við 4. gr. frv. bætist, að lögmætum félagsfundi sé heimilt að undanskilja bú látins félagsmanns frá þeirri ábyrgð, sem um getur í 4. gr. frv. og gert er þar ráð fyrir að hvíli á búi látins manns í 2 ár. Ég hygg, að þessi viðbót geti ekki valdið neinum ágreiningi. Í mörgum tilfellum getur það verið svo, að hér sé um blásnautt heimili að ræða, t. d. ekkju með börn, þó að hún kannske eigi lífeyri til ½ árs. Væri í slíku tilfelli harkalegt að ganga að slíkri ekkju með ábyrgðarkröfu til þess að taka af henni, ef hún kynni að eiga eitthvað lítilsháttar sem tryggingarfé, og gera hana þannig blásnauða. Ég vil því setja í þessi l. heimild til að víkja frá þeirri skyldu, svo að hægt sé að undanskilja slík dánarbú, ef um er að ræða. Ég get ekki skilið, að neinn geti verið á móti breyt. eins og þessari, hvernig sem menn annars líta á svona löggjöf.

5. gr. frv. hefi ég orðað um í 4. brtt. minni. Ég hefi að sjálfsögðu gengið inn á, að skipverjar séu ráðnir upp á ákveðinn hlut af afla og það sé greiðsla fyrir þeirra vinnu, en bæti við, að þar sé farið eftir gildandi reglum, sem viðkomandi verklýðsfélag hefir sett á þeim stað um hlutaskipti. Því að sumstaðar hafa verklýðsfélög sett reglur um slíkt. Ég get ekki séð annað en að hlutarútgerðarfélög geti haft sömu reglur um þetta og verklýðsfélögin hafa ákveðið.

5. brtt. mín er við 7. gr., og gengur a-liður út á það, að þær lágmarkstekjur, sem ákveðnar eru í gildandi kauptaxta á viðkomandi stöðum, skuli vera einnig gildandi fyrir þessa útgerð. M. ö. o., ef um slíka lágmarkstryggingu er að ræða, sem algengt er að hafa, til þess að menn þurfi ekki alveg að svelta, ef óhöpp koma fyrir þá, svo að þeir geti t. d. ekki unnið að fiskveiðum í mestu aflahrotunum á vertíðinni, þá skuli hlutarútgerðarfélög greiða ekki minni tryggingu. Þessi trygging er víðast ekki sérlega há; sumstaðar er hún 150 kr. á mán. og sumstaðar 200 kr. á mánuði. Þessar tryggingar hafa verið settar til þess að viðkomandi heimili þyrftu ekki

1) **SÁÓ:** Þar sem ég hefi lýst mig andvígan þeirri stefnu, sem í frv. felst, þá segi ég nei.

að leita til sveitar um hjálp, því að það er hart fyrir menn að þurfa að leita slíkrar hjálpar, meðan þeir eru starfandi menn.

Í b-lið 5. brtt. minnar við sömu gr. (7.) er gert ráð fyrir, að af óskiptum afla sé tekinn 1%, sem leggist í tryggingarsjóð, ennfremur, að jafnmikil upphæð skuli í hann renna frá viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi. En ég álít, að vegna þess að ríkið skiptir sér mikið af þessu máli, þá eigi ríkið að leggja jafnmikla upphæð í þessa sjóði eins og viðkomandi bæjar- eða sveitarfélagi á hverjum stað er gert að skyldu að leggja fram. Með því gæti ríkisstj. hjálpað til þess, að menn þurfi ekki að leita á náðir sveitar- eða bæjarfélaga í þeim tilfellum, sem ég gat um áðan. Ég sé ekki annað en að þetta sé sanngjörn og réttlát krafa.

6. brtt. mín er við 2. mgr. 9. gr. frv., og er um það, að styrktarfélagar í hlutarútgerðarfélögum hafi ekki atkvæðisrétt. Því að eftir frv. eins og það er nú, þá er það alveg sýnt, að styrktarfélagar gætu ráðið öllu fyrirkomulagi í félagsskapnum, og fiskimennirnir sjálfir hefðu þá í raun og veru ekkert um það að segja. Ég tel rétt að heimila mönnum að styrkja svona útgerðarfyrirkomulag, en hinsvegar, að slíkir styrktarfélagar fái ekki neinn möguleika til að ráða lögum og lofum í félagsskapnum, heldur aðeins að vera leiðbeinandi, þannig að þeir hafi tillögurétt og málfrelsi, en ekki atkvæðisrétt. Ég vil í þessu sambandi vitna í l., sem ég held, að séu um verkamannabústaði. Mig minnir, að í þeim l. sé ætlazt til þess, að styrktarfélagar hafi þennan takmarkaða rétt, aðeins málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt. Og er þetta ákvæði sett til þess, að þeir geti ekki orðið ofjarlar hinum eiginlegu virku félagsmönnum. Ég hygg það rétta skoðun, að styrktarfélagar eigi aldrei að geta orðið ofjarlar hinna annara félagsmanna í félögum yfirleitt.

Þá kem ég að ákvæðunum um fundarboðunina. Ég get ekki að öllu leyti fellt mig við þau. Ég get ekki fellt mig við það, að við endurboðun fundar sé hann lögmætur, hversu fáir, sem á honum mæta, svo að nokkrir félagsmenn geti á þann hátt valtað og skraltað með félagið. Ég álít, að ekki sé mikill áhugi fyrir hendi í svona félagsskap, ef ekki fæst í fyrsta skipti helmingur félagsmanna, a. m. k., til að mæta á fundi. Ég sé því ekki, að það sé nein hætta, sem felst í því, að láta það vera reglu, að félagsfundur sé lögmætur, ef helmingur atkvæðisbærra félagsmanna er mættur. Það er líka heldur óvenjulegt að sjá það í l. fram tekið, að hversu fáir félagsmenn í félagi, sem mæti á fundi, þá geti þeir ráðið úrslitum mála.

Þá kem ég að 7. brtt., sem er við 15. gr. Þar geri ég það að till. minni, að þessi félög yrðu látin vera algerlega skattfrjáls, því að ef mönnum er virkilega svona mikill áhugi á að koma slíkum rekstri sem þessum á fót, þá tel ég sjálfsagt að lyfta undir hann með því að undanþiggja hann opinberum gjöldum. Slík hlunnindi myndu áreiðanlega vera bezta ráðið til að koma virkilega fótunum undir slíkan rekstur.

Ég hefi nú lýst mínum brtt. og ég sé ekki, að þær séu þess eðlis, að þeir, sem bera þetta mál mjög fyrir brjósti, geti ekki gengið inn á þær í aðalatriðum. Ég verð hinsvegar að segja það, að ég hefi ekki mikla trú á, að svona útgerðarfélög risi upp í stærri bæjunum. Það má vel vera, að í smærri kauptúnum séu einhverjir, sem vilji reyna svona fyrirkomulag. Ég mun nú sjá, hvernig fer um mínar brtt., og við það miðast svo að lokum mín afstaða endanlega til þessa máls.

***Frsm. 1. minni hl. (Ingvar Pálmason):** Það mætti náttúrlega margt um þessar brtt. hv. 2. landsk. segja, en ég sé enga ástæðu til þess sérstaklega. Það er í fyrsta lagi um þær að segja, að þær eru allar meira og minna til skemmdar á frv., að vísu misjafnlega mikið. Sumar af þeim eru sennilega sprottnar af vanþekkingu, en aðrar af yfirlögðu ráði í yfirboðsskyni. Þetta er og ekki óeðlilegt, þar sem að brtt. stendur sá hluti hv. d., sem vill málið feigt. Ég skal aðeins minnast á örfáar af brtt.

1. brtt. gerir ráð fyrir, að minnst 10 menn geti stofnað hlutarútgerðarfélag, í staðinn fyrir 5 í frv. Nú er það vitað, að mikill fjöldi báta er með færri manna áhöfn en 10 mönnum, og það er ekki sízt fyrir þessa báta, sem löggjöfin er sett. Þessi brtt. hlýtur því að vera borin fram af vanþekkingu, eða þá af einhverjum verri hvötum, sem ég ætla ekki að sé.

Viðvíkjandi b-liðnum er það að segja, að það nær engri átt, að verkalýðsfélögin ráði því, hvort svona félög eru stofnuð eða ekki. Það er fjarstæða ein. Og svo er náttúrlega um flestar till.

Ég skal geta þess út af 3. brtt., að mér þykir hún út af fyrir sig ekkert ósanngjörn, en af því að hún er borin fram af sama hug og hinar till., þá verður hún að sæta sömu meðferð og þær.

Ég ætla ekki að rekja brtt. sérstaklega, en vildi að lokum minnast á 7. brtt. Ég verð að segja, að ég hefi hálfgerða skömm á þessari brtt. Hún er sama kyns og oft verður vart við. Þessir menn vilja svo sem þessum félagsskap allt það bezta. Ég verð að segja það, að ég hefi miklu meiri trú á þessum félagsskap en svo, að ég vilji ljá þessari till. fylgi. Ég hefi þá trú, að hann eigi að verða þess megnugur að greiða sín gjöld, eins og aðrir. Ég ætla svo að láta þetta nægja. Ég gæti tekið hverja brtt. fyrir sig og hrakið hana, en ég álít þess ekki þurfa. Ég legg eindregið gegn því, að nokkur af þessum brtt. verði samþ.

***Bjarni Snæbjörnsson:** Það eru bara örfá orð. — Ég gat þess við 2. umr. málsins, að mér hefði fundizt það miklu réttara, að leitað væri umsagnar viðkomandi kaupstaða um málið áður en það yrði afgr. hér í d., og þess vegna var ég í sjálfu sér mótfallinn því, að málið yrði afgr. á þessu þingi. Enda sé ég ekki, hvað liggur á að afgr. það nú.

Ég ætla ekki að fara að ræða einstakar brtt., en vildi aðeins koma hér að einni skrifl. brtt. við 2. gr., sem er nokkru mildari en till. hv. 2. landsk. Hún er á þá leið, að í stað orðanna „ef 5 menn eða fleiri“ komi „ef að minnsta kosti 5 menn utan kaupstaða og 10 menn í kaupstöðum“. Mér finnst þetta vera heldur meiri trygg-

ing fyrir því, að ekki myndist of mikið af svona félögum í kaupstöðum, sem ég tel annars hæpinn ágóða fyrir kaupstaðina. Ég ætla annars ekki að ræða þetta nánar. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni við 2. umr., og hún hefir ekki breytzt síðan.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. Hafnf., svo hljóðandi: [sjá þskj. 663]. Till. er skrifleg og of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði til þess að hún verði tekin til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.
Afbrigðin leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

***Magnús Jónsson:** Ég var einn af þeim, sem greiddu atkv. með rökst. dagskrá 2. landsk. við 2. umr., og ég verð að segja, að ég á enn, eins og þá, allerfitt með að taka afstöðu til málsins með eða móti og vildi því heldur fá málið afgr. með rökst. dagskrá og óska eftir frekari athugun á málinu, og ég er enn sömu skoðunar. Ég er í sjálfu sér alveg samþ. tilganginum, sem reynt er að ná með frv., sem er sá, að byggja hér upp sérstaklega smærri útgerð á þann hátt, sem reynt hefir verið hér á landi og reynzt farsælt, ég vil segja öldum saman. En þetta fyrirkomulag byggist á gagnkvæmri ábyrgðartilfinningu allra þeirra, sem vinna við þennan atvinnuveg, en ég er ekki viss um, að þetta náist með því frv., sem hér liggur fyrir. Að sumu leyti er ég líka hræddur um, að of langt sé gengið aftur á bak í frv. Mér finnst jafnvel vera of nærri þeim gengið, sem eiga að vinna að þessu, t. d. með ákvæðinu um það, að þeir skuli ráðast upp á hlut án nokkurrar frekari kauptryggingar, fyrr en þá ef safnast í þessa kauptryggingarsjóði, en það fer þá eftir því, hvernig gengur.

Ég skal ekki fara út í einstök atriði frv., enda á það ekki við við þessa umr. En mér finnst samt sem áður, að í þessu frv. séu einstök atriði, sem mér finnst — það er ef til vill af ókunnugleika — að gætu sett allt málið í baklás. Ég vil í þessu sambandi benda á ákvæðið um það, að ekki megi ráða fasta starfsmenn, nema þeir um leið gerist félagsmenn. Mér finnst, að ákvæði eins og þetta geti sett allt málið í baklás, a. m. k. ef l. eru sett í fullkominni óvild verkalýðsfélaganna og sjómannafélaganna, því að þetta getur þá bókstaflega strandað allt á því, að menn vilji ekki ganga í svona félag. **(Rödd af þingbekkjum:** Þá verða þau ekki stofnuð). Vissulega er það satt, sem einhver greip fram í, að þá verða þau ekki stofnuð, en þá ná l. ekki heldur tilgangi sínum, því að hann er vitanlega sá, að félögin verði stofnuð. Ég get því beinlínis ekki tekið undir orð hv. þm. Hafnf. um það, að hann væri hræddur um, ef frv. yrði að l., að menn færu að rjúka saman í hópa og vilja stofna svona félög. Ef félögin eru byggð upp á heilbrigðum grundvelli, þá er áreiðanlega tilgangurinn sá, að útgerðin verði einmitt framvegis rekin með þessum hætti. Ég get þess vegna ekki séð, að það væri neinn ókostur, ef menn rykju til og stofnuðu svona félög. Ég fyrir mitt leyti treysti mér ekki að gera brtt. við þessa gr. þannig, að tilgangurinn náist áfram, en á hinn bóginn sé sigla framhjá þessu skeri, sem ég nefndi.

Augljós örðugleiki á frv. eru ákvæðin um þau gjöld, sem lögð eru á hlutaðeigandi bæjarfélög og hreppsfélög, þar sem þau eru skylduð til að leggja í varasjóði jafnt á móti hverju félagi. Að vísu má segja, að 2. gr. tryggi bæjar- og sveitarfélögin fyrir óhæfilegum útgjöldum í þessu skyni, þar sem þarf samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar til að stofna svona félag, en ég vil benda á það, að aðstaða viðkomandi bæjarstjórnar verður þarna erfið. Við skulum segja, að það sé búið að stofna félög, sem bæjarstjórnin hefir samþ. Svo koma fleiri félög, og þá vex bæjarstj. fjölgunin í augum. Einhverstaðar verða auðvitað takmörkin að vera fyrir því, hvað mörg félög geta orðið stofnuð á þennan hátt. En verður ekki erfitt að skera sundur á réttum stað? Ég bendi aðeins á þetta. Ég treysti mér ekki að gera um þetta brtt., því að þetta verður að athugast miklu nánar áður en till. væru gerðar.

Af þessum ástæðum, að ég viðurkenni fyllilega nauðsynina fyrir þessu máli og þá grundvallarhugsun, sem hefir komið því af stað, þá verð ég að harma það, að mér finnst, að ekki hafi verið leyst þau vandamál, sem leysa þarf í sambandi við það. Og mér fyndist eðlilegt, að svona mál, sem markar að nokkru leyti nýja stefnu, kæmi frá ríkisstjórninni. Ég vil þess vegna gera það að till. minni, að málinu verði vísað til ríkisstj., ekki af neinum fjandskap við málið, heldur aðeins til frekari athugunar.

Hv. 2. landsk. hefir borið hér fram nokkrar brtt. Það getur vel verið, að þær brtt. séu ýmsar til bóta, en samt verð ég að taka undir það með 2. þm. S.-M., að þær muni vera frekar stílaðar til að verða málinu að fótakefli. Ég get sem sagt ekki fallizt á þær. 4. brtt. virðist mér eyðileggja alveg tilgang frv. Tilgangur frv. er augsýnilega sá, að allir, sem við fyrirtækið vinna, beri sameiginlega ábyrgð á rekstrinum og beri úr býtum það, sem hann gefur af sér, því annað er ekki hægt, þegar til lengdar lætur. Það er náttúrlega um stundarsakir hægt að safna skuldum með því að hafa hærra kaupgjald, en til lengdar getur það ekki gengið. 7. brtt. er líka fjarstæða. Ég veit satt að segja ekki, hvernig færi fyrir fjölda mörgum sveitarfélögum, þar sem aðalgjaldendurnir eru einmitt útgerðarfyrirtækin, ef ætti að fara að undanþiggja þá opinberum gjöldum. Ég held, að hv. 2. landsk. hljóti að sjá það sjálfur, að þessi till. getur ekki staðizt. Alveg sama verð ég að segja um aðrar till. hans. Ég kann ekki við þær. Þær breyta frv. ekki til hins betra, nema síður sé.

Ég vil af ástæðum, sem ég hefi nú fram tekið, leyfa mér að bera fram þessa till., um að málinu verði nú vísað til ríkisstj. til frekari athugunar og aðgerða.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég get verið stuttorður. — Hv. frsm., 2. þm. S.-M., reyndi að gera mínar till. tortryggilegar, en satt að segja fann ég nú ekki rökfimina í hans ræðu, þegar hann ræddi um mínar brtt. Hann hefir stundum ver-

ið skeleggari um gagnrýni mála en í þetta skipti, því sannast að segja fann ég ekkert í hans gagnrýni, sem hægt væri að telja rök. Hv. þm. taldi fjarstæðu að miða fjölda félagsmanna við 10 menn og sagði, að það væri fjöldi báta, sem hefði minni skipshafnir. Ég þykist nú dálítið þekkja til um fjölda skipshafna. Ég veit, að „trillur" svokallaðar hafa færri menn. Þessir bátar ganga mjög skamman tíma. Þetta eru bátar, sem sækja stutt og stunda veiðar aðeins þegar bezt er og blíðast. En jafnvel þó að um „trillubáta" sé að ræða, þá hafa þeir oft fleiri menn en 5, því að þeir hafa oft menn í landi til að beita, sem hreint og beint eru skráðir sem hásetar. Færri en 10 menn eru helzt á bátum, sem stunda dragnótaveiðar, en aðeins stöku sinnum á bátum, sem t. d. stunda síldveiðar. (IngP: Eða handfæraveiðar). Handfæraveiðar eru nú að mestu leyti lagðar niður, nema e. t. v. er gripið til þeirra einstöku sinnum. Menn hafa verið að gera tilraunir í slíka átt, en það þýðir ekki að ætla að lifa eins og á gömlum tímum. Menn eru yfirleitt ófúsir að dúlla með eitt og eitt færi í sjó nú á dögum. (MJ: Þeir geta haft þau fimm). Ég held, að maður kannist nú við það, að hafa troll. (MJ: Það getur verið sinn maður með hvert færi).

Hv. 2. þm. S.-M. taldi það fjarstæðu, að verklýðsfélögin hefðu nokkuð um þetta að segja. En þessi hv. þm. hefir aldrei látið þau orð falla í mín eyru öll þau ár, sem við höfum setið saman á þingi, að verklýðsfélagsskapurinn væri ekki sá aðili, sem hefði meira eða minna um það að segja, fyrir hvaða lífskjör hann ynni. En nú ber hann sér það í munn, að þetta komi verkalýðsfélögunum ekkert við. (IngP: Útgerðarmenn eru ekki í verklýðsfélögum). Margir menn, sem stunda árabátaveiðar og aðrar veiðar á smærri skipum, síldveiðar vissan tíma árs o. s. frv., og eru þannig útgerðarmenn í vissum skilningi, eru launþegar aðra tíma árs, á sama hátt og gerist um aðra sjómenn, eiga sömu hagsmuna að gæta og þeir, og eru í verklýðsfélögunum.

Ég þekki það frá fornu fari, þegar rætt hefir verið um hlutarútgerð eða stofnun samvinnuútgerðar, hvert hitamál það vill verða í félagsskap sjómanna. Ég get upplýst, að á ýmsum tímum hefir það valdið miklum átökum í Verkamannafélaginu Dagsbrún og Sjómannafélagi Reykjavíkur, hvort verkalýðsfélög ættu að leggja út í útgerð af eigin rammleik. Ég man það var samþ. fyrir eindregna ósk manna að leggja út í sameignar- og samvinnuútgerð á einum togara. Það var reynt, en nú dettur engum í hug að leggja út í slík félög. Einnig að öðru leyti er málið viðkvæmt í verkalýðshreyfingunni. Að óbreyttu frv. myndi flestum þykja nokkuð á rétt félaganna gengið. Því má ekki gleyma, að þau eru lögfestur aðili í þessum málum, hvað snertir launakjör verðalýðsins, og hafa því sitt að segja, þegar farið er að ýta mönnum út í útgerð. Þó hér sé svo túlkað málið af forvígismönnum frv., að hér sé að eins um smáútgerð að ræða, þá er opin leið til þess, að togarafélög og önnur stór útgerðarfyrirtæki geti skotið öllum togaraflotanum undir það. (IngP: Ef bæjarfélögin leyfa). Ég veit, að það hefir verið tilgangur og stefna flokks hv. 2. þm. S.-M. Sá flokkur hefir alllengi hampað því, að það ætti að koma allri stórútgerð undir hlutaskiptafyrirkomulag. Sá flokkur hefir lengi prédikað þetta bæði leynt og ljóst, og hv. 2. þm. S.-M. tekur undir það, að það ætti að koma á hlutaútgerðarfélögum undir yfirskini smáútgerðar. En Kveldúlfur gæti t. d. komið hverjum einasta togara sínum undir þetta. Ákvæðið um 5 manna áhöfn á hverju skipi er ekki annað en spor í áttina til þess að koma hlutaskiptum á alla útgerðina og þar á meðal kannske á hvern einasta togara. Ég veit, að okkur greinir geypimikið á um þetta atriði og það er svo djúpur stefnumunur milli mín og hv. 2. þm. S.-M., að það er ekkert óeðlilegt, að við deilum.

Þriðja brtt. mín, við 4. gr., segir hv. 2. þm. S.-M., að sé sanngjörn, og hann talaði um, að þarna mætti gera undanþágu, en þó vill hann ekki samþ. brtt. En hversu fátæk ekkja sem í hlut á, er ekki hægt að gera neina undanþágu, nema þetta ákvæði sé í gildandi l., og þess vegna hefi ég borið fram þessa brtt. Ég hefi sannarlega ekki orðið þess var, þar sem ég þekki til, að þeim fátæku og smáu væri hlíft við svona áföllum, heldur gengið að þeim miskunnarlaust.

Um tryggingarsjóðinn er það að segja, að hv. 2. þm. S.-M. vildi telja hlutverk hans að uppfylla þær kröfur, er menn gerðu til lágmarks lífeyris. En ég vil, að ríkið geri sitt til og leggi sjóðnum til fé. Ég tel það heppilegustu leiðina, ef eitthvað verður úr hlutaskiptum, að kauptrygging fáist með framlögum úr þeirri átt. (IngP: Kannske verklýðsfélögin vilji leggja sjóðnum til fé? Þá væru þau orðin aðilar). Þau hafa yfirleitt ekki svo há iðgjöld, að þau gætu lagt mikið af mörkum.

Ég finn ekki rök fyrir því, sem hv. 2. þm. S.-M. vildi meina, að brtt. mín við 5. gr. sýndi yfirlýstan fjandskap minn við frv. En þegar hann segir, að það sé fjandskapur við frv., þá hann um það. Í brtt. 5. gr. frv. segi ég ekki annað en það, að þar sem hlutaskipti eru, verði skipverjar ráðnir gegn ákveðnum hluta af afla, og sé hlutur greiðsla fyrir vinnu þeirra, þó þannig, að þeir sleppi aldrei með minna en gildandi kauptaxti eða samningar verkalýðsfélags á félagssvæðinu ákveða. Mér fundust bæði hv. frsm., hv. 2. þm. S.-M., hv. 1. þm. Reykv. sammála mér um það atriði, að landsmönnum ætti að sleppa úr hlutaskiptum, en þó er ekki samræmi milli hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Reykv. um þetta. Á þeim stöðum, þar sem hlutaskipti eru tíðkuð, gilda um þau ýmsar reglur, og það stendur næst verklýðsfélögunum að semja um þær.

Um það, að 7. brtt. mín sé yfirboð, vil ég taka fram, að þetta stóð einmitt í frv. eins og það var borið fram í upphafi. Var það yfirboð? Hv. 1. þm. Reykv. hefir þegar verið bent á þetta, og ég get nú minnt hann á það líka, að nú hefir stórútgerðinni verið veitt skattfrelsi og að mestu leyti útsvarsfrelsi. Ég get ekki annað séð, en að það eigi að veita smáútgerðinni sömu friðindi og stórútgerðinni, því að það hafa komið óhöpp fyrir hana alveg eins og hina stærri

útgerð, og ekki sízt þegar til þessa félagsskapar yrði stofnað af mönnum, sem yrði að hjálpa til að skapa sér einhverja atvinnu, alveg blásnauðum mönnum, sem ekkert hafa fram að leggja sjálfir til að koma upp útgerðinni og lifa, þar til hún fer að skila arði. Ef þessi útgerð gengur sæmilega vel og sýnir mikinn tekjuafgang, þá koma þarna nýir skattþegnar, sem hægt er að leggja á.

Ég get minnt á samvinnufélögin. Samkv. l. greiða þau aðeins gjald miðað við verð fasteigna sinna. Þetta er gert og talið nauðsynlegt til að tryggja þau gegn allt of mikilli ágengni um útsvarsálagningu af hálfu sveitar- og bæjarfélaga. Ég sé ekki ástæðu til annars en að hið sama gildi um þessi félög. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að svara hv. 1. þm. Reykv. Ég mun greiða atkv. með till. hans um að vísa málinu til ríkisstj. Þó að brtt. minar bættu nokkuð úr, ef samþ. yrðu, skal ég játa, að ég gerði þær á mjög skömmum tíma, og tel þær að vísu allar dálitla lagfæring, en hreint ekki fullnægjandi. Þess vegna get ég fallizt á, að málið eigi að fá þessa afgreiðslu á þessu þingi og bíða næsta þings.

***Magnús Jónsson:** Herra forseti! Það er aðeins örlitið, sem ég þarf að segja viðvíkjandi 4. brtt. hv. 2. landsk. við þetta frv. Ég segi, að það sé óeðlilegt og brjóti raunar í bága við tilgang þessa frv., ef á að fara að ákveða, að hlutargreiðsla verði miðuð við gildandi kauptaxta eða samninga verklýðsfélaga. Mér er það alveg ljóst og fullkunnugt um, enda þótt ég sé ekki sérstaklega kunnugur þessum málum, og ekki nærri eins og hv. 2. landsk., að það eru víða til samningar einmitt viðvíkjandi hlutarparti og tryggingarfé, og ef á að fara að tryggja þetta, sé ég ekki, hvað er unnið með þessu frv., þó að l. verði. Hver er þá eiginlega bótin? Ég sé ekki, að hún sé nein. Menn skipuleggja sig í hlutarútgerðarfélög til þess að fá skattfrelsi. Ég vil alls ekki ganga inn á það, sem hv 2. landsk. sagði, að með því að samþ. ekki þessa till., sé verið að vinna að því, að hlutarútgerðarfélögin yrðu sett skör lægra en aðrir í því plássi. En nú er það svo, að menn eru í fullu frelsi að mynda slík félög. Þeir setja sig þá sjálfir skör lægra en aðrir. Þeir, sem stofna hlutarútgerðarfélög, koma inn sem sjálfstæðir atvinnurekendur og geta fengið minna en annars, en þeir geta líka fengið meira. Þetta er rétt eins og að selja síldarverksmiðjunum afla sinn fyrir fast verð, eða selja fyrir lægra verð, en eiga von á uppbót á eftir, og þá verða menn að velja um það, hvað þeir vilja leggja í hættu, hvort þeir vilja fá meiri borgun út í hönd, eða minni borgun út í hönd og hafa von um meira síðar. Þannig myndi það verða yfirleitt, að menn yrðu að treysta á sinn hlut, verði þetta frv. samþ. Ég sé ekki betur en að það sé tilgangur frv., og hv. 2. landsk. færði engin rök fram móti því í sinni ræðu.

Þá ætla ég að segja nokkur orð viðvíkjandi skattfrelsi útgerðarfélaga. Samkv. þeim l., sem nú gilda um opinber gjöld togaraútgerðarinnar, eru útgerðarfélögin laus við tekjuskatt, og heimilað að undanþiggja þau frá útsvari, en það er sitt hvað, frelsi frá útsvari eða heimild til að vera undanþegin útsvari, og enginn myndi vilja skipta á því slétt. Þar við bætist, að þegar þessi heimild hafði verið veitt, voru línu bátum og mótorbátum einnig tryggð þessi sömu réttindi, en þá tókum við burt ákvæðin um útsvör, því að við treystumst ekki til að svipta bæjar- og sveitarfélög tekjustofnum meira en orðið er. Hvað viðvíkur mótorbátaútgerðinni og heimild til að undanþiggja hana frá útsvari, þá væri það ekki vegna þess, að við vildum setja hana neitt lægra, heldur vegna þess, að það stendur öðruvísi á um togaraútgerðina, sem aðeins er rekin frá örfáum kaupstöðum, aðeins fjórum kaupstöðum á landinu, og algerlega unnt að sjá, hvaða áhrif það muni hafa að veita henni undanþágu frá útsvari. En bátaútgerðin er rekin kringum allt land og fjöldi sveitarfélaga lifir algerlega á þessari útgerð, bæði allur þorri manna í sveitarfélögunum og sveitarfélögin sem heild. Það voru þessar ástæður, er urðu þess valdandi, að við treystum okkur ekki til að láta alveg sömu reglu gilda fyrir smábátaútgerðina sem fyrir togaraútgerðina; við sáum enga leið til að samþ. það. Ef till. hv. 2. landsk. yrði samþ., gætu sum sveitarfélög orðið algerlega uppiskroppa. En þessi hv. þm. fór ekki út í það, hvernig hagur sumra sveitarfélaga myndi standa, ef öll útgerðin yrði komin í hlutarútgerðarfélög og sveitarfélögin stæðu uppi tekjulaus. En sá góði maður talaði um tryggingarsjóð, en hvaðan á að taka fé í þann sjóð, ef engir greiða útsvör? Ég veit að hann sér það nú.

Mér þótti vænt um þá till. hv. 2. landsk., að vísa málinu til ríkisstj., og mun greiða atkv. með henni og vildi óska, að hv. dm. samþ. hana. Ég er alveg sannfærður um, að það er bezt fyrir málið sjálft, sjálfsagt hverjir sem eiga sæti í ríkisstj. Sú ríkisstj. sem nú situr, er samsteypustj. og verður að gæta hagsmuna allra þeirra aðila, er eiga hagsmuna að gæta í þessum efnum. Við höfum sýnilega alveg nóg af frv., og það þýðir ekki að setja svona l. alveg í trássi við verkalýðshreyfinguna. Ekki er hægt að setja l. um þetta í beinni andstöðu við verklýðsfélögin, því að jafnvel þó menn héldu, að þetta væri nytsamlegt, þá myndu menn ekki rjúfa sín samtök, ef þau væru á móti því. Þess vegna á hæstv. ríkisstj., sem sérstaklega er skipuð mönnum úr þessum flokkum, að koma sér saman um frv., sem væri mögulegt að samþ. Geti hún það ekki, skulum við taka til okkar ráða og sjá til, hvað við getum sett upp af sjálfsdáðum. Það, sem ég vil segja, er, að ég held, að hv. 2. landsk. hafi alveg rétt fyrir sér í því, að vilja vísa frv. til ríkisstj.

***Frsm. 1. minni hl., (Ingvar Pálmason):** Ég vil byrja á því að taka það fram, að ég tel brtt. frá hv. þm. Hafnarf. þess eðlis, að það getur verið, að sumir geti rökstutt það, að ekki þurfi að saka neitt, þó að hún yrði samþ., og tvímælalaust tel ég hana miklu réttari en brtt. hv. 2. landsk. Það er nauðsynlegt, að lágmark verði sett viðvíkjandi hinum smærri útgerðar-

stöðum, og ég tel það ekki neina verulega skemmd á frv., þótt sú brtt. kæmist á.

Að því er snertir ræðu, hv. 2. landsk. sé ég ekki ástæða til að svara henni nema einu. Þótt hann bæri sig borginmannlega og segðist vera kunnugur útgerð við strendur landsins, og eftir ræðu hans að dæma, myndu vist fáir þm. vera þeim málum kunnugri en hann, þá held ég, að fáir séu jafnvel ókunnugri smábátaútgerðinni úti um land en hann. Ég ætla að taka fram eitt dæmi. Handfæraveiðar voru áður góðar og gildar, enda mun hv. 2. landsk. vera vel kunnugt um það, því að hann er gamall skakmaður. En hann segir að handfæraveiðar séu nú orðnar úreltar, en þær hafa þó verið talsvert stundaðar á undanförnum árum, og við Austurland eru eingöngu stundaðar veiðar með handfærum 7—8 mánuði af árinu. Það er engum vafa bundið, að fjöldi manna hefir grætt á þeim, og er auðvelt að staðfesta það. Ég get gefið hv. 2. landsk. þær upplýsingar, að á Austurlandi hafa tvö sveitarfélög verið í uppgangi nú hin síðari ár og bæði sjávarpláss. Samkv. kenningu hv. 2. landsk. er vafasamt hvaða ávinningur væri að stunda þar veiðar, því að þar eru fiskveiðar stundaðar á smábátum eingöngu með handfærum, bæði við Djúpavog og Stöðvarfjörð. Ég verð að telja, að ég sé manna bærastur að dæma um þetta, og tel ég, að ég muni hafa mesta þekkingu á sjávarútgerð á Austurlandi, og a. m. k. miklu betri þekkingu en hv. 2. landsk., sem ekki veit um það, að í vissum hlutum landsins eru enn stundaðar handfæraveiðar með mjög góðum árangri, og miklu fleiri verstöðvar er stunda þær veiðar en aðrar, t. d. Vattarnes, Hafnarnes, og margir úr Neskaupstað, og eina útgerðin, sem hefir borið sig síðustu árin þar, er einmitt handfæraveiðar á smábátum. Ég hygg að einn maður, sem hefir stundað handfæraveiðar frá Neskaupstað einn á bát, hafi að jafnaði fengið milli 40—50 skp. á vertíð, og hefir þó engan bátsmann í landi. Ég vildi láta þetta koma fram, til þess að hv. 2. landsk. þurfi ekki að halda, að hann sé eini maðurinn hér, sem tali af viti og þekkingu um þessi mál. Þeir, sem eru málum kunnugir, telja, að þeir menn, sem hafa lagt afla sinn í íshús, hafi hagnazt vel. Maðurinn, sem ég nefndi, hefir þannig fengið 1400 kr. fyrir 14—15 skip. af fiski. Þetta er töluverð útgerð miðað við það, sem á sér stað víða annarstaðar á landinu, og það er alveg áreiðanlegt, að þessir menn lifa við talsvert skárri kjör heldur en margir halda, sem ekki þekkja nægilega til, og ég held, að engan skorti þá þekkingu meira en hv. 2. landsk., sem þarf til að dæma um, hvaða atvinnuvegir séu úreltir og hverjir ekki. Hann endurtekur sífellt þá kenningu, að það sé lífsnauðsyn fyrir verklýðsfélögin að hafa eitthvað um þetta að segja, og mér heyrðist, bæði á hv. 2. landsk. og hv. 1. þm. Reykv., að þeim fyndist varasamt að setja l. um þetta efni í trássi við verklýðsfélögin. Ég er þar á alveg gagnstæðri skoðun; ég tel, að verklýðsfélögin hafi ekkert um þetta að segja, vegna þess að þetta frv. er þannig uppbyggt, að þessi félög eru alveg óviðkomandi verklýðsfélögunum og kauptöxtum þeirra, og þarna verða menn aðeins að gera það upp við sig sjálfa, hvort þeir vilja vera í þessum félagsskap eða ekki. Ég held, að það sé alger misskilningur, að þetta mál snerti á neinn hátt verklýðsfélögin.

Ég held, að úr því að ég og hv. 1. þm. Reykv. erum sammála um, að eðlilegast sé, að hver einasti maður, sem í atvinnugreininni vinnur, eigi afkomu sína sem mest komna undir því, hvernig fyrirtækinu vegnar, sé rétt að samþ. frv. Hitt er auðvitað, að þeir, sem hugsa ekki um neitt annað en að tryggja, að aldrei sé unnið nema fyrir fullt taxtakaup, líta öðrum augum á málið.

Þó að víst sé, að taka eigi upp hlutaskiptingu, sem verkalýðsfélögin ákveða, þá verð ég að segja, að ég lít svo á, að það sé ástæðulaust vegna þess, að hlutaskipti eru svo misjöfn, eins og gefur að skilja, þar sem um er að ræða allar stærðir af bátum, allt frá þeim, sem ekki eru á nema 3 eða 4 menn, upp í togara, sem á eru um 30 menn. Það er ómögulegt að búa til nokkurn viðeigandi taxta. Það verða þessi félög að finna út sjálf, enda er þeim langbezt trúandi til þess, en ekki verkalýðsfélögunum, sem ekki hafa annað fyrir augum en að þeir, sem þessa atvinnu stunda, beri sem mest úr býtum. Ég álít, að rök hv. 1. þm. Reykv., um, að þessu máli beri að vísa til ríkisstj., séu ekki rétt. Ég vil láta það fylgja frá mínu sjónarmiði, að ef svo skyldi fara, að þessu máli yrði vísað til ríkisstj., og ef hún skyldi undirbúa frv. eitthvað líkt þessu fyrir næsta þing, þá verði skýrt tekið þar fram, að ekki eigi að fara með fjárhag þessara félaga eingöngu eftir þeim skoðunum, sem koma fram hjá verkalýðsfélögum, og að þessi félög eigi að vera alveg fyrir utan verkalýðsfélögin.

Það var meira vit í rökum þeim, sem komu fram hjá hv. þm. Hafnf., að bæjarstjórnirnar ættu að athuga þetta, því bæjar- og sveitarstjórnir eru með þessum l. gerðar aðili, enda er sá varnagli sleginn í frv., að ekki megi stofna slíkan félagsskap nema með samþykki hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, svo að ef bæjarstjórn er mótfallin fyrirkomulagi félagsins, þá samþykkir hún ekki neitt félag innan bæjarfélagsins.

Ég get nú látið útrætt um þetta mál, og látið skeika að sköpuðu, hvernig fer um afgreiðslu þess. Ég sé enga þörf á að vísa því til ríkisstj., því það er ekki annað en töf. Ég held, að málið sé nú komið í það horf, að ekki séu á því stórvægilegir gallar, þótt auðvitað geti verið á því einhverjir gallar, sem mér eru duldir. En ég segi fyrir mig, að ég mun greiða atkv. á móti því, að málinu verði vísað til ríkisstj.

*__Sigurjón Á. Ólafsson__: Þetta skal verða stutt aths. Ég ætla ekki að fara að svara hv. frsm. í aðaldráttum frekar en ég hefi gert, en það er þessi metingur okkar á milli um handfæraveiðar. Hann er nú nokkru eldri maður en ég, svo það má vera, að hann hafi það meiri þekkingu á málinu en ég, sem hans ár eru fleiri en mín.

Ég hefi alls ekki tekið af um,, að til væri handfæraveiðar í landinu, en þær eru stundaðar á þeim tíma, sem hluturinn er lakastur, og

það mundi enginn fara að stofna félagsskap eins og þann, sem hér er gert ráð fyrir, upp á handfæraveiði eina saman.

Hv. þm. var svo heppinn að finna tvo staði á Austurlandi, sem ég ekki vissi um, þar sem handfæraveiði er stunduð. Um það skal ég ekki deila, en ég hefi tal af mörgum fiskimönnum, sem koma í bæinn, og ég fylgist eins vel og hann með þeim veiðiaðferðum, sem tíðkast um allt land.

Ég vil bæta því við, að þegar út koma skýrslur um, hvernig fiskveiðin hafi verið hvert líðandi ár, þá byggi ég það á skýrslum Fiskifélagsins, með hvaða tækjum veiðin hafi verið stunduð, og ég hefi ekki getað orðið var við, að það væri nema hverfandi lítill hluti, sem handfæraveiðar væru stundaðar.

Ég á ekki kost á að ferðast inn á hverja vík og hvern vog allt í kringum landið til að athuga, hvort menn séu þar úti með lóð sína eða dragnót, en hvort handfæraveiðar eru yfirleitt stundaðar, kemur ekki þessu frv. við, því það verða ekki stofnuð hlutaútgerðarfélög um handfæraveiðar. Það er áreiðanlega ekki tilgangur flm. Þetta frv. er hugsað lengra fram í tímann. Þessu fyrirkomulagi er hugsað að ná yfir stórútgerðina, að svo miklu leyti, sem hægt er að þvinga menn inn á þessa braut.

Forseti (EÁrna): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hafði komið að máli við hæstv. forseta um, að vegna fjarveru eins hv. þm. vegna lasleika hans yrði málinu frestað, og hafði hæstv. forseti góð orð um, að hann myndi a. m. k. geta frestað atkvgr., þótt umr. yrði ekki frestað. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að atkvgr. verði a. m. k. frestað það lengi, að hægt sé að grennslast um, hvort maðurinn á þess nokkurn kost að koma.

Forseti (EÁrna): Ég get orðið við þeim tilmælum að fresta atkvgr. til næsta fundar, en ég mun ekki geta frestað henni aftur á morgun, þótt einhver hv. þm. kunni þá að vera veikur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 100. fundi í Ed., 3. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Till. frá 1. þm. Reykv. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 9:7 atkv.

Brtt. 640,1.a felld með 9:2 atkv.
— 663 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 640,1.b felld með 11:3 atkv.
— 640,2 felld með 9:3 atkv.
— 640,3 felld með 8:5 atkv.
— 640,4 felld með 10:3 atkv.
— 640,5.a felld með 9:3 atkv.
— 640,5.b felld með 9:3 atkv.
— 640,5.c felld með 9:3 atkv.
— 640,6 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ.

nei: PZ, ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JJ, MJ, PHerm, EÁrna.

JJós, MG greiddu ekki atkv.

Brtt. 640,7 felld með 12:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv. og endursent Nd.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 680).

Á 101. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Finnur Jónsson: Ég vildi leyfa mér að óska þess, að umr. um málið yrði frestað um stundarsakir, með því að ég hafði hugsað mér að leggja fram brtt., en ekki unnizt tími til að ganga frá henni.

Forseti (JörB): Ég vil verða við tilmælum hv. þm. Ísaf. og fresta umr. um stundarsakir.

Síðar á fundinum var fram haldið einni umr. um frv.

Finnur Jónsson: Hæstv. viðskmrh. var að tala um það, að það væri einkennilegt, að nokkur skyldi kveðja sér hljóðs um þetta mál nú. Ég segi fyrir mitt leyti, að mér þætti það harla einkennilegt, ef þetta mál gengi gegnum d. án þess að nokkur kveddi sér hljóðs, jafnvel á þessum tíma sólarhringsins. Það er sjálfsagt alveg einstakt, að ég hygg, ef það á að fara að setja það inn í löggjöf, sem ætlazt er til að standi í mörg ár, ef til vill, að réttur verkamannafélaga og sjómannafélaga til að ákveða kaup og kjör sé af þeim tekinn, eftir að búið er að setja um það ákvæði í vinnulöggjöfina, að félög verkamanna hafi þennan rétt.

Þegar þetta mál hefir verið hér til umr., hefir verið bent á, að í því eru ákvæði um, að hlutarútgerðarfélög skuli ráða menn til sín gegn ákveðnum hluta af aflanum, og ennfremur, að veiðarfæra- og beitukostnaður skuli greiðast af óskiptum afla. Nú er það vitanlegt, að þar sem hlutaskipti eru, þá er hvergi dreginn frá veiðarfærakostnaður af óskiptum afla. Slíkt lagafrv. kemur því í bága við þá samninga, sem annars gilda alstaðar á landinu, þannig að þó að ekki væri annað en þetta, þá gengi þetta fyrirkomulag á rétt sjómannafélaganna til þess að ákveða kaup og kjör.

Ég vil í trausti þess, að ríkisstj. hafi meint eitthvað með þeim yfirlýsingum, sem hún gaf hér á Alþingi um það, að það sé aðeins vegna styrjaldarástandsins, sem ríki nú, að Alþ. eftir tilmælum ríkisstj. hafi nú samþ. breyting á l. um gengisskráningu, þannig að kaupgjald verður nú lögboðið í eitt ár, en að ekki sé ætlunin, að ríkið ákveði kaupgjaldið til frambúðar, leyfa mér að lýsa brtt., er ég legg fram við þetta frv. Ég hefi því miður ekki getað borið þessar till. öðruvísi fram en skrifl., þar sem þetta frv. er alveg nýkomið aftur til d.

1. brtt., sem ég hefi leyft mér að gera við frv., er á þá leið, að 5. gr. orðist svo:

„Í hlutarútgerðarfélög séu skipverjar ráðnir

gegn ákveðnum hluta úr afla, og sé hlutur greiðsla fyrir vinnu þeirra, þó aldrei lægri en gildandi samningur milli útgerðarmanna og sjómannafélags á staðnum ákveður, eða taxti sjómannafélags, ef samningur er ekki til".

Með þessari brtt. er loku fyrir það skotið, að þetta frv. gangi svo þvert ofan í nýlega gefnar yfirlýsingar ríkisstj. eins og 5. gr. þess gerir nú.

Í 7. gr. þessa frv. segir, að í samþykktum hlutarútgerðarfélags skuli vera ákvæði um tryggingarsjóð, er hafi það markmið, að tryggja félagsmönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur eftir ákvæðum í reglugerð, sem félagið setur. Ennfremur segir, að sú reglugerð skuli vera samþ. af bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem félagið á heima, og staðfest af ríkisstj. Það er m. ö. o. svo, að ákvæðin um lágmarkstekjur eiga fyrst og fremst að vera samþ. af bæjar- eða sveitarstjórn og svo ríkisstj., en ekki af sjómannafélagi, þar sem slík félög eru starfandi. Þessi gr. gengur einnig berlega í bág við vinnulöggjöfina og nýgefnar yfirlýsingar ríkisstj. Það er því tvisvar sinnum í þessum sömu l. verið að vega að sjómannafélagsskapnum í landinu.

Ég vil nú leyfa mér að gera tilraun — og vitanlega er það síðasta tilraunin í þessari hv. d. — til þess að samræma þetta frv. við gildandi löggjöf í landinu og nýlega gefnar yfirlýsingar ríkisstj. á þann hátt, að leggja fram brtt. við þessa gr. Hún er við 7. gr., að 1. málsgr. orðist svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í samþykktum hlutarútgerðarfélags skal vera ákvæði um tryggingarsjóð, er verja skal til þess að tryggja sjómönnum, sem vinna hjá félaginu, lágmarkstekjur samkv. 5. gr." — Ég skal svo ekki frekar fjölyrða um þetta atriði.

Ég vil geta þess, að í 9. gr. er ákvæði um atkvæðarétt á félagsfundi, sem er mjög óljóst. Flm. þessa frv. vildu halda því fram við fyrri umr. þessa máls í hv. d., að ætlazt væri til, að sama regla gilti um atkvæðisrétt í þessum félagsskap og samvinnufélögunum, þannig, að enginn maður gæti farið með nema eitt atkv. En þegar 7. gr., sem ákveður um atkvæðisrétt félagsmanna, er athuguð, þá kemur það í ljós, að í henni er hvergi neitt ákvæði um það, að enginn félagsmaður megi ekki fara með nema eitt atkv. Þetta vantar því í frv. Þetta frv. er að því leyti verr úr garði gert en hlutafélagal., því þar eru sett takmörk fyrir því, hvað mörg atkv. einn maður megi fara með á félagsfundi. Í þessu frv. eru engin takmörk fyrir því, hvað einn maður megi fara með mörg atkv.

Til þess að bæta úr þessu og færa það í samræmi við það, sem flm. ætlast til, þó þeir hafi ekki borið gæfu til að orða fyrirætlanir sínar nógu skýrt, þá hefi ég leyft mér að leggja fram brtt. við 9. gr. frv., að á eftir næstsíðasta málsl. 2. málsgr. komi: og má enginn félagsmanna fara með nema eitt atkvæði.

Ég lýsti að öðru leyti minni afstöðu til þessa frv. við fyrri umr. á þann hátt, að ég taldi þetta frv., ef að l. yrði, ganga fram gegn vilja sjómannafélaganna í landinu, og þar sem ýmislegt í því væri beinlínis til að skerða réttindi sjómannafélaganna, þá myndi þetta frv., þó að l. yrði, ekki koma að gagni, því fyrsta skilyrðið til þess, að það komi að gagni, er, að einhverjir sjómenn vilji verða til þess að stofna slík félög. En ég tel litlar líkur til þess, eins og frv. er nú úr garði gert.

Ég er þess vegna mótfallinn frv., en hefi þó viljað gera þær tilraunir, sem ég hér hefi lýst til þess að gera frv. þannig úr garði, að það bryti ekki í bága við vinnulöggjöfina. Ennfremur hefi ég gert tilraun til þess, að frv., ef að l. yrði, færi ekki alveg þvert ofan í nýgefnar yfirlýsingar ríkisstj.

Forseti (JörB): Mér hafa borizt skriflegar brtt. frá hv. þm. Ísaf., sem hann nú hefir lýst. Það þarf tvennskonar afbrigði til þess að till. megi taka til meðferðar á fundinum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 706) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Þetta frv. fékk athugun í sjútvn. þessarar hv. d. fyrst á þinginu, og voru þá 4 af 5 nm. fylgjandi því, að frv. væri gert að l., en formaður n., hv. þm. Ísaf., lagði til, að það yrði fellt. Frv. átti að fagna fylgi mikils meiri hl. þessarar hv. d. og hefir nú komið hingað aftur frá hv. Ed., sem gerði á því smávægilegar og mjög þýðingarlitlar breyt.

Út af því, sem hv. þm. Ísaf. sagði um málið, og þeim brtt., sem hann hefir borið fram við það, þá vil ég benda á, að mér virðist allt, sem hann sagði um málið, á megnum misskilningi reist. Hann heldur því fram, að það komi í bág við gildandi vinnulöggjöf. Það sér hver maður, að slíkt hefir ekki við rök að styðjast. Hvað sem vinnulöggjöf líður, þá eru vitanlega allir menn frjálsir að því að vinna hjá sjálfum sér, án þess að gera um það sérstaka samninga við sjálfa sig. Hér er aðeins um það að ræða að mynda ramma eða grundvöll, til þess að byggja á frjáls samtök sjómanna um útgerð, þar sem menn vilja starfa á þeim grundvelli. Þegar þessi hlutarútgerðarfélög verða vinnuveitendur, eins og getur komið fyrir samkv. 3. gr., þá verða þau háð öllum þeim almennu reglum, sem gilda á hverjum stað, og verða að semja við utanfélagsmenn, eins og aðrir atvinnurekendur. Meðan í félagi starfa einungis félagsmenn, þá nær það vitanlega engri átt, að þeir séu háðir vinnulöggjöfinni og þurfi að gera samninga við sjálfa sig um kaup og kjör. Þeir gera samninga og setja sínar reglur um það, hvernig þeir skipta arðinum, en það kemur engum öðrum við en þeim sjálfum, svo það er ekki hægt að tala um brot á vinnulöggjöfinni í því sambandi.

Út af því, sem hv. þm. sagði um 7. gr., sem hann hefir borið fram brtt. við, að það væri óeðlilegt, að reglur um lágmarkstekjur væru samþ. af bæjar- eða sveitarstjórnum eða ríkisstj., þá er því til að svara, að það er gert ráð fyrir, að bæjar- eða sveitarstjórnir leggi fram fé á móti félagsmönnum í tryggingarsjóði, og virðist það sjálfsagt, að slíkar byrðar séu ekki

lagðar á nema bæjar- eða sveitarstjórnir samþ. það. Þetta er svo sjálfsagt mál, að það ætti ekki að geta orðið ágreiningur um það.

Loks er það, sem hann sagði um 9. gr., að hún væri svo óskýrt orðuð, að það þyrfti að breyta henni. Hann taldi í því sambandi, að einn félagsmaður gæti farið með svo og svo marga hluti í félaginu. En það eru engir hlutir í þessum félögum, því það er ekki gert ráð fyrir, að þetta séu hlutafélög, svo það er hvorki um fáa eða marga hluti að ræða. Hver einstakur félagsmaður greiðir aðeins örlitla upphæð, 10 krónur, í varasjóð. Það er því misskilningur, að það þurfi að breyta 9. gr., því það er alveg ljóst, eins og frv. er nú, að allir félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt. (FJ: Hvar stendur það?). Hvar stendur, að hann sé ójafn? Þessar brtt. eru fram komnar til þess að reyna að koma fleyg inn í málið á síðustu stundu og reyna að eyðileggja það með því að hrekja það milli d. Sú síðasta er óþörf og hinar beinlínis hættulegar málinu.

Hv. þm. Ísaf. sagði, að lögin kæmu ekki að gagni, ef þau væru sett gegn vilja sjómanna í landinu. Mér er nú ekki kunnugt um vilja sjómanna almennt. En hitt er víst, að frv. tekur ekki af þeim neinn rétt, þó það verði að l. Hver einasti sjómaður getur verið laus við að ganga í slíkt félag. Hann getur verið í sjómannafélagi og tekið þar upp samninga við atvinnurekendur eins og tíðkast. Frv. er þannig byggt upp, að þar er aðeins að ræða um ramma fyrir þá, sem vilja nota sér þetta, eins og þegar menn starfa á frjálsum félagsgrundvelli. Það eru engar skyldur lagðar á neinn mann um að hagnýta sér þessa löggjöf. Það er enginn, sem skipar sjómönnum að ganga í slík félög, ef þeir vilja það ekki sjálfir.

Ég vil fastlega vænta þess, að hv. þd. felli þessar brtt. hv. þm. Ísaf. og samþ. frv. eins og það kom frá hv. Ed.

Finnur Jónsson: Ég vildi fara nokkrum orðum mótmæli hv. þm. V.-Húnv. Ég get sagt um þau, að þau eru byggð á miklum misskilningi, og þá einkum þeim misskilningi, að hann virðist ekki skilja — því ég vil ekki ætla honum, að hann geri það vitandi vits — að hann er hér að koma með lagafrv., sem gengur í bág við réttindi, sem þegar hafa verið samþ. til handa sjómannafélögum.

Hv. þm. sagði, að sjómenn eigi ekki að vera að semja við sjálfa sig, þar sem þeir eigi allir í félaginu og ætlazt er til, að þeir séu allir eigendur. Ég tók nokkur dæmi af þessu við fyrri umr. hér í hv. d. og benti m. a. á, að ef slík félög verða stofnuð, við skulum segja á skipum, þar sem 10 önnur skip eru fyrir í verstöð, og við skulum segja, að áhafnirnar á þessum 5 skipum setji sér taxta og setji sjálfum sér kjör, sem eru öll önnur og ef til vill miklu lægri en gilda á öðrum skipum í verstöðinni, þá væri vitanlega um leið búið að brjóta niður þann sjómannafélagsskap, sem starfar í þeirri verstöð. Við skulum segja, að á þessum 5 skipum starfi 60 manns, sem ekki er ólíklegt. Hv. þm. V.-Húnv. segir, að þessir 60 menn séu allir eigendur og þurfi ekki að vera að semja við sjálfa sig um kaup og kjör. Við skulum segja, að þessir menn eigi allir jafna hluti í félögunum, sem stendur þó hvergi í þessu frv., en þá á enginn þeirra meira en 1/60 hlut í þessum félögum. Hvernig getur nú hv. þm. V.-Húnv. sagt, að þessir menn séu að semja við sjálfa sig, þar sem enginn þeirra getur sagt til um sín kjör nema að 1/60? Hv. þm. segir, að þeir eigi enga hluti í þessum félögum. Meinar hann þá, að þessi félög séu sameign á svipaðan hátt og samvinnufélögin. Ef hann meinar það, þá er hann enn betur búinn að sanna það, sem ég hefi haldið fram í þessu máli. Það er vitanlegt, að þó meðlimir samvinnufélaganna vinni hjá sínu félagi, hvort heldur er sem sjómenn eða verkamenn, þá gera þeir eigi að síður samninga við samvinnufélögin í gegnum sín verkamanna- eða sjómannasamtök. Ef það er líka meining hv. þm. V.-Húnv., að þarna sé um að ræða samskonar atkvæðisrétt og í samvinnufélögunum, þá er hann enn betur en áður búinn að sanna mitt mál um það, að full þörf sé á, að þarna sé farið eftir venjum verkamanna- og sjómannafélaga um kaup og kjör. Ég hefði gaman af, ef hv. þm. gæti bent mér á einhvern stað á landinu, þar sem verkamenn, sem vinna hjá samvinnufélagi, telja sér ekki jafnframt nauðsynlegt að vera í verkamannafélagi á staðnum til þess að fá samninga um kaup og kjör gegnum það hjá því sama samvinnufélagi, sem þeir eru í.

Með því móti, að halda því fram, að eign í þessum félagsskap eigi að vera nákvæmlega sú sama og hjá samvinnufélögum, þá er hv. þm. V.-Húnv. búinn að sanna betur en hann hefir gert áður, að það er full þörf á að breyta þeim ákvæðum, sem ég hefi lagt til, að breytt verði, til þess að frv. komi ekki í bág við nýgefnar yfirlýsingar 3 ráðh. úr þeirri stj., sem nú fer með völd.

Það myndi þykja einkennilegt í samvinnufélögunum, ef bæjar- eða sveitarstjórn eða ríkisstj. ætti að ákveði mönnum þar lágmarkstekjur. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. V.-Húnv. myndi ekki þykja það sérlega góð breyt. á samvinnul., ef komið væri með till. um það, að hreppsstjórn eða ríkisstj. skyldi ákveða bændum í samvinnufélögunum lágmarksverð fyrir þeirra afurðir, eins og hv. þm. gerir ráð fyrir að þessu leyti í frv. sínu, að gert verði, að ríkisstj. eða bæjarstjórn ákveði tekjur verkamanna og sjómanna, sem vinna í þessum félögum.

Um atkvæðaréttinn þarf ég ekki að fjölyrða. Hv. þm. sagði, að það væri hvergi í gr., að einn maður mætti fara með mörg atkv. Það stendur ekki heldur, að einn maður megi ekki fara með fleiri en eitt atkv. Meðan það er ekki, þá er full þörf á að setja það í gr., enda ætti hv. þm. ekki að vera það á móti skapi, þar sem hann heldur því fram, að atkvæðisrétturinn sé bundinn við persónu, en ekki eign í félögunum.

Frsm. meiri hl. (Skúli Guðmundsson): Það er eins og ég hefi áður sagt, byggt á misskilningi, að verið sé að þvinga menn í slíkan félagsskap.

Út af því, sem hv. þm. sagði síðast, þar sem

hann var að vitna í samvinnul. og starfsemina þar og talaði um það, hvernig mér myndi líka, ef hreppsfélögin ættu að ákveða hámarksverð á afurðir bænda í samvinnufélögunum, þá kemur það þessu máli ekki við. Ég veit ekki til, að í ráði sé, að bæjar- eða sveitarsjóðir leggi samvinnufélögunum til fé, eins og gert er ráð fyrir í þessu sambandi.

Finnur Jónsson: Ég vildi spyrja hv. þm. V.-Húnv., hvort hann teldi eðlilegt, ef samvinnufélögin nytu styrks til einhverrar starfsemi frá bæjarsjóðum eða ríkissjóði, að bæjarstjórnir eða ríkisstj. ákveði þá um kaup og kjör bænda. Reyndar má segja, að samvinnufélögin njóti vissra hlunninda, bæði hjá bæjarsjóðum og ríkissjóði, þar sem er að ræða um skattfrelsi þeirra. Myndi hv. þm. þá, ef einhver kæmi með till., sem gengi freklega í þá átt að takmarka rétt bænda, annaðhvort í gegnum bæjar- eða sveitarstjórnir eða ríkisstj., vegna þessara hlunninda, álít hana réttláta?

ATKVGR.
Brtt. 706,1 felld með 16:9 atkv.
— 706,2 felld með 16:8 atkv.
— 706,3 felld með 15:9 atkv.
Frv. samþ. með 18:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BjB, EE, EystJ, GÞ, HelgJ, JÍv, JPálm, PHann, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, TT, ÞBr, BÁ, JörB.
nei: EOl, EmJ, FJ, HG, HV, ÍslH, ÓTh, PHalld, VJ, ÁÁ.
GSv. JakM greiddu ekki atkv.
3 þm. (GG, SK, BJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 707).

80. Framfærslulög.

Á 64. fundi í Ed., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breytingar á framfærslulögum nr. 135 frá 31. des. 1935 (þmfrv., A. 302).

Á 66. fundi í Ed., 22. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og getið er um í grg. þessa frv., þá er það flutt eftir beiðni minni og þannig til komið, að skipuð var 3 manna n. 28. sept. síðastl. til þess að athuga framfærslulögin. Þar var lögð áherzla á, á hvern hátt bezt væri að létta hinum mikla framfærsluþunga af sveitar- og bæjarfélögum landsins. Segja má, að þau séu flest að því komin, og sum alveg, að sligast undir hinum mikla framfærsluþunga. Í nefnd þessa voru skipaðir Bjarni Benediktsson prófessor, Sverrir Gíslason oddviti og Jón Brynjólfsson skrifstofustjóri. N. starfaði í samráði við eftirlitsmann sveitarstjórnarmálefna, Jónas Guðmundsson, og auk þess hafði hún sér til ráðuneytis 2 menn aðra, sinn frá hvorum bænum, Reykjavík og Hafnarfirði, þá Ólaf Sveinbjörnsson fulltrúa framfærslumála í Reykjavík og Friðjón Skarphéðinsson bæjarstjóra í Hafnarfirði. Þessari n. var sérstaklega falið að athuga þau frv., sem samin voru síðastl. vetur af nokkrum oddvitum og fulltrúum bæjarstjórna, sem skipaðir voru til þess að athuga svipuð mál. En fá af þeim frv., sem þessir menn hafa samið, hafa verið lögð fyrir Alþingi, heldur send n. til athugunar, og þær ekki flutt þau. Nefnd þessi hélt fundi á hverjum degi í langan tíma, og niðurstaðan af starfi hennar er svo þetta frv., sem flutt er hér af allshn.

Eins og stendur í grg., tók n. það til rækilegrar athugunar, hvort ekki mætti breyta framfærslulögunum þannig, að gera landið að einu framfærsluhéraði, en með framfærslul. frá 1935 virðist þetta hafa verið ætlunin. Með stofnun jöfnunarsjóðs, samkv. l. frá 1935, má einnig sjá vott þessa nýmælis. Þessi sjóður var stofnaður til að jafna framfærslukostnað milli héraða *eftir reglum, sem settar voru um það í þá gildandi framfærslulögum.*

Nefndin, sem mál þetta hefir flutt, komst að þeirri niðurstöðu, að í raun og veru væri með stofnun jöfnunarsjóðs, sem aukinn hefir verið síðustu ár, að nokkru leyti gengið í þá átt, að gera landið að einu framfærsluhéraði. Mætti segja um skipulag þeirra mála, að það yrði einskonar ríkisstj., sem réði öllum framfærslumálum, og einn sjóður, sem borgaði út framfærslustyrkinn. N. sá ekki ástæðu til að gera neinar sérstakar breytingar, hinsvegar hefir hún athugað, hvort ekki væri rétt að taka upp af nýju sveitfestitímann, sem afnuminn var með framfærslulögunum frá 1935. Meiri hl. n. var á móti því. Þær raddir komu fram í n., að ekki væri óeðlilegt að ákveða einhvern sérstakan sveitfestitíma. Í stað þess byggði n. í höfuðatriðum á grundvelli þeim, sem lagður var með framfærslul. 1935, en gerði á þeim verulegar breyt., sem miða í þá átt, að reyna að synda fyrir það, að eitt framfærsluhérað geti velt af sér framfærsluþunganum yfir á annað. Það hefir þótt koma í ljós á síðari árum. Í annan stað virtist n. rétt að setja ríkari valdboð í hendur sveitarstjórna, vegna þessa að framfærsluþunginn í sumum sveitar- og bæjarfélögum var orðinn svo mikill, að nauðsyn þótti, að sveitarstjórnirnar hefðu frjálsari hendur til skynsamlegra framkvæmda, sem orðið gæti til þess að draga úr framfærsluþunganum. Í þriðja lagi er í þessu frv. lagt til, að ríkissjóður beri ábyrgð á og greiði meira en áður eftir framfærslulögunum.

Segja má 3 höfuðatriði í þessu frv. Í fyrsta lagi, að ekki sé hægt að velta af sér þyngslunum yfir á önnur sveitarfélög, þannig að menn, sem flytjast búferlum milli héraða og eiga sveitaframfæri í sínu byggðarlagi, geti ekki unnið sér sveitfesti í nýju framfærsluhéraði fyrr en eftir ákveðinn tíma. Nokkur önnur ákvæði eru líka gerð, sem miða að sama marki í frv., t. d. er ákvæði um rannsókn á þeim ástæðum, sem liggja til flutnings manna milli héraða, ef þeir, sem flutt hafa, koma á framfæri í hinu nýja byggðarlagi. Þetta miðar að því að koma í veg fyrir, að gerðar séu ráðstafanir í því héraði,

sem maðurinn flutti frá, í því skyni að senda hann í annað byggðarlag, ef ótta við, að hann kynni að þurfa á framfærslustyrk að halda. Um aukið vald sveitarstjórna eru nokkur ákvæði í þessu frv. Meðal annars um það, sem kann að vísu að vera vafamál, hvernig skilja beri framfærslulögin frá 1935, ef mönnum væri vísað á vinnu, ættu þeir ekki rétt á sveitarstyrk. Það getur verið vafa bundið og óvíst um, hvort hægt sé að vísa mönnunum til vinnu utan síns framfærsluhéraðs. En n. fannst, eins og atvinnuháttum hagar til á Íslandi, það ekki eðlilegt, að það væri eingöngu vinna innan framfærsluhéraðsins, sem hægt væri að vísa mönnum á, heldur öll forsvaranleg vinna, sómasamlega borguð, hvar sem er á landinu. Eins og allir vita, stafar oft hinn mikli flutningur manna milli héraða af ýmsum atvinnuháttum. Fjöldi fólks streymir til Norðurlands yfir síldveiðitímann, til þess að stunda vinnu bæði á sjó og landi, og í verstöðvarnar sunnanlands leitar einnig fjöldi manna úr öðrum héruðum. Því þykir n. eðlilegt, að heimasveit synji þeim atvinnulausu mönnum og þurfalingum um sveitastyrk, sem ekki þiggja þá vinnu, sem í boði er. Það eru ýms önnur atriði, sem má segja, að auki vald sveitarstjórna yfir mönnum, sem gefizt hafa upp í lífsbaráttunni og treysta sér ekki til að sjá sér farborða sjálfir. Það kann að orka tvímælis, hvað langt eigi að ganga í þeim efnum. Virðist mér ekki ósanngjarnt, að þegar menn gefast upp, af hvaða ástæðu sem er, sérstaklega menn, sem eru fullvinnandi, að þá hafi hlutaðeigandi sveitarstjórnir, sem þyngslin hafa af þeim, vald til þess að sjá þessum mönnum farborða með vinnu, annaðhvort innan sinnar sveitar eða annarstaðar. Reynslan hjá öllum sveitarfélögum hér á landi sýnir, að fátækraframfærið er okkur dýrast. Það vill líka oft verða svo, að þeir, sem hætta að sjá fyrir sér sjálfir, missa oft talsvert af sínum fyrri manndómi. Þeir gefast alveg upp, leggja árar í bát og láta svo skeika að sköpuðu. Nauðsynlegt er að gera allar hugsanlegar ráðstafanir, til þess að benda slíkum mönnum á einhverja útvegi til að geta bjargað sér sjálfir, enda er það þeim sjálfum fyrir beztu. Ég tel það í raun og veru rétt hugsað, hvort sem breytingar á þessum lögum, eins og þær liggja fyrir, nái þeim tilgangi, að sveitarstjórnir séu hvattar til þess á allan hátt að reyna að sjá um, að fullvinnandi menn þurfi ekki að vera á opinberu framfæri, heldur eigi annars úrkosta og fái tækifæri til að bjarga sér sjálfir.

Loks er þriðja atriðið, sem ég gat um, að væri höfuðatriðið í þessu frv. En það er, að ríkið ber ríkari ábyrgð á greiðslum, sem ein sveitin endurgreiðir til annarar. Það þótti við brenna áður en nýju l. komu, að ef eitt sveitarfélag teldi til skuldar hjá hinu, þá reiknaði sveitarfélagið, sem skuldina átti, hana einskis virði. Eins og ég sagði áður, er nokkru ríkari ábyrgð lögð á hendur ríkissjóði í þessum efnum.

Ég ætla hér ekki að fara út í einstök atriði þessa frv., aðeins benda á þessi 3 höfuðatriði og þann tilgang, sem hugsað er að ná með frv. Hér er um að ræða mikið alvörumál og þarf að þræða milli skers og báru, hvort sem það tekst fyllilega með frv. Má vel vera, að sum atriði frv. orki einhvers tvímælis, og er rétt, að hv. d. athugaði það rækilega og kæmi með till., sem miðað gætu til bóta, og fyrir mitt leyti, er ég fús til þess að ræða skynsamlegar brtt., sem fram kynnu að koma.

*__Brynjólfur Bjarnason__: Ég hefi hér í þessari hv. d. tvisvar sinnum flutt frv. um breytingar á framfærslulögunum, en þetta frv. hefir aldrei komizt lengra en til 2. umr. og n. Ég sé það, þegar nú hefir verið flutt af hæstv. ríkisstjórn frv. um breyt. á framfærslul., þá hefir ekki verið tekið nokkurt tillit til þeirra till. til umbóta, sem í því frv. voru. Ég ætla ekki að ræða hér frekar um það, aðeins minnast á aðalatriðið í því frv., en það var, að landið yrði gert að einu framfærsluhéraði. Ég er sannfærður um, að það fæst aldrei nein lausn þeirra vandamála, sem frv. það, sem hér liggur fyrir, á að bæta úr, nema landið verði gert að einu framfærsluhéraði. Ég sé, að hér hefir verið stigið skref til baka, eins og oft hefir átt sér stað á öðrum sviðum hin síðari ár. Það hafa verið stigin spor til baka, hvert á fætur öðru, til þess að skerða umbótalöggjöf, sem samþ. var á Alþ. 1936. Má nefna sem dæmi iðnaðarlöggjöfina, öryggi á sjónum, o. s. frv. En þetta skref til baka, sem hér hefir verið stigið, er að nokkru leyti það að innleiða sveitfesti fyrir menn, sem orðið hafa að þiggja framfærslustyrk síðustu 2 ár áður en þeir fluttu til þeirra staða, sem þeir dvelja í. Annað atriði, sem horfir til baka, er það, sem fram kemur í 21. gr. l., þar sem sveitarstjórnum er gefið meira vald yfir styrkþegum. Nú er ekki svo að skilja, að ég líti svo á, að ekki sé nauðsyn til þess, að sveitastjórnir hafi það vald að geta bent styrkþegum á sómasamlega vinnu, jafnvel þó að hún sé fyrir utan viðkomandi framfærslusveit, en af þessu síðasta getur stafað allmikil hætta. Það eru engin takmörk fyrir því, hvaða afleiðingar það gæti haft, að skylda styrkþega til að vera í vinnu utan sinnar heimilissveitar; það getur þýtt upplausn heimilisins og jafnvel leitt til hjónaskilnaðar. Honum er skipaður staður meðal annars flokks manna. Þá er heldur ekki um það spurt, hvort sú vinna, er sveitarstjórn úthlutar framfærslustyrkþega, sé greidd samkvæmt taxta verkalýðs- og sjómannafélaganna eða annara stéttarfélaga. Nei, úrskurður lögreglustj. í hverri framfærslusveit er um það látinn einn ráða og ríkisvaldinu er á þann hátt gefið fyllsta tækifæri til kaupgjaldsbrota.

Eina leiðin, sem fær er til þess að losna við agnúa og ófremdarástand framfærslumálanna, er að gera landið allt að einu framfærsluumdæmi. Með því móti er hægt að rétta við hlut þeirra sveitarfélaga, sem núna stynja undir þunga fátækraframfærslunnar. Þá fyrst er hægt að tryggja réttlæti í þessum málum og verða sveitarfélögunum að raunverulegu liði, ef öllum framfærslukostnaði landsins er jafnað niður á framfærslusveitirnar eftir efnum og ástæðum. Alþfl. hefir allt fram til ársins 1936 barizt fyrir þessari lausn framfærslumálanna, sem ég hér

hefi bent á. Og það er óneitanlega dálitið einkennilegt, að Alþfl. skuli nú vera horfinn frá hinni einu réttlátu, raunverulegu og viðunanlegu lausn þessara mála.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég hefi í raun og veru fátt að athuga við ræðu háttv. 1. landsk. En þó var aðallega eitt atriði í ræðu háttv. 1. landsk., sem mér þykir hlýða að eyða nokkrum orðum að, en það voru ummæli hans um nauðsyn þess, að landið yrði allt gert að einu framfærsluhéraði.

Það er skoðun mín, að hér sé nú orðið í raun réttri um formsatriði að ræða og um það, hvaða aðferð skuli beitt til að gera allt landið að einu framfærsluhéraði, því að eins og kunnugt er, var þegar með framfærslulögunum 1935, með afnámi sveitfestitímans, og með ákvæðum laga um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga gengið inn á þá braut, að gera landið allt að einu framfærsluhéraði. Og í frv. því, sem hér liggur fyrir, er með hinum nýju ákvæðum um jöfnunarsjóðinn stigið enn eitt spor í sömu átt. Ég fæ því ekki annað séð en að landið sé þegar orðið allt eitt framfærsluhérað, þótt ekki sé það í því formi, sem háttv. 1. landsk. virðist hafa svo mikið dálæti á.

Þá taldi háttv. 1. landsk., að styrkþegar hefði enga tryggingu gegn ofríki, er sveitarstjórnir gætu beitt þá í þeim tilfellum, er ákvæði 21. gr. laganna um vinnuskyldu kæmu til greina. En þetta er með öllu rangt, eins og auðsætt er af því, að styrkþegi getur, ef hann er óánægður með vist sína eða vinnu, lagt fram kæru til lögreglustjóra framfærslusveitarinnar, en hann verður að leita álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélagsins á staðnum, áður en hann leggur á úrskurð sinn. Í annan stað getur styrkþegi skotið úrskurði lögreglustjóra til ráðherra. Þar er því falin enn ein trygging gegn hugsanlegu ofríki, og það er ekki að efa, að gangskör yrði gerð að því að stemma stigu fyrir hverskyns ofbeldi gegn styrkþegum af hálfu lögregluvaldsins.

*Brynjólfur Bjarnason: Staðhæfing hæstv. félmrh., að jöfnunarsjóðurinn gerði í raun og veru landið allt að einu framfærsluhéraði á ekki við rök að styðjast, því að þrátt fyrir sjóðinn heldur áfram hinum gamla hnotbíting milli sveitarfélaganna út af fátækraframfærinu. Ég held því fast fram, að ákjósanlegasta lausn þessa máls sé að gera landið allt að einu framfærsluhéraði með því skipulagi, að þurfamannakostnaður sveitar- og bæjarfélaga verði greiddur úr einum allsherjarsjóði, eins og ég þegar hefi stungið tvisvar sinnum upp á hér í þessari háttv. deild og eins og Jón heitinn Baldvinsson hafði gert á undan mér hér á Alþingi.

Ekki get ég heldur fallizt á, að ákvæði 21. gr. laganna gefi styrkþegum mikla tryggingu gegn gerrræði og misrétti við framkvæmd þeirra. Þvert á móti er stjórninni gefið gífurlegt vald yfir styrkþegum, lífi þeirra og örlögum. Auðvitað er þetta líka matsatriði, en reynslan hefir sýnt, að styrkþegar hafa verið beittir fantaskap og ofríki.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Frv., sem hér liggur fyrir, horfir til bóta, en hinsvegar er mér það ljóst, að þegar rædd er um það, hvor lausnin sé betri, sú, sem tekin er með þessu frv., eða hin, að gera landið allt að einu framfærsluhéraði, þá er það vandasamt mál að skera úr að svo stöddu.

Ef haldið er áfram með jöfnunarsjóðsfyrirkomulagið, þá er tekið upp skipulag án skorða. Einstaka sveitarfélög geta farið með fé ríkissjóðs eftir vild. Til þessa hefir ekki verið hægt að reisa skorður við misnotkuninni og heldur ekki hefir verið hægt að fá heildaryfirlit yfir fátækramálin. Eins og fátækraframfærslan er nú með jöfnunarsjóði og hnotbíting sveitarfélaga á milli, þá verður að taka öll þessi mál til athugunar og nákvæmrar rannsóknar.

Við umræðurnar í þessari háttv. deild hefir ekki verið minnzt á það atriði, sem ég tel höfuðkost frv. Þar á ég við það fyrirkomulag, að hægt verður að nota vinnukraft þann, sem afgangs verður á einum stað á landinu, til hagnýtingar á þeim stöðum, þar sem hörgull er á vinnuafli, það er eitt hið þýðingarmesta atriði í félagslegum, í sósíölum efnum, að menn, sem geta unnið, þurfi ekki að ganga auðum höndum. Það þarf varla að útlista það nánar, að atvinnuleysið er ein hin mesta bölvun manna nú á tímum. Atvinnuleysingjunum sjálfum er það fyrir beztu, lífi og afkomu þjóðarinnar ríður á, að vinnulausum mönnum verði ráðstafað til vinnu, þar sem hennar er þörf og þar sem skortur er á vinnuafli.

Ætlun frv. er því að taka upp kosti þess skipulags, er gerir landið allt að einu framfærsluhéraði. Frv. mun færa mönnum reynslu í framfærslumálunum, og þegar allt kemur til alls, þá er það reynslan, sem sker úr að lokum um það, hvert verður fyrirkomulag fátækralöggjafarinnar í framtíðinni. Hinu skal ég ekki neita, að allmikill mótþrói er víða gegn því að flytja menn úr stað til vinnu. En þess er þá líka að gæta, að það er ömurleg tilhugsun, er menn ganga iðjulausir í sumum plássum og stöðum í landinu á sama tíma og aðrir landshlutar fá ekki að gert fyrir sakir fólkseklu. Það er hættulegt að halda áfram á þeirri braut.

Loks vil ég fara nokkrum orðum um það atriði 21. gr. laganna, þar sem segir, að skjóta megi úrskurði lögreglustjóra til ráðherra. Ég álít, að dómsúrskurðurinn sé betur kominn í höndum lögreglustjóra en að málinu sé vísað til ráðh. Dómsúrskurðurinn verður að vera almennur, skoðaður frá almennu sjónarmiði. Ef málið er lagt undir ráðherra, þá er hætt við, að þessa almenna sjónarmiðs verði ekki gætt, því að ráðh. koma og ráðh. fara, eins og kunnugt er. Hinar mismunandi skoðanir ráðh. munu því marka dómsúrskurðinn, en ekki almennar forsendur. Framkvæmd laganna yrði því eins mismunandi eins og skoðanir ráðh. eru mismunandi. Þessu ákvæði laganna ætti því að mínu áliti að breyta, og ég vil beina því til þeirrar nefndar, sem á að fjalla um þetta mál, að taka þetta til athugunar, því að fólkið heimtar, að það sé dæmt eftir almennu réttlæti. En ráðh., sem treysta á eigið réttlæti, mega ekki gleyma því,

að á eftir þeim koma aðrir ráðh. Ég vil svo endurtaka það, að frv. er mjög til bóta og gefur grundvöll að nýrri reynslu.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Frv. þetta er gert sem tilraun til nýsköpunar á sviði framfærslulaganna. Það er spor í áttina að einu framfærsluhéraði og þetta spor var þegar að nokkru leyti stigið með lögunum frá 1935.

Ég vil aðeins gera nokkrar aths. við ummæli hæstv. forsrh. viðvíkjandi lokaúrskurði út af kærum þeirra styrkþega, sem vísað hefir verið til vinnu. Hæstv. forsrh. taldi það vafasamt, hvort heppilegt væri, að lokaúrskurðurinn væri hjá ráðh. En við því er það að segja, að ef lokaúrskurðurinn væri hjá lögreglustjórunum, þá myndi hinn staðarlegi mismunur framfærslusveitanna skapa mjög mismunandi sjónarmið í dómsúrskurðum. En hinsvegar hefir mér dottið í hug, hvort ekki mætti setja á stofn landsdómendur fyrir land allt, er kveðið gæti upp lokaúrskurði í þeim ágreiningi, er upp kynni að koma milli sveitarstjórna og styrkþega. Með slíku fyrirkomulagi yrði það tryggt, að sami mælikvarði yrði notaður um land allt. Og ég leyfi mér að skjóta því til háttv. deildar, hvort slík tilhögun væri ekki heppileg.

*Brynjólfur Bjarnason: Þegar ræða er um það, hvort landið eigi allt að vera eitt framfærsluhérað eða ekki, þá er ekki að ræða um orð, heldur um innihald. Þegar ég tala um allt landið sem eitt framfærsluhérað, þá á ég við fyrirkomulag, þar sem sveitarþyngslin komi hlutfallslega jafnt niður á sveitarfélögunum, þrátt fyrir það, að ómegðin hjá þeim sé mismunandi mikil. Þetta er ekki tilfellið eins og nú er ástatt, því að sveitarþyngslin koma mjög mismunandi hart niður á hinum einstöku sveitarfélögum.

Hæstv. forsrh. vildi fá reynslu fyrir því, hvort hægt væri að flytja vinnukraftinn til í landinu, þetta kvað hann vera eitt þýðingarmesta atriði frv. Það er augljóst mál, að hér ber enn þá meiri nauðsyn til þess, að tryggilega sé frá því gengið, að þetta sé ekki misnotað af hálfu stjórnarvaldanna. En þetta er ekki gert. Eins og l. eru nú, er hægt að vísa styrkþegum á vinnu, sem greidd er undir taxta verkalýðsfélaganna. Það er hvergi minnzt á það, að þessi vinna skuli greidd með þeim taxta. Úrskurður er hér einungis hjá lögreglustjóra og svo hjá ráðh., sem sízt er trygging fyrir, að geti verið réttlátur, heldur þvert á móti. Þetta gæti orðið til þess, að styrkþegar væru notaðir sem ódýrt vinnuafl, og það til þess að brjóta niður taxta verkalýðsfélaganna.

Hvað segja menn um það, að úrskurður eigi að vera hjá lögreglustjóra um það, hvert kaup og kjör annara verkamanna en styrkþega eigi að vera. — fyndist mönnum tryggilega gengið frá kaupinu og kjörum verkamanna með því móti?

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Hv. 1. landsk. sagði, að hann hefði fengið það út úr orðum mínum og hæstv. forsrh., að aðalatriðið og kannske eina tilraunin til endurbóta, sem lægi í þessu frv., væri 21. gr. En frá mínu sjónarmiði er það ekki einungis 21. gr., heldur margar aðrar gr. þessa frv., sem eru tilraun til þess að koma betur fyrir framfærslumálunum í landinu. En það má vel vera, að 21. gr. frv. sé kannske merkilegust, vegna þess að með þeirri gr. er sérstaklega verið að miða að því, að í stað þess að veita styrkþegum peninga eða mat, sé reynt að útvega þeim, sem vinnufærir eru, vinnu. Það álít ég rétta tilraun til úrlausnar á þessu vandamáli. Og það ætla ég, að hv. 1. landsk. geti orðið mér sammála um, að það mundi verða ósk allflestra þeirra manna, sem leita aðstoðar bæjar- og sveitarfélaga vegna atvinnuleysis, en eru vinnufærir, að þeir gætu fengið vinnu í stað þess að fá sveitarstyrk. Það má alltaf deila um það, hvernig sé tryggast um þetta búið, þegar menn þurfa að biðja um hjálp til þess að lifa. Það er ekki min till., að lokaúrskurður sé hjá ráðh. heldur nefnd. Ég teldi það mjög heppilegt, að einhver landsdómur fjallaði um það mál.

Hv. 1. landsk. taldi það mikinn galla að gera landið að einu framfærsluhéraði, ef fara ætti að flytja menn úr einni sveit í aðra til þess að fá vinnu, og jafna framfærsluþunga yfirleitt eftir einhverjum ákveðnum hlutföllum. Það má lengi deila um það, hvernig eigi að jafna þessum þunga niður. En þegar athuguð er þessi höfuðeinkenni, að landið sé eitt framfærsluhérað, þá hefir þeim í flestum atriðum með l. 1935 verið náð, á meðan ekki er skert sú meginregla, sem slegið var fastri 1935, að menn eigi framfærslurétt þar, sem þeir eru staddir, þegar þeir þurfa á framfærsluhjálp að halda. En þótt menn flytji úr einni sveit í aðra, losnar samkv. frv. viðkomandi sveit ekki við að greiða með styrkþega; er það gert til þess, að sveitir eða bæjarfélög hrindi ekki af sér með einhverjum ráðum þeim sveitarþunga, sem á þeim hvílir. Og þarna á að vera náð höfuðatriðum þess, að landið sé eitt framfærsluhérað. En aðalatriðið er í raun og veru til staðar með ákvæðum þeim, sem nú eru í gildi og farið er fram á nú með nokkrum breytingum.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Hv. 1. landsk. sagði, að það væri yfirlýst, að þetta frv. væri undirbúningur undir víðtækari breyt. Ég mun hafa sagt eitthvað á þá leið, að með þessum l. gæti skapazt sú reynsla, sem leiddi til þess, að einhverjar breyt. yrðu gerðar á framfærslul., og að ég vildi rannsaka, hvort nægilegt væri að finna leið til þess að gera landið að einu framfærsluhéraði.

Ég vil undirstrika það, að það er alveg tvennt, ólíkt, sem vakir fyrir okkur í þessu máli. Það sem hv. þm. tekur fram, að hafi aðallega vakað fyrir sér, er aðeins eitt, að framfærslubyrðin komi jafnt niður eftir efnum og ástæðum á sveitarfélögin í landinu, og svo ekki neinar umbætur að öðru leyti. (BrB: Jú, jú!) Það sagði hv. þm., að væri meginatriði í þessu máli. En mér finnst það einn höfuðkostur þess (BrB: Ég get bara ekki séð leiðina til þess að fyrirbyggja gallana), að hafa landið eitt framfærsluhérað, að það séu meiri möguleikar til þess að skipta vinnu á milli héraða með því að flytja vinnukraftinn til á milli héraða, ekki

með þvingun, heldur með frjálsum flutningi, sem framfærslul. eru nú byrjuð að fyrirbyggja. Ég ætla ekki að fara nánar út í þetta, en ég man ekki betur en að hjá sumum þjóðum sé svo fyrir mælt, hvað margt fólk megi vera við atvinnu á hverjum stað, og hver borg megi ekki fara yfir vissa stærð. Og þó ekki sé gengið svo langt, þá er ekki hægt að neita því, að það er mjög háskasamlegt eins og er í nokkrum bæjarfélögum, án þess að ég telji upp nokkur sérstök, að þar er fátækraframfærið orðið mikið, en ekki sjáanlegt, að á þeim stöðum séu möguleikar til þess að skapa framtíðaratvinnu fyrir það fólk, sem þar býr, með neinum skynsamlegum ráðum. Og á þá að leyfa þessu fólki að vera þar og jafnvel að festa það þar með fjárframlögum, að það verði að vera þar kyrrt og framfært af sínu sveitarfélagi, eins og nú er í Reykjavík eftir að jöfnunarsjóður kom, þótt þar séu ekki atvinnumöguleikar fyrir fólkið. (**BrB**: Skaffa því bara vinnu annarstaðar). Það er nú það, sem verið er að fara fram á.

Það er alltaf vandi að taka einstök dæmi, og það er kannske ekki rétt að gera það, en ég býst við, að með þeirri fólksfjölgun, sem er í Reykjavík, geti orðið ákaflega erfitt að útvega vinnu við framleiðslu, sem geti staðið undir því, að afkoma bæjarins geti orðið sæmileg; en jafnhliða því vantar vinnukraft annarstaðar. Um það, hvað ég á við með þessum flutningum, þó að ekki sé talað um þvingunarflutninga, skal ég nefna dæmi.

Þegar útmældar voru lóðir hér nálægt Reykjavík, þá vildu margir fá þær. En þótt þetta fólk vilji rækta þarna og setjast þarna að, þá fær það það ekki, því Seltjarnarneshreppur á landið. Og samkvæmt l. verður hann að samþ., að fólkið fái landsetu, og hann hefir ekki leyft þessu fólki að eiga þar heima. Þetta fólk fær ekki að búa í sveit, þótt það óski þess. Það eru æðimargir, sem ég þekki, sem vilja flytja út í sveit og fá sér jörð til þess að búa á, en sveitarfélögin hafa þá keypt þær jarðir til þess að koma í veg fyrir, að menn flyttu þangað, vegna hræðslu við að þyngdist fátækraframfærið í sveitarfélaginu. Fátækral. eru farin að standa í vegi fyrir, að menn flytji sig á staði, þar sem atvinnumöguleikar eru fyrir hendi fyrir þetta fólk.

Þetta vakti fyrir mér, þegar ég taldi, að það væri rannsóknarefni, hvort ekki væri rétt að hafa landið allt eitt framfærsluhérað. Og með þeim ákvæðum, sem í frv. felast, ef það verður að l., mun skapast reynsla, sem hægt verður að byggja á.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég kvaddi mér ekki hljóðs til þess að taka þátt í þeim umr., sem fram hafa farið um mál þetta. En ég vildi aðeins fyrir hönd allshn. geta þess, að hún hefir flutt þetta mál eins og það er fram komið fyrir hæstv. félmrh., án þess að gagnrýna frv. á nokkurn hátt eða kynna sér það til hlítar. Enda hafa einstakir nm. tjáð í grg., að þeir hafi óbundnar hendur um einstakar gr. og jafnvel um afstöðu til frv. í heild. En ég tel rétt að taka það fram viðvíkjandi meðferð þessa máls, að það er það stórt, að sjálfsagt verður n. að fá tíma til að athuga einstakar gr. og efni frv. áður en málið er tekið til 2. umr.

Ég vildi beina því til hæstv. forseta, að hann vildi hafa samvinnu við n. um það, hvenær málið er tekið á dagskrá, með þetta fyrir augum. Ennþá hefir n. ekki unnizt tími til að fara gegnum frv. og gera þær breyt., sem hún óskar. Vildi ég, að málinu væri ekki svo hraðað, að n. geti ekki gert þær breyt., sem henni þykir þurfa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 68. og 78. fundi í Ed., 24. nóv. og 7. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 79. fundi í Ed., 8. des., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 302,n. 374, 375).

***Frsm. (Ingvar Pálmason)**: Nokkru eftir að þing kom saman eftir þinghlé, barst allshn. frv. þetta frá félmrh. með ósk um, að n. tæki það til flutnings. N. áleit sjálfsagt að verða við þessum tilmælum, en þar sem mjög var áliðið þings, taldi n. réttara að láta athugun á frv. bíða þangað til eftir 1. umr. Áskildu nm. sér rétt til að bera fram brtt. við frv.

Þegar 1. umr. fór fram, gerði félmrh. allýtarlega grein fyrir frv., og hæstv. forsrh. einnig. Ég sé því ekki ástæðu til annars en halda mig að mestu innan ramma þingskapanna og ræða aðallega einstakar gr. frv. að þessu sinni, þótt nauðsynlegt sé að fara nokkrum orðum um aðalstefnu þess. Geri ég það til að skýra afstöðuna til þeirra brtt., er fram koma frá mér.

Nú undanfarið hafa verið allháværar raddir uppi um það að gera landið allt að einu framfærsluhéraði. Ég skal strax játa, að ég hefi alltaf verið þeirri stefnu andvígur, og falla undir þá skoðun margar stoðir, sem ég ekki kæri mig um að rekja hér frekar. Því ber hinsvegar ekki að neita, að löggjöf landsins hefir á síðari árum mjög hneigzt í þessa átt. Eru mörg ákvæði þegar komin í l., sem miða að þessu, en mér virðist þó, að þetta frv. gangi enn lengra en áður hefir verið fallizt á að fara. Við þessu er ekkert að segja, því að þótt telja megi, að á þessu fyrirkomulagi séu margir agnúar, þá verð ég sem aðrir að fljóta með þeim straumi, sem sterkastur er í þjóðlífinu nú um sinn. En á það legg ég mikla áherzlu, að ef þessa stefnu á að taka upp, þá sé það gert stig af stigi, en ekki í einu stökki, — með þróun, en ekki byltingu, — og þess vegna er það, að þótt ég muni ljá ýmsum ákvæðum þessa frv. fylgi, þá mun ég reyna að stinga við fótum og varna því, að umskiptin verði of ör. Um leið og stefnt er að því að gera landið allt að einu framfærsluhéraði, þarf að vinna að því að nema burtu agnúa og ágalla þess fyrirkomulags.

Vegna þess hve frv. var ýtarlega rætt af hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. við 1. umr., tel ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum frá eigin brjósti um stefnu frv.

Vil ég þá víkja að einstökum gr. frv. og þeim brtt., sem fyrir liggja. Eins og tekið er fram í nál., þá voru innan n. mjög skiptar skoðanir um breyt. á frv., — svo skiptar, að breyt. ganga jafnvel sín í hvora átt. En þar sem nm. voru þá sammála um, að í frv. fælust mörg nauðsynleg ákvæði, sáu þeir ekki ástæðu til að gefa út fleiri nál. en eitt.

Ég kem þá að 1. brtt., við 9. gr. frv. Þessi brtt. er frá einstökum nm., og er mér óhætt að segja, að hann hefir ákveðið að taka hana aftur til 3. umr. — Þá er 2. brtt., við 16. gr., um að b-liður þeirrar gr. falli niður. Í b-lið er gerð sú breyt. á núgildandi l., að gert er ráð fyrir, að kjörtímabil framfærslunefnda verði hið sama og annara fastanefnda bæjarfélags, en í núgildandi l. er kjörtímabil þessara n. sama og bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmanna, 4 ár. Ég legg til, að ekki verði breytt frá gildandi l. í þessu efni. Auðvitað má segja að þetta skipti ekki miklu máli, og n. hefir um þetta óbundnar hendur. — 3. brtt. er við 18. gr., og er öll n. sammála um hana. Aftan við 18. gr. er lagt til, að bætist ákvæði um það, að um ágreining út af ákvörðun sveitarstjórnar skuli fara samkv. 21. gr., þar sem heimilað er að áfrýja gerðum fátækranefnda eftir reglum, sem þar eru nánar greindar. Hljóðar gr. um, að sveitarstjórn megi ekki skilja hjón samvistum nema um stundarsakir. Álitamál getur orðið um það, hvaða merkingu beri að leggja í orðin „um stundarsakir“. Auðvitað væri æskilegt að hafa ákvæði í l. gleggra, en n. sér sér ekki fært að gera till. um það efni. Hinsvegar finnst n. sjálfsagt, að þegar í l. er ákvæði, sem ágreiningur getur orðið útaf, þá sé þar einnig ákvæði um, hversu með þann ágreining skuli fara. Geri ég ráð fyrir, að þessi brtt. verði að teljast til bóta. — 4. brtt. er við 19. gr., að í stað orðsins „yfirvald“ komi: lögreglustjóri. Þetta er aðeins orðabreyting og leiðrétting til samræmis við það, sem kemur fram annarstaðar í frv. — Þá er 5. brtt., við 21. mgr. Ég hefi lítið um hana að segja annað en það, að hún er frá einstökum n. manni, og mun hann sjálfsagt gera grein fyrir henni. Ég er henni andvígur bæði að efni og frágangi, en vil ekki ræða það nánar fyrr en talað hefir verið fyrir henni.

Kem ég þá að 6. brtt., og get í raun og veru tekið sameiginlega 6. og 7. brtt. og b-lið 9. brtt. Þær fjalla allar um það sama. Er lagt til, að síðasta málsgr. 22. gr. frv. falli niður, en hún hljóðar um það, að ríkissjóður ábyrgist þær endurgreiðslur, sem frvgr. fjallar um. Ég lít svo á, að það sé mjög varhugavert að leggja ríkissjóði þessa byrði á herðar, mest vegna þess, að það hlýtur að hafa verulegan kostnað í för með sér, og svo hitt, að þegar slíkt ákvæði er lögtekið, fellur burt hvötin hjá dvalarsveitinni til þess að hafast nokkuð að í þessu efni. Einnig fellur burtu hvöt framfærslusveitarinnar, sem veit, að ríkissjóður greiðir. Ég tel, að það, að landið verði gert að einu framfærsluhéraði, eigi ekki að koma nema smátt og smátt, til þess að þeir gallar, sem því fylgja, verði fyrirbyggðir smám saman, eftir því sem reynslan sýnir, og þarna kemur sá stóri agnúi, sem ég tel, að sé mjög varhugaverður, að láta þetta ekki koma fyrir, áður en breytingin er gerð að fullu, því mér er alveg ljóst, að af þessu hljóta að leiða töluvert mikil útgjöld fyrir ríkissjóðinn, og um þau útgjöld er ómögulegt að gera neina áætlun, vegna þess að ýms ákvæði geta gert það að verkum, að það verði nokkru meira um þetta en hefir verið, svo að þó maður vildi byggja á því, sem hefir verið síðustu árin, er það ekki nógu tryggt, því að ég get búizt við, að það yrði nokkru meira fyrst eftir breytinguna. Ég vil taka það fram, að ef það er svo, að þing og stjórn vilji hafa þessa skipun á málunum, þá er ekkert við því að segja, en það haggar ekki minni skoðun á málinu, og mun ég þó ekki á neinn hátt láta það verða að fótakefli fyrir frv., þótt mín skoðun ekki fái fylgi, en ég hefi talið mér það skylt, til samræmis við mitt álit, að gera þessa brtt. Mér er kunnugt um það, að einn samnefndarmanna minna er á móti þessu og einn hefir ekki greitt atkv. um það.

Ég skal taka það fram, að ef aðeins væri um að ræða ákvæði 5. gr., þá hefði ég ekki talið ástæðu til þess að fella það niður sérstaklega, en til samræmis hefi ég talið rétt að flytja brtt. um að fella það niður. Ég get svo látið þetta vera nóg fyrir mína hönd viðvíkjandi þessum þrem brtt. Þó vil ég taka það fram, að ég legg mesta áherzlu á síðustu brtt. Náttúrlega hafa þær allar sín áhrif, en ekki hún sízt. Ég held, að ég hafi getað gert hv. deild það nógu ljóst hvað fyrir mér vakir með þessum brtt. Ég á þá ekki eftir nema 8. brtt., og ég get verið stuttorður um hana. Hún er við 29. gr., fyrri málsgrein. Ég á ekki neinn hlut að henni og get lýst því yfir, að ég er henni andvígur, mest vegna þess, að ég tel ekki, að hún bæti úr þeim ágöllum, sem ég sé á 29. gr. — 29. gr. var allmikið rædd í n., og skal ég játa, að ég hefði gjarnan viljað, að ákvæði hennar hefðu verið meira afgerandi, þannig að þau yrðu ekki hártoguð, en það varð niðurstaðan hjá meiri hl. n., að hann sá sér ekki fært að gera brtt., sem bættu nokkuð úr. Það er sjálfsagt erfitt að koma fram með tæmandi ákvæði um þetta efni. Eins og hv. dm. sjá af gr., er ákvæði hennar um það, að barnsmóðir, sem hefir tekið meðlag samkvæmt meðlagsúrskurði, skuli, ef hún giftist eða býr með karlmanni, sem sér fyrir henni, missa réttinn til meðlagsins. Breytingin, sem gerð er frá gildandi lögum, er ekki önnur en þessi: „eða býr ógift með karlmanni, sem er fyrirvinna heimilisins“. Ég held, að allir séu sammála um þetta, því að ef kona, sem býr ógift með karlmanni, er rétthærri en sú, sem er gift, þá eru missmíði á löggjöfinni, en því verður þó ekki neitað, að hér kemur ýmislegt til greina, því karlmaður og kona geta búið saman á þann hátt, að ágreiningur geti orðið um, hvað rétt sé, og játaði meiri hl. þetta, en sá sér ekki fært að gera brtt., sem til bóta gæti orðið. Aftur hefir einn meðnefndarmanna minna gert brtt. á þskj. 75, en ég verð að segja, að ég tel hana ekki bæta úr, og kannske gera erfiðleika.

Þá er eftir A-liður 9. gr., og þarf ég ekki

mikla grein að gera fyrir þeirri brtt., því hún er ekkert annað en lagfæring á orðum gr.

Ég held að ég geti látið þetta nægja fyrir mína hönd, og held, að ég geti einnig látið það nægja fyrir hönd meir hl. n. Ég er þar með ekki að leggja neinar hömlur á, að samnefndarmenn mínir geri aths. eða skýri frekar en ég hefi gert brtt. eða frv. í heild. Ef til vill tek ég aftur til máls, þegar minni hl. hefir gert grein fyrir sínum brtt., þó ég búist ekki við, að þær gefi mér neitt sérstakt tilefni.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það má segja, að þær breytingar, sem liggja fyrir frá allsherjarnefnd, séu ekki sérstaklega miklar, hvað viðkemur efni frv., aðrar en þær, sem frsm. dvaldi sérstaklega við, og var um ábyrgð ríkissjóðs á vissum útgjöldum dvalarsveitar. Ég mun því aðallega víkja að þeim atriðum, sem ég tel mesta efnisbreytingu. Sumar breytingarnar tel ég, að gætu verið til bóta, en aðrar tel ég vafasamar, eins og t. d. að fella niður, að framfærslunefndir skuli kosnar með sama hætti og aðrar fastar nefndir, sem sé til eins árs, en ekki eins og hefir verið áður, kosnar fyrir allt kjörtímabilið. Ég tel eðlilegt, að kosning framfærslunefnda fylgi með kosningu annara fastanefnda. Í Reykjavík, þar sem ég þekki til, þykir mér eðlilegt, að slíkt fyrirkomulag sé fyrir hendi, því flokkarnir mundu gjarna vilja fá tækifæri til þess að breyta til, annaðhvort af því að einstakir flokksmenn vilja losna við starfið eða af öðrum orsökum. Vil ég því mæla á móti brtt. allshn.

Aðrar smábreytingar, sem ég tel til bóta, eru t. d. 3. og 4. brtt. 4. brtt. er ekki nema eðlileg skýring, og tel ég rétt að taka upp þá breyt. allshn. og hafa óbreytt orðalag frv. eins og það er nú.

Hvað snertir brtt. við 23. gr. hefi ég áður gert grein fyrir skoðun minni á henni, og hvað snertir brtt. við 21. gr. frv. má segja, að þótt hún sé skýrari með breytingunum, geti alltaf komið fram smáatriði út af því, hvernig eigi að koma fyrir þessum málum, sem um ræðir í 21. gr.

Skal ég nú snúa mér að þeim þrem brtt. meiri hl. n., sem miða að því að fella niður ákvæði, sem gilda um ábyrgð ríkissjóðs á vissum gjöldum dvalarsveitar, sem hún leggur út fyrir menn, sem raunverulega eru á framfæri annars sveitarfélags. Eins og hv. dm. vita, var það áður en nýju framfærslulögin gengu í gildi, að vissan tíma þurfti til þess, að menn yrðu sveitfastir. Dvalarsveitin átti rétt á því að fá greiddan frá framfærslusveitinni að ⅔ hlutum þann kostnað, sem af þurfamönnum leiddi. Reynslan hefir yfirleitt orðið sú, að skuldir hafa hrúgazt upp hjá einstökum sveitarfélögum, sem, þegar til átti að taka, áttu lítið til þess að bæta með dvalarsveitinni, og að lokum voru þessar skuldir þurrkaðar út með lögum um kreppulán sveitar- og bæjarfélaga. Teldi ég það mikla afturför, ef aftur ætti að komast á þann farveg og þá leið skuldasöfnunar, sem áður var í gildi og mikið var til óþurftar fyrir dvalarsveitirnar og líka fyrir framfærslusveitirnar, sem þurfamenn höfðu á framfæri sínu og báru ábyrgð á framfærslukostnaði þeirra að nokkru leyti. Nú hefir verið talið með þessu frv., að menn öðluðust ekki framfærslurétt á dvalarsveit sinni, og gerði ég grein fyrir því við 1. umr. þessa máls og fer ekki að endurtaka það hér. Ég gat þess þá, að mér þætti eðlilegt, að ekki væri hægt að hverfa aftur að sama gamla öngþveitinu eins og áður, og þess vegna væri eðlilegt, að ríkissjóður bæri ábyrgð á slíkum kostnaði. Ég tel það mjög nauðsynlegt. Fyrst og fremst af því, sem ég nefndi áður, að það er mesta vandræðaástand að byrja af nýju þessi leiðinlegu viðskipti einstakra framfærsluhéraða á landinu, og ég tel, að ríkissjóður mundi hafa miklu betri aðstöðu til þess að innheimta frá framfærslusveitinni, það sem henni ber að greiða dvalarsveitinni, heldur en viðkomandi sveitarsjóði. Fyrst og fremst er það, að ríkissjóður hefir mikil viðskipti við sveitar- og bæjarfélög víðsvegar um land, sérstaklega eftir að jöfnunarsjóður sveitanna kom til sögunnar, því nú eiga einstök sveitar- og bæjarfélög rétt til þess að fá úr þeim sjóði. Hinsvegar er það á valdi ríkissjóðs að skuldajafna kröfur fyrir ábyrgð á hendur þeirra sveitarfélaga, sem rétt eiga á því að fá greiðslur úr jöfnunarsjóði. Geri ég ráð fyrir, að oft mætti skuldajafna þá, sem ekki greiða það, sem þeim ber eftir þessu frv., og ríkissjóði væri miklu auðveldara að láta gera upp reikningana heldur en sveitarfélögunum. Tel ég ríkissjóði ekki mikil þyngsli að því að sjá um þessar innheimtur og standa í þessari ábyrgð, en að það mundi innheimtast betur með þessu móti, en jafnvel þótt ríkissjóður þyrfti eitthvað af mörkum að leggja, teldi ég það ekki nema rétt og eðlilegt, því samkvæmt því, sem lagt er til í þessu frv., þá á meginreglan að vera sú, að framfærsluþurfi, sem ýmist af sjálfsdáðum eða fyrir atbeina annars sveitarfélags eða áhrifamanna þar, er fluttur til, þurfi ekki að vera til kostnaðarauka fyrir dvalarsveitina. Það er eðlilegt, að dvalarsveitin hafi einhver ráð til þess að sporna við því, að ýtt sé af höndum annara sveita yfir á þær auknum framfærslukostnaði. Þess vegna álít ég ekki nema réttlátt, að ríkissjóður geti undir vissum kringumstæðum þurft að borga eitthvað af þessari framfærsluaukningu, og er þess mikil þörf vegna þess, hve framfærsluþyngslin eru mikil á sumum sveitarfélögum, og ekki ástæðulaust, að ríkið hlaupi undir bagga með sveitarfélögunum, jafnmiklar byrðar eins og ríkisvaldið hefir lagt á herðar ýmsum sveitarfélögum.

Verð ég því fyrir mitt leyti að mæla mjög eindregið á móti þessari brtt., af því ég tel, að ef hún yrði samþykkt, þá mundi hún raska að verulegu leyti þeim grundvelli, sem liggur fyrir frv. sjálfu eins og það er nú. Ég skal geta þess, að frv. hefir verið rætt í ríkisstjórninni, og er ríkisstjórnin á einu máli um, að það sé ekki nema eðlilegt, að ríkissjóður taki á sig slíkar ábyrgðir.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um brtt. Ég legg til, að ekki séu samþ. þær tillögur, sem framsögumaður ræddi um, að takmarka ábyrgð, sem sveitafélög þyrftu

að hafa vegna þurfamanna, sem eru á framfæri dvalarsveitar.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Ed., 9. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 302, n. 374, 375, 410).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 410. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

*Sigurjón Á. Ólafsson: Eins og hv. frsm. tók fram, erum við nm. sammála um, að frv. eigi fram að ganga í aðalatriðum. Eins og hann lýsti rækilega, er aðalstefna þess fram komin af nauðsyn yfirstandandi tíma. Sá straumur, sem til bæjanna hefir gengið, af fólki, sem síðan hefir ekki getað séð fyrir sér sjálft, hefir orðið mjög erfiður við að eiga. Hin frjálslyndu lög frá 1935 hafa nokkuð verið misnotuð af sumum sveitarstjórnum og hefir því orðið nokkurt ósamræmi milli einstakra bæja og sveita. Annars ætla ég ekki að ræða það, heldur víkja að brtt. minum.

Um brtt. við 9. gr. um að bæði a- og b-liður falli niður, hefi ég lýst yfir því við hv. frsm., að ég taki hana aftur til 3. umr., í þeirri von, að eitthvert samkomulag náist um lausn á þessu í n. Sama vil ég gera um 5. brtt., þar sem ég hefi leyft mér að orða 21. gr. um. E. t. v. finnst sumum mönnum það, sem fyrir mér vakir, ekki koma þar nógu ákveðið fram, en það eru þrjú höfuðatriði. Ég get frestað til 3. umr. að ræða þau.

Um hinar aðrar brtt. er ég í aðalatriðum samþykkur hv. meðnm. minum. Fyrir þeim brtt., sem snerta ríkisábyrgðina, hefir hæstv. ráðh. talað mjög ýtarlega. Mín skoðun er, að nauðsyn sé fyrir bæjarfélögin, að slík ábyrgð sé fyrir hendi. Sérstaklega vil ég minna á 23. gr. og þá ríkisábyrgð, sem gert er ráð fyrir vegna manna, sem þurfa styrk vegna sjúkdóma og slysa. Það er mjög óviðeigandi, að dvalarsveit eigi ekki að vísu að ganga með endurgreiðslu á þeim styrk. Andstæðingar ríkisábyrgðarinnar vilja þar náttúrlega vera í samræmi við sína skoðun á ábyrgðum yfirleitt og fella hana niður. — Að svo stöddu get ég látið máli minu lokið.

*Fjmrh. (Jakob Möller): Frv. þetta er fram borið að tilhlutun stjórnarinnar allrar, en ekki eins ráðh. eða ráðuneytis. Nefnd sú, sem stjórnin setti sameiginlega til að semja það, skilaði henni því, og var fallizt á, að stjórnin stæði öll að því. Ég tel því skylt, að ég geri grein fyrir afstöðu minni, sérstaklega til þess atriðis, sem meiri hl. n. vill fella úr, en það er, að undir ákveðnum skilyrðum beri ríkið ábyrgð á framfærslueyri vissra manna, sem flytjast milli sveita, en öðlast ekki rétt til styrks, þar sem þeir setjast að. Með breyt., sem gerðar voru 1935 á þessum l., þótti gengið mjög á rétt þeirra bæjarfélaga, sem mest aðstreymi höfðu af fólki, sem af einhverjum ástæðum hafði ekki getað séð fyrir sér heima fyrir og leitað betri skilyrða annarstaðar. Sérstaklega þótti hart að gengið, að framfærsluskylda þeirra, sem þegar voru komnir á framfæri, félli á dvalarsveit. Nú er ekki farið fram á að breyta meiru en að þeir, sem þegar eru ósjálfbjarga, geti ekki eignazt framfærslurétt í sveit, sem þeir flytjast til, en allir aðrir, þótt kannske séu alveg í þann veginn að verða að leita á náðir hins opinbera, og geta þó að þeim orðið ærnar búsifjar. Það þótti ekki ósanngjarnt að miðla þannig málum, að sveitarfélögin fengju tryggða greiðslu fyrir ósjálfbjarga innflytjendur frá fyrri dvalarsveit þeirra. Það varð ekki tryggt, nema ríkissjóður tækist á hendur ábyrgð á greiðslunum. Þetta er að sjálfsögðu baggi, sem lagður er á ríkissjóð. En þess er þá að gæta, að hann á langtum hægari aðgang að viðkomandi sveitum en sá bær eða sveit, sem greiðsluna á að fá, vegna þeirra viðskipta, sem ríkið hefir við sveitarfélögin. Ríkisstj. var auðvitað ljóst, hvað í þessu ákvæði gat falizt. En þar sem það var viðurkennt, og einnig hér á Alþingi, að óhjákvæmilegt væri að greiða nokkurt fé til sveitar- og bæjarfélaga, bæði í sambandi við framfærslulögin og af öðrum ástæðum, þótti rétt að leggja til, að þessi breyting, sem hér ræðir um, yrði samþ. Ég vil því eindregið mælast til þess, að frv. verði afgreitt hér án þess að afnema þá tryggingu, sem í ríkisábyrgðinni er veitt.

Aðrar brtt., sem hér liggja fyrir, sé ég ekki ástæðu til að gera að miklu umtalsefni, enda heyrir þetta mál í sjálfu sér ekki undir mitt ráðuneyti. Auk þess hefir hv. 3. landsk. (SÁÓ) fallizt á að taka aftur til 3. umr þær brtt. sínar á þskj. 375, sem ágreiningur er um. Ég skal þó ekki leyna því, að þessar brtt. hans, a. m. k. önnur þeirra, við 21. gr., raska grundvelli frv.

Þá er með 9. brtt., við 31. gr., farið fram á að breyta orðunum: „þurfamanni“ eða „atvinnuleysingja“ í „styrkþega“. En gr. er um það, á hvern hátt slíkir menn geti öðlazt framfærslurétt í nýju héraði. Ég er hræddur um, að brtt. gæti orðið til þess, að verra yrði að fá atvinnu fyrir atvinnuleysingja í öðrum sveitum, ef þeir eiga að koma á framfæri þar strax, ef þeir verða ósjálfbjarga, enda hægt að komast kringum lögin með því að koma þannig fyrir ósjálfbjarga mönnum, sem ekki væru beint orðnir styrkþegar. Það eru þessir tveir annmarkar, sem mér virðast vera á þessu, og ég vil beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki athuga þessar brtt. til 3. umr.

*Magnús Gíslason: Það verður víst ekki sagt með neinum rétti, að þeir menn, sem setið hafa á Alþ. hin síðari árin, hafi verið sérstaklega feimnir við að taka upp ýmiskonar nýbreytni. Það hafa verið borin fram á þingi á undanförnum árum mörg lagafrv., þar sem tekin hefir verið ný og áður óþekkt stefna, sem síðan hefir verið framkvæmd.

Eitt af þessum l. voru framfærslul., sem voru sett á þinginu 1935. Með þeim var stigið hið stóra spor, að afnema sveitfestitímann, svo það má segja, að með þeim hafi að verulegu leyti verið gerð bylting í þeirri löggjöf, sem gilt hafði um tugi ára um framfærslumál.

Það virðist svo, að eftir 4 ára reynslu hafi hv. þm., sem margir hverjir eru þeir sömu, er settu l., komizt að þeirri niðurstöðu, að hér

hafi kannske verið full langt gengið. Því er þetta frv. komið fram, þar sem stigið er til baka frá því, sem ætlað var 1935, þegar löggjöfin var sett.

Allshn. hefir orðið sammála um að fylgja meginhugsun frv. í öllu. Við teljum, að það hafi verið stigið óvarlegt spor 1935, sem nú þurfi að stiga að nokkru leyti til baka. N. hefir því orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ.

Um ýms atriði í þessu frv. var dálítill ágreiningur innan n. En við vorum sammála um að kljúfa ekki n., þar sem við vorum á eitt sáttir um meginatriði frv. Við höfum því borið brtt. fram í félagi, þó þannig, að hver hefir óbundnar hendur um það, hvernig hann greiðir atkv. um þær.

Ég mun ekki minnast hér á aðrar till. en þær, sem ég er fylgjandi.

Ég ætla þá fyrst að minnast á 2. brtt., sem er um það, að b-liður 16. gr. frv. falli niður. Samkvæmt núgildandi l. er kjörtímabil framfærslunefnda jafnlangt og kjörtímabil hreppsnefnda og bæjarstjórna. Þetta var nýmæli í l. 1935. Manni finnst, að það hljóti að hafa legið sterk rök fyrir því, að þetta var sett í löggjöfina. En samkvæmt frv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir, að slíkar nefndir starfi ekki svo lengi, heldur skuli kjörtímabil framfærslunefnda vera hið sama og annara fastra nefnda, sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir kjósa.

Rök þau, sem færð eru fyrir þessu í frv., eru næsta veigalítil. Þau eru ekki önnur en það, að eðlilegt sé, að kjörtímabil framfærslunefnda sé hið sama og annara fastanefnda, því flokkahlutföll og aðrar aðstæður geta breytzt á svo löngum tíma sem kjörtímabili bæjarstjórna. Ég hélt það hefði legið á bak við, að þetta var sett í l., að með því hafi verið ætlunin að láta pólitík yfirleitt ekki hafa áhrif á það, hvernig framfærslunefndir eru skipaðar á hverjum stað. Og þó allt þurfi að vera pólitík, þá finnst mér, að þurfalingar mættu gjarnan vera undanþegnir því að vera undir pólitiskum áhrifum.

Í grg. fyrir frv. 1935 er það beinlínis tekið fram, að þetta sé fyrst og fremst sett til þess að gæta réttar og velferðar styrkþeganna. Ég hygg, að þetta sé mikilsvert og það sé rétt athugað af þeim mönnum, sem undirbjuggu frv. 1935, að það var réttur styrkþeganna, sem fyrst og fremst var þar um að ræða. Það er ekki ómögulegt, að í sambandi við þetta geti hagsmunir bæjarfélaga komið til greina, því til þess að geta framfylgt þessum málum á sanngjarnan hátt, þá þurfa hagsmunir bæjarfélaga og styrkþega að mætast. Þekkingin á því, hvort maður þarf á styrk að halda, getur alveg eins verið hagsmunamál fyrir bæjarfélagið eins og hann sjálfan. Ég hefi fyrir mitt leyti ekki gert þetta að kappsmáli, en mér finnst það samt hlálegt, þegar búið er að færa sterk rök að því, að með þessu sé verið að berjast fyrir hagsmunum styrkþeganna, að eftir 4 ár sé þetta svo orðið einskisvirði, því þá séu pólitiskir hagsmunir metnir meira en réttur styrkþeganna.

Ein aðalbreyt. frv. er sú, að í vissum tilfellum er ríkissjóður gerður ábyrgur fyrir vissum greiðslum, að því er snertir viðskipti milli sveitarfélaga. 22. gr. frv. er um það, að ef manni er veittur framfærslustyrkur utan þeirrar sveitar, er hann á framfærslurétt í, þá skuli framfærslusveit hans endurgreiða styrkinn að ⅔ hlutum, nema þar sem öðruvísi er ákveðið í lögum, þó skulu greiðslur eftir yfirvaldsúrskurði endurgreiðast að fullu. Svo kemur viðbótin, að ríkissjóður ábyrgist þessar endurgreiðslur. Þetta er nýmæli, sem aldrei hefir verið í l., að ríkissjóður á þennan máta taki að sér fátækraframfæri í landinu.

Það hefir verið sett sérstök löggjöf um að stofna jöfnunarsjóð, þar sem tekinn er viss hluti af tekjum ríkissjóðs, 700 þús. kr. á ári, sem settar eru í sérstakan sjóð, sem varið er til að jafna fátækraframfærið í landinu. Með því er nokkur hluti af fátækraframfærinu kominn yfir á ríkið. Hér er gengið enn lengra. Með því að taka upp viðskipti milli sveitarfélaga er opnuð leið til þess, að það safnist skuldir hjá einu sveitarfélagi frekar en öðru, og ef þær eru ekki greiddar, þá á ríkissjóður að borga þær. Við skulum segja, að þetta sé beint áframhald af því, sem gert var með því að stofna jöfnunarsjóð, en það, sem er sérstaklega athugavert við þetta, er, að hér er ekki beint ákveðin upphæð, sem talað er um. Enginn veit nú, hvað þetta getur orðið mikið. Mér þykir ekki ótrúlegt, að eftir að l. eru búin að vera í gildi í 2 ár, þá sé þessi upphæð orðin ¼ millj. Þá er fátækraframfærið, sem lagt er á ríkissjóð, orðið um 1 millj. kr. Þá er spurning, hvort ekki er réttara að gera allt landið að einu framfærsluhéraði heldur en að taka smám saman vissa hluta út úr og bæta þeim á ríkissjóðinn, án þess að maður viti í raun og veru, hvað mikið fé sé um að ræða.

Þetta er ástæðan fyrir að ég og hv. 2. þm. S.-M. höfum borið fram brtt. um að fella síðustu málsgr. 22. gr. niður.

Nú virðist mér, eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. fjmrh., að ríkisstj. standi að þessum l. og það séu engin vandræði fyrir ríkissjóð að standast þær ábyrgðir, sem l. gera ráð fyrir. Ég verð að segja, að eftir að ég hefi fengið slíka yfirlýsingu, þá er mér það ekki fast í hendi að halda þessari brtt. til streitu. Það má vel vera, að þessir menn sjái betur en ég og ekki sé nein hætta á ferðum. En ástæðan til þess, að ég gerði þessa brtt., var sú, að ég óttaðist, að þarna væri um óviss fjárútgjöld að ræða úr ríkissjóði, sem ég vildi ekki láta fara óathugað gegnum þingið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Það hafa fallið hér í hv. d. ummæli hjá 2 hv. ræðumönnum, sem ekki er hægt að skilja öðruvísi en svo, að í bæina og þá sérstaklega Rvík safnist fólk annarstaðar að af landinu, sem verður svo strax þurfalingar á bæjunum. Í tilefni af þessu vildi ég biðja þessa hv. þm. og þá sérstaklega hæstv. fjmrh., sem mun eiga sæti í bæjarráði, að gera þessu betri skil. Ég kann ekki við þessa sleggjudóma, sem slengt er framan í sveitafólkið. Bæjarstjórnin heldur því leyndu, hverjir það eru, sem þiggja sveitarstyrk. Við borgararnir í

Rvík, sem borgum útsvörin, fáum ekki að vita, hverjir það eru. Þegar maður fær ekki aðstöðu til að vita hverjir það eru, þá er hægt að koma með svona sleggjudóm. Ég vildi þess vegna mjög ákveðið mælast til þess, að þessir hv. ræðumenn leggi gögnin á borðið og gefi skrá yfir, hverjir eru þurfalingar Rvíkurbæjar og hverjir hafi flutt til Rvíkur á síðustu árum. Ég álít, að við eigum heimtingu á þessu.

Ég hefi tekið 20% af öllum þeim, sem eiga A. B. C. o. s. frv. telja fram til skatts, og aðgætt, hvað margir af þessum mönnum eru nýfluttir í bæinn og hvað margir hafi ekki borgað skatta eða útsvör. Ég hefi fundið, að úr einum hreppi, sem liggur nálægt Rvik, hafa flutzt hingað menn, sem eiga yfir 1. millj. kr. Úr einni sýslu hafa flutzt hingað menn, sem eiga 350 þús. kr. Ég hefi fundið mjög fáa af þeim, sem nýfluttir eru til bæjarins, sem ekki greiða útsvör og skatta. Ég hefi að vísu fundið nokkra, og það má vera, að þeir séu meðal styrkþeganna.

Ég vil þess vegna slá því föstu, meðan ekki er lagt fram, hverjir þiggi fátækrastyrk í Rvík, og það sýnt svart á hvítu, hverjir leggist upp á bæinn af aðfluttum mönnum, að þetta sé sleggjudómur, sem settur er fram að órannsökuðu máli. Þegar skráin hefir verið birt og ég sé á henni, að það sé rétt, að viss sveitarfélög láti þurfalinga sína leggjast upp á bæinn, þá skal ég beygja mig fyrir rökum, en fyrr ekki.

Sú athugun, sem ég hefi gert, og ég varði til þess nokkuð mörgum sunnudögum í sumar, bendir mér á, að þetta er ekki annað en órökstuddur sleggjudómur, sem varpað er yfir á sveitirnar, og á að vera einhver skuggi á þær, enda alltaf framsettur til réttlætingar auknum framfærslukostnaði hér í Reykjavík, en hann stafar af stjórn bæjarstjórnarmeirihlutans á málefnum bæjarins.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég sé ekki, að þetta mál sé til umr. hér, um einstaka menn, sem flutzt hafa milli sveitarfélaga, hvort þeir eigi 1 millj. kr. í eignum eða ekki.

Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að ég átti sæti í bæjarráði Rvíkur og framfærslunefnd Reykjavíkurbæjar. Mér er kunnugt um, að það er ekki sleggjudómur, að flutzt hafi til bæjarins svo og svo margir eignalausir menn, sem hafa komið svo að segja beint á bæjarsjóðinn. Það eru mörg dæmi um þetta síðan 1936, og út af þessu hefir orðið málarekstur og rannsóknir í ýmsum sveitum, svo um það þarf ekki að deila, að þessir flutningar eigi sér stað.

Hitt er svo annað mál, hvort mikil brögð séu að þessu. Það, sem þýðingu hefir í þessu sambandi, er það, að ef þetta er ákaflega lítið, þá er það víst, að þetta ákvæði, sem ég geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi ákveðna afstöðu til, að hann vilji ekki láta ríkissjóðinn taka á sig þessar ábyrgðir í frv., hefir í för með sér því minni hættu fyrir ríkissjóðinn. Ef hann hefir þessa trú, þá ætti hann með beztu samvizku að geta breytt afstöðu sinni til þessa ákvæðis.

Ég hefi ekki við höndina nein gögn í því máli, sem hv. þm. var að minnast á; þó álít ég rétt að verða við þeim óskum hans að leggja fram gögn. En mér er það ekki mögulegt nú.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja meira að sinni.

Páll Hermannsson: Mér finnst það ekkert undarlegt, þó bornar séu fram till. til breyt. á framfærslul. Þau eru nú búin að vera í gildi í 4 ár, og þegar þau voru sett, þá var af öllum vitað, sem að þessari löggjöf stóðu, að reynslan myndi leiða í ljós ýms sannindi, sem mönnum voru hulin þegar löggjöfin var sett, en sem yrði þess valdandi, að það þyrfti að breyta l.

Nú hefir komið fram lagafrv. í mörgum gr., 42 gr., til breyt. á framfærslul. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, að mér finnst, að með þeim breyt., sem felast í þessu frv., þá séu furðu litlar breyt. gerðar á framfærslul. Þó frv. sé svona fyrirferðarmikið, þá er margt af þessu smábreyt., sem gerðar eru til að gera ótvíræðari fyrirmæli, sem þegar eru í l. Stundum eru prentaðar upp úr framfærslul. heilar gr., kannske með einni smáúrfellingu. Þetta verður til þess, að frv. sýnist fljótt á litið fyrirferðarmeira en það er í raun og veru.

Ég get þess fyrir sjálfan mig, að ég verð að telja erfitt að átta sig fullkomlega á svona frv., vegna þess að það er ekki hægt nema að lesa lagafrv. saman við framfærslul. og bera svo þetta hvorttveggja saman við brtt. Ég ætla, að hv. þm. þurfi að hafa fulla aðgæzlu til þess að misskilja ekki lagafrv. sjálft eða þær brtt., sem gerðar hafa verið við það.

Mér skilst, að höfuðbreyt. séu fjórar. Fyrsta aðalbreyt. er í 6. gr. frv., en hún fjallar um að torvelda aðseturstað þeirra manna, sem þurfa að flytja á nýja staði. Þetta sama reyna framfærslul. að gera, en ég býst við, að reynslan hafi sýnt, að þær skorður, sem framfærslul. vilja reisa við þessu, hafi ekki reynzt nægilegar. Í þessari gr. er tekinn upp á ný viss sveitfestitími fyrir þá menn, sem þegar eru orðnir þurfandi. Af henni leiðir, að búast má við því framvegis, að þurfandi menn dvelji í öðrum framfærsluhéruðum en þeim, sem í raun og veru eiga að framfæra þá. Af þessu ætti því að geta leitt, að það geti þurft að taka upp á ný hina svokölluðu þurfamannaflutninga, eins og var í eldri l. Í eldri l. voru sérstök ákvæði um það, hvernig þurfamannaflutningar ættu að fara fram, þegar ein fjölskylda fluttist af einu landshorni á annað. Ég hefi ekki séð í þessu frv. nein ákvæði um þetta. Það hlýtur að verða sjálfsagður hlutur, að þegar heilar fjölskyldur eiga að fara að verða á stöðugu framfæri, t. d. í Rvík, þá hljóta fátæk og lítil sveitarfélög úti á landi, sem ekki hafa ráð á að framfæra þessar fjölskyldur í dýrum bæ, eins og Rvík er, að reyna að fá þær til sín, ef þær eiga að framfæra þær. Og þá kemur upp gamli þurfamannaflutningurinn.

Ég vildi því beina því til hv. n., hvort hún vilji ekki athuga þetta fyrir 3. umr.

2. aðalbreyt. eru í 21. gr. frv. Það eru ákvæði um, hvernig megi halda þurfamönnum til vinnu. Það má vera, að fyrirmælin í framfærslul. um þetta séu full lin til þess að koma mönnum til

vinnu. Ég álít nú, að það sé spurning um það, hvort þau séu of lin til þess að koma mönnum í vinnu. En aftast í gr. eru ný atriði, sem ekki eru í framfærslul., að það megi láta þessa menn, í stað þess að vinna, reka atvinnu. Ég verð að telja, að það atriði sé nauðsynlegt. Það getur staðið svo á um fjölskyldur, að það geti komið sér betur, að þær reki sjálfar atvinnu, t. d. búskap eða geri út smábát. Það er því eðlilegt, að þessi fyrirmæli séu fyrir hendi.

Í þriðja lagi eru í nokkrum gr. frv. ákvæði um, að ríkissjóður skuli bera ábyrgð á endurgreiðslu á þurfamannaframfæri dvalarsveitar, þannig að hún geti átt aðgang að ríkissjóði um endurgreiðslu í stað þess að ganga að framfærslusveitinni. Ég geng út frá því, að þetta ákvæði geti orðið nauðsynlegt. Fyrst á að tryggja sveitarfélögin fyrir því, að menn setjist þar að, aðeins til þess að verða þar þurfandi, þá er það gagnslaust, ef sveitarfélögin hafa ekki möguleika til þess að fá greiðslu frá þeirri sveit, sem á að sjá fyrir viðkomandi þurfamanni. Ég er sannfærður um, að þetta ákvæði er nauðsynlegt, á meðan ekki eru til nein fyrirmæli um flutninga á fjölskyldum burt úr dvalarsveitum þeirra. Ég sé, að ákvæði eru í frv. um eftirlit með flestu, nema 21. gr., sem fjallar um, að menn séu skyldugir til að fara þangað sem þeim er útveguð vinna eða þeim gert mögulegt að stunda eða reka atvinnu sjálfir.

Í fjórða lagi er svo í 38. gr. frv. dálítil breyt. um jöfnunarákvæði. Hlutur Reykjavíkur var gerður þyngstur við fjárgreiðslur úr jöfnunarsjóði í framfærslul., með tilliti til þess, að litið var svo á, að Reykjavík hlyti alltaf að verða bezt stæða bæjar- eða sveitarfélag landsins, af ástæðum, sem ég ætla alls ekki að fara að rekja hér; ég held, að þær ástæður séu fyrir hendi enn. En hins vegar er það alveg rétt, að fólk safnast æ meira og meira til Reykjavíkur. Og þó að Rvík hafi ýms skilyrði betri heldur en aðrir staðir, þá er það nú að verða augljóst, að Reykjavík hefir ekki nægileg atvinnuskilyrði fyrir allt það fólk, sem þar dvelur og þangað flyzt — eða ekki eins og stendur.

Ég er nú alveg sammála hv. 1. þm. N.-M. (PZ) um það, að það er ekki einungis löngunin til þess að komast hér á sveitarframfæri og hverfa hér í fjölmennið, sem dregur menn hingað. Menn vita, að gert hefir verið og gert verður fjölda margt í Reykjavík, sem gerir þann stað álitlegri, a. m. k. í augum manna, heldur en flesta aðra staði á landinu. Hins vegar verð ég að telja, að það sé líka rétt að fella niður það ákvæði framfærslul., sem þrengir nokkuð í þessu efni að kosti Reykjavíkur. En ég vil þá jafnframt í sambandi við það benda á, hvort ekki væri þess jafnframt þörf að endurskoða regluna, sem fátækraframfærið og jöfnunaraðferðin byggist á. Þessi regla er sem sé sett í 72. gr. framfærslul., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 70. gr., reiknar atvinnumálaráðuneytið út, hver er meðaltalsframfærslukostnaður í hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt, að miða að ⅓ hluta við tölu þeirra karla og kvenna, sem eru á aldrinum 18—60 ára, að ⅓ hluta við skattskyldar tekjur, að ⅙ hluta við skuldlausar eignir og ⅙ hluta við fasteignamat".

Þetta er nú leiðin, sem þar var fundin upp, og mér finnst nú það vera vafasamt, að þessir faktorar séu rétt notaðir. Ég vil til athugunar benda á það, hvort það muni vera réttmætt að miða að ½ hluta við tölu fólks á aldrinum 18—60 ára, en ekki nema að ⅙ hluta við skuldlausa eign. Ég veit náttúrlega, að vinnufært fólk er þýðingarmikill liður í hverju sveitarfélagi, en það er það því aðeins í þessu tilliti, að það hafi lífvænlega atvinnu. Aftur á móti er skuldlaus eign mjög þýðingarmikill liður alstaðar. Ég bendi á þetta svona til athugunar, ef hv. n. vildi virða þetta fyrir sér fyrir 3. umr.

*Þorsteinn Þorsteinsson: Aðeins örfá orð út af brtt. minni við frv. Brtt. er á þskj. nr. 410.

Við sýslumenn höfum rekið okkur oft á það, að miklir erfiðleikar eru á því að innheimta barnsmeðlög. Barnsfeðurnir eru ekki slíkir eignamenn, að meðlögin náist með lögtökum, enda þótt úrskurður sé fenginn á hendur þeim. En aftur á móti greiða þessir menn þessar kröfur, meðlögin, ef það gildir fyrir þá, að þeir verði annars sveitarþurfalingar, ef barnsmeðlögin ekki greiðast. Þess vegna er nú oft farið þannig að, að þeir kvenmenn, sem hafa í eftirdragi óskilgetið barn, hafa ekki gifzt, einmitt af þeim ástæðum, að þeim hefir verið gert örðugra fyrir um að ná meðlögum með börnunum, eftir að þær voru giftar, heldur en ef þær voru ógiftar, og þar af leiðandi hefir fólk búið saman ógift í stað þess að giftast, í því, sem l. kalla hneykslanlegri sambúð, og reynt á þann hátt að tryggja sér það, að þessar viðkomandi mæður óskilgetinna barna gætu náð meðlagi barns eða barna frá dvalarsveitinni. Það er alls ekki rétt, kirkjulega séð, að stuðla að slíkri sambúð. En ég sé, að með þessari löggjöf, sem nú er á ferðinni, er þessu dálítið breytt til batnaðar, þannig að konan missir einnig réttindin, ef hún býr með manninum, sem barnið á. En ég býst við því, að ef því er haldið óbreyttu hér, þá fari það þannig, að í staðinn fyrir, að áður var það þannig að þetta fólk var talið, að hefði búið saman, muni það nú telja konuna vinnukonu á heimilinu á manntalsskýrslu. Og þar af leiðandi yrði þetta til þess, að það yrði enn verri réttarstaða á heimilinu heldur en áður, því að ég skil það þannig, eftir því sem hér liggur fyrir í 29. gr., að sú kona, sem telst vinnukona manns, eigi heimting á að ganga að sinni dvalarsveit eftir meðlagi, en ekki, ef hún býr með manninum.

Ég tel það heldur ekki rétt, ef efnafólk á í hlut, að það geti gengið að sinni sveit og heimtað barnsmeðlög, sem eftir þessum l. ber að greiða. Ég vildi færa ákvæðin um meðlögin í það horf, að ef maður er vel eða sæmilega efnaður eða hann hefir sæmilega atvinnu, þá teljist hann ekki eiga heimting á að ganga að sinni dvalarsveit í þessu efni. Með þessari millileið held ég, að heppilegri árangur næðist af þessari gr. framfærslul. Fátækara fólkið gæti gifzt í þessum tilfellum, sem ég hefi getið um, alveg fyrir þessu framfærslulagaákvæði. En efnaðra fólkið gæti þá ekki krafizt þessara meðlaga hvort sem væri.

Annars geri ég ráð fyrir, að hv. þd. sé ljóst, hvert stefnir með þessari brtt. Ætla ég því ekki að hafa um hana fleiri orð.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég hafði í minni fyrri ræðu gleymt að minnast á brtt., sem ég stend einn að, sem er nr. 8 á þskj. nr. 375. Ég verð þá að greina frá því, að ég tek aftur þær brtt., sem ég stend einn að, við þessa umr., einnig þessa. Og ekki síður fyrir það, að hér er fram komin brtt. á þskj. nr. 410 frá hv. 5. landsk. (ÞÞ), sem mér skilst, að hann geti fellt sig við að taka aftur til 3. umr., með það fyrir augum, að n. athugi einnig þessar brtt. báðar nánar.

En ég hygg, að það leiki ekki á tveim tungum, að hér er dálitið vandamál á ferðinni, þegar um er að ræða að svipta ógiptar barnsmæður styrk, og ber þess að gæta, að það sé ekki gert á þann hátt, að börnin líði þar stórlega við. Ætla ég ekki að fara frekar út í það að þessu sinni. Mun ég gera frekari grein fyrir því við 3. umr., annaðhvort með brtt., eða þá ef ég kemst að þeirri niðurstöðu að brtt. hv. 5. landsk. nægi í þessu efni.

Ég verð að svara hv. 11. landsk. fáeinum orðum út af breyt., sem hann lýsti sig á móti, í 16. gr. frv., um kjörtímabilið. Ég og hv. 2. þm. N.-M. munum vera sammála um, að þessi breyt. eigi að ná fram að ganga. Og þau rök, sem hann vildi færa fram fyrir sínu máli í þessu efni, tel ég ekki svo veigamikil. Þessi hv. þm. vildi halda því fram, að það mundi verða meira pólitískt lituð framfærslun., ef hún væri kosin árlega. En í framfærslul., eins og þau eru nú, er gert ráð fyrir, að þessar n. séu kosnar til 4 ára í einu; en þær skulu þó kosnar hlutfallskosningu eftir pólitískum fl. N. þessar verða því jafnt pólitískt litaðar, hvort sem þær eru kosnar árlega eða á 4 ára fresti.

Þá vildi hann leggja ákaflega mikið upp úr þeirri þekkingu, sem þeir menn þyrftu að hafa, sem gegndu störfum þessara n. Nú er það svo, að menn, sem hafa fullkomið vinnuþrek, eru vanir og hafa reynzt ötulir í starfinu, eru að jafnaði endurkosnir í þetta starf. En ef þeir verða þreyttir á starfinu eða vilja losna eða þá að menn vilja skipta um þá, þá er það líka hægt. Hér í Reykjavík álít ég, að þurfi sérstaklega lifandi og samvizkusama menn í þetta. Og ég sé ekki, að því marki verði ekki alveg eins náð með því að kjósa menn í þessar n. árlega eins og með því að kjósa þá á 4 ára fresti. En pólitískur litur hlýtur hér alltaf að koma til greina, nema það ákvæði verði fellt úr að kjósa þessa menn með hlutfallskosningu. En ef ekki væri kosið með hlutfallskosningu, þá yrðu n. enn einlitaðri pólitískt. Svo að þannig er ekki hægt að komast hjá pólitískum lit á þessum n. Og hér í Reykjavík er reyndin sú, að um leið og framfærslun. kynnist starfinu, þá hvílir starfið á framfærslufulltrúunum sérstaklega. Því að þeir eru svo margir hér vegna þess mikla starfs, sem þeir þurfa að inna af höndum. Og framfærslun. er ekki annað en úrskurðarvald um það, hvort till. framfærslufulltrúanna skuli fylgt eða ekki, sem gert er að jafnaði.

Ég ætla ekki að ræða um ábyrgðirnar. Hv. þm. gerði grein fyrir sinni skoðun um það, að þær gætu orðið hættulegar. En jafnvel innan n. kom sú skoðun fram, að með þeim takmörkunum, sem nú eru í frv., mundi ríkisábyrgðin í flestum tilfellum ekki verða mjög veruleg; það gæti að sjálfsögðu komið fyrir, að hún yrði veitt. En hún myndi yfirleitt frekar verða óveruleg og ekki koma verulega að sök. Og ég lít svo á, að báðir meðnm. minir hafi verið á móti þessu atriði meira af prinsipástæðum heldur en af hinu, að þeir teldu ríkissjóði að neinu leyti hættu búna af þessu ákvæði.

Hv. 1. þm. N.-M. var að tala um, að Reykjavík þyrfti ekki að kvarta o. þ. l. Ég játa, að ég get ekki frekar en hæstv. fjmrh. lagt fram neinar skýrslur um það, hvort styrkþegar hér í Reykjavík yfirleitt hafi verið lengi eða skamman tíma í bænum, þegar þeir fá styrk fyrst. En aðrir bæir á landinu hafa sennilega um þetta sína sögu að segja. Og hvaðan er aðstreymið? Það er ekki víst, að það komi ofan af Jökuldal til kaupstaðanna, en fleiri sveitir eru nú til á landinu. Þeir, sem flytja til kaupstaðanna, koma bæði úr sjóplássum og líka ofan úr dölum og héðan og þaðan að. En reynslan hefir sýnt, að sveitarstjórnir hafa gengið lengra en lög leyfa í að koma fólki til bæjanna, af því að fólkið vill vera þar. Og þess vegna hefir þetta aðstreymi til bæjanna orðið meira en menn létu sig dreyma um, þegar framfærslul. voru sett árið 1935.

Hv. 2. þm. N.-M. talaði um málið af mikilli þekkingu, sem hans var von og vísa, og beindi til n. að athuga, hverjir ættu að borga fyrir flutning þurfamanna milli héraða og í öðru lagi, hvort úthlutunarreglur hvað snertir Reykjavík væri ekki rétt að áætla í frv. með tilliti til þeirra breyt., sem kæmu fram. Ég held, að n. hafi þegar athugað úthlutunina að því er snertir Reykjavík, og hún hafði þar sérfróðan mann sér við hlið. Og það kemur í ljós, að engar líkur eru til, að Reykjavík komi til greina eftir höfðatölureglunni, eins og sakir standa. En um hitt atriðið, um að greiða þurfamannaflutning, vísa ég til grg. mþn., sem hefir undirbúið þetta frv. fyrir hönd ríkisstj. Og ég get ekki betur séð en að rauði þráðurinn í hugsanagangi mþn. sé þessi: Það skal í engu breyta frá eldri l. hvað viðkemur flutningi fólks á milli sveita. Sveitfestitíma fyrir fólk skal ekki breytt. En það er bara torveldað fyrir þurfamenn að flytja úr einni sveit í aðra. — N. mun að sjálfsögðu taka til greina ábendingar hv. 2. þm. N.-M. og athuga, hvort hér hafi verið skotið yfir markið og ekki athugað mikilsvert atriði.

***Magnús Jónsson:** Það hafa nú allmargir hv. þm. talað síðan ég kvaddi mér hljóðs og um ýmislegt af því, sem ég vildi tala um viðvíkjandi till. n.

1. brtt. allshn. er við 9. gr. frv. (**IngP:** Hún er tekin aftur til 3. umr.). Af því að hún er ekki endanlega tekin aftur, vil ég segja, að ég sé ekki, að ástæða sé til að fella þessa gr. niður úr frv. Mér finnst ákvæði þessarar greinar mjög eðlilegt. Í l. frá 1935 er svo ákveðið, að ef barni hefir verið ráðstafað og goldið með því meðalmeðlag, þá er ekki hægt að taka það frá þessum

fósturforeldrum án samþykkis þeirra; jafnvel þó að foreldrarnir geti tekið barnið að sér. Mér finnst það undarleg ráðstöfun, ef lögskyldur framfærandi getur ástæðna sinna vegna tekið að sér barnið meðlagslaust, má ekki gera það, svo framarlega sem ekkert er athugavert við hann að öðru leyti. Það liggur að sjálfsögðu í valdi barnaverndarn., ef framfærandi er á einhvern hátt ófær um að taka barnið að sér að sjá um, að hann fengi þá ekki að gera það. En að setja það í l., að hann megi það skilyrðislaust ekki, finnst mér ákaflega óeðlilegt. Það má segja, að réttur fósturforeldra sé mikill — þó virðist mér hann naumast eins mikill, þegar tekið er með barninu full meðgjöf. En réttur foreldra er þó að eðlilegum rétti meiri. Og mér virðist þetta ákvæði frv. því í alla staði eðlilegt, jafnvel alveg án tillits til fjárhagshliðar þess máls, sem mér finnst þó einnig mæla með þessari breyt. á l.

Það er því langnæst mínu skapi, að n. hefði einnig tekið þessa brtt. alveg aftur.

Um 2. brtt. var rætt af hv. 2. landsk. Ég er einnig mótfallinn þessu, því mér finnst óeðlilegt að kjósa framfærslun. eftir öðrum reglum heldur en aðrar fastar n. og ég sé ekki nokkra ástæðu til þess. Það hefir ókosti að kjósa hana til lengri tíma, en ég sé ekki, að það hafi nokkurn kost. Því að jafnvel þó maður vildi vernda þessa n. alveg frá pólitískum lit, þá er það ekki fremur hægt, þó þessi brtt. sé samþ. Það eina, sem maður gæti hugsað sér, að væri kostur við að kjósa þessa n. til lengri tíma, er, að menn í n. fengju æfingu í þessum störfum. En þó að kosið sé í þessa n. árlega, skapast hér að mínu áliti alveg sú sama festa í þessu efni, því að það er ekki nokkur minnsti vafi á því, að bæjar- og sveitarstjórnir nota sér leiknu og vönu mennina til þessara starfa, en skipta ekki um, nema þeim þyki alveg sérstök ástæða til. En ef þeim þykir sérstök ástæða til þess, hví mega þær það ekki? Ef maður snýr í þessu sambandi huga sínum að þeim, sem framfærðir eru, og ef maður í framfærslun., gagnstætt því sem fyrirfram var haldið, kemur illa eða ónotalega fram við þurfamenn, hvers vegna er þá ekki sjálfsagt að skipta um manninn strax? Hvers vegna þarf þá að hafa manninn endilega í 4 ár? Ég held því, að réttur allra, bæði þeirra, sem eiga að kjósa, og hinna, sem búa eiga undir störfum n., sé ríkari með því, að þessu verði breytt eins og í frv. er gert ráð fyrir.

Um 3. og 4. brtt. ætla ég ekki að ræða, því að þær eru að mínu viti þannig, að engin ástæða er til að amast við þeim. En 5. brtt. er tekin aftur og því ekki ástæða til að ræða hana. Ég býst við, að með þeirri brtt. hafi verið meiningin að lagfæra misfellur á frv., og er hér nær eingöngu miðað við atvinnurekstur, sem hægt sé að ráðstafa mönnum til, og eins hverjar kröfur gerðar eru til þeirra tekna, sem viðkomandi á að geta aflað sér.

Þá eru tvær brtt., sem varða ábyrgð ríkissjóðs, og hefir þegar verið rætt svo mikið um það efni; og sérstaklega er þess að geta, að mælt hefir verið með ákvæðum frv. um þau atriði af tveim hæstv. ráðh., sem það mál heyrir undir, bæði félmrh., sem þetta frv. stendur næst, og sömuleiðis fjmrh., sem stendur næst hins vegar að gæta hagsmuna ríkissjóðs. Báðir hafa þeir mælt með ákvæðum frv. í þessu efni og sömuleiðis einn nm., sem stóð að þeirri till., sem dregur þær rökréttu ályktanir af áliti ráðherranna, að hann héldi ekki fast við þessar brtt. Get ég því sparað mér að ræða um það atriði. Þetta eru þær brtt. n., sem mestar voru í mínum augum, því að með því að fella þessi ákvæði niður, ef það væri gert, yrði fellt niður það, sem að mínu áliti er nauðsynleg umbót, sem felst í þessu frv. Reynslan sýnir, hve geysierfitt það er fyrir bæjarfélögin að sækja sinn rétt í þessu efni. Það er sýnu nær þó fyrir ríkissjóð. Hann hefir öllu betri tök og mesta möguleika og mest vald til þess að geta hlaupið þarna undir baggann, ef greiðslufall verður. Ég get fallizt á með frsm. n., að það geti slæva nokkuð sveitarfélög í tilraunum þeirra til að kalla þetta inn, ef ríkisábyrgð er í bakhönd. En þetta ákvæði er að mínu viti þó mjög mikilsvert. Ég hefi ekki svo mikla reynslu í þessum efnum, að ég þori fyllilega að dæma um, hve mikið þetta ákvæði mundi koma til framkvæmda. En mér sýnist, að þar muni varla verða um mjög stórvægilegar upphæðir að ræða, og ekki eins stórar og ef miðað er við þann tíma, þegar sveitfestitíminn var öðruvísi ákveðinn. Því að mér skilst, að eftir þessu frv. sé þetta mjög mikið skilyrðum bundið, og að það sé alveg undantekningartilfelli, að önnur sveit sé framfærslusveit heldur en dvalarsveit. Svo framarlega sem maður hefir ekki þegið af sveit í 2 ár, þá vinnur hann sér sveit með því að setjast að og eignast lögheimili á viðkomandi stað. Það er aðeins í þeim tilfellum, sem menn hafa fengið framfærslustyrk á tveimur síðustu árum fyrir flutning, að menn verða að halda óbreyttri sveitfesti, svo að mér skilst, að þau viðskipti, sem verða hér milli héraða, séu allmikið takmörkuð. Ég get sagt það, út af ummælum hv. 2. þm. N.-M., að ég hygg, að það muni hafa stafað af því, hvað þetta var álitið takmarkað, að ekki hafi þótt taka því að setja ákvæði um þetta.

Mér skilst, að 8. brtt. á þskj. 375 sé tekin aftur. Annars er það um þessa till. að segja, að bæði hún og ákvæði frv. um þetta atriði stefna að vandræðalausn á þessu atriði. Ég veit ekki, hvernig hægt er að komast í kring um það um mann, sem hefir stúlku á heimili sínu, að annaðhvort giftist hann henni eða hún sé ráðskona hjá honum eða vinnustúlka. Að öðrum kosti skilst mér það vera bara hrein og bein yfirlýsing um það, að maðurinn ætli sér að taka saman við hana óleyfilega. Ég er fylgjandi till. hv. 5. landsk. Mér virðist hún leysa málið á viðunandi hátt.

Ég skal svo ekki tefja hv. d. með lengri ræðu. Ég vildi óska þess, að frv. yrði samþ. með sem minnstum breyt. Ég hygg, að það muni vera svo vandlega undirbúið, að slíkt sé óhætt, og að það muni fela í sér verulegar réttarbætur.

Forseti (EÁrna): Það eru þegar nokkrir á mælendaskrá, en ég vildi geta lokið umr. Ég vil því vænta þess, að dm. verði nú stuttorðir og greiði fyrir því, að málið geti komizt gegnum umr. á þessum fundi.

Páll Zóphóníasson: Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans við minni fyrirspurn, enda þótt hann gæti ekki gefið upplýsingar um það, að hve miklu leyti hin auknu sveitarþyngsli í Reykjavík stafa af aðfluttum mönnum í bæinn. Með þessu staðfesti hann það, sem ég sagði, að þetta eru yfirleitt órökstudd ummæli. Jafnframt lofaði hann að taka til yfirvegunar, að upplýsingar um þetta gætu legið fyrir. Ég mun nú gæta að því, hvort ekki muni þá fylgja næst með reikningum Reykjavíkurbæjar skrá yfir þurfalinga. (**Fjmrh:** Á það að vera ættartala?)

Frsm. (Ingvar Pálmason): Ég geri ráð fyrir, að ég geti orðið við tilmælum hæstv. forseta um að *tefja ekki umr., en þykir rétt að segja örfá orð.*

Því hefir nú verið lýst yfir, bæði af hæstv. fjmrh. og félmrh., að þeir mæli mjög í gegn því, að brtt. okkar um ábyrgð ríkissjóðs verði samþ. Ég gat þess strax í gær, að það yrði að skeika að sköpuðu um það, en að það breytti ekki minni afstöðu. Ég tel, að með þessu sé of ört stefnt að því að gera landið allt að einu framfærsluhéraði, því að það er enginn vafi, að þetta er stórt spor inn á þá braut.

Hæstv. fjmrh. mintist á b-lið síðari brtt. og gat þess, að ég hefði mælt fyrir henni aðallega sem orðabreyt., en tók það fram, að hún væri ekki nema á öðrum þræði orðabreyt., heldur væri hún líka efnisbreyting. Þetta er rétt. Eins og menn sjá í frv. hljóðar upphaf þessarar gr. þannig: „Nú hefir þurfamanni eða atvinnuleysingja verið ráðstafað". Það, sem við höfum breytt, er, að sagt er í till. okkar, „styrkþegi", en ekki „þurfamaður", eins og segir í frv. Hitt er efnisbreyt. Þetta er af minni hálfu af ásettu ráði gert, vegna þess að í gr. eru viðurlög lögð við því, ef flytja þarf þurfamann milli sveita, þau, að viðkomandi geti ekki öðlazt framfærslurétt í hinni nýju sveit fyrr en eftir 6 ár. Eins og þetta er nú, þá nær þetta ákvæði bæði til þeirra, sem ráðstafa verður vegna atvinnuleysis, og hinna, sem ekki stendur svo á um. Mér finnst þetta of strangt ákvæði gagnvart þeim, sem ráðstafa þarf eingöngu vegna atvinnuleysis. Ég vil þess *vegna aðskilja þetta tvennt. Ég tel nauðsyn* á, að þetta væri athugað, og er í því sambandi fús til að taka þessa brtt. aftur til 3. umr. og geri það hér með. Ég vildi um leið spyrja hv. 5. landsk. að því, hvort ég hafi ekki skilið hans orð rétt, að hann ætlaðist ekki til, að sín till. kæmi til atkv. nú (**ÞÞ:** Jú).

Að lokum vil ég svo segja það, að mér mun hafa láðst að geta þess í gær í framsöguræðu minni, að nokkurt umtal varð um 38. gr. í n. Og ég lít a. m. k. svo á, að það væri ástæða til að taka hana til athugunar, þótt það væri ekki gert fyrir 2. umr., og meiri hl. allshn. hefir það í *huga að athuga hana fyrir 3. umr. Ástæðan fyrir* því, að við ekki gerðum meiri gangskör að því að athuga hana, var sú, að við vildum sjá, hvernig okkar brtt. reiddi af áður. Og fari nú svo, að brtt. okkar verði felldar, þá er síður en svo minni ástæða til að taka gr. til rækilegrar athugunar. Ég tel, að ef 38. gr. verður látin standa óbreytt, þá sé raunverulega búið að gera landið að einu framfærsluhéraði með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í frv. Ég verð að segja það, að mér hrýs hugur við þessu og þykir vera farið full ört í þessa átt. Mér er fyllsta alvara með það að óska eftir, að allshn. mætti fá tækifæri til að ráðgast um þetta mál við þá ráðh., sem hér eiga hlut að máli. Þessi afstaða mín er ekki af neinni mikilmennsku. Ég tel, að hér sé um að ræða svo alvarlegt mál, að það megi ekki stíga þetta spor nema að mjög vel athuguðu máli. Og ég vænti þess, að n. megi eiga von á því að ræða 38. gr. við viðkomandi ráðh.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vildi aðeins geta þess, að þar sem hv. frsm. allshn. hefir tekið aftur 8. brtt. á þskj. 375 til 3. umr. og hefir óskað eftir, að ég tæki brtt. *mína* á þskj. 410 aftur, þá skal ég verða við þeirri ósk, og tek hana hér með aftur. Mér þykir vænt um, ef allshn. fengi aðra betri lausn á málinu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 375,1 tekin aftur.
9. gr. samþ. með 9:3 atkv.
10.-13. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 10:1 atkv.
15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 375,2 felld með 9:3 atkv.
16. gr. samþ. með 13:1 atkv.
17. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 375,3 samþ. með 9:1 atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 375,4 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 375,5 tekin aftur.
21. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Brtt. 375,6 felld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, IngP, JJ, PZ, EÁrna.
nei: SÁÓ, ÞÞ, ÁJ, BSn, BrB, ErlÞ, HermJ, MJ, PHerm.
MG[1]) greiddi ekki atkv.
1 þm. (JJós) fjarstaddur.
22. gr. samþ. með 13. shlj. atkv.
Brtt. 375,7 tekin aftur.
23. gr. samþ. með 9:5 atkv.
24.—28. gr. samþ. með 12:1 atkv.
Brtt. 375,8 tekin aftur.
— 410 tekin aftur.
29.—30. gr. samþ. með 11:1 atkv.
Brtt. 375,9.a tekin aftur.
— 375,9.b felld með 9:2 atkv.
31. gr. samþ. með 9:1 atkv.
32.—37. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
38. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
39.—42. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. visað til 3. umr. með 12:1 atkv.

Á 83. fundi í Ed., 13. des., var frv. tekið til 3. umr.

---

1) **MG:** Með tilvísun til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um það, að ríkissjóður takist þessa ábyrgð á hendur, greiði ég ekki atkv.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að málið yrði tekið út af dagskrá. Ég veit um brtt., sem hefir verið til athugunar í n., og væri eðlilegra, að hún kæmi til atkv. áður en málið verður afgr. héðan.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. og 85. fundi í Ed., 14. og 15. des., var frv. aftur tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 86. fundi í Ed., 16. des., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 415, 434, 466, 475, 476).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 475 og 476. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Umr. frestað um stund, en fram haldið síðar á fundinum.

Forseti (EÁrna): Útbýtt hefir verið brtt. við frv. frá hv. 2. þm. S.-M. (IngP), á þskj. 477, og þarf afbrigði fyrir henni.

ATKVGR.

Afbrigðin leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Að þessu sinni flytur allshn. eina brtt., sem hún stendur öll að, en það er brtt. á þskj. 466. Þessi brtt. er flutt af n. að tilhlutun félmrh. og er efni hennar 1. gr. úr frv., sem liggur fyrir þinginu og heitir að mig minnir frv. til l. um ráðstafanir út af styrjöldinni. Þetta frv. hefir fengið auknefnið „höggormurinn", og hygg ég þá, að mönnum muni vera kunnugt, við hvað er átt. Að vísu er að nokkru leyti breytt bæði formi og efni till., en ég hygg, að eins og hún er orðuð nú, sé hún í samræmi við vilja ríkisstj. í heild.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í efni till. Ég held, að hv. þdm. sé orðið mjög kunnugt um efni hennar, enda mun þá hæstv. félmrh. gera grein fyrir henni, ef hann sér ástæðu til þess.

Við þessa till. hefi ég leyft mér að koma fram með brtt. á þskj. 477, og það, að ég flyt hana einn er ekki af því, að það sé fyrirfram ákveðið að allshn. fallist ekki á hana, heldur er það af því, að tíminn var svo naumur, að mér vannst ekki tími til að leita álits meðnm. mínna um hana. Ég held, að mér sé óhætt að lýsa því yfir, að hæstv. félmrh. sé henni fylgjandi og ekki sé neín andstaða gegn henni innan ríkisstj.

Till. þessi fer fram á, að ráðh. sé gefin heimild til að ákveða, að á árinu 1940 megi verja allt að 100 þús. kr. af tekjum jöfnunarsjóðs til þess að greiða fram úr vandræðum illra staddra hreppsfélaga. Eins og hv. dm. er kunnugt um, þá er svo ástatt um nokkur bæjar- og sveitarfélög, að þau hafa engin ráð til þess að standa í skilum með afborganir og vexti af þeim lánum, sem hvíla á þeim. Þetta mun vera viðurkennt af öllum, sem þekkja til, og ég hygg, að það sé ekki sízt viðurkennt af hæstv. ríkisstj., að gera verði ráðstafanir til þess að bæta úr þessu, þó ekki sé nema í svipinn.

Ég hygg, að finna megi dæmi þess, að svo illa sé komið fyrir einstökum af þessum aðilum, að jafnvel sé hægt að leita lögtaks í tekjum viðkomandi sveitarfélaga. Þessi leið, sem hér er stungið upp á, virðist vera eðlileg, því gert er ráð fyrir í till., að með þessu fé, sem til þessa verður veitt, verði ekki einungis reynt að gera þessum stofnunum kleift að standa við skuldbindingar sínar í bráðina, heldur einnig að reyna að fá skuldaeftirgjafir. Það á m. ö. o. að reyna að koma fjárhag þessara sveitarfélaga á þann grundvöll, að líkur séu til, að þau geti staðið við sínar skuldbindingar framvegis.

Ég held, að það þurfi ekki að útskýra þetta frekar. Ég veit ekki betur en að fyrir hendi sé næg þekking á því hjá hv. dm., að full þörf sé á þessari ráðstöfun.

Ég vil svo að lokum geta þess, að teknar hafa verið upp 2 brtt., sem allshn. flutti við 2. umr., en voru þá teknar aftur. Brtt. á þskj. 446 er við 3. gr. og er borin fram óbreytt frá því, sem hún var flutt af allshn. við 2. umr., en það þótti réttara að bera hana fram á sérstöku þskj. nú. Ég gerði nokkra grein fyrir þessari brtt. við þá umr. og sé því ekki ástæðu til að fara frekar út í hana. Ég hefi ekki ástæðu til að ætla, að meðnm. mínir hafi skipt um skoðun síðan.

Ég vil svo geta þess, að þó ég hafi ekki skipt um skoðun frá því, að þetta mál var hér til 2. umr., þá hefi ég samt ekki flutt brtt. við 38. gr. frv., þó ég teldi þess fulla þörf. Ég varð þess var, að hæstv. fjmrh. lét í ljós við þá umr., að hann teldi, að ekki yrði hjá því komizt að taka upp þá stefnu, sem frvgr. gerir ráð fyrir. Hér í hv. d. flutti nokkur hluti allshn. brtt., sem sannaði, að ekki er fyrir hendi vilji í hv. d. að hverfa frá þeirri stefnu, sem er mörkuð í 38. gr. Ég vil geta þessa, vegna þess að ég lét í ljós við 2. umr., að ég hefði til athugunar, hvort ekki væri rétt að flytja brtt., en ég vil taka það skýrt fram, að þó ég hafi ekki gert það, þá hefi ég ekki breytt um skoðun, en ég sé ekki, að það hafi neina þýðingu að flytja brtt. um þetta atriði.

Forseti (EÁrna): Mér hefir borizt skrifleg brtt. við brtt. á þskj. 447, frá 1. þm. N.M. — Það þarf tvöföld afbrigði til þess að þessi brtt. megi koma til meðferðar í hv. d.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 490) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og hv. frsm. allshn. hefir þegar tekið fram í sinni ræðu, þá er brtt. á þskj. 466 flutt eftir ósk minni og í samræmi við það, sem rætt hefir verið um þetta mál í ríkisstj.

Eins og nú standa sakir með framfærslumál landsins, þá er það mikið verkefni og vaxandi að ráða fram úr mörgum erfiðleikum, sem standa í sambandi við þau mál.

Það er hér verið að reyna að gera tilraun til hagnýtra úrbóta, þar sem er hugsað meira um það að útvega vinnu, mönnum, sem ekki geta bjargað sér án hjálpar, en eru þó vinnufærir, heldur en að leggja þeim til framfærslueyri. Ég fyrir mitt leyti tel rétt og æskilegt, að sá ráðh., sem fer með þessi mál, geti haft sér til aðstoðar

slíka nefnd, eins og hér er lagt til, sem myndi vinna að þessu, rannsaka þessi mál og gera till. um þau og hafa á hendi ýmsar framkvæmdir. Það er alltaf svo, að þegar koma fyrir málefni, sem eru örðug úrslita og mikla athugun þarf við, að bezt er, að kvaddir séu til sem flestir ráðamann, áður en ákvarðanir eru teknar, og meiri starfskraftar hafðir við allar framkvæmdir.

Satt að segja er það skaði, að framfærslumálin og sveitarstjórnarmálin hafa verið allt of mikið á hakanum, og þess hefir ekki verið gætt sem skyldi undanfarið, hvað þessi mál eru mikilsvirði og hvað mikið þau gripa inn í hag fjölda einstaklinga í landinu, auk þess sem þau snerta mjög afkomumöguleika bæjar- og sveitarfélaga landsins. Þetta stafar mjög af því, að ráðuneytin hafa verið störfum hlaðin við önnur mál, sem menn hafa álitið, að þyrfti að gefa meiri gaum og ráða fyrr fram úr.

Ég tel þess vegna rétt og eðlilegt, eins og ég hefi áður lýst yfir, að þessi ákvæði til bráðabirgða séu sett aftan við framfærslul., því þau eiga að minu viti þar heima og hvergi annarstaðar.

Ég sé ekki ástæðu til að fara út í innihald bráðabirgðaákvæðanna, sem ég fyrir mitt leyti teldi æskilegt, að næðu fram að ganga. En í sambandi við þetta vil ég geta þess og skjóta því til hv. flm. brtt. á þskj. 434, hvort þeir gætu ekki séð sér fært að taka aftur fyrri brtt. á því þskj., því að í 4. mgr. 2. töluliðs ákvæðisins til bráðabirgða á þskj. 466 er gert ráð fyrir því sama að efni til, og þar á það bezt heima ef bráðabirgðaákvæðið verður samþ. á annað borð. Um þetta sé ég svo ekki ástæðu að fjölyrða frekar, en skal snúa mér að brtt. á þskj. 477, sem nýbúið er að útbýta. Skal ég þá taka undir með frsm. og skýra frá, að þessi brtt. er flutt í samráði við mig og eftir umr. við ríkisstjórnina. Auk þess mun þetta mál hafa borið á góma í fjvn., og ég þykist mega segja, að a. m. k. sumir hv. þm. í fjvn. telji mjög eðlilegt að setja slíkt ákvæði, sem hér er lagt til.

Eins og hv. frsm. tók fram, er nú svo komið högum sumra bæjar- og sveitarfélaga, að til vandræða horfir fyrir þeim. En hins vegar ætti enn að vera nokkur möguleiki á að bjarga sumum hverjum þeirra út úr mestu ógöngunum, sem næst eru hendi, ef tiltækilegt fjárframlag væri til, eins og hér er lagt til, og þá væri kannske hægt að fá eftirgjafir að einhverju leyti hjá skuldheimtumönnum þessara bæjar- og sveitarfélaga, ef hægt væri að borga einhvern ákveðinn hluta af kröfunni. Við, sem höfum haft með þessi mál að gera undanfarið, höfum orðið varir við, að tiltölulega litlar upphæðir hafa getað staðið í vegi fyrir eðlilegum afkomumöguleikum og bjargráðum sumra bæja og sveita, og í veg fyrir slíkt ætla ég að mætti koma á þennan hátt, sem hér er tekið fram. Hins vegar hefir orðið vond reynsla af því á undanförnum árum, þegar hreppsfélög hafa gefizt upp og ríkisstj. á hverjum tíma hefir verið neydd til að láta leggja þeim til styrk á 19. gr. fjárl., að það hefir verkað á sum bæjar- og sveitarfélög svipað og þegar einstaklingurinn gefst upp í lífsbaráttunni og fer á opinbert framfæri, að eftir það missir hann einhvern hluta af sínum manndómi og hirðir síður um að bjarga sér sjálfur eftir það. Það er eins og það sé ákaflega erfitt að losa hreppsfélög af 19. gr. fjárl. aftur, þegar þau eru einu sinni þangað komin, nema með sérstaklega róttækum ráðstöfunum. Hinsvegar ef tiltæk er svona upphæð, sem hægt væri að nota með mjög skynsamlegu móti, þá hygg ég, að koma mætti sveitarfélögum af ríkisframfærslu, ef nota mætti það orð. Tel ég það vel farið, að þá mætti hefta beinlínis, að þeim sveitarfélögum fjölgaði, sem gefast upp og komast á framfæri þess opinbera. Þess vegna mælist ég til þess, að till. hv. 2. þm. S.-M. nái fram að ganga. Og ég hefi ekkert á móti því, að sú skrifl. brtt., sem borin hefir verið hér fram, verði samþ.

Þó að það kannske eigi síður við, þar sem hv. flm. að brtt. á þskj. 434 hafa ekki kvatt sér hljóðs til að gera grein fyrir þeirri brtt., tel ég rétt að minnast aðeins á brtt. eða ákvæðin til bráðabirgða um hið svonefnda byggðabann. Skal ég fyrst og fremst geta þess, að ég er mjög andvígur þeirri meginreglu, sem kemur fram í þessari brtt., um að hefta frelsi annars sjálfráðra manna til þess að leita sér atvinnu eftir því, sem bezt á við á hverjum tíma. Ég mun hafa sagt það við 1. umr. þessa frv., að ég gæti gengið inn á frekar að hefta að verulegu leyti frelsi þeirra manna, sem hafa gefizt upp í lífsbaráttunni og hafa orðið að leita á náðir opinberra framkvæmda um framfærslu eftir l. þar um. Það er í mínum huga mjög ógeðfelld tilhugsun að eiga að hefta frelsi þeirra manna, sem brjótast áfram af eigin rammleik og leita sér að vinnu, hvar sem hún er, kannske fara úr einu byggðarlaginu í annað, þar sem þeir hafa von um að geta bjargað sér. Mér finnst efni þessarar brtt. stefna í öfuga átt við 21. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að greiða fyrir því, að menn geti fengið vinnu, og þá e. t. v. sezt að í öðru framfærsluhéraði, þar sem betra er að bjarga sér. Það er með 21. gr. frv. til framfærslul. bent á nýjar brautir til að láta fólk fá vinnu á þeim stöðum, þar sem helzt er vinnu að vænta, en hverfa frá þeim stöðum, þar sem margt fólk er og litlir atvinnumöguleikar. Mér virðist þessi brtt. ganga í öfuga átt við það, sem reynt er að gera með 21. gr. framfærslufrv., eins og það liggur hér fyrir. Því að ég get einmitt búizt við því, eftir því sem ég þekki til þessara málefna, að krafa um byggðabann, ef leyft væri með l., eða um notkun heimildarinnar til þess, kæmi ekki síst fram frá einstökum sveitarhéruðum, þar sem álitleg skilyrði þættu til að bjarga sér og þar sem þess vegna bæjarfélög reyndu að gera ráðstafanir til þess að safna fólki saman til að bjargast þar. Ég veit þess dæmi héðan úr Reykjavík, að það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að einstökum mönnum með stóran barnahóp, sem ekki hafa getað bjargað sér í Reykjavík, hefir verið hjálpað til þess að fá jörð í sveit. Ég man eftir einu slíku dæmi, þar sem var fram úr skarandi dugnaðarmaður, en með barnahóp svo stóran, að með þeirri vinnu, sem hann hafði í Rvík, var ómögulegt, að hann gæti bjargað sér þar

til fulls, þrátt fyrir hans mikla dugnað og útsjónarsemi. Framfærslun. gerði ráðstafanir til þess, að maður þessi gæti sezt að í einni af sveitum landsins og fengið ábúðarjörð. Ég held, að það hafi gefizt vel, hann hefir a. m. k. getað bjargað sér. En mér er jafnljóst, að forráðamenn þess sveitarfélags voru dálitið hræddir um það, að þessi maður kynni að verða handbendi sveitarfélagsins vegna hans miklu ómagafjölda (PZ: Þeir eru enn með horn í síðu hans).

Ég skal geta þess ennfremur til dæmis, að ég þekkti ágætan verkmann hér í Reykjavík fyrir nokkrum árum, sem lá í óreglu. Hann átti fyrir konu og börnum að sjá. Hann hafði sjálfur hug á því að rífa sig upp úr óreglunni, en treysti sér ekki til þess, meðan hann væri hér í bænum, þar sem drykkjufélagar hans urðu jafnan til að draga hann með sér út í óregluna. Hann flutti suður á Reykjanes til þess að komast út úr umhverfinu, sem hafði eyðilagt velgengni hans. Þar bjargaði hann sér ágætlega í 5—6 ár; svo þegar hann var orðinn öruggur fyrir hættunni á því, að hann færi út í óreglu aftur, fluttist hann til Reykjavíkur og hefir átt hér heima síðan. Það, að þessi maður gat af frjálsum vilja flutt sig frá einum stað til annars, hefir orðið til þess, að hann hafði sig upp úr drykkjuskap og hefir orðið góður þjóðfélagsþegn.

Ég efast ekki um, að fleiri slík dæmi væri hægt að nefna um þetta og þessu líkt. Vil ég því vara hv. þd. mjög alvarlega við því að ganga inn á, að menn eftir þessari ákaflega ógeðfelldu braut, sem í brtt. er verið að stefna að, verði sviptir möguleikum til þess að hafa sig upp og áfram, eins og menn þeir, sem ég nefndi, gerðu, og að hv. þm. athugi rækilega, hvort með þessari tilhögun, sem í brtt. felst, sé fundinn nokkur Aladdin-lampi, og hvort það ekki miklu frekar er mýraljós, sem í framkvæmdinni mundi verða erfitt og mörgum til óþæginda.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég á hér 2 brtt. á þskj. 475, sem ég tók aftur við 2. umr. málsins af ástæðum, sem ég þá greindi.

Fyrri brtt. er við 9. gr. og fer fram á, að gr. falli niður, en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„a) Aftan við fyrri málsgr. 15. gr. laganna bætist: og lögskyldur framfærslumaður sé ekki fær um að ala önn fyrir barninu meðgjafarlaust.

b) Á eftir orðunum „meiri meðgjafar en meðalmeðlags“ í síðari málsgr. sömu lagagreinar kemur: og foreldri er ekki fært um að ala önn fyrir barni án meðgjafar“.

Um þessa gr. var mjög mikið rætt innan n., og lengi vel virtist mér, að meðnm. mínir væru á þeirra skoðun, að gr. ætti að falla niður, og þeir voru þeirrar skoðunar, að í gr. fælist ákvæði um að svipta barnaverndarnefndir þeim íhlutunarrétti, sem þær hafa um það, hvort barn skuli taka frá fósturforeldrum til foreldra, ef þær álíta, að þau séu þess megnug að ala önn fyrir barninu. Ég held, að það sé ekki hægt að leggja annan skilning í þessi orð, sem á að hnýta aftan við gr. Á síðustu stundu vildu nm. svo ekki fella gr. niður af ástæðum, sem þeir vildu ekki skýra frá. Ég held fast við þá skoðun, að það megi ekki svipta barn rétti til að dvelja hjá fósturforeldrum, jafnvel þó foreldrarnir séu þess fjárhagslega megnugir að sjá fyrir barninu, nema að það komi fram í dómi óhlutdrægrar nefndar, barnaverndarnefndar, að barninu geti liðið jafnvel á hvorum staðnum sem er eða betur á öðrum. Í þessu sambandi er alls ekki allt af nægilegt að líta á fjárhagsástæðurnar. Ég skal ekki rekja mörg dæmi þess hér, en ég veit, að það eru til mörg dæmi þess, að barn hefir liðið fyrir það alla æfi að vera tekið frá fósturforeldrunum. Barnið getur verið búið að fá ást á fósturforeldrunum og þótt alveg eins mikið fyrir því að fara frá þeim eins og foreldrar þess væru. Ég hefi hér fyrir framan mig ummæli barnaverndarráðs Íslands, sem ég skal leyfa mér að lesa hér upp. Þau eru þannig:

„Á fundi, sem haldinn var 4. þ. m., tók barnaverndarráð Íslands til umræðu lagabreytingar á framfærslulögunum, samkvæmt tilmælum formanns allsherjarnefndar efri deildar Alþingis, en hann hafði óskað umsagnar barnaverndarráðs um breytingar þær, sem verða samkvæmt umræddu frv. á 15. gr. framfærslulaganna.

Samþykkt var svofelld ályktun:

Barnaverndarráð er mótfallið breytingartillögum við 15. gr. framfærslulaganna eins og þær liggja fyrir, þar sem velferð barna er enganveginn tryggð með þeim. Hinsvegar telur barnaverndarráðið það sanngjarnt, að lögskyldur framfærslumaður geti tekið barn af heimili fósturforeldra þess til þess að annast sjálfur um uppeldið, en þó því aðeins, að samþykki barnaverndarnefndar eða skólanefndar komi til.

Virðingarfyllst

f. h. barnaverndarráðs Íslands

Arngr. Kristjánsson.

Til allsherjarnefndar efri deildar Alþingis.

Ég þykist nú hafa leitt rök að því, að þetta ákvæði getur valdið miklum óþægindum og sársauka. Ég tel alveg sjálfsagt að óhlutdræg nefnd verði hér látin hafa hönd í bagga í hverju einstöku tilfelli.

2. brtt. mín er við 21. gr. Eins og kunnugt er, þá hefir frv. í för með sér talsverðar breyt. á núgildandi l., og sumar að mínu áliti sízt til bóta. Það mun hafa verið litið svo á í upphafi, að 50. gr., eins og hún var gerð 1936, væri nægilega ströng til þess að öðlast rétt yfir þeim, sem ekki eru færir um að sjá fyrir sér sjálfir. Ég álít, að ekki eigi að gera slíkar ráðstafanir um að koma mönnum til vinnu, nema því aðeins að læknir dæmi um það, hvort viðkomandi sé vinnufær eða ekki. Ég skal játa, að í l., eins og þau eru nú, er ekki farið fram á þetta, en það er samt nauðsynlegt. Ég hefi sjálfur verið vitni að því, að menn hafa verið dæmdir vinnufærir, enda þótt þeir væru fárveikir, ekki af sveitarstj., heldur af yfirboðurum sínum. Því fer ég fram á, að alltaf skuli liggja fyrir læknisvottorð í slíkum tilfellum.

2. brtt. mín er samin með tilliti til þess, að þegar til þess ráðs er gripið að koma styrkþega fyrir, þá er hugsanlegt, að hann vilji ekki vinna, en full nauðsyn er að koma þessum

mönnum til einhverra starfa. En þá er annað, sem slíkur maður á fulla kröfu á, sem sé það, að honum sé ekki goldið lakar en þeim mönnum, sem taldir eru frjálsir. Hann getur unnið sem hver annar verkamaður, og því ætti þá að launa honum lakar? Brtt. ákveður, að gjalda skuli honum kaup það, sem verkalýðsfélagið á staðnum ákveður. Þetta finnst mér eðlileg krafa, að ekki sé hægt að þvinga hóp styrkþega til að vinna fyrir óeðlilega lágu kaupi og undirbjóða þannig aðra menn.

Þriðja atriðið er það, að þegar um það er að ræða að koma styrkþega í starf, sé tekið tillit til þess, hversu mikil þörf hans er á tekjum til að framfleyta fjölskyldu sinni. Sé til dæmis um að ræða einhleypan auðnuleysingja, er ekki nauðsynlegt að koma honum í bezt launaða starfið, hann gæti þá til dæmis verið í vist, sem venjulega er verr launuð, en með orðinu vist meina ég það að vera þjónn hjá einhverjum búanda.

Ef mín till. er samþ., þá er náð sama tilgangi og með frvgr., en teknir af sárustu broddarnir, og gr. yrði með því mannúðlegri en nú er. Ég viðurkenni, að þetta er mikið vandamál, en mig uggir, að ekki sé alltaf viðhaft það réttlæti og mannúð, sem ber að viðhafa, þegar verið er að gera ráðstafanir gagnvart þeim, sem svo illa eru komnir í þjóðfélaginu, að þeir geta ekki haft ofan af fyrir sér af eigin ramleik. Ég tel, að það verði að taka tillit til tilfinninga manna í þessum efnum. En nú eru uppi þær skoðanir meðal manna, sem miklu ráða í landinu, að ekki beri að taka fullt tillit til tilfinninga þessa fólks. Hér verður því að fara meðalveg og varast að beita harðýðgi. Þetta er mín skoðun. Atkv. mun skera úr um það, hvort Alþingi vill taka undir þessa skoðun. En ég vil fara þann veg í þessum ráðstöfunum, að ekki sé hægt að segja með sanni, að þessi löggjöf sé dökkur blettur á þeim mönnum, er staðið hafa að henni á því herrans ári, sem nú er að líða.

***Magnús Jónsson:** Ég flyt tvær brtt. við þetta frv. ásamt hv. þm. S.-Þ. Ég ræði ekki um þá fyrri, því að hæstv. félmrh. hefir óskað, að hún yrði tekin aftur, þar sem efni hennar felist í brtt. allshn., sem fram er borin fyrir hans hönd. Ég get fallizt á þetta, en skýt því jafnframt til hæstv. forseta, hvort ekki sé hægt að láta atkvgr. um þessa brtt., þótt hún sé stíluð við 21. gr., bíða, þar til greitt hefir verið atkv. um brtt. allshn. Ef sú till. verður felld, hefir okkur till. fullt gildi.

Síðari brtt. er aðaltill. okkar. Hæstv. félmrh. fór um hana nokkrum orðum og mælti heldur á móti henni, þó ekki af kappi. Ég get tekið undir sumt af því, sem hann sagði á móti brtt. Hann sagði, að verið væri að hefta hreyfingar og búsetuheimild manna, sem gætu séð fyrir sér sjálfir, þótt hann viðurkenndi, að nauðsyn gæti borið til að beita þessari aðferð við þá, sem á framfæri eru. Ég er honum sammála um þetta, og þarf hann ekki að nefna mér nein dæmi um það, hvert ófrelsi og vandræði getur af þessu stafað. En það, að ég er meðflm. að þessari till., stafar af því, að búið er áður að gera ýmsar ráðstafanir á þessu sviði, sem til vandræða horfa. Hér voru til skamms tíma gildandi nokkurskonar hömlur á flutningum manna, þar sem var sveitfestitíminn. Ef menn komust í þrot og þurftu á hjálp að halda, áttu þeir ekki kost á slíkri hjálp annarstaðar en í sinni sveit fyrr en eftir svo eða svo mörg ár. Þá var óhætt að lofa mönnum að fara um og setjast að þar, sem þeim sýndist, með því að dvalarsveit gat haft nokkra tryggingu gegn því, að þeir yrðu henni til þyngsla, þar sem þeir fengu ekki rétt til styrks á staðnum, ef þeir kæmust í þrot, fyrr en þeir væru búnir að dveljast þar ákveðinn árafjölda, greiða útsvör og slíkt og þar með leggja fram nokkurskonar vátryggingagjald fyrir sig, ef þeir skyldu komast í þrot. Nú hefir þetta verið stytt og loks afnumið. Menn greiða að vísu þessi gjöld, en það er ekki lengur nein trygging fyrir því, að þeir einir, sem hafa greitt þessa vátryggingu í hinni nýju sveit, geti fengið sveitarstyrki, og hefir þetta komið miklu raski á öll þessi mál, og því hefi ég gerzt meðflm. að þessari till., þó að ég hefði raunar ekki viljað þurfa að draga þá ályktun, að það ætti líka að hefta ferðir þeirra manna, sem ekki eru komnir á framfærslu.

Með till. þeirri, sem n. hefir borið fram fyrir hönd hæstv. félmrh., hefir hann fallizt á, að reka megi menn úr héraði, ef þeir komast á framfæri eða það er yfirvofandi. En þegar svo er komið, að talin er nauðsyn á að vísa mönnum úr héraði undir vissum kringumstæðum, mætti ætla, að nær lægi þó að hefta heldur innflutning manna en að þurfa að vísa þeim burt síðar meir. Ef ætti að framkvæma þetta tvennt, yrði það eflaust sársaukaminna að hefta innflutninginn en koma á brottflutningi. Þó að það séu vandræði að halda mönnum föstum, ef þeir vilja flytjast burtu, er það þó skárra en rífa menn frá staðfestu sinni, ef þeir komast á framfæri, því að ég skil ekki, að þeir hafi fyrir það misst svo mikið af tilfinningum sínum, að þeir finni ekki til þess, eins og hv. 4. þm. Reykv. (SÁÓ) komst að orði. Ég vil heldur reyna að koma í veg fyrir slíkt fyrir fram en þurfa að grípa til brottflutningsráðstafana.

Hæstv. ráðh. sagði, að mikil ósamkvæmni væri milli 21. gr., sem heimilar sveitarstj. að flytja menn á brott, og svo hins að setja á byggðarbönn. Það er satt í vissu falli, og er hægt að hugsa sér, að þetta rækist á, ef t. d. sveitarst. vildi ráðstafa manni í eitthvert hérað, þar sem væri byggðarbann. Væri ef til vill rétt að taka tillit til þessa í l. En ég hefi reyndar allt af skilið l. svo, að menn væru áfram á framfæri þeirrar sveitar, er flytur þá burt, svo að byggðarbannið snerti þá ekki á þann hátt. Þeir gætu að vísu tekið þarna einhverja atvinnu, og skal ég ekki um það segja, hvernig sá árekstur kynni að verða. Hæstv. ráðh. hefir það á móti þessu ákvæði, að ef sköpuð eru góð atvinnuskilyrði einhverstaðar, þá sé afleitt fyrir menn að mega ekki flytjast þangað. En það er nú kunnugt, að ef á einhverjum stað skapast sæmileg atvinnuskilyrði, þá streyma menn þangað og eyðileggja þar með hin góðu atvinnuskilyrði. Mætti snúa

þessu við og segja, að byggðarleyfið sé nauðsynlegt til þess, að ekki verði þegar eyðilögð hin góðu atvinnuskilyrði, sem skapast kunna á einhverjum stað, til þess að bæjar- og sveitarfélög geti varið sig gegn því, að allt fyllist á svipstundu. Það eru til dæmi, sem sýna þetta. Fáum *nóg er mörgum smátt, segir Örn Arnarson* einhverstaðar. Við skulum taka dæmi af því, er settur er upp stórrekstur, eins og á Bildudal, sem gerir það að verkum, að afkomumöguleikar gerbreytast. En ef menn fá að flykkjast þangað ótakmarkað, verða þeir áreiðanlega ekki lengi að éta upp þá atvinnu, sem þar er að hafa. Þetta er náttúrlega enn hættulegra, ef um er að ræða mikil mannvirki, sem standa skamma hríð, eins og til dæmis hitaveita Reykjavíkur. Bæjarfélögin reyna að verjast þessu með því að hafa hönd í bagga um það, hverjir fá atvinnuna, til þess að standa ekki uppi ráðalaus, þegar verkinu er lokið.

Hæstv. ráðh. minntist á hraðslu heimaríkra sveitarstj., ef maður kæmi í sveitina með stóra fjölskyldu, sveitarstj. væri dauðhrædd um að fá hann á sveitina með alla fjölskylduna. En getur ekki í raun og veru verið hætta á þessu? Þessi hætta var ekki til áður en sveitfestitíminn var afnuminn.

Þá myndi ég, ef hæstv. ráðh. væri viðstaddur, þó að ég ætli ekki að fara að deila á hann, benda honum á, að allt þetta er á valdi hans sjálfs. Hann getur heimilað sveitarstj. að gera þetta, og fyrst, er hann hefir heimilað það, geta þær framkvæmt það. Og þeir, sem sveitarstj. synjar um leyfi, geta skotið máli sínu til 3 manna n. og áfrýjað þannig úrskurði heimaríkrar sveitarstj.

Þetta mál er annars svo kunnugt, að ég ætla ekki að fara að hafa um það miklu fleiri orð, enda býst ég ekki við að geta snúið hug manna um þetta, sérstaklega þeirra, sem ekki eru viðstaddir. En ég hefi bent á þau ákvæði, sem milda þetta, svo að ekki ætti að þurfa að skapast neitt átthagaband. En auk þess vildi ég rétt minnast á brtt. á þskj. 475 um, að 9. gr. falli niður. Það er ekki fyrir það að synja, að barn, sem komið hefir verið fyrir hjá fósturforeldrum, vilji heldur vera þar kyrrt en fara til foreldra sinna. En það er þó varla hægt að fara svo langt að telja það plágu fyrir barnið að þurfa að fara til foreldranna, *ef þeir geta séð fyrir því.* Það er þá af, sem áður var, þegar talað var um aumingja sveitarbörnin, og oft með réttu. Ég myndi yfirleitt hafa meiri meðaumkun með barni, sem tekið væri frá foreldrum sínum og komið fyrir gegn meðlagi. Og vald barnaverndarn. er auðvitað óskert af þessu. En ef synda ætti fyrir allt, sem komið getur fyrir, þá held ég, að við mættum sitja lengi yfir okkar löggjöf.

Brynjólfur Bjarnason: Herra forseti! Það liggja fyrir ærið margar brtt. við þetta frv. Annars er hér hver silkihúfan upp af annari, þar sem er frv. og brtt. við það. Þó keyrir alveg um þverbak, þegar fram kemur brtt. frá hv. þm. S.-Þ. og hv. 1. þm. Reykv. á þskj. 434. Það er auk þess ærið undarleg aðferð, sem þessir hv. þm. hafa til þess að koma till. sínum á framfæri. Í fyrsta lagi er það alveg óviðeigandi að hafa ákvæði sem þetta í framfærslul., því að hér er um lagafyrirmæli að ræða, sem ekki eiga þar heima. Þessi ákvæði um byggðarleyfi eða byggðabönn eða hvað þau nú eiga að kallast, snerta ekki aðeins styrkþega, eins og framfærslul., heldur alla Íslendinga, og fyrst og fremst þá, sem ekki eru á framfæri. Í öðru lagi er það meira en skrítið að koma með till. um stærstu lagabreytinguna fyrst við 3. umr. málsins, því að ekki er neinn vafi á því, að þessi till. á þskj. 434 er stærsta og umfangsmesta brtt., sem fram hefir komið við framfærslul. Hér er um að ræða stórmál, sem hefir verið mjög mikið rætt í landinu. Hv. þm. S.Þ. hefir verið aðalforsvarsmaður þessa máls, en allur almenningur og lýðræðissinnar í landinu hafa staðið á móti, hafa álitið þetta eina af þeim skuggalegu hugsunum, sem skotið hefir upp í höfði þessa manns hin síðari árin og menn hafa vonað, að ekki kæmust lengra. En nú er þetta komið fram sem brtt. við framfærslul., og hann hefir jafnvel fengið annan þm. til að flytja þetta með sér. Brtt. þessi, ef samþ. yrði, myndi leiða til þess, að horfið yrði til baka til fornra ófrelsistíma og átthagafjötra. Hv. 1. þm. Reykv. (MJ) sagði, að ekki væri ætlazt til að koma átthagafjötrum á. Ég veit það vel, að hér er aðeins um heimild að ræða, *en vitaskuld er hún sett í frv. í því skyni,* að hún komi til framkvæmda, og þá yrði horfið til baka til fornra ófrelsisákvæða, sem kostað hefir baráttu heillar kynslóðar að afnema. Í heild sinni verður þessi till. ekki til annars en þess að gera mönnum torveldara að bjarga sér sjálfum, því að mönnum er meinað að leita þangað, sem helzt er bjargar von. Eina aflið í hinu sundurvirka þjóðskipulagi, sem ýtir undir, að landsgæðin séu hagnýtt, þ. e. hið frjálsa einstaklingsframtak, hyggst löggjafarvaldið nú að afnema að þessu leyti. Það á ekki að fá að njóta sín lengur, heldur á nú að setja á það stórkostlegar hömlur. Auk þess eru með þessari till. eins og hún er framsett á þskj. 434 opnaðar allar gáttir fyrir pólitiskri misbeiting. Hér er beinlínis um hreina flokkspólitíska misbeitingu að ræða, þar sem valdið er fengið pólitiskri nefnd í hendur, sem er skipuð af ákveðnum pólitískum flokkum. Það er náttúrlega hægt fyrir slíka n. að beita þessum l. með alveg takmarkalausri *pólitískri hlutdrægni. Það er hægt að sjá svo um,* að hún eða meiri hl. n. myndi að líkindum skipa mönnum að vera kyrrir á þeim stað á landinu, þar sem þeir eru nú, bara vegna þess, að þeir teldu ekki heppilegt, að maður með vissa pólitíska skoðun flytti inn í byggðarlagið. Ekki er annars að vænta, þar sem úrskurðarvaldið er hjá slíkri n.

Hvað snertir þær röksemdir, sem hv. frsm., hv. 1. þm. Reykv. (MJ) bar fram fyrir þessari till., er það að segja, að þær voru svo veigalitlar, óskiljanlegar og hringavitlausar frá upphafi til enda, að ég sé enga ástæðu til að fara inn á þær. M. a. breiddi hann sig út yfir það, hvað mikil nauðsyn það væri fyrir þau bæjar- eða sveitarfélög, sem væru vel stæð og hefðu möguleika til sæmilegrar afkomu, að hindra innstreymi frá þeim, sem tvísýn skilyrði hafa til atvinnu og afkomu.

Ég skil ekki, hvað þessi hv. þm. átti við, þegar hann fór að finna að því, að fólk flyttist frá þeim stöðum á landinu, þar sem atvinnumöguleikarnir eru litlir, og til þeirra sveitarfélaga, þar sem heldur væri bjargar von. Er það álit hans, að þessi till. sé borin fram til að torvelda mönnum bústaðaskipti? Að þessa heimild eigi að setja í l. til þess að sjá um, að menn geri sem minnst að því að flytja til þeirra staða, þar sem helzt er bjargar von? Hv. 1. þm. Reykv. vildi halda því fram, að hér væri ekki um meiri þvingun að ræða, heldur jafnvel minni en í flestum öðrum ákvæðum framfærslul., fyrst og fremst þeim, sem felast í 21. gr. þessa frv. Það eru þvingunarákvæði, sem að vísu snerta ekki alla landsmenn, heldur aðeins styrkþega. En því er bara til að svara, að allt þvingunartal, allar till. um þesskonar ráðstafanir, og allar röksemdir fyrir þessum till. er ekki annað en fleipur frá upphafi til enda. Ef mönnum er vísað á atvinnu, sem þeir geta framfleytt sér af, í stað þess að verða styrkþegar, munu þeir taka hana hvar á landinu sem er, og allir hv. þm. vita, að þetta er staðreynd. Ef það skyldi vera til undantekningar frá þessu, ef einhverjir vandræðamenn eða húðarletingjar skyldu vera til, sem sérstökum úrræðum þyrfti að beita gegn, þá eru vissulega alveg nægilega skörp ákvæði í núgildandi framfærslul., til þess að ná sér niðri á slíkum mönnum. Í fyrsta lagi má neita þeim um styrk, og það er líka gert, og meira en það, það er líka hægt að setja þá í fangelsi. Sannleikurinn er sá, að þessar röksemdir eru hreint fleipur út í loftið. Tilgangurinn með þessu lagaákvæði, sem hér um ræðir, ef samþ. verður, er nefnilega allt annar. Hann er sá, að nota styrkþegana sem ódýrt vinnuafl og taka upp þá venju, að skylda styrkþega til einskonar þrælahalds. Slíku stórmáli á svo að fara að smygla hér inn sem einskonar smábreyt. við framfærslul. við 3. umr. Það mætti þó ekki minna vera en að fram færu þrjár umr. um þetta mál eins og önnur þingmál. En bara vegna þess, að fyrrgreind ástæða er fyrir hendi, er talið sjálfsagt að fella þetta ákvæði inn í framfærslul. strax við þessa umr. Í rauninni er það nákvæmlega hið sama sem gildir um till. allshn., sem gengur út á það að smygla aðalákvæðum höggormslagafrv. einnig inn í framfærslul., að vísu ofurlítið breyttum.

Það, sem ég hefi sagt um það, í hvaða höfuðtilgangi brtt. á þskj. 434 hafa verið bornar hér fram sem brtt. við framfærslul. við 3. umr., á líka alveg jafnt við brtt. frá allshn. á þskj. 466. Þar eru einnig ákvæði, sem alls ekki eiga heima í framfærslul., ákvæði sem snerta atvinnubótavinnuna og yfirleitt þá opinberu vinnu, sem styrkt er af ríkinu, og þar að auki stórmál, sem mikið hefir verið rætt um og ég ætla að ganga framhjá við þessa umr. Vitaskuld nær það ekki nokkurri átt að smygla slíkum ákvæðum sem smábreyt. inn í framfærslul., þar sem þau hafa alls ekki komið fram fyrr en við 3. umr.

Hvað snertir brtt. frá hv. 2. landsk. (SÁÓ) á þskj. 475, þá er ég þeim sammála svo langt sem þær ná, fyrir þær sakir, sem ég tók fram við 1. umr. þessa máls. Um 2. brtt. á þskj. 475 er það að segja, að þótt hún að vísu afnemi ekki þvingunarákvæðin í 21. gr., þá er hún a. m. k. ákaflega mikil bragarbót frá ákvæðum þeirrar gr. eins og þau eru í frv., og tel ég, að ef hún nær samþykki Alþ. þá væri ekki eins mikill skaði skeður með þeim.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti! Mig langar til að fá ofurlitlar upplýsingar frá hæstv. félmrh., (StJSt) eða ef hann er ekki við, þá frá hæstv. fjmrh. (JakM) fyrir hans hönd. Mín litla brtt. miðar að því að fá inn í frv. orðið „sýslufélög“, og það, að ég flyt þá brtt. stafar af því, að mér er kunnugt um, að þegar bændakreppan var afgr. á sínum tíma, þá voru látnar falla niður kröfur, sem sýslusjóðir voru í ábyrgð fyrir, og var þar sumstaðar um verulega háar upphæðir að ræða, er aðilar gera nú kröfu til að sýslufélagið borgi. Í öðru lagi er mér kunnugt, að svo er nú komið fyrir sumum læknishéruðum, sem þarna eru líka nefnd á þskj. 477, eins og hv. 2. þm. S.M. (IngP) minntist á, að nú er farið að gera kröfur um fjárnám í tekjum þeirra hreppa, er að læknisbústöðunum standa. Mig langar til að fá að vita, hvort ekki muni mega treysta því, ef brtt. á þskj. 477 verður samþ., að hvorutveggja verði fyrirbyggt og séð um, að samið verði við kröfuhafa, svo viðkomandi hreppur geti staðið undir sér sjálfur án aðstoðar ríkisvaldsins, að samningum loknum. Má ekki treysta því, að þessar 100 þús. kr. verði m. a. notaðar til samninga um skuldaskil þeirra. Af sýslufélögunum er talið, að þeim hafi stundum þótt vafasamt, hvernig þeim kröfum væri varið, sem þau hafa verið rukkuð um, þótt þau gætu ekki mótmælt því að greiða þær. Ég vil vænta þess, að hæstv. félmrh. athugi það að létta af þeim læknishéruðum og sýslum, sem svona er ástatt fyrir, ef till. verður samþ. hér á Alþ; sem ég vona að verði. Ég get fullyrt, að það er ekki síður þörf á að létta undir með sýslufélögunum heldur en bæjar- og sveitarfélögum og læknishéruðum, sem þarna eru talin með.

Ég vil jafnframt segja það álit mitt á till. á þskj. 434, að félmrh. sé heimilt að setja hömlur á rétt manna til að flytja í sveitarfélög, að ég er eindregið á móti þeirri till. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að ég er alveg sannfærður um, að ef þetta ákvæði yrði að l., myndi það smám saman verða notað þannig, að þeir menn, sem mestar hefðu tekjurnar og þeir, sem fjöldinn álítur betur gefna andlega en almennt gerist, myndu stöðugt flytjast fleiri og fleiri til þeirra staða á landinu, þar sem yfirleitt er talið bezt að vera. Ég er t. d. sannfærður um það, að ef hér í Reykjavík væri komið á byggðarleyfi, myndu samt streyma hingað margir af þeim, sem taldir væru allvel stæðir efnalega, og bæjarstjórn Reykjavíkur myndi af skiljanlegum ástæðum ekki hindra það og ekki láta sér detta í hug að stemma stigu fyrir innflutningi slíkra manna. Ef t. d. maður, sem ætti 40—50 þús. kr. í handraðanum, vildi flytja til Reykjavíkur, myndi bæjarstjórnin hiklaust veita honum leyfið. Þannig myndi Reykjavík og helztu kaupstaðir landsins sía til sín efnuðustu mennina úr öðrum héruðum, og svo yrði reynt

að flytja þangað einhverja aðra, ef ekki væri byggðarleyfi þar. Því hefir verið haldið fram, að aðstreymið til kaupstaðanna kæmi af breyttri aðstöðu. Ég skal viðurkenna, að það er breytt aðstaða, en sú breytta aðstaða stafar að miklu leyti af því, að Alþ. hefir á undanförnum árum hvað eftir annað aukið lífsþægindi og bætt kjör manna í kaupstöðunum fremur en annarstaðar, og þá fyrst og fremst hér í Reykjavík. Þetta hefir gengið svo langt, að ríkið hefir gengið í 100% ábyrgð á láni til hitaveitu Reykjavíkur nú á þessu þingi; er slíkt einsdæmi, og aldrei neitt bæjar- eða sveitarfélag svo nauðulega statt áður, sem um ábyrgð hefir sótt, að þess hafi þurft. Það er allt öðru máli að gegna en þegar maður var að fá ábyrgð fyrir smáþorp úti á landi til lendingarbóta, svo að bátar gætu lent þar. Því var neitað, en að fá ábyrgð fyrir Reykjavík var talið sjálfsagt. Þetta er mikill aðstöðumunur, og sá aðstöðumunur og hin breytta aðstaða hefir, eins og hv. 1. þm. Reykv. (MJ) minntist á, orðið til þess ásamt öðru að skapa þægileg lífsskilyrði, ekki þægilegri skilyrði til að bjarga sér, heldur til þess að lifa án mikillar fyrirhafnar. Þessi skilyrði gera það að verkum, að einstaka mönnum dettur í hug að koma á byggðarbanni, en það myndi verða til þess að sigta annarsvegar úr þá, sem eru bezt gefnir andlega, og efnuðustu mennina, og skilja hitt fólkið eftir, og er það ástæðan til þess, að ég hefi alltaf verið því mótfallinn og er það enn.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Herra forseti. Mætti ég beina fyrirspurn til hæstv. félmrh. Mér skildist á hv. 1. þm. Reykv. (MJ), að fyrri brtt. mín á þskj. 475 væri alger misskilningur, því að hennar væri ekki þörf. Ég legg ekki svo mikið upp úr því, hvort menn skilja þessa brtt. við þá gr. rétt eða rangt, en ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh., hvort hann líti ekki svo á, að með þeim viðbótum við gr., sem a.- og b-stafliðirnir eru, sé vald barnaverndarnefnda svipað sem áður til að hafa áhrif á, hvernig börnum verði ráðstafað. Það getur haft þýðingu, hvaða skilning hann sem lögfræðingur, og maður sem hefir með þessi mál að gera, leggur á þetta atriði.

Um fleira þarf ég ekki að spyrja hæstv. félmrh. Mér láðist að geta þess hér áðan í sambandi við brtt. á þskj. 410 við 29. gr. frv., að þar sem sú till. uppfyllir að nokkru leyti þau skilyrði, sem ég myndi telja fullnægjandi í sambandi við þá gr., mun ég greiða atkv. með henni.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég kvaddi mér aðeins hljóðs til þess að svara fyrirspurn frá hv. 1. þm. N.-M. (PZ) út af brtt. á þskj. 477 í sambandi við brtt. þá, sem hann flytur við þessa till. Að vísu er ekki hægt að svara því öðru en almennum orðum, sem hann spurði um, því að ekki er unnt að segja með neinni vissu um, hvað verður hægt að komast langt með þeim 100 þús. kr., sem kunna að fást til þess að kaupa einstökum bæjar- og sveitarfélögum skuldaskil. En það get ég sagt hv. 1. þm. N.-M., að ekki mun síður koma til álita það, sem hann spurði um, heldur en annað, því að það er m. a. orsökin til vandræða sveitarfélaganna. Brtt. á þskj. 477 er borin fram vegna þess, að hæstv. ríkisstj., eða þeir innan hennar, sem helzt hafa með þessi mál að gera, komust að þeirri niðurstöðu, að það muni verða nauðsynlegt að hafa til umráða fé m. a. til þess að geta greitt úr vandkvæðum einstakra sveitarfélaga, ekki sízt út af málum eins hrepps, sem komizt hafi í ógöngur í sambandi við læknisbústaði og annað. Ég tel, að ekki komi síður til mála, að slík heimild verði veitt einstökum sýslufélögum til þess að losa þau úr vanda með því að kaupa þeim skuldaskil.

Út af fyrirspurn hv. 2. landsk. (SÁÓ) skal ég taka undir þá skoðun, að ég tel 9. gr. í frv. til framfærslul. vera talsverða breyt. til bóta frá því ákvæði, sem áður var í framfærslul. um vald barnaverndarnefnda. Ég held, að álit hv. 2. landsk. á þessu muni vera alveg rétt. Ég heyrði ekki þau orð, sem hv. 1. þm. Reykv. lét um þetta falla. En þeirri fyrirspurn, sem hv. 2. landsk. beindi til mín sérstaklega út af þessu, get ég svarað á þá lund, að það sé töluverð efnisbreyt. í þeirri brtt., sem flutt er við 9. gr. frv., með því að fella hana niður.

Páll Zóphóníasson. Ég skildi hæstv. ráðh. svo, að það mætti ganga út frá því sem nokkurn veginn vísu, að þau læknishéruð, sem komast í vandræði, myndu fá lausn á sama hátt sem hrepparnir, þegar þeir lenda í slíkum vandræðum, að við búið er, að þeir fari á landið, af þeim 100 þús. kr., sem frv. fer fram á, að verja megi til skuldaskila eða bjargar í þessu skyni.

Alveg sama máli er að gegna um sýslufélögin, þegar þau komast í vandræði vegna ábyrgða, er þau hafa tekið á sig viðvíkjandi skuldum, sem faldar voru hreppakreppunni, og tvísýnt er, eins og stendur, hvernig fer um, nema úr leysist á einhvern hátt með aðstoð ríkisins og þá í sambandi við þessa fjárveitingu. Ég vil því eftir undirtektum hæstv. ráðh. mega vænta þess, að það læknishérað og sú sýsla, er ég hér ber fyrir brjósti, megi í gegnum þessar 100000 kr. fjárveitingu fá leyst sín aðkallandi skuldamál.

***Sigurjón Á. Ólafsson:** Ég skil svar hæstv. félmrh. við fyrirspurn minni á þá lund, að hann sé mér nokkurnveginn sammála um, að með þeirri gr. frv., sem hér ræðir um, sé réttur barnaverndarnefndar skertur, og e. t. v. í sumum tilfellum afnuminn með öllu.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Ég hefi heyrt það hjá ýmsum þdm., að þeir leggjast mjög eindregið á móti brtt. á þskj. 434 frá hv. 1. þm. Reykv. (MJ) og hv. þm. S.-Þ. (JJ). Að því, sem mér hefir skilist, er mest andstaða gegn þessari brtt. frá þeim þm., sem munu helzt hafa ýmugust á því ákvæði þessa frv., að ríkissjóður skuli bera ábyrgð á framfærslu þeirra, sem flytjast milli héraða, og ekki öðlast framfærsluréttindi í hinni nýju dvalarsveit. Ég vil benda á það, að náttúrlega eru slík ákvæði sem þetta nokkur vörn fyrir ríkissjóð gegn þeirri áhættu,

sem í slíkri ábyrgð er fólgin, þar eð með því á að stemma stigu fyrir flutningi þessara manna milli héraða. Það eru ýmsir, sem gera ráð fyrir, að af þessu stafi hætta. Hv. 1. þm. N.-M. (PZ) var alveg viss um það og færði fram rök fyrir því. Hann var ákaflega eindregið á móti þessari brtt. Mér finnst, að hann hafi misskilið gr. Hann vildi líta á það sem alveg sjálfsagðan hlut, að sérstaklega myndi verða mikið innstreymi hingað til Reykjavíkur af efnamönnum og menntuðum mönnum, því að gera mætti ráð fyrir, að engar ráðstafanir yrðu gerðar gegn innflutningi andans manna og efnaðra manna. Ég sé ekki hvers vegna hv. 1. þm. N.-M. þarf að vera svo eindregið móti þessari brtt. Mér fundust rök hans miklu fremur styðja hana. Ef engar hömlur væru settar, yrði hættan þá ekki alveg eins? Ég skil ekki, hvernig hv. 1. þm. N.-M. getur lagt þann skilning í þetta ákvæði, að það eigi að setja það í framfærslul. til þess að ýta undir flutning manna úr sveitum landsins og kaupstöðum hingað til Reykjavíkur. Ég geri ráð fyrir, að það geri þá hvorki til né frá hvað þetta atriði snertir. Hann virtist hinsvegar gera ráð fyrir að þetta hamlaði öðrum mönnum að flytja. En hann virðist þá sem sagt helzt kjósa, að sem allra flest fólk flytji úr sveitunum, sem má heita merkilegt um fulltrúa sveitakjördæmis. Ég vil minna þann hv. þm. á það, að þessi till. um byggðarleyfi er í raun og veru upphaflega ekki frá sjálfstæðismönnum, hvorki hv. 1. þm. Reykv. né öðrum, heldur er hún upp komin í hans flokki í því skyni að halda fólkinu í sveitunum, ekki vegna hagsmuna bæjanna, heldur vegna hagsmuna sveitanna, til þess að þær missi ekki fólkið. Þetta er ákaflega skiljanlegt, því að maður hefir oft heyrt kvartanir um, að ekki sé hægt að halda fólkinu í sveitunum. En hv. 1. þm. N.-M. vill, að því er virðist, helzt sem mest með þessu frv. greiða sveitafólki veginn til kaupstaðanna. En ég get nú huggað hann með því — og ég vil biðja hann að lesa brtt., sem hér liggur fyrir á þskj. 434, af því að hann álítur, að Reykjavík gæti eftir þessari till. ráðið, hverjir flyttu til bæjarins, og eins önnur bæjarfélög fyrir sig, — að það er hreinn misskilningur, því að við því er sleginn varnagli í tillögunni með því að láta 3 manna n., sem skipuð er af þremur stærstu þingfl., úrskurða um það, hvort byggðarleyfi skuli veitt eða ekki. Með þessu móti mundu Framsfl. og Alþfl. ráða þessu gagnvart Reykjavík sem öðrum stöðum. Sjálfstfl. yrði hersýnilega í minni hl. í þessari n., svo að lítil ástæða virðist vera fyrir hv. 1. þm. N.-M. til að óttast slíka hlutdrægni. Og engin ástæða er til annars en að gera ráð fyrir, að hugsmuna sveitahéraðanna yrði fullkomlega gætt einmitt af þessari n.

Ég vil alveg sérstaklega leggja áherzlu á það í sambandi við þá ábyrgð, sem lögð er ríkissjóði á herðar í sambandi við flutning fólks á milli sveitarfélaga, að slíkt ákvæði dregur stórkostlega úr hinni fjárhagslegu hættu við það fyrir sveitarfélög, sem með því er lögð á ríkissjóð.

Það er að sjálfsögðu þannig, að þetta „ákvæði til bráðabirgða“ er ekki hugsað sem ákvæði til frambúðar. Það er ekki ætlazt til, að það gildi nema um næstu 3 ár. Vitanlega mætti fella það úr gildi fyrr, ef ekki þætti ástæða til að halda því lengur við. En af hálfu Sjálfstfl. er það borið fram sem hrein neyðarráðstöfun, en ekki í því skyni, að það verði frambúðarlöggjöf.

Páll Zóphóníasson: Ég veit ekki, hvort hæstv. fjmrh. skilur þetta frekar, ef ég tek dæmi af liðnum tíma. Það er hreppur norður í landi, þar sem eru innan við 20 bæir. Fyrir stuttu síðan þurfti Reykjavík að ráða sér starfsmann. Hún sótti hann í einn bóndann í þessari sveit, sem hafði, áður en hann fluttist hingað, borið ¼ hluta af útsvörum í sveitinni, enda átt stórt bú og eignir. Svo þurfti Reykjavík að ráða sér annan starfsmann. Hún sótti hann í annan bónda í sömu sveit. Sá maður hafði borið 1/10 af útsvörum sveitarinnar. En stjórnendur fátækraframfærisins í Reykjavík settu svo mann, sem var fátækur og átti marga krakka og lá við að þiggja af bænum, á aðra af jörðunum, sem þessir menn höfðu flutt af. Hann hafði 5 kr. útsvar í fyrra. Mönnum finnst orðinn ákaflega mikill munur á útsvörunum þar í sveitinni frá því sem var. Þessir tveir menn fluttu 60—90 þús. kr. eignir með sér hingað suður.

Ég geri ráð fyrir, að ef l. um byggðarleyfi hefðu verið komin á, þegar þessir menn fluttu, þá mundi Reykjavík ekkert hafa haft á móti því, að þessir menn kæmu. Þeir mundu báðir hafa verið alveg eins velkomnir til Reykjavíkur, og þeir voru, er eftir þeim var sózt. En að aðrir, sem engin útsvör gátu borið og hefði viljað flytja úr sveit til Reykjavíkur, hefðu mátt flytja þangað, — það hefði verið haft á móti því. Þeir hefðu sjálfsagt verið látnir vera kyrrir.

Ég geri ráð fyrir, að hæstv. fjmrh. þekki þetta dæmi, sem ég nefndi — þekki þessa menn — og að hann geti séð af þessu dæmi, hvernig þetta muni taka sig út í framkvæmdinni.

***Fjmrh. (Jakob Möller):** Já, ég sé, að án þessarar löggjafar um byggðarleyfi, þá er augljóst, að þessi straumur af efnamönnum til bæjanna úr sveitum mundi haldast. En með því að lögleiða þetta ákvæði um byggðarleyfi, þá kynni þó að vera einhver von um, að hann yrði hindraður. Mér finnst því hv. 1. þm. N.-M. hér rökræða blátt áfram á móti sjálfum sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Ed., 18. des., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 475,1 felld með 9:4 atkv.
— 466 samþ. með 13:1 atkv.
— 434,1 tekin aftur.
— 410 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 475,2 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÁÓ, BrB, ErlÞ.

nei: PHerm, PZ, ÞÞ, BSt, HermJ, IngP, JJ, MJ, EÁrna.

AJ, BSn, MG greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

Brtt. 476 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 490 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 477,2 svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
— 477,1 samþ. án atkvgr.
— 434,2 felld með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, MJ, ÁJ, BSt.

nei: MG, PHerm, PZ, SÁÓ, BrB, ErlÞ, HermJ, IngP, EÁrna.

ÞÞ, BSn greiddu ekki atkv.

1 þm. (JJós) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 87. fundi í Nd., 19. des., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 495).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson):** Eins og grg. fyrir þessu frv. ber með sér, þá er það undirbúið af nefnd, sem ríkisstj. skipaði til þess að athuga um breyt. á framfærslul. Þessi nefnd starfaði hér í bænum um skeið, og voru henni til aðstoðar menn, sem langa reynslu hafa í meðferð framfærslumála í bæjum og sveitum landsins. Þegar þessi nefnd hafði lokið störfum, kom ríkisstj. saman um að leggja þetta mál fyrir hv. Alþ., og hefir það nú gengið í gegnum hv. Ed.

Aðalatriði þessa frv. má segja, að séu þau, að nokkuð er breytt ákvæðum fyrri framfærslul., hvað snertir rétt manna til að vinna sér nýja framfærslusveit. Nú er í gildi með framfærslul., að menn eigi framfærslusveit, þar sem þeir hafa tekið sér lögheimili, án tillits til þess, hvort þeir hafa dvalið þar lengur eða skemur. Þær takmarkanir eru gerðar í þessu frv., að vissir menn, sem flytjast milli sveita, öðlast ekki framfærslurétt í hinni nýju heimilissveit fyrr en eftir tilskilið tímabil. Það eru fyrst og fremst þeir menn, sem þegið hafa af þeirri sveit, sem þeir flytjast frá, og í annan stað menn, sem dveljast á sjúkrahúsum, heilsuhælum eða öðrum slíkum stofnunum. Loks eru það þeir menn, sem ráðstafað er af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað.

Þá má geta þess, að í þessu frv. eru nokkuð ríkari ákvæði um rétt framfærslusveitar yfir högum þeirra manna, sem komast á framfærslu. Þar er lögð áherzla á, að í stað þess að greiða mönnum framfærslueyri án vinnu, þá sé reynt að útvega þeim mönnum vinnu, sem geta unnið, svo þeir geti séð sér og sínum borgið. Það er gert ráð fyrir, að þetta sé gert, þó það sé ekki alltaf á sama stað og heimili manna er á.

Loks er þriðja höfuðatriðið í þessu frv., en þar er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist nokkrar greiðslur í viðskiptum milli sveita, sem stafa af þessum nýju ákvæðum frv. Þessi ákvæði er að finna í 22., 23. og 31. gr. frv., þar sem ríkissjóði er gert að ábyrgjast greiðslur á ⅔ þess kostnaðar, sem framfærslusveit á að greiða dvalarsveit eftir þeim reglum, sem ég gat um fyrr. Í 23. gr. er ábyrgzt greiðsla framfærslukostnaðar af hálfu dvalarsveitar, sem sjúklingur dvelur í, án þess að hafa öðlast þar framfærslurétt.

Þetta eru höfuðatriði frv., og sé ég ekki ástæðu til að fara út í það nánar á þessu stigi málsins.

Við meðferð málsins í hv. Ed. hefir frv. litið breytzt að öðru leyti en því, að aftan við það er sett ákvæði til bráðabirgða um skipun 3 manna nefndar, sem á að hafa með höndum till. og að vissu leyti framkvæmdir eftir ákvörðun ráðh., í ýmsum málum viðkomandi framfærslulöggjöfinni og eins afskipti af því fé, sem á hverjum tíma er veitt úr ríkissjóði til atvinnubóta og framleiðsluaukningar. Ég fyrir mitt leyti var því meðmæltur, að slík nefnd væri skipuð eftir því ákvæði, sem fyrir liggur frá hv. Ed. Ég tel það mikinn styrk fyrir þann mann úr ríkisstj., sem fer með framfærslumálin á hverjum tíma, að hafa slíka ráðunauta sér til aðstoðar, og sé þangað hægt að leita till. og jafnvel fela þeim mönnum framkvæmdir vissra greina innan þessara mála.

Að öðru leyti gerði hv. Ed. ekki neinar verulegar efnisbreyt. á frv. frá því, sem það var lagt fyrir þingið á sínum tíma. Ég vil svo mælast til þess, að þetta frv. nái fram að ganga, og óska eftir, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Einar Olgeirsson: Ég vildi mælast til þess við hæstv. foresta, að hann geri nú fundarhlé, því það er slæmt að þurfa að halda áfram með þetta mál í kaffitímanum.

Forseti (JörB): Það er ætlun mín að reyna að koma málinu nú áleiðis til 2. umr. og n., þar sem það er tilætlunin, að þetta mál nái fram að ganga. Ég vildi því mjög gjarnan mælast til þess, að menn styttu heldur mál sitt við þessa umr., til þess að reyna að greiða fyrir því, að málið komist til 2. umr. og n.

Einar Olgeirsson: Það er nú búið að eyða 1½ tíma í að ræða um svartbakinn, svo ég held, að það sé óhætt, að mönnum gefist annar eins tími til þess að ræða um þetta mál. Ég vil því eindregið óska eftir, að annar eins tími verði gefinn til þess að ræða um þetta mál eins og gefinn var til þess að ræða um svartbakinn.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég ætla að minnast á nokkur atriði í þessu frv. Það er borið fram af hæstv. félmrh., svo maður skyldi ætla, að það væri byggt á þeim grundvelli, sem Alþfl. hefir haft í framfærslumálunum, en því fer mjög fjærri. Það virðist eins og þetta frv. geri eingöngu ráð fyrir því sjónarmiði, hvernig eigi að koma þessum málum fyrir á sem haganlegastan hátt þannig, að sem minnstu sé kostað til framfærslumálanna. Það er ekki á neinn hátt litið á þarfir fólksins, sem þarf á framfærslu-hjálp að halda og á samkvæmt stjskránni rétt á, að fyrir því sé séð. Það virðist svo, að sumar þær breyt., sem hér eru gerðar, séu þannig, að þær stappi nærri því að vera brot á stj.-skránni, að því er snertir sjálfræði manna.

Ég vil benda á þau ákvæði, þar sem gert er

ráð fyrir, að taka megi framfærslustyrkþega með valdi og flytja hvert á land sem er, í viðunanlega vist, eins og það er kallað. Það er sett þarna á vald sveitarstjórna, hvað gert er við þetta fólk. Áður þóttu fátækraflutningar hið mesta hneyksli, enda hafðist eftir langa baráttu og almennan skilning á því, hve svívirðilegir þeir voru, að fá þá úr l. numda. Nú er gengið ennþá lengra, því nú má ekki aðeins flytja fólk þangað, sem það er ættað, heldur hvert sem vera skal, án þess að það sá takmarkað af öðru en því, að það sé gert í atvinnuskyni um stundarsakir, en það er alveg lagt á vald fátækrastjórna að ákveða um þetta. Mér er alveg óskiljanlegt, hvaða áhrifum hefir verið beitt til þess að fá meiri hluta þm. til þess að ganga inn á þetta, fyrst í Ed., og nú lítur út fyrir, að eigi að keyra það í gegnum Nd.

[Eyða í handr. þingskrifarans].

aðbúnaður fólksins og kjör, og hvernig heimilin verða slitin sundur, allt er þetta á valdi þessara manna. Svo er verið að leysa upp höggormsinn, og til þess að gera upphafsmenn hans ánægða, er verið að taka búta af honum og skeyta aftan við þetta frv., svo sem þessa þriggja manna nefnd, sem skipa á eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Ætlazt er til, að nefnd þessi hafi með höndum framkvæmdir og ráðstafanir til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, svo sem það er orðað, og framkvæmdir í framfærslumálum. Þar með eru þessi mál tekin úr höndum þeirra manna, er áður hafa ráðið þeim og hafa þó nokkra embættisábyrgð, þótt ekki sé annað, og fengin pólitiskum flokkum til umráða.

Alstaðar þar sem þetta mál hefir verið rætt, bæði í verkalýðsfélögunum og annarstaðar, hefir það mætt hinni megnustu andúð, og það er ekki ósennilegt, að þing og stjórn séu ekki búin að bíta úr nálinni með það, ef það verður samþ. Ákvæðið um, að leitað skuli álits verkalýðsfélags á staðnum kemur að litlu haldi, því að víða er ekkert verkalýðsfélag til, eins og t. d. í sveitunum. Ef farið verður að ráðum hv. þm. Borgf. (PO), að hola þúsundum kaupstaðarmanna niður í sveit, þar sem ekkert verkalýðsfélag er til, verður lítil stoð í þessu ákvæði, og þó svo að álits verkalýðsfélaganna sé leitað, er framkvæmdavaldið í höndum þessara manna. Með öðrum orðum, valdið yfir framfærsluþurfunum er aukið stórkostlega, en réttur þeirra er skertur. Í nágrannalöndunum hefir þróunin gengið í þá átt að setja föst ákvæði um þessi mál, t. d. með því að koma þeim inn í tryggingarlöggjöfina eða á annan hátt að búa svo um, að framfærsluþurfar hefðu nokkur mannréttindi. Hér er hinsvegar verið að taka af þeim mannréttindin og gera þá að þrælum, því að þetta frv. er ekkert annað en ný þrælalög.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Ég vil verða við beiðni hæstv. forseta að ræða mál þetta við 2. umr., en vil þó láta það koma fram nú við 1. umr. þess, að ég tel þessar aðfarir, að innleiða sveitarflutninga á ný, alveg ófærar.

Hér hafa nú verið samþ. tvenn friðunarlög, fyrir fugla og hreindýr, og langar umr. hafa farið fram í deildinni um eyðingu vargs úr fuglaheiminum, en þegar kemur að mannheimi, kveður við annan tón, þá eru borin fram frv. til ófriðunar, þar sem dregið er úr sjálfsögðum rétti þeirra manna, er hér eiga hlut að máli. Með 21. gr. þessa frv., sem fjallar um að innleiða sveitaflutninga á ný, er verið að hverfa frá þeim siðferðilega grundvelli, sem reynt hefir verið að leggja undir þessi mál að undanförnu. Ég vil því mælast til þess við þá nefnd, er fær mál þetta til meðferðar, að hún athugi það gaumgæfilega, því að það er í fyrsta lagi ómannúðlegt að ganga svona frá því, og í öðru lagi ekki vansalaust fyrir þing og þjóð.

Mun ég svo verða við tilmælum hæstv. forseta og ljúka máli mínu að þessu sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Nd., 29. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 495, n. 634).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Bergur Jónsson: Af því að framsögumaður er ekki kominn, er rétt að gera grein fyrir því, að nefndin leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, aðeins með orðabreytingu á bráðabirgðaákvæðum frv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Við 1. umr. þessa máls varð það að samkomulagi til þess að tefja ekki fyrir því, að það kæmist til nefndar, að við, sem vorum því andvígir, skyldum ræða það lítið þá, og það varð einnig að samkomulagi, að við skyldum við 2. umr. mega fara meira „principielt“ út í málið heldur en tíðkast við 2. umr.

Það, sem ég hefi fyrst og fremst að athuga við þetta frv., er við 21. gr. Það, sem sú gr. felur í sér, er, að þau réttindi, sem þeir fátækustu, sem hafa þurft að leita á náðir hins opinbera hafa haft, eru að mjög miklu leyti af þeim tekin, og ég held, að ekki geti talizt vansalaust að gera svo stóra breytingu, sem hér er farið fram á, án þess að þm. geri sér ljóst, hvert er verið að stefna með þessu, hve stórfelld stefnubreyting þetta er frá því, sem hefir verið hér áður. Það hefir tekið baráttu í áratugi að fá því komið í kring, að bætt væri úr þessu. Margir beztu rithöfundar þjóðarinnar hafa barizt fyrir því, að mannúðlegar væri farið með styrkþegana af hendi löggjafans. Ég vil minna á sögur eins og Einar H. Kvaran skrifaði á sínum fyrstu árum til þess að sýna, hve slæm kjör þeirra væru, sem væri hægt að flytja hvert sem valdhafanum þóknaðist. Við þekkjum það allir, hvernig barizt var á móti aldalöngu óréttlæti. Það var verið að heyja baráttu fyrir því að vekja siðferðismeðvitund þjóðarinnar og láta þá siðferðismeðvitund móta meðferðina á þeim fátæku. Það tókst með mjög langri og góðri baráttu að fá því framgengt, að framfærslulögin breyttust í það horf, að réttur styrkþega varð

nokkru meiri en áður. Það eru ekki nema 6 ár síðan styrkþegar fengu kosningarrétt á Íslandi, og það er ekki nema álíka langt síðan réttur þeirra var að fullu viðurkenndur hér heima. Og nú verðum við að gera okkur það ljóst, hvaða gildi það hafði að hafa gefið þjóðinni þetta. Við verðum að gera það til þess, að menn átti sig á því, hverskonar verk er verið að vinna með því að draga nú úr þeirri siðferðismeðvitund, sem hafði fest rætur hjá þjóðinni.

Sá grundvöllur, sem gengið hefir verið út frá við þær breytingar til bóta, sem hafa verið gerðar á framfærslulögunum, er, að það sé ekki sök þeirra manna sjálfra, sem leita til hins opinbera, að þeir yrðu að grípa til þess. Sú viðurkenning, sem lá til grundvallar fyrir því, var sú, að þjóðfélagið ætti sjálft sökina á því, að menn yrðu að leita á náðir þess. Það lá í því viðurkenning á því, að það væri hverjum einstaklingi ofvaxið, eins og þjóðfélaginu nú er háttað, að geta séð sér borgið sjálfur af eigin rammleik. Orsökin fyrir því var sú, að það hafði komizt inn í meðvitund fólksins, að hið opinbera hefði fengið svo mikil ítök, að fjölda af mönnum var beinlínis bannað að bjarga sér og sjá fyrir sér og sínum. Það vita menn, að verkamaður, sem stendur atvinnulaus í þessu þjóðfélagi, verður að leita til bæjar eða ríkis eða annara, sem eiga vinnutæki. Það veit hver maður, að þegar þeim er neitað um að kaupa af þeim vinnukraftinn, þá eru þeim allar bjargir bannaðar og bíður þeirra þá ekkert annað en að svelta. Það er viðurkenningin fyrir þessari staðreynd, sem liggur til grundvallar fyrir því, að hið opinbera telur sér skylt að framfleyta þeim, sem af einhverjum ástæðum hafa orðið að leita á náðir þess. Er nokkur hér, sem neitar því, að atvinnulausir verkamenn hafi alltaf verið reiðubúnir til þess að vinna hver þau störf, sem þeir hafa átt kost á. Það er nú vitanlegt, að hér í Reykjavík eru nú á hverjum degi skráðir fleiri tugir ungra manna, sem tjá sig reiðubúna til þess að taka hverja þá vinnu, sem boðin er. Þetta er staðreynd, sem ég býst við, að enginn neiti. Það stendur ekki á verkamönnunum að vinna. Það stendur á valdhöfunum að tryggja verkamönnunum þessa vinnu. Það eru menn og stéttir, sem hafa völdin í þessu þjóðfélagi og ráðstafa því þannig, og ráða yfir öllum atvinnutækjum þjóðarinnar, og meðan ástæður eru þannig, að þessir menn, sem atvinnutækjunum ráða, njóta hverskonar einkaréttinda og sérréttinda, er það alþýða manna, sem ekki ræður yfir þessum tækjum, sem hefir ekkert annað að leita en til þess opinbera, svo framarlega sem henni er neitað um að hafa ofan af fyrir sér. Nú liggur hér fyrir að stíga stór spor aftur á bak. Það á að neita að sjá fyrir þessum mönnum og neita að viðurkenna, að hið opinbera sjálft eigi sökina á því, hvernig komið er. Það, sem svo liggur fyrir að gera með þessari breyt., er að líta héðan af á alla þá menn, sem héðan af verða styrkþegar, alla sem af framantöldum ástæðum verða að leita á náðir hins opinbera, sem þræla. Það er hætt að líta svo á sem þjóðfélagið hafi gert þeim órétt. Nú á að breyta þessu. Það á að beita aðstöðu hins opinbera gegn styrkþegunum. Það á að hætta að líta á þá sem menn, sem eigi kröfu til þess, að þjóðfélagið ekki svelti þá í hel. Það er litið á þá sem þræla. Þetta er efnið í 21. gr., sem ég ætla að lesa fyrir ykkur, með leyfi hæstvirts forseta:

„Sá, sem þiggur framfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara, hvert sem er innanlands, í viðunanlega vist, eða til atvinnurekstrar við viðunanleg skilyrði, eða vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur að hlýða fyrst um sinn, enda þó hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málið getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra framfærslusveitar, er sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verkalýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til. Úrskurði lögreglustjóra má skjóta til ráðherra."

Einu takmarkanirnar, sem þarna eru settar, eru, að hann getur skírskotað til lögreglustjóra. Í núverandi lögum er líka ákvæði viðvíkjandi því, að þegar mönnum finnast þeir vera órétti beittir, geta þeir farið til lögreglustjóra, og veit ég um dæmi, þar sem heimilum hefir verið neitað um að fá styrk. Þessir menn hafa farið til lögreglustjóra til þess að fá úrskurð. Hér áður kvað hann upp úrskurði. Upp á síðkastið er varla mögulegt að ná rétti sínum. Það hefir hvað eftir annað komið fyrir hér í Reykjavík, að heimili hafa verið bjargarlaus, án þess að hafa á nokkurn hátt fengið rétti sínum framgengt. Rétturinn, sem hinum fátæku hefir verið gefinn til þess að ná rétti sínum, er hvergi til nema á pappírnum. Hver sá styrkþegi, sem ætlar sér að fara í mál við bæjarstjórnina til þess að fylgja rétti sínum, — ef það mistekst fyrir honum, verður hann að fara í framfærslunefndina, og þegar hann er búinn að þessu, er ekkert annað fyrir hann að gera en að fara í mál. Það hefir aldrei komið fyrir ennþá, að neinn fátækur maður hafi treyst sér til þess að fara í mál til þess að ná rétti sínum og til hvers væri það líka? Hvaða lögfræðingur mundi fást til þess að taka að sér málið? Og hvernig mundi lögreglustjórinn fara með það? Og hvernig mundi fátækur maður geta beðið 1—2 ár þangað til málið væri komið í kring? Það er þess vegna hægt að segja að með því ákvæði, að hægt sé að kæra til lögreglusjóra, er styrkþeganum enginn réttur gefinn. Það er aðeins á pappírnum og engin stoð í því. Hér er verið að segja við þá menn, sem sakir afstöðu sinnar í þjóðfélaginu verða að þiggja: Þið eruð þrælar. Þið eruð skyldugir að fara þangað að vinna, sem okkur þykir viturlegast. Það er með þessu ákvæði verið að rífa niður það, sem hefir unnizt á áratugum í því að gera fátækralöggjöfina mannúðlegri og koma í veg fyrir, að fátæklingarnir séu meðhöndlaðir eins og dýr.

Ég verð að segja, að mig undrar, hve mótmælalaust þessi löggjöf hefir gengið gegnum þingið fram að þessu. Það er gott dæmi um það,

á hvaða braut okkar þjóðfélag virðist vera, að menn skuli samþykkja með eins miklum meiri hluta eins og þingið hefir gert að setja annað eins ákvæði inn eins og við gerum hér. Með þessu erum við að rífa niður á þessu sviði allt það, sem hefir verið byggt upp til mannúðar gagnvart þeim fátækustu á þessu landi. Það er verið að rífa niður störf, sem verkalýðsfélögin og beztu fulltrúar borgarastéttarinnar hafa unnið að árum saman. Það er verið að skapa ástand, sem gerir það að verkum, að áróðursrit eins og Gests Pálssonar og Einars H. Kvaran verða aftur „aktuel". Það er verið með þessu að stiga 50 ár aftur í tímann, og hvernig stendur á því, að við verðum að gera þetta? Ég ætla ekki að fara langt út í það, en get ekki nema drepið á það. Það stendur svoleiðis á því, að framfærsluþyngstu ómagarnir á Íslandi, skuldakóngarnir, hálaunamennirnir á Íslandi, eru orðnir svo þungir á ríkissjóði, að til þess að geta haldið þeim uppi, verður að skera niður réttinn, sem þeir fátæku höfðu áður á undanförnum áratugum. Til þess að hlífa þeim hálaunuðu og ríku á að níðast á þeim fátæku og þeim, sem erfiðast eiga. Til þess að valda því óréttlæti, sem 10 millj. kr. lán til Kveldúlfs og annara slíkra hafa í för með sér fyrir þjóðfélagið, á að auka það óréttlæti, sem þeir fátækustu verða fyrir. Þetta er ástæðan fyrir því, að þessar brtt. liggja hér fyrir. Það á að móta álit þjóðfélagsins eingöngu með tilliti til þess hluta þess, sem hefir sölsað undir sig völdin. Ég ætla að láta þetta nægja um 21. gr.

Þá ætla ég að taka hér ákvæði til bráðabirgða, sem var bætt aftur í þessi lög og var úr höggorminum svokallaða, sem hér stakk upp hausnum. Með þessu ákvæði á sérstök nefnd að hafa með höndum allt það fé, sem varið er til framleiðslubóta og atvinnuaukningar. Þessi nefnd á í fyrsta lagi að ráðstafa öllu því fé, sem ætlazt er til, að veitt verði á fjárlögum til framleiðslubóta. Ríkisstjórn og Alþingi fá þessari nefnd vald í hendur, sem hún getur notað næstum eins og henni þóknast. Með þessu á að kippa burtu atvinnubótafénu eins og það hefir verið undanfarið. Það er nokkurnveginn auðséð, hvað valdhöfunum hefir þótt vera að. Þeim hefir þótt, að með atvinnubótafénu væri bæjarstjórnunum gefið of mikið vald til þess að hafa einhver áhrif á, hvernig þessu fé væri ráðstafað. Þeim, sem stjórna þingflokkunum, hefir þótt varhugavert, að bæjar- og sveitarfélög gætu haft eins mikil áhrif eins og undanfarið á það, hvernig þessu fé væri varið. Þeim hefir þótt hætta á, að bæjar- og sveitarstjórnir kynnu að standa nær almenningi og hafa meiri tilfinningu gagnvart þeim fátæku og taka tillit til þeirra. Þess vegna þótti ekki öruggt, að bæjar- og sveitarstjórnir hefðu með þetta að gera. Nú var þetta skipað í sérstaka nefnd, og náttúrlega verður hún á sérstökum launum og þarf að hafa skrifstofu. Það er kannske ekki það hættulegasta, þó það bætist við ein nefndin enn, því þessir menn tala mest um sparnað, en framkvæma hann ekki, en hitt er hættulegra, að þessa nefnd á að skipa þannig, að kjósendur geti engin áhrif haft um, hvernig hún sé skipuð. Þessari nefnd er ætlað að hafa atvinnubótaféð, og ætlazt til þess, að hún stjórni því án þess að taka nokkurt tillit til verkalýðsins. Það á að nota vald þessarar nefndar til þess að fá því framgengt, að styrkþegarnir vinni fyrir lægri taxta heldur en verkalýðsfélögin hafa sett. Allir muna 9. nóv. 1932. Orsökin var sú, að bæjarstjórn Reykjavíkur ákvað að lækka laun við þá verkamenn, sem voru í atvinnubótavinnunni, og einnig hafði heyrzt í Sjálfstfl., að þetta ætti að vera upphafið að því að lækka launin hjá öllum verkamönnum.

Nú á að endurtaka í stærri stíl það, sem bæjarstjórn Reykjavíkur ekki tókst að gera 9. nóv. 1932. Nú á að gefa einni sérstakri n. rétt til að ráðstafa öllum styrkþegum á Íslandi, senda þá hvert á land sem er og láta þá vinna fyrir hvaða kaupi sem n. kann að ákveða. Þannig á að byrja hungurárás á verkalýðinn. Það á að skera niður réttindi fátæklinganna til þess að geta haldið þyngstu ómögunum, braskara og skuldaklíkunni, uppi. Og jafnframt er verið að tryggja það, að stóratvinnurekendurnir í landinu geti fengið þarna liðstyrk í sinni baráttu. Það stefnir allt að einu marki í þessari framfærslulöggjöf: Að efla réttindi þeirra ríku, en draga skóinn niður af alþýðunni og hneppa hana í enn meiri þrældóm en áður var. Það er gengið svo langt í þessu frv., að ef einhver bæjarcða sveitarstjórn vill af sjálfsdáðum reyna að viðhalda þeirri stefnu, sem hefir verið viðurkennd sem mannúðar- og mannréttindastefna í þessum málum, þá á þessi n., sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæðinu, að geta alveg sérstaklega tekið þar í taumana hjá viðkomandi sveitarfélagi. Við skulum segja, að alþýðan hefði sjálf meiri hl. í bæjarstjórn einhverstaðar og vildi ekki nota sér þessi ákvæði, þá getur þessi nefnd komið og sagt, að svo til megi það ekki ganga. Þessi nefnd getur skipað bæjarstjórninni að láta af sínu framferði og senda hina atvinnulausu menn hvert á land sem er í þrældóm. Þannig á að byrgja fyrir einu útgöngudyrnar, sem opnar voru fyrir alþýðuna, þar sem hún hefði sjálf meirihlutavald í bæjarstjórn og gæti þess vegna tryggt, að mannúðlega væri að farið. Ég vil lýsa því yfir, að okkar flokkur er algerlega andvígur því, að þetta verði að l. Hér á í einni svipan að eyðileggja þær umbætur, sem fengizt hafa á þessum málum á áratugum. Mér þætti það ekkert undarlegt, þó þeir menn, sem nú berjast fyrir þessum breyt., að þeir kæmu næst með það að afnema kosningarétt þeirra, sem af sveit þurfa að þiggja. Það væri alveg eftir þeim háu herrum. Ég vil alveg sérstaklega mæla á móti þessu frv., sérstaklega 21. gr. og ákvæðunum til bráðabirgða.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Þegar framfærslulögunum var breytt 1936 var það gert að meginreglu, að hver maður ætti að fá framfærslu í því hreppsfélagi, sem hann dveldi í, í stað þess að áður var þetta bundið við sveitfestitíma. Nú skilst mér, að ein aðalástæðan fyrir þeim breyt., sem hér er rætt um, sé sú, að allmjög hafi á því borið, að þetta hefði í för með sér los á mönnum, einkum þannig að þeir

menn, sem annaðhvort höfðu þegið af sveit eða voru í þann veginn að þiggja af sveit, tækju sig upp og flyttu til kaupstaðanna, og vildu heldur vera þar en úti um byggðir landsins. Einnig hefir því verið haldið fram í mín eyru, að eitthvað hafi verið gert af því af hálfu ýmsra sveitastjórna, að ýta undir slíkt. Nú er í þessu frv. gert ráð fyrir vissum ákvæðum, sem eiga að koma í veg fyrir þær búsifjar, sem einstök bæjarfélög kunna að hafa haft af þessum ástæðum, en úrræðið er það, að framvegis skuli gilda tveggja ára sveitfestitími fyrir fólk, sem hefir þegið af sveit áður. Það er að segja, að sá, sem flytur og þannig er ástatt um, skuli kostaður af þeirri sveit, sem hann flytur frá í 2 ár. Jafnframt er það svo tekið upp í l., að dvalarsveitin skuli greiða ⅓ kostnaðar af þurfamanni, en framfærslusveitin ⅔, og síðan bætt við, að ríkissjóður skuli ábyrgjast skaðlausa endurgreiðslu á þessum ⅔ hlutum. Þetta á, að því er virðist, að vera trygging þeirra héraða, sem nú um sinn hafa, að því er virðist, orðið fyrir búsifjum af völdum þessara ákvæða núgildandi l. En þetta ákvæði mun ekki á nokkurn hátt verða til að koma í veg fyrir það, að menn flytjist milli staða, eins og verið hefir. Það eina, sem þetta ákvæði getur haft í för með sér, er það að færa ⅔ hluta af framfærslukostnaði þessa fólks að verulegu leyti yfir á herðar ríkissjóðs. Ég þekki vel, hvernig er að innheimta fjárhæðir, sem ríkissjóður leggur út fyrir bæjar- og sveitarfélög. Það má segja, að slíkar fjárhæðir séu óinnheimtanlegar, nema hlutaðeigandi bæjarfélög eigi rétt á einhverjum fjárframlögum úr ríkissjóði. Í flestum öðrum tilfellum er þetta óinnheimtanlegt. Auk þess vofir sú stóra hætta yfir, að óbilgjarnir forráðamenn bæjar- og sveitarfélaga ýti fólki frá sér í trausti þess, að það komi á ríkissjóð að borga ⅔ hluta af framfærslukostnaðinum. Þetta eru engar getsakir, því það hefir komið fram, að þetta er reynslan í þessu efni, að hvert sveitarfélag reynir að koma af sér sem mestu. Ég tel því, að þetta ákvæði sé mjög varhugavert og ekki að neinu leyti til að bæta úr því ástandi, sem fyrir er. Ég hefi ekki flutt brtt. við frv. og það er vegna þess, að þetta mál hefir verið rætt og um það samið milli samstarfsflokkanna og meiri hl. stj. er því fylgjandi, að málið verði afgr. á þennan hátt.

Þá er það annað atriði, sem mig langar að minnast á. Það er viðvíkjandi 31. gr. Þar stendur, að ef styrkþega hefir verið ráðstafað af framfærslusveit til dvalar í annari sveit, þá skuli hann eiga rétt á framfærslu frá gömlu heimilissveitinni a. m. k. í 6 ár, en svo stendur í síðari málsgr. sömu gr.: „Dvalarsveit er skylt að greiða innflytjandanum nauðsynlegan styrk, ef hann óskar þess fremur en að hafa bein skipti við framfærsluhérað sitt, en skylt er framfærsluhéraði að endurgreiða þann styrk að fullu. Ber ríkissjóður ábyrgð á skilvísri greiðslu til dvalarsveitarinnar". Ég hefi nú ekki getað séð af umr., að það beri nauðsyn til að hafa slík ákvæði sem þessi. Hvers vegna getur ekki þessi maður, sem hefir verið ráðstafað, haft bein skipti við framfærslusveitina og fengið beint frá henni það, sem hann þarf sér til framfærslu? Mér fyndist a. m. k. að hér væri hægt að komast af með ákvæði um, að dvalarsveit væri skyld að hlaupa undir bagga um stundarsakir, ef heimilissveitin brygðist skyldu sinni og sendi þurfamanni ekki nauðsynlega peninga. Ég er þess vegna líka mótfallinn þessu ákvæði, og það er meira að segja ennþá einfaldara að losa sig við þetta ákvæði en hitt, þó ég hafi gert það til samkomulags að flytja ekki brtt. við þetta.

Ég vil svo að lokum aðeins beina einni fyrirspurn til hæstv. félmrh. Það stendur hér í 38. gr.: „Hrökkvi tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga ekki til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarféð, greiðir ríkissjóður það, sem á vantar, þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar gr.

Þegar l. um jöfnunarsjóð bæjar- og sveitarfélaga voru samþ., þá var gert ráð fyrir því, að l. hefðu ekki undir neinum kringumstæðum meiri útgjöld í för með sér en jöfnunarsjóðnum væri ætlað að hafa í tekjur, og ég álít sjálfsagt að hafa slíkt hámark fyrir þessu. Nú sé ég, að hér er gert ráð fyrir, að þetta hámark sé fellt burtu. Ég er á móti þessu, en mun þó ekki bera fram við þetta brtt. af ástæðum, sem ég hefi áður rakið, en vil bera fram eina fyrirspurn til hæstv. ráðh. um það, hvort það muni vera nokkur hætta á því samkvæmt fenginni reynslu, að jöfnunarsjóðurinn hrökkvi ekki til að greiða þetta. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því í þessu sambandi, að það mun hafa verið rætt um það, að það mætti verja 100 þús. krónum af jöfnunarsjóðnum á næsta ári til að greiða fyrir skuldaskilum bæjar- og sveitarfélaga. Mér skilst því, að þetta fé muni dragast frá því, sem jöfnunarsjóðurinn hefir til umráða á næsta ári. Ég vil sérstaklega spyrja, hvort nokkur hætta sé á því, að jöfnunarsjóðurinn, að frádregnum þessum 100 þús. krónum og einnig að frádregnum kostnaði við eftirlit með bæjar- og sveitarfélögum, hrökkvi ekki fyrir fullri jöfnun, því að ef líkur eru til þess, að hann ekki nægi, þá sé ég ekki annað en að með þessu sé verið að auka útgjöld ríkissjóðs og verði þá að gera ráð fyrir því í fjárlögum.

***Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson)**: Út af því, sem hæstv. viðskmrh. var að tala um í sambandi við framfærslulögin, þá vil ég taka það fram, að meiri hl. ríkisstj. lagði á það nokkra áherzlu, að þau ákvæði, sem hann minntist sérstaklega á, væru látin haldast, og ég fyrir mitt leyti er þessu eindregið fylgjandi, því ég tel, að það myndi fara út í sama öngþveitið og var, ef tekið yrði upp hið gamla fyrirkomulag á þessum viðskiptum milli sveitarfélaga. Ég álít, að það myndi verða afarerfitt um vik fyrir sveitarfélögin að innheimta skuldir hjá öðrum sveitarfélögum af þessu tagi, sem hér um ræðir, en aftur hægara fyrir ríkið að fást við slíkar innheimtur.

En út af fyrirspurn hv. viðskmrh. um það, hvaða líkur væru til þess, að fullkomin fátækrajöfnun færi fram úr þeirri upphæð, sem jöfnunarsjóði er nú ætluð með l., þó að frá séu

dregnar þær 100 þús. kr., sem ætlaðar eru til að kaupa einstökum sveitum skuldaskil, get ég tekið það fram, að ég tel ekki hætt við, að hún fari fram úr þeim 700 þús. kr., sem renna eiga til jöfnunarsjóðs samkvæmt l. Við síðustu jöfnun voru 200 þús. kr. til skipta milli einstakra sveitar- og bæjarfélaga, og þó að 100 þús. kr. séu teknar frá, er ekki hætt við, að ríkissjóður þurfi að greiða aukreitis til jöfnunarsjóðs samkvæmt þessum ákvæðum, ef ekki kemur eitthvað óvænt fyrir. Ég tel því, að ekki ætti að þurfa að verða breyting á frv. hvað þetta snertir, en það mætti athuga á næsta þingi, hvort rétt væri að breyta fátækralöggjöfinni til samræmis við þetta. En á næsta ári þarf ekki að óttast, að sú úthlutun, sem þá fer fram, muni fara fram úr þeirri upphæð, sem í sjóðinn á að renna samkvæmt l.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—20. gr. samþ. með 21:2 atkv.

21. gr. samþ. með 24:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JÍv, JPálm, ÓTh, PHann, PHalld, PO, SEH, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GSv, HelgJ, JörB.

nei: EOl, HV, ÍslH.

HG greiddi ekki atkv.

5 þm. (SK, TT, BÁ, GÞ, GG) fjarstaddir.

22.—23. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

24.—30. gr. samþ. með 21:2 atkv.

31. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

32.—42. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 634 samþ. með 21 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 24:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GSv, HelgJ, JakM, JÍv, JPálm, ÓTh, PHann, PHalld, PO, SEH, StSt, StgrSt, SvbH, VJ, ÞBr, ÁÁ, BJ, JörB.

nei: EOl, HV, ÍslH.

6 þm. (BÁ, GG, HG, SK, SkG, TT) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21:3 atkv.

Á 97. og 98. fundi í Nd., 2. og 3. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Nd., 3. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 644, 650, 655, 675).

***Frsm. (Thor Thors):** Það hafa ekki verið mikil ræðuhöld hér í hv. d. né heldur í allshn. um þetta mál, og er sízt ástæða til að hefja þau nú á þessu stigi málsins.

Ég vil aðeins vekja athygli hv. þdm. á því, að allshn. flytur sameiginlega brtt. á þskj. 675. Önnur þeirra er um viðauka við 24. gr. frv., þar sem rætt er um endurgreiðslu á framfærslustyrkjum. Við gerum það að till. okkar, að þar sé því bætt við, að sveitarstjórn sé skylt að svara kröfu um endurgreiðslu framfærslustyrks innan 6 mánaða frá því, að henni barst tilkynning um styrkveitingu, ella falli niður réttur hennar til mótmæla gegn réttmæti skuldarinnar. Þetta ákvæði er sett til varúðar, til þess að greiða fyrir skuldaskilum milli sveitarfélaga og til að tryggja það, ef kostur er, að hrein skil geti orðið þessara mála af hendi sveitarstjórnanna, þar sem niður fellur réttur til að mótmæla kröfu um endurgreiðslu framfærslustyrks, ef henni hefir ekki verið svarað innan þess tíma, sem ég gat um.

Ennfremur er hér smábrtt., tölul. 2, um að í staðinn fyrir að l. þessi öðlist gildi 1. janúar 1940 komi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Um aðrar brtt. við þetta mál hefir allshn. ekki tekið neinar sameiginlegar ákvarðanir, og hafa því einstakir nm. óbundnar hendur um þær.

***Pétur Ottesen:** Það er rétt, sem hv. frsm. sagði, að af allshn. hálfu hefir ekki verið mikið rætt um þetta frv.

En ég er ekki alveg viss um, að það hefði ekki verið nokkur ástæða til þess fyrir n. eða frsm. hennar að gera nokkra grein fyrir þeim breyt., sem felast í þessu frv. frá núgildandi l. Því að sjálfsagt hefir n. athugað, að með þessu frv. er stefnt að allstórstígum breyt. í því efni.

Langsamlega stærsta breyt., sem í frv. felst, er það, að það stappar ákaflega nærri því, eftir að frv. þetta er orðið að l., að það sé þá búið að gera landið allt að einu framfærsluhéraði.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að það hefir ýmsa kosti í för með sér, að landið sé gert allt að einu framfærsluhéraði. Með þeim hætti mundi verða rutt úr vegi ýmiskonar fyrirhöfn, sem leiðir af viðskiptum hreppa í milli í sambandi við framfærslumálin. En hinsvegar er það ekki að efa, að ókostirnir við það að gera landið allt að einu framfærsluhéraði, eru svo miklir, að kostirnir hverfa alveg í skuggann, því að við þá breyt. mætti ganga að því vísu, að sú varfærni, sem víða hefir átt sér stað í þessum sökum, mundi verða stórum minni eftir að slíkt væri komið á, að landið væri orðið eitt framfærsluhérað. Ég er hræddur um, að þegar þetta frv. er orðið að l. hér, með þeirri ríkisábyrgð, sem í því felst gagnvart framfærsluþunganum, þá sé eiginlega ekki orðið mikið eftir af því, sem verður að telja til kosta og öryggis í því skipulagi á þessum hlutum, sem verið hefir og er enn að nokkru leyti í framfærslulöggjöfinni. Mér skilst, að með þessari lagabreyt., sem í frv. felst, taki ríkið á sínar herðar ábyrgð á greiðslum framfærslustyrkja á milli sveitarfélaga fyrir þá menn, sem hafa flutzt á milli hreppa, að það taki ábyrgð á þeim þunga, sem kynni að leiða af dvöl þeirra í dvalarsveitinni, þegar hún er ekki framfærslusveit viðkomandi styrkþega. Í öðru lagi tekur ríkið á sig ábyrgð á skuldum, sem stofnað er til út af þessum þurfalingum. Í þriðja lagi tekur ríkið á sig ábyrgð á greiðslum á milli hreppsfélaga, sem stafa af dvöl manna, sem ráðstafað hefir verið í önnur sveitarfélög. Og í fjórða lagi á ríkið að leggja fram til viðbótar jöfnunarsjóði svo, að ákvæðum um útjöfnun jöfnunarsjóðsins á milli sveitarfélaganna verði fullnægt. En hins vegar er vitað, að það fjármagn, sem jöfnunarsjóður hefir yfir að ráða, hrekkur hvergi nærri

til þessarar jöfnunar, og mundi ríkissjóður verða að bæta allríflegri fjárhæð við þær 700 þús. kr., sem jöfnunarsjóði eru nú ætlaðar eftir l.

Þá er einnig með þessu frv. gerð allveruleg breyt., að mér skilst, sem gæti orðið nokkuð varhugaverð, að í staðinn fyrir, að framfærslusveit á eftir núgildandi l. að sjá þurfalingum fyrir framfæri að öllu leyti, þá á samkvæmt þessu frv. dvalarsveit í sumum tilfellum að taka upp á sig ⅓ af framfærslukostnaðinum. Þannig er að þessu leyti þeim grundvelli alveg burtu kippt, sem núgildandi framfærslulöggjöf hvílir á, að framfærslusveit ein eigi að standa straum af kostnaði við framfærslu þurfalinga. Mér finnst, að þetta atriði gæti orðið varhugavert. Þetta tekur að vísu ekki til manna, sem ráðstafað væri milli hreppa. Hins vegar eru ýmsar leiðir til þess fyrir hreppsfélögin og bæjarfélögin, og þá sérstaklega þau, sem meiri máttar eru, að koma mönnum af sér og yfir í aðrar sveitir, án þess að það sé á yfirborðinu gert sem ráðstöfun þannig, að opinbert sé. Skilst mér þá, að það gæti verið töluvert hagsmunaatriði, t. d. fyrir kaupstaðina, og sérstaklega þá stærstu, eins og t. d. Reykjavík og fleiri kaupstaði, sem líkt stendur á um, að gera ráðstafanir til þess, án þess að það kæmi fram opinberlega, að koma þurfalingum af sér yfir í aðra hreppa, í fyrsta lagi af því, að þar væri ódýrari framfærslan á þeim, og í öðru lagi af því, að þá yrði viðkomandi dvalarhreppur að taka á sínar herðar ⅓ hluta af framfærslukostnaðinum. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa athugað nógu vel, hvaða möguleikar felast í þessu ákvæði til þess að breyta til frá þeim raunverulega grundvelli, sem framfærslulöggjöfin nú hvílir á.

Það er vitanlegt og því ber ekki að neita, að breyt. þær, sem gerðar voru síðast á framfærslulöggjöfinni, hafa komið hart niður á kaupstöðunum. En mér dylst heldur ekki, að einmitt að undirbúningi þessa frv. hafa staðið fulltrúar frá kaupstöðum og kauptúnum í landinu, og er mér ekki grunlaust um, að þeir með slíkum till. sem þessum séu e. t. v. að snúa nokkuð á þá menn, sem eiga að gæta hagsmuna hinna smærri og fátækari sveitarfélaga landsins. Ég veit ekki t. d., hvort fulltrúar sveitanna hafa athugað nógu vel eða gert sér grein fyrir því, hvaða möguleikar felast í ákvæði sem þessu, sem allir eru til hagsbóta fyrir kaupstaðina, en er stefnt gegn minni hreppsfélögum.

Ég hefi nú ekki komið með neinar brtt. við þetta atriði, og þá ekki heldur við þá ábyrgð ríkissjóðs, sem hér er verið að stofna til í sambandi við ábyrgð á greiðslum hreppa í milli. Ég hefi ekki gert það af því, að mér hefir verið skýrt svo frá, að þetta frv. mundi vera nokkurs konar samningsatriði á milli stjórnarfl. Og þess vegna hefi ég ekki viljað ráðast á það með brtt., sem væru bein grundvallaratriði í þessu frv. Hins vegar dylst mér ekki, hvert hér er stefnt, og vildi ég vekja athygli á þessu, ef þetta hefði farið fram hjá mönnum — a. m. k. athygli þeirra hv. þm., sem sitja nú hér á þingbekkjum klukkan tæplega 4 að næturlagi. Hinir, sem annaðhvort sofa eða vaka hér í hliðarherbergjunum, álíta sig ekki þurfa neins að gæta og hafa e. t. v. líka kynnt sér þessi ákvæði svo vel, að þar sé ekki neinu við að bæta hjá þeim.

Þá var hér í 24. gr. frv., sem var óskýrt, en nú hefir verið bót á því ráðin með brtt., sem allshn. hefir borið fram, sem tekur af öll tvímæli um það, hvernig ber að skilja ákvæði þeirrar gr.

Þá vildi ég aðeins minnast á ákvæði 31. gr. frv. En samkvæmt henni er gert ráð fyrir því, að breyta nokkuð til frá því, sem nú er að því leyti að þeir menn, sem ráðstafað er í aðra hreppa, verði þar ekki sveitfastir strax, heldur í fyrsta lagi eftir 6 ár, og verði þeir á framfæri framfærslusveitarinnar, sem þeir komu frá, fyrstu 4 árin, og að þeir verði ekki sveitlægir í dvalarsveitinni fyrr en þeir hafa verið þar a. m. k. 2 ár án þess að hafa þurft að þiggja nokkurn styrk af framfærslusveit sinni. En það er annað ákvæði í þessari gr., sem ég tel ákaflega varhugavert, og hefi ég flutt brtt. við það á þskj. 655. Í 31. grv. frv. eru nefnilega ákvæði um þá menn, sem ráðstafað er milli sveitarfélaga. Þar getur verið um að ræða ráðstafanir bæði á einhleypum mönnum, sem komnir eru á opinbert framfæri á einstökum heimilum, og einnig á heilum fjölskyldum, sem annaðhvort setja sig niður á jörðum eða í húsmennsku eða í þurrabúð, þannig að þar getur verið um að ræða ráðstöfun á heilum hóp manna inn í eitt og sama sveitarfélag. Nú er gert ráð fyrir því í seinni hluta þessarar gr., að það sveitarfélag, sem mönnum er ráðstafað til, eigi að taka á sínar herðar að sjá fyrir öllum þörfum þessa fólks, sem ráðstafað hefir verið þannig, að vísu gegn greiðslu frá því sveitarfélagi, sem framfærsluskyldan hvílir á. En hins vegar er ekkert tekið fram um það í þessum greinarhluta í frv., hvernig þær greiðslur eigi að inna af hendi, hvort það eigi að greiða með þessum mönnum mánaðarlega, tvisvar á missiri, missirislega, eða þá ekki fyrr en að árinu liðnu. Ég er sannfærður um, að þær ástæður gætu verið fyrir hendi, að ráðstafað væri svo mörgum mönnum inn í eitt sveitarfélag, að því væri um megn að leggja fram það, sem þeir, sem þannig væri til þess ráðstafað, þyrftu með, þangað til það yrði endurgreitt, ef sú endurgreiðsla drægist lengi, t. d. árlangt. Ég veit ekki, hvort þetta atriði hefir verið athugað nógu vel. En ég hygg, að með 31. gr. frv. óbreyttri gæti verið stofnað til hreinna vandræða. Og framfærsluerfiðleikar sveitarfélaga margra hverra eru nú þegar svo miklir, að ekki er gerandi að auka vitandi vits við þá.

Nú sé ég ekki, að ástæða sé til að leggja þessa kvöð á sveitarfélögin, sem þessir þurfalingar dvelja í. Hvers vegna getur ekki framfærslusveitin í svona tilfelli innt af hendi greiðslu framfærslustyrks til þessara manna beint, án milligöngu þess sveitarfélags, sem þurfalinguriinn dvelur í? Ég hefi ekki getað séð neina skynsamlega ástæðu til að álykta, að framfærslusveitin geti það ekki, og þess vegna geri ég að till. minni á þskj. 655, að þessi síðari hluti 31. gr. falli burt, sem sé ákvæðið, sem leggur þessa skyldu á herðar dvalarsveitar þurfalings. Og þá stendur eftir, að framfærslusveit verði að sjá þessum mönnum farborða, nefnilega að leggja

fram fé til framfærslunnar alveg eins og þeir dveldu í sinni eigin framfærslusveit. Ég verð að vænta þess, að hv. þd. geti fallizt á, að nauðsynlegt sé að fella niður úr frv. þetta ákvæði 31. gr., sem getur leitt til hreinna vandræða fyrir viðkomandi sveitarfélög.

Það er nú komin hér fram brtt. við 38. gr. frv., um það atriði, sem ég minntist á áðan, að hrökkvi ekki tekjur jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga til þess að endurgreiða fátækrajöfnunarfé, þá greiði ríkissjóður það, sem á vantar þar til full endurgreiðsla er fengin samkvæmt fyrirmælum þessarar gr. Þarna er áreiðanlega lagt á herðar ríkissjóði að inna af höndum greiðslur verulega til viðbótar við það, sem jöfnunarsjóði eru ætlaðar og nota á í þessu skyni, og í viðbót við allar ábyrgðir, sem lagðar eru á herðar ríkissj. í þessu frv. Þarna er svo langt gengið, að lítið má telja, að sé eftir ófarið yfir í það, að landið sé orðið allt að einu framfærsluhéraði. Og ég verð að telja það mikinn ókost á þessu frv., að í því skuli vera stefnt svo langt í þessa átt eins og gert er hér. Að ég tel það svo mikinn ókost, stafar af óttanum við það, að þá sé búið að slá öllu lausu og ekki hægt að sjá út yfir afleiðingarnar af því, þegar ríkið á að borga brúsann í hverju tilfelli, og hver getur ýtt þunganum af sér yfir á ríkið.

Þá á ég hér aðra brtt. á þskj. 655, og hún gengur í þá átt, að ráðh. geti heimilað sveitarstjórnum að leggja hömlur á rétt manna til þess að setjast að í sveitarfélagi. Till. hafa áður verið bornar fram um þetta efni, — það er langt síðan þessu var hreyft á Alþ. og var gert löngu áður en farið var að tala um í sambandi við sveitfestina, að þörf væri á breyt. á framfærslul. — fyrir löngu hafa komið fram till. á Alþ., sem gengið hafa í þessa átt og voru undir nafninu „Frv. til l. um byggðarleyfi". Reynslan hefir sýnt það, einkum á hinum síðustu árum, að ákaflega miklir erfiðleikar stafa af því og hrein og bein vandræði, þegar mjög mikill hópur manna safnast saman á þeim stöðum, þar sem ekki er nægilegt verkefni handa þessu fólki, svo að fólk þess vegna hefir orðið að gefast upp á aðra menn og komast á framfæri annara. Af þessu stafar ákaflega mikil hætta og er því orðið eitt af áhyggjuefnum þjóðfélagsins, og alltaf hefir meira og meira og með vaxandi hraða stefnt í þessa átt, og það er alveg þarflaust að vera að lýsa því hér, hver vandræði þetta leiðir og hefir leitt af sér, þótt af þessum sökum hafi þegar á þessu þingi verið tekið upp í löggjöfina ákvæði, sem stefna að því beinlínis að stuðla að því, að fólkið verði flutt til frá þeim stað, þar sem ekki er verkefni fyrir það, og yfir á aðra staði, þar sem nóg er að gera og skortur er á fólki, og virðist vera einkennilegt, þar sem slíka ráðstöfun verður að taka upp í lögin, að gera frekari gangskör að því en verið hefir, að þá skuli ekki jafnframt vera gerðar ráðstafanir til þess að reyna að spyrna á móti því, að þannig offyllist ýmsir staðir, og reyna að fyrirbyggja, að það þurfi að grípa til örþrifaráða og ýta fólkinu þannig til. Það er heldur of seint en of snemmt að taka slík ákvæði upp í lögin, sem í tillögu minni felast, og má ekki lengur láta úr hömlu dragast að veita sveitafélögum stuðning í því að standa á móti allt of miklu aðstreymi til slíkra staða. Það hafa nú sum sveitarfélög og bæjarfélög reynt að ná samkomulagi við atvinnurekendur um það að spyrna á móti aðstreymi fólksins í sambandi við að láta heimafólk ganga fyrir þeirri vinnu, sem er að hafa. Þetta hefir gagnað hálflítið og þess vegna er ekki hægt að varpa neinum áhyggjum upp á þetta, því það nær ekki þeim tilgangi, sem því er ætlað að ná, að spyrna við ofmiklum innflutningi fólks. Held ég, að það væri hyggilegt að veita ráðh. eða sveitarfélagi slíka heimild sem þessa, og ætti svo um þetta að búa eins og bezt verður á kosið og ekki beita því nema þar, sem nauðsyn rekur til. Þetta ætti líka að vera meinlaust, ef svo er um búið, að tryggt væri, að það sé ekki misnotað, og ætti að vera eingöngu beitt til þess að stöðva aðflutning fólks þangað, sem ekki er verkefni fyrir það. Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál. — Það eru mikið fleiri atriði í þessu frv., sem væri fullkomin ástæða til að minnast á, en eins og ástæður eru nú hér á Alþingi núna í aftureldingunni, þar sem ekki eru nema tiltölulega fáir menn hér í sætum og menn dvelja einhverstaðar annarstaðar, þá er ákaflega tilgangslítið að vera að benda á atriði í þessu frv., sem væru fullkomlega þess virði, að þau væru athuguð, en það getur vel verið, að það, sem er athugavert í þessu frv., hafi ekki farið fram hjá mönnum. En ég vil benda þeim á það, fulltrúum sveitafélaganna, sem hér eru staddir, og fulltrúum þeirra sveitafélaga, sem minni máttar eru, að ef þessir fulltrúar hafa á sínum tíma snúið á kaupstaðina, þá er hér af kaupstaðanna hálfu verið a. m. k. að gera tilraun til þess að snúa á þessa fulltrúa, og ef þetta frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem það er, mega menn vera vissir um, að þetta kemur í ljós.

*Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Mér þykir rétt, út af ræðu hv. þm. Borgf. í sambandi við brtt., sem fyrir liggur, að minnast á þetta mál nokkrum orðum.

Ég skal geta þess, að brtt. á þskj. 675, sem flutt er af allshn., er að mínu áliti til bóta, og vildi ég mæla með því, að hún yrði samþ., því ég tel, að það mundi verða nauðsynleg ráðstöfun til aðhalds að sveitarfélögum, að ef þau hafa ekki orðið við því að svara innan 6 mánaða kröfum, sem að þeim er beint frá öðrum sveitafélögum, þá falli niður réttur framfærslusveitarinnar til þess að mótmæla réttmæti skuldarinnar. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þá brtt. fleiri orðum. — Hv. þm. Borgf. hélt því fram, að í frv., sem hér liggur fyrir, mundi vera hallað að einhverju leyti á rétt fátækra sveitahreppa, og að þeir hlutar af sveitarfélögum landsins mundu ekki hafa átt fulltrúa til þess að gæta hagsmuna þeirra í undirbúningi málsins. Ég ætla nú, að með breyt. þessum sé ekki gerð tilraun til þess að halla á neitt sérstakt framfærsluhérað, hvorki í sveit eða kaupstað, og vil upplýsa það, að sveitahrepparnir áttu málsvara í undirbúningi málsins, sem var einn af oddvitunum á Suðurlandi, sem vel þekkir til um sveitastjórn

í sínu héraði. Ég sé heldur ekki, þegar betur er að gáð, neitt það, sem sýni, að gengið sé á rétt sveitanna, ekkert sem sýni það, að gætt sé hagsmuna bæjanna á sveitanna kostnað. (**Viðskmrh.**: Það er allt á kostnað ríkissjóðs). Viðskmrh. skaut því hér inn í, að helzt væri hallað á ríkissjóðinn, en ég held, að í þessu máli sé ekki hallað á ríkissjóðinn, heldur er verið að gera ráðstafanir til þess, að ríkissjóður í vissum tilfellum standi ábyrgur fyrir útistandandi skuldum milli sveitarfélaga, og er það hvorki óeðlilegt né óréttlátt. Því það hefir farið svo í framkvæmdinni, að þótt ríkissjóður hafi ekki staðið sérstaklega ábyrgur fyrir framfærslukostnaðinum, hefir hann orðið að hlaupa undir bagga, vegna þess að sveitafélögunum hefir verið um megn að rísa undir þeim byrðum, sem framfærsluþyngslin hafa lagt þeim á herðar.

Út af brtt. á þskj. 650 vil ég sérstaklega segja þetta, þótt ekki hafi verið gerð grein fyrir henni af flm., en ég tel ekki þörf á að bíða eftir því, þar sem þetta atriði hefir verið dregið sérstaklega inn í umr. af hæstv. viðskmrh. Það er sem sé ábyrgð ríkissjóðs fyrir því, að ætíð sé til hjá jöfnunarsjóði nægilegt fé til fullkominnar skuldajöfnunar. Ég vænti þess, að eftir reynslu undangenginna ára sé ekki ástæða til að óttast, að ríkissjóði væru með þessu bundnir sérstakir baggar, en jöfnunarsjóður er nauðsynlegur til þess að standa undir þessum kostnaði, jafnvel þótt tekið sé af sjóðnum óskiptum 100 þúsund krónur til kaupa af skuldaskilum einstakra sveita. Ég vil taka fram, að ég tel ekki, að ríkissjóði stafi nein hætta af þessu frv.

Út af brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 655 vil ég taka það fram hvað snertir fyrri brtt., sem er um það að fella niður ábyrgð ríkissjóðs á framfærslukostnaði dvalarsveitar á hendur framfærslusveit, að mér finnst eðlilegt, þegar tekið er upp í þessu frv. með vissum takmörkunum ákvæði um, að menn öðlist ekki tafarlaust framfærsluréttindi í þeirri sveit, sem þeir flytja til, að þá sæki ekki aftur í það sama form, sem áður er þekkt, að framfærslusveit vildi ekki eða gæti ekki innt af hendi greiðslur sínar til dvalarsveitar. Ég vísa til þess, sem ég sagði við 2. umr. þessa máls, um að ríkissjóður hefði meiri tök á að ná inn framfærsluskuldum hjá framfærslusveit en dvalarsveitin sjálf. Á því er margföld reynsla, og mætti styðja það með fullkomnum rökum, ef ástæða væri til, en í sambandi við það, sem hv. þm. Borgf. hélt fram, að það væri næsta óeðlilegt, að dvalarsveitin gæti staðið straum af, þó ekki væri nema ⅔ af framfærslu þeirra manna, sem þannig er ráðstafað úr annari sveit, vil ég vísa til þess, að eftir núgildandi lögum er það svo í mörgum tilfellum, að dvalarsveitin verður að standa straum af þeim kostnaði öllum, svo ég ætla, að dvalarsveit verði ekki lögð þyngri byrði á herðar með þessu ákvæði en áður var. Ég hefi við 2. umr. þessa máls gert grein fyrir réttmæti þessa ákvæðis og sé ekki ástæðu til að fara út í það hér.

2. brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 655 er um það, hvort hér eigi að vera byggðarleyfi eða byggðarbann. Um þá brtt. vil ég segja það almennt, að mér virðist hún raunverulega ganga í þveröfuga átt við þau ákvæði, sem eru í 21. gr., þar sem gert er ráð fyrir því, að framfærslusveitin geti gert þær ráðstafanir til þess að létta af sér framfærsluþyngslunum, að vísa mönnum til vinnu, þótt utan heimasveitar sé. Hygg ég, að það mundi vera öruggt fyrir sveitirnar — ég á við bæina jafnt og sveitahreppana — ég held að það yrði öruggt að gera þær ráðstafanir, sem bent er á í 21. gr. frv., að vísa mönnum á vinnu utan sinnar eigin heimilissveitar. Að þessu leyti virðist mér kenna mótsagnar milli ákvæðisins um byggðarbann og þess, að koma atvinnulausum mönnum eða framfærsluþurfandi í vinnu utan sinnar sveitar.

Í annan stað vil ég benda á það, að ég álít það út af fyrir sig mikið spor aftur á bak, að loka þannig einstökum héruðum fyrir aðkomufólki, og mundi ekki leiða til neins góðs. Fyrir ekki alllöngu var hátíðlegt haldið í Danmörku afnám byggðarbannsins, er þótti hin mesta réttarbót. Á sama tíma sem í Kaupmannahöfn standa hátíðahöld til minja um þessa réttarbót, ætla einhverjir af fulltrúum Alþingis að innleiða þennan gamla sið á Íslandi.

Með ákvæðinu, sem fyrir liggur í frv., er verið að veita ríkari heimild en áður var fyrir sveitarafélögin til þess að hafa umsjá eða eftirlit með mönnum, sem hafa orðið að þiggja af sveit. Þetta finnst mér ekki óeðlilegt.

Sveitarfélög hafa yfirleitt meira vald yfir þeim mönnum, sem alveg hafa gefizt upp og leita á þeirra náðir, heldur en hinum, sem leita á aðra staði til þess að leita sér vinnu. Mér virðist vera farið aftan að hlutunum, ef það á að hafa að engu þessa sjálfsbjargarviðleitni manna til þess að leita sér atvinnu, þar sem þeim lýst bezt til fanga.

Fyrir þessara hluta og margra annara hluta sakir get ég ekki hugsað mér framkvæmd byggðarbanns á Íslandi. Ég álít það spor aftur á bak og óeðlilegar þvingunarráðstafanir, og í annan stað mundu þessar ráðstafanir í flestum tilfellum ekki koma að neinu gagni, og mundu vinna á móti þeim ráðstöfunum, sem hægt væri að gera til þess, að menn flytji frá einum stað á annan til þess að leita sér atvinnu. Hv. þm. Borgf. benti réttilega á það, að í sumum sveitum eða bæjum væri svo háttað, að örðugt væri með atvinnu, og óeðlilegt, að þangað safnaðist fjöldi fólks. Í öðrum byggðarlögum eru atvinnuskilyrði betri, og er einmitt hætt við því, og býst ég við, að svo yrði, að þau byggðarlög, sem hafa betri afkomuskilyrði, mundu verða hin fyrstu til þess að óska eftir byggðarlokun hjá sér, og þá er í raun og veru verið að fyrirbyggja möguleika vissra manna til þess að sjá fyrir sér og sínum á þessum stað, sem gæti gefið möguleika til sjálfsbjargar. Fyrir þetta og margt annað legg ég mjög eindregið á móti því, að þessi till. hv. þm. Borgf. verði samþ.

Jón Pálmason: Eins og hv. þm. hafa sjálfsagt veitt athygli, hefi ég leyft mér ásamt hv. þm. A.-Sk. að bera fram brtt. á þskj. 650. Hæstv. félmrh. og hv. þm. Borgf. hafa þegar minnzt nokkuð á þessa tillögu (**Atvmrh.**: Ekki nærri nóg.), en hún felur það í sér að afnema þá rík-

isábyrgð, sem hér hefir verið sett í þetta frv., ríkisábyrgð fyrir því, að lögjafna framfærsluskuldir sveitahéraðanna, og stefnir þessi ábyrgð í þá átt, að gera landið allt að einu framfærsluhéraði. Hæstv. félmrh. sagði í ræðu sinni, að samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin væri á undanförnum árum, stafaði ekki af þessu mikil hætta fyrir ríkissjóðinn, vegna þess að tekjur jöfnunarsjóðs mundu hrökkva nokkuð fyrir þeim gjöldum. Ef svo væri, mundi ekki vera ástæða til að breyta þessum lögum, en ég vil telja, að hættan, sem í því felst að gera þessa ábyrgð að lögum, sé mjög alvarleg. Hún líka lamar hvöt sveitahéraðanna til þess að halda fátækraframfærinu niðri eins og vera ber. Við höfum glögg dæmi um þetta. Á skýrslum héðan úr Reykjavík er gefið upp, að mjög örðugt sé að standa á móti sívaxandi fátækraframfæri, en þetta er einmitt smækkuð mynd af því, hvernig verða mundi, ef þetta yrði útfært í stórum stíl. Verð ég að telja, að í þessu efni sé nauðsynlegt að fara mjög varlega.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. félmrh. var að tala um, að hér væri um einhverjar deilur að ræða milli sveita og kaupstaða, vil ég segja, að ég álít ekki, að þetta geti verið deilumál. Þetta atriði er þannig, að það, sem er til hagsmuna fyrir eitt sveitarfélag þetta árið, getur verið til tjóns fyrir það næsta ár.

Ég skal geta þess, að við flm. þessarar till. höfum komizt að þeirri niðurstöðu, að heppilegra sé að orða hana á annan veg, til þess að ekki sé um að villast, hvað við eigum við. Ég orðaði hana eins og hún liggur fyrir, að efnisgr. falli niður. Okkur hefir því komið saman um að leggja fram skrifl. brtt. Tillagan er þannig orðuð: (sjá þskj. 708.) Þá er skýrt, hvernig á að fara að, ef fé jöfnunarsjóðs hrekkur ekki til.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, enda sýnist mér á öllu, að ekki þýði mjög miklar umræður eins og komið er.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 708) leyfð og samþ. með 19. shlj. atkv.

*Pétur Ottesen: Ég skal nú ekki raska næturró hv. þm. mikið meira en orðið er. Aðeins vildi ég segja nokkur orð út af ræðu hæstv. félmrh., sem tók eins dauflega í mínar brtt. eins og hann frekast gat, þar sem hann andmælti þeim báðum svo kröftuglega eins og hægt er að gera kröfur til hans svona að næturlagi. En út af því, sem hann sagði um gagnrýni mína á 22. gr., um það, að sveitarfélögin hefðu orðið að leggja mikið út vegna þurfalinga, sem dvalið hafa hjá þeim og annarstaðar hafa átt framfærslusveit, þá vil ég segja það, að þessu er ekki hægt að mótmæla. Þó hafa þau vitanlega átt kröfurétt á sveitarfélögin, sem framfærsluskyldan hvíldi á. En eftir þessum nýju ákvæðum hafa dvalarsveitirnar ekki undir neinum kringumstæðum kröfu á nema ⅔ af framfærslukostnaði þurfamanns. Og þetta er vitanlega allveruleg breyt. frá því, sem verið hefir, einkum þegar það er athugað, að þarna er opnuð töluvert auðveldari leið fyrir efnameiri sveitarfélög og þau, sem bolmagnið hafa meira til að koma þurfalingunum inn í önnur sveitarfélög með þeim árangri, að þau geta á tvennan hátt látið þau framfæra fyrir sig, fyrst og fremst með því að reyna að flytja þurfalingana á ódýrari staði og svo með því að láta dvalarsveitina undir öllum kringumstæðum taka á sig ⅓ af öllum framfærslukostnaðinum.

Ég verð að segja, að andmæli hæstv. ráðh. gegn brtt. minni við 31. gr. voru harla léttvæg, því að hann gerði ekki minnstu tilraun til að hrekja það, að með því að leggja þessar kvaðir á sveitarfélögin gæti svo farið, að þeim yrði ómögulegt að standast þann kostnað, sem af þessu leiddi, upp á það að fá ekki endurgreiðslu fyrr en eftir dúk og disk.

En út af því, sem hæstv. ráðh. sagði um byggðarleyfið, þá skal ég vera stuttorður. Úr því að honum þykir ánægjulegra að þurfa að beita þessum ráðstöfunarrétti til að dreifa fólkinu en að beita honum til að koma í veg fyrir þessa þjóðarógæfu, þá hann um það. Ég álít þetta hinsvegar einkennilegan hugsanagang hjá hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. talaði um, að þetta byggðarbann gæti valdið árekstrum. Ég sé ekki að þetta geti valdið neinum árekstrum, þar sem ekki er nein hætta á, að fólk verði flutt á þá staði, sem atvinnulítið er fyrir, heldur mun frekar verða borið niður þar, sem nóg atvinna er. Þetta ætti því ekki að valda neinum erfiðleikum.

Hæstv. ráðh. minntist eitthvað á hátíðahöld út í Danmörku. Það getur vel verið, að það valdi honum ánægju, að þeir haldi hátíð út í Danmörku, og það er líklegt, að þegar hann er að ræða þetta mál hér, þá sé hann eins mikið með hugann við þau hátíðahöld eins og við málið, eins og aðstaða hans getur bent til. En ég verð að segja, að mér finnst að það ástand, sem skapazt hefir hér á landi hin síðari ár, gefi ekki tilefni til mikilla hátíðahalda.

ATKVGR.

Brtt. 675,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 655,1 samþ. með 16:12 atkv.
— 708 felld með 15:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JÍv, JPálm, PHann, PO, SkG, StSt, StgrSt, SvbH, ÞBr, BÁ, BjB, EystJ, HelgJ, JörB.
nei: ÓTh, PHalld, SEH, TT, VJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GÞ, GSv, HG, HV, ÍslH, JakM.
EE greiddi ekki atkv.
3 þm. (BJ, GG, SK) fjarstaddir.
Brtt. 650 felld með 16:10 atkv.
— 675,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 655,2 felld með 16:12 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv. og endursent Ed.

Á 104. fundi í Ed., 4. jan., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 709).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Ég átti brtt. á þskj. 490,II. sem var samþ., að í stað „bæjarfélaga“ komi: sýslufélaga. Einhvernveginn hefir þetta misfarizt og gleymzt að færa þessa breyt. inn í frv.,

þegar það var prentað. Ég vil því mælast til, að þetta verði leiðrétt.

Forseti (EÁrna): Ég vil hafa tækifæri til að kanna það, sem 1. þm. N.-M. leiddi athygli að, og hefi fundarhlé litla stund. [Fundarhlé.]

***Frsm. (Ingvar Pálmason):** Þetta frv. er hingað komið vegna breyt., sem gerðar voru á því í Nd. Breyt. eru aðallega tvær. Sú fyrri er við 24. gr. frv. Er þar bætt við nýrri málsgr., sem ákveður, að þeim kröfum, sem dvalarsveit hefir á hendur framfærsluveit, skuli vera svarað innan 6 vikna frá því, að þær bárust framfærslusveit í hendur, en verði þeim ekki svarað, skuli álíta, að þær séu samþ. Þetta er að mínu viti til mikilla bóta, því að það getur orðið árekstur út af slíkum kröfum, þannig að ef framfærslusveit trassar að svara kröfunum, þá er litið svo á, að hún hafi samþ. þær, ef hún hefir ekki svarað eftir þennan ákveðna tíma.

Hin brtt. er við 31. gr. og er í því fólgin, að 2. málsgr. gr. er felld niður, en sú málsgr. var um það, að dvalarsveit væri skyld að veita innflytjanda nauðsynlegan styrk, ef hann óskaði þess heldur. Þessi gr. var felld niður. Þessa breyt. álít ég til mikilla bóta, sérstaklega vegna þess, að í henni stóð, að ríkissjóður bæri ábyrgð á endurgreiðslu styrksins til dvalarsveitar. Ég hefi ekki átt þess kost að bera mig saman við hv. samnm. mína, en ég geri ráð fyrir, að þeir geti fallizt á þessar breyt.

3. brtt. er til bráðabirgða og er aðeins orðabreyt.

Að því leyti sem mér er málið kunnugt, þá geri ég ekki ráð fyrir, að allshn. leggi á móti frv.

***Forseti (EÁrna):** Ég vil geta þess út af aths. hv. 1. þm. N.-M., að það er rétt, að orðið „sýslufélag“ hefir fallið niður í prentun í einum stað í bráðabirgðaákvæðunum undir tölulið II. Síðar í frv. kemur þetta orð fyrir, sem sýnir, að það á að standa þarna. Mun verða séð um, að þetta verði leiðrétt, þegar frv. verður prentað upp, og þarf það því ekki að koma að sök.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 715).

81. Fiskimálanefnd o. fl.

Á 91. fundi í Ed., 22. des., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. (þmfrv., A. 552).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10:1 atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:3 atkv. og til sjútvn. með 9:4 atkv.

Á 92. fundi í Ed., 23. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 552, n. 578 og 585).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:3 atkv.

***Frsm. meiri hl. (Ingvar Pálmason):** Ég hefi litlu við það að bæta, sem tekið er fram í nál. meiri hl. Það var náttúrlega vitanlegt, að með því að vísa málinu til nefndar mundi ekki fást mikil lausn á því fram yfir það, sem komið var og menn hafa átt kost á að kynna sér í sambandi við annað mál, sem hér hefir verið til umræðu. Það kom fram, að menn voru búnir að mynda sér fasta skoðun um frv., og er þess vegna ekki þörf á að fara inn á efni frv. að þessu sinni, og geri ég það ekki nema sérstakt tilefni gefist, en eins og nál. ber með sér, mælir meiri hl. með því, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Eins og frsm. meiri hl. gat um, voru menn búnir að mynda sér fastar skoðanir um þetta frv. áður en það kom til nefndar, og því var í n. haldinn sá stytzti fundur, sem þar hefir verið, og þar voru örlög frv. ráðin.

Ég gat ekki fylgt meiri hl. í því að leggja með þessu máli. Það er lagt nokkuð óvenjulegt kapp á þetta mál, og þar sem ég get ekki séð, að það verði til heilla, get ég ekki verið með því af þeim ástæðum. Nú skipa 7 manns fiskimálanefnd. Eru þeir frá aðalflokkum þingsins, eða sama sem, þar sem þeir eru skipaðir 1 frá Alþýðusambandi Íslands, 1 frá Samb. ísl. samvinnufélaga, og 1 frá Félagi botnvörpuskipaeigenda. Auk þess skipa bankarnir sinn manninn hvor, Fiskifélag Íslands 1 og atvmrh. 1. Ég held, að það sé hægt að segja, að þessi skipun n. hafi verið að ýmsu leyti mjög heppileg, þar sem í henni eru fulltrúar frá hinum stærstu stofnunum í landinu og félögum, sem geta haft hagsmuna að gæta í sambandi við sjávarútgerð.

Sá styr, sem stóð um stofnun þessarar nefndar, virðist vera horfinn, og fer ég ekki með fleipur, þó ég segi, að nefndin hafi yfirleitt verið vinsæl og hafi þegið þakkir fyrir störf sín á undanförnum árum. Ég get því ekki skilið, hvaða hagnaður er í því, að fækka nefndarmönnum niður í 3 og að þeir skuli vera einn frá hverjum stjórnmálaflokka þingsins. Það er ekki nokkur vafi á því, að „autoritet“ nefndarinar verður minna með þeirri skipun en hinni, og vitanlegt er, að með slíka nefnd sem þessa, sem starfar að jafnþýðingarmiklu máli, er mikið undir því komað, að menn beri traust til hennar, og traustið minnkar við það, að nefndarmönnum er fækkað. Eina hugsanlega ástæðan er sú, að þarna mætti spara laun til 4 nefndarmanna, og er hún út af fyrir sig virðingarverð, ef víst er, að sparnaðurinn borgi sig. Ég er á þeirri skoðun, að hann mundi ekki borga sig. Hver nefndarmanna hefir 200 kr. á mánuði. Það gæti auðvitað komið

til mála að lækka það, sem styrjaldarráðstöfun, og efast ég um, að nefndin í heild mundi hafa á móti því. Ég hefi jafnvel orðið var þeirrar skoðunar, og getur vel verið að það sé skoðun n. í heild, að þeir séu tilbúnir að vinna kauplaust. Ef hér er aðeins um ráðstafanir til sparnaðar að ræða, held ég, að málið hefði gott af því, að ráðh., sem fer með þessi mál, kynni sér hug nm., og hvað þeir vilja leggja í sölurnar í þessu efni. Ég segi þetta vegna þess, að ef eina ástæðan er sú, að spara, er tilganginum með þessu náð.

Það mætti yfirleitt tala langt mál um störf fiskimálanefndar, en ég býst við, að málið sé ráðið. En með tilliti til alþjóðar tel ég þær till., sem liggja fyrir, alls ekki til hagsbóta, og þess vegna á móti því, að nefndin sé skert. Ég tel yfirleitt, eins og málið liggur fyrir, að gott sé að hafa í fiskimálanefnd alla þá aðila, sem þar eru.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vil ekki tefja framgang þessa máls með löngum ræðuhöldum, en þar sem allir geta við athugun á þessum lögum séð, að ráðh. hefir mikil ráð með tilliti til þessarar n., tel ég mér nóg, á meðan ég er atvmrh., að hafa 3 menn í nefndinni. Hvað viðvíkur kaupinu, tel ég það ekkert til bóta, þótt nefndin vildi vinna frítt. Ég tel þessa breyt. til bóta, en tel þetta skipulag ekki æskilegt, og held, að það eigi aðeins að standa þangað til þeim mönnum, sem hér eiga hlut að máli, hefir verið gefinn kostur á að ráða það við sig, hvort þeir vilja koma á frjálsum samtökum, því ég álít, að það séu framleiðendur, sem eiga að ráða í þessum málum. Þangað til það er orðið, þarf þetta skipulag að vera, en ég tel óþarft að hafa í n. fleiri menn en þetta frv. gerir ráð fyrir.

***Frsm. minni hl. (Sigurjón Á. Ólafsson):** Ég hjó eftir því hjá hæstv. atvmrh., að hann teldi sig hafa það vald, sem þyrfti til þess að ráða fyrir nefndinni, en ég skil, hvað fyrir honum vakir, og kom það skýrt fram hjá honum. Hann vill nefndina feiga, því hann talaði um, að framleiðendur ættu að ráða, og þá á hann einungis við þá framleiðendur, sem eiga skipin, en ég vil minna hann á, að það eru einnig smærri framleiðendur, og að þeir ættu líka að ráða, og að þeir, sem leggja til fjármagnið, ættu líka einhverju að ráða. Mér skildist hann ekki vilja þetta. Skoðun hans er ljós, og vil ég vitna til Framsfl., sem hefir verið á allt annari skoðun fram á þennan dag, hvort þingm. hans séu á þeirri skoðun, sem kemur fram í ræðu hæstv. atvmrh.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9:3 atkv.
2. gr. samþ. með 9:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JJ, MG, MJ. PHerm, ÁJ, BSt, BSn, IngP, ÞÞ, EÁrna.
nei: SÁÓ, BrB, ErlÞ.
PZ greiddi ekki atkv.
2. þm. (HermJ, JJós) fjarstaddir.

Á 93. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9:3 atkv.

***Erlendur Þorsteinsson:** Ég vil ekki, að þetta frv. fari héðan út úr deildinni án þess að ég segi um það nokkur orð. Eins og skýrt hefir verið frá, er með þessu frv. farið fram á það, að breyta einni gr. laganna þannig, að í stað 7 manna nefndar, sem nú er, komi 3 manna nefnd, og að þessi 3 manna nefnd verði skipuð eftir tilnefningu þriggja stærstu þingflokkanna. Nú er nefndin þannig skipuð, að einn er skipaður af atvinnumálaráðherra, einn af Alþýðusambandi Íslands, einn af Félagi botnvörpuskipaeigenda, einn af Landsbanka Íslands, einn af Útvegsbanka Íslands h.f., einn af Sambandi ísl. samvinnufélaga og einn af Fiskifélagi Íslands, og virðist mér, að með þessum lögum, eins og þau eru nú, sé svo frá gengið, að allir aðilar, sem hafa þarna einhverra hagsmuna að gæta, hafi þar fulltrúa. Um fiskimálanefnd stóð styr, sérstaklega 2 fyrstu árin, sem hún starfaði, en eftir að það fór að sýna sig, að nefndin hafði nóg verkefni að vinna og gerði margt vel, hefir sá styr fallið niður, og ekki sízt 2 síðustu árin, eftir að Júlíus Guðmundsson varð form. n., og hygg ég, að allir séu sammála um, að n. hafi unnið gott starf og hafi haft góða forustu. Með því að breyta þessari nefnd í þriggja manna nefnd, verða einhverjir af þeim, sem fyrir eru, að fara úr henni. Veit ég ekki, hverjir það verða, en hefi heyrt, að núv. formaður, sem hefir unnið gott starf, eigi ekki að vera þar áfram, heldur eigi að koma þar maður, sem að vísu er í n., en ekki hann.

Nú er það alveg vitanlegt, að hvort sem það er nefndin eða stjórn einhvers félags, sem fer með þessi mál, fer um starfið eftir því, hvaða menn hafa með það að gera, og ef menn eru sammála um það, að þessi nefnd hafi unnið gott starf undir forustu þessa manns, get ég ekki skilið, hvers vegna liggur svona mikið á að koma þessum manni burt.

Atvmrh. tók fram, að þetta væri ekki nema einn áfanginn að því, sem hann hefði hugsað sér, að leggja nefndina niður. Nú væri sjálfsagt gott, ef þessir menn, sem fiskinn eiga, gætu komið sér saman um að stofna samlag til þess að selja fiskinn. Það væri ágætt að koma því þannig fyrir, að ekki væri hver að pukra fyrir sig við að selja frosna fiskinn erlendis. Það er miklu sterkara að hafa allar þessar afurðir á einni hendi. En ég get ekki séð ástæðu til þess að fara að leggja niður þessa nefnd, þótt hæstv. atvmrh. álíti líklegt, að þetta samlag komist á. Fiskimálanefnd hefir önnur verkefni en söluna. Hún hefir unnið mikið að því að kynna þessa vöru og finna nýja markaði, og úr því hún hefir unnið þessi störf, hefir hún komizt inn á það að verða nokkurskonar sölumiðstöð fyrir þessar afurðir, en að það liggi svo mikið á nú að eyði-

leggja störf n. með því að breyta þessum lögum, það fæ ég ekki séð.

Ég held, að ég vilji ekki að svo stöddu segja meira um þetta, en verð að segja, að mér þykir það harla einkennilegt, a. m. k. um Framsfl., sem stóð sérstaklega að afgreiðslu þessa máls, að sá flokkur skuli nú snúast á móti því og gera sitt til að eyðileggja það starf, sem þarna er unnið.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. til Nd.

Á 92. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 93. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

***Einar Olgeirsson:** Herra forseti! Þetta mál, sem hér liggur fyrir, virðist nú eiga að verða endir á mjög langri og merkilegri tilraun til þess að koma öðru skipulagi á fisksölu Íslendinga en áður hefir verið. Það er öllum þm. kunnugt, að á fyrsta þinginu eftir að Framsfl. og Alþfl. tóku við stjórn 1934, var þetta langmesta deilumálið, sem fyrir lá. Að undanteknu Kveldúlfsmálinu 1937 hefir sjaldan skorizt eins í odda með flokkunum og um þetta mál. Og það, sem um var barizt, var, hvort ríkisstj. og flokkar þeir, sem mynduðu hana, ættu að fá meiri eða minni yfirráð yfir og eftirlit með fisksölu landsins, bæði saltfisks og annars, eða fáir menn ættu að halda þar því, sem þeir höfðu klófest. Þrátt fyrir öfluga mótspyrnu Sjálfstfl. og stórorð mótmæli Landsbankans var málið afgr. á þinginu. Ég býst við, að hv. þm. muni, hvað gerðist rétt eftir að þinginu var lokið veturinn eftir kosningarnar. Þegar átti að fara að framkvæma þessi lög, sem gáfu fiskimálanefnd vald yfir fisksölunni, risu upp þeir máttarstólpar þjóðfélagsins, sem sölunni höfðu ráðið, og beittu áhrifum sínum gegn því, að lögin mætti framkvæma. Það, sem sérstaklega olli því, að bankastjórn Landsbankans tók að beita sér þannig, var, að eitt togarafélag á landinu hafði með aðstoð þessa banka, mjög miklum lánveitingum þá um árabil, öðlazt að miklu leyti vald yfir öllum saltfisksútflutningnum. Þegar heimskreppan barst hingað 1931 og togarafélagið, Kveldúlfur, fór að missa þau tök, sem það hafði haft á landsmönum, var gripið til þess, 1932, af þeirri bræðingsstjórn íhalds og Framsfl., sem þá sat að völdum og núv. hæstv. atvmrh. og Kveldúlfsforstjóri (ÓTh) átti sæti í, að gefa út sérstök bráðabirgðalög, sem bönnuðu Íslendingum allan útflutning á saltfiski, nema hann gengi gegnum ákveðinn félagsskap, sem þá hafði verið myndaður, S. Í. F., og Richard Thors veitti forstöðu. En Ólafur Thors, bróðir hans, gaf út bráðabirgðalögin, sem ráðh. Þessi ráðstöfun og valdið, sem hún gaf forstj. S. Í. F., miðaði að því að tryggja Kveldúlfi áfram umráðin yfir fiskútflutningi Íslendinga. Það kom í ljós, að þeir, sem höfðu úrslitavald þessara mála í höndum, voru bundnir af hagsmunum hlutafélagsins Kveldúlfs og að sérstaklega hafði stjórn Landsbankans ástæðu til að hlynna að félaginu, m. a. þær, að hún birgði það að lánsfé, — nær öll seðlaútgáfa landsins, en hún er um 12 millj. kr., hefir nú frosið föst sem lán í þessu eina fyrirtæki. — Til þess að ná þessu lánsfé aftur af landsmönnum sem gróða Kveldúlfs varð að veita félaginu einokun á fiskútflutningi þjóðarinnar. Þetta vald, sem bankastjórnin og Kveldúlfur höfðu tekið sér, með aðstoð ráðh., Ólafs Thors, var á þeim tíma talið af nær allri þjóðinni stórum varhugavert, og margir framsýnir menn töldu það hættulegasta valdið í landinu. Af hálfu vinstri flokkanna var því haldið fram í kosningabaráttunni 1934, og það var gert að höfuðmáli kosninganna að brjóta þetta vald á bak aftur. Þessir flokkar fengu meiri hl. í kosningunum. Og fyrsta tilraunin, sem þeir gerðu til að framkvæma þann þjóðarvilja, sem kosningarnar sýndu, er einmitt þessi löggjöf um fiskimálanefnd, sem nú á að taka til annarar og öðruvísi meðferðar, löggjöfin, sem ég minntist á, að sett var í trássi við mótspyrnuna frá máttarstólpum þjóðfélagsins, og hún var ekki aðeins bein framkvæmd þjóðarviljans, heldur og tvímælalaust það merkilegasta, sem eftir það þing lá.

En viti menn. Rúmum mánuði eftir að þm. eru komnir heim af Alþingi um veturinn eru gefin út bráðabirgðalög af Haraldi Guðmundssyni atvmrh. til að breyta hinum nýju l. um fiskimálanefnd. Þess munu fá dæmi, að bráðabirgðalög séu gefin út svo skömmu eftir þingslit, og hins munu enn færri eða alls engin dæmi í sögu þingræðislanda, að svo fljótlega útgefin bráðabirgðalög séu sett þvert ofan í meginatriði laga, sem þingið hafði einmitt verið að setja. Slíkt er fyrirlitningarstorkun við þingræðið og hlýtur að eiga djúpar rætur í öfugri þróun okkar þjóðfélags. Það er því sérstaklega fróðlegt að athuga þær breytingar, sem gerðar eru í bráðabirgðalögunum. Með l. eins og Alþingi hafði gengið frá þeim voru fiskimálanefnd tryggð völd yfir útflutningnum. Það, sem Landsbankastjórnin og Sjálfstfl. börðust móti, var, að Kveldúlfur og fiskhringurinn á Íslandi áttu ekki lengur að ráða yfir saltfisksútflutningnum. Þau bráðabirgðalög, sem ÓTh. hafði fyrr gefið út, tryggðu fiskhringnum valdið. Þau bráðabirgðalög, sem H. G. gaf út, áttu enn að tryggja sömu aðilum valdið á saltfiskútflutningnum, en taka það af fiskimálanefnd. Það, sem meiri hluti þjóðarinnar hafði knúið fram á nýloknu þingi, var H. G. beinlínis fyrirskipað að gera ónýtt, og fyrirskipunin kom frá bankaráði Landsbankans. Það sýndi sig óvenju glöggt í sambandi við þetta mál, hve litlu Alþingi réð í slíkum efnum. Jónas Jónsson, hv. þm. S.-Þ., hafði þá áður um veturinn skrifað alllanga ritgerð, þar sem hann vildi sýna og m. a. sanna með þessu dæmi um fiskimálanefnd, að Alþingi væri húsbóndi á sínu heimili, — að það hefði þarna samþ. lög þvert ofan í vilja Landsbankastjórnarinnar og fiskhringsins. J. J. notaði einmitt þetta orðatiltæki „húsbóndi á sínu heimili“, um sjálfstæði og djarfleik Alþingis. Þessi áherzla hans á hús-

bóndavaldinu kom fram af því, að ég hafði í svargrein til hans sagt, að Alþingi lyti boði og banni Landsbankastjórnarinnar. Þessi ritgerð hv. þm. S.-Þ. kom út einmitt rétt eftir að Alþ. hafði lokið störfum og afgr. þetta mál á þann hátt, sem ég hefi nú sagt frá. En rétt um sama leyti berst út um byggðir landsins sem vísdómsorð Framsókar yfirlýsing um, að Alþ. hafi nú sýnt húsbóndarétt á sínu heimili, en þá hafði hæstv. þáv. atvmrh. (HG) eyðilagt það, sem Alþ. hafði samþ. Í atvinnumálaráðun. hafði hann gefið út bráðabirgðal. beinlínis til þess í senn að eyðileggja þau l., sem Alþ. hafði samþ., og til þess að framkvæma þær till., sem Landsbankastjórnin hafði gert. Þetta sýnir, að Alþ. var alls ekki húsbóndi á sínu heimili, ríkisstj. var ekki einu sinni húsbóndi á sínu heimili, — þeir, sem réðu og fyrirskipuðu, voru Landsbankastj. og fiskhringurinn, og það, sem ríkisstj. gerði, var að hlýða þeim fyrirskipunum, og þm. og Alþ. urðu að beygja sig undir þær á eftir, þó að Alþ. hefði þarna í eitt skipti þorað að framfylgja sínum eigi vilja, en það var ekki látið staðar nema í þessum málum án þess að brjóta hann á bak aftur. Þannig er það þá tilkomið, að l. um fiskimálanefnd voru skert undir eins og Alþ. hafði samþ. þau, og helmingurinn af því valdi, sem fiskimálanefnd hafði öðlazt með l. frá Alþ., var tekið af henni eftir skipun Landsbankans og samkv. vilja fiskhringsins með bráðabirgðal. frá hæstv. atvmrh. Þessi frammistaða hv. þm. Seyðf. (HG), sem þá var atvmrh., var fyrsta sporið til undanhalds og uppgjafar af hálfu þáv. stj. Framsfl. og Alþfl. gagnvart Landsbankavaldinu. Þessi bráðabirgðal., sem sviptu fiskimn. helmingnum af hennar valdi, voru fyrsta uppgjöfin á þeirri stefnuskrá, sem Framsfl. menn og Alþfl.-menn voru kosnir á þing árið 1934 til að framkvæma. Áframhaldið af því undanhaldi, sem þá var hafið af hálfu ríkisstj., sást svo á næstu árum á eftir koma hvað greinilegast fram, síðan í Kveldúlfsmálinu á Alþ. 1937, og eftir kosningarnar það ár í uppgjöf gagnvart togaraútgerðarmönnunum, með l. um gerðardóm í togaradeilum 20. marz 1938, þegar Alþfl. dró ráðh. sinn út úr ríkisstj. En undanhaldið og uppgjöfin fyrir fiskhringnum og Landsbankavaldinu var svo fullkomnað með þeirri ríkisstj., sem mynduð var 18. apríl 1939, þar sem Alþfl. og Framsfl., eftir að hafa gefizt upp við öll sín stefnuskrármál, settust í ríkisstj. með hv. þm. G.-K. (ÓTh) og mynduðu þessa stj., sem nú lætur leggja fram þau frv., sem hér ræðir um.

Það er óhætt að segja það, að að sumu leyti endurspeglist í sögu fiskimálanefndar öll sorgarsaga Alþfl. á síðustu 5 árum. Þegar þetta frv. liggur hér fyrir, þá felst í raun og veru í því að svipta burt því síðasta af yfirráðum Alþfl. eða þeirra stofnana, sem að einhverju leyti mætti vænta, að myndu beita sér móti fiskhringnum og Alþfl. gæti haft einhver áhrif á. Fiskimálanefnd eins og hún var upprunalega skipuð var í raun og veru undir forusu Alþfl. Vald hennar var að vísu nokkuð skert með því að saltfisksútflutningurinn var af henni tekinn og fenginn fiskhringnum í hendur. En engu að síður hélt fiskimálanefnd samt nokkru valdi, og var veitt til hennar allmiklu fé, og hún hafði þó nokkra möguleika til þess að beina að einhverju leyti í heppilegri átt fiskframleiðslu og fiskútflutningi landsmanna. Fiskimálanefnd var, ef svo mætti segja, ein sú helzta valdaafstaða, sem Alþfl. hafði öðlazt í sambandi við stjórnarsamvinnuna 1934, eða a. m. k. sú eina valdaafstaða, sem að einhverju leyti gat orkað á að breyta fyrirkomulagi sjávarútvegsins á Íslandi. Alþfl. gat reiknað sér nokkra valdaafstöðu innan hennar.

Togstreitan, sem þarna var háð milli fiskhringsins annarsvegar og vinstri aflanna í landinu hinsvegar, sem voru því mótfallin, að ein einasta lítil klíka manna gæti sölsað undir sig allan fiskútflutning landsmanna og ráðið yfir honum svo að segja alveg, sú togstreita milli þessara tveggja afla kom einna greinilegast í ljós einmitt í sambandi við löggjöfina um fiskimálanefnd og hvernig þeirri löggjöf reiddi af. Nú er það vitanlegt, að löggjöfin um fiskimál og sjávarútvegsmál á Íslandi hefir frá upphafi verið eitt hið allra þýðingarmesta mál, sem Alþ. Íslendinga hefir fjallað um. Það er vitaskuld vegna óstjórnar á þessu sviði, að svo kynni að vera sagt með réttu af þeim, sem sögu þjóðarinnar þekkja í seinni tíð, að útgerðarfyrirtækin hljóti að verða fyrir sérstaklega miklum og tilfinnanlegum áföllum. Ein af aðalröksemdum Framsfl. og Alþfl. meðan þessir flokkar börðust fyrir því að hnekkja valdi fiskhringsins á Íslandi, voru þau geysilegu töp, sem óstjórnin á fiskimálunum hafði valdið landsmönnum. Ef menn lesa t. d. „Tímann“ frá því 1920 fram til ársins 1938, þá sést, að varla hefir komið svo út eitt einasta blað af honum, að þar væri ekki rituð grein um óstjórnina á fiskimálunum á Íslandi, og var það sérstaklega hv. þm. S.-Þ. (JJ), sem skrifaði þessar greinar. Frá árunum 1920—1930 gengu þessar greinar út á það að sýna, hvernig fiskhringurinn, sem þá var kallaður Coplands-hringur, og Íslandsbanki, sem birgði þann hring upp af fé, hefðu tapað af þjóðarfé svo tugum millj. kr. skipti. Á árunum milli 1920—1930 reiknaði hv. þm. S.-Þ. það út sýknt og heilagt, að völdum þessa fiskhrings yrði að hnekkja og að bankann, sem bak við hann stæði, yrði að gera upp. Ég þarf ekki að rekja sögu Coplands-hringsins og Íslandsbanka á þessum árum, því að hún er allri þjóðinni svo kunn. Þessi sama saga, sem gerðist á þeim árum og kennd er við Copland og Íslandsbanka, hefir verið að endurtaka sig allan þennan áratug frá 1930—1939, — þar er bara Kveldúlfshringurinn, sem kemur í stað Coplands-hringsins og Landsbankinn í stað Íslandsbanka. Hinsvegar hefir það merkilega gerzt í því sambandi, að þeir menn og þeir flokkar, sem lengst af börðust á móti Copland-hringnum og Íslandsbanka og töluðu sýknt og heilagt um, hvílíka spillingu þessir aðilar hefðu haft í för með sér gagnvart íslenzku fjármálalífi, þessir sömu aðilar, sem framan af þessum áratug töluðu hæst um Kveldúlfshneykslið hér á Íslandi, þeir hafa nú á síðustu árum steinhætt öllum áróðri og öllum afhjúpunum í sambandi við þetta mál, og jafnvel

gerzt verndarar þessa sama hneykslis, sem þeir áður fundu ekki nein nógu sterk orð til þess að fordæma. Þeir gerast nú, sem þátttakendur í núv. ríkisstj. og með því frv., sem hér liggur fyrir, tortímendur sinna eigin afkvæma. Fiskimálanefnd var þó a. m. k. tilraun til þess að skapa eitthvert vald á sviði sjávarútvegsins á Íslandi, sem nokkuð gæti vegið upp á móti fiskhringnum. Vald þeirrar n. var að vísu, eins og ég hefi þegar rakið, skert mjög mikið með þeim bráðabirgðal., sem gefin voru út árið 1935 af þáv. atvmrh. (HG), en engu að síður hélt þessi n. samt allmiklum völdum hér heima á Íslandi og gat ýmsu til vegar komið. Nú hinsvegar liggur það auðsætt fyrir þessu þingi, að ef það ætti að hlýða þjóðstj. í þessu sem öðru, yrði það að skera þessa n. nokkurn veginn niður, og svipta þá sérstaklega þann flokk, sem um tíma stjórnaði þessari n. í raun og veru, Alþfl., eða hafði a. m. k. forustu í henni, þeirri afstöðu, sem hann þar lengst af hefir haft. Hér liggur fyrir frv., sem bæði breytir samsetningu þeirrar n. og öðru, svo sem sjá má á þskj. 552, og sviptir einnig brott miklu af því fé, sem til hennar er lagt. Hvernig er ætlazt til, að n. verði skipuð eftir því frv., sem hér um ræðir? Það er gefið til kynna, hvernig sú skipun yrði, eins og yfirleitt hjá þjóðstj. Það má ganga út frá því sem vísu, að hún muni taka valdið úr höndum þeirra stofnana, sem að einhverju leyti hefðu verið í sérstöku sambandi við sjávarútveginn, eða að einhverju leyti væri hugsanlegt að hefðu sérstaka ástæðu til að hafa auga með, þó ekki væri nema smámálum í sambandi við hvernig farið sé með fiskimálin, því að eins og kunnugt er, eru bankarnir þær stofnanir, auk Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda, sem hafa áhrif á það, hvernig þessum hlutum er skipað. Þessar stofnanir eru allar meira eða minna háðar togaraútgerðinni, og það er þess vegna mjög vel hugsanlegt, að fulltrúar frá þessum stofnunum fari í einstöku atriðum eftir vilja þeirra manna, sem að sjávarútgerð standa. Fjöldi af þeim, sem þar eiga hagsmuna að gæta, álítur það jafnvel sérstaklega brotlegt að hafa sína eigin sannfæringu og skoðun, sem menn mynda sér sjálfir. Þetta frv. stefnir að því að afstýra slíkri hættu fyrir þjóðstjórnina, því að það má með engu móti velja neina menn frá þeim stofnunum, sem standa sérstaklega að sjávarútgerð eða hafa samband við samtök fjöldans og gætu haft áhrif á hvað þar gerist. Nú eiga það að vera þrír stærstu þingflokkarnir, sem eiga að hafa áhrif á skipun fiskimálanefndar, og það á að verða alveg einskær flokkspólitísk stj. í þeirri n. Það er auðvitað alveg vitanlegt, að hverju stefnt er með þessu, eftir að Framsfl. er orðin íhaldinu algerlega samdóma um Kveldúlfshneykslið og að viðhalda valdi fiskhringsins, og um að halda verndarhendi yfir svindli Landsbankans, þá gefa þessir tveir flokkar með tryggingu sinni þröngri samstjórnarkliku völdin yfir hvaða smáatriði, sem um er að ræða í landinu. Þess vegna er þetta frv. borið fram á Alþ. um að setja nú aðeins þrjá menn í fiskimálanefnd, og láta skipa hana af þrem stærstu þingflokkunum. Auðséð er, að hverju stefnt er með þessu. Það er stefnt að því, að rífa niður að miklu leyti það síðasta, sem raunverulega var eftir af fiskimálanefnd, og viðleitni Alþ. 1935, eða þeirra flokka, sem mynduðu meiri hl. þess, til að skapa nýtt viðhorf í sjávarútvegsmálum Íslendinga. Það er náttúrlega ekki aðeins í samræmi við annað, sem fram hefir komið á þessu þingi, heldur líka í beinu samræmi við það, sem áður hefir verið rætt um hér í sambandi við hagsmunamál og réttlætismál fólksins. Þau réttindi eru sífellt rýrð meir og meir, sem samþ. höfðu verið á Alþ. 1934—1937, og þarna er verið að stefna að því með þessu frv. um fiskimálanefnd að hindra það, að nokkur hætta gæti verið á, að samtök fólksins kynnu að hafa nein minnstu áhrif á skipun sjávarútvegsmála Íslendinga. Það þarf þess vegna ekki sérstaklega að rökstyðja frekar þá ástæðu, sem liggur til grundvallar því, að þetta frv. er komið hér fram. Ég ætla bara til viðbótar að segja þeim hv. þm., sem hlusta á mál mitt, frá því, hvernig þetta frv. er komið til okkar hér í hv. Nd. Þetta frv. var í gær afhent fjhn. í hv. Ed. á vélrituðu blaði. Fjhn. var sagt af hæstv. ríkisstj. að skrifa undir þetta sem sitt álit. Meiri hl. n. gerði það, og málið var sett undir eins með afbrigðum til 1. umr. Síðan var meiningin að knýja málið fram gegnum allar þrjár umr. í hv. Ed. í gær. Það var lögð sérstök áherzla á það, að málinu yrði ekki vísað til n., en þá gaf einn hv. þm. í Ed. þær upplýsingar, að í raun og veru hefði sú n., sem bar fram frv., ekki fengið að líta yfir það, og því síður athugað það eða íhugað, og þess vegna var lagt til, að því yrði vísað til nefndar. Það gekk svo fram af þm., þegar þeir höfðu fengið þessar upplýsingar, að ýmsir tóku undir þá kröfu, að þetta frv. fengi þinglega afgreiðslu. Meining hæstv. ríkisstj. var sem sé í fyrsta lagi sú, að fyrirskipa fjhn. að flytja málið sem mál nefndarinnar, og í öðru lagi að knýja málið fram nefndarlaust gegnum Ed., án þess að n. eða nokkrir þm. fengju að athuga það. Þetta frv. var ekki prentað fyrr en eftir að því hafði verið útbýtt í Ed. og búið var að setja það þar á dagskrá. Hv. þm. höfðu engan tíma haft til þess að athuga málið. Með þessari óþinglegu afgreiðslu, sem hæstv. ríkisstj. heimtaði á þessu máli, hugðist hún að knýja málið í gegn, en þetta gekk svo fram af hv. þm. í Ed., að þeir vísuðu málinu til n. En svo daginn eftir var þess krafizt, þar sem hér væri um stórmál að ræða, að það yrði afgr. með afbrigðum við 2. og 3. umr. í Ed. Að vísu er ekki ljóst ennþá, hvaða afgreiðslu það eigi að fá hér í hv. Nd., en eftir vilja hæstv. ríkisstj. og framkomu hennar í hv. Ed. í gær, þá yrði maður ekki neitt sérstaklega hissa á því, þó að slík óþingleg afgreiðsla færi fram hér. Ég nefndi þetta hér sérstaklega með tilliti til þess, að þarefð þetta verða síðustu Alþt., sem prentaðar verða umr. í fyrst um sinn, þá kæmi það þar greinilega í ljós, hverskonar aðfarir það eru, sem hæstv. ríkisstj. hefir í frammi gagnvart Alþ. Íslendinga á því herrans ári 1939, að hún ætlar sér að knýja áfram ekki aðeins þetta eina frv., heldur heimtar hún 3 eða 4 l. afgr. á þennan sama hátt. Þetta sýnir þá lítilsvirðingu, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefir

fyrir þingræði yfirleitt, — það er bara hennar vilji, sem þarna gildir. Hv. þm. eru í hennar augum ekki menn, sem samkv. stjsk. eiga að hafa sína sannfæringu, hafa umboð kjósenda, athuga grandgæfilega og breyta frv., sem fram koma á Alþ., heldur eru þm. að áliti hæstv. ríkisstj. piltar, sem eiga að taka við vélrituðu blaði frá einhverjum „kontorista“ ríkisstj., samþ. þetta blað umr.-laust, nefndar- og athugunarlaust, og afgr. það með margföldum afbrigðum sem l. frá Alþ. Þetta er virðingin, sem hæstv. ríkisstj. ber fyrir Alþ. Íslendinga á því herrans ári 1939. Hæstv. ríkisstj. þykist alveg sérstaklega til þess kjörin að gæta þingræðisins, vernda lýðréttindi og slá skjaldborg um þau mannréttindi, frelsi og sjálfstæði, sem íslenzka þjóðin hefir aflað sér. Þetta vildi ég hafa látið koma fram einmitt í sambandi við umr. um þetta mál hér í hv. Nd., til þess að alþýða manna gæti gert sér ljóst, hvað núv. ríkisstj. er að gera úr Alþ. Íslendinga með sínu framferði. Hún er að gera Alþ., sem á að hafa löggjafarvaldið, viljalaust verkfæri í höndum ríkisstj., sem ekki einu sinni stjórnar sér sjálf, stj., sem lætur stjórnast af áleitinni kliku fjármálamanna, sem hafa sölsað undir sig völd yfir þjóðinni, ekki í krafti eigna sinna, heldur hafa þeir sölsað þau undir sig í krafti skulda sinna, og það ekki skulda, sem þeir hafa sjálfir fengið einhverstaðar í útlöndum og bera sjálfir ábyrgð á, heldur í krafti skulda, sem þeir hafa fengið að láni hjá Landsbankanum og íslenzka þjóðin á að bera ábyrgð á. Þannig er nú ástandið orðið, sem við eigum við að búa, og það litla frv., sem hér liggur nú fyrir, og meðferð þess hér á Alþ., er dálítil spegilmynd af.

Ég vildi láta þetta koma fram strax við 1. umr. þessa máls, vegna þess að ég hefi hugsað mér að greiða atkv. móti því til 2. umr. Þó mun ég verða með því, að það verði sent til n., ef það er meiningin. Hinsvegar væri þetta mál vel þess vert, að það væri rætt dálítið betur um það. Ég mun láta allar frekari aths. við þetta frv. bíða, þar til það kemst til 2. og 3. umr.

***Finnur Jónsson**: Ég hefi leyft mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. við lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, og óska eftir því, að hún megi koma til umr. og að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni. Ég mun svo halda áfram máli mínu að því loknu. [Frh.]

Forseti (GSv): Hv. þm. mun fá leyfi til þess að ræða brtt. sína. En þar sem þetta er 1. umr., verður ekki leitað afbrigða fyrir henni nú, enda kemur út á eitt, þó að hún sé geymd til 2. umr.

Finnur Jónsson [frh.]: Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að hefja máls á brtt. minni, þó að hún sé ekki til umr. Þar sem ekki hafði unnizt neinn tími til þess að láta prenta slíka till., vegna þess að málið er alveg nýkomið, fyrir einni og hálfri klst. síðan, held ég að hafi verið rétt að leggja fram skriflega brtt., og vona ég, að forseti leiti afbrigða fyrir henni, svo að hún mætti koma nú til umr. og til væntanlegrar atkvgr. (**Forseti**: Þessi brtt. kemur aðeins til atkvgr. við 2. umr. Hv. þm. heldur áfram máli sínu). Ég sé ekki ástæðu til að tefja umr. á þessu stigi málsins. Menn eru orðnir langþreyttir og vilja komast til sinna heimila, þeir sem eiga heima í bænum, og er slíkt ekki nema eðlilegt á messu hins heilaga Þorláks. Ég vildi samt ekki láta þetta frv. fara svo til 2. umr., að ég lýsti ekki yfir afstöðu Alþfl. til þess.

Eins og kunnugt er, var fiskimálan. sett á stofn með samningum milli Alþfl. og Framsfl. á sínum tíma og hún átti að hafa forgöngu í ýmsum málum, sem snertu sjávarútveginn. Þá stóð svo á í landinu, að allir voru sammála um, að brýn nauðsyn væri á einhverri stofnun, sem gæti haft forgöngu um að afla nýs markaðar og koma með nýbreytni í öllu því, sem sjávarútveginum viðkemur. En menn voru alls ekki sammála um, í hvaða formi þessi stofnun skyldi starfa. Sérstaklega var ágreiningur um það milli meiri hluta sjútvn. annarsvegar og atvmrh. hinsvegar, hverja aðferð skyldi hafa um það, að koma á nýbreytni í þarfir sjávarútvegsins. Atvmrh. var ákaflega mikið á móti því, að fiskimálanefnd yrði sett á stofn í því formi, sem gert var. Ég sé ekki ástæðu til þess að rifja þennan ágreining upp hér, en ég vildi aðeins geta þess, að afstaða Alþfl. til þessara mála er óbreytt enn. Afstaða Alþfl. til fækkunar nefndarmanna er líka óbreytt, því okkur leikur grunur á því, að þessar lagabreyt. séu nú bornar fram einkum í því skyni að rýra valdsvið fiskimálanefndar og minnka það framkvæmdavald, sem hún hefir samkv. gildandi l. Við alþflm. lítum svo á, að ef inn á þessar breyt. á að fara með lagafrv. því, sem fyrir liggur, sé stigið stórt spor aftur á bak. Hvernig sem menn hafa litið á stofnun fiskimálan. og hvernig sem þeim finnst um einstök atriði starfs hennar, verður þó ekki neitað, að henni hefir orðið mikið ágengt í þeim verkefnum, sem hún hefir haft með höndum. Hún hefir komið með nýbreytni á sviði útflutnings sjávarafurða og unnið þau stórvirki með því að reisa hraðfrystihús. Yfirleitt hefir tekizt að bæta mikið fiskmarkaðinn fyrir forgöngu fiskimálan. á því sviði, og ekki er hægt að neita því, að hún hefir stigið mörg vísindaspor á þeirri braut, sem liggur til fullkomnunar á þessum höfuðþætti í framleiðslu okkar. Ef svo með þessu frv. á að rýra valdsvið fiskimálan. og óbeinlínis minnka áhrif hennar, telur Alþfl. illa farið og að hér sé stigið stórt spor aftur á bak. Ennfremur telur hann, að sízt muni breytast til batnaðar um sölu sjávarafurða, ef fiskimn. fær ekki framvegis að láta til sín taka sem hún hefir gert hingað til. Ég vil þess vegna leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort ætlunin sé sú, að rýra svo mikið valdsvið fiskimn. sem í hans valdi kann að standa, gagnstætt þeim lögum, sem enn gilda, og hvort það sé ætlunin með fækkun nm. Ennfremur vil ég beina þeirri fyrirspurn til Framsfl., sérstaklega til ráðh. Framsfl., sem hér er viðstaddur, hvort hans vilji sé að rýra valdsvið fiskimálanefndar frá því, sem nú er. Ég tel, að enn séu þau vandræði ríkjandi um okkar atvinnuvegi, og sérstaklega um útflutning

á saltfiski, að ekki veiti af því að hafa valdsvið fiskimálan. ekki minna en verið hefir, og ekki muni veita af, að hún sé skipuð 5 mönnum a. m. k.

Ég hefi leyft mér að bera fram skrifl. brtt., vegna þess að ekki hefir unnizt tími til þess að láta prenta brtt. Till. gerir ráð fyrir, að a. m. k. 5 menn haldi áfram að vera í fiskimálanefnd. Ég hefi þannig komið móti óskum hæstv. atvmrh. og lagt til, að fækkað verði um tvo. Aðalatriði þessa máls er þó það, að valdsvið fiskimálanefndar er í engu skert. Ég óska eftir því, að við þessa umr. svari hæstv. viðskmrh. og hv. atvmrh. fyrirspurnum mínum.

***Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson):** Viðvíkjandi fyrirspurn hv. þm. Ísaf. álít ég rétt að skýra afstöðu Framsfl. í þessum málum. Annars finnst mér þessar fyrirspurnir tilefnislausar, og efni frv. gefur ekki ástæðu til þeirra. Eins og sést við lestur frv., er efni þess ekkert annað en það, að í staðinn fyrir að nú eiga sæti í fiskimálanefnd 7 menn, er gert ráð fyrir 3. Með þessum l. er að engu breytt valdsviði fiskimálan. Framsfl. telur rétt að vera fylgjandi þessari fækkun á nm., þó með óbreyttu starfssviði n. Honum finnst óþarfi að hafa 7 menn við að vinna það, sem 3 menn geta hæglega leyst af hendi. Með þessu móti fæst líka nokkur sparnaður, þar sem gert er ráð fyrir, að n. verði eigi síður starfhæf með 3 menn en 7. Framsfl. er þetta ekkert kappsmál, en telur þetta skynsamlegra, — en sem sagt, hann gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum á starfssviði fiskimn.

***Finnur Jónsson:** Ég er ekki allskostar ánægður með að fá ekki svar við fyrirspurn minni frá hæstv. atvmrh. Hæstv. viðskmrh. hélt því fram, að fyrirspurn mín væri alveg óþörf, og gerði ráð fyrir, að með þessu frv. væri engin breyting á valdsviði fiskimálanefndar. Að vísu er það ekki afmarkað í l., en það er mikið á valdi atvmrh., hversu fiskimálanefnd má beita sér og hve miklu hún fær að ráða. Þegar hér er svo borin fram till. um fækkun nm., er ekki að ástæðulausu, þó að ég beri fram fyrirspurn til hæstv. atvmrh. um það, hvort það sé meiningin að takmarka valdsvið fiskimálan. eins og hann frekast getur gert með l. Ég óska eindregið eftir því að fá svar við þessum fyrirspurnum.

Einar Olgeirsson: Mig langar til, í sambandi við það, sem hæstv. viðskmrh. sagði, að spyrja hann að því, hvaða aðilar hefðu sótt þetta mál af kappi. Mér skildist á því, sem hann sagði, að Framsfl. ætti ekki upptökin að þessu máli og honum væri ekkert kappsmál að koma því fram. Viðvíkjandi því, sem hæstv. viðskmrh. sagði um sparnað í þessu sambandi, þá vildi ég leyfa mér að mega skjóta því fram, að svo virðist, sem Framsfl. leggi mikið upp úr því að spara í sambandi við nefndir, sem starfa í þágu ríkisins. Ennfremur vil ég spyrja að því, hvort ekki sé hugsanlegt að fá samskonar sparnað með því að minnka laun manna við ýmsar opinberar stofnanir, og beinlínis að ríkið taki að sér að sjá um þetta verk fyrir lægri þóknun en verið hefir. Ég vil leyfa mér að benda hæstv. ráðh. á þá leið til sparnaðar, að fá núv. meðlimi fiskimálanefndar til þess að vinna fyrir lægri laun. Það má ganga út frá, að 7 menn séu betur starfi sínu vaxnir en 3 menn, og ef ríkisstj. er kappsmál að koma með sparnað úr þessari átt, er æskilegt að fá að njóta starfskrafta allra 7 nm. áfram, en þó fyrir lægra gjald.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 94. fundi í Nd., 27. des., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:7 atkv. og til sjútvn. með 14:7 atkv.

Á 96., 97. og 98. fundi í Nd., 29. des., 2. og 3. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 101. fundi í Nd., 3. jan., var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 552, 602, n. 626 og 629, 627).

***Frsm. minni hl. (Finnur Jónsson):** Sjútvn. hefir, eins og nál. ber með sér, klofnað um þetta mál. Ég og hv. þm. Barð. berum fram rökst. dagskrá, þar sem við lýsum því áliti okkar, að við teljum, að starfsemi fiskimálanefndar sé svo víðtæk og nauðsynleg, að ekki sé rétt, eins og ástatt er nú um fisksölu og sjávarútveg, að fækka nefndarmönnum frá því, sem nú er, og rýra þar með starfsmöguleika n.

Við 1. umr. þessa máls beindi ég þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh. og hæstv. viðskmrh., hvort ætlunin væri að rýra starfsfé fiskimálanefndar eins mikið og frekast væri unnt samkv. l., og hvort af þeim ástæðum væri lagt til að fækka nm. Hæstv. viðskmrh. svaraði því, eins og rétt er, að þetta frv. bæri það ekki með sér, en á hinn bóginn væri þetta mest á verksviði atvmrh., sem fiskimálanefnd heyrir undir, hvert starf hann felur n. að framkvæma. Ég vil því leyfa mér að beina athygli framsóknarmanna, sem stóðu að þessari löggjöf um fiskimálanefnd með alþýðuflokksmönnum, að því, að hæstv. atvmrh. fékkst ekki til að svara þessari fyrirspurn, og af því myndi ég ráða það, að hann ætlaði sér að rýra starfsfé n. svo mikið, sem l. frekast heimila, og það sé þess vegna, sem hann leggur nokkurt kapp á að fækka mönnum í nefndinni. Ég mun ganga út frá þessu sem gefnu á meðan ekki kemur svar um þetta frá hæstv. atvmrh. Ef hann svarar á aðra lund, þá mun ég að sjálfsögðu taka það svar gott og gilt og gleðjast yfir því í mínu hjarta.

Ég hefi, auk þess að bera fram hina rökst. dagskrá ásamt hv. þm. Barð., til vara lagt fram brtt. um það, að í staðinn fyrir að 3 menn skipi nefndina, eins og lagt er til í frv., þá verði nefndarmennirnir 5, og þá einn skipaður eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands og annar eftir tilnefningu Útgerðarmannsambands Ísl. Fari svo, að hv. þd. fallist ekki á hina rökst. dagskrá, þá vildi ég fastlega mælast til þess við hv. þd., að samþ. yrði sú brtt., sem ég ber fram á þskj. 602.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að svo stöddu, þar sem mjög er áliðið nætur.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Það er rétt hjá hv. þm. Ísaf., að hann beindi til mín fyrirspurn við 1. umr. þessa máls. Ég vildi þá ekki svara af ástæðum, sem honum er kunnugt um. Hinsvegar á hann heimtingu á, að ég svari fyrirspurn hans, áður en málið verður afgr.

Ég vil segja það, að ég er ekki viðbúinn að gefa honum eða þinginu neinar yfirlýsingar um það, hvernig ég muni nota það vald, sem ég sem atvmrh. að l. hefi um fiskimálanefnd. Ég fullyrði þó, að ekki vakir fyrir mér með frv. nein sérstök aukin aðstaða til valdbeitingar gegn henni. Ég mun ekki nota það vald öðruvísi, þó nefndin verði skipuð 3 mönnum heldur en þó hún sé skipuð 7 mönnum. Ég tel mér skylt að gefa þessa yfirlýsingu. Ég vil, að menn skilji það, að það bindur mig ekki, þó þetta frv. verði samþ., að beita mínu valdi yfir fiskimálanefnd á aðra lund en mér sjálfum líkar og l. standa til. Frv. er ekki flutt í því skyni, að ég með því fái meiri rétt yfir fiskimálanefnd heldur en atvmrh. að l. hefir.

Ég er mótfallinn hinni rökst. dagskrá og ég er einnig mótfallinn till., sem hv. þm. Ísaf. ber fram á þskj. 602, um að fjölga úr 3 upp í 5 í nefndinni.

Ég er samþykkur till., sem hv. þm. V.-Húnv. ber fram um það, að nefndin kjósi sér sjálf formann, enda var samkomulag milli mín og flm. frv. um, að sú tilhögun skyldi viðhöfð, en fyrir misgáning var þetta ekki athugað, þegar frv. var borið fram. Ég vil því mæla með því, að þessi till. verði samþ.

Að öðru leyti vænti ég þess, að frv. nái fram að ganga.

*Emil Jónsson: Ég hefi ekki gert mikið að því að tefja störf þingsins með ræðuhöldum, en ég held, að ég geti ekki stillt mig um að segja nokkur orð um þetta mál.

Ég hefi verið að brjóta heilann um það, hvað vaki fyrir hæstv. atvmrh. eða öðrum, sem að frv. standa, með flutningi þess. Ég hefi ekki getað fundið við þessu neitt fullnægjandi svar. Ég hefi ekki getað fundið neitt eðlilegt svar og vildi þess vegna mjög mælast til þess, að hæstv. atvmrh. vildi skýra fyrir mér og öðrum, hver meining hans er með flutningi frv.

Þegar ég heyrði fyrst á þetta frv. minnzt í fjvn., þá var það rökstutt með þeim hætti, að þetta væri gert í sparnaðarskyni, að fækka nm. úr 7 niður í 3. Það væri gert til þess að lækka útgjöld þau, sem n. hefði í för með sér. Á þeim eina grundvelli var málið flutt þar.

Ég minntist á það þá lítillega í n. og eins minntist ég á það við hæstv. atvmrh., að þetta er að sjálfsögðu fjarri lagi, því það er hvergi ákveðið í l., hvað þessir menn skuli hafa í kaup. Það er á valdi ráðh. að ákveða kaup þeirra. Ég skýrði honum frá, að hann gæti ákveðið, að n. starfaði fyrir minna kaup en nú. Ég veit það líka af viðtali við ýmsa nm., að þeir væru vel fáanlegir til að lækka eitthvað sitt kaup, ef það væri það sem mestu máli skipti.

Ég veit það sjálfur persónulega, að það er ekki þetta, enda hygg ég, að hæstv. atvmrh. muni heldur ekki bera það fram sem ástæðu, að þetta sé gert í sparnaðarskyni. Um þá ástæðu þarf því ekki að ræða, þó hún hafi verið nefnd í sambandi við flutning frv. upphaflega í fjvn.

Þá hefir mér dottið í hug önnur ástæða, sem væri kannske skiljanleg, en hún er sú, að það vill nú svo til, að ég er fulltrúi í þessari nefnd fyrir ríkisstj. eða fyrir atvmrh. Ég er ekki tilnefndur í nefndina af núverandi atvmrh., heldur af þeim manni, sem var atvmrh. næstsíðast á undan honum, þm. Seyðf. Hann valdi mig að einhverju leyti vegna þess, að hann taldi, að ég sem alþýðuflokksmaður myndi að því leyti betur gæta óska hans í n. en aðrir. Mér fyndist það þess vegna eðlilegt sjónarmið hjá hæstv. núv. atvmrh., að ég væri kannske ekki réttur fulltrúi þar fyrir hann, þar sem ég er annarar pólitískrar skoðunar. Þess vegna bauð ég honum að draga mig til baka úr n., þar sem ég væri ekki hans fulltrúi í þeim skilningi, sem ég áðan nefndi. Ég bauð honum, að hann gæti valið sér nýjan fulltrúa.

Eins og allir líklega muna, var löggjöfin um fiskimálanefnd sett af Alþfl. og Framsfl. og mjög á móti vilja Sjálfstfl., eða margra ráðandi manna þar, að því er virtist og fram hefir komið hér á þingi þá og síðan. Því er ekki að leyna, að Sjálfstfl. hefir notað öll tækifæri til að reyna að fetta fingur út í störf n., líklega af því, að honum finnst þetta vera mál Alþfl., og Framsfl. og þess vegna sjálfsagður skotspónn fyrir sig. Atlögur hans að n. hafa allar, að mér virðist, miðað að því að fá hana lagða niður og starfsemi hennar lagða undir S. Í. F. Þetta hefir svo oft komið hér fyrir, að ekki þarf að rekja dæmin. Nú hefir aftur skapazt um n. meiri ró. Í henni er ekki til neinn pólitískur meiri hluti. Hv. þdm. vita, hvernig hún er skipuð, og bankarnir tveir eiga t. d. sinn manninn hvor, Alþsamb. einn, Fiskifél. Ísl. einn o. s. frv. Sumir þessir menn hafa ekki á sér neinn pólitiskan lit, og starfsemin fer alls ekki eftir pólitískum línum. Hugsunin með n. var í upphafi sú, að þarna kæmu saman fulltrúar ýmissa félaga og stofnana, sem hefðu margt til málanna að leggja faglega, án pólitiskra sjónarmiða. Hinn pólitiski órói fyrstu árin stafaði að miklu leyti af því, að í formannssæti var Héðinn Valdimarsson, sem mig grunar, að pólitísku skeytunum hafi aðallega verið beint að, vegna stjórnmálaþátttöku hans utan n. Eftir kosningar 1937 tók við formennskunni nýr maður, sem ég veit ekki, hverrar skoðunar er í pólitík. Ég veit ekki, hvort hæstv. atvmrh. er kunnugra um það. Hann mun aldrei hafa látið það í ljós, að hann fylgdi neinum flokki. En störf sín hefir hann rækt þannig, að um n. hefir skapazt meiri vinnufriður.

Störf og allar aðgerðir n. hafa vaxið. Útflutningur um hendur hennar hefir aukizt upp í nálega 3 millj. kr. á þessu ári, og getur aukizt meira. Ég get mér til um það, að þetta aukna gengi n. og góði árangur hafi orðið hæstv. ráðh.

og flokki hans þyrnir í augum og að þar þurfi einhverju að breyta til að draga úr árangrinum. Þessi breyting, sem hér er lagt til, miðar líka greinilega í þá átt. Nú er ekkert líklegra en að í n. verði valdir 3 menn, sem hafa fyrst og fremst þann kost og þá skyldu að vera góðir umboðsmenn fyrir sinn flokk. En ég hygg að þetta eigi aftur að verða til þess, eftir að tekin hafi verið upp að nýju hin pólitíska kritik á n. eins og á formannstíma HV., og átyllur fáist til að taka störfin af henni og leggja hana svo niður. Ég hefi athugað þetta frv., mér þykir slæmt að verða að segja það, að ég hefi ekki fundið í því neinn tilgang nema þennan. Það mundi gleðja mig, ef hæstv. atvmrh. gæti fært fyrir því önnur rök. En sú yfirlýsing, sem hann gaf hv. þm. Ísaf., að hann væri alls ekki á þessari stundu tilbúinn að gefa yfirlýsingu um það, hvernig hann mundi beita valdi sínu yfir n., styrkti einmitt grun minn um, að það geti verið til fleiri en einn máti að meðhöndla þessa nefnd á, að dómi ráðherrans. Hefði hann talið starf n. gott, var ekki um annað að gera en lýsa yfir, að hann mundi styrkja hana til þess að starfa eins og hún hefir gert. Nú hefir hann ekki viljað gera það. Ég get skilið þetta, og það því fremur, sem ég býst við, að ráðh. þyki hægara að taka afstöðu, þegar þessi 3 manna nefnd er búin að starfa eitt ár og allt er komið í sama pólitíska blossa sem áður var. — Ég skal ekki orðlengja um þetta, því að áliðið er kvölds, en ég hefi ekki tafið d. með löngum ræðum í vetur, og mér fannst ég ekki geta annað en látið þm. heyra, hvað mig grunar um tilgang þessa frv.

*Atvmrh. (Ólafur Thors): Mér þykir rétt að svara hv. 6. landsk. Ég geri það með miklu færri orðum og kem ekki svo víða við sem í rauninni þyrfti, ef tími væri til. Hann taldi, að fyrir mér hlyti að vaka að rýra gengi n., því að ekki væri breytingin til þess að spara fé. Hann taldi, að ráðh. væri í sjálfsvald sett, hvaða kaup hann heimilaði að greiða nm., og fullyrti, að hann gæti skipað þeim að vinna fyrir ekkert. Ég held það sé ekki borgaraleg skylda að vinna í nefndinni. Og ef mennirnir eiga að fá greiðslu fyrir sína vinnu, er hægt að komast af með minni laun fyrir 3 menn en 7. Ef það er talið fært á ófriðartímum að hafa 5 menn til þess að stjórna landinu, ættu að nægja 3 í fiskimálanefnd. Hv. þm. (EJ) gat upp á því, að ég mundi óska, að hann gengi úr n. Ég get ekki neitað því, að ef ég ætti að velja menn í n., mundi ég ekki velja hann. En ég geri ráð fyrir, að hann standi hverjum hinna á sporði, sem nú eru þar. Aðalatriðið er, að ég tel nóg að hafa 3 menn til að stjórna starfsemi n., ef þeir eru sæmilega valdir. Þá komst hv. þm. að þeirri niðurstöðu, að Sjálfsfl. hafi alltaf verið á móti n. og vilji því draga störf hennar saman. Til þess þyrfti alls ekki að fækka nm., því að ráðh. getur án þess minnkað störf hennar svo sem vill. En það er ekki nóg, að hv. þm. komi með tilefnislausar getsakir um það, sem ekkert liggur fyrir um, heldur fer hann rangt með staðreyndir. Hugmyndin um fiskimálanefnd er ekki Alþfl. og Framsfl. Ég flutti frv. um hana fyrstur, á þingi 1934, en þessir flokkar tóku þá hugmynd eins og fleira og framkvæmdu hana eftir sínu höfði, nokkuð öðruvísi en ég taldi ráðlegt. Andstaða mín og Sjálfstfl. kom ekki af mótspyrnu við málið, heldur við framkvæmd þess og ýmsar aðgerðir n., sem ráðh. hefir vald til að banna henni, en leggja fyrir hana aðrar framkvæmdir, sem ýmsir munu telja, að hún hafi vanrækt. Ég vildi gjarnan, að mér gæfist kostur á að rannsaka betur en áður, hvaða framtíðarskipulag ætti að vera á þessum málum. Hér eru starfandi S. Í. F., Fiskifélag Íslands, fiskimálanefnd, farmanna- og fiskimannasamband, landssamband útgerðarmanna og svo ráðuneytið, sem þetta heyrir allt undir meira og minna. Ég held það væri rétt að bera fram skynsamlegar till. um, hvernig hægt væri að sameina þetta betur en er. Með þessu vil ég ekki lofa að flytja inn á Alþingi till. til úrbóta. En ég get sagt eins og er, að ég hefi verið ánægður með margt í starfsemi fiskimálanefndar og óánægður með annað, og ég get sagt, að með starf Fiskifélagsins hefi ég verið mjög óánægður, og er ekki einn um þá óánægju.

Ég held það sé hægt fyrir 6. landsk. að vinna jafnt í n. fyrir því, þótt hann sé einmitt skipaður þar sem pólitískur fulltrúi, eins og hann kvartar yfir að nú verði gert. Mér er ekki kunnugt um að hann hafi unnið þar verr af þeim ástæðum. Hann getur ekki haldið því fram, að nm. þurfi að vera einhver óþverramenni, þótt þeir séu valdir af pólitískum flokkum. — Ég mun aldrei geta sætt mig við það sem atvmrh. að störf n. séu dregin niður, henni og öllum til ógagns, og ekki heldur, að þau dragist saman, nema þá til að færa saman hjá réttum aðila störf, sem saman eiga, og að síður mundi ég vilja leggja n. niður, að ég mundi þá telja mig fósturbana. Það eru ekki nema tveir mánuðir, síðan ég lagði á það gjörva hönd að samþykkja, að n. keypti skip til flutnings á hraðfrystum fiski. Ég held, að Alþingi geti sannfærzt um, að ég mundi ekki vilja gera neina breyt. á störfum fiskimálanefndar án þess að geta stutt hana fullum rökum, bæði fyrir sjálfum mér og öðrum. Því betra verki sem n. skilar, því betur mun ég styðja hana. En mér ber ekki að líta svo á sem atvmrh., að 7 manna n. hljóti að vera betri en 3 manna nefnd.

Ég skal að lokum taka fram, að sú yfirlýsing, sem ég gaf hv. þm. Ísaf., gefur ekkert til kynna um það, að ég hafi sérstakar fyrirætlanir viðvíkjandi n., einungis að ég vil ekki binda hendur mínar neitt um framkvæmd þessara laga, fyrr en ég er búinn að athuga málið betur en mér hefir enn unnizt tími til.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 704) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

*Viðskmrh. (Eysteinn Jónsson): Aðeins örfá orð út af ræðu hv. 6. landsk. Ég mælti stuttlega með þessu frv., við fyrri umr. Hann minntist á það, að fiskimálanefnd hefði verið sett á fót af Framsfl. og Alþfl., gegn mótspyrnu Sjálfstfl.,

og mér skildist hann vera hræddur um, að með þessu frv. væru andstæðingar n. að brugga henni einhver vélráð. En eins og frv. er úr garði gert, er n. skipuð 3 mönnum, og 2 af þeim mundu þeir flokkar eiga, sem stóðu að því að koma n. á fót. Ég get ekki séð, að með frv. sé á nokkurn hátt dregið úr þeirri tilhlutun, sem þessir flokkar hafa haft um n. Auk þess geri ég ráð fyrir, að n. velji sér formanninn sjálf. Þar vil ég benda hv. þdm. á brtt. á þskj. 627, frá hv. þm. V.-Hún. —

Þá kvaðst hv. 6. landsk. vera hræddur um, að atvmrh. vildi rýra verksvið n. En lögin hvorki auka né minnka það vald, sem ráðh. hefir til þess. Hann getur eins og áður, gert þar ýmsar ráðstafanir, að vísu takmarkaðar af l. En um það, hvaða ráðstafanir verði gerðar í sambandi við fiskimálanefnd, er ekkert ákveðið. Ég geri ráð fyrir, að meðan þrír flokkar standa að stj. eins og nú, muni a. m. k. verða rætt um það rækilega, áður en brotizt verði í því að gera hjá n. mikla breytingu á störfum.

***Sigurður E. Hlíðar:** Það var vist 23. f. m., sem þessu frv. var vísað hér til 2. umr. og sjútvn. Á fyrsta fundi n. *eftir jól* varð hún, *eins og* upplýst hefir verið, ósammála um afgreiðslu þess. Minni hl., hv. þm. Barð. (BJ) og hv. 6. landsk. (EmJ), voru mótfallnir frv. (sbr. þskj. 629), þar sem þeir leggja til að vísa því frá með rökst. dagskrá, en meiri hl. skilaði nál. á þskj. 626, þar sem mælt var með að samþ. frv., en einn nm., hv. þm. V.-Húnv., gerði ágreining um kosningu formanns og gerði brtt., sem er á þskj. 627, um það atriði. Nú er frsm. meiri hl., hv. 6. þm. Reykv. (SK), ekki viðstaddur, svo að ég verð að láta nokkur orð fylgja málinu. Þetta virðist gert að undarlegu kappsmáli einstakra manna, og bak við það allt liggur einhver óskiljanleg tortryggni. Það eru leifar af *því andrúmslofti, sem var um málið*, þegar fiskimálanefnd var stofnuð. En ég verð að fullyrða, að ég var grandalaus um það við athugun frv., að hér lægi fiskur undir steini, eða að nokkuð í frv. gæti miðað að því að granda nefndinni. Hv. 6. landsk. gat þess einnig réttilega, að fyrir fjvn., sem átti upptökin að þessu, mundi ekkert hafa vakað nema sparnaður, sem var mjög ríkur í huga þm., a. m. k. framan af þinginu. Það var álitið, að 3 menn gætu þarna afkastað jöfnu verki og 7 menn og n. þyrfti ekki að bíða neitt óbætanlegt tjón af fækkuninni. Síðan hefir verið samþ. hér á Alþingi að draga úr framlögum til n. um 450 þús. kr. Framhald þeirrar hugsunar er, að draga megi úr stjórnarkostnaði n., í þágu framkvæmdanna, með því að fækka nm. Starfskostnaður n. hefir hlaupið upp í 62 þús. kr., og á því er enginn vafi, að eitthvað mætti draga úr þessum útgjöldum. Ég held, að þrír menn gætu alveg eins vel leyst þetta starf af hendi og sjö menn. Ég hefi ekki enn fengið það inn í mitt höfuð, að ekki mætti mikið draga úr þessum kostnaði með því að fækka nm. úr 7 niður í 3. Ég vil því í nafni hv. 6. þm. Reykv. mæla með framgangi þessa frv. hér, og vænti þess, að hv. d. sjái sér fært að samþ. það.

***Emil Jónsson:** Ég ætla fyrst að segja nokkur orð út af því, sem hv. þm. Ak. sagði nú síðast. Hann sagði, að kostnaður við n. hefði numið um 62 þús. kr., og vildi þar með segja, að mér skildist, að fækka mætti nm. svo að sú upphæð mætti lækka í hlutfalli við fækkunina. Þetta er á misskilningi byggt; þessar 62 þús. kr. fara að mjög óverulegu leyti til nm. Hv. þm. athugar það ekki, að í skrifstofu n. er margt starfsfólk, ég þori ekki að segja upp á vist, hvað það er margt, en líklega eru það 4—5 menn, sem vinna í skrifstofunni. (**SEH:** Mætti þá ekki fækka því?). N. hefir ekki séð sér fært að fækka starfsfólki vegna þess að starfssvið hennar hefir aukizt hröðum skrefum og nefndin hefir haft með útflutningsverðmæti að gera, sem nam 3 millj. kr. síðastl. ár. Ég vil ennfremur benda hv. þm. á það, að n. sér að þessu leyti fyrir sér. Fiskhúsin, sem n. selur fiskinn fyrir, greiða 3% í sölulaun til n., svo að af 3 millj. kr. útflutningsverðmæti, sem n. hefir selt, þær hún í sölulaun 90 þús. kr., svo að n. gerir meira en að vinna fyrir sér. Sú verzlunarstarfsemi ein gefur meira en það, sem öll n. kostar, svo að ég sé ekki neina sérstaka ástæðu til að spara við hana að þessu *leyti. Hitt er svo annað mál*, að n. verður að hafa ýmis önnur störf með höndum. (**SEH:** Treystir hv. 6. landsk. ekki þrem mönnum að selja fyrir 3 millj. kr?). Ég kem að því síðar. Ég vil aðeins taka fram tvö atriði, viðvíkjandi kostnaðinum. Í fyrsta lagi, að þessar 60 þús. kr. fara að minnstu leyti til n., og þó að fækkað yrði niður í þrjá, þá væri sú útgjaldatakmörkun svo lítil, að það nemur sem ekki neinu. Í öðru lagi gerir n. með útflutningsstarfsemi sinni meira en að vinna fyrir öllum sínum skrifstofukostnaði.

Þá kem ég að því, sem hæstv. atvmrh. sagði um það, að hann vildi beita sér fyrir því, að þessum mönnum yrði fækkað niður í þrjá, og að þeir ættu eins vel að geta leyst þessi störf af hendi eins og sjö. Aðalatriðið fyrir honum virðist vera það, að fækka nm. En hvers vegna þá ekki að fækka líka í öðrum n., hvers vegna eiga sjö menn að vera í mjólkursölunefnd, og hvers vegna eiga sjö menn að vera í S. Í. F., og hvers vegna í mörgum öðrum n? Það er ekki einsdæmi þó að sjö menn eigi sæti í fiskimálan. Ef það væri almenn sparnaðarviðleitni, sem lægi hér á bak við, þá ætti það að koma fram víðar en í þessari n. Ég ætla einnig að vikja að ræðu hæstv. viðskmrh., sem talaði annars vinsamlega um nefndina. Hans höfuðrök með frv. virtust vera þau, að tveir menn af þessum þremur væru skipaðir af Alþfl. og Framsfl., sem staðið hafa að því að koma n. á. Það er bara um þetta að segja, að ég er, út af fyrir sig, ekki hræddari við, að þrír menn séu í n. heldur en sjö, svona almennt. En ég er hræddari við annað. Þegar þrír menn skipa n. á þann hátt, að einn sé frá hverjum flokki, er hætt við, að um hana standi meiri pólitískur styr heldur en áður var, og að það gefi hlutaðeigandi ráðh. *meira tilefni til að hlutast til* um störf n., og getur gert honum afsakanlegra að takmarka meira vald hennar. Starfsemi fiskimálan. er orðin vinsæl um land allt, og íslenzkir

íshúseigendur hafa vottað n. fullt traust og óskað þess eindregið, að fá að njóta hennar forsjár um sölu á afurðum sínum. Þessi ráðstöfun mun því verða mjög óvinsæl meðal þeirra, sem átt hafa viðskipti við n.

Ég skal ekki vera að halda vöku fyrir mönnum langt fram á nótt, en tel mér það þó afsakanlegt, vegna þess að ég hefi ekki tafið fundi með ræðuhöldum. Ég vil þó, að skoðanir mínar um þá breyt., sem hér er verið að gera, komi greinilega í ljós, svo að hún yrði ekki misskilin.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins segja nokkur orð út af ræðu hv. 6. landsk. Ég vil taka það fram, að það er ekkert, sem freistar mín til að gera þessa n. óvinsæla. Ég kæri mig ekki um að til þess komi, að ég þurfi á nokkurn hátt að skerða valdsvið n. En færi það svo, að ég fengi vald til þess að hafa einhver afskipti af n. og að hún yrði óstarfhæf, þá mundi ég gera annað tveggja, gera skipulagsbreytingu á n. eða breyta tekjum hennar.

***Emil Jónsson:** Hæstv. atvmrh. talaði um, að það myndi möguleikar á því að gera skipulagsbreyt. á þessari n. Ég vil þá spyrja: hvers vegna ekki að gera skipulagsbreytingu á öðrum hliðstæðum n.? Ég skil ekki, hvers vegna liggur svo mjög á að koma þessu máli í gegn nú á síðustu nótt þingsins. Mér fyndist þá langsamlega eðlilegast, að gerðar væru breyt. á fleiri hliðstæðum n. Ég get því ekki skilið, að neinu væri sleppt, þó að þetta frv. yrði fellt.

***Atvmrh. (Ólafur Thors):** Ég vil aðeins taka það fram út af því, sem hv. þm. sagði, að það hefir ekki unnizt tími til þess ennþá að gera till. um breyt. á öðrum n. þann stutta tíma, sem ég hefi verið atvmrh. Hinsvegar mætti telja það til bóta, ef hægt væri að spara útgjöld á þann hátt að fækka í öðrum slíkum n. Ég tel samt, að það beri að samþ. þessa breyt., og vænti þess, að það verði gert.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 629, frá minni hl. sjútvn., felld með 16:13 atkv.
Brtt. 602 felld með 16:6 atkv.
— 627 samþ. með 22 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 17:10 atkv.
Brtt. 704 (ný 2. gr.) samþ. með 16:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17:8 atkv.

Á 102. fundi í Nd., 4. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 705).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

***Emil Jónsson:** Það þykir sjálfsagt óþarfi að lengja umr. meir en orðið er. Ég skal ekki heldur vera langorður um þetta mál. Mér virðist aðaltilgangurinn með flutningi frv. koma fram í orðum hæstv. atvmrh., þar sem hann sagði, að sín meining með frv. væri sú, að 3 menn gætu unnið eins vel og 7 menn og afkastað eins miklu. En ég vil þá leggja til, að fækkað verði í fleiri n. úr 7 niður í 3. Eins og fækkað er í þessari n. hlýtur að vera möguleiki til þess að fækka í öðrum. Þess vegna mun ég bera fram við þessa umr. skrifl. brtt. á þá leið, að í n., sem séu algerlega hliðstæðar við fiskimálanefnd, verði nm. fækkað úr 7 niður í 3. Ég vil geta þess, að þetta er að því leyti sanngjarnt, að í löggjöf um afurðasölu er landbúnaði og fiskimálum gert jafnhátt undir höfði. Formsins vegna vil ég einnig leyfa mér að leggja til, að fyrirsögn frv. verði breytt, þannig að hún miðist við efni frv. og taki fram viðkomandi nefndir. Þar með ætla ég, að tilgangur hæstv. ráðh. með frv. náist enn betur, með því að láta ekki fleiri menn en þarf vinna í slíkum n., ef 3 menn afkasti því sama og 7 menn. Það er enginn vafi á því, að ef ekki þarf fleiri menn í fiskimálan., geta 3 menn unnið störf mjólkursölunefndar. Þess vegna leyfi ég mér að leggja til, að aftan við 1. gr. bætist ný gr.: Í mjólkursölunefnd skulu fyrst um sinn eiga sæti 3 menn, tilnefndir af 3 stærstu þingflokkunum", og einnig að fyrirsögn frv. verði breytt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 711) leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

***Sveinbjörn Högnason:** Ég vil aðeins benda á það atriði út af fyrir sig, að ef ætti að fækka í mjólkursölunefnd, myndu margir aðilar missa sinn fulltrúa. M. a. vil ég benda hv. flm. á það, að þar með myndi Hafnarfjarðarbær missa sinn fulltrúa úr n. Eins og ákveðið er, skal hver bær um sig hafa fulltrúa í þessari n. En eigi að fækka nefndarmönnum, er augljóst, að sumir bæir mundu missa fulltrúa sína. Ég hugsa, að a. m. k. Hafnfirðingar myndu ekkert verða þakklátir við flm. vegna þessara brtt., þeir hafa hingað til óskað eftir því að hafa fulltrúa í mjólkursölunefnd.

Það liggur í augum uppi, að till. getur ekki verið borin fram í neinni alvöru. Ég held, að hér sé frekar um að ræða hefndarpólitík af hálfu hv. flm.

***Emil Jónsson:** Það er ekki rétt hjá hv. 1. þm. Rang., að hér sé um að ræða hefndarpólitík frá minni hálfu. Þetta er eingöngu flutt sem framhald af því, sem samþ. var við 2. umr. þessa máls. Ef hv. d. samþ. mínar brtt., þá skal ég ekki verða því mótfallinn, að fækkað verði í fiskimn. úr 7 og niður í 3. Mér fyndist ekki neitt við það að athuga, þó ýmsir aðilar misstu fulltrúa sína við þessa fækkun. Nefndarmennirnir 3, sem skipaðir yrðu eftir till. 3 stærstu þingflokkanna, myndu gæta jafnt hagsmuna allra. Mér finnst, að í þessu efni sé alveg jafnt á komið með fiskimálanefnd og mjólkursölunefnd. Í báðum þessum n. eru fulltrúar ýmissa aðila, sem ekki hafa eingöngu hagsmuna að gæta, heldur hafa og fulltrúa til ýmissar nauðsynlegrar fagþekkingar. Ég sé enga ástæðu til að mótmæla því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði, að mjólkurbúið í Hafnarfirði myndi þá missa sinn fulltrúa. En því yrði ekki vandara um en

verstöðvunum sunnanlands, ef fækkað yrði í fiskimálan. Það eiga líka fleiri mjólkurbú fulltrúa en mjólkurbúið í Hafnarfirði, svo það hefir ekki neina sérstöðu að þessu leyti, og gæti, sem sagt, látið þessa 3 fulltrúa gæta hagsmuna sinna.

Ég tel, að með þessari till. minni sé aðeins breytt í samræmi við afurðasölul., og út frá þeirri hugsun eingöngu hefi ég borið hana fram. En að hér sé um að ræða hefndarpólitík, er mesti misskilningur. Ég vil aðeins benda hv. þdm. á þær afleiðingar, sem hljóta að verða, ef farið yrði að láta það sama ganga yfir aðra aðila.

*__Atvmrh. (Ólafur Thors):__ Ég mun greiða atkv. móti brtt. hv. 6. landsk. þm. Með því segi ég ekkert um, að ég sé út af fyrir sig móti því að fækka í mjólkursölunefnd, en vil ekki setja þetta mál í neina hættu með því að samþ. till. Mér þótti vænt um, að till. skyldi einmitt koma frá þessum hv. þm. og hans flokki. Þessi flokkur hefir ráðizt á fjvn. fyrir frv., sem hún flutti um óskilt efni, og núna, síðustu nóttina, skilar svo þessi hv. þm. brtt. við frv., sem hans flokkur hefir ráðizt á fjvn. fyrir og koma þessu frv. ekkert við, enda um lítt sambærilegan hlut að ræða. Þetta er tilefnislaus árás og allar þessar staðhæfingar eru settar fram án þess að alvara fylgi málinu.

*__Sveinbjörn Högnason:__ Ég hafði varla búizt við því, að hv. 6. landsk. myndi ganga jafngreinilega í mótsögn við sjálfan sig eins og hefir komið fram. Fyrst talar hann um, að þetta sé ekki nein hefndarpólitík og sé í samræmi við þann órétt, sem fiskimálan. sé beitt, en gefur svo í skyn, að Alþfl. muni framvegis ekki styðja afurðasölumálið. Ég vil benda hv. þm. á, að öll mótmæli Alþfl. gegn þessu frv. eru gerð sem pólitísk árás, en algerlega ástæðulaus.

*__Emil Jónsson:__ Ég vil aðeins út frá því, sem hæstv. ráðh. sagði, að í brtt. þeim, sem ég og Alþfl. hefðu borið fram við frv. og efni frv. sjálfs, eins og fjvn. bar það fram, væru alls ekki sambærilegir hlutir. Aðalatriði frv. var lýst yfir af hæstv. atvmrh. sjálfum og fleirum hér í d., að það væri fækkun nefndarmanna, og að þessir 3 menn gætu eins vel unnið störf n. og 7 menn. Í beinu sambandi við þetta hefi ég svo borið fram mína brtt. um fækkun í öðrum n., sem líkt er ástatt um. Einnig hefi ég flutt brtt. um fyrirsögn frv. og að það heiti: Frv. til l. um fækkun manna í 2 nefndum.

Í öðru lagi vil ég segja út af ræðu hv. 1. þm. Rang., að hér sé um að ræða einhverja hefndarpólitík af minni hálfu eða Alþfl. út af þeirri till., sem hér var áðan til umr. og sem sumt af var samþ. og sumt fellt, þá er svo langt frá því, að hér sé um nokkra hefndarpólitík að ræða, heldur vil ég láta þessa hv. d. taka afleiðingunum af þeim ályktunum, sem hún hefir gert. (SvbH: Ekki koma afleiðingarnar niður á d.). Það, sem hv. d. getur staðið sig við að samþ., verður hún einnig að standa sig við að taka afleiðingunum af, og það, sem ég fer fram á með minni till., er aðeins það, að hún taki á sig þær afleiðingar, sem svo greinilega eiga að fylgja þeirri samþykkt, sem hér hefir verið gerð, en það er, að í mjólkursölun., sem er hliðstæð fiskimálan., verði nm. fækkað niður í það minnst mögulega, sem væntanlega verður talið þrír menn, eins og í fiskimálan. Enn ein ástæðan, sem borin hefir verið fram, er sú, að um þetta hafi verið gert samkomulag, en það hefir verið rofið, svo bæði ég og aðrir Alþfl.-menn erum óbundnir af því samkomulagi.

Það má vel vera, að hæstv. atvmrh. hvetji sína flokksmenn til að samþ. ekki mína brtt., þótt hann og hans flokkur séu henni samþykkir í hjarta sínu, en þá gerir hann það eingöngu til að fá sínu máli framgengt.

Mín yfirlýsing gildir ekki einasta fyrir þessa umr., heldur einnig síðari umr. um þetta mál, og tel ég mig hvorki nú né síðar bundinn af því samkomulagi, sem gert hefir verið um afurðasöluna og fiskimálan., svo þótt sjálfstæðismönnum þyki heppilegra að greiða atkv. á móti minni till., þá tel ég mig óbundinn, hvort sem ég vil greiða atkv. með eða móti þeirra till.

*__Einar Olgeirsson:__ Ég ræddi þetta mál allýtarlega við 1. umr., og það sýndi sig á því, sem fram hefir komið við 2. og 3. umr., að sú skýring, sem ég gaf í þeirri ræðu á baráttunni um fiskimálan. allt frá 1935, hefir fengið staðfestingu, sérstaklega í ræðu hæstv. atvmrh. og hv. 6 landsk.

Það er verið með þessu frv., sem er flutt eftir kröfu atvmrh., að stiga næsta og seinasta skrefið í þá átt að afnema það, sem þm. Alþfl. og Framsfl. komu á viðvíkjandi fiskimálan. á þinginu 1935, og hv. þm. Seyðf., sem þá var atvmrh., byrjaði að rífa niður með bráðabirgðal. rétt eftir að þinginu lauk. Undanhaldið, sem var þá byrjað viðvíkjandi Kveldúlfi, er nú að taka á sig hina síðustu mynd.

Hæstv. atvmrh. hefir ekki dregið dul á það í yfirlýsingum sínum, að hann vill afnema fiskimálan. alveg, og þessi fækkun nm. niður í 3 er síðasta skrefið áður en sú athöfn fer fram.

Það var að heyra á ræðu hv. 6. landsk., að Alþfl. sjái nú, hvernig þarna er komið og hvert undanhaldið undan Kveldúlfi leiðir. Framsfl. hefir hjálpað Kveldúlfi til að koma þessu máli í gegn, og ég skil vel, að Alþfl. snúi reiði sinni gegn Framsfl. og hóti honum öllu illu. Það er samt ekki rétt í því sambandi að gleyma, hver það er, sem stjórnað hefir árásinni. Þetta er allt eðlileg afleiðing þess að 2 síðastl. ár hafa vinstri flokkarnir, í stað þess að standa saman gegn Kveldúlfi, stöðugt látið undan síga og hafa nú fullkomnað það undanhald pólitískt. Ég ræddi þetta ýtarlega við 1. umr. og vildi nú aðeins láta þessi fáu orð falla áður en frv. er endanlega afgr., sérstaklega vegna þess, að mín skilgreining þá fékk svo fullkomna staðfestingu í ræðunum, sem haldnar voru nú.

Viðvíkjandi till. hv. 6. landsk. um mjólkursölun., þá held ég, að margar n. þyrfti að taka fyrir í því sambandi, og mætti áreiðanlega setja saman heilan lagabálk um eintómar n., sem mætti steypa saman og fella niður, en ég held, að

það sé mál, sem þingið ætti að ræða sérstaklega fyrir utan það, sem hér liggur fyrir um fiskimálan., sem eitt út af fyrir sig skiptir mjög miklu máli vegna þeirrar baráttu, sem háð hefir verið um það áður, og einnig vegna þess, að þessi till., sem hér liggur fyrir, er táknandi um horfurnar í útgerðarmálum hér á Íslandi.

Ætla ég svo ekki að orðlengja þetta frekar.

*Bergur Jónsson: Hæstv. atvmrh. hélt því fram, að sú brtt., sem hv. 6. landsk. hefir borið hér fram, væri álíka óskyld frv. og gr. í „höggorminum". Það, sem hefir verið álitið einstakt við „höggorminn", er það, — a. m. k. þar til fjhn. var búin að ganga frá því frv., — að þar var ekki einu sinni neitt lágmarks-samræmi á milli fyrirsagnar frv. og frv. sjálfs. Það er venjulega þannig, þegar frv. eru borin upp í þinginu, að frv. er fallið, ef 1. gr. frv. fellur. Nú er ekki hægt að segja þetta um „höggorminn", vegna þess, að frvgr. voru sín úr hverri áttinni og sín um hvert efni, en það verður þó ekki sagt um brtt. hv. 6. landsk., vegna þess að jafnframt því, sem hann hefir borið fram brtt. um að bæta annari n. inn í frv., sem fyrir liggur, þá hefir hann og breytt fyrirsögn frv. þannig, að hún hljóðar um báðar þessar n., bæði fiskimálan. og mjólkursölun. Að því leyti er ekkert hægt að kvarta undan því, að málið sé ekki fullkomlega þinglega fram borið.

Þá er annað atriði, sem líka er í fullkomnu samræmi við rétta hugsun í frv., sem hér liggur fyrir um fiskimálan., útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að fiskimálan., í stað þess að vera tilnefnd af 7 aðilum innan þjóðfélagsins, skuli tilnefnd af 3 stærstu þingflokkunum, alveg á sama hátt og brtt. hv. 6 landsk. fer fram á, að mjólkursölun. sé breytt þannig, að 3 stærstu þingflokkarnir skipi sinn fulltrúann hver í n. Að þessu leyti er alls ekki hægt að segja, að flm. brtt. hafi á nokkurn hátt farið út fyrir það svið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er alveg rökrétt að setja inn í þetta breyt. á annari n., sem einnig hefir verið skipuð af hinum og þessum aðilum innan þjóðfélagsins, svo að hún verði einnig skipuð af þremur stærstu þingflokkunum. Að þessu leyti er brtt. alveg rökrétt. En að því er efni málsins snertir, þá vil ég taka það fram, að ég er á móti báðum breytingunum eins og gert er ráð fyrir þeim í frv. og brtt. Ég álít ekki, að það sé til neinna bóta að breyta fiskimálan. þannig, að hún sé einungis skipuð 3 mönnum, sem skipaðir séu af 3 stærstu þingflokkunum, sem í rauninni verður heldur ekki samræmt við þingræði, því mismununinn á milli þingflokkanna er svo mikill.

Ég vil ekki halda því fram, að hv. 6. landsk. sé með neitt alvöruleysi í flutningi þessarar till., vegna þess, að hann hefir dregið alveg rökréttar ályktanir af því frv., sem fyrir liggur, án þess þó, að gert sé ráð fyrir, að hann sé sammála frv. En hitt er mjög eðlilegt, að honum finnist rétt að breyta mjólkursölun. á sama hátt og fiskimálan., ef hætta á að skipa þessa n. af þeim aðilum í þjóðfélaginu, sem taldir eru að hafa þar hagsmuni að gæta, og í stað þess fara þingflokkarnir að skipa í n., Í því tilfelli er ekki frekar ástæða til að áfellast till. hv. 6. landsk. en frv., en ég vil fyrir mitt leyti leggja til, að þetta verði fellt hvorutveggja.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 103. fundi í Nd., s. d., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 711 felld með 19:6 atkv.

Frv. samþ. með 15:12 atkv. og endursent Ed.

Á 105. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 717).

Önnur mál.

I. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 9. fundi í Nd., 28. febr., áður en tekið var til dagskrár, mælti

*Héðinn Valdimarsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðh., sem hér eru inni, hvort þinginu muni ekki verða gefin skýrsla um þá samninga, sem hafa verið að fara fram við Þýzkaland og Noreg, annaðhvort á opnum eða lokuðum fundi.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Forsrh., sem hefir utanríkismálin með höndum, er ekki viðstaddur, og verður því ekki hægt að svara þessari fyrirspurn endanlega að svo stöddu. Mér er ekki kunnugt um, hvaða reglu hefir verið fylgt í þessum efnum, en mér þykir líklegt, að þessu muni hagað á svipaðan hátt og venja er til, án þess þó að þetta hafi nokkuð komið til umr. á stjórnarfundi. Hv. 3. þm. Reykv. verður því að bíða eftir endanlegu svari frá forsrh.

Héðinn Valdimarsson: Ég vildi þá óska þess, að hæstv. fjmrh. kæmi þessum skilaboðum til forsrh., svo að svar fáist sem fyrst.

Á 12. fundi í Nd., 3. marz, utan dagskrár, mælti

*Einar Olgeirsson: Það var fyrirspurn, sem ég vildi bera fram til hæstv. forsrh. Sem utanríkismálaráðherra vildi ég, að hann skýrði þinginu frá, hvort það megi ekki treysta því, að engin breyting verði gerð í því að fara að viðurkenna aðra stjórn á Spáni en þá lýðræðisstjórn, sem situr þar enn, án þess að þingið verði látið vita, svo að það geti þá tekið sínar ákvarðanir.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Út af þeirri fyrirspurn, sem hér er komin fram, vil ég taka fram, að það hefir ekki verið venja á Norðurlöndum að spyrja þingin sérstaklega um, þegar þess háttar viðurkenningar hafa verið gerðar.

Nú er það vitað mál, að slík viðurkenning liggur fyrir á Norðurlöndum. Utanríkisráðherrar þeirra munu hafa komið sér saman um að viðurkenna stjórn Francos næstu daga. Þá geri ég ráð fyrir, að við Íslendingar munum fylgjast með þeim.

*Einar Olgeirsson: Ég bjóst satt að segja við þessu af hendi hæstv. forsrh. En mér þykir það hart, að nú skuli eiga á næstu dögum að viðurkenna uppreisnarmenn og innrásarforsprakka sem löglega stjórn á Spáni, meðan höfuðborgin og mikill hluti lands og þjóðar lýtur hinni réttkjörnu lýðræðisstjórn. Það á að heita svo, að hér á þinginu sé lýðræðissinnaður meiri hluti. Og það er undarlegt, ef þingmenn, sem til hans vilja teljast, eru ásáttir á, að ekki þurfi nema herforingjasamsæri og innrás til þess, að lýðræðisstjórn glati rétti sínum, en landráðamenn eigi að fá hann að gjöf.

Hvað sem stjórnir annara Norðurlanda gera, finnst mér engin gild ástæða til að viðurkenna stjórn Francos. Ég held, að íslenzka stjórnin og þingið hafi ekki gert svo mikið fyrir Spánarstjórn, að það þurfi nú að kóróna það með þessari viðurkenningu. Ég held Ísland hafi verið eina ríkið, sem ekkert hefir gert til að draga úr þjáningum Spánverja, en á öðrum Norðurlöndum hafa bæði þingin og helztu alþjóðarsamtökin í hverju landi lagt fram stórfé ýmist beint til stuðnings lýðveldisstjórninni eða til mannúðarstarfsemi þar syðra. Hér hefir þingið ekkert gert. Eina tillagan, sem fram hefir komið um það, var felld. Og við erum líklega eina þjóðin, sem hefir haft verulegan hagnað af viðskiptum við stjórnina, en vitum, að hjá fasistunum bíður okkar ekkert nema harðvítugasta viðskiptakúgun. Ég vil fyrir hönd Sameiningarflokksins og fyrir hönd allra lýðræðissinna og allra, sem hafa samúð með Spáni, mótmæla því, að fasistastjórnin á Spáni sé viðurkennd.

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Þessar umræður gefa náttúrlega ekkert tilefni til þess, að ég fari að svara því, sem hér hefir komið fram. En til að upplýsa málið get ég sagt, að almennt er ekki rætt um það á þingum, hvort slíkar viðurkenningar skuli veittar eða ekki. Það var að vísu rætt um þessa viðurkenning í enska þinginu. Því að það var vitað, að hún yrði afdrifarík, — að fleiri þjóðir og þar á meðal Norðurlandaþjóðirnar mundu koma stuttu á eftir viðurkenningu Bretlands.

Ef einhverjum af þm. þessarar hv. deildar þætti ástæða til að taka undir ummæli, sem hér hafa komið fram, og finnst við ættum að gera Franco þann grikk að viðurkenna hann ekki, má auðvitað um það skrafa. En annars sé ég

ekki ástæðu til að svara þessu frekar en ég hefi gert.

Á 21. fundi í Nd., 17. marz, utan dagskrár, mælti

***Héðinn Valdimarsson:** Ég hefi hér tvær fyrirspurnir, sem ég vil leyfa mér að leggja fyrir hæstv. atvmrh. (SkG). Önnur þeirra er um það, hvenær megi vænta úrskurðar ráðuneytisins um rétt varamanna til að mæta í bæjarstj. í forföllum aðalmanna. Úrskurði forseta bæjarstj. um það mál var áfrýjað til atvinnumálaráðuneytisins fyrir rúmum mánuði, svo að stjórnarráðið hefir haft nægan tíma til að íhuga málið. En eftir hverju er þá beðið, er ekki auðvelt að sjá. Hér er um tiltölulega einfalt mál að ræða, og úrskurður þess getur varla oltið á því, hvort þjóðstj. verður mynduð eða ekki. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. atvmrh.: „Hvað dvelur Orminn langa".

Hin fyrirspurnin, sem ég ætla að gera, er um það, hvort það sé samkv. boði ráðuneytisins, að það hefir gengið út boð frá póst- og símamálastjóra, að það sé mikil tregða á afgreiðslu símkvaðninga til þingmanna frá ýmsum stöðum úti um land á tímabilinu frá 1—4 á virkum dögum. Ég skal ekki vefengja rétt hæstv. forseta Alþ., að sjálfsagt sé, að þeir láti þm. vita, hvort símkvaðningar koma til þeirra eða ekki. En þrátt fyrir það sé ég ekki, að rétt sé að gera mismun á rétti landsmanna til að ná símasambandi við hvern sem þeir vilja á landinu, og þess vegna geti það ekki komið til mála að banna alþingismönnum að svara í síma á þeim tíma dagsins, sem þingfundir standa yfir. Hvort hægt er að ná símasambandi við þá eða ekki, verður því að vera komið undir því, hvort sími nær til þeirra. Mörgum þm. getur legið á að fá afgr. símtöl utan af landi. Ýmsir atburðir, og ekki aðallega pólitískir, geta komið fyrir, sem eru þannig vaxnir, að þm. þurfi að gera sérstakar ráðstafanir vegna þeirra sem allra fyrst. Ég hefi sjálfur gert ráðstafanir til þess að tryggja, að símkvaðningar geti komið til mín hvenær sem er. En ef póst- og símamálastjóri bannar símtöl til þm. á tímabilinu frá 1—4, þá njóta þeir minni réttar að l. en allir aðrir landsmenn.

Atvmrh. (Skúli Guðmundsson): Út af fyrri fyrirspurninni, sem hv. 3. þm. Reykv. bar fram, skal ég geta þess, að hann mun hafa sent atvinnumálaráðuneytinu á sínum tíma kæru yfir úrskurði, sem kveðinn var upp af hv. forseta bæjarstj. Reykjavíkur á bæjarstjórnarfundi um það, eftir hvaða reglu varamenn ættu að taka sæti í bæjarstj. í forföllum aðalmanna. Hv. 3. þm. Reykv. hefir skotið þessu máli til umsagnar forseta bæjarstj., og á sínum tíma barst umsögn hv. forseta bæjarstj. um þetta mál. En ráðuneytinu hefir ekki unnizt tími til að afgr. þetta mál ennþá. Að svo stöddu get ég ekki sagt annað en að þetta mál verður afgr. eins og önnur mál, þegar lokið verður við að athuga það.

En um síðari fyrirspurn hv. 3. þm. Reykv. er það að segja, að ef ég man rétt, hefir það verið tekið fram í tilkynningu frá póst- og símamálastjóra, að þess væri óskað, að á vissum tíma dagsins væru símtöl við þm. látin sitja fyrir öðrum, og mönnum sé gert kunnugt, hvenær unnt sé að ná í þm. Ég sé ekki, að með þessum ráðstöfunum sé á nokkurn hátt gert torveldara að ná tali af þm. en þó að engar slíkar ákvarðanir hefðu verið gerðar.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég hefi náttúrlega ekki vald til þess að segja hæstv. atvmrh. fyrir um það, hvenær hann skuli afgr. mál í stjórnarráðinu. En af þessu má geta því nærri, hvaða hraði er þar á afgreiðslu mála, þar eð það tekur ófyrirsjáanlega langan tíma að afgr. annað eins mál sem þetta. En úrskurður þess gæti fallið ákaflega bagalega fyrir bæjarstjórn, vegna þeirra ráðstafana, er þar hafa verið gerðar síðan þetta skeði.

En hvað síðari fyrirspurn mína snertir, þá lítur út fyrir, að hæstv. atvmrh. hafi ekki vitað um tilkynningu frá póst- og símamálastjóra um það efni. Svar hans er aðeins viðvíkjandi öðrum hluta þessarar tilkynningar, sem er á þá leið, að á morgnana og kvöldin skuli þm. ganga fyrir öðrum um símtöl, en um miðbik dagsins verða beiðnir um símtöl við þingmenn ekki afgreiddar.

Ég vildi, að hæstv. atvmrh. kynnti sér efni þessarar tilkynningar betur en hann hefir gert og gefi skýringar á því, hvers vegna hér er verið að skapa þingmönnum annan og minni rétt en öðrum landsmönnum.

***Einar Olgeirsson:** Mig langar til þess að bera fram nokkrar fyrirspurnir til hæstv. forsrh. Í sambandi við þá atburði, sem gerzt hafa í Evrópu undanfarna daga, og fréttir, sem hafa birzt í dagblöðunum um heimsóknir Þjóðverja til Íslands, hefir orðið vart við nokkurn ugg hjá landsmönnum. Ég vildi, að hæstv. forsrh. gæfi upplýsingar ef hann getur, um það, hvort þessi þýzki rannsóknarleiðangur hafi lagt af stað með Dronning Alexandrine frá Kaupmannahöfn. Það er látið í veðri vaka, að hann eigi að halda áfram þeim landmælingum, sem gerðar voru hér á landi fyrir nokkrum sumrum til að ganga úr skugga um, hvort kenning Wegeners væri rétt, að löndin færist til. En ef þessi rannsóknarleiðangur er lagður af stað til Íslands, hefir hann þá óskað eftir leyfi frá íslenzku ríkisstj. til að fá að ferðast um landið, og hverju hefir hæstv. stj. svarað þeirri málaleitan?

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. forsrh., hvort þeir þýzku flugmenn, sem eru með Dronning Alexandrine og taldir eru vera á vegum þýzka flugfélagsins Luft-Hansa, eigi að semja við íslenzku ríkisstj. um lendingarstaði fyrir þýzkar flugvélar í sambandi við flugsamgöngur við Ameríku. Hafa þessir þýzku flugmenn óskað eftir að fá að tala við íslenzku ríkisstj., og hugsar hæstv. ríkisstj. að ræða nokkurn skapaðan hlut við þá um þetta mál?

Þar sem von er hingað á einu af stærstu herskipum Þjóðverja, Emden, þá vildi ég einnig spyrja hæstv. forsrh., hvort stj. ætli að leyfa

þýzkum hermönnum að fara í fylkingu um götur Reykjavíkur eins og síðastl. ár, ganga hergöngu og syngja hersöngva eins og í herteknu landi, og að síðustu langar mig til að spyrja, hvort nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar í sambandi við væntanlega heimsókn hins þýzka herskips til þess að tryggja það, að um sama leyti, sem Emden kæmi, yrðu ensk eða amerísk herskip hér líka viðstödd?

*Forsrh. (Hermann Jónasson): Það eru fjórar fyrirspurnir, sem hv. 5. þm. Reykv. hefir beðið mig að svara. Fyrsta fyrirspurn hans er um það, hvort sá leiðangur Þjóðverja, sem talað var um í útvarpinu í gærkvöldi, hefði fengið leyfi íslenzku ríkisstj. til þess að gera hér landmælingar. Ég ætla að svara þessari fyrirspurn á þá leið, að ég hafði ekki heyrt neitt getið um þennan leiðangur, fyrr en skýrt var frá honum í útvarpinu í gærkvöldi, sem er engin sönnun. Hvort sem þessi frétt er að öllu leyti rétt eða ekki, þá hefir alls ekki verið leitað til íslenzku ríkisstj. um leyfi til slíkra landmælinga.

Um þá fyrirspurn hv. 5. þm. Reykv., sem áhrærir flugferðir hingað til lands, og þá Þjóðverja, sem skýrt var frá í útvarpinu, að myndu koma hingað, er það að segja, að það mál stendur þannig af sér, að íslenzka ríkisstj. hefir fyrir hálfum mánuði eða um það bil fengið tilkynningu um það frá fulltrúa Þýzkalands hér í Reykjavík, að þessir menn myndu koma hingað til þess að ræða um flugferðir hingað að sumri. Þetta mun byggjast á því, að árið 1930 var stofnað hér flugfélag, aðallega með aðstoð þýzka flugfélagsins Luft-Hansa, og þá var svo ákveðið, að ef Flugfélag Íslands yrði við líði þar til 1. apríl 1940, skyldi þetta þýzka flugfélag fá beztu kjara réttindi. En þegar Flugfélag Íslands var lagt niður, hefði þessi réttur átt að réttu lagi að falla burt um leið. En sá ráðh., sem fór með þessi mál árið 1932, þegar Flugfélag Íslands var lagt niður, framlengdi þennan rétt til Luft-Hansa til 1. apríl 1940, og við það hefir setið síðan, eins og auðvitað er. En á árinu 1937 var, eins og Alþ. er kunnugt, amerísku flugfélagi veitt leyfi til þess að hafa flugferðir á hendi frá Íslandi og til Íslands með ákveðnum skilyrðum. En þau skilyrði voru ekki uppfyllt, og er því sá samningur fallinn úr gildi. Beztu kjara réttindi eru fólgin í því, að fá öll hin sömu réttindi sem öðrum eru veitt í landinu. Nú hefir það atvikazt þannig, að ekkert erlent flugfélag hefir öðlazt hér nein réttindi til flugs. Gamla Flugfélag Íslands, sem Luft-Hansa var riðið við, er úr sögunni fyrir löngu.

Þó að Luft-Hansa fengi beztu kjara réttindin framlengd til 1940, og hefði því fengið hér réttindi, ef nokkuð hefði orðið úr réttindum til Pan American — en það félag uppfyllti ekki hin settu skilyrði, og hefir þess vegna ekki öðlazt nein flugréttindi hér, — þá leiðir af því, að þýzka félagið hefir ekki heldur getað öðlazt nein réttindi. En í bréfinu frá fulltrúa Þýzkalands til íslenzku stj. er bent á það, að Þjóðverjar vilji nota sér þau forréttindi, sem þeim hafi verið veitt til flugferða til og frá Íslandi. Íslenzka ríkisstj. álítur, að hér sé hvorki um leyfi né forréttindi til flugferða að ræða, en vitanlega verðum við að ræða það mál við þá þýzku flugmenn, sem hingað koma, eins og við aðra fulltrúa frá vinveittum þjóðum.

Um fjórða atriðið, sem hv. 5. þm. Reykv. spurði um, hvort nokkrar ráðstafanir yrðu gerðar af hálfu ríkisstj. til að taka móti þýzka herskipinu Emden, er það að segja, að vitanlega hafa engar ráðstafanir verið gerðar til að taka öðruvísi móti því en öðrum herskipum, sem hingað koma til landsins, enda er það engin nýlunda, að herskip komi hingað. Hingað koma venjulega á hverju ári mörg herskip frá Englandi og Þýzkalandi, til þess að líta eftir fiskiflota þessara þjóða hér við land og jafnframt í kurteisisheimsókn. Þannig hefir það gengið til undanfarin ár. Það, sem hv. 5. þm. Reykv. á við, þar sem hann talar um hergöngu þýzkra sjóliða á götum Reykjavíkur síðastl. ár, mun hafa verið það, að þeim var boðið að skoða Sundhöllina, og þeir fóru í flokk þangað upp eftir undir eftirliti yfirmanna. En ég geri ekki ráð fyrir, að þess þurfi við nú.

Að endingu spurði hv. 5. þm. Reykv. um það, hvort ríkisstj. hefði gert ráðstafanir til þess, að herskip annara þjóða yrðu á Reykjavíkurhöfn á sama tíma sem Emden verður hér. En að sjálfsögðu hefir ríkisstj. engar ráðstafanir gert í þá átt, og um slíkt þarf tæpast að spyrja. Eins og ég sagði áðan, er það alls ekki óvenjulegt, að herskip komi hingað í kurteisisheimsóknir, og þegar herskip kemur hingað í slíka heimsókn frá þjóð, sem okkur er vinveitt, kemur ekki til nokkurra mála að biðja aðrar þjóðir að senda hingað herskip um sama leyti.

*Einar Olgeirsson: Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þessi svör, svo langt sem þau ná. Fyrst ætla ég að minnast á þýzka rannsóknarleiðangurinn. Ýmsir slíkir leiðangrar hafa farið um Ísland á undanförnum árum, án þess að biðja nokkur yfirvöld um leyfi til þess. En slíkt er ekki viðurkvæmilegt fyrir sjálfstæða þjóð.

Því myndi ekki verða tekið fegins hendi, ef við Íslendingar sendum slíka leiðangra til Þýzkalands. Mér er nær að halda, að þessum mönnum hafi jafnvel verið sagt af þýzka sendiherranum í Kaupmannahöfn að fara hingað án þess að fá neitt leyfi, því að íslenzka stj. myndi ekki þora annað en að láta undan. Eindreginn vilji Íslendinga í þessu máli hlýtur að vera sá, að ríkisstj. svari þessum mönnum á þá leið, að þeim verði bannað að njósna hér, mæla landið, hafa hér sendistöðvar o. s. frv. Í öðru lagi, viðvíkjandi þýzka flugfélaginu, þykir mér mikið varið í þær upplýsingar hæstv. forsrh., sem hann gaf í ræðu sinni. Í fyrsta lagi það, að þýzki ræðismaðurinn í Reykjavík hefði sent ríkisstj. tilkynningu um það, að þessir flugmenn kæmu. Ekki hefir svo mikið verið haft við, að við höfum verið spurðir, hvort við viljum ræða neitt við þessa útsendara þýzku stj., heldur er tilkynnt, að þeir komi hingað til að heimta rétt, sem í raun og veru er ekki til. En verði nú samt spurt um þau réttindi, sem Luft-Hansa voru veitt 1930, og féllu niður þegar Flugfélag Ís-

lands var ekki lengur til, er spurningin sú, til hverra sá ráðh., sem fór með völd árið 1932, hafi framlengt þann rétt.

Þá vil ég ennfremur spyrja hæstv. forsrh. um, hvort ég hafi ekki skilið það rétt, að Þjóðverjar heimtuðu hér á landi forréttindi viðvíkjandi lendingarstöðum fyrir flugvélar, og hvort hæstv. ríkisstj. hafi svarað því þannig, að þessi réttur sé ekki til. En í sömu andránni og hæstv. forsrh. sleppir orðinu um það, að hæstv. ríkisstj. neitar því, að þessi réttur sé til, segir hæstv. forsrh., að Þjóðverjar séu að koma hingað til þess að semja um lendingarstaði. Ég vil þá spyrja: Er nokkurt samband á milli komu Emdens hingað nú í lok mánaðarins og komu þessarar flugsveitar, sem kemur hingað með Dronning Alexandrine, og kröfu Þjóðverja um flugvelli hér á landi, sem þeir, eftir vafalaust réttum skilningi hæstv. ríkisstj. eiga alls ekki neitt tilkall til.

Ef svo er, hygg ég, að full þörf sé, að hæstv. Alþingi athugi vel málið, og hæstv. ríkisstj. tryggi sér vilja þingsins á bak við sig viðvíkjandi þeim svörum, sem hún kann að þurfa að gefa, þegar Emden kemur í lok mánaðarins og ber fram sínar kröfur.

Ég hygg, að flestum sé það ljóst — og mér skilst, að hæstv. ríkisstj. sé það líka ljóst —, að réttur til lendingarstaða hér á landi fyrir þýzkar flugvélar þýði það sama fyrir okkur Íslendinga eins og farið var fram á hér fyrir 900 árum, þegar erlendur konungur bað um Grímsey.

Þá vil ég ennfremur spyrja hæstv. forsrh., hvort það sé rétt, að þessir flugmenn séu ekki frá borgaralegu flugfélagi, heldur séu þeir S.S.-menn, sem heyri undir stjórn Himmlers, sem er beinlínis pólitískt lögreglufélag í Þýzkalandi. Þá vil ég í þessu sambandi spyrja hæstv. forsrh., hvort skipt verði um konsúl og hvort von sé í sambandi við þessa heimsókn á öðrum konsúl, sem einnig heyri til S.S.-sveita Himmlers, með þeirri afstöðubreytingu, sem menn gæti grunað, að væri í sambandi við það.

Þá var það viðvíkjandi marseringunum hér um göturnar. Ég man ekki betur þegar „matrosarnir" marseruðu hér í sumar um göturnar, en að þeir væru vopnaðir. Ég vildi mælast til þess, að hæstv. forsrh. gæfi yfirlýsingu um það, að þeim yrði ekki leyfðar neinar hópgöngur hér um göturnar í þetta skipti.

Þá vildi ég að síðustu spyrja hæstv. forsrh., hvort koma Emden hingað — sem mun eiga að vera hér um sex vikna tíma — standi nokkuð í sambandi við það, að Þýzkaland hafi gert kröfur í sambandi við milliríkjasamninga um friðun Faxaflóa, eða hvort þessir 615 vopnuðu menn í Emden eigi bara að líta eftir þýzkum fiskiskipum hér.

Viðvíkjandi svari hæstv. forsrh. við fyrirspurn minni um ráðstafanir, sem e. t. v. hafa verið gerðar viðvíkjandi komu Emden, vil ég taka það fram, að mér finnst eðlilegt, að engin ríkisstj. gefi það upp, ef hún hefði gert slíkar ráðstafanir. En eftir þeim fréttum sem nú berast að utan úr Evrópu, býst ég við, að það sé vafalaust vilji þingsins, að slíkar ráðstafanir verði gerðar, jafnvel þó að hæstv. ríkisstj. lýsi engu yfir um slíkt.

*__Forsrh. (Hermann Jónasson)__: Hv. 5. þm. Reykv. blandaði saman því, sem ekki var ástæða til að misskilja í orðum mínum, að koma flugmannanna stæði í sambandi við komu Emden. Fulltrúarnir, sem eiga að semja um flugvellina, koma með Dr. Alexandrine hingað og standa ekkert í sambandi við komu Emden. Ég skal taka það fram út af því, að hv. 5. þm. Reykv. spurði, hvort þessir menn væru S.S.-menn, að ríkisstj. hefir ekki látið fara fram neina rannsókn á því, hvaða partii mennirnir, sem koma hingað, tilheyra. Um það, hvort hér yrði skipt um þýzkan konsúl, er því að svara, að það hefir ekki komið nein orðsending til ríkisstj. um það.

Þá var hv. þm. að tala um rannsóknir hér á landi almennt, að það væri varhugavert að leyfa útlendum mönnum að framkvæma hér rannsóknir. Í því sambandi vil ég sérstaklega benda á, að þessi hv. þm. og hans flokksmenn fundu að því við ríkisstj., að hún hefði ekki verið fús til þess að leyfa útlendum mönnum, sem hingað komu, greiðan aðgang að því, að rannsaka Vestfirði. Ég álít, að þessi varasemi, sem þessi hv. þm. vill sýna í þessu efni, geti því aðeins orðið okkur til góðs, að hún sé a. m. k. almenn, en henni ekki beint til einna fremur en annara. Og um það atriði, hvort Alþ. vilji taka almenna stefnu um það að leyfa ekki útlendingum að rannsaka þetta land, nema undir stjórn íslenzkra vísindamanna, hlýtur Alþ. að taka upp almennar reglur, ef það lætur það mál til sína taka. Það eru vitanlega fleiri okkur vinveittar þjóðir en Þjóðverjar, sem framkvæma hér rannsóknir og hafa gert á undanförnum árum. Og vitanlega verða um þetta atriði teknar upp almennar reglur, sem ekki er ástæða til að beina neitt sérstaklega gegn einni þjóð fremur en annari, heldur ber þjóðinni að taka upp reglur um þetta sem eitt af sínum sjálfstæðismálum. Þetta er atriði, sem liggur fyrir nú til athugunar í sambandi við það, að nú hefir af atvmrh. verið skipuð nefnd til þess að taka allar þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á landinu, saman í eitt, og byrja á skipulögðum rannsóknum á landinu. Ég álít, að það verði eitt af því, sem fellur inn á verksvið þessarar nefndar, hvaða tökum á að taka á ýmsu viðvíkjandi rannsóknum erlendra manna á Íslandi yfirleitt. En það er ekki ástæða til þess, þó að hingað komi um 3—4 herskip á ári til lands, hvort sem þar er um að ræða Englendinga eða Þjóðverja eða hverjir svo sem það eru, að byrja á því að taka eitthvað af þeim heimsóknum út úr í þessu sambandi, hvort sem þær koma frá Oxford eða Cambridge eða frá Þýzkalandi. Það er ekki ástæða til að taka þessar heimsóknar- eða rannsóknarferðir hverja fyrir sig og sérstaklega, með tilliti til þessa eftirlits, heldur ber ríkinu að taka málið almennt og einungis í því formi, að hægt sé að bera málið fram almennt hér á hæstv. Alþingi.

***Einar Olgeirsson:** Ég sé nú á þessum umr., að hæstv. forsrh. vill gjarnan sem mest fara inn á aðrar brautir heldur en að ræða beinlínis um þá heimsókn Þjóðverja, sem stendur nú fyrir dyrum, — vill fremur tala um það, hvort eigi að leyfa almennt rannsóknir á auðæfum landsins o. þ. l. Hann minntist í því sambandi á þessa málmrannsókn á Vestfjörðum. En ég spurði, hvort ætti að leyfa rannsóknarleiðangrum eins og þessum þýzka að fara hér um landið. Þeir hafa hingað til gert það leyfislaust, og það er yfirgangur og frekja, sem við *eigum ekki að þola sem sjálfstæð þjóð.*

Nú vitum við, að hvert einasta atriði, sem nú er framkvæmt af þýzku stjórninni, hvort sem það eiga að heita rannsóknir eða vísindi eða hvað annað, sem það nú heitir, er gert í hernaðarlegum tilgangi. Mér dettur ekki í hug, að hæstv. forsrh. ætli í alvöru að leggja það að jöfnu, þó Englendingar komi hingað og æski leyfis ríkisstj. til að rannsaka málma á Vestfjörðum, við það, að sendimenn þýzku stjórnarinnar fara hér um landið til að rannsaka það og myndatökumenn þýzka herforingjaráðsins framkvæmi hér á landi rannsóknir, án þess að spyrja ríkisstj. nokkuð um það. Við vitum, að það, sem þýzka ríkisstjórnin gerir í þessum efnum, hefir beina hernaðarlega þýðingu fyrir hana. En hinsvegar það, sem kemur til greina *í þessu sambandi af hálfu Englendinga*, rannsóknir þeirra hér, er hlutur, sem hefir aðeins atvinnulega þýðingu fyrir Íslendinga.

Af því að ég býst ekki við, að lengri umr. verði um þetta mál nú, lýsi ég því sem minni skoðun, að ég álít óhjákvæmilegt, að Alþ. taki þessa væntanlegu heimsókn Þjóðverja til alvarlegrar umr. og að hæstv. ríkisstj. lýsi því yfir á Alþ., hvort sem hún vill fyrir lokuðum dyrum eða ekki, hvað hún geri við þær kröfur, sem gerðar verða til hennar um lendingarstaðina. Ég býst við, að ríkisstj. eigi ekki að gera út um það að Alþ. forspurðu.

Hæstv. forsrh. talaði um Þjóðverja sem „vinveitta“ þjóð. Ég skal sízt verða til þess að leggja eitt orð á móti þýzku þjóðinni. Ég ber varla meiri virðingu fyrir nokkurri þjóð en þýzku þjóðinni. En við vitum af fregnum síðustu daga, hvað „vinátta“ þýzku ríkisstjórnarinnar, sem nú situr, þýðir. Við vildum varla nokkur okkar, að sú „vinátta“, sem hæstv. forsrh. talaði um, snerist upp í þá „vernd“ gagnvart okkur Íslendingum, sem skeð hefir á nokkuð átakanlegan hátt gagnvart öðrum þjóðum.

Það kemur ekki til með að verða lengi, sem við höfum viðskipti við Þjóðverja. Sú stjórnmálastefna, sem nú er í Þýzkalandi, sér um, að þau verði slæm fyrir okkur, og þau verða varla nema 2—3 ár í viðbót.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég vil taka það fram, að sá þýzki leiðangur, sem fór hér um Norðurland í fyrra, hafði leyfi til þess frá ríkisstjórninni. Það er því ekki rétt, að þeir hafi vaðið hér yfir landið án þess að hafa leyfi til að ferðast um landið. Og það ver enginn efi á því, að rannsóknir þess leiðangurs voru rannsóknir, sem eðlilegt var, að væru framkvæmdar.

Skal ég svo ekki hafa frekari umr. um málið, en aðeins benda á, viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um málmrannsóknirnar á Vestfjörðum, að þegar leyfið var veitt til þeirra, var ríkisstj. alveg ókunnugt um það, af hvaða þjóð sú rannsókn yrði framkvæmd. Það var ekkert gefið upp um það, hvaða kapítal það væri, sem stæði þarna á bak við og óskaði að fá að gera þarna rannsóknir.

Og það, sem ég vil sérstaklega vekja athygli hæstv. Alþ. á, er þetta: Við getum ekki rekið okkar réttar með því að vera með hnútukast gagnvart einni þjóð frekar en annari hver svo sem sú þjóð er. En við getum það hinsvegar bezt með því að búa okkur til reglur, sem við förum eftir jafnt gagnvart öllum þjóðum. Það sjá allir, hvaða samræmi er í því að leyfa rannsóknir á málmum á Vestfjörðum, en banna svo annari þjóð að rannsaka Faxaflóa. Það er þetta, sem ég vil benda á, að það verður að vera í þessum hlutum fullkomið samræmi, en slíkt samræmi álít ég ekki vera í því, sem hv. 5. þm. Reykv. leggur til þessara mála. Við verðum að skapa okkur almennar reglur um þetta, sem gilda gagnvart öllum þjóðum jafnt. **(EOl:** En hvað um lendingarstaðina?).

Á 22. fundi í Nd., 20. marz, utan dagskrár, mælti

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi hér með leyfa mér að leggja fyrir hæstv. forsrh. spurningu, sem hann hefir lofað að svara, ef náð yrði í hann, en ég sé nú, að hann er hér staddur. Fyrirspurn mín varðar utanríkismál, og vil ég spyrjast fyrir um það, hvort ekki sé hægt að gefa þinginu kost á að fylgjast með utanríkismálunum, eins og verið hefir á fyrri þingum, hvort sem þau væru heldur rædd fyrir opnum dyrum eða þá lokuðum, ef það þykir hentugra. Nú eru aðeins 3 þingflokkar, sem eiga fulltrúa í utanríkismálanefnd, og er því engin trygging fyrir því, að hinir flokkarnir fái nokkuð um það að vita, sem þar er gert, og því síður þá þeir, sem samkvæmt úrskurði hæstv. forseta Sþ. eiga að teljast utan flokka. Á ég hér bæði við samninga og samningaumleitanir ríkisstj. og ráðstafanir landinu til tryggingar, ef ófrið ber að höndum, eins og ályktun var *gerð um á síðasta þingi.* Æski ég þess, að hæstv. forsrh. láti þessi mál koma fyrir þingið, annaðhvort fyrir opnum eða luktum dyrum.

Í öðru lagi vil ég mælast til þess, að hæstv. forsrh. hafi sama fyrirkomulag á þessum málum viðvíkjandi blöðunum og gerist í nágrannalöndum vorum, svo að blöðin geti átt þess kost að fylgjast með því, sem gerist í utanríkismálum þjóðarinnar, þannig, að þagnarskylda sé áskilin um viss mál, og sé hún rofin, þá eigi hlutaðeigandi blöð ekki aðgang að þessum upplýsingum. Ég álít það óþolandi, að blöðin verði að fá á skotspónum allar sínar upplýsingar um slík mál, en geti ekki haft þær frá fyrstu

hendi, þannig að þau verði stundum að gefa fólki villandi upplýsingar.

Vil ég fara þess á leit við hæstv. forsrh., að hann athugi þetta.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af þessari fyrirspurn eða málaleitun vil ég taka það fram, að ég sé ekki á þessu stigi málsins ástæðu til að breyta út af þeirri reglu, er höfð hefir verið. Flokkar þeir, sem eiga fulltrúa í utanríkismálan., hafa tækifæri til að fylgjast með þessum málum, og þar með meiri hl. þingsins, og geta þessir flokkar gert kröfu til þess, að málin verði rædd í þingi, þegar þeim finnst við þurfa.

Þessi krafa hv. 3. þm. Reykv. er ekki ný hér á þingi. En ég sé sem sagt enga ástæðu til að breyta til í þessu efni, þar sem hinir þrír aðalþingflokkar hafa fullt tækifæri til að ræða utanríkismálin. Það hefir verið venja að ræða samninga þá, sem gerðir hafa verið við önnur ríki, í utanríkismálan., en ekki á Alþingi, eins og t. d. breytingu þá, sem gerð var á norsku samningunum, og framlengingu á samningum þeim, er gerðir voru við Þýzkaland.

Um það atriði, að blöðunum sé gefinn meiri kostur á en hingað til að fylgjast með utanríkismálunum, verð ég að segja hið sama, að ég sé ekki heldur ástæðu til þess. Ég tel sum blöðin hafa skrifað þannig um utanríkismálin, að ekki sé ástæða til að veita þeim frekari upplýsingar en hingað til. Ég hefi fyrir nokkru leitað til blaðanna um að skrifa ekki eins ógætilega og hingað til um ýms erlend mál, og sum blöðin hafa tekið því illa og ekki viljað verða við þeirri beiðni minni. Sé ég ekki ástæðu til, meðan blöðin hegða sér þannig, að breyta til um trúnað við þau. Þau hafa ekki sýnt málaleitun minni þann trúnað sum þeirra, án þess að ég muni greina hér nokkur nöfn.

***Héðinn Valdimarsson:** Ég held því fram, að stefna sú, sem hæstv. forsrh. vill taka hér upp, að halda þessum málum utan við þingið, sé gersamlega brot á venjum, er hér hafa gilt, því að á hverju þingi hingað til hafa utanríkismálin verið rædd. Þetta er ekki annað en réttnefnt einræðisbrölt, er nefnd örfárra manna á ein að fjalla um þau mál, er varða frelsi og sjálfstæði þjóðarinnar. Þetta er auk þess gagnstætt anda okkar þingræðis. Þessi hv. n. og eins hæstv. forsrh. bera ábyrgð gagnvart þjóðinni, og ég skil ekki, hvernig hann getur varið sínar gerðir án þess að skýra þinginu frá þeim. Ég sé ekki heldur, hvernig hann getur áfellzt blöðin fyrir skrif þeirra um utanríkismál, ef þau fá ekki neinar upplýsingar um þau, eins og tíðkast t. d. á Norðurlöndum. En ef þessar upplýsingar fást ekki á þann hátt, sem hér er farið fram á, þá mun ég leita annara ráða til að afla þeirra.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Um þetta einræðisbrölt, er hv. 3. þm. Reykv. sneiðir að mér um, get ég sagt það, að 40—50 þm. standa að utanríkismálan., og geta þeir, ef þeir óska, gert kröfu til þess, að málin verði ræddi á þingi. Þetta er því einræði nær alls þingsins.

Hitt atriðið er ekki rétt, að blöðin skrifi þannig um utanríkismál sem þau gera af því, að þeim sé lokaður aðgangur að þessum málum. T. d. hafa sum blöð, sem skrifuðu um útlendingana, er hingað komu til að leita fyrir sér um leyfi til námugraftar, ekki leitað til stj. um upplýsingar þessu viðvíkjandi, og heldur ekki um það, er til tals kom nýlega að taka nýtt ríkislán. Þá leituðu þessi blöð upplýsinga hjá þeim mönnum sjálfum, er hingað komu. Ég sé því ekki ástæðu til að veita blöðunum frekari trúnað en verið hefir, nema þau sýni breytingu á sínu háttalagi.

Hv. þm. segir, að annarstaðar á Norðurlöndum sé hafður annar háttur um þetta. Það kann að vera. En það er viðurkennt, að þar hefir það ekki komið fyrir, að blöðin hafi rofið þann trúnað, er þeim hefir verið sýndur. En er blöðin tóku því svo sem þau gerðu, er ég leitaði til þeirra fyrir ári um að lagfæra þann stíl, er verið hafði á skrifum þeirra um utanríkismál, verð ég að telja, að það sé þeirra að lagfæra framkomu sína, áður en þau krefjast af ríkisstj. aukins trúnaðar.

***Héðinn Valdimarsson:** Hæstv. forsrh. virðist ekki skilja það, að allir þm. eigi að hafa sama rétt. Hann vill sem sé gefa þrem stærstu flokkunum á þingi meiri rétt en öðrum. Ég veit ekki, hvaða stoð hann hefir fyrir því í l. eða stjórnarskrá. Og formlega hefir nú aðeins utanríkismálan. tök á að fylgjast með þessum málum.

Þá blandar hæstv. forsrh. utanríkismálunum saman við umsóknir um leyfi til námugraftar og utanríkislán, sem annað ætti að heyra undir atvmrh. og hitt undir fjmrh., en kemur ekkert við því, sem hér er um að ræða. Hann segist ennfremur hafa verið að leitast við að lagfæra stíl blaðanna. En getur hann búizt við, að blöð, sem ekki eru hans flokksblöð, skrifi eins og hann vill, og það jafnvel án þess að hann vilji gefa þeim nauðsynlega vitneskju um utanríkismálin? Ef slíkum upplýsingum er haldið fyrir þinginu og blöðunum, hlýtur sú spurning að vakna, hvort hér sé ekki eitthvað á ferðinni, sem þarf að leyna landslýðinn, hvort hér sé ekki óhreint mjöl í pokanum.

Á 25. fundi í Nd., 23. marz, utan dagskrár, mælti

***Ólafur Thors:** Ég leyfi mér að óska þess, að hæstv. forseti leyfi mér að gera hér fyrirspurn til hæstv. forsrh., utan dagskrár. Ég sé, að þess er getið í einu blaði bæjarins í dag, að samkv. skeyti frá Íslandi sé birt í dönsku blaði, Arbejderbladet, svo hljóðandi fyrirsögn: „Forsætisráðherra hefir á Alþingi staðfest, að Þýzkaland krefjist leyfis til að koma upp flugvöllum á Íslandi. Íslendingar krefjast að þessum kröfum Hitlers verði vísað á bug. Væntanleg Íslandskoma „Emdens“ á sennilega að bræða Íslendinga til þess að verða við kröfunum.“

Ég þarf náttúrlega ekki að leiða rök að því hér á Alþingi, að slíkur fréttaburður er bein-

línis framinn í þeim tilgangi að skaða íslenzka hagsmuni. Ég hygg, að ég segi rétt frá, þegar ég staðhæfi, að ekkert í þeim umr., sem fram hafa farið hér á Alþingi nýverið, þegar rætt var um þetta mál, hafi gefið tilefni til þess að hafa það eftir forsrh., sem þar er eftir honum haft. Ég lít svo á, að hér sé farið vísvitandi rangt með ummæli hæstv. forsrh., í því skyni að skaða íslenzka hagsmuni.

Ef þetta er rétt hjá mér, þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh., hvað hann hafi hugsað sér að gera til þess að draga úr þeim skaðvænlegu áhrifum, sem slík starfsemi nú þegar hefir haft fyrir Ísland og íslenzka hagsmuni, og hvaða vald hann telur sig hafa til þess að framkvæma þann vilja, sem hann kann að hafa í þessum efnum. Ég veit ekki, hvað langt þessi svikastarfsemi hefir gengið, en það hefir nýlega verið birt grein í ensku blaði, „Manchester Guardian", sem miðar að því sama, að skaða íslenzka hagsmuni. Slíkir menn í þjóðfélaginu, sem senda svona skeyti, eru landráðamenn, og það verður að binda fyrir munninn á slíkum skaðræðisgripum. Það verður að taka fyrir það með góðu — eða þá illu —, að menn fremji slíka landráðastarfsemi.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af fyrirspurn hv. þm. G.-K. vil ég upplýsa það, að þetta fréttaskeyti hefir verið birt í blaði í Kaupmannahöfn, Arbejderbladet, sem ég hygg, að hafi verið sent frá Íslandi. Ég veit hinsvegar ekki ennþá, hver hefir sent þessa frétt. En ég geng þess ekki dulinn, að þessi frétt, eins og frá henni er gengið í danska blaðinu, skaðar Ísland. En ég get ekki séð á því símskeyti, sem ég hefi fengið frá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, hvort þau ummæli, að sennilega sé herskipið Emden sent hingað heim til Íslands til þess að hræða Íslendinga til að verða við kröfum Þjóðverja um flughafnir hér, hafi verið beint höfð eftir forsrh., eða hvort það er ályktun, sem dregin er út frá sjónarmiði þess, sem símskeytið hefir sent. Það er ekki hægt að neita því, að þessi frétt hefir þegar vakið mikla athygli erlendis. Ég get upplýst það hér í hv. d.

En út af þessu hefir ríkisstj. sent skýrslu, sem birtist í íslenzka útvarpinu í dag og þar að auki var send sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, til þess að hann gæti svarað þeim fyrirspurnum, sem til hans hafa komið út af þessu máli og munu að verulegu leyti standa í sambandi við þá frétt, sem birtist í þessu danska blaði.

Þeirri fyrirspurn er beint til mín af hv. þm. G.-K., hvaða ráð væri til þess að koma í veg fyrir svona skeytasendingar. Um það er því að svara, að eins og okkar lögum er háttað nú, hefir ríkisstj. ekki vald til þess að gera það. Og sömuleiðis eins og okkar löggjöf er háttað nú, þá verður tæpast talið, að þessi verknaður, sem óbeint skaðar landið, sé refsiverður. Samkv. þeim lögum, sem nú gilda sumstaðar á Norðurlöndum um þessi mál, myndi sennilega verða talið, að slík verk sem þessi væru refsiverð. Ég hygg, að það komi undir ákvæði þess frv., sem hér liggur fyrir á Alþingi um breyt. á hegningarlöggjöfinni, en til þess að afstýra, að slíkt sé gert, eru engin lög til nú á Íslandi. Mönnum er frjálst að senda slík símskeyti, nema þegar alveg sérstakir tímar eru fyrir hendi, þá myndi e. t. v. vera hægt að afstýra því.

Nú í svipinn er ekki hægt að svara, hvaða ráðstafanir sé heppilegast að gera til að afstýra slíkum fréttaburði sem þessum. Það kemur til athugunar síðar, ef Alþingi þykir ástæða til, og stj. mun að sjálfsögðu íhuga þetta mál, og í gær sneri einn umboðsmaður erlendrar fréttastofu sér til ríkisstj. til þess að vekja athygli hennar á því að tala við alla, sem sendu skeyti til útlanda, um að þeir sýndu þann þegnskap, að senda ekki skeyti, sem væru stórpólitísks eðlis, nema í samráði við sérstakan aðila, sem ríkisstj. tilnefndi, sem mundi hér vera utanríkismálaskrifstofan, og ráðuneytið hefir í morgun gert ráðstafanir til að tala við alla, sem senda skeyti til erlendra blaða, og farið fram á þetta við þá. En til þess að slíkar ráðstafanir séu gerðar, þurfa að mínu áliti aðgerðir Alþingis að koma til.

Ég held þá, að ég hafi svarað þessari fyrirspurn svo, að hv. fyrirspyrjandi muni láta sér það nægja.

***Einar Olgeirsson:** Mig langar til að segja nokkur orð í sambandi við þá fyrirspurn, sem hv. þm. G.-K. var að koma með.

Hv. þm. var með fyrirspurn út af frétt, sem stóð í dönsku blaði um fyrirspurn, sem ég kom með fyrir nokkrum dögum og hæstv. forsrh. svaraði að nokkru leyti. Þessi frétt er birt samkv. skeyti, sem Þjóðviljinn hefir sent út. Ég get sagt ykkur frá, hvernig þetta skeyti er. Ummæli hæstv. forsrh. eru þar citeruð á nokkurn veginn sama hátt og í Þjóðviljanum. Þar eru þessi orð:

„Forsætisráðherrann upplýsti, að Þjóðverjar heimtuðu lendingarstaði fyrir flugvélar samkvæmt gömlum samningum um beztu kjör, en að ríkisstjórnin áliti, að Þjóðverjarnir gætu ekki krafizt þessara réttinda, þar sem aðrar þjóðir hefðu þau ekki heldur. En um þetta verður samið, þegar Emden kemur, sagði forsætiráðherrann óvart, þó að flugmennirnir hinsvegar kæmu með Dronning Alexandrine." Það, sem sagt er, er því nákvæmlega það sama og það, sem ég í þingræðu tók upp eftir hæstv. forsrh., og það, sem hann sjálfur sagði þá, svo að þar er aðeins citerað í það, sem hæstv. ráðh. sagði.

Í sambandi við þetta vil ég geta þess, að það, sem sagt er um ógnun af hálfu Hitlers-Þýzkalands, þá dregur blaðið sjálft það út af skeytinu, en til þess vil ég segja, að hvert blað í Evrópu, sem þorir að tala um utanríkismál, hefði haft næga ástæðu eftir reynslunni að draga slíkar ályktanir. Eins og menn hafa tekið eftir, sem hafa lesið Þjóðviljann, þá er þar ekki sagt, að verið sé að hóta neinu, en það veit hver maður, hvað liggur á bak við, þegar herskip er sent hingað upp um þetta leyti árs. Það geta menn séð hvar sem er. Svo kemur þessi hv. þm.

fram með aðdróttanir um, að verið sé að skaða íslenzka hagsmuni. Ég vil í því sambandi leyfa hér að varpa fram þessari spurningu: Hverjir eru það, sem skaða hagsmuni íslenzku þjóðarinnar, ef ekki þeir, sem reyna að dylja á slíkum tímum sem nú eru, hvaða hætta nú vofir yfir okkur? Hverjir skaða hagsmuni íslenzku þjóðarinnar, ef ekki þeir, sem reyna á slíkum tímum sem nú, þegar hver smáþjóðin af annari missir sitt frelsi, að viðhalda þeirri blekkingu hjá okkar þjóð, að við séum öruggir hér úti á hjara veraldar um það, að nokkur stórþjóð eins og Þýzkaland muni vilji taka okkur? Hvenær sem ofbeldisverk hafa verið framin úti í löndum, sem ættu sannarlega að vekja okkur til meðvitundar um þá yfirvofandi hættu, þá reyna blöð flokks þessa hv. þm. á allan hátt að breiða yfir það, reyna að telja þjóðinni trú um, að okkur sé óhætt. En smáþjóð eins og okkur er einmitt nauðsynlegt að vekja eftirtekt á því, ef hætta steðjar að henni, en þegar slíkar raddir koma fram, þá vill þessi hv. þm. stöðva það með ritskoðun og binda fyrir munninn á þessum skaðræðisgripum, sem leyfa sér að segja sannleikann, þegar sjálfstæði landsins er í hættu. Af þessu er bert, hvað nazisminn er farinn að ná inn í raðir sérstakra flokka hér á landi. Þetta er ekki í fyrsta skiptið, sem þessi hv. þm. vill takmarka prentfrelsi hér á landi. Það hafa komið fram áður kröfur um það, þegar ekki mátti segja annan sannleika en þann, sem Thorsararnir vildu. En það gengur nokkuð langt, þegar þvert ofan í það, sem stjórnarskráin fyrirskipar, er krafizt skeytaskoðunar. Ég veit ekki til, að frásögninni í Þjóðviljanum hafi á nokkurn hátt verið mótmælt, og er þó skeytið mun linara en hún. Og þá liggur ekkert fyrir nema sú venjulega æsing, sem skapast hjá ákveðnum forsprökkum Sjálfstfl., þegar minnzt er á, hvaða hætta Íslandi geti stafað af nazismanum.

Fyrst farið var að spyrja utan dagskrár, langar mig til að spyrja hæstv. forsrh., hvernig gangi með þá samninga, sem nú standa yfir milli hinna svonefndu ábyrgu flokka hér á þingi, og hvort nokkuð sérstakt hafi skeð, sem gefi tilefni til, að nánar sé farið að draga saman milli hv. þm. G.-K. og hæstv. forsrh., og hvort tillögur um stjórnarskrárbreyt. hafi komið fram frá hv. þm. G.-K., sem sé í þá átt að innleiða ritskoðun hér á landi. Það kynni að standa í sambandi við, að þannan mann sé farið að dreyma um dómsmálaráðherrasess hér á landi, sem hann hefir setzt í áður illu heilli. Væri ánægjulegt, ef þingheimur fengi að vita, hvað nú gerist í stjórnmálunum hér á landi, áður en svo að segja hvert einasta mannsbarn veit það.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Út af þessum upplýsingum, sem þessi hv. þm. hefir komið fram með, og þar sem hann hefir lesið upp skeyti, sem hann segir, að Þjóðviljinn hafi sent, þá er sérstök ástæða til að vekja athygli á því, að hér er beinlínis farið með ósannindi, og því miður fyrir þá, sem að þessu skeyti standa, er hægt að færa fram órækar sannanir fyrir, að þarna er farið með vísvitandi ósannindi. Þegar fyrirspurninni var beint til mín um þennan þýzka leiðangur, sem átti að koma, þá sagði ég, að það yrði tekið til athugunar, þegar nefndin kæmi hingað, og það fór ég ekki í neinar grafgötur með, og þetta veit ég, að hv. þdm. hafa heyrt. En nú skulum við segja, að hv. þm. hafi misheyrzt og þess vegna hafi skeytið verið sent eins og það var. En því er ekki til að dreifa, vegna þess að þegar ég tók til máls aftur, spurði ég, hvernig á því stæði, að hv. þm. setti Emden í samband við komu þessara sendimanna, því að Emden kæmi því ekkert við og ekkert samband væri á milli Emden og sendimannanna. Skipið kæmi til eftirlits, en hinir til að semja. Þess vegna er það svo, að hafi verið um misheyrn að ræða þá, var hún samstundis leiðrétt. Þess vegna er þessi fregn send sem ósannindi og á móti betri vitund. Ég ætla ekki að fara mörgum fleiri orðum um þetta hér, en ég get fullyrt og skýrt hv. þd. frá því, að þessi fregn, sem þannig hefir borizt til útlanda, hefir þegar skaðað Ísland verulega. Ósannar fregnir, sem eru sendar héðan til útlanda, geta aldrei gert annað en að skaða Ísland. Ég get heldur tæplega skilið, að það sé til öryggis fyrir Ísland, að danski kommúnistaflokkurinn sé að birta fregnir eins og þessar.

Viðvíkjandi því, sem þessi hv. þm. spurði, hvað gengi með þjóðstjórn, ætla ég að lýsa því yfir, að ég mun ekki svara fyrirspurnum þessa hv. þm., meðan hann ekki biður afsökunar á framkomu sinni. Meðan þannig er farið með þau svör, sem gefin eru, er full ástæða til að svara ekki þm., fyrr en hann hefir beðið afsökunar á þessari framkomu.

***Ólafur Thors:** Ég get verið fáorður. — Það gleður mig, að það er nú upplýst, hvaðan þessi landráðastarfsemi er sprottin, og það kom mér ekki á óvart, þó að hún væri runnin frá miðstöð rússnesku kommúnistanna hér á Íslandi, sem hafa Þjóðviljann fyrir opinbert málgagn.

Það er aum vörn hér á Alþingi Íslendinga, að það sé einhver viðurkenning á sönnunargildi frásagnar, að hún hafi staðið í Þjóðviljanum og ekki verið þar mótmælt! Það mætti nú æra óstöðugan, ef ætti að fara að mótmæla öllum þeim ósannindum, sem þar eru, þar sem flest er ósatt, sem þar stendur. Það fer enginn til þess, þegar ekki meiri menn en kommúnistar eiga hlut að máli, að svara slíku, því að það vita allir nema kommúnistar, að þetta er almenn regla, sem engum kemur á óvart.

Hæstv. forsrh. hefir nú sýnt fram á, að hér sé um vísvitandi ósannindi að ræða af hálfu þessa hv. þm., og er það nú hans að reyna að afsaka sig, ef hann treystir sér til þess, en ég geri ráð fyrir, að honum gangi það illa. Það er engin vörn, að reyna að segja ósatt frá því hér í d., að eitthvert stórveldi sé með hótanir í garð Íslendinga. Ég á sæti í utanrmn. og fæ þar allar þær fregnir, sem máli skipta um utanríkismál okkar Íslendinga, og mér er ekki kunnugt um, að komið hafi beint eða óbeint neinar hótanir í okkar garð frá Þýzkalandi eða neinu öðru ríki, hvorki í sambandi við þetta

mál eða önnur. Hitt getur verið, að gera megi Íslandi örðugra fyrir með því að reyna að spana upp önnur ríki gagnvart okkur, eins og gert er vitandi vits af kommúnistum nú að þessu sinni, þó að ég voni, að ekki verði tekið meira mark á þeim annarstaðar en hér.

Hv. 5. þm. Reykv. spyr, hverjir það séu, sem skaði landið, aðrir en þeir, sem dylji sannleikann. Það má segja, að það sé að dylja sannleikann að segja vísvitandi ósatt, og get ég að því leyti tekið undir með honum. Þeir, sem dylja sannleikann með því að segja vísvitandi ósatt, þeir skaða sína eigin þjóð, ef þeir eiga þá nokkra þjóð.

Ég mótmæli því algerlega sem rakalausum ósannindum, að blöð Sjálfstfl. hafi á nokkurn hátt verið að draga taum fremur eins stórveldis en annars, nema þá kannske að sérstaklega annað blað flokksins, Morgunblaðið, hafi verið vinveitt Englendingum, en þar sker Morgunblaðið sig ekki út úr almennum hugsunarhætti Íslendinga, því að ég viðurkenni, að Norðurlönd og England virðast standa næst okkur Íslendingum að hugsunarhætti. Þetta játa ég, að mér finnst koma sérstaklega fram hjá Morgunblaðinu. Hitt eru hrein ósannindi, að blöð Sjálfstfl. séu á nokkurn hátt að breiða yfir ofbeldisverk, sem framin hafa verið. En ég vil spyrja, hvernig hann og hans flokkur hefir skrifað og talað um ofbeldisverkin og manndrápin í Rússlandi, þessa viðurstyggð, þessa andstyggð, þar sem þjónar Stalins, eins og þessi hv. þm. er í dag, eru teknir og hengdir án dóms og laga. Ég vil ekki láta hengja menn fyrir skoðanir sínar. Ég vil láta þá lifa, enda þótt þeir séu þjónar Stalins eins og hann og hafi enga skoðun nema þá, sem þeim er sagt að hafa, eða þá eins og hv. 3. þm. Reykv., sem er nú líklega ekki skoðanalaus eins og stendur, þótt að líkindum sé nú farið að fara út um þúfur með það fyrir honum líka.

Ég mun aldrei leggja til né vilja, að bundið sé fyrir munninn á þeim, sem vilja þjóna sannleikanum, en ég vil láta stemma stigu fyrir lyginni, sérstaklega þegar hún er flutt á erlendum vettvangi okkar þjóð til bölvunar. Slíkri starfsemi vil ég sporna við. Þessi maður er staðinn að tvennskonar ósannindum. Það er ósatt, að Þjóðverjar hafi krafizt að fá hér flugvelli, og það er ósatt, að hæstv. forsrh. hafi sagt, að rétt sé að skoða það mál, þegar Emden komi hingað. Hvorttveggja er ekki aðeins blæfölsun, heldur beinlínis málefnaleg stórfölsun, hvorttveggja í einum og sama tilgangi, að gera okkur skaða. Hvernig mundi vera litið erlendis á þau ummæli forsrh. Íslands, að kröfum Hitlers um flugvelli á Íslandi muni verða svarað, þegar þýzk herskip séu komin að ströndum landsins. Á þetta mundi vera litið sem mesta vesaldóm, og kommúnistar eru sekir um að hafa reynt að breiða út, að þessi vesaldómur væri fyrir hendi, setja smánarblett á alla þjóðina og rýra þar með álit hennar út á við. Og til þess að koma þessu í kring hafa þeir sent til útlanda vísvitandi ósatt og falsað skeyti. Yfir slíkt framferði sem þetta er ekki hægt að hafa annað orð en landráð. Ég tek undir það, sem hæstv. forsrh. sagði, að þessi maður hefir sagt ósatt gegn betri vitund í þessu máli og þjóðinni hefir verið gert tjón með þessu.

Út af svari hæstv. forsrh. við fyrirspurn minni um, hvað hann vilji láta gera í slíkum málum og hvaða vald hann teldi sig hafa í þeim efnum, vil ég aðeins lýsa ánægju minni yfir, að hann virðist hafa gert sér ljóst, að nauðsynlegt er að stöðva slíka starfsemi. Ég veitti því athygli, að hann telur sig ekki hafa vald til þess að óbreyttum l., en telur hinsvegar, að fyrir þinginu liggi frv., sem veitti þetta vald, ef að l. yrði. Ég hefi því ekki aðra ósk fram að bera en að þetta frv. nái samþykki Alþingis, svo að við fáum þar vörn gegn þessari starfsemi kommúnista. Hitt skulum við ekki láta okkur dreyma um, — ekki vera þau börn að tala um, hvað þá heldur byggja á þegnskap þessara manna, því að hann er ekki til, því miður.

***Einar Olgeirsson:** Ég held, að hv. þm. G.-K. ætti ekki að tala mikið um þegnskap gagnvart þjóðinni, heldur reyna að rækja sinn þegnskap sem bankaráðsmaður við Landsbankann.

Hv. síðasti ræðumaður hélt því fram, að í skeytinu hefði verið látið skína í, hve mikill vesaldómurinn hefði verið hjá hæstv. forsrh., en þetta er alveg þveröfugt. Það var greinilega tekið fram, að forsrh. hefði svarað, að Þjóðverjar ættu engar kröfur til lendingarstaða hér á landi, og í sambandi við þá samninga, sem gerðir voru 1930, að þeir væru fallnir úr gildi, og í þeirri ræðu, sem ég hélt þá, hefði ég tekið fast undir þetta álit hæstv. ráðh., að það væri rétt að neita Þjóðverjum um þessar kröfur, sem þeir hefðu gert, og afstaða stj. væri þar rétt og ég treysti því, að hún héldi fast við það. Það er því ekkert nema þvaður og bull að ég sé að gefa hugmynd um vesaldóm hjá hæstv. forsrh. í sambandi við þetta mál.

Svo er það viðvíkjandi Emden. Það var í fyrstu ræðunni, sem hæstv. forsrh. notaði þetta orð. Hann sagði: „Verður nánara rætt um þetta, þegar Emden kemur.“ Ég vík ekki frá því, að þetta sagði hæstv. ráðh., og skal standa á því fastara en fótunum, hvernig sem hann reynir að snúa því, að ég heyrði það með mínum eigin eyrum: Ég tók það fram í minni fyrstu ræðu, að nefndarmennirnir kæmu með „Dronning Alexandrine“, hitt skildi hæstv. ráðh. psykologiskt, því að allan tímann, sem hann talar, er hann með Emden í huga, er hræddur með sjálfum sér og setur komu Emden í samband við þessa kröfu Þjóðverja um rétt til lendingarstaða hér. Það er því í lausu lofti hjá hæstv. forsrh. og tilvonandi samstarfsmanni í ráðuneytinu, hv. þm. G.-K., þegar þeir eru að bera mér á brýn vísvitandi ósannindi. Það er bezt fyrir þessa menn að stinga hendinni í eiginn barm og athuga, hvernig það er nú í utanrmn. Ég veit, hvernig fundirnir er þar nú. Það er reynt að dylja allt fyrir þjóðinni, en þeir skulu ekki reyna að telja neinum trú um, að þeir séu ekki nægi-

lega nervösir til þess að blanda þessu saman. Það væri ekki illa viðeigandi að skýra frá sannleikanum í þessu máli, skýra frá, hvað smeykir þeir eru í utanrmn. og ráðuneytinu við þessar svokölluðu heimsóknir. Það er bezt fyrir þessa háu herra að tala sem minnst um þetta. Það getur verið, að brosið fari af þeim, þegar öll Evrópa er komin í bál. Þá getur verið, að verði bundið fyrir kjaftinn á þeim (Forseti hringir), svo að ég noti hin þinglegu orð hv. þm. G.-K. (**ÓTh:** Ég sagði munninn). Ég held, að það sé nú orðið eitthvað öðruvísi hljóðið í hæstv. forsrh. en um daginn, þegar helzt leit út fyrir, að stj. mundi fara sínu fram, hvað sem á gengi.

Þá sagði hæstv. forsrh., að það mundi lítið *hjálpa íslenzku þjóðinni, þótt símað væri héðan* til danskra kommúnistablaða. Ég skal upplýsa hv. þm. um þetta. Hvað haldið þið, að séu mörg blöð í Danmörku, sem þora nú að birta skeyti, *sem eru á móti hagsmunum* Þýzkalands? Ég vil biðja ykkur, þegar talað er um ritskoðun, að athuga, hvernig það er í Danmörku. Í haust, þegar Þýzkaland tók Súdetahéruðin, las einn íhaldssamur þingmaður upp í enska þinginu lýsingu af því, hvernig þeir flóttamenn hefðu verið meðhöndlaðir, sem hefðu fengið að komast burtu. Einn ritstjóri Berlingske Tidende citeraði í þessa lýsingu í grein, sem hann skrifaði í B. T. þessa daga. Sama daginn kemur þýzki sendiherrann inn á ristjórnarskrifstofu B. T. í eigin persónu til þess að gera rövl út af þessu. Og þá er þessum ritstjóra veitt frí frá blaðinu um óákveðinn tíma, eingöngu fyrir það, að hann vitnar í það, sem enskur þingmaður leyfir að segja, þegar hann gefur rétta lýsingu á ástandinu í Tékkó-Slóvakíu. Líka má minna á, að Social-Demokraten varð fyrir álíka hnekki hvað snerti einn þess beztu journalista. Það er því ekki til neins fyrir okkur að síma til hvaða blaðs sem er réttar upplýsingar, við mundum ekki fá þær birtar. Ég býst við, að hæstv. forsrh. viti bezt sjálfur, að danska utanríkismálaráðuneytið hefir komið á nokkurskonar censur í Danmörku, sem öll blöð beygja sig undir af svokölluðum frjálsum vilja, nema Arbejderbladet.

Hæstv. forsrh. þykir gott að nota þetta tækifæri til að lýsa yfir, að hann muni engri fyrirspurn svara frá mér. Ég býst við, að honum þykir yfirleitt gott að vera laus við þær. En mér virðist eins og stemningin er í þinginu nú, þá sé það ekki eingöngu fyrirspurnirnar, sem hæstv. ráðh. og *þessi nýi bandamaður hans vilja* vera lausir við, — mér virðist, að þeim þyki bezt að vera sem lausastir við þingið. Og svo kemur hv. þm. G.-K. og segir, að ég sé að *spana Þýzkaland upp á móti okkur*. Mér sýnist nú heldur lítið þurfa að spana nazistastjórnina þýzku upp! Mér virðist hún óspönuð af okkur hafa haft góða lyst á að gleypa hverja frjálsa smáþjóðina af annari. Og svo eru þessir háu herrar, eins og formaður stærsta stjórnmálaflokks landsins, sem ekki stendur betur á verði fyrir sína þjóð en hann gerir, að kalla okkur þjóðleysingja. Hvaða þjóð á hann? Þykist hann vera meiri Íslendingur en ég? Það þýðir ekkert fyrir þessa herra að fara út í samanburð um slíkt. Sagan mun skera úr því og vitna gegn þeim.

Þá kom þessi hv. þm. inn á, hvernig blöð hans hefðu tekið á ýmsum málum, afstöðu þeirra til ýmsra umdeildustu viðburða í heiminum, eins og t. d. Spánarstyrjaldarinnar o. fl. Í raun og sannleika má segja, að Morgunblaðið hafi a. m. k. tekið á þessum málum eins og Ungverska pressan og fleiri slíkir, trúað hinu ótrúlegasta og vitlausasta og úthrópað það. Þannig trúði Morgunblaðið því t. d., þegar *Göring lét kveikja í ríkisþinghúsinu í Berlín*, að kommúnistar hefðu gert það. Sama var að segja, þegar borgarastyrjöldin á Spáni brauzt út, þá fagnaði Morgunblaðið yfir því og tók *þegar afstöðu gegn lýðræðisstjórninni, en með* uppreisnarmönnum. Þannig hefir það og alltaf gengið, hafi verið hallað á lýðræðisþjóðirnar, Morgunblaðið hefir jafnan lagzt á sveif með einræðisríkjunum, fagnað þeirra málstað, en fært málstað hinna á verri veg. Jafnaðarmannablöðin hafa þvert á móti reynt að láta allar þjóðir njóta sannmælis, og tekið upp vörn fyrir lýðræðisríkin, þegar blöð sjálfstæðismanna hafa hallað á þau. Það þýðir því ekkert fyrir hv. þm. G.-K. eða aðra nazista að vera að reyna að telja fólki trú um, að blöð þeirra hafi verið eitthvað sérstaklega „fair play“ í framkomu sinni gegn öllum erlendum þjóðum, og sú mun raunin á verða, að enda þótt þau reyni af fremsta megni að breiða út lygi og slúður um alla þá, sem þau telja andstæða sér í skoðunum, þá mun það þó verða sannleikurinn, sem sigrar að lokum.

***Héðinn Valdimarsson:** Við þessar umræður hefir það greinilega komið í ljós, á hvaða grundvelli flokkar þeir starfa, sem hér greinir á. Eftir því, sem þeir hæstv. forsrh. og hv. þm. G.-K. hafa látið um mælt, þá eru það landráð að segja sannleikann. Ég vil því leyfa mér að skora á hæstv. forsrh. að gefa yfirlýsingu um það, á hvern hátt þetta umdeilda fréttaskeyti hafi skaðað Ísland. Gefi hann ekki slíka yfirlýsingu strax, þá lýsi ég hann vísvitandi ósannindamann að því, sem hann hefir verið að fleipra um þetta. Um hitt atriðið, sem hér er um deilt, að kröfur Þjóðverja um lendingarstaði fyrir flugvélar myndi svarað þegar Emden kæmi, vil ég segja það, að mér heyrðist ráðh. segja þetta, en vel má vera, að um misheyrn hafi verið að ræða, þar sem orðin „*nefndin*“ og „Emden“ eru svo lík. Og hitt kannast ég við, að hann sagði í ræðu síðar, að hann skildi ekki, hvaða samband hv. 5. þm. Reykv. fyndi á milli komu sendinefndarinnar og komu Emden. Annars verð ég að segja það, að ég verð að telja það í meira lagi saknæmt hjá þessum nýju samherjum, hv. þm. G.-K. og hæstv. forsrh., að þeir skuli berjast við að láta líta svo út, að við þurfum ekki að vera á verði um sjálfstæði okkar nú á þessum tímum, þegar einræðisríkin innlima saklaus lönd hvert af öðru. Það getur ekki talizt óeðlilegt, þó að við, sem erum Íslendingar í fleiri ættliði, lítum svo á, að hér þurfi að gæta allrar varúðar.

Við höfum enga löngun eða tilhneigingu til þess að gerast annarar þjóðar þegnar. Um þetta gegnir að sjálfsögðu öðru máli hvað snertir hæstv. forsrh. og hv. þm. G.-K., — þar segir ætternið til sín.

Ég veit það ofur vel, að ræða hv. þm. G.-K. er bending um það, hvað þeir, hæstv. forsrh. og hann, vilja í þessum málum, að komið sé á fullkominni ritskoðun og skeytaskoðun, til þess að lygin fái notið sín sem bezt, og Morgunblaðs- og Tímalygin fái að dafna í ró og friði. Á þetta bendir m. a. frv., sem hæstv. forsrh. hefir borið fram á þessu þingi. Þá gengur þess og enginn dulinn, að hann myndi leysa Sósialistafl. upp, ef hann þyrði og gæti.

***Ólafur Thors:** Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að þeim félögunum, hv. 3. og 5. þm. Reykv. Hv. 5. þm. Reykv. sagði, að það væri bezt fyrir mig að minnast þegnskapar míns í stjórn Landsbankans. Þessi ummæli hv. þm. eru blöð af hinu sama illgresi og fréttaskeytið, sem sent var til hins erlenda blaðs, til þess að reyna að gera Íslendinga að þrælum erlendra stórvelda. Mér er sama, þó að menn deili hart innbyrðis á meðan leikurinn er háður innan takmarka hins íslenzka ríkis, en þegar farið er að flytja deilumálin á erlendan vettvang, gegnir öðru máli. Þá eiga allir Íslendingar að rísa upp sem einn maður á móti landráðamönnunum, — mönnunum, sem svívirða land sitt og þjóð með útsendingu falskra lygafregna, eins og nú hefir sannazt á hv. 5. þm. Reykv. Hér er ekki hugsað um neitt annað en framkvæma það, sem þingmaðurinn hefir svarið Stalin, alveg án tillits til þess, hverjar afleiðingar það kann að hafa í för með sér fyrir land og þjóð þingmannsins.

Þá sagði þessi hv. þm., að allt, sem hæstv. forsrh. hefði sagt um daginn hefði borið þess ljósan vott, að hann hefði jafnan haft herskipið Emden í huga. (**HV:** Hvað er herskipið Emden að gera hingað?). Ætli það sé ekki að koma með olíu handa hv. 3. þm. Reykv.?

Hv. 5. þm. Reykv. gat þess sem dæmi um, hversu utanríkismálin væru viðkvæm í Danmörku, að mjög meinlaus frásögn, sem höfð var eftir öðru blaði, hefði verið stöðvuð fyrir mjög mikilsmetnum dönskum blaðamanni, fyrir þær sakir einar, að þýzka sendiherranum í Kaupmannahöfn þótti hún ekki sem vinsamlegust í garð Þjóðverja. Var þó um frásögn eftir erlendu blaði að ræða. Þrátt fyrir þessar staðreyndir símar þó þessi hv. þm. út fregnir, sem beinlínis geta orðið til þess að æsa Þjóðverja gegn okkur.

Þá var hann að tala um æsingu, sem ríkti hér meðal fólks út af þessum málum. Þetta er bara ekki rétt. A. m. k. hefi ég ekki orðið neinnar æsingar var, enda ekki ástæða til slíks, þó að hingað komi til samningaumleitana fulltrúar frá vinsamlegri viðskiptaþjóð.

Það er meiri ósvifni en hægt er að lýsa með orðum, að þessi maður, sem uppvís er orðinn að stórhættulegum og fölskum fréttaburði, skuli leyfa sér að ráðast á blað eins og Morgunblaðið, sem í alla staði er heiðarlegt í fréttaflutningi sínum, og bera það þeim sökum, að það hafi farið vísvitandi með rangan fréttaburð í þeim tilgangi að níðra lýðveldisstjórninni á Spáni. Þetta er og þeim mun hraklegra, þegar það er vitað, að blaðið hefir þrásinnis tekið hanzkann upp fyrir lýðræðisstjórnina, og það miklu oftar en fyrir þá mennina, sem hann kallar uppreisnarmenn. Það er því hreint og beint hlálegt, að þessi maður, sem allir vita að er þjónn erlends ríkis, skuli vera með slíkt og þvílíkt glamur.

Þá vildi hv. 3. þm. Reykv. halda því fram, að ég myndi vilja taka upp þá stefnu, að mönnum væri með valdboði bannað að láta uppi skoðanir sínar, og jafnvel refsað fyrir að segja sannleikann. Þetta eru vitanlega, eins og allt annað, sem þessi hv. þm. fleiprar með, rakalaus ósannindi. Hitt er annað mál, að ég vil ekki, að verið sé að fara með rakalaus ósannindi og staðlausa stafi á erlendan vettvang, eins og t. d. skeyti það, sem kommúnistar sendu til hins danska bræðrablaðs síns. Eða t. d. hina umræddu grein í Manchester Guardian, sem sterkur grunur liggur á, að runnin sé frá hinum sömu rótum.

Þá lét hv. þm. orð falla um það, að það væri í fyllsta máta undarlegt, að takmarka umræður um utanríkismálin svo mjög við utanríkismálanefnd. Út af þessu vil ég beina þeirri fyrirspurn til þessa hv. þm., hvort hann reki ekki minni til þess, að hann á sínum tíma hafi borið fram till. um skipun utanríkismálanefndar og þá um leið átt sinn þátt í að skapa fyrirkomulag hennar og starfsaðferðir. Ég fyrir mitt leyti tel rétt að halda þeirri skipun á meðferð mála hjá n., að sem minnstu af málum þeim, sem hún fær til meðferðar, sé sleppt út til almennings, a. m. k. ekki fyrr en þau eiga þangað eitthvert erindi.

Um misheyrn þeirra félaga, hv. 3. og 5. þm. Reykv., skal ég fátt eitt segja. En dálítið er það undarlegt, að hv. 3. þm. Reykv., sem áður var jafnaðarmaður, en er nú kommúnisti, skuli haldinn sama misheyrnarkvillanum og hv. 5. þm. Reykv. Það verður ekki annað sagt en að þau séu dálítið einkennileg þessi sameiginlegu flokkseinkenni þessara félaga.

Ég mun ekki fara út í deilur um það, hvor okkar hv. 3. þm. Reykv. sé meiri Íslendingur. Ég tel mig a. m. k. eins mikinn og góðan Íslending og hann. Annars minnir þetta mig á atvik, sem kom fyrir hér fyrir nokkrum árum. Jón sál. Þorláksson og Magnús Torfason deildu í spaugi um ætterni sitt. Báðir voru komnir beint frá Finni biskupi, Jón í kvenlegg, en Magnús í karllegg. Magnús taldi það finna að vera kominn í beinan karllegg frá hinum ágæta manni. Jón taldi, að svo kynni að vera, en hitt væri víst, að sitt ætterni við biskupinn væri þó alltaf öruggara en hans.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég finn ekki ástæðu til að deila mikið við hv. 5. þm. Reykv. um það, hvernig hann hafi heyrt það, sem ég sagði um daginn, þegar ég svaraði fyrirspurnum hans, en það, sem kemur mér til að álykta, að hann hafi sagt vísvitandi skakkt frá, er

það, að strax og umræðurnar voru búnar áttum við tal um þetta, og sagði ég honum þegar, að hann hefði heyrt rangt. Að fara eigi að síður að hlaupa með misheyrn sína í erlend blöð er að fara vísvitandi með ósannindi.

Hv. 3. þm. Reykv. beindi til mín fyrirspurn um það, hvernig skeyti þeirra félaga gæti skaðað íslenzka hagsmuni. Það þarf ekki mikilla útskýringa með, að þegar slík skeyti sem þetta skeyti Þjóðviljans eru send út, þar sem sagt er, að Þjóðverjar séu að hræða okkur, muni á margan hátt geta gert okkur tjón, enda liggja fyrir símskeyti frá Sveini Björnssyni, þar sem spurzt er fyrir, hvernig í ósköpunum standi á þessu. Í skeytinu er verið að fara með hrein og bein ósannindi um þjóð, sem er okkur vinveitt og hefir alltaf verið og ég vona að verði sem lengst. Þannig skaðar það vináttusamband vort við þessa þjóð og vekur ástæðulausa tortryggni hjá öðrum þjóðum.

***Einar Olgeirsson:** Ég vil ítreka það, að hæstv. forsrh. getur afturkallað það, sem hann hefir sagt, en hann getur ekki neitað að hafa sagt það. Ef hann sér, að hann hefir hlaupið á sig, getur hann leiðrétt það, en ekki afneitað ummælum sínum.

Hæstv. ráðh. heldur því fram, að umrætt skeyti hafi skaðað okkur, því að það sé skaðlegt, er vinveitt viðskiptaþjóð sé borin slíkum sökum. Halda menn þá, að nazistastjórnin þýzka, sem á einu ári hefir lagt undir sig þrjú sjálfstæð ríki og part af því fjórða, kippi sér upp við það, þó að sagt sé í erlendu blaði, að hún hóti? Ríkiskanzlari þessarar stjórnar hefir haft þann sið að undanförnu að kalla til sín menn, sem voru í svipuðum stöðum meðal annara þjóða og hæstv. forsrh. hér, og segja við þá: Ég gef ykkur 24 klukkustunda frest til að láta af hendi land ykkar, og ef það verður ekki gert, læt ég ráðast á ykkur á morgun. — Slíkir kippa sér varla upp við það, þó að minnzt sé á það, að þeir hóti.

Þá kem ég að ræðu hv. þm. G-K. Það kemur úr hörðustu átt, þegar hann fer að prédika það, að þótt menn rífist hér innbyrðis, ættu þó allir Íslendingar að standa saman út á við um það, að skaða ekki þjóðina. Ég verð að segja, að mér blöskrar hræsnin í þessum orðum hv. þm. Þarf að fara að rifja upp fyrir þjóðinni það, sem hann og hans samherjar hafa gert þjóðinni til skaða? Á að fara að rifja upp Spánarmúturnar, sem íslenzkir útvegsmenn voru látnir borga? Er svona farið að því að skaða ekki þjóðina? Útvegsmenn hér muna líka eftir verðjöfnunarskattinum. Eða á að minna á það, er útvegsmenn í Vestmannaeyjum ætluðu hér um árið að reyna að selja fiskinn beint til kaupendanna, en eitt útgerðarfélag hér, sem Kveldúlfur heitir, kom í veg fyrir það, samanber Gismondi-múturnar. Á þetta að vera dæmi um það, hvernig Íslendingum beri að standa saman um það, að skaða ekki landið?

Hv. þm. talaði einnig um hinar ógurlegu árásir á þjóðbankann. Ég get minnt hann á það, sem gerðist hér á vetrarþinginu 1935. Þá átti K. F. Í. engan fulltrúa á þingi. En þá var það upplýst á lokuðum þingfundi, að fjmrh. hefði sent skeyti til eins bankans í London, þar sem lýst var yfir því, að ríkið myndi ekki taka frekari lán án hans vitundar og vilja. Einn þm., hv. 1. þm. Reykv., bar þá fram fyrirspurn á þingi út af þessari yfirlýsingu, — og hvað var það þá, sem blöð Sjálfstfl. báru á brýn þeim mönnum, er þá fóru með fjármál landsins? Báru þau þeim ekki landráð á brýn? Þetta getur Sjálfstfl. rifjað upp, áður en hann fer í flatsængina til þessara sömu manna.

Þessir menn ættu einmitt að íhuga það, hvernig þeir hafa sjálfir farið með þjóðbankann. En það fer nú að verða nokkuð margt, sem þeir kæra sig ekki um, að rifjað sé upp eða afhjúpað í framtíðinni af því, sem enn kann að gerast. Annars ætla ég að rifja upp aðeins eitt atriði, svo að það komi ekki vitlaust í þingtíðindunum. Hv. þm. hafði það rangt upp eftir mér, að ég hefði talað um, að greinin hefði verið stöðvuð, heldur, að manni hefði verið vikið frá um stundarsakir fyrir að birta greinina.

En svo að ég víki að andúð þeirri, sem hérlend skrif kunna að vekja erlendis, þá er það gefið, að allt, sem við skrifum, andstæðingar fasismans, getur vakið andúð hjá nazistum, jafnvel það, að við mælum ekki með öllum þeirra kröfum. En við Íslendingar verðum að hafa frelsi til að vernda okkar rétt, og við getum ekki tekið tillit til þess, hvað þær ríkisstjórnir telja rétt, sem innleitt hafa nazismann í löndum sínum.

Viðvíkjandi prentvél þeirri, sem hv. þm. minntist á, get ég upplýst lítið eitt viðvíkjandi prentfrelsinu hér á landi. Það er rétt, að sænski Kommúnistafl. sendi Sósialistafl. hér setjaravél að gjöf. Hvers vegna? Af því að flokknum var ómögulegt að fá leyfi til að kaupa sér prentvél. Það hefir engum verið fært, nema hann stæði í sambandi við hina ráðandi stjórnmálaflokka. Á þennan hátt hefir verið reynt að hefta prentfrelsi landsmanna. Og þegar svo er, þá er það eina ráðið, að verkalýðshreyfingin, hvar sem er í heiminum, standi saman um að hindra slíka frelsisskerðingu. Í þessu sambandi er vert að minna á það, að stjórnmálaflokkar hér á landi, sem gefa út stærstu blöðin, virðast hafa samkomulag sín á milli um aðgang að þeim opinberum fyrirtækjum, er þeir ráða yfir, til hagnýtingar fyrir blöðin. Framsfl. notar t. d. ríkisstofnanirnar til að láta þær auglýsa í Tímanum, og eins notar Sjálfstfl. fyrirtæki bæjarins, þó að okkar blöðum sé neitað um auglýsingar frá þessum stofnunum ríkis og bæjar. Svo skiptast þessir flokkar á auglýsingum, þannig, að Reykjavíkurbær auglýsir öðruhverju í Tímanum, en ríkisfyrirtækin aftur í Morgunblaðinu, og kemur þá út sú hjákátlega mynd, að t. d. sjúkrasamlag Reykjavíkur auglýsir í Tímanum, en Þjóðviljanum er neitað um auglýsingar frá því. Ég vildi aðeins skjóta þessu hér inn í sambandi við það, sem hv. þm. sagði.

Að síðustu vil ég víkja stuttlega að þeim orðum hv. þm. G.-K., er hann sagðist ekki hafa orðið var við, að Morgunblaðið hefði dregið

taum neins sérstaks ríkis öðrum fremur. Hann les þá Morgunblaðið illa, ef hann hefir ekki orðið þess var. Allir sjáandi menn hafa t. d. tekið eftir afstöðu Morgunblaðsins til Spánar. Annars er hér ekki um það að ræða, hvort menn halda fram málstað eins ríkis fremur en annars í þeim málum, sem nú er um deilt. Þar sem nazisminn á í hlut, er ekki um að ræða afstöðu sérstaks ríkis, heldur stefnu, ef stefnu skyldi kalla, sem vill eyða þeim grundvelli, sem vér höfum hingað til talið nauðsynlegan til þess að geta lifað menningarlífi, sem vill brjóta niður mannréttindi og annað það, er menn njóta í siðuðum þjóðfélögum. Þetta er ekki venjuleg stefna, svo sem ihald eða frjálslyndi, heldur villimennska, sem allri Evrópu stafar af stórkostlegur háski. Þetta verða menn að athuga. Og það er ekkert til af því, sem við Íslendingar byggjum sjálfstæði okkar og frelsi á, sem ekki stafar hætta af nazismanum. Sá, sem ekki tekur afstöðu á móti nazismanum, er að svikja þessa hluti. Þýðir ekki að vera að breiða yfir þetta með tali um vinveittar viðskiptaþjóðir. En það er hinsvegar eðlilegt, að þeir, sem vilja koma þessu skipulagi á hér, reyni að dylja þessa hættu, sem af nazismanum stafar. Þeim tekst það bara ekki stundum, eins og t. d. í síðustu kosningum, þegar þeir tóku upp nafnið á Breiðfylkingu Francos.

***Forseti (JörB):** Umr. eru nú komnar allmikið út fyrir efni það, sem um var að ræða í fyrirspurn þeirri, er hér var borin fram. Það hefir tíðkazt stundum, að bornar væru fram fyrirspurnir utan dagskrár. Hefir þeim þá verið svarað, og hafa menn að jafnaði haldið sér vel við efnið. En hér hefir nú umr. slegið mjög á dreif, og hefir verið blandað inn í þær ekki aðeins innanlandsmálum, heldur og erlendum þjóðum. Verð ég að átelja ýms þau ummæli, er hér hafa verið viðhöfð, og ekki síst ummæli hv. síðasta ræðumanns. Er óþarfi að vera hér með spár um, hvers við kunnum að eiga að vænta í framtíðinni eða draga erlendar þjóðir eða ríkisstjórnir inn í umr. meira en nauðsyn ber til. Vil ég því biðja þá hv. þm., er enn eiga eftir að taka til máls, að taka tillit til þessa og halda sér við umræðuefnið, en sleppa öllu, sem því er óviðkomandi. Annars mun ég hér eftir, er fyrirspurnir verða fram bornar um svipuð efni, sem líkur eru til, að miklar umr. verði um, gera kröfu til þess, að þær verði bornar fram á þinglegan hátt, en ekki utan dagskrár.

***Héðinn Valdimarsson:** Það væri öðru líkt, ef hæstv. forseti færi nú að hindra, að menn gætu kvatt sér hljóðs utan dagskrár, eins og tíðkazt hefir hér, og er það einmitt í samræmi við það, sem hv. þm. G.-K. vill.

Annars vildi ég aðeins víkja fáum orðum að hv. þm. G.-K. og hæstv. forsrh. Ég vil taka það fram án allrar meinfýsi í garð hv. þm. G.-K., að ég tel, að karlleggurinn sé líka alveg óruggur hvað hann snertir. En þó að menn séu af útlendu bergi brotnir, efast ég ekki um, að þeir geti fyrir því verið góðir Íslendingar, það situr bara ekki á slíkum mönnum sérstaklega að vera að bera okkur hinum það á brýn, að við séum óþjóðlegir.

Hv. þm. gat þess, að Sósialistafl. hefði fengið prentvél gefins frá sænska Kommúnistaflokknum. Hv. 5. þm. Reykv. skýrði það að nokkru. Annars ætti hv. þm. G.-K. að vita, að við erum jafnvinsamlegir í garð kommúnistaflokkanna í nágrannalöndunum eins og sósialdemókrataflokkanna og óskum vinsamlegrar samvinnu við báða, svo sem flokkur okkar er upp byggður.

En það eru fleiri, sem fengið hafa aðstoð erlendis frá. Alþfl. fekk til dæmis 20 þús. kr. erlendis frá, er Alþýðublaðið byrjaði að koma út, og síðar 25 þús. kr. Og nú er Alþfl. að taka erlendis 200000 króna lán, sem hann mun ekki geta borgað aftur, svo að menn sjá, að þessir styrkir nema mun meira en prentvélin, sem okkur var gefin skilyrðislaust.

Þegar Morgunblaðið var stofnað, fekk það líka mikið fé frá Danmörku meðal annars, og það meðan sjálfstæðisbaráttan stóð yfir hér. Var það haft fyrir satt, að þessi fjárhagslega aðstoð við Morgunblaðið væri í té látin til þess, að Morgunblaðið drægist ekki of mjög inn í sjálfstæðisbaráttuna.

Þá sagði hv. þm., að ég hefði stofnað til utanríkismálan. En ég veit ekki til þess, að fyrir liggi nein ákvæði um það, að menn skuli sérstaklega þegja um öll þau mál, sem gerast í utanríkismálanefnd, nema þá það, sem rétt virðist að halda leyndu í það og það sinn.

Að því er snertir norsku samningana, þá var þar verið að laumast að þjóðinni með þá, án þess að henni væri frá nokkru skýrt, eins og hefði þó verið sjálfsagt. Annars er það skrítin kenning, að enginn megi vita neitt um utanríkismálin, nema þeir, sem í þessari n. eru. Hvernig á þá þjóðin að mynda sér skoðun um það, hvað fulltrúar hennar aðhafast. Hæstv. forsrh. þegir eins og steinn, og aðrir mega ekki koma með neina gagnrýni, þó að þeir fái ekkert að vita um það, sem gert er í þessum málum. Þetta er svo andstætt því, sem gerist í nágrannalöndum vorum, að það getur ekki kallast sama stjórnarfar. Eins er um það, er hæstv. forseti vill banna mönnum að minnast hér á erlendar þjóðir. Í öllum þingum heimsins er slíkt leyfilegt, og ég held því fram, að hæstv. forseti hafi ekki vald til að meina mönnum orðið um slík mál.

Þá hefir hæstv. forsrh. runnið algerlega á því að koma með dæmi um það, á hvern hátt Ísland hefði skaðazt á ummælum Arbeiderblaðsins danska hér á dögunum. Hann getur sér þess til, að Þjóðverjum kunni að gremjast þessi ummæli og að það geti komið niður á öllum Íslendingum. Ég skil ekki þessar röksemdir. Hvað heldur hann, að oft hefði lent í stríði, ef Þýzkaland hefði hvert sinn farið á stað, er blaðamenn erlendis hafa leyft sér að tala óðruvísi um herra Hitler en hann óskaði? Hæstv. forsrh. verður að koma með önnur rök en þessi. Ég sagði áðan, að ef hann gæti ekki komið með áþreifanleg dæmi, þá væri yfirlýsing hans vísvitandi ósannindi. Og ég sé ekki,

að það geti verið vont fyrir okkur, að lýðræðisþjóðirnar líti í kringum sig og athugi, hvað nazistar eru að hafast að hér á landi. Við munum, hvernig síðustu skilaboðin voru, þegar Memel var tekin, að ef ekki væri komið svar innan 48 klukkustunda eða ef leitað yrði aðstoðar, þá myndi þýzki herinn ráðast inn í landið. Væri því sannarlega tími til kominn, að hæstv. forsrh. færi að gera einhverjar ráðstafanir til að tryggja landið fyrir samskonar árásum.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég lesa upp þetta umrædda skeyti, eftir beiðni hv. 5. þm. Reykv., sem sendi það, svo að menn geti séð í þingtíðindunum, hvernig það hljóðaði. En hvorki hv. þm. G.-K. né hæstv. forsrh. hafa minnzt á sjálft skeytið, heldur aðeins fyrirsagnir blaða. Skeytið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Olgeirsson interpellerede idag paa socialistpartiets vegne althinget om tyske flyvere og emdens forestaaende besög statsministeren oplyste at tyskerne forlanger landingspladser for flyvemaskiner paa grund af gamle kontrakter om mestbegunstigelse men regeringen mener tyskerne kan ikke forlange disse rettigheder da andre nationer heller ikke har dem men herom vil der forhandles naar emden kommer sagde ministeren uforvarende skönt flyverne kommer med dronning alexandrine Olgeirsson fremhevede at islenderne ikke vil give tyskerne landingspladser og venter at regeringen holder fast paa det standpunkt."

Þetta er nú allt og sumt. Og hér með er staðfest, að það, sem hv. þm. G.-K. og hæstv. forsrh. hafa sagt hér, eru staðlausir stafir.

***Forseti (JörB):** Hv. 3. þm. Reykv. ætti að vera það ljóst, að ef menn gætu hvert sinn talað um hvaða mál sem væri eins lengi og þeim þóknast, þá væri það einkennilegt þinghald. Umr. utan dagskrár eru algerlega á valdi forseta. Ég hefi leyft, að menn flyttu fyrirspurnir og héldu uppi umr. um þær, en þær umr. mega þá ekki fara á víð og dreif, eins og hér hefir orðið. Ég vil benda hv. þm. á, að það þarf ekkert að láta niður falla, þó að fyrirspurnir séu bornar fram á þinglegan hátt og þær prentaðar.

***Ólafur Thors:** Ég skal fúslega viðurkenna, að það er rétt hjá hæstv. forseta, að þessar umr. hafa farið víðar en æskilegt er, enda hygg ég, að hæstv. forseti hafi nú beint þeim ákúrum þangað, sem þær eiga heima. Ég skal því á engan hátt gerast brotlegur með því að fara að rifja upp öll hin gömlu ósannindi kommúnista, sem hv. 5. þm. Reykv. tók upp í ræðu sinni, eins og t. d. um Gismondi-samninginn, Spánarmálin o. fl.

Ég verð að viðurkenna, að sum þau ummæli sem féllu hjá hv. 5. þm. Reykv., eru þannig vaxin, að ég veigra mér við að taka þau upp, því það yrði aðeins til að vekja á þeim aukna athygli, sem ég tel mjög óheppilegt. Þó má segja um niðurlag síðustu ræðu hans, sem var ádeila gegn stjórnarstefnu viss ríkis, að heimfæra hefði mátt hana upp á stjórnarstefnu þess ríkis, sem hann starfar undir, þ. e. Rússlands, þar sem enginn maður hefir skoðana- eða atvinnufrelsi og frelsi einstaklingsins eru settar þrengri skorður en nokkurstaðar þekkist annarstaðar, og þeir, sem grunaðir eru um að hafa aðrar skoðanir en ríkisvaldið, verða að lúta þeirri reglu, að öxin og jörðin geymi þá bezt.

Meiri afskipti mun ég svo ekki hafa af hans ræðu.

Mig undrar, að maður eins og hv. 3. þm. Reykv. sem er skýrt hugsandi, skuli vera svo afarslysinn að segja frá því, að hinn íslenzki svokallaði Sósíalistafl. sé jafnvinveittur sósíalista- og kommúnistaflokkum nágrannalandanna. Samt vita allir hv. þdm., að t. d. í Danmörku er hvergi skarpari andstaða í stjórnmálum en einmitt á milli Sósíal- og Kommúnistaflokksins, en svo sprettur hér upp viðrini, sem er kallaður íslenzkur Sósíalistaflokkur og er báðum þessum flokkum jafnvinveittur.

Mér þykir gott, að hv. þm. hefir viðurkennt, að Alþýðuflokkurinn hefir þegið þessar gýligjafir frá Dönum, sem hann hefir þó oft neitað, fyrst 20 þús. kr. og síðar 25 þús. Það er lán fyrir þennan hv. þm., að hann er kominn úr þeim flokki, áður en hann er farinn að taka 200 þús. kr. lán það, sem nú er á döfinni.

Um það, að Morgunblaðið hafi þegið styrk frá Dönum, er það að segja, að það er tilhæfulaust, það hefir aldrei þegið neinn slíkan styrk, beint eða óbeint. E. t. v. teldi hv. þm. það styrk frá Dönum, ef ég hefði styrkt Morgunblaðið, en það hefi ég ekki gert, því miður. Morgunblaðið, hefir ætíð staðið á verði í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar og barizt þar fremst í fylkingu.

Ég vil ekki fara að rekja upp, hvað gerðist í sambandi við norsku samningana 1932, að öðru leyti en því, að við, sem sömdum fyrir hönd ríkisstj. Íslands, höfðum skuldbundið okkur um þagnarheit um vissan tíma um viss mál. Þessi hv. þm. fékk þá tækifæri til, sem trúnaðarmaður vegna stöðu sinnar í utanríkismálanefnd, að sjá þessa samninga, og notaði þá trúnaðarstöðu sína til þess að svíkja það heit, sem við höfðum gefið erlendu ríki. Ég veit, að allir hv. þm., og þá eins hv. 3. þm. Reykv., vita, að hjá öllum þjóðum hvílir nokkur leynd á mörgum þáttum utanríkismála þeirra, og telur sérhver þjóð hag sínum bezt borgið með því. Jafnmargfróður maður og hv. 3. þm. Reykv. veit þetta vel, þótt hann vilji ekki draga af því réttar ályktanir, hvorki í þessu máli né tilfellum, sem ég hefi bent á.

Ég skal ljúka ræðu minni með því, að þótt hér liggi fyrir skeyti, sem sagt er að sé skeyti það, sem kommúnistar sendu, tek ég það ekki sem algilda sönnun fyrir því, að afritið sé eins og skeytið, sem sent var. En þó er í þessu skeyti, sem hér liggur fyrir, staðfest allt það, sem ég og hæstv. forsrh. höfum borið á kommúnista. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Olgeirsson interpellerede i dag paa sosialistpartiets vegne althinget om tyske flyvere og emdens forestaaende besög. Statsministeren oplyste, at tyskerne forlanger landingspladser for flyvemaskiner paa grund af gamle kontrakter om mestbegunstigelse, men regeringen mener tyskerne kan ikke for-

lange disse rettigheder, da andre nationer heller ikke har dem, men herom vil der forhandles naar emden kommer, sagde ministeren uforvarende, skönt flyverne kommer med dronning alexandrine. Olgeirsson fremhævende, at Islenderne ikke vil give tyskerne landingspladser og venter at regeringen holder fast paa det standpunkt." — Hvað er hér verið að draga fram? Að forsrh. Íslands hafi svarað fyrirspurninni hér á Alþingi á þann hátt, að samningar um þetta atriði yrðu gerðir þegar Emden kæmi, enda þótt mennirnir, sem semja ættu kæmu með „Drottningunni". Hv. 3. þm. Reykvíkinga er að reyna að telja umheiminum trú um, að forsætisráðherra hafi lýst því yfir, að þótt nefnd kæmi frá vissu félagi — Luft-Hansa — til að semja um flugvélalendingastaði, sem það þættist eiga rétt til á Íslandi, þá semji forsrh. ekki við þá, heldur við þýzka hervaldið, þegar Emden komi. Það er ekki hægt að blæfalsa meir það, sem fram fór hér á Alþingi, en eins og hér er gert í afritinu af þessu skeyti.

Ég vil, að það sé þeim fast í minni, sem hér hlýða á, að forsrh. hefir lýst því yfir, að kommúnistar hafi vísvitandi rangfært sín ummæli og skaðað með því þjóðina, og að hann telji, að slík ummæli megi ekki eiga sér stað og að hann muni reyna að fá íslenzkum lögum breytt, svo slíkt verði refsivert. Mun ég styðja hann við þá lagasetningu.

***Haraldur Guðmundsson:** Ég skal ekki lengja umr. mikið, enda verð ég að segja, að þær hafa farið mjög á annan veg en ég taldi eðlilegt og æskilegt.

Því getur enginn neitað, að það, sem gaf tilefni til þessara umr., er býsna alvarlegt, sérstaklega fyrir þá, sem kunna að bera ugg í brjósti vegna landvinninga þjóðverja og útbreiðslu nazismans. Það, sem er aðalatriðið í þessu efni, er, hvort upplýsingar þær, sem eru í skeyti því, sem sent var kommúnistablaði í Kaupmannahöfn, eru réttar eða rangar, og það er víst, að þær eru rangar. Ég sat nærri hæstv. forsrh., þegar hann svaraði fyrirspurninni, og ég heyrði, að hann sagði, að þetta yrði rætt, þegar nefndin kæmi, en hv. þm. símar blaðinu, að þetta verði rætt þegar Emden kæmi, enda þótt samningamennirnir kæmu með „Drottningunni", og undirstrikar það. Hér er rangt frá sagt, og ekki er hægt annað að segja en að það gæti gefið tilefni til vissra krafa frá vissum aðilum, og hversu alvarlegt það gæti verið, ætti þeim hv. þm. að vera kunnugt um, sem flutti hér alllanga hugvekju um afskipti þessarar þjóðar af málefnum í Danmörku, sem þó var ekki farið rétt með. En þeim, sem ekki vilja gefa tilefni til slíkra afskipta hér, ætti að vera ljóst, að gæta þarf þá meiri varfærni í frásögnum um þetta efni.

Ég verð að harma, að slíkt skeyti sem þetta skuli hafa verið sent, og einnig verð ég að harma, að umr. um svo alvarlegt málefni skuli fara í þá átt á Alþingi sem orðið hefir; þær hafa farið út í umr. um óskyld mál og hnútukast milli einstakra þm. Ég verð að álíta, að um utanríkismál öll verði þjóðin að standa einhuga á bak við framkvæmdir, og mér er ánægja að því, að þessa sé getið hér á Alþingi, og vona, að svo verði í framkvæmdinni.

Ég get ekki lokið máli mínu án þess að minnast á ræðu hv. 3. þm. Reykv. og það, sem hann sagði um samstarf Sósialistafl. við erlenda stjórnmálaflokka. Hann sagði, að flokknum væri jafnkærir kommúnistar og sósialistar. Ég vil ekki bera brigður á hans hlýja hugarfar til beggja þessara flokka, en varla mun eins tryggt um hugarfar sumra flokksbræðra hans, eins og t. d. hv. 5. þm. Reykv. Hvað snertir vinskap Sósialistafl. við erlenda flokka, verð ég að segja, að mér er ekki kunnugt um, að nein vináttumerki hafi komið fram í þeirra garð frá sósialistaflokkum nágrannalandanna. Sú pressa, sem hv. þm. talaði um, að sósialistar hér hefðu fengið að gjöf, mun hafa komið frá kommúnistum í Svíþjóð einum, og að hún var gefin án allra skilyrða, mun hafa verið af því, að þeir vissu, hver þiggjandinn var og hvernig hún myndi notuð.

Að því er snertir það, að hann sagði, að Alþfl. væri að leita sér að 200 þús. kr. láni í Svíþjóð, sem hann ætlaði sér aldrei að borga, þá vil ég upplýsa, að hafi undanfærslur hv. þm. um að veita lánið stafað af því, að hann hefir haldið, að ekki ætti að greiða það, þá eru þær á mjög miklum misskilningi byggðar.

Á 32. fundi í Nd., 3. apríl, utan dagskrár, mælti

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vil leyfa mér að gera tvær fyrirspurnir til hæstv. forsrh. Önnur fyrirspurnin er um það, hvernig gangi með þjóðstjórnarmyndun þá, sem Framsfl., ásamt öðrum tveimur þingfl. hefir verið að semja um um langan tíma undanfarið, hvort enginn árangur hafi enn orðið af þeim samningum, eða hvort hans sé ekki að vænta. Þingið hefir á margan hátt beðið eftir því, hvað gerðist í þessum efnum, og meðgöngutíminn virðist vera orðinn hæfilega langur til þess að barnið geti fæðzt, ef það kemur lifandi í heiminn.

Hin fyrirspurnin er viðvíkjandi því, hvort ráðuneytinu hafi borizt nokkur fregn frá Vilhjálmi Þór um lántökumöguleika í Ameríku í sambandi við þá menn, sem hér komu á dögunum, og hvort honum hafi verið vísað á nokkra fjármálastofnun þar, sem hann geti samið við.

Þriðja atriði, sem ég ætla að spyrja um, virðist vera komið hér fram í frv.formi.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það hefir ekki komið nein skýrsla frá Vilhjálmi Þór um lántökumöguleika. Hinni fyrirspurn hv. þm. verður svarað í dag, í skýrslu, sem ég mun lesa hér upp.

Á 53. fundi í Nd., 6. nóv., utan dagskrár, mælti

***Héðinn Valdimarsson:** Ég vildi gjarnan mega beina tveimur eða þremur fyrirspurnum til hæstv. ríkisstj. Ég hygg, að þær snerti sérstaklega hæstv. forsrh., svo mér þætti vænt um, ef hann væri látinn vita af þessu.

Það hefir komið fram í blöðum, að tveir sjómenn af þýzku skipi, sem lá hér á höfninni, hafi strokið á land af skipinu, en síðan verið teknir og fluttir á Litla-Hraun. Ég vildi beina því til hæstv. forsrh., að hann gefi stutta skýringu út af þessu. Mér hefir skilizt, að viðvíkjandi slíkum mönnum sé um tvennt að ræða, annaðhvort, að þeim sé vísað úr landi eða þeir fái landvistarleyfi. En mér er ekki kunnugt um, að menn séu þannig teknir fastir, nema um hermenn sé að ræða. Aftur á móti er hér maður, sem var fluttur í land sjúkur af þýzkum kafbát, og það hefir verið sagt — og ég vil biðja hæstv. forsrh. að leiðrétta, ef það er rangt —, að sá maður, sem er hermaður og ætti því að einangrast, gangi laus. Ég vil vænta frekari skýringa á þessu.

Í öðru lagi vil ég minnast á, að í blöðum hefir staðið, að bók ein, sem heitir „Í fangabúðum“ og fjallar um ástandið í fangabúðum Þýzkalands, hafi verið bönnuð fyrst um sinn. Þessi bók hefir verið seld hér 1—2 ár undir öðru nafni. Ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvers vegna nú fyrst sé bönnuð sala á þessari bók, og hvort svo eigi að vera áfram.

Þriðja fyrirspurn mín er út af ensku flugvélinni, sem hingað kom. Það er sagt, að foringi hennar eigi að koma hingað, en ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvenær sé von á honum og hvort flugvélin muni koma með honum.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Það hefir verið venja hér á hv. Alþ., að fyrirspurnir væru bornar fram skriflega, og áður en vikið er frá þeirri venju, þá mun ég athuga, hvort í þessu máli sé ástæða til að víkja frá henni. Ég mun athuga hvort ég get fallizt á, hvort tími þingsins sé notaður eftir geðþótta einstakra þm., þegar þarf að taka önnur áríðandi mál til afgreiðslu. Ég mun því taka mér frest til að svara og athuga hvort ástæða er til að víkja frá þeirri venju, að fyrirspurnir séu bornar fram skriflega.

***Héðinn Valdimarsson:** Það er svo að sjá, sem hæstv. forsrh. geti ekki í fljótu bragði áttað sig á fyrirspurnum mínum. Ég hefi auðvitað ekkert á móti því, að hann fái frest til að svara þeim. En honum er álíka kunnugt um það og mér, að mörg síðari árin hefir það tíðkazt, að þm. komi fram með stuttar fyrirspurnir utan dagskrár og þeim sé svarað. Ég veit ekki betur en hann hafi sjálfur komið fram með slíkar fyrirspurnir og fengið þeim svarað. Hinsvegar er mér kunnugt um, að þó komið hafi verið fram með skriflegar fyrirspurnir til ríkisstj., þá hafi þær verið látnar falla niður.

Á 22. fundi í Sþ., 28. des., utan dagskrár, mælti

***Jóhann Jósefsson:** Fjvn. hefir ritað stj. bréf og ráðið til að taka Þór til fiskflutninga eða láta hann koma að gagni við framleiðsluna. Mun stj. hafa tekið líklega í það mál.

Af ástæðum, sem öllum eru kunnar, hefi ég ekki getað haft áhrif á gang þessa máls undanfarnar vikur. Nú þykist ég sjá, að ráðið sé að taka Þór til annara starfa en hann hefir haft að gegna undanfarin ár. Ég vil aðeins stuttlega minna á, að árið 1926, þegar stj. tók við Þór, fylgdi því sú kvöð, að skipinu yrði haldið úti til björgunar og eftirlits við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð ár hvert 3½—4 mánuði. Og þegar gamli Þór strandaði, var þáltill. samþ. í Nd. með shlj. atkv. árið 1930, sem hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að sjá um það, að björgunar- og eftirlitsstarfinu við Vestmannaeyjar verði af hálfu ríkisins haldið áfram framvegis með ekki lakari skilyrðum fyrir Vestmannaeyjar en áður og að til þess verði notað engu ófullkomnara skip en Þór var“.

Grundvöllurinn er sá sami og þegar skipið var keypt, sem nú heitir Þór og á undanförnum árum hefir með prýðilegum árangri annazt þessa gæzlu og björgun mannslífa, en á nú að taka frá því starfi, eins og ég hefi áður vikið að. Nú hefi ég heyrt, að það hafi verið skoðun n., þó að það hafi ekki beinlínis komið fram á þskj., að hæstv. ríkisstj. ætli sér að láta standa áfram þetta grundvallaratriði samnings þess, sem gerður var við kjördæmi mitt, þannig, að í stað þess, að Þór hefir haldið uppi þessari gæzlu, þá verði Ægir látinn annast hana á sama hátt og Þór áður. En með því að þetta hefir ekki svo að ég viti verið staðfest, þá vil ég leyfa mér hér með að beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra landhelgismálanna, hvort það sé ekki réttur skilningur, að varðskipið Ægir eigi framvegis að gegna þeim björgunar- og eftirlitsstörfum við Vestmannaeyjar, sem Þór hefir haft á hendi hingað til.

Ég skal svo ekki orðlengja meira um þetta. Ég hefði kosið að fara aðra leið í þessu máli en að tala um það utan dagskrár, ef þess hefði verið kostur, en af því að það var ekki, þá varð ég að velja þessa leið og vona, að menn skilji það.

Ég bíð svo eftir svari hæstv. ráðh., sem er mjög svo þýðingarmikið fyrir þá menn, sem mest stunda fiskveiðar á vetrarvertíð við Vestmannaeyjar.

***Forsrh. (Hermann Jónasson):** Ég skal taka fram, að till. hv. fjvn. er samin í samráði við till. stj., og í þeim er gert ráð fyrir, að varðskipið Ægir verði til gæzlu og eftirlits við Vestmannaeyjar með svipuðum eða sama hætti og Þór hefir verið áður, en Óðinn verði við Faxaflóa. Vænti ég, að þetta svar nægi. Það er alveg rétt, að það hefir hvergi verið staðfest skjallega, en ég get staðfest það hér með.

***Jóhann Jósefsson:** Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessi skýru og greinagóðu svör og leyfi mér samkv. því að leggja í það þann skilning, að sá grundvöllur, sem lagður var 1926 og staðfestur af Alþingi 1930 um framhaldandi gæzlu og eftirlit við Vestmannaeyjar á vetrarvertíð, standi enn óhaggaður og stj. ætli nú að öllu leyti að láta Ægi koma í staðinn fyrir varðskipið Þór. Ég leyfi mér að fullyrða, að þessi yfirlýsing hæstv. stj. er gleðiefni öllum þeim mörgu mönn-

um, sem þarna stunda atvinnu, og þeirra aðstandendum.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til þess að færa hæstv. stj. og þeim stofnunum, sem hafa haft framkvæmd þessa eftirlitsstarfs á hendi á undanförnum árum, bæði dómsmálaráðuneytinu og eins skipaútgerð ríkisins, þakkir fyrir, hversu samvizkusamlega þeir hafa útfært þessa gæzlu, og vona, að svo muni enn verða framvegis.

II. Afgreiðsla mála úr nefndum.

Á 51. fundi í Ed., 25. apríl, utan dagskrár, mælti

Magnús Jónsson: Ég tók ekki glögglega eftir, hvort hæstv. forseti tók á dagskrá 82. mál, frv. um breyt. á l. um útsvör. Ég er hræddur um, að svo hafi ekki verið, og vil ég þá spyrja hæstv. forseta, hvort hann hafi ekki hugsað sér að taka það á dagskrá og greiða fyrir því.

Forseti (EÁrna): Þetta mál var sett í n., og það hefir ekki enn komið frá henni.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vildi nota tækifærið og spyrjast fyrir um, hvort hv. allshn. hafi athugað frv. það, sem hér var samþ. til 2. umr. og vísað til allshn., um meðalmeðgjöf og bætur vegna gengisfallsins. Hafi n. ekki fjallað um það enn, þá vil ég mælast til, að hún geri það strax, svo það geti komið á dagskrá á næsta fundi.

Erlendur Þorsteinsson: Þar sem hæstv. forseti upplýsir, að hv. allshn. hafi enn ekki skilað nál. um frv. til l. um breyt. á útsvarsl., þá vil ég mælast til, að hún skili áliti um málið, svo það nái fram að ganga, því í frv. eru mikilvæg atriði, sem bæirnir þurfa með vegna innheimtu á útsvörum.

Sigurjón Á. Ólafsson: Mér þykir hlýða að svara nokkru þeim fyrirspurnum, sem komið hafa fram viðvíkjandi þessum málum, sem bæði hafa verið hjá allshn. Eins og kunnugt er, þá kom mál til n. síðdegis á laugardag, en n. hafði ekki svigrúm til fundarhalda fyrr en í gær. Hún hélt þá 2 fundi og tók bæði málin fyrir. Um 82. mál er það að segja, að n. er sammála um, að hún telur allmikilla breyt. þörf á frv., en þær breyt. eru þess eðlis, að n. treysti sér ekki til að gera þær breyt. á svo skömmum tíma, sem er til umráða. N. kallaði hæstv. félagsmálaráðh. á fund sinn og skýrði honum frá agnúum þeim, sem hún teldi á málinu, svo honum er kunnugt um, hvernig málið horfir við frá n. hálfu.

Um hitt málið er það að segja, að í því felast nokkrar réttarbætur handa þeim, sem taldir eru í frv. N. sá sér ekki fært á þeim tíma, sem hún hafði til umráða, að athuga þetta mál þannig, að hún sæi sér fært að gera skynsamlegar till. í málinu, þar sem hún vildi tryggja sér áður, hvað mikil útgjöld þetta hefði í för með sér.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil endurtaka áskorun mína til n. um að afgr. þetta mál sem fyrst. Í sambandi við útgjöldin vil ég benda n. á, að í raun og veru er það mál einfalt. Ef gert er ráð fyrir, að ríkissjóður taki aðeins sinn hlut af hækkuninni, þá yrði hans framlag ekki nema 200 þús. kr. til lífeyrissjóðsins.

Forseti (EÁrna): Ég vildi benda hv. þm. á, að þetta er utan dagskrár.

Á 80. fundi í Ed., 9. des., utan dagskrár, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Vegna þess að nú hafa legið alllengi hjá allshn. tvö frv., sem ég ber fram, sem sé frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík, og frv. til l. um breyt. á l. nr. 92 19. júní 1933, um lögreglumenn og mig er farið að lengja eftir þeim, vildi ég leyfa mér að spyrjast fyrir um, hvernig gangi með þau, því að það getur tafið störf þingsins, ef þau koma ekki bráðlega frá allshn.

Sigurjón Á. Ólafsson: Út af fyrirspurn hæstv. forsrh., um þessi mál vil ég segja það, að honum mun e. t. v. vera kunnugt um, hvað líður afgreiðslu annars málsins, sem hann spurði um. En um hitt málið er það að segja, að það er til meðferðar hjá allshn., og bæði þessi mál eru þess eðlis, að þau þurfa töluverðrar íhugunar og rannsóknar við, og viðtöl við einstaka menn, sem þessi mál geta snert. Allshn. hefir haft fjölda mála með höndum til þess að vinna að, og sumpart mál, sem ekki hefir orðið komizt hjá að taka til afgreiðslu sem fyrst. Það var alls ekki meining mín né annara nm. að svæfa þessi mál yfir þingtímann, en ef þingtíminn er ætlaður svo stuttur, að ekki sé hægt fyrir þm. að athuga þau tímans vegna, þá verða þau að bíða.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vildi benda á, að þessi mál, sem komin eru fram fyrir löngu, ættu ekki að vera svo tímafrek fyrir allshn., að þau þurfi að tefja störf alls þingsins, en það gera þau, ef n. skilar ekki áliti sínu í tæka tíð.

Forseti (EÁrna): Ég vildi skjóta því til hv. allshn., að hún hraði afgreiðslu þessara mála eftir því sem föng eru á.

Á 89. fundi í Ed., 20. des., utan dagskrár, mælti

Sigurjón Á. Ólafsson: Þann 22. nóv. síðastl. var vísað til fjhn. frv. um stríðsslysatryggingu sjómanna, sem ég flutti hér í þessari hv. d. Ég vildi nú spyrjast fyrir um, hvort n. hefði í hyggju að skila nál. áður en þingi lýkur, eða hvort það er meining n. að láta ekki uppi neitt álit um frv.

Ég geri mér í sjálfu sér ekki mikla von um, að málið gangi fram á þessu þingi, en vildi

samt, að álit n. sæist um það, hvort hún er mótfallin frv. eða ekki.

Bernharð Stefánsson: Fjhn. hefir sinnt þessu máli, sem um er spurt, mjög fljótt, eftir að það kom til n., því að eftir að því var vísað til n. var það sent til stjórnar tryggingana til umsagnar, og ekki eru nema fáir dagar síðan n. barst svar hennar. En n. hefir haft ýmsu að sinna og ekki getað komið því við að taka þetta mál fyrir til afgreiðslu enn. En ég a. m. k. sem formaður n. hefi í hyggju, og það kannske strax í dag að taka þetta mál fyrir á nefndarfundi. (SÁÓ: Ég mun láta mér það nægja, ef ég fæ eitthvað að sjá).

Á 91. fundi í Ed., 22. des., utan dagskrár, mælti

forseti (EÁrna): Ég vil geta þess um þau 5 mál, sem nú eru eftir á dagskrá (frv. um ráðstafanir vegna núv. styrjaldarástands, frv. um fiskimálanefnd o. fl., frv. um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna, frv. um fræðslu barna og frv. um útvarpsrekstur ríkisins) og öll eru borin fram að tilhlutun stjórnarinnar fyrir milligöngu nefndar, að þar sem nú er komið að þinglokum og orðið naumt um tíma, vildi ég hafa á þeim þá meðferð og hraða þeim svo, að úrslit fengjust um þau hér í deildinni í dag og þau gangi fram, ef þau á annað borð hafa meiri hluta þings bak við sig. Vil ég vonast til að deildin stuðli að þessu. Enda þótt skiptar skoðanir kunni að vera um málin, ætti að vera hægt að ganga úr skugga um það, hvort nægur meiri hl. er fyrir því, að þau gangi gegnum deildina.

Erlendur Þorsteinsson: Ég vil fyrir mitt leyti sem einn af fjhn. mönnum mótmæla því, ef á að hafa óvenjulegan og óþinglegan hraða á þessum málum. Ég hefi gerzt meðflm. þeirra ásamt öðrum fjhn. mönnum að beiðni ríkisstj., með það fyrir augum, að þessi mál færu til n., til þess að þau yrðu athuguð þar nánar. Við höfum ekkert athugað þessi mál, aðeins borið þau fram. Ég fyrir mitt leyti gerði því ráð fyrir, að þau færu til þeirra n., sem að réttu lagi eiga að athuga þau.

Forseti (EÁrna): Ég vil benda hv. þm. á, að það er ekki venja, þegar n. flytja mál, að þau fari til annara n., en vitanlega getur hv. þm. komið með till. um það.

III. Minning látinna manna.

Á 12. fundi í Ed., 7. marz, áður en gengið var til dagskrár, mælti

forseti (EÁrna): Áður en tekið verður til fundarstarfa að þessu sinni, vil ég minnast nokkrum orðum nýlátins merkismanns, er átti sæti á Alþingi um langt skeið, alls á 21 þingi, og lengst af í efri deild, eða á 17 þingum hér í deildinni. Þessi maður er Guðjón Guðlaugsson, áður þingmaður Strandamanna og síðan landskjörinn þingmaður. Hann andaðist hér í bænum í gær.

Guðjón Guðlaugsson fæddist 13. desember 1857 að Skarði á Skarðsströnd, var af alþ.fólki kominn, sonur Guðlaugs Jónssonar lausamanns og Bjargar Tómasdóttur bónda í Galtardal Jónssonar. Á unglingsárum sínum stundaði Guðjón sveitavinnu og sjóróðra. Innan við tvítugt naut hann um 2 mánaða skeið kennslu í unglingaskóla, er Torfi Bjarnason, síðar í Ólafsdal, hélt uppi um skeið að Hvoli í Saurbæ. Réðst hann skömmu síðar að Laugabóli við Ísafjarðardjúp, til Halldórs Jónssonar búfræðings, síðar bónda á Rauðamýri, og naut hjá honum tilsagnar í búfræði og jarðyrkju. Veturinn 1880—1881 dvaldi hann í Danmörku, á búgarði á Langalandi og víðar, við búfræðinám. Þegar heim kom, hafði hann á hendi um skeið jarðabótastörf fyrir bændur á Ströndum. Vorið 1883 reisti hann bú að Hvalsá í Steingrímsfirði og bjó þar í 5 ár, þá flutti hann bú sitt að Ljúfustöðum í Kollafirði og bjó þar til ársins 1902, og síðan að Kleifum í Steingrímsfirði til 1907. Verzlunarfélag Dalasýslu tók fyrr einnig til Stranda, og átti Guðjón þátt í stjórn þess félags 1892—1899, er Strandamenn gengu úr félaginu og stofnuðu sjálfir kaupfélag, Verzlunarfélag Steingrímsfjarðar. Var Guðjón formaður þess frá upphafi allt til 1919, er hann fluttist burt úr sýslunni til Reykjavíkur. Árið 1907 brá Guðjón búi og fluttist til Hólmavíkur til þess að gefa sig allan við stjórn kaupfélagsins. Á þessum árum hlóðust á Guðjón margvísleg störf. Hreppstjóri var hann 1887—1902 og 1916—1919. Í hreppsnefnd átti hann sæti nær óslitið frá 1884 til 1919, og var lengst af oddviti hennar. Frá 1917 til 1919 var hann formaður fasteignanefndar Strandasýslu. Strandamenn kusu hann á þing 1893, og átti hann þar sæti óslitið til 1907. Við kosningarnar 1908 féll hann sem margir aðrir rótgrónir þingmenn, er kosið var um sambandslagafrumvarp millilandanefndarinnar frá 1907, en hlaut kosningu af nýju 1911 og sat á þingunum 1912—1913. Landskjörinn þingmaður var hann frá 1916 til 1922. 1901—1905 átti hann sæti í milliþinganefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálum, og varð ávöxtur af starfi þeirrar nefndar sveitarstjórnarlögin frá 1907 og fátækralögin frá 1905. 1919—1921 sat hann í yfirmatsnefnd fasteigna landsins og þá einnig um skeið í verðlagsnefnd. Eins og fyrr segir, fluttist hann til Reykjavíkur 1919 og keypti þá nýbýli sunnan við bæinn, Hlíðarenda, og bjó þar til dauðadags. Jafnframt gekk hann í stjórn Búnaðarfélags Íslands og sat í henni til 1924, var formaður hennar um 3 ára skeið, en gjaldkeri félagsins 1923—1934.

Strandamenn áttu þar traustan og ötulan foringja í héraði sem Guðjón var, bæði gætinn og glöggan fjármálamann og jafnframt áhugasaman og ódeigan til átaka um nýjar framkvæmdir, einkum í landbúnaðar- og verzlunarmálum. Sjálfur bjó hann þar rausnarbúi og stýrði kaupfélagi sínu með fullri forsjá.

Á þingi var Guðjón Guðlaugsson með aðsópsmestu kjarkmönnum í bændastétt, ræðumaður góður, kappsfullur og óvæginn, ekki sízt á yngri árum, vel verki farinn og hugkvæmur á margt, sem til framfara horfði, einkum í landbúnaði og sveitamálum. Hann mun t. d. hafa átt hugmyndina að stofnun ræktunarsjóðs Íslands. Um framsýni hans í málum bændastéttarinnar má og minnast þess, að hann var einn af aðalhvatamönnum fyrstu girðingalaganna, en við slíkri lagasetningu hraus almenningi þá mjög hugur, og ekki sízt bændunum sjálfum.

Guðjón Guðlaugsson mun jafnan skipa sæmdarsess í viðreisnarsögu íslenzkra bænda.

Ég vil biðja háttvirta þingmenn að votta minningu þessa látna merkismanns virðingu sína með að rísa úr sætum sínum.

[Allir þdm. stóðu upp.]

Á 32. fundi í Nd., 3. apríl, áður en gengið var til dagskrár, mælti

forseti (JörB): Áður en störf þessa fundar hefjast vil ég minnast nokkrum orðum látins merkismanns, sem átti sæti hér á Alþingi skamma stund, eða á einu þingi, fyrir fast að hálfri öld, 1891, og sat þá í neðri deild. Þessi maður er hinn þjóðkunni rithöfundur Indriði Einarsson, sem andaðist síðastliðinn föstudag, 30. marz, í hárri elli, nærri 88 ára.

Indriði Einarsson var Skagfirðingur að ætt, fæddur á Húsabakka í Skagafirði 30. apríl 1851, sonur Einars Magnússonar, síðar bónda í Krossnesi, og konu hans Eufemiu Gísladóttur sagnaritara Konráðssonar. Hann útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1872, fyrir 67 árum, las síðan hagfræði við háskólann í Kaupmannahöfn og tók fyrstur íslenzkra manna próf í þeirri grein 1877. Að loknu námi fór hann til Skotlands til framhaldsnáms, en 1878 hvarf hann heim og gerðist fyrst aðstoðarmaður landfógeta um skeið, en frá 1. jan. 1880 var hann skipaður til þess að hafa á hendi hina umboðslegu endurskoðun landsreikninganna. Jafnframt því starfi sá hann um samningu og útgáfu landshagsskýrslna um 40 ára skeið og lagði með því hornstein að hagfræði Íslands, eins og merkur danskur hagfræðingur komst að orði um hann. Þegar stjórnin fluttist inn í landið 1904, var endurskoðun reikninga og samning landshagskýrslna lögð undir fjármáladeild stjórnarráðsins og Indriði Einarsson skipaður þar fulltrúi. Fimm árum síðar, 1909, var hann gerður að skrifstofustjóra þeirrar deildar og gegndi því starfi til 1918, en þá var honum veitt lausn frá embætti með fullum launum.

Indriði Einarsson hafði snemma áhuga á að koma peninga- og bankamálum landsins í viðunanlegt horf, studdi að stofnun Landsbankans og síðar Íslandsbanka, og á því eina þingi, sem hann sat, 1891 (fyrir Vestmannaeyjar), barðist hann fyrir stofnun innlends brunabótasjóðs, þótt það mál gengi eigi fram fyrr en nærri fjórðungi aldar síðar.

Þá er og þjóðkunn starfsemi hans í þarfir bindindismálanna. Var hann um langt skeið einn helztu forvígismanna góðtemplarareglunnar og hinn athafnamesti í því starfi. Eftir stofnun stórstúkunnar var hann ritari hennar 6 fyrstu árin, en stórtemplar á árunum 1897—1903.

Enn er eftir að minnast þess þáttar í æfistarfi Indriða Einarssonar, sem lengst mun í minnum hafður, en það er ritstörf hans, einkum leikritagerð. Tvö hin fyrstu leikrit sín, Nýársnóttina og Hellismenn, samdi hann á skólaárum sínum, hið fyrra 18 ára gamall, en hið síðara um tvítugt, og nutu þau bæði þegar mikilla vinsælda. Löngu síðar endursamdi hann bæði þessi verk sín. Af öðrum leikritum, sem eftir hann liggja, má nefna Sverð og bagal, Skipið sekkur, Dansinn í Hruna og Hinn síðasta víking. Auk þess hefir hann þýtt fjölda leikrita, einkum eftir Shakespeare. Fyrir fáum árum gaf hann út æfiminningar sínar, Séð og lifað, og kann þar frá mörgu að segja af löngum lífsferli.

Allt, sem Indriði Einarsson ritaði, var létt og lipurt, með ljóðrænu ívafi, samfara þeirri fjörlegu og góðlátlegu kímni, sem einkenndi þennan prúða og kvika mann. Hann stakk ekki svo niður penna í blaði, að mönnum þætti ekki unun að lesa, og jafnvel svo þyrkingslegt efni sem landshagsskýrslur eru tókst honum að gera að skemmtilestri.

Af starfi sínu að leikritagerð og áhuga fyrir leikmennt varð Indriða Einarssyni ljósara flestum mönnum fremur, hve örðugt slík mál áttu uppdráttar í svo fámennu og afskekktu landi sem Ísland er, þar sem svo fátt er að sjá og læra í þeim efnum. Hugsjón hans um þjóðleikhús hér á landi spratt af þessum skilningi hans og áhuga. Hann átti allra manna mestan þátt í að hrinda því máli í framkvæmd, og þótt svo hafi skipazt fyrir rás viðburðanna, að honum auðnaðist ekki að sjá þá stofnun taka til starfa, hefir hann þar reist sér veglegan minnisvarða.

Indriði Einarsson var léttur í spori og máli, íþróttamaður, hrókur alls fagnaðar, tiginn í framgöngu og skartmenni, ungur í sjón og raun langt fram á elliár.

Ég vil biðja háttv. þingdeildarmenn að votta minningu þessa þjóðkunna merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þdm. stóðu upp.]

Á 50. fundi í Nd., 24. apríl, mælti

forseti (JörB): Ég hefi þá sorgarfregn að flytja háttvirtum deildarmönnum, að Þorbergur Þorleifsson alþingismaður í Hólum andaðist í gær eftir þunga legu, tæplega 49 ára að aldri. Á síðasta hausti kom hann hingað suður sjúkur til þess að leita sér heilsubótar, lagðist í sjúkrahús til uppskurðar, en sjúkdómurinn reyndist illkynjuð meinsemd, er svo hafði grafið um sig, að vonlaust var um lækningu. Hann fór heim aftur í desembermánuði, lagðist brátt rúmfastur og var orðinn svo þungt haldinn, þegar Alþingi kom saman í febrúar, að hann gat ekki farið til þings, þótt hann hefði á því fullan hug. Og nú

hefir hann hlotið þá hvild, sem ein fékk létt honum þrautirnar, eins og komið var.

Þorbergur Þorleifsson fæddist 18. júní 1890 að Hólum í Hornafirði, sonur Þorleifs Jónssonar bónda og alþingismanns og konu hans Sigurborgar Sigurðardóttur, bónda í Krossbæ í Hornafirði Þórarinssonar. Hann ólst upp í foreldrahúsum, en sat í Flensborgarskóla veturinn 1905—1906 og þrem árum síðar einn vetur í gagnfræðaskólanum á Akureyri, tók við bústjórn hjá föður sínum 1910, en reisti sjálfur bú í Hólum 1930. Má því heita, að hann hafi alið allan aldur sinn í föðurgarði. Hann átti snemma þátt í félagslífi sveitunga sinna, var einn af stofnendum ungmennafélagsins austur þar 1907 og í stjórn þess jafnan síðan. Í margvíslegum félagsmálum öðrum átti hann drjúgan þátt. Hann var formaður hrossaræktarfélagsins og hestamannafélags Hornfirðinga frá stofnun þeirra, enda var hann mikill hestamaður, átti sjálfur marga góðhesta og hafði orð á sér sem tamningamaður. Í skólanefnd átti hann sæti frá 1926 og í hreppsnefnd frá 1929. Meðan faðir hans, Þorleifur Jónsson, sat á þingi, 1908—1933, gegndi Þorbergur fyrir hann hreppstjórn og öðrum trúnaðarstörfum. Þegar faðir hans lét af þingmennsku 1933, var Þorbergur kosinn í hans stað og átti síðan sæti á Alþingi, hér í þessari deild.

Þorbergur Þorleifsson var frjálslyndur í skoðunum, ötull bóndi, áhugasamur um mál stéttar sinnar og ódeigur að leggja inn á nýjar brautir, sem hann taldi horfa til nytsemdar og fjölbreytni í framleiðslu sveitanna og til styrktar afkomu manna þar. Má þar nefna loðdýrarækt, sem hann tók upp fyrstur manna í sýslu sinni og með góðum árangri. Það mál lét hann og mjög til sín taka á Alþingi og beittist þar fyrir bættri löggjöf á því sviði. Önnur mál, sem honum voru einkum hugfólgin, voru samgöngumálin og byggingamál sveitanna. Hann flutti frumvarp um strandferðasjóð og annað um byggingarsjóði í sveitum. En hann einblíndi þó engan veginn á þau verðmæti, sem í askana eru látin. Skáld og listamenn áttu þar eindreginn málsvara, sem hann var. Hann trúði á hlutverk þeirra manna með þjóðinni og vildi hlynna að þeim á allan hátt.

Þorbergur Þorleifsson var hrekklaus maður, glaðvær og góðviljaður. Slíkir menn verða jafnan vinsælir, hvar sem þeir fara.

Ég vil biðja háttvirta deildarmenn að minnast þessa látna þingbróður vors, sem nú er fallinn frá á bezta aldri, með því að rísa úr sætum sínum. Vér snúum hugum vorum til hins aldraða föður hans og annara ástvina og vottum þeim innilega samúð. [Allir þdm. stóðu upp.]

Fundarstörf fara engin fram hér í hv. deild í dag, og eru öll mál tekin af dagskrá, en sett á dagskrá í sömu röð á næsta fundi d. sem ákveðinn er á morgun, þriðjudaginn 25. apríl, kl. 10 árdegis.

Á 48. fundi í Ed., s. d., mælti

forseti (EÁrna): Í tilefni af andláti Þorbergs Þorleifssonar alþingismanns fellur niður fundur hér í hv. deild í dag.

Ég vil biðja hv. dm. að votta hinum látna þingbróður virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum. [Allir deildarmenn risu úr sætum.]

Næsti fundur hér í hv. d. verður settur kl. 10 árdegis á morgun með sömu dagskrá.

Á 9. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (HG): Vegna fráfalls Þorbergs Þorleifssonar alþm. fellur þessi fundur niður, og eru öll mál, sem ræða átti í dag, tekin út af dagskránni. Næsti fundur, með sömu dagskrá, er ákveðinn á morgun, kl. 2 miðdegis.

Á 12. fundi í Sþ., 1. nóv., utan dagskrár, mælti

forseti (PO): Frá því er fundum Alþingis var frestað í vor hafa tveir fyrrv. alþingismenn látizt, og vil ég, áður en þingstörf hefjast að nýju, minnast þeirra nokkrum orðum.

Annar þessara manna, Björn Kristjánsson fyrrv. bankastjóri, andaðist 13. ágúst síðastliðinn. Björn Kristjánsson fæddist 26. febrúar 1858 í Hreiðurborg í Flóa, sonur Kristjáns Vernharðssonar bónda þar og konu hans Þórunnar Halldórsdóttur, bónda í Þorlákshöfn Guðmundssonar. Hann ólst upp hjá fátækum foreldrum, en fór þaðan snemma í vinnumennsku til vandalausra og vann á unglingsárum sínum að algengum sveitastörfum jafnhliða sjóróðrum á vertíðum, eins og þá var títt. 18 ára að aldri tók hann að nema skósmíði og stundaði þá iðn um 6 ára skeið, 1876—1882. Frá bernsku hneigðist hugur hans mjög að söng og hljóðfæralist, og dvaldi hann í Kaupmannahöfn 1878—1879 og 1882—1883 til framhaldsnáms í söngfræði. Eftir heimkomu sína hafði hann alllengi á hendi kennslu í hljóðfæraslætti og söngstjórn, samdi nokkur sönglög og kennslubók í söngfræði. Á árunum 1883—1888 var hann við verzlunarstörf í Reykjavík, en á árunum 1888—1910 rak hann þar eigin verzlun, er hann fékk síðan í hendur syni sínum. Í rúman áratug, 1880—1891, var hann bæjargjaldkeri í Reykjavík. Á árunum 1909—1918 var hann bankastjóri í Landsbankanum, að fráskildum nærfellt 8 mánaða tíma á árinu 1917, er hann var fjármálaráðherra í ráðuneyti Jóns Magnússonar. Hann var þingmaður fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu óslitið yfir 30 ár, eða frá 1901 til 1931. Auk þess, sem hér er talið, gegndi hann og fjölmörgum trúnaðarstörfum í almenningsþarfir, átti m. a. um langt skeið sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Björn Kristjánsson var óvenju fjölhæfur gáfumaður og gæddur frábærum starfsvilja og starfsþreki, vildi brjóta hvert mál til mergjar, sem hann lagði hug og hönd að, og var ótrauður að taka á sig hverskonar vinnu og fyrirhöfn í því skyni. Hann naut engrar skólakennslu, en hafði einlægan hug á að mennta sig og brauzt þar áfram af eigin ramleik, lærði m. a. tungumál að mestu tilsagnarlaust, og mátti snemma heita mjög vil menntaður maður. Hann hafði sterkan og vakandi áhuga á þjóðmálum, og liggur eftir hann fjöldi ritgerða, einkum um fjármál, verzl-

unarmál og samgöngumál. Á þingi var hann sem annarstaðar starfsmaður mikill og lagði sig mjög fram um það að hlaða um málstað sinn sterkum rökum. Munu fáir eða engir hafa lagt jafnmikla vinnu og hann í greinargerðir sínar. Í stjórnmálabaráttunni gætti áhrifa hans mjög, jafnt innan þings sem utan, og mun hann jafnan verða talinn meðal hinna sóknhörðustu og þrautseigustu manna á þeim vígvelli. Hann hafði ríka trú á auðlindum landsins og var m. a. sannfærður um, að málmgröftur mundi hér framtíðaratvinnuvegur. Tók hann sér fyrir hendur að kynna sér þau mál, fór til Þýzkalands í þeim erindum og nam efnafræði og hafði um langt skeið með höndum sjálfstæðar rannsóknir á steinum og bergtegundum, er hann safnaði að sér víðsvegar af landinu.

Björn Kristjánsson var maður geðríkur og kappsfullur, óvæginn við þá, sem hann átti í höggi við, en tryggur og raungóður vinum sínum og mörgum mönnum hin mesta hjálparhella.

Hinn maðurinn, sem látizt hefir og ég vil hér minnast, er Þórður Thoroddsen læknir, þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu á árunum 1895—1902. Hann andaðist 19. f. m.

Þórður Thoroddsen var fæddur 14. nóv. 1856 í Haga á Barðaströnd, sonur Jóns Thoroddsens sýslumanns og skálds og konu hans Kristínar Þorvaldsdóttur, umboðsmanns Sívertsens í Hrappsey. Þórður útskrifaðist úr lærða skólanum í Reykjavík 1877 og úr læknaskólanum 1881. Veturinn eftir gegndi hann kennarastörfum við Möðruvallaskóla, en næsta vetur, 1882—1883, dvaldi hann við framhaldsnám í sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn og tók jafnhliða námskeið í tannlækningum. Árið 1883 var hann settur héraðslæknir í Keflavíkurhéraði og skipaður í það embætti tveim árum síðar. 1904 fékk hann lausn frá embætti, fluttist til Reykjavíkur og gerðist gjaldkeri Íslandsbanka, er þá var settur á stofn. Því starfi gegndi hann til 1909, síðan var hann starfandi læknir í Reykjavík til dauðadags. Auk þingmennskunnar, sem áður er getið, voru honum og falin ýms störf í þágu almennings á héraðslæknisárum hans syðra. Hann átti m. a. sæti í hreppsnefnd og sýslunefnd, var amtsráðsmaður um skeið, kaupfélagsstjóri í kaupfélagi Suðurnesja og framkvæmdastjóri þilskipafélags Suðurnesja. Hann var og um langt skeið einn af forvígismönnum góðtemplararreglunnar og stórtemplar í nokkur ár.

Þórður Thoroddsen var gáfaður maður, eins og hann átti kyn til, bar einkum gott skyn á allt, er að fjármálum laut, þótti prýðisgóður kennari í Möðruvallaskóla, var sérstaklega glöggur reikningsmaður og samdi reikningsbók til kennslu í skólum. Lengst mun hans þó minnst fyrir læknisstörf hans, er hann stundaði með alúð fram til síðustu stundar. Hann þótti ágætur læknir, nákvæmur við sjúklinga sína og hafði á þá góð áhrif með fjöri sínu og lipurð, enda báru þeir til hans hið bezta traust, og má segja, að fjölmargir þeirra hafi beinlínis trúað á hann.

Ég vil biðja háttv. þingmenn að votta minningu þessara látnu merkismanna virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þm. risu úr sætum.]

Á 84. fundi í Ed., 14. des., utan dagskrár, mælti

forseti (EÁrna): Áður en deildin tekur til fundarstarfa vil ég minnast látins fyrrv. þingmanns, sem átti sæti á Alþingi um 5 ára skeið og sat í efri deild. Þessi maður er Jón Jónsson bóndi í Stóradal. Hann andaðist hér í bænum í morgun eftir holskurð, 53 ára að aldri.

Jón Jónsson fæddist á Guðlaugsstöðum í Blöndudal 8. september 1886, sonur Jóns Guðmundssonar, er þar bjó þá, síðar bónda í Stóradal, og konu hans, Guðrúnar Jónsdóttur, bónda og alþingismanns Pálmasonar. Jón Jónsson gekk í lærða skólann í Reykjavík 1902, en fór úr 3. bekk og hætti námi, reisti bú í Stóradal 1910 og bjó þar til dauðadags. Jón gerðist snemma áhugasamur um héraðsmál og þjóðmál og varð forustu- og trúnaðarmaður sveitar sinnar og sýslu í flestum efnum. Hreppsnefndarmaður hafði hann verið um langt skeið og oft oddviti nefndarinnar, ennfremur sýslunefndarmaður yfir 20 ár auk margra annara trúnaðarstarfa. Verzlunar- og samvinnumál bænda lét hann og mjög til sín taka, átti frá ungum aldri sæti í stjórn Kaupfélags Húnvetninga og um alllangt skeið í stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Hann var landskjörinn þingmaður á sjö þingum, 1929—1933. Hann átti sæti í stjórn Kreppulánasjóðs frá 1. júlí 1933 til ársloka 1935, en þá var stjórn þess sjóðs fengin í hendur Búnaðarbankanum. Hin síðustu ár var Jón ritstjóri bændaflokksblaðsins Framsóknar, en hann var einn af aðalstofnendum þess flokks, á árinu 1934.

Jón í Stóradal var atkvæðamaður jafnt utan þings sem innan, hygginn og skapfasur, ötull málsvari stéttar sinnar og hverjum manni þrautseigari og eljusamari við þann málstað, er hann taldi réttan.

Ég vil biðja háttv. deildarmenn að votta minningu þessa merkismanns virðingu sína með því að rísa úr sætum sínum.

[Allir þdm. risu úr sætum.]

IV. Utanför þingmanns.

Á 38. fundi í Nd., 11. apríl, mælti

Forseti (JörB): Mér hefir borizt svohljóðandi bréf frá hv. þm. Snæf.:

„Reykjavík, 5. apríl 1939.

Ég leyfi mér hér með að tilkynna yður, hæstvirti forseti, að ég hefi af hálfu Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda verið kvaddur til að mæta á fulltrúafundi frá fiskframleiðsluþjóðum, sem háður verður í Lundúnum um miðjan þennan mánuð. Þar sem hér er að nokkru leyti um opinberan erindrekstur að ræða, mun ég leyfa mér að leggja í þessa för að fengnu leyfi Sjálfstæðisflokksins, enda þótt ekki hafi verið kostur

á að bera þetta undir samþykki þingsins. Ég mun koma heim í lok þessa mánaðar.

Virðingarfyllst

Thor Thors

Til forseta neðri deildar.“

V. Þingfrestun og setning þings af nýju.

Á 11. fundi í Sþ., 26. apríl, að lokinni dagskrá, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Alþingi hefir nú samþ. till. um frestun þingsins, þó ekki lengur en til 1. nóvember. Mér hefir borizt konungsbréf um frestun á fundum Alþingis, og er það svo hljóðandi:

„Vér Christian hinn tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldenborg.

Gjörum kunnugt: Að Vér viljum, að tilskildu samþykki Alþingis, veita yður sem forsætisráðherra Vorum umboð til þess í Voru nafni að fresta fundum yfirstandandi Alþingis frá því venjulegum störfum þess verður það langt komið, að ekki þyki ástæða til lengra þinghalds að sinni, þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 1. nóvember næstkomandi.

Gjört á Amalíuborg 22. apríl 1939.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli

Christian R.

(L. S.)

Með því að Alþingi hefir nú samstundis samþ. heimild til frestunar á fundum Alþingis, lýsi ég hér með yfir, samkvæmt því umboði, sem mér hefir verið veitt, að fundum Alþingis er frestað þar til síðar á árinu, þó ekki lengur en til 1. nóv. næstk.

Á 12. fundi í Sþ., 1. nóv., las forsætisráðherra upp konungsbréf, dags. 16. okt., um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 1. nóv. 1939. (Sjá Stjtíð. 1939, A. bls. 75).

Forseti skýrði frá, að þm. N.-Þ. (GG) væri veikur og þm. Seyðf. (HG) og þm. Vestm. (JJós) væru staddir erlendis f. h. ríkisins vegna millirikjasamninga, og mundu þessir 3 þm. ekki geta tekið þátt í störfum Alþingis fyrst um sinn.

VI. Rannsókn kjörbréfs.

Á 12. fundi í Sþ., 1. nóv., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs þm. A.-Sk., Jóns Ívarssonar. Var gert hlé á fundinum meðan kjörbréfanefnd lyki athugun þess, en eftir það var fundinum fram haldið.

Frsm. (Gísli Sveinsson): Herra forseti! Kjörbréfan. hefir komið saman og rannsakað, svo sem skylt var, kjörbréf hv. þm. A.-Sk., Jóns Ívarssonar, er kjörinn var við aukakosningu þann 25. júní síðastliðinn. N. hefir ekkert fundið athugavert við kosninguna og leggur því til við hv. Alþingi, að það samþ. hana.

ATKVGR.

Kosningin samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður undirritaði síðan drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

VII. Stjórnarskipti.

Á 33. fundi í Nd., 3. apríl, áður en tekið var til dagskrár, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Að tilhlutun Framsóknarflokksins hafa síðan í þingbyrjun farið fram samtöl milli Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um myndun þjóðstjórnar.

Sjálfstfl. hefir nú gefið þau svör, að hann vilji taka þátt í slíkri stjórnarmyndun, en hefir þó sett fyrir þeirri þátttöku nokkur skilyrði, sem enn eru ekki útrædd.

Frá Alþfl. liggur málið ekki fyrir í því formi, að afstaða hafi verið tekin til þess.

Er því auðsætt, að enn muni til þess þurfa nokkra daga að reyna til þrautar, hvort þjóðstjórn, sem þessir þrír flokkar standa að, verði komið á, en orðræðum um það mál verður haldið áfram. En umtal og umræður, sem orðið hafa um gengislækkun og fundarsamþykktir, sem gerðar hafa verið af ýmsum um það mál, hefir hinsvegar skapað það ástand í landinu, að úr því verður að fá skorið nú þegar, hvort Alþingi fellst á gengislækkun. Það mál þolir héðan af enga bið. — Framleiðslan má ekki við því að bíða lengur eftir þeirri hjálp, sem henni yrði að leiðréttingu á skráningu krónunnar. En auk þess eiga sér nú þegar stað uppkaup á vörubirgðum, sem til eru í landinu, svo að til vandræða horfir. Jafnframt hliðra innflytjendur sér hjá að kaupa inn vörur og láta af hendi, af ótta við að þurfa síðar ef til vill að greiða þær með breyttu gengi. — Þá eru eigi alllítil brögð að því, að útflytjendur dragi að selja vörur úr landi. Má segja, að afurðasalan sé því nær stöðvuð. Getur þetta m. a. valdið markaðstöpum. — Þá er og hitt eigi síður áberandi, að þeir, sem vörur selja úr landi, fresta afhendingu gjaldeyris í von um gengislækkun. En hvorttveggja þetta, sölutregðan og dráttur þess að skila gjaldeyrinum, hefir, eins og gefur að skilja, hin alvarlegustu áhrif á gjaldeyris- og viðskiptaástandið innanlands og gagnvart útlöndum, og verður eigi komizt hjá að ráða tafarlaust bót á því.

Af þessum ástæðum er nú borið fram á Alþingi frumvarp um þessi mál, og er það óumflýjanleg nauðsyn, að afbrigði frá þingsköpum verði veitt til þess að ekki þurfi að verða löng

bið á afgreiðslu frumvarpsins, hvort sem það verður samþykkt eða fellt í þinginu.

Á 39. fundi í Nd., 13. apríl, utan dagskrár, mælti

*Héðinn Valdimarsson: Ég vildi leyfa mér að gera þá fyrirspurn til hæstv. ríkisstjórnar, hvað liði öllum þeim bollaleggingum, sem ríkisstj. hefir staðið að og verið hafa milli stuðningsflokka hennar, Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl. um stjórnarmyndun. Hvort það sé nokkur endir á það kominn, hvort ríkisstj. muni ætla að sitja áfram, eða hvort hún ætli að láta ganga til kosninga og reyna þar með að tryggja það, að hér sitji ríkisstjórn með meiri hl. kjósenda að baki sér.

*Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Forsætisráðherra er hér ekki viðstaddur og getur þess vegna ekki svarað þessari fyrirspurn.

Ég skal aðeins taka það fram, að umleitanir um myndun þjóðstjórnar standa yfir, eins og greinilega hefir fram komið af fyrri yfirlýsingum forsrh. Ennþá er ekki hægt að segja, hvort af þeirri stjórnarmyndun verður, eða þá hvað við kann að taka, ef eigi verður af slíkri stjórnarmyndun.

Á 6. fundi í Sþ., 18. apríl, áður en gengið var til dagskrár, mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Eins og þingheimi er kunnugt, þá hefir tekizt samstarf á milli Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, eins og nánar kemur fram í símskeytum til konungs, er ég nú skal lesa:

„Allra þegnsamlegust tillaga um veitingu ráðherra lausn frá embætti og um skipun ráðherra.

Umræður þær, sem um nokkurt skeið hafa farið fram milli þriggja aðalþingflokkanna um þjóðstjórnarmyndun, hafa nú borið þann árangur, að samkomulag er nú fengið á milli þeirra um samvinnu í ríkisstjórn og um víðtækt samstarf í löggjafarmálum. Er samkomulag um það, að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eigi hvor um sig tvo ráðherra í ráðuneytinu og Alþýðuflokkurinn einn ráðherra.

Í sambandi við þetta samkomulag hefir atvinnu- og samgöngumálaráðherra Skúli Guðmundsson ákveðið að beiðast lausnar frá ráðherraembætti, og er það því allra þegnsamlegust tillaga mín, að yðar hátign mætti allra mildilegast þóknast að veita ráðherranum lausn frá embætti.

Samkvæmt ábendingum Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins leyfi ég mér hér með jafnframt að skýra frá, að æskilegt er, að skipaðir verði í ráðherraembætti þeir Jakob Möller alþingismaður, Ólafur Thors alþingismaður, og Stefán Jóh. Stefánsson hæstaréttarmálaflutningsmaður, forseti Alþýðusambands Íslands. Samkvæmt þessu leyfi ég mér lotningarfyllst að leggja það til, að yðar hátign mætti allra mildilegast þóknast að skipa Jakob Möller alþingismann, Ólaf Thors alþingismann, og Stefán Jóh. Stefánsson hæstaréttarmálaflutningsmann, forseta Alþýðusambands Íslands, til þess að vera ráðherra í ráðuneyti Íslands, en um embættiseið ráðherranna leyfi ég mér að gera sérstaka tillögu til yðar hátignar. Skipunarbréf hinna nýju ráðherra til allrahæstar undirskriftar leyfi ég mér að senda í pósti.

Forsætisráðherra, 17. apríl 1939.

Allraþegnsamlegast

Hermann Jónasson".

Jafnframt hefi ég sent annað símskeyti:

„Konungurinn, Kaupmannahöfn.

Allra þegnsamlegust tillaga um skiptingu starfa ráðherranna, sem nú skipa ráðuneyti Íslands, og um breytingar um stundarsakir á allrahæstum úrskurði 29. des. 1924 um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Í því trausti, að yðar hátign megi allra mildilegast þóknast að fallast á aðra tillögu mína um veiting ráðherra lausn frá embætti og um skipun ráðherra, leyfi ég mér allra þegnsamlegast að bera fram eftirfarandi tillögu um skipting starfa ráðherranna.

Af málum þeim, sem samkvæmt konungsúrskurði 29. des. 1924 heyra undir forsætisráðherra, skulu utanríkismál falin ráðherra Stefáni Jóhanni Stefánssyni og ennfremur sveitarstjórnarmál, þar undir fátækramál og atvinnubótafé, tryggingarmál og heilbrigðismál. Af málum, sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, skulu mér falin öll önnur mál en heilbrigðismál, og ennfremur landbúnaðarmál. Málunum, sem heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra skuli ráðherra Ólafi Thors falin öll önnur mál en landbúnaðarmál, iðnaðarmál, verzlunarmál, sveitarstjórnarmál, þar undir fátækramál og atvinnubótafé og tryggingarmál.

Af málum þeim, sem heyra undir fjármálaráðherra, skuli ráðherra Jakob Möller falin öll önnur mál en bankamál og gjaldeyrismál, og ennfremur iðnaðarmál. Ráðherra Eysteinn Jónsson fari með bankamál, gjaldeyrismál og verzlunarmál.

Samkvæmt þessu leyfi ég mér í dýpstu lotningu að leggja það til, að yðar hátign megi allramildilegast þóknast að ákveða, að skipting starfa ráðherranna verði nú þannig:

Af málum þeim, sem samkvæmt konungsúrskurði 29. des. 1924 heyra undir forsætisráðherra, fari ráðherra Stefán Jóhann Stefánsson með utanríkismál, ennfremur sveitarstjórnarmál, þar undir fátækramál og atvinnubótafé, tryggingarmál, og heilbrigðismál.

Af málum þeim, sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, fari ég með öll önnur mál en heilbrigðismál, og ennfremur landbúnaðarmál. Af málum þeim, sem heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, fari ráðherra Ólafur Thors með öll önnur mál en landbúnaðarmál, iðnaðarmál, verzlunarmál, sveitarstjórnarmál, þar undir fátækramál og atvinnubótafé, og tryggingarmál.

Af málum þeim, sem heyra undir fjármálaráðherra, fari ráðherra Jakob Möller með öll önnur mál en bankamál og gjaldeyrismál, og

ennfremur iðnaðarmál. Ráðherra Eysteinn Jónsson fari með bankamál, gjaldeyrismál og verzlunarmál.

Forsætisráðherra, 17. apríl 1939.

Allra þegnsamlegast

Hermann Jónasson."

Við þessum símskeytum hefi ég móttekið svo hljóðandi svarskeyti:

„Forsætisráðherrann, Reykjavík.

Hans hátign konungur féllst í dag, 17. apríl, á tvær tillögur um veitingu ráðherra lausn frá embætti og um skipun ráðherra og skiptingu starfa ráðherranna, sem nú skipa ráðuneyti Íslands, og um breytingu um stundarsakir á allra hæstum úrskurði 29. des. 1924 um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Konungsritari."

Um leið og atvinnumálaráðherra Skúli Guðmundsson lætur af störfum og annar maður tekur sæti hans í ríkisstjórninni, vil ég fyrir hönd sjálfs mín og fjármálaráðherra þakka honum, ekki aðeins fyrir gott starf heldur og fyrir framúrskarandi samvinnu og samstarf.

Mér er alveg óhætt að fullyrða það, að mikil ánægja hefir verið með starf hans sem atvinnumálaráðherra, ekki aðeins meðal okkar flokksmanna hans, heldur og meðal andstæðinganna. Hann hefir áreiðanlega verðskuldað þá ánægju fyrir störf sín.

Í tíð Skúla Guðmundssonar sem atvinnumálaráðherra hefir verið leyst eitt af stærstu hagsmunamálum sjávarútvegsins, og sjálfur hefir hann unnið stærsta verkið í undirbúningi þess máls, bæði sem formaður nefndar þeirrar, er skipuð var til að athuga afkomu sjávarútvegsins, og sem ráðherra.

Ég þakka Skúla Guðmundssyni störfin.

Eins og kunnugt er, hafa síðan í þingbyrjun farið fram viðræður milli Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um að taka upp samstarf um lausn þeirra viðfangsefna, sem nú eru mest aðkallandi með þjóðinni.

Árangur þeirra viðræðna hefir orðið sá, að mynduð hefir verið ríkisstjórn, sem skipuð er fulltrúum þessara þriggja flokka og hefir stuðning þeirra, *svo sem ég hefi tilkynnt hér á háttvirtu Alþingi.*

Ríkisstjórnin telur, að meginviðfangsefni hennar verði fyrst og fremst:

1) Að efla framleiðslustarfsemina í landinu,
2) Að búa þjóðina undir að geta lifað sem mest af gæðum landsins, og gera aðrar ráðstafanir þjóðinni til sjálfsbjargar, ef til ófriðar kemur,
3) Að sameina lýðræðisöflin í landinu til verndar og eflingar lýðræðinu,
4) Að sameina þjóðina um þann undirbúning, sem gera þarf í sambandi við framtíðarákvarðanir í sjálfstæðismálinu.

Samkvæmt þessari meginstefnu mun ríkisstjórnin starfa, og marka aðgerðir sínar samkvæmt henni, en með tilliti til þeirra úrlausnarefna, sem næst liggja fyrir, tekur ríkisstjórnin þetta fram:

Skráningu íslenzku krónunnar hefir nú nýlega verið breytt og með því gert mikið átak til hagsbóta fyrir framleiðendur.

Ríkisstjórninni er ljóst, að þrátt fyrir þá breytingu, sem gerð hefir verið á skráningu krónunnar, er ekki fært að afnema innflutningshöftin, en hún er einhuga um það, að stefna að því, að innflutningshöftunum verði af létt jafnóðum og fjárhagur þjóðarinnar og viðskiptaástandið leyfir. Ennfremur telur ríkisstjórnin rétt að veita nú þegar frjálsan innflutning á nokkrum nauðsynjavörum, og verður gefin út um það opinber auglýsing jafnóðum og þær ráðstafanir koma til framkvæmda.

Ríkisstjórnin telur mikla nauðsyn á því í sambandi við gengisbreytinguna, að gera ráðstafanir til þess að vinna gegn aukinni dýrtíð, m. a. með því að framkvæma verðlagseftirlit og þau ákvæði, sem leidd hafa verið í lög um *húsaleigu.*

Ennfremur mun ríkisstjórnin vinna eftir megni að sparnaði og lækkun útgjalda, bæði hjá ríkinu og bæjarfélögum.

Í því sambandi tekur ríkisstjórnin þó fram, að hún telur, að ekki beri að draga úr verklegum framkvæmdum hins opinbera eða framlögum til atvinnubóta eins og atvinnuástandið er nú í landinu. En hún mun stefna að því til hins ýtrasta, að framleiðslustarfsemi landsmanna færist svo í aukana, að hún geti fullnægt atvinnuþörfinni. Meðan þess gerist þörf að leggja fram fé til atvinnubóta, mun ríkisstjórnin nota atvinnubótafé til þess að draga úr atvinnuleysinu og einnig, eftir því sem við verður komið, verja því til þess að auka hinar eldri atvinnugreinar og koma á fót nýrri, arðgæfri framleiðslustarfsemi, þannig, að atvinnubótafé hjálpi til að útrýma þörfinni fyrir áframhaldandi framlög.

Ríkisstjórnin mun og stuðla að því eftir fremsta megni, að þau fiskiskip og bátar, sem til eru í landinu og nothæf eru, verði rekin til útgerðar og framleiðslan einnig aukin á þann hátt.

Ennfremur vill ríkisstjórnin vinna að auknigu og endurnýjun fiskiflotans með því að veita til þess fé á svipaðan hátt og verið hefir undanfarin tvö ár, eftir því sem fjárhagur leyfir.

Þótt hér séu talin nokkur atriði viðvíkjandi útgerðinni, vegna þess, hve mjög þau mál hafa verið rædd síðustu mánuðina, og þörf aðgerða aðkallandi, er það að sjálfsögðu meginstefnuatriði stjórnarinnar, svo sem að framan segir, að styðja og efla framleiðslustarfsemina yfirleitt, ekki síst landbúnaðinn, nauðsynlegan iðnað og ennfremur rannsókn og meiri nýtni á auðlindum landsins, sem þegar er hafinn nokkur undirbúningur að. Stjórnin mun m. a. leggja sérstaka áherzlu á stóraukna framleiðslu ýmissa landbúnaðarvara til notkunar innanlands, svo sem garðávaxta, allskonar grænmetis o. fl. Og ennfremur verður áherzla á það lögð, að auka verulega notkun landbúnaðarafurða innanlands.

Að sjálfsögðu er þessi yfirlýsing enganveginn tæmandi starfsskrá, heldur, eins og fyrr segir, megindrættir og nokkur höfuðmál, er næst

liggja fyrir. — Ríkisstjórnin hefir þegar rætt um ýmsar framkvæmdir, er síðar verða ræddar opinberlega.

Ráðherrar Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins munu í stuttum ræðum gefa yfirlýsingar um viðhorf sinna flokka, m. a. um samstarf í ríkisstjórninni.

Framsóknarflokkurinn leggur fyrir sitt leyti áherzlu á, að um framkvæmd fjárlaga sé náið samstarf í ráðuneytinu og ennfremur framkvæmd í samgöngu- og sjávarútvegsmálum.

En þó ber að minni hyggju að leggja megináherzlu á það, að samstarfið í ríkisstjórninni sé yfirleitt sem bezt og gagnkvæmast. Flokkar þeir, sem meginhluti allrar þjóðarinnar stendur að, og sem áður hafa deilt hart í þremur andstæðum fylkingum, hafa nú tekið upp samstarf. Það hefir tekið langan tíma, m. a. mikið af störfum þingsins, að eyða tortryggni og laða saman hin mismunandi sjónarmið flokkanna. Allur þorri landsmanna mun skilja, hve stórt verk hefir hér verið unnið, og þeir munu ekki sjá eftir þeim fjármunum og tíma, sem til þess hefir verið varið, — ef þetta samstarf getur tekizt.

Það, sem tvímælalaust hefir átt sterkastan þátt í því að þoka mönnum saman til samstarfs, er hið erfiða ástand íslenzks atvinnulífs, fyrst og fremst framleiðslunnar, og þá einkum við sjávarsíðuna, — og þar af leiðandi fjárhagserfiðleikar þjóðarinnar allrar. — Við vitum það allir, að framleiðslan er undirstaða þess, að við Íslendingar getum lifað og starfað sem sjálfstæð menningarþjóð. Við finnum það einnig, hvar í flokki sem við stöndum, að vegna þeirra erfiðleika, sem nú steðja að íslenzkri framleiðslu, og um leið þjóðinni sem heild, vegna fjárpestar og langvarandi aflabrests, verðlækkunar og markaðshruns, er þess brýn þörf, að þjóðin standi saman sem heild — og keppi sem heild að sameiginlegu marki. Þegar og stöðugt syrtir að í alþjóðamálum og stríðshættan virðist vaxa ört með hverjum degi, vænti ég þess af hverjum góðum Íslendingi, að hann skilji það sjónarmið, að það sé nauðsyn, að þjóðin mæti þeim erfiðleikum, sem ófriður myndi valda, sem heild, en ekki í hörðum deilum hver við annan.

Af þessum ástæðum göngum við til samstarfs, því þótt við séum allir hinir sömu flokksmenn og við höfum verið, erum við þó fyrst og fremst Íslendingar, sem höfum þær skyldur að horfa yfir flokkssjónarmiðin, þegar og að svo miklu leyti sem við erum sannfærðir um, að líf þjóðarinnar og heill krefst þess.

Að þetta sjónarmið verði ríkjandi í samstarfinu, bæði í ríkisstjórninni og hjá þjóðinni, tel ég vera grundvöll þess, að samstarfið megi takast.

Ef félagsheildir, stéttir eða einstaklingar, sem standa að baki ráðherrum í ríkisstjórninni, sýna ásælni í því að fá dreginn sinn taum eitt fet framar því, sem réttlátt er samanborið við aðra, og framar því sem alþjóðarheill leyfir, og látið verður undan þeirri ásælni, þá mun samstarfið, að mínu áliti sem forsætisráðherra, mistakast.

Til samstarfsins er stofnað til þess, að stjórnin geti haft nægilegan styrkleika og öryggi til þess að framkvæma hvert mál eingöngu frá sjónarmiði almenns réttlætis og alþjóðarheilla, — en án tillits til krafna frá félagsheildum, stéttum eða einstaklingum, framar því sem þetta sjónarmið markar.

Ef þessari reglu verður fylgt í samstarfinu, þá hygg ég, að það verði þjóðinni til blessunar, — og ég vil vona, að svo verði.

Skúli Guðmundsson: Ég vil þakka hæstv. forsrh. þau vinsaml. orð, sem hann lét falla í minn garð, og ég vil alveg sérstaklega þakka honum og hæstv. fjármálarh. fyrir mjög gott og ánægjulegt samstarf þann tíma, sem ég hefi verið með þeim í ríkisstjórninni. Ég vil einnig þakka hinu háa Alþingi fyrir gott samstarf.

Við höfum, margir þingmenn, unnið að því undanfarnar vikur, að koma á samstarfi þriggja stærstu þingfl. í stjórn landsins. Ég fagna því, að þetta hefir nú tekizt. Ég óska þess, að gifta fylgi hinum nýju ráðherrum að þeim mörgu og stóru viðfangsefnum, sem þarf að leysa, og ég óska Alþingi og þjóðinni allri til hamingju með þá nýju ríkisstjórn, sem nú sezt að völdum.

Atvmrh. (Ólafur Thors): Samningaumleitanir þær, er nú hafa leitt til þess, að mynduð hefir verið samsteypustjórn, hófust á öndverðu þessu þingi, og átti málið þó nokkurn aðdraganda. Mun mörgum þykja, sem óþarflega lengi hafi verið setið við samningaborðið, en þó munu flestir við íhugun viðurkenna, að miklum örðugleikum sé bundið að koma á samstarfi milli flokka, er svo lengi hafa verið á öndverðum meið og barizt harðvítugri baráttu, og sé því sízt að undra, þótt eigi hafi dregið til samkomulags fyrr en raun ber vitni um.

Innan þingflokks sjálfstæðismanna hefir frá öndverðu ríkt mikill skilningur á því, að vegna vaxandi örðugleika í atvinnu- og fjármálalífi þjóðarinnar og þess, hve horfurnar í nágrannalöndunum eru óskyggilegar, væri mjög æskilegt að fella um skeið niður flokkabaráttuna, svo þjóðin gæti sem bezt og mest sameinazt til varnar gegn aðsteðjandi hættum. Samningarnir hafa því af hendi Sjálfstæðisflokksins fyrst og fremst staðið um það, að hve miklu leyti hinir samningsaðilarnir væru fáanlegir til þess að gera þær ráðstafanir, er að dómi Sjálfstæðisflokksins teldust heppilegastar til að bæta úr vandræðum líðandi stundar og verjast sem bezt áföllum í náinni framtíð.

Það liggur í hlutarins eðli, að þegar mynduð er slík samsteypustjórn, verða þeir, er að henni standa, að gera sér ljóst, að enginn einn flokkur má vænta þess að geta hrundið öllu í framkvæmd, er hann helzt kysi, og hefir þingflokkur Sjálfstæðismanna í þeim samningaumleitunum, er fram hafa farið, haft fulla hliðsjón af þessari staðreynd og byggt óskir sínar og kröfur á þeim grundvelli.

Í þeim samningi, er nú hefir verið gerður um stefnu og starf samsteypustjórnarinnar og hæstv. forsrh. f. h. ríkisstjórnarinnar hefir lýst, hefir verið tekið tillit til þessara óska Sjálf-

stæðisflokksins í öllum höfuðefnum, með þeirri einni undantekningu, er nú skal að vikið:

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Sjálfstæðisflokkurinn lítur svo á, að frjáls verzlun sé eitt allra helzta skilyrðið fyrir góðri efnahagsafkomu sérhverrar þjóðar. Flokkurinn hefir samt sem áður á undanförnum árum lagt samþykki sitt á margvíslegar kvaðir, er lagðar hafa verið á verzlunarfrelsið, en þá jafnan vegna þess, að hann hefir viðurkennt, að okkur óviðráðanlegar utanaðkomandi ástæður hafi knúið til þessa. Í löggjöf og framkvæmd hefir auk þess verið gengið lengra á þessu sviði en Sjálfstæðisflokkurinn hefir talið nauðsynlegt, og þá gegn mótmælum flokksins. Það er því auðskilið mál, að Sjálfstæðisflokkurinn telji miklu varða, að þegar í stað verði á þessu nokkrar breytingar, og myndi flokkurinn að sjálfsögðu hafa borið fram slíkar óskir við samningaborðið, þótt eigi hefði fleira komið til en trú flokksins á frjálsa verzlun.

Meðal þeirra mála, er mest voru rædd við samningaumleitanirnar, var hin aðkallandi þörf til bráðra aðgerða til viðreisnar útvegi landsmanna, og hefir það mál nú verið leyst með breytingu á skráðu gengi krónunnar og ýmsum ráðstöfunum í sambandi við þá skráningu.

Svo sem kunnugt er, voru skoðanir þingmanna Sjálfstæðisflokksins skiptar um það, hverja leið bæri að fara til þess að ráða bót á örðugleikum útvegsins. Stóðu 9 þingmenn flokksins að löggjöfinni um breytingu á skráðu gengi krónunnar, en hinir 8 vildu grípa til annara úrræða til úrbóta. Hinsvegar voru allir þingmenn flokksins á einu máli um það, að yrði sú leið farin, er að var horfið, myndi það þrennt nauðsynlegt: að hafður væri hemill á fjárcyðslu hins opinbera, jafnt ríkis sem bæjar- og sveitarfélaga, að reynt yrði að greiða nú þegar eða semja um greiðslu á áhvílandi skuldum, er fallnar eru í gjalddaga, en orðið hafa í vanskilum vegna gjaldeyrisskorts, og að svo fljótt sem auðið er yrði verzlunin gefin frjáls, til þess á þann hátt að lækka útsöluverð aðkeyptrar vöru, og var hið síðasta að margra dómi þyngst á metunum. Í því skyni að tryggja þetta óskaði Sjálfstæðisflokkurinn þess, að fá yfirráð innflutningshaftanna og gjaldeyrisverzlunarinnar, og lögðu 8 af þingmönnum flokksins svo ríka áherzlu á þá ósk, að þeir töldu rétt að gera uppfylling hennar að skilyrði fyrir þátttöku flokksins í stjórn landsins, en hinir 9 töldu, að eftir atvikum væri eigi rétt að hafna þeim boðum, er fyrir lágu, enda var þá lögð í hendur ráðherrum flokksins meðferð fjármála, skatta- og tollamála, ríkiseinkasala, bræðslustöðvar ríkisins, síldareinkasölunnar, sölusamlagsins, fiskmálanefndar, samgöngumálanna á sjó og landi, pósts og síma, iðnaðarmálanna, auk ýms annars.

Flokkurinn tók að lokum þá ákvörðun, að ganga til stjórnarsamvinnu á þessum grundvelli, þó með því að gera þá samninga um verzlunarmálin, er nú skal greina frá:

1. Innflutningshöftunum sé af létt jafnóðum og fjárhagur þjóðarinnar og viðskiptaástandið leyfir.

2. Þegar í stað verði gefinn frjáls innflutningur á nokkrum nauðsynjavörum.

3. Ráðherrar hafi gagnkvæman rétt til að fylgjast með öllu, er gerist hver í annars ráðuneyti, og skulu fjármálaráðherra og viðskiptamálaráðherra alveg sérstaklega hafa nána samvinnu.

Auk þessa hefir Sjálfstæðisflokkurinn falið ráðherrum sínum að gangast fyrir því, að tekin verði til endurskoðunar ýms atriði í löggjöf síðari ára og framkvæmd þessarar löggjafar, þar á meðal, að svo fljótt sem auðið er verði endurskoðuð framkvæmdin á úthlutun innflutningsleyfanna og meðferð gjaldeyrisins.

Að Sjálfstæðisflokkurinn tók þessa ákvörðun, stafar fyrst og fremst af því, að honum er ljóst, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir traustið á ríkisstjórninni inn á við, og þá ekki síður út á við, að flokkurinn standi óskiptur að henni.

Sjálfstæðisflokknum er ljóst, að það er eigi bjart yfir afkomuhorfum þjóðarinnar nú, er hann tekur á herðar sér hluta af ábyrgðinni. Honum er einnig ljóst, að það er eigi vandalaust verk að sameina forna andstæðinga til átakanna. Honum er ljóst, að margir kjósendur flokksins ganga tregir til þessarar samvinnu, og honum er ljóst, að brugðið getur til beggja vona um árangur.

Sjálfstæðisflokkurinn mun gera sitt ýtrasta til að þessi samvinna megi takast og leiða til sem mestrar farsældar fyrir íslenzku þjóðina. Mun flokkurinn í þeim efnum ganga svo langt sem stefna hans og sannfæring frekast leyfir.

Félmrh. (Stefán Jóh. Stefánsson): Alþýðuflokkurinn telur æskilegt og eðlilegt eins og nú standa sakir, að samvinna gæti tekizt milli hinna lýðræðissinnuðu flokka í landinu, um ráðstafanir til þess að vernda og efla lýðræðið og tryggja sjálfstæði og hlutleysi þjóðarinnar.

Jafnframt er honum að sjálfsögðu ljóst, hverjir erfiðleikar og hættur geta steðjað að íslenzku þjóðinni vegna stjórnmálaástandsins í álfunni og ófriðarhættunnar, sem yfir vofir, og nauðsyn þess, að höfuðstjórnmálaflokkarnir hafi samvinnu um ráðstafanir til þess að mæta slíkum atburðum.

Með þetta fyrir augum hefir Alþýðuflokkurinn ekki talið rétt að skorast undan því að taka um skeið þátt í samsteypustjórn með Framsóknar- og Sjálfstæðisflokknum, í því skyni að mæta þessum örðugu viðfangsefnum.

Alþýðuflokknum er ljóst ástand sjávarútvegsins, sem stafar af aflaleysi og markaðsörðugleikum undanfarinna ára, og nauðsyn þess, að ráðstafanir væru gerðar til þess að bæta afkomuskilyrði hans og koma rekstri hans á heilbrigðan grundvöll.

Þegar sýnt þótti, að gengislækkunin væri eina þingræðislega leiðin, sem hægt yrði að fara til þess að gera tilraun til viðreisnar sjávarútveginum, stóð meiri hluti af þingflokki Alþýðuflokksins að þessari lausn málsins. En um leið var flokknum fyllilega ljóst, að það væri með öllu ógerlegt, að sú verðhækkun, sem leiddi af gengislækkun, lenti óbætt og með fullum þunga á þeim stéttum, sem verst eru settar

í þjóðfélaginu og erfiðleikar sjávarútvegsins á undanförnum árum hafa mætt mest á.

Það var alltaf afstaða Alþýðuflokksins í sambandi við gengislækkunina, að ef að þeirri leið væri horfið, þyrfti að tryggja aukna atvinnu í landinu, svo að atvinnuaukningin bætti upp þá verðhækkun, sem yrði vegna gengislækkunarinnar. En þar sem ekki virtist unnt að setja neina ákveðna tryggingu fyrir atvinnuaukningu, er leiddi af gengislækkun, einbeindi Alþýðuflokkurinn áhrifum sínum í þá átt, að jafnframt gengislækkuninni væru gerðar ráðstafanir til þess að tryggja það, að afkoma alþýðunnar í landinu yrði ekki hlutfallslega verri eftir að sú tilraun væri gerð en hún er nú. Allverulegum atriðum fékkst framgengt í þessu efni.

Þar sem Alþýðuflokkurinn lét nokkuð til sín taka afgreiðslu þeirrar löggjafar, sem sett var í samband við gengislækkunina, er honum ljóst, að framkvæmd þessarar löggjafar og mála í sambandi við hana sé næsta mikils virði, og þess vegna sé það rétt og eðlilegt, að áhrifa Alþýðuflokksins gæti þar einnig.

Alþýðuflokkurinn telur það mjög nauðsynlegt, að gerðar verði öflugar ráðstafanir til þess að draga úr þeirri dýrtíð, sem gengishækkunin hlýtur að hafa í för með sér, og að þess vegna verði að beita verðlagseftirliti og húsaleigulögum í þessu skyni með öruggri framkvæmd. Vegna hins mikla atvinnuleysis, sem ríkir í landinu, telur Alþýðuflokkurinn, að halda beri uppi opinberum verklegum framkvæmdum og atvinnubótum eins og verið hefir undanfarin ár, um leið og reynt er að láta opinberu framkvæmdirnar og atvinnubæturnar stuðla að aukinni framleiðslu í landinu. Vegna afkomu almennings telur Alþýðuflokkurinn og nauðsynlegt, að tollar á nauðsynjum verði ekki auknir, en gerðar ráðstafanir til þess að ná sköttum af vaxtafé.

Alþýðuflokkurinn mun að sjálfsögðu leggja áherzlu á það, að félagsmálalöggjöf sú, sem sett hefir verið hin síðustu ár og flokkurinn hefir staðið að, verði uppi haldið og framkvæmd eftir því, sem ástæður leyfa.

Eins og hæstvirtur forsætisráðherra hefir lýst yfir, hlýtur það að vera eitt af aðalhlutverkum ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar að gera allt, sem unnt er, til þess að örva framleiðslustarfsemina og efla atvinnulífið í landinu. Í því skyni þarf að stefna að því, að allur hæfur fiskiskipastóll landsins verði tekinn til útgerðar og greitt fyrir einstaklingum og félögum í því skyni. Um leið þarf að tryggja fé og gjaldeyri til nauðsynlegrar endurnýjunar og aukningar á skipaflotanum, og að veita styrki og lán á svipaðan hátt eins og gert hefir verið á síðustu tímum.

Til þess að halda uppi hagnýtri byggingaratvinnu og koma á aðkallandi aukningu húsnæðis, þarf að tryggja, að lögð verði fram ½ millj. kr. 1939 og ½ millj. kr. 1940 sem lán og styrkir til byggingar verkamannabústaða í Reykjavík, og samsvarandi upphæð miðað við íbúatölu, og þar sem skilyrði eru fyrir hendi, í öðrum bæjum og stærri kauptúnum, sem lagt geta fé á móti svo sem lög áskilja.

Alþýðuflokknum er það vel ljóst, að samstarf það, sem nú er að hefjast um stjórn landsins, er nokkuð með nýjum hætti. En þeir tímar, sem nú standa yfir, eru vissulega óvenjulegir. Inn á við ótal örðugleikar í atvinnuháttum og út á við blika ófriðar og óvissu. Lýðræðið á víða í vök að verjast. Einræðisöflin hafa skotið upp kollinum hér á landi eins og annarstaðar. Alþýðuflokknum þykir því rétt, eins og á stendur, að gera tilraun til þess að sameina lýðræðisöflin í landinu til sameiginlegra átaka á hættutímum. Hvernig sú tilraun gefst, mun reynslan leiða í ljós. Alþýðuflokkurinn gengur til þessa samstarfs í trausti á lýðræðið, þjóðfélagslegar umbætur og réttlæti í félagsmálefnum. Á meðan stjórnarsamstarfið getur byggzt á þeim grundvelli, mun flokkurinn ekki skorast undan ábyrgð á stjórnarframkvæmdum og sýna fullan vilja sinn til einlægs samstarfs.

Gísli Sveinsson: Herra forseti! Í framhaldi af ræðu og grg. hæstv. atvmrh. leyfi ég mér að lesa upp svofellda yfirlýsingu:

„Sá hluti Sjálfstæðisflokksins, sem hafði tjáð sig andvígan myndun samstjórnar þriggja flokka á þessu þingi, á þeim grundvelli, er varð að niðurstöðu í samkomulagsumleitunum þeim, sem fram fóru milli flokkanna, hefir eftir atvikum gengið inn á, að maður af hans hálfu taki sæti í ríkisstjórninni, í þeirri von, að með því mætti fremur takast að ráða bót á ýmsu því í stjórnarfari landsins, sem flokkurinn telur, að mjög aflaga hafi farið á undanförnum árum, enda skoðar hann þessa stjórnarmyndun sem tilraun, er hlýtur, ef hún mistekst, að leiða til samvinnuslita."

***Héðinn Valdimarsson:** Loks mun nú vera lokið fæðingu þessara íslenzku fimmbura, sem hefir tekið svo langan tíma.

Ræðumenn frá stjórnarflokkunum hafa reynt að skýra frá, hvernig málin standi, einkum hæstv. forsrh. En það kom hvorki fram í hans ræðu né hinna, hvaða framkvæmdir nú skuli gera, eða hvaða nauðsyn ber til að mynda stj. Þessir menn hafa talað um að „sameina lýðræðisflokkana" o. s. frv. Þetta eru svo almenn orðtök, að allir geta tekið undir þau, enda er meiningin fyrst og fremst sú, að verið er að reyna að skapa eina ákveðna pólitíska stefnu. Ekki einungis vinstri hluti þm. hefir staðið að þessu, heldur og afturhaldssamasti hluti þeirra, og það er því undarlegra, sem sérstaklega er verið að tala um að sameina lýðræðisflokkana. Ég vil rétt minna á það, hvernig lýðræðið muni verða framkvæmt t. d. af Stefáni Jóhanni, en hann hefir æðsta vald í Alþýðusambandinu, sem ekkert lýðræði er í.

Og hvernig standa sjálfstæðismálin og uppsögn samninganna við Dani? Þar hefir enginn ágreiningur orðið, enda er ekkert, sem sýnir, að stj. hafi komið þar fram með nýjar eða betri leiðir, t. d. það, að snúa sér til lýðræðisþjóðanna í álfunni og fá tryggt hlutleysi sitt.

Öllum er kunnugt um, hvað miklum mótmælum gengislækkunin hefir sætt, og að hún

bitnar á almenningi, einkum fátækasta hluta hans, án þess að neinar ráðstafanir komi á móti.

Þá hefir verið getið um það af hálfu forsrh., að að stj. standi flokkar, sem meginhluti þjóðarinnar standi að. Það er alveg ósýnt mál. Við erum nú nýbúnir að hlusta á yfirlýsingar frá nokkrum hluta Sjálfstæðisflokksins, sem áskilur sér allan rétt til að slíta samvinnunni. Það er enginn vafi á því, að eftir þessar yfirlýsingar stangast enn á 2 armar Sjálfstæðisflokksins hér á þinginu, hvað þá heldur úti í landinu. Það virðist nú vera fram komið, að nokkur hluti þessara þm. hafi ekki haft þessar skoðanir, þegar þeir gengu til kosninga, en þá er það skylda þeirra að ganga ekki til nýrrar ríkisstj. öðruvísi en að fyrst fari fram þingrof og nýjar kosningar.

Ég vil ekki fara út í ræðu hæstv. félmrh. Það verða nóg tækifæri til þess síðar. Ég vil benda á, að það hefir verið talað um að halda uppi félagsmálalöggjöf, og þá væntanlega réttindum verklýðsfélaganna, en af hæstv. félmrh. og hans mönnum hefir einmitt verið gengið á rétt þeirra. Auk þess má benda á, að með gengislækkuninni er réttur tekinn af öllum, sem tryggingarbætur fá. Á sama hátt er það um framfærslustyrkinn.

Þá hefir líka verið talað um verkamannabústaði, sem lofaðir hafa verið styrkir til á hverju ári. Að vísu er það tryggt nú, að ½ millj. verði veitt á næsta ári, ef trúa má loforðunum, en ég vil geta þess, að það er hætt við, að það komi að litlum notum, nema breytt verði l. um verkamannabústaði, því að byggingarkostnaður hér í Reykjavík hefir vaxið svo mjög, að hætta er á, að ekki geti nema tekjuhæstu verkamenn notið íbúðanna.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það, sem ég hefi áður sagt, að fyrir þeim, sem hafa skapað þessa „þjóðstjórn", hefir vakað að skapa nýja stefnu í íhaldsáttina. Það er eftir að koma í ljós, hvaða fylgi stj. á hjá landsmönnum. Á þingi er nokkur hluti þm. neyddur til að taka þessa afstöðu. Ég og flokksmenn mínir munum að sjálfsögðu bera fram vantraust.

Þorsteinn Briem: Herra forseti! Ég vil nota tækifærið til að senda hinni nýju ríkisstjórn góðar óskir nú um leið og hún sezt á valdastól.

Það hefir lengi verið skoðun mín, að svo væri nú komið um afkomuhorfur og fjárhag vorn, inn á við og út á við, að sýnt mætti telja, að sú stjórn, sem farið hefir með völd hingað til, gæti ekki sigrazt á þeim erfiðleikum.

Þetta hefir nú verið viðurkennt á borði af þeim flokkum, sem þá stjórn studdu, og tel ég það virðingarvert.

Ég vil, a. m. k. þar til annað reynist, taka það sem vott þess, að annar og nýr andi sé nú að verða ráðandi í þessum flokkum, og vil ég þá óska þeim til hamingju með þá veðrabreytingu og óska, að hún verði varanleg.

Ég tel skylt að styðja að því, að nýja stjórnin fái sem fyllstan vinnufrið til að starfa að þeim mörgu og erfiðu verkefnum, sem nú kalla að. Og mun afstaða Bændaflokksins til þeirrar vantrauststillögu, sem nú var boðuð, miðast við það.

Bændaflokkurinn mun geyma sér dóminn um nýju stjórnina og störf hennar þangað til jafnóðum og verk hennar koma í ljós.

En ég vil óska þess, að henni takist að halda svo á málum, að hún verðskuldi langa lífdaga.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Ég vil taka það fram, að ræður þessar gefa ekki tilefni til svara af minni hálfu.

VIII. Kosningar.

1. Útvarpsráð.

Á 5. fundi í Sþ., 22. marz, var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna, samkv. 4. gr. laga nr. 68 28. des. 1934, allra til 4 ára, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Mér er kunnugt um, að lagt verður fram frv. um breyt. á l. um útvarp, sérstaklega um kosningu í útvarpsráð, og vildi ég því biðja hæstv. forseta að fresta kosningu nú. Ég mun biðja þá, sem nú eru í útvarpsráði, um að gegna þar störfum þar til séð verður, hversu fer um frv.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 6. fundi í Sþ., 18. apríl, var tekin til meðferðar

kosning fimm manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. l. frá 6. apríl 1939, um breyt. á l. nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Aðalmenn:

Fjórir listar komu fram, A, B, C og D. Á A-lista var Finnbogi R. Valdimarsson, á B-lista Jón Eyþórsson, Pálmi Hannesson, á C-lista Valtýr Stefánsson, Árni Jónsson, og á D-lista Sigfús Sigurhjartarson.

Atkv. féllu þannig, að A-listi fékk 9 atkv., B-listi 12 atkv., C-listi 12 atkv. og D-listi 4 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Kosningu hlutu samkv. því:

Jón Eyþórsson veðurfræðingur,
Valtýr Stefánsson ritstjóri,
Finnbogi R. Valdimarsson ritstjóri,
Pálmi Hannesson alþm.,
Árni Jónsson alþm.

Varamenn:

Fjórir listar komu fram, A, B, C og D. Á A-lista var Guðjón Guðjónsson, á B-lista Sigurður Baldvinsson, Sigurður Thorlacius, á C-lista Bjarni Benediktsson, Páll Steingrímsson, og á D-lista Pétur G. Guðmundsson.

Atkv. féllu þannig, að A-listi fékk 8 atkv., B-listi 14 atkv., C-listi 14 atkv., D-listi 4 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Kosningu hlutu samkv. því:
Sigurður Baldvinsson póstmeistari,
Bjarni Benediktsson prófessor,
Guðjón Guðjónsson skólastjóri,
Sigurður Thorlacius skólastjóri,
Páll Steingrímsson fyrrv. ritstjóri.

2. Þingfararkaupsnefnd.

Á 8. fundi í Sþ., 22. apríl, var tekin til meðferðar
kosning þingfararkaupsnefndar.

Forseti (HG): Ég hygg, að engin fyrirmæli séu um það, hversu margir skuli kosnir, en ég vil leggja til, að þeir verði 5, og vil ég biðja menn að leggja fram lista.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram 4 listar, A, B, C og D. — Á A-lista var FJ, á B-lista BJ, PZ, á C-lista SK, SEH, og á D-lista ÍslH. — Kosning fór þannig, að A-listi hlaut 7 atkv., B-listi 16 atkv., C-listi 9 atkv., D-listi 4 atkv., en 2 seðlar voru auðir. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:
Bergur Jónsson,
Sigurður Kristjánsson,
Páll Zóphóníasson,
Finnur Jónsson,
Sigurður E. Hlíðar.

3. Fyrri varaforseti Sþ.

Á sama fundi var tekin á dagskrá
kosning fyrra varaforseta sameinaðs þings.

Fjmrh. (Jakob Möllur): F. h. Sjálfstfl. vil ég mælast til, að kosningunni verði frestað.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 25. apríl, var kosningin tekin til meðferðar.

Kosningu hlaut
Pétur Ottesen, þm. Borgf., með 17 atkv. — 23 seðlar voru auðir.

4. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 13. fundi í Sþ., 10. nóv., var tekin til meðferðar
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1938, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 38. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseta bárust tveir listar, A og B. — Á A-lista voru JörB, SÁÓ, og á B-lista JPálm.
Þar sem ekki var stungið upp á fleiri mönnum en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr. alþingismennirnir
Jörundur Brynjólfsson,
Jón Pálmason,
Sigurjón Á. Ólafsson.

5. Orðunefnd.

Á 14. fundi í Sþ., 17. nóv., var tekin til meðferðar
kosning eins manns í orðunefnd, samkv. 3. gr. reglugerðar 3. júlí 1921, um hina íslenzku fálkaorðu, fyrir þann tíma, sem eftir er árabilsins 1939—1944, í stað Ólafs Thors atvinnumálaráðherra.

Fram kom aðeins ein uppástunga, og samkv. henni var kosinn
Magnús Jónsson alþm.

6. Gæzlustjóri Söfnunarsjóðs.

Á 95. fundi í Nd., 28. des., var tekin til meðferðar
kosning gæzlustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir árabilið frá 1. janúar 1940 til 31. des. 1943, samkv. 7. gr. l. nr. 2 10. febr. 1888.

Kosningu hlaut
Bjarni Ásgeirsson alþm., með 13 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

7. *Eftirlitsmenn með opinberum sjóðum.*

Á 26. fundi í Sþ., 4. jan., var tekin til meðferðar
kosning 3 eftirlitsmanna með opinberum sjóðum til 5 ára, frá 1. jan. 1940 til 31. des., 1944, samkv. 1. gr. l. nr. 29 9. jan. 1935, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Fram kom einn listi með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa, og lýsti forseti þá rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:
Andrés Eyjólfsson bóndi,
Þorsteinn Þorsteinsson alþm.,
Sigurjón Á. Ólafsson alþm.

8. Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar, þriggja manna, samkv., 3. gr. í reglum um Gjöf Jóns Sigurðssonar frá 16. okt 1912.

Fram kom einn listi með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Lýsti forseti þá menn rétt kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir
Matthías Þórðarson,
Þorkell Jóhannesson,
Þórður Eyjólfsson.

9. Landsbankanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
Kosning 5 manna í landsbankanefnd og jafnmargra varamanna fyrir árabilið frá 1. jan. 1940 til 31. des. 1945, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. nýafgr. l. frá Alþingi um breyt. á l. nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands.

Fram kom einn listi, og voru á honum samtals nöfn jafnmargra aðalmanna og varamanna og í n. skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Ingvar Pálmason,
Gísli Sveinsson,
Emil Jónsson,
Pétur Ottesen,
Sveinbjörn Högnason.

Varamenn:
Bjarni Ásgeirsson,
Pétur Halldórsson,
Jón Axel Pétursson,
Bjarni Snæbjörnsson,
Pálmi Hannesson.

IX. Afstaða þingsins til stjórnmálaflokks.

Á 15. fundi í Sþ., 4. des., mælti

forseti (PO): Mér hefir borizt svofelld yfirlýsing, sem ég vil lesa upp:

„Vegna þeirrar afstöðu, er kommúnistaflokkurinn, sem hér starfar undir nafninu Sameiningarflokkur alþýðu — sósialistaflokkurinn —, þingmenn þess flokks og málgögn hafa markað sér til frelsis, réttinda og lýðræðis smáþjóðanna síðustu vikurnar, og alveg sérstaklega viðvíkjandi málefnum Finnlands, lýsa undirritaðir alþingismenn yfir því, að þeir telja virðingu Alþingis misboðið með þingsetu fulltrúa slíks flokks.

Alþingi, 4. des. 1939.

Árni Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson.
Bergur Jónsson. Bernharð Stefánsson.
Bjarni Ásgeirsson. Bjarni Bjarnason.
Bjarni Snæbjörnsson. Einar Árnason.
Eiríkur Einarsson. Emil Jónsson.
Erlendur Þorsteinsson. Eysteinn Jónsson.
Finnur Jónsson. Garðar Þorsteinsson.
Gísli Sveinsson. Helgi Jónasson.
Hermann Jónasson. Ingvar Pálmason.
Jakob Möller. Jón Ívarsson.
Jón Pálmason. Jónas Jónsson.
Jörundur Brynjólfsson. Magnús Gíslason.
Magnús Jónsson. Ólafur Thors.
Páll Hermannsson. Páll Zóphóníasson.
Pálmi Hannesson. Pétur Halldórsson.
Pétur Ottesen. Sigurður E. Hlíðar.
Sigurður Kristjánsson. Sigurjón Á. Ólafsson.
Skúli Guðmundsson. Stefán Stefánsson.
Steingrímur Steinþórsson. Sveinbjörn Högnason.
Thor Thors. Vilmundur Jónsson.
Þorsteinn Briem. Þorsteinn Þorsteinsson."

(5. þm. Reykv. (EOl) kvaddi sér hljóðs). Umræður verða ekki neinar um þessa yfirlýsingu, og þar sem fundarefninu er lokið, segi ég fundi slitið.

X. Starfsmenn þingsins.

Á deildafundum 17. febr. skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn við þingið:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Svanhildur Þorsteinsdóttir, Björgvin Magnússon, Theódóra Thoroddsen, Halla Briem.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Andrés Eyjólfsson.

Lestrarsalsgæzla:
Pétrína Jónsdóttir, Kirstín D. Pétursdóttir.

Innanþingsskrifarar:
Ólafur Tryggvason (verkstjóri skrifara), Haraldur Matthíasson, Björn Franzson, Svanhildur Ólafsdóttir, Jóhann Hjörleifsson, Jón J. Símonarson, Kristján Thorlacius, Sigríður Stefánsdóttir, Björn Sigfússon, Gissur Brynjólfsson, Auðbjörg Tryggvadóttir, Gísli Gíslason.

Dyra- og pallaverðir:
Jakob Jónsson (er jafnframt hafi á hendi umsjón með störfum annara varða, svo og þingsveina, og yfirleitt gæti reglu meðal starfsmanna), Jón Bjarnason, Hjálmtýr Sigurðsson, Sigurður Marteinsson, Ágúst Jóhannsson, Sigurður Jónsson.

Þingsveinar:
Lárus Björnsson, Sigurður Gunnarsson, Ólafur H. Flygenring, Daníel Bergmann, Jón Sigbjörnsson, Árni Pálsson, Birgir Finnsson, Einar Bunólfsson.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Katrín Pálsdóttir.

Fatagæzla:
Ragna Þorvarðardóttir, Sigríður Brynjólfsdóttir, Vigdís Torfadóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

Á forsetafundi 1. nóv., var ákveðið, að starfsmannaráðning á fyrri hluta þings skyldi og gilda þann tíma, sem eftir væri þingsins, með þessum breytingum og viðbótum:

a. Svanhildur Ólafsdóttir og Gissur Brynjólfsson hurfu frá innanþingsskrifarastörfum. Auk þeirra 10 skrifara, sem þá urðu eftir frá fyrri hluta þingsins, voru þessir ráðnir til viðbótar og ákveðið, að þeir skyldu teknir síðar, eftir þörfum: Aðalheiður Sæmundsdóttir, Birgir Thorlacius, Rannveig Þorsteinsdóttir, Róbert Bjarnason, Sigrún Pálsdóttir, Sverrir Kristjánsson. — Stóðust fjórir hinir síðasttöldu þingskrifarapróf í febrúarmánuði síðastl., en þau Aðalheiður og Birgir hafa áður gegnt þingskrifarstörfum.
b. Í stað varðanna Sigurðar Jónssonar og Sigurðar Marteinssonar, er báðir hurfu frá því starfi, voru ráðnir til dyra- og pallavörzlu: Jens Magnússon, Þorleifur Ben. Þorgrímsson.
c. Í stað þingsveinanna Lárusar Björnssonar, Sigurðar Gunnarssonar, Ólafs H. Flygenring, Jóns Sigbjörnssonar og Árna Pálssonar, sem ekki sóttu um starfið af nýju, voru þessir ráðnir þingsveinar: Albert Guðmundsson, Gunnar Egilson, Haukur Heiðar, Ingólfur Bjarnarson.[1])

1) 15. desember var ráðinn til viðbótar: Dagfinnur Stefánsson.

Á fundi forseta 15. febr. voru starfsmönnum þingsins settar eftirfarandi

REGLUR

til varnar gegn truflunum á störfum þingsins o. fl.

1. gr.

Á tímanum frá kl. 1 til 4 síðdegis á virkum dögum um þingtímann mega verðir eða aðrir starfsmenn Alþingis ekki sinna beiðnum þeirra manna, er boð vilja gera fyrir þingmenn til viðtals í húsinu, nema brýna nauðsyn beri til eða þingmaður (þingnefnd) hafi stefnt manni á fund sinn og látið um það vita fyrirfram. Ekki má heldur á sama tíma kveðja þingmann til viðtals í síma, nema hann hafi sjálfur fyrirfram óskað að sinna tiltekinni kvaðningu. Hinsvegar skulu símaverðir skrá viðtalsbeiðnir allar á þessum tíma og láta þingmenn um þær vita, þegar hlé verður á þingstörfum.

Nú eru þingfundir háðir á öðrum tíma dags, og gilda þá allar hinar sömu reglur meðan á fundum stendur.

Gæta skal og þess, að kveðja ekki þingmann, sem er að starfi á nefndarfundi á öðrum tíma dags en að ofan greinir, til viðtals af fundinum, nema brýna nauðsyn beri til.

2. gr.

Skrifstofa Alþingis má ekki án samþykkis forseta láta af hendi aðra aðgöngumiða að hliðarherbergjum þingsins en venjulega miða til fulltrúa erlendra ríkja og nokkurra embættismanna, til blaðamanna, tvo til hvers aðalblaðanna, og einn miða til hvers þingmanns, og skal á hann skráð nafn þingmannsins.

3. gr.

Á tímanum kl. 1—4 á virkum dögum og á öðrum tímum, er þingfundir standa, má ekki hleypa neinum manni inn á innri gang þingsins, nema hann sýni aðgöngumiða, eða maðurinn eigi brýnt erindi við skrifstofu þingsins.

Þeir menn, sem hafa í höndum aðgöngumiða, sem á eru skráð nöfn þingmanna, skulu skila slíkum miðum í hendur verði við inngöngu, en hann afhendir aftur þingmanni þeim, er í hlut á, nema aðkomumaður gangi eftir miðanum, þegar hann fer úr húsinu.

Nú er kona í fylgd með manni sínum, er aðgöngumiða hefir, eða maður kemur í för með þingmanni og hann óskar, að manninum verði hleypt inn, eða aðrar svipaðar ástæður eru fyrir hendi, og er þá rétt að víkja frá þessu ákvæði.

4. gr.

Starfsmenn þingsins mega ekki að nauðsynjalausu hafast við né ganga um í þingsölunum meðan fundir standa. Þó skulu jafnan tveir þingsveinar vera til taks í hvorri deild eða sameinuðu þingi á fundum, eftir því sem við verður komið, og annar þeirra vera sérstakur boðberi forseta.

5. gr.

Starfsmenn þingsins skulu varast alla hávaða í þinghúsinu, jafnt á fundatímum sem endranær, og gæta yfirleitt kurteisi og prúðmannlegrar framkomu í hvívetna.

Einum varðanna skal sérstaklega falið, í samráði við forseta og skrifstofustjóra, að hafa umsjón með störfum annara varða, svo og þingsveina, og yfirleitt gæta reglu meðal starfsmanna.

Vegna breytinga þeirra, sem orðið hafa á áheyrendasvæði þingsins, var ákveðið á fundi forseta 31. okt. að gefa reglurnar út af nýju, með þeirri breytingu, að felld skyldu niður úr 2. gr. orðin „að hliðarherbergjum þingsins“. Orðinu „manni“ í 1. málsgr. 3. gr. var og ákveðið að breyta í: aðkomumanni.

XI. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 105. fundi í Ed., 4. jan., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (EÁrna): Þar sem þetta er síðasti fundur d. á þessu þingi, þá vil ég leggja það til, að varaforseta d. verði falið á sínum tíma að undirskrifa þær fundargerðir, sem ekki eru tilbúnar enn. Ef enginn hv. dm. mælir því í gegn, skoðast það samþ. án atkvgr.

Þá er störfum deildarinnar lokið, og um leið er mér ánægja að geta þess, að samstarf í d. á þessu þingi hefir verið hið ákjósanlegasta. Þetta er sérstakt gleðiefni vegna þess, að þeir tímar, sem nú standa yfir og eru svo skuggalegir, krefjast þess, að allir sannir Íslendingar standi saman um þau mál, sem þjóðinni megi til heilla verða. Ég vil þakka öllum hv. dm. fyrir starfið á þessu þingi og óska þeim góðs gengis. Þeim, sem utan Reykjavíkur búa, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu.

Magnús Jónsson: Þótt ég hafi ekki umboð til þess og hafi ekki um það talað við aðra dm., þá þykist ég vera viss um, að ég mæli fyrir munn þeirra allra, þegar ég þakka hæstv. forseta fyrir vingjarnleg ummæli um störf d., og þakka honum fyrir þann mikla þátt, sem hann hefir áreiðanlega, nú eins og áður, átt í því, hversu vel störfin hafa gengið. Það er enginn vafi á því, að stjórn forseta ræður miklu um það, hvernig störf d. vinnast, — að fundum sé stjórnað bæði af réttlæti og um leið af sanngirni og lipurð.

Ég óska svo forseta góðrar heimferðar og heimkomu og vona, að við hittum hann heilan hér á næsta Alþingi.

[Deildarmenn tóku undir ummæli 1. þm. Reykv. með því að rísa úr sætum.]

Forseti (EÁrna): Ég þakka hlýleg orð hv. 1. þm. Reykv. og segi svo þessum síðasta fundi d. slitið.

b. Í neðri deild.

Á 104. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (JörB): Þetta mun verða síðasti fundur þessarar hv. d. að þessu sinni, og liggur ekki annað fyrir en að slíta störfum deildarinnar.

Ég vil biðja hv. þdm. að veita mér ásamt öðrumhvorum skrifara deildarinnar heimild til þess að ganga frá gerðabók d., því að það eru nokkrir fundir, sem ekki hefir verið unnt að ganga frá til fulls.

ATKVGR.
Forseta veitt þessi heimild með 22 shlj. atkv.

Forseti (JörB): Ég vil þakka hv. þdm. góða samvinnu á þessu þingi, eins og ætíð áður. Og sérstaklega þakka ég þeim fyrir það, hvað þeir hafa gert mér auðvelda stjórn funda hér í hv. deild.
Ég óska öllum hv. þdm. góðs gengis og góðrar líðanar, og utanbæjarþingmönnum góðrar ferðar heim til sín og góðrar heimkomu.
Mætumst allir heilir á næsta þingi!

Atvmrh. (Ólafur Thors): Þó að ég hafi ekki talað um það við alla hv. þdm., þykist ég mega vera þess fullviss, að ég tala fyrir munn okkar allra, er ég þakka hæstv. forseta fyrir hans réttlátu, röggsömu og í alla staði ágætu fundastjórn í hv. d. á þessu þingi sem og áður. Ég veit og viðurkenni, að hann hefir einnig setið í forsetastóli, þegar örðugri hefir verið fundastjórn en á þessu þingi, því að á þessu þingi hefir samstarfið verið óvenju gott. Samt sem áður orkar það ekki tvímælis, að einnig á þessu þingi hefir hann þurft að beita sinni röggsemi, og er ekki lengra að sækja dæmi um það en til síðasta næturfundar, sem var síðastl. nótt, þegar hann hér, að vísu með nokkurri harðstjórn, en með allri virðingu okkar þdm., hélt okkur á fundi til kl. 7 í morgun. Við þdm. erum hæstv. forseta þakklátir fyrir hans stjórn á okkur, og þó að hann verði stundum að taka nokkuð fast í taumana, þá viðurkenna það allir, að hann gerir það aldrei að nauðsynjalausu, en alltaf er það til þess, sem honum ber, að gæta virðingar þingsins.
Um leið og ég fyrir hönd okkar þdm. þakka forseta hans góðu fundarstjórn, vil ég sömuleiðis þakka honum fyrir þau hlýju orð, sem hann mælti til okkar hér áðan, og árna honum allrar farsældar og blessunar. Væntum við þess, að við fáum að sjá hann heilan, er við mætumst hér næst. Og verðum við þá mjög á einu máli um það, hver á að taka þann sess, sem hann situr nú í.
[Deildarmenn risu úr sætum sínum.]

Forseti (JörB): Ég þakka hæstv. atvmrh. og hv. þdm. fyrir þeirra velvilja í minn garð, og honum sérstaklega fyrir hans hlýju orð, og vil endurtaka árnaðaróskir mínar til hv. þdm. — Segi ég svo fundi slitið.

XII. Þinglausnir.

Á 27. fundi í Sþ., 5. jan., las forseti upp svofellt yfirlit um störf þingsins:
Þingið hefir staðið frá 15. febr. til 26. apríl 1939 og frá 1. nóv. s. á. til 5. jan. 1940, eða **samtals** 137 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:
í neðri deild 104
- efri deild 105
- sameinuðu þingi 27
Alls 236 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:			
a. Lögð fyrir neðri deild	12		
b. — — efri deild	7		
c. — — sameinað þing	3		
		—	22
2. Þingmannafrumvörp:			
a. Borin fram í neðri deild	83		
b. Borin fram í efri deild	37		
		—	120
			— 142
Þar af:			
a. Afgreidd sem lög:			
stjórnarfrumvörp	22		
þingmannafrumvörp ..	59		
	— alls	81	**lög**
b. Felld:			
þingmannafrumvörp ..		2	
c. Afgr. m. rökst. dagskrá:			
þingmannafrumvörp ..		5	
d. Vísað til stjórnarinnar:			
þingmannafrumvarpi ..		1	
e. Ekki útrædd:			
þingmannafrumvörp ..		53	
		142	

II. Þingsályktunartillögur:

a. Bornar fram í neðri deild	4		
b. — — í efri deild .	3		
c. — — í samein. þ. .	22		
	—		29
Þar af:			
a. Þingsályktanir afgr. til stj.:			
1. ályktanir Alþingis	8		
2. álykt. neðri deildar ..	1		
	— alls	9	**þál.**
b. Felldar		2	
c. Tekin aftur		1	
d. Ekki útræddar		17	
		29	

III. Fyrirspurnir:

Bornar fram í efri deild ..	2	2
Þar af annari svarað.		

Mál til meðferðar í þinginu alls 173

Síðan mælti

forseti (HG): Störfum þessa Alþingis er nú lokið. Það er hið 54. í röðinni síðan Alþingi

var endurreist og var sett á 1009. ári frá stofnun Alþingis.

Alþingi hefir að þessu sinni haft langa setu. Ástandið í alþjóðamálum og áhrif þess á innanlandsmálefni er orsök þessa. Af þeim ástæðum þótti eigi fært að ljúka störfum Alþingis á síðastliðnum vetri eða vori, og var því fundum þess frestað frá því snemma vors til hausts.

Áður fundum Alþingis var frestað tókst samkomulag með höfuðflokkum þingsins um myndun samsteypustjórnar. Vegna erfiðleika aðalatvinnuvega þjóðarinnar, er stöfuðu af markaðsbresti, *viðskiptahömlum, aflaleysi og sýki* í búpeningi landsmanna, ásamt ófriðarhættunni og hinu iskyggilega útliti í alþjóðamálum, komu þessir flokkar sér saman um að leggja í bili ágreiningsmálin til hliðar og reyna að vinna sameiginlega að því að mæta þessum sérstöku erfiðleikum og yfirstíga þá. Er þess að vænta, að sá samhugur, er þessi tilraun ber vott um, megi létta baráttuna fyrir því að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar, sjálfstæði hennar og hlutleysi á þeim voðatímum, er nú *standa yfir.*

Þótt land vort liggi fjarri miðstöðvum heims, verður eigi hjá því komizt, að áhrifa styrjaldarinnar miklu, er nú geisar, kenni hér beinlínis og mjög tilfinnanlega. Jafnframt hafa atburðir þeir, sem gerzt hafa í ýmsum löndum álfunnar, vakið ugg og kvíða í brjóstum landsbúa flestra.

Ófriðarhættan fyrst, síðan styrjöldin sjálf og það ástand, sem hún hefir skapað í innanlandsmálum, hafa því sett sinn sérstaka svip á Alþingi og *mótað störf þess í höfuðdráttum.*

Mikilverðasta málið, sem Alþingi að þessu sinni afgreiddi, verður að teljast breytingin á verðgildi íslenzkrar krónu og ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið í sambandi við hana og verðhækkun þá, er styrjöldin veldur. Ráðstafanir þessar hníga í þá átt, að skapa aukið öryggi fyrir þær stéttir þjóðarinnar sérstaklega, sem lakast eru settar, jafnframt því sem þeim er ætlað að draga úr innanlandsdeilum og *hindra verðhækkun eftir ýtrustu getu.* Styrjöldin hefir gert þessar ráðstafanir óhjákvæmilegar í bili, og er það von alþingismanna, að þær komi að því haldi, sem til er ætlazt. Nokkrar þeirra eru þess eðlis, að þeim er ætlað að gilda aðeins stutt tímabil, meðan brýnasta nauðsyn krefur, og falla niður síðan.

Annað höfuðverkefni Alþingis hefir verið afgreiðsla fjárlaga fyrir þetta nýbyrjaða ár. Vegna óvissunnar um atvinnu hefir orðið óhjákvæmilegt að auka fremur en minnka framlög til verklegra framkvæmda og stuðnings við atvinnuvegi landsmanna, auk þess sem ýmsir útgjaldaliðir hljóta að hækka vegna verðhækkunar styrjaldarinnar og gengislækkunarinnar. Eru því heildarútgjöld fjárlaganna að þessu sinni áætluð nokkru hærri en undanfarin ár — og nálgast nú tvo tugi milljóna.

Þá hafa og verið sett lög um aukningu ríkisverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, til þess að auka möguleika landsbúa til að notfæra sér auðæfi hafsins, síldina, enn betur en orðið er.

Alþingi hefir samþykkt ný hegningarlög í stað þeirra, er áður giltu og í höfuðatriðum voru frá 7. tugi fyrri aldar. Eru hin nýju lög í samræmi við nútíma hugsunarhátt og réttarvitund og í aðaldráttum svipuð nýjustu löggjöf frændþjóða okkar í þessum efnum. Þá hefir og tollalöggjöfin verið færð í nýjan búning, gerð einfaldari og auðveldari í framkvæmd, og að því leyti samræmd nýjustu erlendri löggjöf.

Með samþykkt iþróttalaganna hefir löggjöfin verið færð inn á nýtt svið, og er þess að vænta, að meiri og skipulegri rækt verði framvegis lögð við líkamsmenningu þjóðarinnar og að þess sjáist vottur í aukinni hreysti og heilbrigði. Með lögum um stríðstryggingu áhafna á íslenzkum skipum er viðurkennd skylda löggjafans að sjá um, að sjómennirnir, sem sigla um hættusvæði ófriðarins til að koma vörum okkar í verð og sækja nauðsynjar landsbúa, falli ekki óbættir, ef illa fer, jafnframt því, sem með þeim er spor stigið í þá átt að færa tryggingarnar hingað inn í landið.

Enn sem fyrr munu dómar um störf Alþingis verða mismunandi nokkuð. Jafnan sýnist sitt hverjum. Þó er það ætlun mín, að þeir muni að þessu sinni fara minna á dreif en oft áður. En um eitt ættum vér allir að geta orðið sammála: að óska þess, að störf Alþingis megi nú að þessu sinni, og ætíð, verða þjóðinni til gæfu og farsældar, létta lífsbaráttu hennar, viðhalda og auka lýðræði innanlands og tryggja *sjálfstæði hennar og hlutleysi.* — Og að lokum er það ósk og von vor allra, að gifta lands vors reynist enn svo mikil, að oss lánist að komast hjá því, að verða beinir eða óbeinir þátttakendur í þeim hryllilega harmleik, er margar þjóðir álfunnar nú leika.

Að svo mæltu vil ég flytja alþingismönnum þakkir fyrir störfin á þessu Alþingi og óska þeim, sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar ferðar og heimkomu, og öllum Íslendingum góðs og farsæls árs.

Fjmrh. (Jakob Möller): Fyrir hönd alls þingsins vil ég þakka hæstvirtum forseta fyrir góða samvinnu á þinginu og óska, að við megum heilir hittast á næsta þingi.

[Tóku þingmenn undir með því að rísa úr sætum.]

Forseti (HG): Ég vil enn þakka þingmönnum öllum og hæstvirtum fjármálaráðherra fyrir vinsamleg orð í minn garð og samstarfið á þinginu. Hittumst heilir!

Þá las forsætisráðherra, **Hermann Jónasson,** upp konungsumboð sér til handa til þess að segja Alþingi slitið. Síðan mælti

forsrh. (Hermann Jónasson): Það eru liðin 1009 ár síðan Alþingi Íslendinga var stofnað, og er þetta 54. löggjafarþing síðan Alþingi var endurreist.

Samkvæmt því umboði, sem mér er gefið af konungi, lýsi ég hér með yfir því, að Alþingi Íslendinga er slitið.

Vil ég biðja hv. alþingismenn að rísa úr sætum sínum og minnast konungs vors og ættjarðar vorrar á þessum alvörutímum.

Þingheimur stóð upp, og aldursforseti, **Ingvar Pálmason**, mælti:

Lifi Ísland!

Tóku þingmenn undir það með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.